Fyrsti fundur, fimmtudag 1. júlí. Eptir að hið sameinaða alþingi hafði lokið störfum sínum samkvæmt fyrirmælum þingskapanna, settist neðri deild að í þingsal neðri deildar og tók til starfa.

Þessir þingmenn áttu sæti í deildinni og voru allir komnir:

Benedikt Sveinsson, þm. N.-Þing.
Björn Sigfússon, 1. þm. Húnv.
Einar Jónsson, 1. þm. N.-Múl.
Eiríkur Gíslason, þm. Snæf.
Guðjón Guðlaugsson, þm. Strand.
Guðl. Guðmundsson, þm. V.-Skaptf.
Halldór Daníelsson, þm. Mýr.
Jens Pálsson, þm. Dal.
Jón Jensson, þm. Rvík.
Jón Jónsson, þm. A.-Skaptf.
Jón Jónsson, 2. þm. Eyfirð.
Jón Þórarinsson, 2. þm. G.-K.
Klemens Jónsson, 1. þm. Eyf.
Ólafur Briem, 1. þm. Skagf.
Pjetur Jónsson, þm. S.-Þing.
Sighv.Árnason, 1. þm. Rangv.
Sig. Gunnarsson, 1. þm. S.-Múl.
Skúli Thoroddsen, 2. þm. Ísfirð.
Tryggvi Gunnarsson, 1. þm. Árn.
Valtýr Guðmundsson, þm. Vestm.
Þórður Guðmundsson, 2.þm. Rangv.
Þórður Thoroddsen, 1. þm. G.-K.
Þórh. Bjarnarson, þm. Borgf.
Þorlákur Guðmundsson, 2. þm. Árn.

Samkvæmt áskorun landshöfðingja gekk þá elzti þm. deildarinnar, Sighv. Árnason, 1. þm. Rangv., til forsetasætis og stýrði hann kosningu forseta og kvaddi sjer til aðstoðar Einar Jónsson 1. þm. N.-Múl., og Klemens Jónsson 1. þm. Eyfirð. Forsetakosning fjell þannig, að síra Þórhallur Bjarnarson þm. Borgfirð. fjekk 10 atkv., og Ben. Sveinsson þm. N.-Þing., 9 atkv., og nokkrir fengu 1 atkv. Með því enginn hafði þannig fengið meir en helming atkv. var kosið á ný óbundnum kosningum og hlaut þá Þórhallur Bjarnarson 11 atkv., og Ben. Sveinsson 10 atkv., en 2 þm. aðrir 1 atkv. Með því enginn hafði enn nægan atkv.fjölda var kosið enn á ný bundnum kosningum milli þessara tveggja manna og hlaut þá Þórhallur Bjarnarson 11 atkv. og Ben. Sveinsson 10 atkv., 2 atkv.miðar voru nafnlausir, og var þá lektor síra *Þórhallur Bjarnarson* rjettkjörinn forseti. Því næst var kosinn varaforseti og hlaut þá Sig Gunnarsson, 1. þm S.-Múl. 9 atkv.; Tryggvi Gunnarsson, 1. þm. Árn., hlaut 4 atkv., Ben. Sveinsson, þm. N.-Þing. og Ólafur Briem, 1. þm Skagf., 3 atkv. hvor, og nokkrir þaðan af færri. Með því enginn hafði yfir helming atkv. var kosið á ný óbundnum kosningum og var þá próf. síra *Sigurður Gunnarsson*, 1. þm. S.-Múl., kosinn varaforseti með 17 atkv. Skrifarar voru kosnir: Einar Jónsson 1. þm. N.-Múl., og Klemens Jónsson, 1. þm. Eyf. með 20 atkv. hvor.

Forseti las upp brjef landshöfðingja dagsett í dag, þar sem hann skýrir frá

að hann fyrir hönd stjórnarinnar muni leggja fram í deildinni á morgun 11 lagafrumvörp

---

Annar fundur, föstudag 2. júlí kl. 12 á h. Allir á fundi.

Forseti gat þess að til skrifstofustjóra væri tekinn cand. theol. Steingrímur Johnsen og skrifarar á skrifstofu væri teknir landshöfðingjaskrifari Brynjólfur Þorláksson og cand. phil. Vilhjálmur Jónsson. Til þingskrifara í neðri deild væri teknir cand. theol. Morten Hansen og cand. theol. Jóhannes Sigfússon.

Landshöfðingi lagði fram af hendi stjórnarinnar þessi lagafrumvörp, er síðan var útbýtt meðal þingmanna.

1. Frv. til fjárlaga fyrir árin 1898 og 1899.
2. Frv. fjáraukalaga fyrir árin 1894 og 1895.
3. Frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1896 og 1897.
4. Frv. til laga um samþykkt á landsreikningnum fyrir 1894 og 1895.
5. Frv. til laga um útbúnað og ársútgjöld spítala handa holdsveikum mönnum.
6. Frv. til laga um aðgreining holdsveikra frá öðrum mönnum og flutning þeirra á opinberan spítala.
7. Frv. til laga um bólusetningar.
8. Frv. til laga um ráðstafanir til að eyða refum með eitri.
9. Frv. til laga um að lög 25. okt. 1895 um leigu eða kaup á eimskipi og útgerð þess á kostnað landsjóðs skuli úr gildi numin.
10. Frv. til laga um að umsjón og fjárhald Bjarnarneskirkju í Austur-Skaptafellsprófastsdæmi skuli fengin hlutaðeigandi söfnuði í hendur.
11. Frv. til laga um heimild fyrir stjórnina til að afsala þau 7 hundruð í jörðunni Nesi í Norðfirði, sem eru eign landsjóðs í skiptum fyrir kirkjujörðina Grænanes í sama firði.

Þriðji fundur, laugardag 3. júlí, kl. 12 á hádegi. Allir á fundi.

Forseti gat þess, að til sín væri komið og yrði lagt fram á lestrarsal:

1. Þingmálafundargjörðir úr Húnav.sýslu
2. —— úr Vestm.eyjas.
3. —— úr Borgarfj.sýslu.
4. »Det store nordiske Telegraf-Selskab«. (Rit gefið út á 25 ára afmæli þess).

Frv. til fjárlaga fyrir árin 1898 og 1899 (C. bls. 1); 1. umr.

Landshöfðingi: Jeg gjöri ráð fyrir, að nú þegar verði sett nefnd í þetta mál og er því ekki ástæða til að fara mörgum orðum um það nú, enda er það ekki hægt, nema með því að fara út í einstök atriði, en það er ekki leyfilegt við þessa umræðu. Jeg skal að eins geta þess, að þó að í 17. gr. frv. sje gjört ráð fyrir tekjuhalla, þá er það ekki neitt voðalegt, eptir því sem fjárhagur landsins stendur nú. Eins og frumv. um samþykkt á landsreikningnum fyrir 1894 og 1895 ber með sjer, hefir orðið mikill tekjuafgangur þau árin og í sjóði eptir þau árin yfir hálfa miljón, að því meðtöldu, sem landssjóður á á hlaupareikningi í landsbankanum. Þá má líka búast við talsverðum afgangi eptir árið 1896. Jeg hefi farið lauslega yfir reikninginn fyrir það ár og eptir því, sem jeg kemst næst, mun afgangurinn verða rúmar 80,000 kr. Jeg mun láta hinni væntanlegu fjárlaganefnd í tje útreikning þann, er jeg hefi gjört yfir tekjur landsjóðs 1896, svo hún geti haft hann til hliðsjónar við umræður um tekjuhalla fjárlagafrumvarpsins. Það voru sjerstaklega tekjurnar í 2. gr., sem urðu talsvert hærri en áætlað var. Útflutn-

ingsgjald á fiski og lýsi og aðflutningsgjald af áfengum drykkjum, tóbaki, kaffi og sykri var ráðgjört að yrði rúm 300,000 kr., en þessar tekjur urðu yfir 450,000 kr. Þetta er talsverður munur og þó óvíst sje að svona mikil hækkun haldist, þá getur það varla orðið neitt voðalegt, þótt hjer í frv. sje gjört ráð fyrir nokkrum tekjuhalla.

ATKV.GR.: Þá stakk 1. þm. Eyf. (Kl. J.) upp á 7 manna nefnd; var hún samþ. í einu hljóði, og í hana kosnir:

Pjetur Jónsson	með	20	atkv.
Sig. Gunnarsson	—	20	—
Guðj. Guðlaugsson	—	18	—
Tr. Gunnarsson	—	18	—
J. Jónss. þm.Eyf.	—	16	—
Þ. Thoroddsen	—	13	—
Einar Jónsson	—	11	—

1. umr. frestað.

Frv. til laga um samþ. á landsreikningnum fyrir 1894 og 1895 (C. bls. 53); 1. umr.

ATKV.GR.: 3 manna nefnd var samþ. eptir uppást. Guðl. Guðmundssonar, og í hana kosnir:

Ólafur Briem	með	21	atkv.
Guðl. Guðm.son	—	19	—
Valt. Guðmundss.	—	9	—

1. umr. frestað.

Frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1898 og 1899 (C. bls. 88); 1. umr.

ATKV.GR.: Málinu vísað, eptir uppástungu Guðl. Guðmundssonar (þm.V.-Sk.) til reikningslaganefndarinnar.

1. umr. frestað.

Frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1896 og 1897 (C. bls. 89); 1. umr.

ATKV.GR.: Vísað eptir uppást. sama þm. til fjárlaganefndarinnar.

1. umr. frestað.

Frv. til laga um útbúnað og ársútgjöld spítala handa holdsveikum mönnum (C. bls. 139); 1. umr.

Landshöfðingi: Þess er getið í upphafinu á athugasemdunum við frumv. þetta, að stjórnarráðið hefir ekki sjeð sjer fært, eptir ósk neðri deildar alþingis 1895, að koma fljótar í verk áreiðanlegri talning holdsveikra á Íslandi, en talning þeirri, er að tihlutun stjórnarráðsins var byrjuð 1895. En til þess þó að fá dálítið nákvæmari hugmynd um tölu holdsveikra en þingið 1895 hafði — en þá var sjerstaklega byggt á holdsveikratalning dr. Ehlers — skrifaði jeg í haust, eptir tillögu hjeraðslæknisins í Reykjavík, öllum hreppstjórum á landinu, um að senda skýrslur um holdsveika menn hver í sínum hreppi. Eptir skilríkjum þeim, sem frá hreppstjórunum hafa komið, hefir svo hjeraðslæknirinn í Reykjavík búið til eina aðalskýrslu. Að sjálfsögðu er skýrsla þessi ekki fulláreiðanleg, þar sem hún er að eins að litlu leyti byggð á því, að læknar hafi skoðað sjúklingana; þó mun tala sú, sem þar er gefin upp, vera nærri rjettu lagi, og er hún svipuð því sem gjört var ráð fyrir áður.

Skýrsla hjeraðslæknisins mun verða afhent nefnd þeirri, sem væntanlega verður kosin í málinu.

Að þessu sinni sje jeg ekki ástæðu til að fara frekar út í máli, en skal þó að endingu geta þess, að ýmsar skýrslur viðvíkjandi málinu eru til afnota á skrifstofu alþingis; og að jeg auk þess mun gefa þær upplýsingar í því, sem kostur er á.

Guðlaugur Guðmundsson stakk upp á að 5 manna nefnd yrði skipuð í málið. Nefndarkosning samþ. í e. hlj.; kosnir voru þessir:

Þórður Thoroddsen	með	22	atkv.
Klemens Jónsson	—	20	—
Þórður Guðmundsson	—	18	—

Tr. Gunnarsson með 18 atkv.
Þorl. Guðmundsson — 12 —
1. umræðu frestað.

Frv. til laga um aðgreining holdsveikra frá öðrum mönnum og flutning þeirra á opinberan spítala (C. bls. 95); 1. umr.

Guðlaugur Guðmundsson stakk upp á að málinu væri vísað til nefndarinnar í næsta máli á undan. Samþ. í e. hlj.
1. umr. frestað.

Fjórði fundur, mánudag 5. júlí kl. 12 á hád. Allir á fundi.

Forseti gat þess, að til sín væri komið og yrði lagt fram á lestrarsalinn:

1. Þingmálafundargjörðir úr Skagafj.s.
2. 8 —— úr S.-Þ.eyjars.
3. 2 —— úr Strandas.
4. Bænaskrá úr Strandasýslu um fjárveitingu til brúargjörðar á Prestsbakkaá og Hvalsá í Hrútafirði, ásamt tillögum sýslunefndarinnar í Strandasýslu.
5. Skýrsla frá Erlendi Zakaríassyni verkstjóra um vegarannsókn á svæðinu frá Eyrarbakka upp að Ölfusárbrú.
6. Áskorun frá fundafjelagi Húsavíkur um að tekin verði til endurskoðunar á alþingi 1897 sveitfestis- og þurfamannaframfærslulög þau, er nú eru í gildi.
7. Erindi frá prestinum að Bjarnanesi, síra Þorsteini Benediktssyni, þar sem hann biður sjer bættan tekjumissi af prestakallinu.
8. Bænaskrá um 500 kr. styrk til amtsbókasafnsins á Akureyri.
9. Bænaskrá frá síra Bjarna Þorsteinssyni á Siglufirði um 1600 kr. styrk til að safna íslenzkum þjóðsöngvum.
10. Bænaskrá frá Sigurði Sigurðssyni frá Draflastöðum í Fnjóskadal um fjárstyrk til þess að halda áfram námi sínu í skógræktarfræði.
11. Bænaskrá frá kennara Stefáni Stefánssyni á Möðruvöllum í Hörgárdal um styrk til fóðurfræðisrannsókna (3 fskj.).
12. Bænaskrá frá stjórn kvennaskólans á Akureyri um styrk til að koma upp skólahúsi.
13. Þingmálafundargjörðir úr Eyjafjs.
14. —— frá Egilsstöðum á Völlum.
15. Bænaskrá frá organista Magnúsi Einarssyni á Akureyri um styrk til að kenna orgelspil ókeypis.
16. Beiðni um að lóð verzlunarstaðarins á Eskifirði verði aukin.
17. Bænaskrá frá hinu eyfirzka skipaábyrgðarfjelagi um 6000—10000 kr. styrkveiting.
18. Bænaskrá frá Birni Bjarnarsyni á Reykjahvoli um 1260 kr. styrk til utanferðar, til að kynnast húsabyggingum alþýðumanna í Norvegi og Svíþjóð og öðrum búnaðarháttum m. fl.

Frumvarp til laga um bólusetningar. (C. bls. 122); 1. umr.

Skúli Thoroddsen (2. þm. Ísf.) stakk upp á 3 manna nefnd, og var hún samþykkt með 20 atkv.

Nefndarmenn urðu þessir:
Þórður Thoroddsen með 14 atkv.
Eiríkur Gíslason — 11 —
og eptir ítrekaðar kosningar:
Einar Jónsson með 15 atkv.

Frv. til laga um ráðstafanir til að eyða refum með eitri (C. bls. 110); 1. umr.

Þorlákur Guðmundsson: Eins og h. þingdm. er kunnugt, er stjórnarfrumv. þetta framkomið af áskorunum síðasta þings í þingsál. um þetta efni, og er það tekið fram í athugasemdunum við þetta frv. Með því að þingsál. gekk

fram í þessari deild með miklum atkv.-fjölda, er vonandi að þetta frumv. fái einnig góðan byr hjer; en af því að ýmislegt er að athuga við frv., vil jeg leyfa mjer að stinga upp á því, að skipuð verði 3 manna nefnd til að íhuga það.

ATKV.GR.: Nefnd samþ., og í hana kosnir:

Þorlákur Guðmundsson með 15 atkv.
Björn Sigfússon — 13 —
Guðl. Guðmundsson — 8 —

Fyrstu umr. frestað.

Frv. til laga um að lög 25. október 1895 um leigu eða kaup á eimskipi og útgerð þess á kostnað landsjóðs skuli úr gildi numin (C. bls. 120); 1. umr.

Forseti gat þess að nokkrir þingdm. hefðu beðið um að þetta mál yrði tekið út af dagskrá, með því að bezt mundi eiga við, að vísa því til nefndar, er væntanlega yrði kosin til að íhuga samgöngumál landsins.

Landshöfðingi: Mjer finnst liggja beint við að vísa þessu máli til fjárlaganefndarinnar, því, eins og kunnugt er, er í fjárlagafrv. 12. gr. C. 1 stungið upp á að veita sameinaða gufuskipafjelaginu fje til gufuskipaferða, og í athugasemdum við þessa uppástungu er beinlínis gjört ráð fyrir því, að ef fjárupphæðin til þessa fjelags verði veitt, þá falli eimskipaútgerðin á kostnað landssjóðs burtu, að minnsta kosti á meðan gufuskipafjelagið haldi styrknum. Þar sem nú fjárlaganefndin á að taka þessa uppástungu stjórnarinnar til íhugunar, þá leiðir beinlínis þar af, að hún taki einnig til íhugunar, hvort halda skuli áfram eimskipaútgerðinni á kostnað landssjóðs eða ekki. En ef þessu máli verður vísað til sjerstakrar nefndar, þá verða tvær nefndir, sem hafa málið til meðferðar.

Valtýr Guðmundsson: Þegar komið var fram með tillögu um skipun sjerstakrar nefndar í samgöngumálum landsins, þá vakti það fyrir mönnum, að fjárlaganefndin hefði svo umfangsmikið starf, að henni mundi ókleyft að taka jafnumfangsmikið og flókið mál eins og samgöngumálið er til rækilegrar íhugunar. Jeg ímynda mjer líka að fjárlaganefndin tæki því fegins hendi, ef hún yrði losuð við þetta starf. Þess ber líka að gæta, að á síðasta þingi var eins konar samvinna milli samgöngunefndar og fjárlaganefndar, og samskonar samvinna gæti einnig átt sjer stað á þessu þingi. Jeg verð þess vegna að vera á því, að rjettast sje að skipa sjerstaka samgöngumálanefnd, og vísa þessu frv. til hennar, því tillögurnar um þetta frv. verða að vera komnar undir því, að hverri niðurstöðu samgöngumálanefndin kemst viðvíkjandi tilhögun á gufuskipaferðunum.

Sigurður Gunnarsson: Jeg fyrir mitt leyti verð að hallast að því, að rjettast sje að vísa þessu máli til fjárlaganefndarinnar. Samgöngumálið og fjárveitingin til þess er óneitanlega eitt meginatriðið í fjármálum landsins, og eins og fjárlaganefndin á að ræða og gjöra uppástungur um fjárveitingar til annara samgangna, eins er rjett að hún hafi einnig þetta mál til meðferðar. Jeg fæ ekki betur sjeð en sú leiðin sje formlegust og því gjöri jeg það að minni uppástungu, að þessu frv. verði vísað til fjárlaganefndarinnar. Samgöngumálanefnd sú, er síðar kynni að verða skipuð, mun eins geta tekið efni þessa frv. til íhugunar fyrir því.

ATKV.GR.: Samþ. með 13 atkv. að vísa málinu til fjárlaganefndarinnar.

Frv. til laga um að umsjón og fjárhald Bjarnarneskirkju í Austur-Skaptafellsprófastsdæmi skuli fengið hlutaðeig-

andi söfnuði í hendur (C. bls. 117); 1. umr.

Landshöfðingi: Eins og hina h. þingd. mun reka minni til, var á þinginu 1895 samþ. þingsályktunartillaga, sem fór fram á að skora á landstjórnina, að leita samninga við hlutaðeigandi söfnuði samkvæmt lögum nr. 13 frá 12. maí 1882 um það, með hvaða kjörum þeir vilji taka að sjer umsjón og fjárhald kirkna þeirra, er landsjóður á, og að undirtektir safnaðanna væru síðan lagðar fyrir þingið 1897. Þetta hefur nú landstjórnin framkvæmt á þann hátt, að hún hefur gegnum amtmennina leitað álits hlutaðeigandi safnaða um það, hvort þeir vilji taka að sjer fjárhald kirkna sinna, og ef til kæmi, með hvaða kjörum. Þegar frv. var samið, var ekki komið úrslitasvar nema frá Bjarnanessöfnuði einum, og því nær frv. eigi til fleiri landsjóðkirkna en Bjarnaneskirkju.

En síðan hafa komið skýrslur og tillögur frá flestum hlutaðeigendum og skal jeg stuttlega skýra frá þeim.

Prestbakka-söfnuðurinn vill taka að sjer fjárhald kirkju þar, ef landsjóður greiðir 3000 kr. álag með kirkjunni; enn fremur vill hann að landsjóður haldi eptir hinum svokölluðu Kirkju- og Brúarfjörum, en greiði til endurgjalds fyrir þær 750 kr.; svo að alls eru það 3750 kr., sem söfnuðurinn vill fá greiddar úr landsjóði gegn því að hann taki að sjer fjárhald kirkjunnar.

Langholtskirkju hefur söfnuðurinn talið mikil tormerki á að taka að sjer, segir að jarðir sjeu allt af að ganga úr sjer og eyðast af sandfoki og ábúendum að fækka, og því muni örðugt fyrir söfnuðinn að taka að sjer fjárhald og viðhald kirkjunnar, en hefur þó lýst því yfir, að vilji löggjafarvaldið leggja það á sig, muni hann ekki skorast undan því gegn 2500 kr, tillagi úr landsjóði. Viðvíkjandi *Þykkvabæjarklausturs*-kirkju hafa undirtektirnar verið mjög góðar. Þar er farið fram á að kirkjan fái að halda öllum eignum sínum og ítökum, og að greiddar sjeu til hennar 1000 kr. úr landsjóði.

Í *Vestmannaeyjum* hefur fundur eigi orðið lögmætur, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir, en presturinn hefur skýrt frá því, að það muni eigi vera vilji safnaðarins að taka að sjer fjárhald kirkjunnar.

Í *Reykjavík* eru svo margir, sem til kirkju eiga að gjalda, að hæpið er að fundur verði svo vel sóttur, að lögmætur sje, enda hefur sú reynd á orðið, að eigi hefur komizt þar á lögmætur fundur. Á fjölmennasta fundinum, sem um mál þetta fjallaði, voru um 200 manns, sem eigi er meira en $^1/_3$ safnaðarlima þeirra, er til kirkju eiga að gjalda. Á fundi þessum var kosin nefnd til að íhuga málið og kom hún fram með tvær tillögur; aðaltillaga hennar fór fram á að landsjóður greiddi 40000 kr., en ætti eptir sem áður hið núverandi kirkjuhús. Varatillagan fór fram á að landsjóður greiddi 25000 kr. álag á hina núverandi kirkju. Tillögur þessar voru til reynslu bornar undir atkvæði fundarmanna, en svo fór, að þær voru báðar felldar, en aptur á móti samþ., að fara fram á 50000 kr. tillag úr landsjóði.—Þá kemur *Möðruvallaklausturskirkja*; þar í sókn hefur ekki komizt á lögmætur fundur, en prófastur hefur látið í ljósi,að söfnuðurinn mundi eigi óláanlegur að taka að sjer fjárhald kirkjunnar gegn því að gefin væri upp skuld sú, sem kirkjan er í við landsjóð, og söfnuðinum auk þess greitt 4000 kr. álag á kirkjuna.

Munkaþverárklausturskirkju-söfnuður er fús á að taka að sjer fjárhald kirkju sinnar gegn 5500 kr. álagi á hana. Jeg gjöri ráð fyrir, að nefnd verði skipuð eigi að eins til að íhuga frv. þetta, held-

ur og öll þau tilboð, sem komið hafa.

Jeg hefi með höndum skjöl viðvíkjandi máli þessu, er jeg mun afhenda h. forseta, svo að nefndin og h. deild geti haft þau sjer til stuðnings.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg skal leyfa mjer að gjöra stutta athugasemd viðvíkjandi tilboði safnaðarins í Prestsbakkasókn um að taka að sjer fjárhald kirkjunnar. Mjer skildist svo á ræðu hæstv. landshöfðingja, að hann teldi að söfnuðurinn færi fram á 3750 kr. tillag úr landssjóði með Prestsbakkakirkju, en því er ekki svo háttað; kirkjan er eigandi hinnar svokölluðu Kirkju- og Brúarfjöru, og eptirgjald eptir hana er fært til í kirkjureikningunum, 30 kr. á ári. Nú er tilætlunin, að landssjóður haldi fjöru þessari, eða með öðrum orðum að hann hafi þar eign, sem má telja 750 kr. virði, svo að þá eru það í raun rjettri ekki nema 3000 kr., sem söfnuðurinn fer fram á að greiddar sjeu úr landssjóði sem álag á kirkjuna, og er sú upphæð einmitt byggð á áætlun byggingarfróðs manns.

Stungið upp á 5 manna nefnd. Samþykkt í einu hljóði.

Þessir voru kosnir í nefndina:

Guðl. Guðmundsson	með	16 atkv.
J. Jónsson, þm. A-Sk.	—	15 —
Jón Jensson	—	12 —
Jens Pálsson	—	9 —
Skúli Thoroddsen	—	9 —

Fyrstu umr. frestað.

Frv. til laga um heimild fyrir stjórnina að afsala þau 7 hundruð í jörðunni Nesi í Norðfirði, sem er eign landssjóðs, í skiptum fyrir kirkjujörðina Grænanes í sama firði (C. bls. 113); 1. umr.

Landshöfðingi: Jeg hefi í höndum skjöl viðvíkjandi makaskiptum, sem jeg leyfi mjer að afhenda háttv. forseta, er síðan mun fá þau í hendur nefnd, ef hún verður skipuð í málið, en jeg get búizt við að svo verði, af því að hjer er að ræða um afsal þjóðjarðar, og gæti nefnd sú einnig tekið til meðferðar beiðnir þær um kaup á þjóðjörðum, sem fyrir þingið munu lagðar. Engin slík beiðni var komin í mínar hendur svo snemma, að hún yrði tekin til greina, þegar frv. þetta var samið, en nú hef jeg ýmsar óskir í þá átt fyrirliggjandi, og mun á sínum tíma leggja þær fyrir h. deild.

Klemens Jónsson: Jeg skal geta þess í tilefni af orðum hæstv. lh. að úr Eyjafjarðarsýslu komu óskir um að fá keyptar 7—8 landsjóðsjarðir, og jeg veit að umsækjendum er það áhugamál að málið geti orðið afgreitt á þessu þingi. Jeg hafði því hugsað mjer að koma fram með sjerstakt frv. um þjóðjarðasölu; en af því að jeg sje að það getur samrýmzt þessu frv., þá hverf jeg frá því, en leyfi mjer að stinga upp á 5 manna nefnd í málinu, er taki bæði þetta frv. fyrir og þær beiðnir, er koma fram um kaup á þjóðjörðum.

ATKV.GR.: Nefndarkosning samþ. og þessir kosnir:

Klemens Jónsson	með	13 atkv.
Jens Pálsson	—	13 —
Ólafur Briem	—	13 —
Guðl. Guðmundsson	—	9 —
Þorl. Guðmundsson	—	9 —

Fimmti fundur, þriðjudag 6. júlí kl. 12 á hádegi. Allir á fundi.

Forseti gat þess, að til sín væri komið:

1. Brjef frá bæjarfógetanum í Reykjavík til landshöfðingjans snertandi frv. til laga um hafnsögugjald.
2. Bænaskrá frá Bjarna Þorkelssyni í Ólafsvík um styrk til að fara utan til Norvegs og læra þar þilskipasmíði.
3. Beiðni frá Geithellnahreppi í Suður-Múlasýslu um 4000—5000 kr. og

frá Beruneshreppi í sömu sýslu um 3000—4000 kr. af vegabótafje til umbóta á þjóðvegum hreppanna m. m.

4. Beiðni sýslumannsins í Barðastrandarsýslu fyrir hönd sýsluneíndarinnar sama st. um allt að 5000 kr. styrk til að reisa sjúkrahús á Patreksfirði.
5. Beiðni um löggilding verzlunarstaðar í Firði í Múlahrepp í Barðastrandarsýslu.
6. Þingmálafundargjörðir úr Barðastrandarsýslu.
7. Meðmæli með styrkveiting til herra Ísaks Jónssonar, frá Fáskrúðsfjarðar-, Mjóafjarðar- og Seyðisfjarðarbúum.
8. Áskorun til þingmanna Húnvetninga um styrk til kvennaskólans á Ytri-Ey o. fl., ásamt sýslufundargjörð 1897.
9. Þingmálafundargjörðir úr Dalasýslu.
10. —— úr Rangárv.s.
11. —— frá Kirkjubæ í Norður-Múlasýslu með 6 fylgiskj.

Landshöfðingi leggur fram skýrslur um laxveiði og selveiði.

Landshöfðingi: Á síðasta þingi samþykkti þessi h. þingdeild áskorun til landshöfðingja um að útvega fyrir þetta þing skýrslur um laxveiði og selveiði um land allt og álit um það, hvar líkindi sjeu til þess, að laxveiði vaxi eða komi upp, ef sel væri eytt.

Samkvæmt þessari áskorun lagði jeg fyrir amtmennina, að safna skýrslum um þetta efni. Þessar skýrslur eru nú komnar til mín úr flestum hjeruðum og að líkindum öllum þeim hjeruðum, þar sem laxveiði eða selveiði er stunduð, og leyfi jeg mjer þá hjer með að afhenda hæstv. forseta skýrslur þessar.

Forseti kvaðst mundu láta leggja skýrslur þessar fram á lestrarsalinn, þar sem þær kynnu að geta gefið tilefni til sjerstakra ráðstafana frá þingsins hálfu.

Frv. til stjórnarskipunarlaga um breytingar á stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands 5. janúar 1874 (C. bls. 171); 1. umr.

Flutningsmaður (*Valtýr Guðmundsson*): Þetta frumv., sem hjer liggur fyrir, er talsvert með öðru móti, en þau stjórnarskrárfrumv., sem legið hafa fyrir undanfarandi þingum. Það er einkennilegt að því, að það er styttra og fer töluvert skemmra í rjettarkröfum en áður hefur verið farið. Það kann í fljótu bragði að virðast ókostur á frv., að það fer skemmra í þessu efni. En ef rjett er að gætt, þá er langt frá, að þetta sje ókostur, eptir öllum málavöxtum og því, hvernig hjer hagar til. Áður hefur þingið og þjóðin gjört þær ýtrustu kröfur, sem álitið var, að hún hefði rjett til. Þetta gat verið góð og sjálfsögð aðferð til að byrja með; en það hefur sýnt sig fyrir löngu, að hún hefur ekki hrifið. Hún hefur mætt og mætir svo mikilli mótstöðu hjá þeim málspartinum, sem við eigum í höggi við, og hann er svo öflugur, að við fáum ekki við hann ráðið með hinni gömlu aðferð. Baráttan er orðin ærið löng, um 16 ár, enda er ástandið ekki efnilegt og verður það enn síður, ef baráttan heldur áfram í sama horfinu. Margir eru þess vegna orðnir á því, að heppilegra mundi að breyta um aðferðina til að ná endurbótum á stjórnarhögum vorum, og kom ný aðferð þegar fram á síðasta þingi með þingsál. í stjórnarskrármálinu. Það er jafnan svo, að þegar tveir eiga í höggi saman, annar máttugur og hinn veikur, og hvorugur vill undan láta, þá hlýtur þó sá, sem veikari er, fyr eða síðar að slaka til. Þessa eru dæmi í veraldar-

sögunni. A hinn bóginn er líka til gamall málsháttur, sem segir, þegar tveir þrákálfar eigast við, er hvorugur vill vægja fyrir öðrum, að »sá verði að vægja, sem vitið hafi meira«. Þó jeg alls ekki vilji bregða stjórninni um vitskort, þá verð jeg þó að segja, að vjer Íslendingar, íslenzka þjóðin, hefur betur vit á sínum eigin málum en stjórn vor suður í Kaupmannahöfn. Mótstaða stjórnarinnar gegn vilja þjóðar vorrar er alls ekki sprottin af því, að hún í rauninni vilji ekki þjóðinni vel, heldur er hún opt sprottin af því, að stjórnin hefur ekki vit á, hvað oss er fyrir beztu. Það, sem vjer álítum rjett og hagfelt fyrir okkur, það álítur stjórnin opt rangt og oss óhagfelt. Af því að stjórnin og þjóðin líta á málin frá misjöfnu sjónarmiði, þá hafast þau opt ekki fram, og þar sem annar mótpartúrinn, stjórnin, er svo öflug, þá er ekki við því að búast, að sigur fáist. En þó vjer á endanum ynnum sigur, þá getur svo farið, eins og mörg dæmi úr sögunni sýna, að sigurinn verði oss svo dýrkeyptur, að hann vegi varla upp á móti öllu því tjóni, sem hin langa barátta hefur haft í för með sjer.

Þegar litið er til þess, hversu margt liggur í kaldakoli hjer á landi, hvað margt oss er lífsnauðsynlegt að gjöra, er vjer gætum gjört undir hentugra stjórnarfyrirkomulagi, þá virðist sannarlega hyggilegra, að eiga ekki í baráttu við stjórn sína um þau smáatriði, sem ekki hafa svo mikla þýðingu í hinu praktiska lífi. Það, sem vakti fyrir mjer, er mjer kom til hugar að fara þá leið, sem frumv. þetta bendir til, var einkum tvennt: 1. að taka ekki annað inn í frumv. en það, sem mesta þýðingu hefði fyrir oss, sem oss væri lífsnauðsynlegt til þess að geta fengið áhugamálum vorum framgengt, en slá hinu aptur á frest, sem annaðhvort væri minna áríðandi, eða mætti fá framgengt eins á annan hátt; 2. að taka það eitt inn í frumv., sem ástæða væri til að ætla að fengi framgang og ,þannig, að minnsta kosti fyrst um sinn, fá enda á stjórnarbaráttuna, án þess þó að gefa upp nokkrar af rjettarkröfum vorum. Það hefði mjer auðvitað aldrei getað dottið í hug, að koma fram með frumv., ef jeg hefði álitið, að með því væri loku fyrir skotið, að þjóðin gæti síðar komið fram með aðrar rjettarkröfur sínar. Nei, aðferðin, sem jeg hefi hugsað mjer að þingið ætti að taka upp er sú, að taka að eins nokkur atriði í einu, þau, sem mest á ríður, en láta hitt eiga sig, sem minna er í varið. Þetta hafa aðrar þjóðir gjört og orðið að góðu. Það er hægra fyrir okkur að sameina okkur innbyrðis um fá atriði, en um mörg, og eins er hægra að fá færri atriði fram en fleiri. Ef vjer tökum mikið fyrir í einu og heimtum margt og mikið í einu, þá er hætt við, að samkomulag náist ekki, hvorki meðal vor innbyrðis, nje milli vor og stjórnarinnar. Látum dæmi Dana sjálfra oss að kenningu verða. Þeir tóku það fyrir að endurskoða grundvallarlög sín öll í einu, en þeir játa nú sjálfir, að þá hafi sviðið sárt eptir á fyrir bragðið, og óska nú, að þeir hefðu aldrei gjört það.

Þegar jeg athuga í fáum orðum þær rjettarkröfur, sem menn hafa viljað hafa fram, þá skal jeg minnast fyrst á þær, sem jeg álít að við getum látið liggja á milli hluta fyrst um sinn:

1. Að ráðgjafinn sitji ekki í ríkisráðinu er auðvitað lögmæt krafa. Það mun ekki hægt að finna neinn Íslending, sem neiti því. En sú krafa byggist ekki á stjórnarskránni. Stjórnarskráin gjörir hvorki að bjóða eða banna að ráðgjafinn sitji í ríkisráðinu, en seta hans þar hefur verið innleidd með

»praxis», og mætti því afnema hana með »praxis». Þessi »praxis» er byggð á grundvallarlögum Dana. Þeir þekkja engan ráðgjafa nema hann sitji í ríkisráðinu, og þeir segja að grundvallarlögin gildi hjer í þessu efni. Við neitum þessu að vísu, en verðum að beygja oss fyrir valdinu. Þetta er, sem sagt, spursmál, sem liggur fyrir utan stjórnarskrána og kemur því stjórnarskrárbreyting vorri ekkert við.

2. Breytingu á skipun efri deildar getum við auðvitað tekið inn í stjórnarskrárfrumvarp, en það er ekki nauðsynlegt.

Breytingunni má koma á með sjerstökum einföldum lögum samkv. heimild þeirri, sem til þess er veitt í 14. og 15. grein hinnar gildandi stjórnarskrár. Þess vegna er ekki ástæða til að vera að draga þetta atriði fram.

3. Að því er snertir ákvæði þau um landsdóm, er tekin hafa verið upp í stjórnarskrárfrumvörpin, þá er líkt um þau að segja og ákvæðin um skipun efri deildar.

Það er ekki nauðsynlegt að taka þau inn í baráttuna. Það má koma fram ábyrgð á hendur ráðgjafanum án þess. Því að stjórnarskráin segir í 3. gr., að alþingi geti fyrir sitt leyti komið ábyrgð fram á hendur ráðgjafanum eptir þeim reglum, sem nákvæmar verði skipað fyrir um með lögum, þ. e. með sjerstökum ábyrgðarlögum. Ef vjer því semjum ábyrgðarlög samkvæmt 3. gr. stjórnarskráarinnar, þá fellur það burt, að hæstirjettur dæmi í þeim málum, er rísa út af broti á stjórnarskránni. Það fyrirkomulag, sem nú er í þessu efni, stendur að eins þangað til þessi lög verða samin.

4. atriðið, er jeg álít að eigi að liggja á milli hluta í stjórnarbaráttunni, er ákvæðið um búsetu ráðgjafans, búsetu stjórnarinnar. Vjer höfum farið fram á að stjórnin væri búsett í landinu. Það er í sjálfu sjer eðlileg krafa, að stjórn eins lands sje búsett í landinu sjálfu. En vjer höfum fengið svo skýr svör frá stjórn vorri gegn þessari kröfu, að það er engin von um að við getum beygt hana út af þeim vegi, er hún hefir farið í þessu atriði, og landshöfðinginn segir í brjefi sínu til stjórnarinnar, að það sje *óhugsanlegt*, að sá maður, er hafi á hendi æðstu stjórn Íslands sjerstaklegu mála, sje búsettur hjer á landi; hann hljóti að vera við hlið konungs og því að búa í Kaupmannahöfn. (*Landshöfðingi*: Það er tekið úr auglýsingunni 2. nóv. 1885). Þessa skoðun hlýt jeg algjörlega að undirskrifa. Það getur ekki átt sjer stað, að sá maður, er framkvæmir vald konungs, sitji í fjarlægu landi og sendi þaðan lög og ályktanir til konungs með boð um að hann undirskrifi. Hjer yrði þá að skipa einhverja konungsímynd, t. d. jarl eða landsstjóra með ráðgjöfum, eins og gjört hefir verið í stjórnarskrárfrv. áður, en stjórnin hefir ekki viljað ganga að því stjórnarfyrirkomulagi. Henni þykir það of umfangsmikið »apparat« og um of kostnaðarsamt. Það er það líka sannarlega. Við höfum sannarlega nóg að gjöra við okkar fje til að kippa hjer ýmsu í lag, þó við ekki hrúgum meiru í embættismannahald en ýtrasta nauðsyn krefur. Vegna staðhátta vorra þurfum við tiltölulega fleiri embættismenn en aðrar þjóðir, svo við ættum ekki að gjöra okkur það að leik, að fjölga þeim.

Þá sný jeg mjer að þeim kröfum, sem jeg álít, að hafi mesta þýðingu fyrir oss og þjóðlíf vort, og eru þær hinar sömu, sem hæstv. landsh. hefir haldið fram í brjefi sínu til stjórnarinnar út af þingsályktuninni, sem þingið samþykkti 1895. Þessar kröfur eru þær, að við fáum sjerstakan ráðgjafa, er mæti á alþingi og beri ábyrgð gagnvart því á

öllum sínum stjórnarathöfnum. Þetta eru þau atriði, sem landsh. tók fram í brjefi sínu, að æskilegt væri að gætu fengið fram að ganga, og þegar vjer lítum á brjef ráðgjafans, þá sjáum vjer, að stjórnin kemur þar ekki fram með neina mótbáru gegn þessu. Má af því ráða, að ef alþingi kemur fram með þessar kröfur, þá muni stjórnin fús að ganga að þeim. Það er tekið fram í brjefi ráðgjafans, að af því að kröfur alþingis hafi verið svo gífurlegar, þá muni varla til neins að bjóða því þær ráðstafanir, er landshöfðingi hafi mælt með.

Það, sem farið er fram á hjer í frv., mun þá vera þannig lagað, að stjórnin geti gengið að því, og á hinn bóginn þannig, að samkomulag ætti að geta fengizt um það á þinginu. Fengi það framgang, sem hjer er farið fram á, að sjerstakur ráðgjafi yrði skipaður, er mætti á alþingi, þá álít jeg stórt spor stigið sjerstaklega til betri samvinnu milli þings og stjórnar. Við vitum það allir, hvað bagalegt það er, að hafa ekki mann hjer á þinginu, er hægt sje að semja við. Það kemur mergð af þingmannafrv. inn á hvert þing, sem ekki er hægt að vita vilja stjórnarinnar um. Setjum t. d., að með einhverju frv. sje stjórninni gefin *heimild til* að gjöra eitthvað, en meiri hluta þingmanna þætti þetta ekki nógu skýrt og vildi setja inn í frv., að stjórninni skyldi *skylt* að gjöra það. Þá getur auðveldlega svo farið, að sett verði í frv. þau skilyrði, sem gjöri stjórninni ómögulegt, frá hennar sjónarmiði, að samþykkja það. Landshöfðingi hefir ef til vill verið spurður um, hvort þetta mundi verða frv. að falli, en hann hefir ekki getað sagt neitt ákveðið um það. Sæti aptur á móti sjálfur stjórnarherrann á þingi, þá mætti semja við hann er slíkt kæmi fyrir, og vissa fengist þannig fyrirfram fyrir því, hvort og með hverjum skilyrðum málið fengi framgang. Ef hann t. d. lýsti yfir því í deildinni, að hann ætlaði að framkvæma það, sem frumv. færi fram á, þótt hann væri ekki beinlínis *skyldaður* til þess, þá mundu þingmenn láta sjer það nægja. Þetta er að eins eitt af ótal dæmum, sem nefna má til sönnunar því, hvílíkt hagræði það væri að fá þó ekki væri nema þessa rjettarbót.

Það er þá þetta, sem jeg einkanlega hefi haft fyrir augum við samning þessa frv. Jeg álít, að stjórnarástandið sje alveg óhæfilegt, eins og það er, og að nauðsynlega verði að kippa því í lag, ef vjer eigum að geta unað við það. Jeg hefi tekið það persónulega fram við stjórnarherrann, að stjórnarfyrirkomulagið væri óþolandi eins og það væri. Jeg sje, að einn h. þingdm. hristir höfuðið, en þetta er samt satt. Jeg stend við það.

Loks skal jeg taka það fram, að jeg geng út frá því sem vísu, að í þessu þýðingarmikla máli hafi stjórnin ekki látið sjer nægja með það, að senda brjef sitt sem svar upp á málamiðlun síðasta alþingis, heldur hafi hún jafnframt ráðfært sig við hæstv. landshöfðingja um málið. Leyfi jeg mjer því, að skora á hæstv. landsh., að láta þingd. í ljósi afstöðu stjórnarinnar í þessu máli, eða hvort hann ætli, að hinni núverandi ráðherra mundi ganga að því, sem hjer er farið fram á, ef það næði fram að ganga hjer á þinginu.

Landshöfðingi: Jeg skal verða við áskorun h. þm. Vestm. (V. G.) á þann veg, að lýsa því yfir að það er eigi svo sem hann gat til, að stjórnin hafi ráðfært sig við mig um þau atriði, er koma fram í frv. h. þm. (V. G.). Stjórnin mun ekki hafa verið búin að taka neina aðra stöðu í málinu en þá, sem kemur fram í brjefi ráðherrans, svo snemma,

að tími væri til nokkurs slíks. En jeg hef umboð frá ráðgjafanum til að lýsa því afdráttarlaust yfir, að ef frá þinginu kæmu lög, er gengju í þá átt, að ráðgjafinn fyrir Ísland skyldi bera ábyrgð gagnvart alþingi á stjórnarathöfnum sínum yfir höfuð, eigi að eins á brotum gegn stjórnarskránni, og í öðru lagi að Íslandsráðgjafinn skuli mæta á alþingi, fyrir hönd stjórnarinnar, á líkan hátt og landshöfðinginn nú, yrði þannig lagað frv. samþ. af alþingi, og sem eigi gengi lengra í kröfunum en hjer var tekið fram, þá mundi því eigi synjað staðfestingar. En í þessum tveim atriðum ætti það að vera fólgið, að ráðgjafinn hefði ekki önnur störf á hendi en stjórn hinna sjerstöku málefna Íslands, og að hann bæði skildi og talaði íslenzku. En í sambandi við þessa tilslökun frá stjórnarinnar hálfu vill ráðgjafinn fá breytt þannig 61. gr. stjórnarskrárinnar, að þótt uppástunga um breyting á stjórnarskránni nái samþykki beggja þingdeildanna, þá þurfi stjórnin eigi að leysa upp alþingi og stofna til nýrra kosninga, nema því að eins, að hún vilji styðja málið.

Jeg tek það aptur fram, að komi fram og nái samþykki alþingis frumv., er hafi að geyma að eins þau tvö atriði, sem nefnd voru hjer að framan, og ef eigi eru tengd við það nein þau skilyrði nje rjettargeymslur, sem gefi stjórninni tilefni til að ætla, að hjer sje að eins um stundarfrið að ræða, en ekkert verulegt hlje á stjórnarbaráttunni, þá má alþingi vænta þess, að slíkt frv. nái staðfesting konungs.

Ólafur Briem: H. flutningsm. (V. G.) tók það fram, að þetta frumv. færi skemmra en hin fyrri stjórnarskrárfrumv. Jeg skal eigi lasta það fyrir þá sök; en jeg hefi annað út á það að setja, það, að mjer þykir það fara í öfuga átt. Eitt aðalatriðið í stjórnarbaráttu vorri hefir verið það, að gjöra stjórnina innlendari. En jeg sje ekki betur en að þetta frumv. fari fram á að gjöra hana enn útlendari en nú er hún. Vjer vitum að landshöfðinginn hefir framkvæmd á ýmsum þeim störfum, sem heyra undir verksvið ráðgjafans, en afleiðingin af því fyrirkomulagi, sem frumv. fer fram á, yrði sú, að þessi störf mundu dragast úr höndum landshöfðingjans og í hendur ráðgjafans úti í Danmörku. Þetta þykir mjer ganga í öfuga átt. Mjer finnst það liggja nær fyrir þingið að reyna að auka sem mest vald landshöfðingjans, og væri slíkt hægt á ýmsan veg án stjórnarskrárbreytingar. Nú eru störf landshöfðingja svo umfangsmikil, að hann hlýtur að hafa tíma mjög af skornum skammti til að gefa sig við lagasmíði; ýmsu af þessum störfum mætti ljetta af honum með því að þingið veitti fje til þess að hann gæti aukið vinnukrapt á skrifstofu sinni.

Ennfremur mætti búa svo um hnútana, að landshöfðinginn þyrfti einskis í að sakna, þótt hann gengi í berhögg við hina útlendu stjórn, þegar svo bæri undir, að hann vildi beitast fyrir nauðsynjamálum þjóðarinnar þrátt fyrir mótspyrnu hinnar útlendu stjórnar. Nokkuð mætti bæta úr því, að landshöfðingi getur eigi gjörla vitað skoðun ráðgjafans á ýmsum málum, og getur yfir höfuð eigi komið fram sem ráðgjafinn; það má með því að haga svo til, að landshöfðinginn fengi tíma til að fara á fund ráðgjafans á undan þingi og eptir, og bera sig saman við hann um þingmálin; þá mundi svo fara, að hann vissi vilja ráðgjafans í flestum málum, eða að minnsta kosti færi nærri um hann.

H. flutningsm. (V. G.) gat þess, að á hverju þingi kæmi fram sá fjöldi af þingmannafrumv., er landshöfðingi gæti

alls eigi þekkt skoðun ráðgjafans á. En því optar sem hann færi á fund ráðgjafans, því sjaldnar mundi það verða, að hann renndi ekki grun í, hvernig ráðgjafinn mundi taka í það og það mál. Auk þessa ætti, og gæti án stjórnarskrárbreytingar, komist gjörbreyting á lagasmíðina, þannig að þingmannafrumv. yrðu harla fá, en að allur þorri frumv. kæmi frá stjórninni; þetta er hinn eðlilegi gangur, og þá hyrfi sá agnúi, sem er á því að landshöfðingi viti ekki skoðun ráðgjafans á flestum þingmálum; frjettaþráður milli Íslands og Danmerkur mundi og mjög bæta úr fjarvist ráðgjafans frá þingi. Annað atriði sem mjer virtist h. þm. (V. G.) leggja aðaláherzlu á, var, að hjer væri farið fram á sjerstakan ráðgjafa, sem ætti sæti á þingi, sjálfsagt Íslending; en einnig tók h. þm. (V. G.) það fram, að enginn mundi sá Íslendingur, er eigi áliti það stjórnarskrárbrot, að ráðgjafi Íslands yrði að hafa sæti í ríkisráðinu danska. Nú vil jeg spyrja h. þm. (V. G.): Hvernig getur hann hugsað sjer, að nokkur Íslendingur vilji vinna það fyrir þá upphefð að komast í ráðgjafasess, að brjóta vísvitandi stjórnarskrá síns eigin lands? og þótt svo ljettúðugur maður fyndist, getur hann hugsað sjer að þingið mundi geta unnið saman við hann, og samið við hann um þjóðmál vor? Það er mjer óskiljanlegt. Ef jeg verð með því að nefnd verði skipuð í mál þetta, þá er það af virðingu fyrir málefninu sjálfu, en eigi af því að mjer getist að þessu frumv. og eigi heldur af því, að jeg búist við, að því muni auðnast að komast gegnum þingið.

Því játa jeg fúslega, að það er harla slæmt, hið ópolandi ástand, sem h. þm. (V. G.) talaði um, en mjer finnst, að vjer verðum að leita að öðrum vegi til þess að komast út úr því en á er vísað í þessu frumv., og þá einkum á þann hátt, að leitast við að auka vald hins æðsta stjórnanda innanlands.

Flutningmaður (*Valtýr Guðmundsson*): Jeg þakka hæstv. ldsh. fyrir þá yfirlýsing, sem hann hefir gefið fyrir hönd stjórnarinnar. Jeg fæ ekki betur sjeð en hann hafi nefnt til einmitt sömu atriðin sem frumv. hefir inni að halda, og, meira að segja, yfirlýsing hæstv. landsh. inniheldur skýring á því, að ráðgjafinn skuli ekki hafa önnur stjórnarstörf á hendi en Íslandsmál, og sjálfsagt líka það, að ráðgjafinn eigi jafnan að mæta á þingi.

Þar sem hæstv. landsh. tók það fram, að stjórnin hefði ekki ráðfært sig við hann, en þó gefið honum umboð til, að koma með yfirlýsing þá, sem vjer nú höfum heyrt hann flytja, þá er það eðlilegt, þar sem hún hafði þegar fengið svar hans og samþykki á þessum atriðum í brjefi því, er hann sendi stjórninni með þingsályktunartillögu síðasta þings í stjórnarskrármálinu. Það eina atriði, sem umfram var í brjefi landsh. það, sem frv. og yfirlýsing stjórnarinnar nefnir, fer ekki fram á breyting á stjórnarskránni, og getur því ekki komið hjer til greina. Eptir yfirlýsing hæstv. landsh. verð jeg svo að skoða, sem stjórnin hafi gert þinginu tilboð um að uppfylla nokkrar af kröfum þjóðarinnar, og þar sem flestir þingmálafundir hafa samþykkt að skora á þingmenn sína, að taka vandlega til yfirvegunar, ef frá stjórninni kæmi tilslökun eða tilboð, er eigi sviptu oss neinu af rjettarkröfum vorum, þótt að væri gengið, þá finnst mjer þingmenn taka á sig ærna ábyrgð, ef þeir vilja hindra að samkomulag geti komizt á milli þjóðar og stjórnar. Er það ekki miklu eðlilegra, að vjer, sem erum milliliðir milli þjóðar og stjórnar, tækjum oss fremur það hlut-

verk, að reyna að miðla málum, en hitt, að hindra þjóð og stjórn, er báðar vilja rjetta fram höndina til sátta, í því að ná því, að tengja höndum saman? Hjer höfum vjer þó sannlega bæði yfirlýsing stjórnarinnar um, að hún vilji málamiðlun, og yfirlýsing þingmálafunda um, að eigi beri að hafna málamiðlun, ef hún fáist.

H. 1. þm. Skagf. (Ó. Br.) tók það fram, að hann fráfældist eigi svo mjög þetta frumv. fyrir það, þótt það gengi skammt, sem hitt, að það gengi í öfuga átt, í þá átt, að draga æðsta valdið út úr landinu. Jeg held að h. þm. (Ó. Br.) líti ekki rjett á þetta. Hvernig getur það gengið í öfuga átt, að fá íslenzkan mann, kunnugan högum vorum, til að fjalla um mál vor, mann sem ekki hefði annað að gera en að gefa sig við þeim? Það sýnist þó fremur vera til bóta frá því sem nú er, þar sem vjer höfum að eins ráðgjafabrot, sem hefir mörg önnur störf á hendi en meðferð vorra mála, og auk þess mann, sem eigi hefir nje getur haft vit á málum vorum. Jeg segi það hreint og snjallt, að sá Íslandsráðgjafi, sem nú situr í ráðgjafasessi, hefir eigi vit á vorum málum, og jeg veit að hann viðurkennir þetta sjálfur. Þegar Danir velja sjer dómsmálaráðgjafa, þá geta þeir ekki tekið tillit til þess, hvort hann skilji íslenzku, eða sje kunnugur íslenzkum málum; aðalatriðið fyrir þeim er að fá sjer góðan dómsmálaráðgjafa. Auðvitað má gjöra ráð fyrir að hann vinni að Íslandsmálum eptir beztu þekkingu, en það er oss ekki nóg, þegar þekkinguna brestur. H. 1. þm. Skagf. (Ó. Br.) gjörði ráð fyrir, að ráðgjafinn mundi draga undir sig nokkuð af verksviði landshöfðingja. Hvaða ástæða er til að ætla slíkt? (*J. J.* þm. Eyf.: Hlutarins eðli). Það er auðvitað að lögsmíðastarfið mundi falla í hlut ráðgjafans, en aptur má gjöra ráð fyrir, að hann mundi stuðla til þess, að hið umboðslega verksvið landshöfðingja jykist.

H. þm. (Ó. Br.) áleit. að reyna ætti að búa svo um hnútana, að landshöfðingi þyrfti eigi að óttast, þótt hann gengi í berhögg við stjórnina. En hvernig verður slíku viðkomið nema með því að gera hann að ráðgjafa? Það er sá mikli munur á ráðgjafanum og landsh., að landsh. er embættismaður, sem stjórnin getur sagt að sitja kyrrum þótt hann vilji fara, nema því að eins að hann vilji sleppa embætti sínu án eptirlauna. Ráðgjafinn aptur á móti getur farið, þegar honum þykir ástæða til, og á heimtingu á sínum eptirlaunum.

H. þm. (Ó. Br.) hjelt að bæta mætti úr ókunnugleik stjórnarinnar og ókunnugleik landsh. á vilja stjórnarinnar með því að hann færi á fund ráðgjafa bæði á undan þingi og eptir þing. Nú hefir landsh. stundum farið á fund stjórnarinnar á undan þingi, og reynslan hefir sýnt, að hann þrátt fyrir það hefir ekki verið fullfróður um vilja hennar í öllum málum, þegar á þing hefir komið; það er ekki heldur við því að búast, þar sem vænta má að fyrir þingið sjeu lögð ýms mál af þingmönnum, sem hvorki stjórnin nje landsh. hafa vitneskju um á undan þingi. Á meðan löggjafarmálin eru sameinuð umboðsmálunum, þá er það auk þess svo mikið starf, að jeg hefi ekki trú á, að ldsh. hafi mikinn tíma afgangs frá afgreiðslu hinna nauðsynlegu umboðsmála til löggjafarstarfa. Þegar verið er að tala um að auka völd landsh., þá er eins og menn hafi í huga að gjöra hann að eins konar ráðgjafa; en vjer vitum að eigi er hægt að fá því framgengt; allt það tal er því ekki annað en loptkastalar. Jeg álít að það sje *jafnan* aðalatriðið, er menn vilja fá einhverju fram-

gengt, að líta á mögulegleikana fyrir framkvæmd þess. H. þm. (O. Br.) sagði, að jeg hefði tekið það fram, að enginn Íslendingur mundi álíta það öðruvísi en stjórnarskrárbrot að ráðgjafi Íslands skyldi sitja í ríkisráði Dana. Það gjörði jeg alls eigi, því að jeg álít slíkt ekkert stjórnarskrárbrot. Í stjórnarskránni er eigi tekið neitt fram um það atriði. Jeg álít það hvorki stjórnarskrárbrot þótt ráðgjafinn sitji í ríkisráðinu, nje heldur rjettarheimild til þess að hann sitji þar. Jeg skoða svo sem vjer líðum þetta að eins, og að vjer í engu fyrirgjörum rjetti vorum, þótt vjer beygjum oss fyrir valdinu á meðan oss er um megn að fá breytingu á því fram. Vjer látum spursmálið vera óútkljáð á meðan, en látum engan veginn að ráðgjafinn eigi að rjettu lagi sæti í ríkisráðinu, og þegar þannig er á málið litið, þá sje jeg ekki betur en að Íslendingur geti fengið það af sjer að hafa setu í ríkisráðinu.

Jeg hef þá svarað hinum helztu mótbárum, sem fram hafa komið gegn frv. Sjerstaklega hefi jeg sýnt fram á, að það er talað út í loptið, að heppilegra mundi að auka vald landsh., en að fá sjerstakan ráðgjafa, því að engin von er um að því geti orðið framgengt á þann veg, sem h. 1. þm. Skagf. (Ó. Br.) hugsaði sjer það. Og í hverju erum vjer bættari, ef ráðgjafinn í Höfn getur eptir sem áður hvenær sem vera skal gripið í taumana oss til tjóns? Vjer getum aldrei látið oss nægja með minna en að vjer höfum þann mann á þingi til viðtals, sem hefir hið æðsta úrskurðarvald í málum vorum. Hvort sem hann að öðru leyti situr hjer á landi eða í Danmörku, það er annað mál, og því hefir verið þannig svarað, að það fáist eigi að hann hafi staðaldurssetu hjer.

Þegar hjer var komið var umr. um málið frestað til næsta dags.

Tillaga til þingsályktunar um ráðstafanir gegn fjárkláða (C. bls. 172); hvernig ræða skuli.

Eptir tillögu forseta var ein umr. samþykkt.

Tillaga til þingsályktunar um samgöngumál (C. bls. 172); hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á einni umr. og var það samþykkt.

Sjötti fundur, miðvikudag 7. júlí, kl. 12 á hád. Allir á fundi.

Frumv. til stjórnarskipunarlaga um breytingar á stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands, 5. jan. 1874 (C. 171); framh. 1. umr.

Klemens Jónsson: Jeg hefi aldrei talað í stjórnarskipunarmálinu á undanfarandi þingum, en þó verið því fylgjandi og greitt atkvæði með frumvörpunum 1893 og 1895. Jeg fann þá ekki ástæðu til að tala um málið, enda virtist mjer og fleirum það sýna mesta staðfestu að samþykkja málið, eins og þá stóð á, umræðulaust. Frumvarpið var orðið svo kunnugt, þjóðin sjálf hafði aðhyllzt það og kosningar höfðu farið fram til þingsins 1893 og síðan 1894 með sjerstöku tilliti til þessa frumvarps.

Jeg áleit að virðing þjóðar og þings væri undir því komin, að tala sem minnst um málið, og að það sýndi mesta alvöru með því að samþykkja málið umræðulaust 1893 og 1894.

En nú er hjer komið fram sjerstakt frumvarp til stjórnarskipunarlaga, sem er þess eðlis, bæði að formi og efni, að jeg get ekki gefið því atkvæði mitt, hvorki samþykkt að það gangi til 2. umr. nje að nefnd verði skipuð til að íhuga það, og því verð jeg með fáum

orðum að gjöra grein fyrir afstöðu minni til þessa máls.

Eins og jeg hefi áður tekið fram samþykkti jeg frumvarpið á þinginu 1893, og hefði jeg sjálfsagt gjört það 1894, ef jeg hefði þá getað mætt á þinginu, enda var þjóðin þá ekki orðin hikandi í því máli. En á þinginu 1895 kom fram breyting á málinu, sem þó ekki var nein efnisbreyting, heldur breyting á veginum eða aðferðinni til að þoka málinu áfram. Þar var ekki um neinn realitetsmun að ræða, enda var í tillögu neðri deildar vitnað í frumvörp undanfarandi þinga og því lýst yfir að vjer hjeldum fast við þær kröfur, sem þar hefðu komið fram, og til þess að sýna, að jeg fyrir mitt leyti hjelt fast við hinar fyrri rjettarkröfur þingsins án þess þó beinlínis að halda dauðahaldi í frumvarpið, greiddi jeg atkvæði með tillögunni, en þá fyrst, þegar stjórnarskipunarlagafrumvarpið var fallið úr sögunni í h. Ed. Nú var eptir að fá svar frá stjórninni uppá þessar þingsályktunartillögur. Vjer munum engir hafa búizt við neinum sjerlega glæsilegum undirtektum frá stjórnarinnar hálfu, en þó ætla jeg, að enginn af tillögumönnunum muni hafa búizt við svörum eins og þeim, sem nú liggja hjer fyrir oss í Stjórnartíðindunum. Þar er því beint svarað, að ekkert tillit verði tekið til óska þingsins í þingsályktunartillögunum frá 1895. Flutningsm. þessa frumv. (V. G.) segir reyndar, að stjórnin sje tilleiðanleg til að veita einhverja tilslökun, en jeg verð að segja, að það þarf töluverðar gáfur til að finna nokkra tilslökun út úr svari stjórnarinnar. Svarið er, sem sagt, komið og það þannig lagað svar, að eptir því sem ýmsum tillögumönnum fórust orð undir umræðunum á síðasta þingi, virtist nú ekki vera um annað að gjöra í þessu máli, en að stælast, þ. e. að halda stjórnarskrárbaráttunni áfram í sama formi og áður og jafnvel að gjöra kröfurnar enn hærri, enn harðari en áður. Sumir tillögumenn hafa einnig þegar lýst því yfir að þeir gætu ekki aðhyllzt þetta frumv., sem hjer liggur fyrir eða látið sjer lynda svar stjórnarinnar, og fleiri munu efalaust taka í sama strenginn áður en lýkur.

Það er líka sannarlega undarlegt, hvernig þetta frumv. er komið fram, enda næsta kynleg öll aðferð h. flutningsmanns í þessu máli. Jafnvel strax eptir síðasta þing, fer einn þjóðkjörinn þingmaður án nokkurs umboðs frá þinginu eða þjóðinni, að makka við stjórnina í Kaupmannahöfn, og resultatið af því makki er svo þetta frumv. H. flutningsm. (V. G.) bar fyrir sig í gær, er verið var að ræða um undirtektir stjórnarinnar, gamlan íslenzkan málshátt er hljóðaði svo, að sá yrði að vægja, sem vitið hefði meira, en jeg vil leyfa mjer að minnast á gamlan latneskan málshátt, sem mjer þá datt í hug, og hljóðar svo: »partiurunt montes nascitur ridiculus mus« o: fjöllin taka jóðsótt, og þar fæðist lítil mús. Þá, það er þetta litla frumv., sem er resultatið af öllu makkinu. Sumir vilja, ef til vill, ekki leggja mikla áherzlu á formið í þessu máli, en það get jeg samt ekki látið vera að gjöra. Jeg get ekki látið vera að benda á, að hjer hefir verið alveg gengið fram hjá þeim manni, sem er hinn eini rjetti milliliður milli þingsins hjer og stjórnarinnar í Kaupmannahöfn. H. flutningsm. (V. G.) gat þess til, að stjórnin mundi sjálfsagt hafa ráðfært sig við fulltrúa sinn hjer á þinginu um þetta mál; en eptir að vjer höfum heyrt hin ljósu svör hæstv. landsh. í gær, vitum vjer, að ekki hefir verið um neitt slíkt að ræða, og er það því undarlegra sem hæstv. landsh. hafði sent tillögur sínar til stjórnarinnar með

þingsál.till. 1895, og það mjög mikilsverðar tillögur, tillögur, sem almenningur getur verið ánægður með. Jeg fyrir mitt leyti finn ástæðu til að þakka hæstv. landsh. fyrir það, sem hann hefir gjört í þessu máli síðan á seinasta þingi. Hann á því sjaldnast að fagna, að fá hrós fyrir gjörðir sínar, en mjer finnst ekki rjett, að láta þess ógetið, að hann hefir komið hjer mjög vel fram fyrir þjóðarinnar hönd. En — jafnframt og hæstv. landlh., hinn rjetti milliliður milli þjóðar og stjórnar, hefir reynt til að þoka þessu mesta velferðarmáli voru áfram með tillögum sínum, þá hefir einn þjóðkjörinn þingmaður komið alveg ótilkvaddur fram með tillögur, sem eru helmingi ófrjálslegri en tillögur hæstv. landsh., og sem ganga í öfuga átt, þá átt, að færa valdið út úr landinu, í staðinn fyrir að þoka því heldur inn í landið, eins og allir hugsandi menn hafa óskað eptir, og þingið hefir viljað keppa eptir. Þetta er því merkilegra sem h. flutningsm. (V. G.) játaði sjálfur, að ef flytja ætti valdið inn í landið, þá hlyti það að gjörast með því, að fá hjer landsstjóra eða fimynd konungs. Það er gleðilegt að heyra nú þetta í fyrsta sinni af hans munni. Viðurkenningin er góð þó hún komi seint.

Aðaltilgangurinn með þessu frumv. á að vera sá, að gjöra samvinnuna betri milli þings og stjórnar, en hún nú er, og hann tók það dæmi þessu til sönnunar, að ef stjórnin legði fyrir þingið frumv. sem segði, að eitthvað skyldi vera »heimilt«, en þingið í staðinn fyrir »heimilt« vildi setja »skal«, þá gæti ráðgjafinn, er hann sæti á þingi, sagt strax hvort stjórnin vildi ganga að þeirri breytingu. Þetta er með öllu rangt, því staða ráðgjafans yrði eptir þessu frumv. alveg hin sama og staða landsh. er nú. Ráðgjafinn situr í ríkisráðinu og hefir þar að eins eitt atkvæði, hvort heldur er að ræða um íslenzk mál eða dönsk. Ef meiri hluti ríkisráðsins þess vegna setur sig upp á móti því, sem Íslandsráðgjafinn ber upp, þá verður ekkert úr undirskript konungs. Þetta getur þar á móti ekki komið fyrir í Danmörku, þar sem ráðgjafarnir geta hitzt daglega og borið sig saman um þau mál, sem eru á dagskrá þingsins og þjóðarinnar. Hjer er allt öðru máli að gegna, þar sem fjarlægðin er svo mikil, og það að við erum að minnsta kosti ekki betur settir með þennan ráðgjafa h. flutningsmanns (V. G.) en með landshöfðingja nú, það er afleiðingin af því, að ráðgjafinn á að sitja í ríkisráðinu. Hann ætlaði að vísu, flutningsm., að svo mundi fara á endanum, að ráðgjafinn mundi ekki sitja í ríkisráðinu; ríkisráðið mundi ekki kæra sig um, að hafa nein afskipti af hinum sjerstöku málefnum þessa lands, sem það hefði ekkert vit á; en þetta er alls ekki víst. Það getur enginn neitt um það sagt. Það er alveg eins víst að ríkisráðið haldi fast við það, að hafa afskipti af málum vorum. H. flutningsm. (V. G.) sagði, að spurningin um ríkisráðið væri opin, því það stæði hvergi í stjórnarskránni, að ráðgjafinn ætti að sitja í ríkisráðinu, en hins vegar væri það hvergi bannað. Það sjest á þessu, eins og raunar optar að hinn h. flutningsm. er eigi lögfræðingur, því það er alveg glögg og greinileg lögskýring hjá hinum hæstv. landsh., að ráðgjafinn eigi einmitt eptir stjórnarskránni sjálfri ekki að sitja í ríkisráðinu. Þetta leiðir, auk þess sem stendur í hinum tilvitnuðu greinum stjórnarskrárinnar í brjefi landshöfðingja, sjerstaklega af 1. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem stendur: »Í öllum þeim málefnum . . . . ., hefir landið löggjöf sína og stjórn út af fyrir sig«. Þetta er svo greinilegt, að um það verður eigi þrátt-

að. Allir hugsandi Íslendingar hafa líka ávallt haldið þessum skilningi fram. En þó nú fengist einhver betri samvinna með þessum ráðgjafa, þá fæst hún þó því að eins, að hann mæti hjer á alþingi; en það þarf hann ekki einu sinni að gjöra eptir þessu frumv. Það stendur hjer eins og í grundvallarlögunum dönsku, að hann skuli hafa heimild til að mæta á þinginu. Það er því engin vissa fyrir því, að hann gjöri það. Fjarveru hans frá alþingi eru ekki einu sinni sett nein takmörk t. d. að hann skuli mæta þar nema í sjúkdómsforföllum eða þess háttar. Hjer er auðsjáanlega allt stílað upp á það, að allt skuli vera á huldu. Slíkt er þó eigi neitt uconstitionelt, þó ráðgjafanum jafnvel væri gjört að skyldu að mæta á alþingi; að minnsta kosti er svo fyrirskipað í stjórnarskrá Belgíu. Það stendur heldur ekki neinstaðar, að ráðgjafinn eigi að vera Íslendingur. Það má þvert á móti búast við því, að hann verði danskur og komi hingað sjaldan en hafi hjer svo að segja »permanent« fulltrúa. Jeg veit að h. flutningsm. (V. G.) muni segja, að ráðgjafinn hljóti að verða Íslendingur; það muni ekki aðrir verða álitnir færir til þess; en þetta er ekki mikið að marka. Það vita allir, að þegar íslenzka stjórnardeildin var stofnuð í Kaupmannahöfn 1849, þá var sagt, að sjálfsagt væri að skipa jafnan íslenzkan mann í forstöðu þeirrar stjórnardeildar; en hvernig fór? Nei, það er engin trygging fyrir því í frumv., að ráðgjafinn verði Íslendingur og engin trygging fyrir því, að hann sýni sig nokkurn tíma á alþingi. Jeg hlýt þess vegna að neita því, að þetta frumv., eins og það er úr garði gjört, fari í þá átt að gjöra stjórnarvaldið meira innlent en það er, heldur þvert á móti, og þó er það einmitt þetta, sem við höfum verið að berjast fyrir í mörg ár.

Jeg get þess vegna ekki aðhyllzt þetta frumv., en þar af þyrfti þó ekki að leiða, að jeg gæti ekki greitt atkv. með nefnd í málinu, og þó get jeg það ekki, því að aðferðin, sem hjer hefir verið beitt, sýnir að ekkert er annað við frumv. gjörandi en að fella það. Jeg tek óhræddur upp á mig ábyrgðina á því, hvernig jeg greiði mitt atkvæði, en kasta allri ábyrgðinni á þá menn, sem koma með frumvarp hjer inn á þingið, sem ekki miðar til annars en að tvístra kröptunum og deyfa þær raddir, sem hingað til hafa hljómað frá öllum hjeruðum landsins, í stjórnarbótarmáli Íslendinga, og frumvarp, sem þjóðinni hefir ekki einu sinni verið getinn kostur á að sjá, og þar við bætist, að með því að samþykkja þetta frv. á allri baráttunni að vera lokið.

Flutningsmaður (Valtýr Guðmundsson): H. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) sagði, að eptir því sem fram væri komið í svari stjórnarinnar upp á tillögur síðasta alþingis, þá lægi ekki annað fyrir en að »stælast« í þessu máli. Má jeg þá spyrja, á nú ekki að taka neitt tillit til radda þeirra, er fram hafa komið frá þjóðinni á nærri öllum þingmálafundum í vor? Hvað er nú orðið úr þjóðviljanum, sem þessir menn hrópa svo iðulega á, þegar hann er með þeim? Er hann nú orðinn einkis virði, þegar hann er á móti þeim? Á flestum þingmálafundum hefir komið fram áskorun til þingsins um að hafna eigi tilboðum frá stjórninni, ef þau miðuðu til samkomulags og þokuðu stjórnarskrármálinu áleiðis í betra horf, en hvernig taka menn nú þessum tilboðum? Hinn sami þm. sagði, að þetta frumv. væri þannig úr garði gjört að forminu til, að það væri alveg óaðgengilegt. Má jeg nú spyrja: Á nú formið að ráða meira en efnið? Ef efni málsins er heillavænlegt fyrir land og lýð, á þá að hafna því, þótt það

kunni að vera framborið í miður heppilegu formi? Hann lýsti gremju sinni yfir því, að gengið hefði verið framhjá landshöfðingjanum í þessu máli, en mjer finnst hann ekki þurfa að taka sjer það svo nærri, þar sem það eru tillögur landshöfðingjans til stjórnarinnar og nærri ekkert annað, sem settar eru hjer fram í frumvarpsformi. Mjer finnst öllu fremur ástæða til að ásaka landshöfðingjann, sem ekki hefir gjört sjer neitt sjerlegt far um að greiða fyrir þessu mesta velferðarmáli þjóðarinnar við stjórnina. Í stað þess að finna stjórnina að máli, hefir hann látið sjer nægja, að senda henni eitt stutt brjef og svo punctum og basta. Hann sagði, að það væri því einkennilegra að gengið hefði verið fram hjá landsh. sem tillögum hans hefði verið tekið þakksamlega af öllum Íslendingum; en nú þegar þingmaður flytur þessar sömu tillögur inn á þingið í frumvarpsformi, þá eru þær orðnar einkisvirði. Það eru allar sömu tillögurnar í frumv. nema sú, er snertir ríkisráðið, og jeg er alveg samdóma hæstv. landsh. einnig um þá tillögu. eins og sjá má á fyrirlestri þeim, er jeg flutti fyrir fjölda merkra manna í Kaupmannahöfn og sem jeg bauð stjórninni að hlusta á ásamt ýmsum þingmönnum Dana og fleirum hinum merkustu mönnum. En tillagan um setu ráðgjafans í ríkisráðinu kemur stjórnarskránni ekkert við. Við getum ekki fengið henni breytt fremur með stjórnarskrárfrumvarpi en á annan hátt.

Þá sagði h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) enn fremur, að þetta frumv. miðaði til þess, að byggja valdinu út úr landinu, því að ráðgjafinn geti ekki fremur en landsh. sagt vilja stjórnarinnar. Er þá enginn munur á því, að hafa mann hjer á þinginu, sem ber ábyrgð á öllum sínum stjórnarathöfnum, en að hafa landshöfðingja, sem er ábyrgðarlaus, sem getur gjört jafnvel hin verstu glappaskot án þess að ábyrgð verði komið fram á hendur honum, nema ráðgjafi og konungur áliti þess þörf? Öllum mun í fersku minni, hvernig fór um ábyrgðina í Fensmarksmálinu, og ef til vill mun það sýna sig aptur bráðlega, ef það er satt, sem sagt er, að annað svipað mál sje nú á ferðinni.

Sami h. þingd.m. (Kl. J.) sagði, að staða ráðgjafans yrði landinu ekki betri en staða landshöfðingjans nú. Þetta lýsir ókunnugleik hans og vanþekkingu á ríkisráðinu. Því þar hefir hver ráðgjafi ráðin í sinni deild, kennslumálaráðherrann í sinni deild, hermálaráðherrann í sinni deild o. s. frv. Það væri sama að grípa fram í fyrir ráðgjafa, að því er snerti hans deild, sem að segja honum að fara. Ráðgjafinn getur sagt við þingið í hverju einstöku máli: þetta legg jeg til. Þetta mun jeg ráða konungi til að undirskrifa, og ef ríkisráðið setur sig upp á móti því, þá fer hann frá. En hvað getur landsh. gjört? Hann hefir nú lagt það til, að ráðgjafinn skuli ekki sitja í ríkisráðinu, en þó hann hafi ekki fengið sitt fram, þá situr hann samt. Ráðgjafinn fer í slíkum tilfellum, en landshöfðinginn ekki, og það er stór munur.

Sami h. þingd.m. sagði, að það væri allt öðru máli að gegna í Danmörku, þar sem ráðherrarnir gætu talað saman daglega; en hann gleymir telegrafinum; þá kemur hann í góðar þarfir og gjörir þessa breytingu á stjórnarskránni enn mögulegri og æskilegri.

Þá sagði sami h. þingd.m. enn fremur, að hjer stæði ekki, að ráðgjafanum væri skylt að mæta á alþingi; honum væri það að eins heimilt. Það er satt, en þannig er það líka orðað í grundvallarlögum annara þjóða. Jeg skal vera fús á, að samþykkja breytingu í þá átt, að ráðherrann skuli skyldur að mæta

á alþingi nema í forföllum, jafnvel að eins sjúkdómsforföllum, ef sú breytingartillaga kemur fram.

Þá sagði þingm. að enginn trygging væri fyrir því, að ráðgjafinn yrði Íslendingur. Nei, það er auðvitað ekki. Hjer bregður fyrir, að hann er ekki óskeikull lögfræðingur, þar sem hann þó ætti að vita, að það ekki að eins skerti vald konungs, sem hefir rjett til að kjósa þá ráðgjafa, er hann vill, heldur haggaði því jafnrjetti, sem Danir og Íslendingar hafa til embætta í ríkinu. En á hinn bóginn er það svo sem sjálfsagt, að ráðgjafinn hlyti að verða Íslendingur, því að Danir eru ekki færir um það, vegna þess að til þess þarf töluverða þekkingu á íslenzkri tungu, bæði í því, að tala hana og skilja.

Þær mótbárur, sem komið hafa fram gegn þessu frv., garga allar í þá átt, að eyðileggja málið. Það virðist ekki vaka nógu ljóslega fyrir mönnum, hvílík nauðsyn það sje að styðja þetta mál og koma því í það horf, sem geti orðið heillavænlegt fyrir land og lýð. Menn eru að nefna ýmsar kröfur, sem allir vita, að ómögulegt er að framkvæma, eins og þegar h. þm. Skagf. (Ól. Br.) var að tala um, að rjettast væri að auka vald landshöfðingja, en hann hefir ekki sýnt og getur víst heldur ekki sýnt, hvernig á að fara að því. Það er óneitanlega dálítið skrítið, ef menn vilja nú láta allt dumma í gamla horfinu, og nota ekki tækifærið, þegar það býðst til að koma málum vorum í betra horf. Nú virðist það vera brúkanlegt, sem áður var óhafandi. Ábyrgðarleysið, sem áður var ópolandi, er nú orðið vel viðunandi.

Jeg skil ekki, hvernig þingmenn hugsa sjer að verja þessa framkomu sína í mesta velferðarmáli þjóðar sinnar fyrir kjósendum sínum.

Það er sannarlega undarlegt, þegar verið er að tala um hinar góðu tillögur landshöfðingja í brjefi hans til ráðherrans, en svo þegar þessar sömu tillögur koma fram í frumvarpsformi, þá eru þær óhafandi. Jú, þeir segja, að ráðgjafinn eigi eptir sem áður að sitja í ríkisráðinu. En komi þeir þá með tillögu í þá átt við hliðina á frumvarpinu, að hann skuli ekki eiga sæti í ríkisráði Dana. Jeg skal gjarnan styðja þá tillögu og vera með henni, því eins og jeg hefi tekið fram áður, er jeg fullkomlega samþykkur því, að ráðgjafinn eigi þar alls ekki að vera.

Þorlákur Guðmundsson: Eins og kunnugt er, var jeg einn af þeim, sem voru með þingsályktunartillögu þeirri í stjórnarskrármálinu, er samþykkt var í þessari h. þingd. á síðasta þingi. — Jeg gjörði þetta ekki af því, að jeg gjörði mjer vissa von um mikinn árangur, en jeg hugsaði sem svo, að ef ekkert svar kæmi frá stjórninni eða því sem næst, þá væri hún í meira lagi vanvitur. Nú er það þó komið á daginn, að hún hefir engu svarað, því jeg skoða þetta frumv., sem hjer liggur fyrir, alls ekki sem svar frá stjórninni. Frá stjórninni höfum við fengið hreint afsvar um að nokkrar af tillögum þingsins 1895 verði teknar til greina. Þetta má lesa í ráðgjafabrjefi því, sem fyrir liggur í Stjórnartíðindunum, og skal jeg ekki fara frekar út í það.

H. flutningsm. (V. G.) spurði í gær, hvort væri hyggilegra, að fara þessa miðlunarleið eða að halda fast við hinar hæstu rjettarkröfur, sem vjer gætum gjört, en jeg get ekki með mínum bezta vilja sjeð, að í þessu frumv. sje fólgin nein rjettarbót, eða, má jeg spyrja, er ekki hið mesta djúp staðfest milli þeirra rjettarkrafa, sem þingið hefir gjört, eða tillaga hæstv. landshöfðingja, og þess, sem hjer er farið fram á í þessu frv.?

H. flutningsm. (V. G.) vitnaði aptur

nú í þingmálafundargjörðirnar máli sínu til stuðnings, en það er spursmál, hvort umræðurnar á þingmálafundunum hefðu ekki orðið fjörugri og farið í aðra átt, ef þetta frumv. og svar stjórnarinnar hefðu legið þar fyrir. Að minnsta kosti get jeg sagt það, að á þingmálafundi í mínu kjördæmi voru menn í stökustu vandræðum með að segja nokkurn hlut um stjórnarskrármálið, af því að svar stjórnarinnar var þá ekki komið eða ekki augljóst orðið.

Jeg skal taka það upp aptur, að jeg álít það hvorki heppilegt nje viturlegt af stjórninni, að taka þannig í þetta mál. Hvers vegna sendi stjórnin ekki sjálf þetta frv. beina leið, en fer með það, að minnsta kosti óbeinlínis, þessa krókaleið? Þessi aðferð mun vera al veg ný í þingsögu þessa lands, hvort sem litið er til ráðgjafarþinganna eða löggjafarþinganna. Samt sem áður mundi jeg ekki leggja svo mikla áherzlu á þessa ólögu leið, sem hjer hefir verið farin, ef frumv. væri í sjálfu sjer aðgengileg rjettarbót; en fyrir mínum augum er langt frá að svo sje.

Það er t. d. tekið fram í frumv., að ráðgjafinn beri ábyrgð á stjórnarathöfninni, og að alþingi komi fyrir sitt leyti ábyrgð fram á hendur honum eptir ábyrgðarlögum, er síðar verði samin. — En hve nær og hvernig á að koma þessum ábyrgðarlögum fram? Um það mun stjórnin sjálf ráða mestu. En menn verða að fyrirgefa mjer, þó jeg vilji helzt engin eptirkaup hafa við þá stjórn, sem hefir sýnt sig í því nú og fyr að vilja þrengja sem mest að anda stjórnarskrárinnar, og draga úr þeim rjettindum, sem oss eru þó veitt með stjórnarskránni. Þessi ábyrgðarlög gætu orsakað margra ára deilu milli þings og stjórnar og alla þá tíð væri ráðgjafinn ábyrgðarlaus, og er þetta fyrir mínum augum stórkostlegt atriði á móti þessu máli.

H. flutningsm. (V. G.) spurði, hvað gjöra ætti til þess að auka stjórnarvaldið í landinu, en jeg segi, að það sje betra að bíða nokkur ár enn og lifa undir því ástandi, sem er, en að fara nú að ganga að því, sem engin bót er í, heldur, ef til vill, að eins til þess að gjöra illt verra. Það er líka rjett að þjóðin fái tækifæri til að láta í ljósi álit sitt um þetta mál; hún veit ekkert um það enn og hefir því ekkert getað um það sagt.

Um 61. gr. stjórnarskrárinnar er það að segja, að jeg hefi fyrst núna nýlega heyrt, að hún væri komin inn í hana fyrir vangá, prentvillu, en úr því hún er nú þangað komin, þá vil jeg ekki missa hana; en það get jeg skilið, að stjórnin vilji missa hana.

Að öðru leyti skal jeg geta þess, að jeg af virðingu fyrir málinu sjálfu vil ekki vera á móti því, að skipuð verði nefnd. Ef til vill kynni nefnd að takast að bæta frumv. eða þá að finna aðra leið, t. d. fullkomnara frumv. eða þá þingsályktun, er þingdeildin gæti sameinað sig um.

Benedikt Sveinsson: Það væri í raun inni, frá vissu sjónarmiði skoðað, helzt ekki vert fyrir mig að leggja orð til þessarar þrætu, sem hjer er orðin um þetta kynja-mál; en til þess að forðast allan misskilning, þykir mjer samt skylt að tala nokkur orð og láta í ljósi skoðun mína og sannfæring, svo enginn efi geti komizt að í því efni. Það er gamall málsháttur, sem segir: Varðar mest til allra orða, að undirstaðan rjett sje fundin. Jeg hlustaði með athygli á ræðu h. flutningsm. (V. G.) í gær; jeg vænti með einskonar »feber« eða eptirlöngun eptir, að heyra einhverjar nýstárlegar sannanir eða röksemdaleiðslur

í þá átt, að geta náð rjettum, sönnum og góðum grundvelli undir þessu máli, sem hjer er borið fram í svo undraverðum búningi. Hvort sem það nú hefir verið af því, að jeg hafi ekki haft nógu skarpa og næma eptirtekt eða af því, að jeg hef ekki fylgzt nógu vel með í ræðu h. þm. Vestm. (V. G.), þá verð jeg þó því miður að játa, að jeg fann ekki neinn botn í ræðu h. þm. Það var eins og hann væri á politiskri eimreiðarferð, er mjer, svo gömlum manni, ekki var hægt að fylgja honum á. Eins og á eimreið kom hann við á marga staði og margt breytilegt bar fyrir augun, eins og gjörist á þess háttar ferðalagi. Að vísu sagði hann margt orð satt, út af fyrir sig skoðað, en þráðinn, botninn fann jeg aldrei. Jeg skal játa, að það hefði verið hægðarleikur fyrir mig, að svara ræðu hans orði til orðs, ef jeg hefði haft hana skrifaða fyrir mjer; en ef ganga ætti ýtarlega inn á hvert ein asta orð, sem athugavert var í ræðu h. þm., mundi tíminn ekki endast mjer í dag og þó lengur væri. Jeg skal því að eins taka fram nokkur dæmi, sem jeg man máli mínu til sönnunar, í sambandi við þau aðalatriði málsins, sem kjarni þess veltur á, ef kjarna skyldi kalla.

Hvað *forminu* viðvíkur ætlá jeg að eins lítið eitt að minnast á það nú þegar, en jeg mun máske víkja að því síðar.

Frv. það, sem h. þm. Vestm. (V. G.) hefir komið fram með, getur ekki að neinu leyti skoðazt sem komið frá stjórninni í þeim skilningi, sem menn venjulega leggja í stjórnarfrv. Hann *segist* raunar hafa talað privat við dómsmálaráðgjafann danska, en menn nefna ráðgjafa Íslands, en það er allt annað en að hafa talað við *stjórnina;* því að í *stjórnskipulegum* skilningi höfum vjer engan ráðgjafa og hann hefir þess vegna ekki getað talað við neinn Íslands ráðgjafa; hann hefur að eins getað talað við ráðgjafa Íslands sem meðlim af ríkisráði Dana, en frá honum getur lögum samkvæmt ekkert svar komið til alþingis um sjermál Íslands, sem hjer eru að eins umræðuefni. Jeg veit að vísu, að þingið sneri sjer í hitt eð fyrra 1895 til stjórnarinnar með áskorun og ímyndaði sjer, að það mundi og hlyti að fá beint svar aptur, en nú er, sem auðvitað var, sú reynd komin á, að þetta náði engri átt. Nei, svar Danastjórnar höfum vjer að eins í boðskap konungs til alþingis með ástæðum þeim, sem boðskapurinn vitnar til, þar á móti er frv. h. þm. minna en ekkert svar. — Þessar athugasemdir hef jeg orðið að gjöra til þess, að gjöra mönnum ljóst, að þegar jeg tala um stjórnina, þá á jeg ekki við svo nefndan ráðgjafa Íslands eptir því fyrirkomulagi, sem nú er.

Jeg ætla nú því næst að taka fram fáein atriði. Jeg vil spyrja: 1. hver er nú grundvallarstefna og hin sjálfsagða grundvallarafleiðing af þessu frumv. í stjórnskipulegum skilningi? 2. og hver áhrif hlyti þessi grundvallarstefna frv. og grundvallarafleiðing að hafa á stjórnskipulega stöðu Íslands í ríkinu, eptir hinum núgildandi lögum? Þetta verðum vjer að gjöra oss ljóst, til þess að geta dæmt rjett um frv. Jeg ætla að öðru leyti, án þess að leggja aðaláherzluna á það, að þessu sinni, að nota eins og tækifæri til þess að benda á það atriði í frv., sem jeg ætla ómögulegt að hin h. þingd. fallist á, en sem jeg ætla að engum geti dulizt, það, að frumv. miðar í stefnu sinni og afleiðing til þess, að draga stjórnina út úr landinu og lögfesta hana í Khöfn, feti framar en nú á sjer stað, og þessu mundu menn fá að þreifa á, ef frumv. þetta næði fram að ganga.

Hver er þá, spyr jeg enn, grundvall-

arstefna og grundvallar-afleiðing frumv.? Þetta atriði er mjög þýðingarmikið; mætti um það halda mjög langa ræðu. En jeg ætla að eins að taka fram eitt atriði, eða jafnvel eitt orð, máli mínu til sönnunar, eða ef til vil tvö, ef mjer liggur á; jeg ætla að byrja á undirstöðu minni.

Grundvallar-stefnan og óumflýjanleg afleiðing þessa frv., ef það verður samþykkt, er sú, að alþingi samþykkir og um leið lögfestir ríkiseininguna í Danmörku, þá einingu, sem Danastjórn hefir látið bera fram sem synjunarástæðu gegn endurskoðun á hinni núverandi stjórnarskrá Íslands 1886 og 1894.

H. þm. Vestm. (V. G.) þykir þetta ef til vill ekki notaleg niðurstaða, en nú er og eptir að sanna það. Jeg skal að eins taka eitt orð úr ræðu h. þm. Vestm. (V. G.), nefnilega »ráðgjafi Íslands«, »ráðgjafi«, hafa menn heyrt það! Bara »ráðgjafi«. En jeg skal reyndar bæta öðru orði við honum til hjálpar, þó eigi standi það í frv. hans: sjerstakur ráðgjafi. Það er þessi gleðiboðskapur, sem frv. og flutningsm. færir eptir mínum skilningi, að Ísland fái sjerstakan ráðgjafa, er eigi að mæta á alþingi. Þessi ráðgjafi á ekki að eins að bera ábyrgð á brotum á stjórnarskránni, heldur einnig á öllum stjórnarathöfnum. Svo mörg eru þessi orð hjá h. þm. Vestm. (V.G.). En hvernig fer nú, er vjer virðum þennan »sjerstaka ráðgjafa« eða rjettara hans stjórnskipulegu stöðu fyrir oss? Hvað er sjerstakur ráðgjafi? Þetta verðum vjer fyrst að athuga, áður en sjeð verður, hvort þetta frv. getur fært oss nokkurn gleðiboðskap. Eptir minni skoðun skilst mjer það eiga að vera sá maður, sem eingöngu hefir á hendi sjermálefni Íslands, án þess að hafa á hendi ráðgjafastarf fyrir Danmörku. Er það ekki rjett skoðað? — H. flutningsm. kinkar kolli framan í mig og þegir; tek jeg það sem jáyrði. — Þetta er auðvitað breyting frá því, er fyr hefir verið, þar sem ráðgjafinn hefir jafnframt verið dómsmálaráðgjafi í Danmörku, allt svo danskur ráðgjafi. En Herre Gud! segir danskurinn. Þetta er ekki sjerstakur ráðgjafi í stjórnskipulegum skilningi, sem allt veltur á. Það getur átt við, þegar ræða er um manninn fysiskt, þá geta persónurnar orðið sjerstakar, en sami er ráðgjafinn fyrir það. Hann getur, með öðrum orðum, verið eins sjerstakur ráðgjafi, þótt hann hafi dönsk mál jafnframt og öfugt maður, sem hefir stjórnarmál á hendi fyrir Ísland en er háður ríkisráðinu, er alls ekki sjerstakur ráðgjafi. Hið sjerstaka er, að ráðgjafaembætti hans sje sjálfstætt, óháð, að atkvæði hans sje óháð ríkisráðinu, það er að segja, að hann, hvort sem hann er danskur maður eða íslenzkur, sje sjerstakur, alveg óháður milliliður milli alþingis og konungs í öllum sjermálum Íslands, enda þótt hann hefði önnur ráðgjafastörf á hendi. Enginn annar en sá, sem ber málin fyrir konung, má ráða frá eða til synjunar eða staðfestingar á lögum. Er þetta það, sem h. þm. Vestm. (V. G.) meinar með sjerstökum ráðgjafa? Jeg skal svara fyrir hann: Ab non posse ad non esse valet consequentia; það, sem er ómögulegt, er heldur ekki til. — Af því þessi þýðing á sjerstökum ráðgjafa er ósamrímanleg við frumvarp hins h. þm. Vestm. (V. G.), þá getur hún heldur ekki legið í því.

Jeg ætla að leyfa mjer að lesa upp kafla úr stjórnarboðskapnum. Hann hljóðar svo: »Að það er eigi tekið fram í lögunum, að ráðgjafinn fyrir Ísland skuli eiga sæti í ríkisráðinu, kemur til af því einu, að það þótti óþarft að taka upp í lögin bein ákvæði um það, því

að það liggur samkvæmt grundvallarlögunum beint í hugmyndinni ráðgjafi, að hann skuli eiga sæti í ríkisráðinu og bera upp í því öll þau lög, er heyra undir verkahring hans, og allar þýðingarmiklar stjórnarathafnir. Því er það að úr því æðsta stjórn íslenzkra málefna í Kaupmannahöfn, sú er um er rætt í lögunum frá 1871, samkvæmt þeim greinum í lögunum frá 1874, er landshöfðingi tilfærir, er falin á hendi íslenzkum ráðgjafa, þá er staða hans að sjálfsögðu að því leyti hin sama, sem annara ráðgjafa ríkisins, og Ísland hefir eins fyrir því löggjöf og stjórn út af fyrir sig, »svo sem því ber« í hinum sjerstaklegu málefnum landsins, þótt stjórnarstörf þau, sem ráðgjafanum í þessum efnum er trúað fyrir, verði að framkvæmast eptir sömu reglum og samráði, eins og stjórnarstörf hinna annara ráðgjafa konungs«.

Nú vil jeg biðja h. þm. Vestm. (V.G.) að sýna mjer, hvernig hann getur sagt, að hjer sje verið að bjóða sjerstakan (constitutionel) ráðgjafa fyrir Ísland; geti hann það, verð jeg með frumv., en geti hann það ekki, má hann geta nærri, hvernig atkvæði mitt verður. Jeg vil stinga upp á við h. flutningsm. (V. G.), að hann ímyndi sjer, að hann sje sjálfur ráðgjafi, því að þá sjer hann bezt, hvernig hann mundi geta uppfyllt þennan gleðiboðskap, sem hann nú flytur. Jeg vona að hann misvirði þetta eigi eða skoði svo sem jeg gangi of nærri honum og vilji eins og anda inn í hann »höjhedsvanvid« með þessu; því að jeg segi alls ekki, að hann nokkurn tíma muni verða ráðgjafi, heldur skuli hann ímynda sjer, að hann sje ráðgjafi. Látum sjá. Hann er þá mættur sem ráðgjafi á alþingi, og útbúinn með alla þá ábyrgð, sem hann ýtrast og frekast getur haft að lögum, eptir skýlausum grundvallarsetningum Dana; þá vil jeg spyrja: Hvaða ábyrgð hefir hann svo? Eins og h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) og h. 1. þ. m. Skagf. (Ó. Br.) hafa tekið fram, verður hann að vera meðlimur ríkisráðsins. Hann getur ekki verið í ríkisráðinu, ef hann á að vera sjerstakur ráðgjafi Islands eptir áðursögðu, en hins vegar getur hann ekki verið ráðgjafi án þess, að vera meðlimur ríkisráðsins. Út úr þessari mótsögn getur hinn h. þm. Vestm. (V. G.) ekki komizt. — Hann verður, þegar til alvörunnar kemur, að játa með mjer, að koma hans verði mjög þýðingarlaus hjer á þinginu; hann getur sagt sína skoðun og hverju hann vilji framfylgja í ríkisráðinu, en ekki, hvað allt ríkisráðið vill. Vjer setjum nú svo, t. a. m. að hann lofi að framfylgja lögum, sem alþ. hefir samþ., og heiti því, að konungur skuli eigi synja þeim staðfestingar. En hvað gjörir ríkisráðið, ef það í heild sinni álítur þessi lög skaðleg og er þeim mótfallið? Hann getur þá byrjað með þeirri gleði, að verða fyrir kæru eða lögsókn, bæði frá hálfu alþ. og fólksþingsins danska og það af þeirri einföldu ástæðu, að eptir grundvallarlögum Dana er ómögulegt, að búa til ábyrgðarlög í sönnum skilningi fyrir svo kallaðan íslenzkan ráðgjafa, sem eigi um leið komi í bága við þau lög, er liggja undir ríkisþingið. Eða með öðrum orðum: Það er ómögulegt, að ráðgjafi Íslands geti haft ábyrgð á öðru en því, sem liggur fyrir utan verkahring ríkisráðsins, en það eru að eins lítilsverð stjórnarmálefni umboðslegs eðlis; og ekki er víst hætt við því, að grundvallarlögunum verði breytt, eptir því sem svarið er frá stjórninni, eða rjettara eptir því, sem ástæður boðskaparins hljóða. Niðurstaðan er þá sú, að Islands sjermál verða borin upp í ríkisráði Dana, og hvað ábyrgð þá snertir, sem þessi ráðgjafi getur haft, þá er hún engin; það er að eins fyrir brot á

stjórnarskránni, sem um ábyrgð getur verið að ræða, og fyrir einstökum lítilfjörlegum stjórnarathöfnum, fyrir utan verksvæði ríkisráðsins. Þetta vona jeg að h. flutningsm. (V. G.) sje mjer samdóma um. En ef það er gefið, að þetta liggur í frv., þá vil jeg spyrja fulltrúa Íslands, hvort þeir ekki með því, að samþ. frv., gefi atkvæði sitt með því þegjandi, en fullkomlega vísvitandi, að hin núverandi ríkiseining, eins og hún er og hefir verið framkvæmd í Íslandsmálum síðan 1874, skuli vera, eigi að eins lögmæt, heldur einnig gild og góð.

Þetta frumv. h. þm. Vestm. (V. G.) verður þá glögg og greinileg handskript undir hinar kgl. synjunar-auglýsingar 2. nóv. 1885 og 15. desbr. 1893, og undir ástæður þær, sem færðar eru í stjórnarbrjefinu nú og í hinum konunglega boðskap. Þetta er vinningurinn, þetta er dúsan, sem h. þm. Vestm. (V. G.) færir alþingi Íslendinga! Jeg get ekki ímyndað mjer annað, en að honum skiljist það, að constitutionel samvinna alþingis við svona ráðgjafa verði minni en ekki neitt. Jeg á hjer við sjálf stjórnarstörfin, en ekki við sjálfan ráðgjafann persónulega; hann getur auðvitað viljað þjóð og þingi vel, en hvað getur hann gjört?

H. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) tók það fram, að ráðgjafinn gæti ekki lofað neinu, en hann getur gjört annað verra. Hann getur snúið við blaðinu og sagt, að þetta fáist ekki í gegn í ríkisráðinu. Og hvað svo?

En ef vjer nú hræðumst að segja já eða nei, af trúar og vonarleysi um það, sem er augljós rjettur þjóðar vorrar, mundum vjer þá ekki eins hræðast, ef vjer sæjum ráðgjafann frammi fyrir oss og vissum af orðum af hans eigin munni, að hann gæti alls ekkert, þótt hann sjálfur feginn vildi, greitt fyrir samvinnu vorri með greinilegum svörum og fullnægjandi loforðum? (*Guðl. Guðm.:* Vjer getum steypt honum). Steypt honum getum vjer ekki; það eina, sem vjer getum máske gjört, það væri að draga frá honum sjermál Íslands. Þótt h. þm. V.-Skaft. (Guðl. G.) yrði ráðgjafi, færi alveg eins fyrir honum. Nei! Þvílík samvinna sem þetta yrði, hlyti hún að eins að verða skaðleg. H. þm. Vestm. (V. G.) hlýtur þegar að vera orðinn þreyttur og huglaus af tómri tilhugsaninni um ráðgjafastöðuna, áður en hann er orðinn ráðgjafi. Hann hlýtur að snúa við blaðinu og álíta, að eina ráðið sje, að gjöra sig voldugan í ráðgjafasessinum og að láta samvinnuna við alþingi verða fólgna í því, að segja við oss fulltrúa þjóðarinnar rjett eins og við börn: hingað og ekki lengra; hingað fer jeg, en út fyrir línuna megið þjer ekki fara. Og hvað svo, ef vjer nú skyldum hræðast þetta eins og börn, væri þá ekki, má jeg spyrja, hugur, vilji, dugur og þjóðernistilfinning Íslendinga komin á kaldan klaka? Sem einfaldur þjóðkjörinn þingmaður otar hann því að oss nú þegar, að stjórnin neiti um endurskoðun og að það sje ekki til neins fyrir alþingi að fjalla um það mál á þeim grundvelli, sem það hefir hingað til gjört. Hvað mundi hann þá leyfa sjer, ef ráðgjafavald ljeki í höndum hans? Nei! Ef vjer eigum að fá ráðgjafa líkan því, sem h. þm. Vestm. (V. G.) ætlar sjer hann, þá er víst óþarfi fyrir alþingi að fara að gleðja sig yfir, að hann mæti hjer á þinginu, ef hann á annað borð mætir, sem mjög er óvíst. Jeg get ekki annað en tekið það fram í þessu sambandi, að það eru mikilsumvarðandi atriði í brjefi hæstv. ldsh., sem jeg er honum þakklátur fyrir og er viss um, að ávinnur honum virðingu

og þakklæti allrar þjóðarinnar á Íslandi í bráð og lengd. Jeg skal ennfremur viðurkenna, að það hefði, eins og hæstv. landsh. heldur fram, ekki átt að þurfa neina stjórnarskrárbreyting til þess, að búa til fullkomin ábyrgðarlög fyrir Íslandsráðgjafa, ef, jeg segi ef hin gildandi stjórnarskrá, 1. grein, væri skilin rjett, og þeim rjetta skilningi hefði verið beitt í framkvæmdinni, en á hinn bóginn er það eins víst og vafalaust, að ef þetta frumv. nær lagagildi, þá lögfestir það um leið hið ólöglega ástand og alþingi samþykkir um leið ríkiseininguna. Jeg efast ekki um að h. þm. Vestm. (V. G.) skilji þetta, en að hann viðurkenni það, kemur mjer ekki til hugar.

Það er þá auðsætt hverjum heilvita manni, að vjer göngum aptur á bak en ekki áfram með þessu frumv. og hlytum alveg að eyðileggja hina politisku landsrjettarlegu sjerstöðu Íslands gagnvart Danmörku, ef skipaður væri ráðgjafi fyrir Ísland, sem ætti að sitja í ríkisráðinu, alveg samkvæmt því fyrirkomulagi, sem nú er, og þar sem h. þm. Vestm. (V. G.) viðurkennir með oss, að það sje rangt og ólöglegt, að bera upp sjermál Íslands í ríkisráðinu, þá kemur það út, að honum nauðugum viljugum, að hann með frumvarpinu er að leiða oss til þess að samþykkja það, sem er rangt og ólöglegt fyrir aldna og óborna. Það dugir ekki þm. að hrista höfuðið yfir því. H. þm. Vestm. (V. G.) tekst aldrei það kunstverk, að búa til ráðgjafa í stjórnskipulegum skilningi úr þessum pólitiska óskapnaði, sem hann er að burðast með í heilanum. Gætum þá þess, að hjer ræðir um hina voðalegustu hættu fyrir alþingi, sem hlyti að leggja á oss pólitiskar viðjar, margfalt þyngri og verri en þær, sem nú eru, þar sem þær yrðu tilbúnar af sjálfum oss!

En það er meira blóð í kúnni, meira blóð í frumv. Það á að breyta og gjöra sem þýðingarminnsta 61. gr. stjórnarskrárinnar, sem áður hefir gefið þjóðinni rjett til að ræða stjórnarskrárbreytingu og gefa atkvæði um það mál með svo sterkri stjórnskipulegri tryggging, sem framast má verða! Þetta gullkorn, þessa þjóðlegu trygging, þenna hyrningarstein undir stjórnarskrá vorri, ef nokkur væri, sem vjer nú höfum, vill h. flutningsm. (V. G.) nema burt og skjóta því máli undir geðþótta alls ríkisráðsins, undir danska ráðgjafa, sem vjer höfum alls ekkert við að skipta, nema þá ef vera skyldi þennan eina mann, sem hann hugsar sjer, og sem einlægt yrði að verða í minna hluta. Þá kalla jeg að mælirinn væri fylltur til glötunar á landsrjettindum Íslands og sjálfstjórn þess. Því gat h. flutningsm. ekki hugkvæmzt eitthvað annað, enn verra, sem hann hefði getað boðið alþ. Íslendinga 1897? Jeg get ekki varizt þess, að lýsa því yfir, að mjer virðist þetta frumv. svo óhafandi, svo ópolandi fyrir sæmd og virðing löggjafarþings Íslendinga, að mjer blöskrar, að íslenzkur maður og þjóðfulltrúi skuli hafa dirfzt að bera það upp, og skal jeg þó enn bæta einni ástæðu við. H. þm. (V. G.) ætlar sjer þá dul, að geta sannfært oss um, að frumv. rýri ekki vald hæstv. landsh. Hvernig getur honum komið til hugar, að nokkur maður með öllum mjalla muni fallast á slíkt? Það er eins og hann sje búinn að gleyma því, hvað Íslendingar vilja, að þeir vilja, segi jeg, ekki hafa útlenda, heldur innlenda stjórn. Máske hann vilji segja, að landshöfðinginn sje útlendur, en ráðgjafinn í ríkisráðinu innlendur; ef hann játar að landsh. sje innlendur, þá er líka stjórnarstarfi hans innlendur, og ef ráðgjafinn er útlendur, þá er líka stjórnarstarfi hans út-

lendur. Jeg get ekki skilið, að nokkur þm. vilji greiða atkvæði með því, að kippt sje burtu þessu litla valdi, sem landsh. hefir, þessum litla vísi til þess, að fulltrúinn, sem við oss á að semja, gangi fremur áfram en aptur á bak í baráttunni fyrir landsrjettindum vorum, þegar kjarkmeiri og kraptmeiri kynslóð kemur á eptir oss, sem sannarlega væri ekki vanþörf á, að yrði sem fyrst, ef ættjörðu vorri á að verða borgið.

Engum getur blandazt hugur um, að afleiðingin af frv. verður eigi að eins sú, að draga úr því litla innlenda valdi, sem vjer höfum, heldur kyrkir það fyrir fram og setur ramman slagbrand fyrir það, að innlent sjálfstjórnarvald geti nokkurn tíma myndazt á Íslandi. Og hvað 'bernskulega vongóðir, sem vjer vildum vera um það, að ríkisráðið í Danmörku mundi senda oss heim aptur þann dýrgrip, innlent stjórnfrelsi, sem vjer svo gálauslega hlytum með þessu frumvarpi að ofurselja því, þá er ekki þar með búið. Jeg segi, þó að slíkt gæti komið fyrir, sem aldrei yrði, þá höfum vjer þó hjer fullkomna ábyrgð gagnvart þjóðinni á gjörðum vorum, og hvað sem öðru líður, þá knýr hún oss til að hafna þessu frumv. algerlega og það tafarlaust. Eða eigum vjer að svipta, eða megum vjer svipta þjóðina því, að hafa áhrif á stjórnarskipun landsins? Hvaðan kemur oss vald og rjettur til þess? Er þetta frumv. nokkurt tilboð, sem getur verið við hæfi þjóðarinnar, eður samrýmzt því skylduumboði, sem vjer höfum frá þjóðinni. Nei, það er eitthvað annað? Eigum vjer í hennar nafni að gleypa á móti því skaðlega, sem vjer getum fengið, til þess að glata því dýrmæta, sem vjer höfum? Getur h. flutningsm. (V. G.) annars documenterað, að hann hafi nokkra heimild jafnvel frá stjórninni til að koma fram við þingið, eins og hann gjörir, heimild að fara þessa pólitisku hraparlegu sendiferð. Frá kjósendum sínum hefir hann hana sannarlega ekki, því síður frá alþjóð Íslands. Ef hann hefði haft nokkurt umboð, hefði landsh. eigi komið með þá yfirlýsingu, er vjer heyrðum hjer í gær. Það eru margir í Danmörku, sem tala privat við ráðgjafann, og jeg hefi jafnvel haft þá æru sjálfur, og þótt h. þm. Vestm. (V. G.) hafi gjört það líka, þá hefir hann þar með síður en svo fengið neitt sjerstakt vald til þess, að mæta hjer fyrir hans hönd. »Competence« h. þm. Vestm. (V. G.) til þess að mæta sem sendimaður frá stjórninni neita jeg algerlega; og stjórnarbrjefið og orð hæstv. landshöfðingja bera allt annað með sjer. *(Valt. Guðm.:* Jeg hef aldrei upp á staðið það). Gott, en hvaðan úr dauðanum hefir h. þm. Vestm. (V. G.) þá umboð til þess, að bera fram þess háttar ófagnaðar-frumv.? Frá kjósendum sínum máske? Það er þó ekki alveg ljóst. Jeg veit það, að Vestmannaeyingum muni þykja vænt um þingmann sinn; þeir vita, að hann er lærður maður, og þeim mun vera ljúft að formúlera frv. sín eptir því, sem honum er geðfelt. Þingmálafundargjörð þeirra ber þó eigi vott um, að hann hafi svo lagað umboð frá þeim, að hann geti, eins og jeg nýlega sagði, stutt sig við það. Þar er nú sannarlega hængur á, því að þeir fara fram á sjerstakan ráðgjafa, sem beri ábyrgð allra stjórnarathafna sinna fyrir þinginu, og sem því ekki sitji í ríkisráði Dana. Það er ekki ein einasta fundargjörð úr nokkru kjördæmi landsins, er h. flutningsm. (Valt. G.) getur byggt þessi ósköp á, sem hann kallar sjerstakan ráðgjafa.

Það, sem þingmálafundargjörðirnar fara fram á, er, að ekki verði komið í veg fyrir samkomulag milli þings og

stjórnar, ef kostur væri á frumv., er færi fram á góðar og verulegar umbætur. En menn hafa ekki heimild til að draga af þeim þá ályktun, að rjett sje að víkja hálfa hársbreidd frá lögmætum rjettarkröfum Íslendinga. Nú er frv., og það er jeg búinn að margsanna hinum háttvirta þingmanni, langt frá því, að vera nokkur rjettarbót, því, ætti jeg að gefa frumv. nokkurt nafn, vildi jeg kalla það dæmalausan og óhæfilegan rjettarspilli.

H. þm. Vestm. (V. G.) bar það hart fram, að nú væri lítið tillit tekið til þjóðviljans, en þó hann færi um allt land og hjeldi þingmálafundi, fengi hann ekki eitt einasta atkvæði hjá nokkrum skynjandi og hugsandi manni með þessu frumv. sínu.

Að svo mæltu verð jeg að drepa á fáein atriði í ræðu h. þm. Vestm. (V.G.) í gær. Hann taldi það kost á frumv. að það væri í köflum, smá-köflum, og málið því ekki dregið saman í eina heild. En það, sem felst í þessum köflum hans, er minna ekki neitt; í því er ekkert pósitivt, það er fyrir neðan núll, já, óendanlega stórt niður á við; það er, sem sagt, hreinasti rjettarspillir og kippir oss aptur á bak en ekki áfram.

H. flutningsm. (V. G.) getur ekki sjeð, hve illar afleiðingar frumv. hans hefir í för með sjer, ef það verður óbreytt að lögum. Hann segir, að slíkt sje venjulegt í stórmálum; en hvaða land hefir í fyrsta sinn gefið út stjórnarskrá í smáköflum? Danir máske eða Norðmenn? Nei, í byrjun hafa þeir fengið constitutionelt stjórnarfyrirkomulag í einni heild (organiseret Lov), en seinna hefir því svo verið breytt í smáatriðum. Það er undravert, að h. þingm. Vestm. (V. G.) skuli vera að docera þenna ó sanna hjegóma, eins og hann væri meðal alveg ófróðra manna hjer í salnum. (*Guðlaugur Guðm.*: En Englendingar?). Englendingar hafa enga ritaða stjórnarskrá, og úr því þeir hafa enga, vona jeg, að h. þm. V.-Skaptf. (G. G.) skynji, að hún getur ekki verið í sneplum.

Hvaða ástæðu hefir h. flutningsm. (V. G.) til þess, að hafa frv. þannig lagað? Heldur hann að bændastjett vor beri eigi skyn á, að hjer er eigi farin rjett leið? Ætlar hann, að hann geti rotað bændur með þessu? Hann má vara sig á því, að bændur í N.-Þingeyjarsýslu vita betur. Jeg vil spyrja: hvað mundi það ekki kosta, ef vjer ættum að fá alla breyting á stjórnarskrá vorri í smáköflum og aukaþing með hverjum kafla? Þá færu kaflarnir að verða dýrir, ef þeir yrðu nú allt að sextíu.

H. flutningsm. (Valt. G.) hefir haldið því fram, að spursmálið um sæti Íslandsráðgjafans í ríkisráði Dana liggi fyrir utan stjórnarbaráttuna. Það er enginn efi á, að sjermál Íslands eiga að liggja fyrir utan ríkisráðið, þó að ráðgjafabrjefið sje á öðru máli.

Það er ekki hægt að neita því, að hæstv. landshöfðingi í brjefi sínu til ráðgjafans, er hann talar um þetta atriði, byggir á stöðulögunum jafnframt stjórnarskránni sjálfri. Stjórnin byggir á 1. gr., en við hliðina á henni stendur 2. og 3. gr., sem er útlegging á sjerstökum landsrjettindum Íslands, og í þeim greinum eru talin hin sjerstöku mál þess, og eptir orðum stöðulaganna, 3. greinar, hefir hið almenna löggjafarvald, sem ríkisráðið er óaðgreinanlegur liður í, að einum undanskildum hæstarjetti, engan þátt, engan minnsta atkvæðisrjett um sjerstakleg mál Íslands.

H. flutningsm. (V. G.) fer þó aldrei að rengja það, að ríkisráðið er óaðskiljanlegur liður í hinu almenna löggjafarvaldi, en liggur alveg fyrir utan verksvið hins löggefandi alþingis. Þar sem í hinum danska texta stjórnarskrárinn-

ar stendur »egen Regering«, þá dugar h. þm. Vestm. (V. G.) ekki að hengja hatt sinn á það, því með þeim orðum er engu síður táknuð sjálfstæð stjórn, óháð ríkisráðinu, en með orðunum: »stjórn út af fyrir sig«. Máli mínu til stuðnings gæti jeg vitnað til hinna fyrverandi dómsmálaráðgjafa í Danmörku, Minister Kriegers og Casses. Jeg get sýnt og sannað, að sjermál Íslands eiga ekki heima í ríkisráði Dana, og ef svona stjórnarskrárbreyting yrði gerð, þá yrði einnig að breyta grundvallarlögum Dana, því eptir þeim er ríkisráð Dana incompetent í sjerlöggjöf og sjerstjórn Íslands.

Svo ætla jeg ekki að tala meira um þetta mál; jeg vona að h. þingdeildarm. skilji hvernig jeg lít á málið. Frumv., sem liggur fyrir, gengur ekki eitt fet áfram, heldur óendanlega, háskalega leið aptur á bak. Flutningsm. (V. G.) tók það fram, að vjer Íslendingar værum máttarminni; en hvernig hefir hann þá hjarta til þess, ef svo væri, að ráða mönnum til að sleppa þeim rjetti, sem þingið hefir, og ráða því til að ganga eina hársbreidd frá rjettarkröfum sínum? Því vill hann ráða alþingi til þess að grafa gröf fyrir landsrjettindi Íslands?

Jeg vil ráða h. flutningsm., að gjöra svo vel að taka þetta frumvarp aptur, (heyr!), og koma þá heldur með annað nýtt og frambærilegt, er gæti orðið grundvöllur fyrir friðsamlegri, rólegri og samvizkusamlegri samvinnu milli vor hjer í deildinni; slíkt frumv. skyldi jeg styðja eptir atvikum, en þetta frumv. á að vera dauðadæmt!

Þórður Guðmundsson: Þó að h. 2 þm., sem talað hafa í þessu máli, sjeu nokkurnveginn glögglega búnir að sýna fram á ófullkomleglеik þessa frv. sem hjer er um að ræða, en með því að þetta er áhugamál þjóðarinnar, og hið þýðingarmesta mál þessa þings, þá vildi jeg samt gjarnan láta í ljósi skoðun mína á því, hvort nefnd skuli sett í málið eða því skuli vísað til 2. umr.

H. þm. Vestm. (V. G.) tók það fram, að þetta væri einkennilegt frumv., og hafa fleiri fundið það. Jeg álít það svo einkennilegt, að mjer er óhætt að fullyrða, að það sje jafnvel hið einkennilegasta frumv., sem komið hefir fram á þingi síðan, stjórnarbaráttu vor hófst.

Eins og h. þm. N.-Þing. (B. Sv.) tók fram, hefir það farið skemmra en æskilegt væri, og jafnvel aptur á bak.

Hvað formið snertir á frv., þá er það mjög einkennilegt sem stjórnarskipunarlagafrumv., þar það er komið fram frá einum þjóðkjörnum þingm. fyrir milligöngu hans eða makk við stjórnina í Danmörku, og mælir ráðgjafi Íslands að vísu með því, nefnil. að hann mundi leggja það til, að konungur samþykkti það, ef það yrði samþykkt þannig lagað af þinginu, án þess þó að vilja leggja stjórnarfrumv. fyrir þingið. Hefði frumv. haft verulega rjettarbót að bjóða, mundi eigi hafa þurft að orðlengja um formið á því. En af því að frumv. hefir svo lítinn kjarna að geyma, þá álít jeg að formið hafi mikla þýðingu. Jeg get því tekið þá ábyrgð á mig, gagnvart mínum kjósendum, að greiða atkvæði á móti því. Enginn af mínum kjósendum hjelt að svarið mundi verða svona úr garði gjört.

En kæmi frumv. frá stjórninni, þá ættu þingmenn vandlega að athuga það og ganga að því, ef það miðaði til hagsmuna fyrir þjóðina.

Þetta frumv. hefir í fljótu bragði 3 atriði inni að halda. Með því að þetta er 1. umr. málsins, og ekki leyfilegt að fara út í einstakar greinar, vil jeg samt leyfa mjer að benda á hin helztu atriði, sem í frumv. felast, en jeg vil benda á

þau sundurliðuð, en ekki rekja þráð málsins frá undanfarandi þingum.

Jeg skal þá fyrst leyfa mjer að minnast á það atriði, að ráðgjafinn skuli bera alla ábyrgð á stjórnarathöfnum, en jeg held það verði eigi hægðarleikur að koma ábyrgð á hendur ráðgjafa í Danmörku. Það hefir opt sýnt sig og sýnir sig enn þann dag í dag, að það er erfitt og jafnvel ómögulegt; ráðgjafinn hefir nóg tök á að smeygja sjer undan slíkri ábyrgð.

Annað atriði frumv., sem mest ber að taka til greina, ef það væri vel úr garði gjört, er það, að ráðgjafi sitji á íslenzku löggjafarþingi; en þessu frv. fylgdi sá hængur, að honum sje það leyfilegt; en þetta er ófullkomið, eins og áður er ávikið, vjer h*fum sem sje enga sönnun fyrir að hann mæti þar, og þó hann mætti þar, er það stór spurning, hvort það yrði til bóta. Það má auðvitað þrátta um það, hvort hann væri velviljaður, vel innrættur, en ef hann ekki væri það, þá er það mitt álit, að það yrði að eins til að gjöra þingið ósjálfstæðara en verið hefir.

Þriðja atriðið gjörir frumv. svartast og erfiðast til samþykktar, nefnil. það atriði, að stjórnin sje ekki skyld til að leysa upp þingið, nema hún sje málinu hlynnt. Þessu er mjer alveg ómögulegt að greiða atkvæði með. Hjer sleppir íslenzkt löggjafarþing löghelgustu rjettindum sínum; þetta er sama sem óuppbrjótanlegt innsigli allrar stjórnarskrárbaráttu framvegis.

Jeg verð því að lýsa því yfir, að jeg get ekki gefið frumv. mitt atkv. Tími þingsins er allt of dýr og naumur til að tefja sig á að ræða mál, er þingmenn finna, að þeir ekki vilja viðurkenna til bóta og ekki geta aðhyllzt.

Það hefir verið skýrt tekið fram af flutningsmanninum og af landshöfðingja, að ef þingið ekki vildi taka þessari breytingu, þá fengist ekki önnur.

Ef menn ekki vilja sinna þessu máli, þá sýnir það ei minni ljettúð að vilja spila tímann úr hendi sjer með því að vera að fjalla um það.

Guðlaugur Guðmundsson: Eins og tekið hefir verið fram, var búizt við því fastlega 1895, að stjórnin mundi verða tilleiðanlegri til að gefa rökstutt svar upp á málaleitanir þær, er þá voru gjörðar í stjórnarskrármálinu, heldur en hún hafði reynzt 1886 og 1894, þá er frumv.leiðin var farin. Og þessar vonir eru að nokkru leyti framkomnar.

Jeg fyrir mitt leyti er nú að sumu leyti eigi með öllu óánægður með svar það, er stjórnin hefir gefið þinginu eða hvernig málið horfir nú við, þótt jeg á hinn bóginn geti ekki sætt mig við það að öllu leyti. Jeg álít það vera mjög mikilsvert fyrir málið, að brjef landshöfðingja til ráðgjafans út af tillögum síðasta alþingis er komið fram, og liggur fyrir prentað í Stjórnartíð. Það er mjög mikilsvert að vjer höfum hann með oss í ekki óverulegum atriðum þessa máls, og yfir höfuð að vjer vitum, hverjar hans skoðanir eru á málinu. Það er og mikilsvert fyrir oss, að nú liggur fyrir greinileg og ótvíræð yfirlýsing um það frá hinu íslenzka ráðaneyti í Kbh. hvernig það lítur á afstöðu hinna íslenzku mála gagnvart stjórn alríkisins; sjerstaklega hverjar ástæður það færir fyrir þeirri skoðun sinni, að öll hin sjerstöku mál Íslands eigi að útkljást í ríkisráðinu, bæði lögin frá alþingi og allar þýðingarmiklar stjórnarathafnir. Ráðaneytið hefir og gefið í skyn að það sje eigi ófáanlegt til að aðhyllast dálitlar breytingar á fyrirkomulagi því, sem nú er. Máli þessu hefir þannig þokað lítið eitt úr stað, og

yfir því er jeg ekki óánægður, en jeg er aptur á móti óánægður yfir því, hversu lítið það er. Það er svo lítill hluti af kröfum alþingis, sem ráðgjafinn lýsir yfir, að hann sje ekki ófáanlegur til að aðhyllast, að það getur verið mjög íhugunarvert atriði, hvort þingið eigi að ganga að slíku framboði, þótt það lægi fyrir þinginu á formlegan hátt.

Eins og ráða má af ráðgjafabrjefinu, og eins og hæstv. landsh. lýsti yfir í gær, vill sem sje stjórnin ganga inn á, að vjer fáum sjerstakan ráðgjafa, er beri ábyrgð á stjórnarathöfninni og mæti á alþingi og semji við það; þetta á ennfremur að innibinda það, að ráðgjafinn hafi eigi önnur mál á hendi en vor, og að hann tali og skilji íslenzka tungu. Landshöfðinginn hefir eptir það enga pólitiska ábyrgð, en verður að eins einn liður í umboðsstjórn landsins, eins og hver annar embættismaður þess. Við þetta fyrirkomulag er nú það athugavert, að með þessu drægist afl úr hinni innlendu stjórn; en það hefir jafnan verið aðalatriðið í sjálfstjórnarkröfum vorum, að vjer — eins og h. þm. N.-Þing. (B. Sv.) tók fram með svo glöggum og stuttum orðum — fengjum sjerstaka innlenda stjórn.

Þess vegna er það, að þær raddir hafa heyrzt, að þetta svar sem komið er, þessi yfirlýsing hæstv. landsh. í gær, sje þannig lagað, að full ástæða sje fyrir þá, er vilji meiri umbætur á stjórnarhögum vorum en þær, er fram eru boðnar, að stælast nú enn meir, kasta nú burtu gjörsamlega allri umhugsun um nokkurt samkomulag, en lýsa því yfir með atkvæðagreiðslu sinni um þetta frumv., að ekki sje við því lítandi, og semja svo í þess stað annað frumv., er gengi eins langt í kröfunum sem frv. undanfarandi þinga, og samþ. það síðan þing eptir þing, aukaþing eptir aukaþing hvíldarlaust og hiklaust.

Jeg fyrir mitt leyti verð þó að halda það mjög vafasamt, hvort þessi aðferð væri rjett og heillavænleg, jafnvel þótt það sje máske eigi svo sjerlega mikils virði, er nú stendur til boða. Það er eptir minni skoðun eigi þó svo lítils virði, að vjer getum eigi notað það sem grundvöll til að ganga á lengra áleiðis, einkum til að ná því takmarki að geta til fullnustu leyst sambandið við ríkisráðið. Jeg hygg að auðvelt muni vera, að orða svo ótvíræðlega frumv. þetta í því tilliti, að eigi verði gefin átylla neinum til þess, að segja, að vjer göngum inn á eða játum oss inn undir þá kreddu ráðgjafans, að úrslit hinna sjerstöku mála Íslands skuli lögð undir ríkisráðið í Danmörku.

Ráðgjafinn hefir í brjefi sínu sakað bæði alþingi og landshöfðingja um misskilning á þessu máli, og hefir með því sýnt pólitiska ókurteisi. Jeg get ekki vænzt, að mjer verði borin á brýn nein ókurteisi, þótt jeg sendi aptur þessa sendingu, og segi hiklaust að misskilningurinn sje einmitt hjá ráðgjafanum, en ekki hjá alþingi og landshöfðingja.

Jeg skal svo víkja að því, hvernig frumv. þetta er fram komið.

Jeg get ekki neitað því, að mjer virðist það bera vott um flaustur eða vanhugsun, hvernig frumv. er borið upp. Í brjefi ráðgjafans dags. 29. maí er það tvímælalaust sagt, að hann sjái sjer ekki fært, að leggja til, að gjörðar sjeu neinar breytingar á fyrirkomulaginu, eða óskir þingsins og tillögur landsh. sjeu að neinu leyti teknar til greina. Þetta svar er birt þinginu fyrsta dag júlímánaðar eða rúmum mánuði eptir að það er dagsett. En strax 2. júlí kemur þetta frumv. fram og mánudaginn 6. júlí gefur fulltrúi stjórnarinnar

þá yfirlýsingu, að stjórnin vilji ganga að breytingum þeim á stjórnarskránni, sem frumv. fer fram á, og yfirlýsing stjórnarfulltrúans tók jafnvel enn skýrar fram og í ákveðnari orðum, en í frumv. er gjört, að stjórnin hefði ráðið af að slaka til í þessum atriðum, sem fram voru tekin. Þessi veðrabrigði hjá stjórninni á svo stuttum tíma virðast mjer ill skýranleg.

Í þessu virðist vera fólgið eitthvert flas og hins vegar er þessi aðferð öll pólitisk ókurteisi gagnvart bæði þinginu og stjórnarfulltrúanum. Þetta hlýtur að spilla mjög fyrir málinu og gjöra það að verkum, að það verður að öllu leyti erfiðara viðfangs en ef það hefði komið hinn venjulega beina stjórnarveg. En jeg vil þó eigi fyrir mitt leyti halda svo fast við formið, að jeg vilji láta þetta verða málinu að fótakefli, ef hjer er um samnings-grundvöll að ræða, sem hægt er að byggja á. Og um það verður því hjer að vera spurningin.

Jeg verð nú að játa það, að umræðurnar um frumv. þetta bæði hjá h. flutningsm. (V. G.) og hjá h. þm. N.-Þing. (B. Sv.) hafa, að mjer virðist, verið nokkuð í lausu lopti. Þm. N.-Þing. (B. Sv.) sagði að ræða flutningsm. (V. G.) hefði líkst því, að maður væri kominn á flugferð á járnbraut um fjöllótt land, og getur það máske til sanns vegar færzt. En hinsvegar vil jeg þá segja, að ræða h. þm. N.-Þing. (B. Sv.) líktist því mest, sem maður væri kominn upp í loptballón og jörðin væri æ meir og meir að hverfa sjónum. *(Ben. Sveinss.:* Sannanir!). Hinn h. þm. biður mig um sannanir. Jeg má eigi við þessa 1. umr. ganga inn á einstök atriði þessa frumv.; en endist frv. aldur til að það verði rætt ýtarlegar en nú í dag, skal jeg heita á hann að verða við tilmælum hans. Það er eigi svo að skilja, að jeg sje eigi samdóma honum um ýmislegt, er hann sagði í ræðu sinni. Jeg er samdóma honum um það, að það sje ekki rjett, að ríkisráðið meðhöndli vor sjerstöku mál. Öll íslenzk lög, sem sett voru frá 1849—1873, eru þá óslitið grundvallarlagabrot; einnig vil jeg minna á dómsmála-stjórnarbrjef frá 14. júlí '59, svo og 130. gr. hegningarlaganna, og er þar tekið fram með berum orðum, að grundvallarlög Dana gildi ekki hjer á landi. Um þetta atriði höfum vjer og 2 af helztu lögfræðingum Dana á voru máli, sem sje professorana Matzen og Deuntzer, auk orða stjórnarskrárinnar sjálfrar og stöðulaganna. Þetta ríður oss á að fá viðurkennt einnig af hinni dönsku stjórn, og jeg trúi því ekki, að það eigi sjer langan aldur að vjer fáum það viðurkennt og jeg marka það ekkert, þótt stjórnarráðið íslenzka lýsi því yfir nú, að það láti ekki sannfærast. Það hefir eigi ósjaldan áður breytt skoðun sinni, og jeg get í því efni einmitt bent á, að það hefir hingað til jafnan verið látið klingja sem stjórnarsvar upp á hina endurskoðuðu stjórnarskrá, að með hinni gildandi stjórnarskrá frá 1874 væri það mál fyllilega og endilega útkljáð, það væri því eigi um neina breytingu framar að tala á stjórnarskránni; — en hvað skeður? Nú lýsir landshöfðinginn yfir því í gær fyrir hönd ráðgjafa Íslands, að hann sje fús á að stuðla að því að vjer getum fengið framgengt breytingum þeim á stjórnarskránni, sem um er að ræða nú á þinginu. Mörg fleiri dæmi mætti telja. Jeg vona því, að stjórn vor muni einnig innan skamms vaxa frá þessari kreddu, þar sem allir, er hlutdrægnislaust líta á málið, verða að viðurkenna að rjetturinn er vor megin.

Jeg er einnig samdóma h. þm. N.-Þing. (B. Sv.) í því, að nauðsynlegt sje, að orða skýrara og gleggra upphaf 3.

gr. (o: 1. gr. í frumv. þessu) heldur en hjer er gjört. Þetta gæti hæglega látið sig gjöra með nokkrum orðabreytingum. Hann segir að t. d. í orðinu »ráðgjafi«, verði það orð látið standa, felist viðurkenning á ríkisráðskenningunni. Væri þar t. d. sett í staðinn »ráðaneyti«, þá felst engin slík viðurkenning í því orði. Með því móti væri sneitt hjá því skeri, að hægt væri að hengja hatt sinn á, að vjer viðurkenndum að ráðgjafinn hefði sæti í ríkisráði Dana.

Það eru víst allir óánægðir með hið prentaða svar ráðgjafans, sem það hafa heyrt eða lesið, en aptur á móti er það mjög mikils vert, að hæstv. landshöfðingi hefir á þann hátt, sem hann hefir gjört, lýst yfir því, að hann fyrir sitt leyti sje þinginu samdóma um mikil og veruleg atriði þessa máls. Það er því komin sú hreyfing á þetta mál, að nú liggja fyrir þinginu þau svör frá ráðgjafa Íslands, eptir orðum hæstv. landshöfðingja í gær, að oss stendur til boða breyting á tveimur atriðum í stjórnarfarinu: sú önnur, að vjer getum fengið sjerstakt ráðaneyti fyrir Ísland, er eigi hefir með höndum annað en íslenzk mál, og hin sú, að þessi ráðgjafi, er ætlazt er til að mæli og skilji tungu vora, mæti sjálfur á þinginu og semji við þingið. Ef þessi atriði eru rækilega trygð og dyggilega fylgt, eru þau mikils virði. Jeg fyrir mitt leyti gjöri minna úr ábyrgð þeirri, er ráðgjafi þessi á að hafa á stjórnarathöfninni, einkum ef ráðgjafinn þarf að beygja sig fyrir þeirri kreddu að sitja í ríkisráði Dana; en jeg skal þó benda á, að h. þm. N.-Þing. (B. Sv.) gjörði allt of mikið úr þessu í ummælum sínum um þetta atriði.

En vjer þurfum að fá betri tryggingu, en sett er í frumv. þessu fyrir því, bæði að ráðgjafi Íslands hafi að eins íslenzk mál með höndum og eins fyrir hinu, að hann mæti sjálfur á alþingi. Eins og frumv. þetta er orðað, er engin trygging sett fyrir því, að ráðgjafinn geti ekki framvegis eins og hingað til verið einnig dómsmálaráðgjafi Dana. Eins er hitt, að engin trygging er í frumv. fyrir því, að hann mæti sjálfur á þinginu, honum er að eins gefin heimild til að gjöra það. Jeg fæ því ekki betur sjeð, en að hann geti eigi að eins t. a. m. í sjúkdómsforföllum, heldur og hve nær sem honum bíður svo við að horfa látið vera, að mæta á alþingi, meira að segja gjört það að almennri reglu, að mæta ekki, heldur láta landshöfðingjann mæta fyrir sína hönd, öldungis eins og nú, án þess að skipta sjer nokkuð af þinginu — og fara svo á eptir þvert ofan í tillögur landshöfðingja. — Vjer mundum því á eptir, eins og hingað til, stranda á lagasynjanaskerinu og frumv. þingsins mundu eptir sem áður lenda í ruslakistu stjórnarinnar, en mikill hluti alþingistímans eyðast til ónýtis. Þetta þarf allt að tryggjast betur en gjört er í frumv. þessu, og væri það gjört, vildi jeg ekki kasta burtu þeim mögulegleika, að geta ýtarlegar samið við stjórnina. Það getur máske álitizt nokkuð hart, að jeg skuli væna stjórnina þess, að hún muni draga úr hinum fyrirhuguðu breytingum, þá er til framkvæmdanna kemur, og að jeg með þessum orðum mínum vilji vefengja yfirlýsingu þá, er hæstv. landshöfðingi gaf hjer í þingsalnum í gær; en það er langt frá því, að slík vefenging liggi í mínum orðum. En hitt vona jeg, að enginn geti láð mjer, þótt jeg vilji hafa öll atriði þessa máls sem skýrast og tvímælalausast orðuð, þar sem við þá stjórn er að eiga, sem reynsla undanfarinna ára hefir sýnt það um, að þótt hún hafi eigi að sönnu gengið beint á

móti loforðum sínum, þá hefir hún þó í framkvæmdinni beitt ákvæðum stjórnarskrár þeirrar, er vjer höfum, á þann hátt, sem enginn Íslendingur gat búizt við. Jeg er því varla áfellandi, þótt jeg sýni slíkri stjórn dálitla tortrygni. Það er þess vegna að eins sakir reynslu liðna tímans, að jeg vil færa ákvæði þessa frumv. í þann búning, að tryggt sje, að það fáist í framkvæmdunum, sem nú er lofað.

Jeg vildi minnast lítið eitt á 2 atriði úr þingsalyktunartill. síðasta þings í þessu máli, er bæði hafa að mínu áliti mikla þýðingu, en sem hæstv. landshöfðingi hefir í brjefi sínu til ráðgjafans sumpart talið alls óframkvæmanleg og sumpart þýðingarlítil í sjálfu sjer.

Jeg á hjer við kröfurnar um það, að ráðgjafinn sje búsettur hjer á landi, og um innlendan dómstól til að dæma mál hans. Landshöfðinginn hefir ekki getað aðhyllzt hvorugt þetta atriði og að sjálfsögðu þá ráðgjafinn heldur ekki, en eptir minni skoðun hafa þessi atriði engu minni þýðingu en hitt, að ráðgjafinn beri ábyrgð á stjórnarathöfninni og mæti sjálfur á þinginu.

Jeg vil benda á, að eptir minni skoðun er sú hugsun, að ráðgjafinn þurfi endilega að sitja blýfastur við konungs hlið, að eins doctrinær kredda, sem að vísu má færa nokkurn veginn ásjáleg rök fyrir, en sem jeg hygg, að muni ekki sýna sig gilda og góða í hinni praktisku framkvæmd. Jeg skal í þessu efni benda á eitt atriði, er sýnir einmitt, að stjórnin sjálf að vissu leyti viðurkennir þetta, þar sem hún ætlast til, að ráðgjafinn yfirgefi »konungs hlið« og mæti hjer á alþingi og dvelji hjer eina 4—5 mánuði. Það lítur því ekki svo út einu sinni frá sjónarmiði stjórnarinnar, að það sje með öllu ómögulegt, að ráðgjafinn geti verið annarsstaðar en »við konungs hlið«.

Um hinn sjerstaka íslenzka dómstól, er dæmi mál ráðgjafans, virðist mjer í orðum hæstv. landshöfðingja sje fólgin nokkur tortryggni til Íslendinga, í þá átt, að þeim sje ekki trúandi fyrir því valdi; því miður verður maður að viðurkenna það, eins og nú er ástatt, að þessi tortryggni er án efa að ýmsu leyti á rökum byggð. Það er ekki hægt að neita því, að Íslendingar eru mjög fljótir að snúast í pólitíkinni, og ekki þarf nema lítinn þyt til þess, að umsteypa skoðunum manna svo, að þeir sjá ekki, hvað lög eru og rjettur. En jeg hygg, að þetta hviklyndi, sem enn bregður fyrir hjá þjóðinni, sje eðlilegt og skiljanlegt, og að það stafi einmitt af því, hve lítið vald Íslendingar hafa haft og þar af leiðandi lítla ábyrgðartilfinningu. Jeg þykist þekkja þjóð mína svo, að jeg þurfi ekki að bera minna traust til hennar í þessu efni en annara þjóða á Norðurlöndum, og jeg hygg að mönnum muni vaxa pólitiskur þroski og tilfinning fyrir ábyrgð þeirri, er á þeim hvílir, ef þeir fá vald til þess sjálfir, að ráða sínum málum og sjálfir hafa allan veg og vanda af þeim.

Jeg skal svo ekki tala ýtarlegar um einstök atriði þessa máls.

H. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) vildi skella skuldinni á flutningsmann þessa frumv. (V. G.), ef það yrði til þess, að tvístra þingmönnum og eyðileggja rólega samvinnu þeirra. En jeg vil benda honum á, að frumkvæðisrjettur hvers þingmanns er einmitt sá, að hver þingmaður getur komið fram eins með frumv. til stjórnarskipunarlaga, sem um önnur málefni. Jeg álít því, að þeir háttv. þingmenn gjöri meira að því, að raska rólegri samvinnu, er vilja nú þegar fella frv. þetta án þess, að fá nefnd það til meðferðar; því að þótt frumv. þetta sje mjög athugavert, og fari að mun styttra en hæstv. landshöfðingi hefir stungið

upp á í till. sínum til ráðgjafans, þá megum vjer þó ekki sýna ókurteisi, þar sem frv. þessu fylgir inn á þingið yfirlýsing um efni þess frá fulltrúa stjórnarinnar.

Hið eina, er afsakað gæti slíka meðferð á frumv., og að vissu leyti verðskuldað hana, er aðferðin, hvernig það er komið inn á þingið. Vjer höfðum búizt við, að stjórnin sjálf mundi koma með samkomulagsleitanir sínar beint til þingsins, hina venjulegu leið, — en þótt stjórninni hafi nú ekki þóknazt, að sýna oss þá kurteisi, eigum vjer samt að varðveita sóma þingsins.

Að lokum skal jeg benda á, að mjer er með öllu óljóst, í hvaða sambandi 4. gr. þessa frumvarps stendur við hin önnur atriði þess. Jeg skil ekki í, hvernig á því stendur, að nauðsynlegt er, að slá slagbrandi fyrir það, að þingið geti þvingað fram aukaþing — þó að vjer nú fáum sjerstakan ráðgjafa. — Jeg vona, að h. flutn.m. (V. G.) gjöri grein fyrir sambandi þessara ákvæða. Jeg vil jafnvel leyfa mjer, að beina þeirri spurningu til hans, hvort það sje meiningin, að stjórnin með þessu vilji fara í hrossakaup við þingið? Það hefir þó hingað til ekki þótt nein fyrirmyndarpólitík, ef slíkt hefir komið fyrir meðal þingmanna innbyrðis, og ætti það því ekki að vera meiri kurteisi, et stjórnin sjálf legði út í þess konar brall.

Jeg játa það fúslega, að mörg atriði eru óaðgengileg í frumv. þessu eins og það er orðað, en jeg álít þó, að byggja megi á yfirlýsing landshöfðingjans þann grundvöll, er til frambúðar gæti orðið, og því sje mjög varhugavert, að kasta málinu nú alveg frá sjer. Jeg álít því, að rjettast sje, að nefnd sje skipuð í málið, og að hún taki þetta frumv. og umsteypi því frá rótum.

Jeg býst að sönnu ekki við því, að vjer getum nú þegar fengið framgengt öllum kröfum vorum, en jeg efast ekki um, að vjer getum fengið þó nokkuð meira en sett er fram í þessu frumv. Jeg hygg, að stjórnin sje svo viti borin, að hún innan skamms muni sannfærast um, hvað nauðsyn vor útheimtir og hvern rjett vjer höfum, og að henni verði það ljóst, að hver stjórn, sem ekki vill gjöra það, sem bráðnauðsyn þegnanna krefur, er ómöguleg stjórn, ekki sízt, þegar tillögur hennar og svör eru byggðar á ókunnugleik og vanþekkingu á högum vorum. En slíkt viðhelzt svo lengi, sem stjórn vor situr í Kaupmannahöfn, skipuð ábyrgðarlausum dönskum mönnum. Úr þessu verður ekki bætt að fullu, þótt samþykkt yrði frumvarp á þeim grundvelli, er nú liggur fyrir, en að líkindum væri eigi ómögulegt, að bæta nokkuð úr þessum göllum, ef þingið tæki hyggilega og stillilega í málið.

(Málinu frestað til kveldfundar, kl. 5).

Frv. til laga um kjörgengi kvenna (C. bls. 172); 1. umr.

Flutningsmaður (*Skúli Thoroddsen*): Um þetta frv. hefi jeg ekki annað að segja en það, að það hefir tvívegis verið samþykkt hjer á alþingi og því tvívegis verið synjað staðfestingar af stjórninni. Mjer blandast ekki hugur um, að rjett sje að halda málinu áfram og samþ. það þing af þingi, þangað til stjórnin lætur sannfærast. Á sömu skoðun vona jeg að aðrir h. þingdm. sjeu líka, og treysti því þess vegna, að málinu verði vísað til 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 17 atkv.

Frv. til laga um rjett kaupmanna til að verzla með áfenga drykki (C. bls. 173); 1 umr.

Flutningsmaður (*Skúli Thoroddsen*): Af því að svo sjerstaklega stendur á,

að framhald fyrstu umr. um stjórnarskrármálið stendur fyrir dyrum, þá hefir mjer hugkvæmzt, að stinga nú upp á 3 manna nefnd í þessu máli, og geyma mjer rjett til að ræða það frekar síðar.

ATKVÆÐAGR.: 3 manna nefnd samþ. og í hana kosnir:

Skúli Thoroddsen með 20 atkv. og við ítrekaða kosning Tryggvi Gunnarsson með 11 atkv. og Jens Pálsson með 10 atkv. — Fyrstu umr. frestað.

Frv. til laga um löggilding verzlunarstaðar á Hjalteyri við Eyjafjörð (C. bls. 173); 1. umr.

Flutningsmaður (*Klemens Jónsson*): Það er hvorttveggja, að jeg vil ekki vera langorður vegna stjórnarskrármálsins, sem stendur til að rætt verði áfram nú í kvöld, enda held jeg, að ekki sje þörf á að ræða mikið um þetta mál. Þingið hefir fyrir löngu tekið þá stefnu, að löggilda til verzlunar nærri hvern þann stað, sem beðið hefir verið um, jafnvel þá staði, sem engum hefir dottið í hug að senda skip til eða byggja verzlunarhús. Hjer er allt öðru máli að gegna. Hjalteyri er að öllu hin haganlegasta til verzlunar. Eyrin er stór, aðdýpi nóg, góður botn og stórt hjerað þar upp af, er mundi sækja þangað til verzlunar.

Að ekki hefir fyr verið beðið um að löggilda þennan stað til verzlunar, kemur af því, að hann er bændaeign, og eigandinn hefir ekki viljað hafa þar verzlun. En nú hefir hann beðið oss, þm. Eyf., að flytja málið inn á þing. Það kom fram á manntalsþingum í vor, að mönnum var áhugamál að fá Hjalteyri löggilta og sömuleiðis var mælt með því á þingmálafundi. Skal jeg svo ekki fara fleiri orðum um mál þetta, meðan engin mótmæli koma, en óska að eins að því verði vísað til 2. umr.

Tryggvi Gunnarsson: Jeg veit að þetta frumv. mun ganga í gegn hjer í þingd, eins og öll þess konar mál á næst undanförnum þingum. Jeg verð líka að viðurkenna, að þessi staður er vel lagaður fyrir verzlun og miklu betur en margir staðir, sem þegar eru löggiltir, en einmitt þess vegna er jeg hræddur um, að hann spilli fyrir verzluninni á Akureyri og skaði þann bæ, og þá þætti mjer illa farið. Jeg hefi alltaf haldið því fram, að það væri betra og landsmönnum hollara að halda verzluninni saman, en að dreifa henni á ýmsa staði. Það getur stundum verið nauðsynlegt að löggilda höfn, t. d. þar, sem örðugt er að ná til næsta verzlunarstaðar og flutningar allir verða ljettari til og frá þeim stað, sem löggilda skal; en hjer er ekki um neitt slíkt að ræða. Hjer er ekki minnsta þörf á löggilding. Þvert á móti getur hún orðið til talsverðs skaða fyrir marga. Því auk þess, sem hún skaðar Akureyri, höfuðstað Norðurlands, þá myndast þarna smákauptún, meðal annars til að selja brennivín og kaffi, sem engin þörf er á. Það er líka því síður ástæða til að löggilda Hjalteyri, sem hún er svo að segja beint á móti Svalbarðseyri, sem búið er að löggilda.

Flutningsmaður (*Klemens Jónsson*): Jeg bjóst ekki við neinum umræðum um þetta mál nú, enda skal jeg gjöra mitt til að lengja þær ekki. Jeg skal að eins svara h. þm. 1. Arn. (Tr. G.) því, að einmitt eptir að búið er að löggilda Svalbarðseyri, þá er alveg meiningarlaust, að neita um löggilding Hjalteyrar, því það gat verið meining í því, að löggilda hvorugan staðinn vegna Akureyrar, sem kann að líða nokkuð við þessar löggildingar.

Það er alls ekki rjett, að Hjalteyri sje beint á móti Svalbarðseyri, því Svalbarðseyri er ekki nema 1/4 mílu utar

en Akureyri, en Hjalteyri um 2 mílur utar. Uppland er miklu meira að Hjalteyri en Svalbarðseyri. Ýtarlegri ástæður hugsa jeg ekki að jeg þurfi að færa fyrir þessu máli nú, en skal geyma mjer þær þangað til seinna.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 18 atkv.

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 8 um vegi, 13. apríl 1894 (C. bls. 173); 1. umr.

Flutningsmaður (*Guðl. Guðmundsson*): Jeg get skýrt h. þingd. stuttlega frá því, hvernig á því stendur, að þetta frumv. er komið fram, og að jeg hefi gerzt flutningsm. þess ásamt þm. þess hjeraðs, sem hjer á hlut að máli. Sýslunefnd Árnessýslu er það áhugamál, að lögð verði flutningabraut á næsta fjárhagstímabili frá Ölfusárbrú og ofan eptir Flóanum að Eyrarbakka. Hún hefir látið vegaverkstjóra Erlend Zakaríasson gjöra áætlun yfir kostnaðinn við þessa braut, og telur hann kostnaðinn 32000 kr. Til þess að fá þetta verk unnið, vildi sýslunefndin fá leyfi til að verja 12000 kr. af sýsluvegagjaldi sýslunnar og skrifaði því amtsráði Suðuramtsins í vor, og bað um leyfi til að mega borga þessar 12000 kr. út í þessu skini. En þegar amtsráðið fór að íhuga málið, komst það að þeirri niðurstöðu, að vegalögin 13. apríl 1894 heimiluðu ekki útborgun úr sýsluvegasjóði til akbrauta. Það þyrfti því lagaheimild til þess, að sýslunefndin gæti komið þessu fram. Amtsráðið fól mjer þess vegna að flytja þetta mál inn á þingið, og jeg hefi þá von, að h. þingd. muni taka vel í það, ekki einungis af því, að það miðar til þess að spara landssjóði 12000 kr. útgjöld, heldur og til þess, að gefa öðrum hjeruðum gott eptirdæmi með, að leggja sjálf fram einhvern vissan hluta af kostnaðinum til flutningabrauta, er koma þeim sjerstaklega til góða. Jeg skal líka minna á, að þegar vegalögin voru fyrir þinginu 1893, þá var því hreyft hjer, að hjeruðunum væri gjört að skyldu, að leggja eitthvað ákveðið fram til flutningabrauta á móts við landssjóð, en samþykkt var þetta ekki.

Jeg skal loks taka það fram, að jeg hefi minnzt á þetta mál við tvo h. þdm. í fjárlaganefndinni, sem jeg hjelt að helzt mundu verða þessu máli andvígir, þá þm. Strand. (Guðj. G.) og 2. þm. Eyf. (J. J.), en þeir hafa tjáð mjer, að þeir mundu ekki verða þessu mótfallnir.

Nefnd álít jeg ekki að þurfi að setja í þetta mál, og óska því að eins, að því verði vísað til 2. umr.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg stend upp sjer í lagi af því, að h. flm. (Guðl. G.) gat þess síðast í ræðu sinni, að hann hefði fært þetta mál í tal við mig, og jeg tekið vel undir það. Það er satt, að hann sagði mjer, að sýsla þessi vildi leggja fram 12000 kr., ef akbraut sú, sem um er að ræða, gæti orðið fullgjörð fyrir aldamót. Jeg kvaðst geta verið því meðmæltur, að sýslunni yrði hjálpað til þess að fá þessu verki framgengt, því mín hugmynd hefir verið sú og er sú, að landssjóður ætti að hlaupa undir bagga með þeim, sem vildu hjálpa sjer sjálfir. En nú sje jeg, að jeg hefi verið nokkuð fljótur á mjer að lofa þessu máli fylgi mínu, því jeg tók það svo, að sýslubúar ætluðu að jafna þessu fje á sig af frjálsum vilja, en ekki, að það ætti að taka það af sýsluvegagjaldinu. Jeg vona þess vegna, að mjer verði fyrirgefið, þó að jeg kunni að snúast öðruvísi við málinu eins og það er vaxið í raun og veru. En undir eins og sýslubúar vilja taka upp á sig sjerstakt gjald til þessa vegar, þá er mitt atkvæði víst, því jeg vil, að þeim sje hjálpað, sem vilja hjálpa sjer sjálfir.

Flutningsmaður (Guðl. Guðmundsson): Jeg skal taka það fram, að jeg gat ekki um viðtal mitt við h. þm. Strand. (Guðj. G.) í þeirri veru, að hann væri bundinn við þau orð, er hann hafði mælt við mig. Það er satt: það er dálítill munur á því, hvort sýslubúar leggja þetta gjald á sig sjerstaklega, eða það er tekið af sýsluvegagjaldi sýslunnar, en mikill munur er það ekki, því sýsluvegagjaldinu á að eins að verja til sýsluvega, aðalpóstleiða og til að styrkja gufubátaferðir í sýslunni, en hjer er verið að ræða um að verja nokkru af því til kostnaðar við vegagjörð, akbraut, sem landssjóður á einn að kosta að öllu leyti. Munurinn er sem sagt dálítill, en ekki eins mikill eins og h. þm. Strand. (Guðj. G.) gjörir hann. Að svo mæltu óska jeg, að málið fái að ganga til 2. umr.

Sighvatur Árnason: Af því að jeg er talsvert kunnugur þessu máli, vil jeg leyfa mjer að tala fáein orð. Jeg veit að Arnesingum er mjög annt um að fá þennan veg, sem hjer ræðir um. Það er rjett, að sýsluvegagjaldið á að ganga til sýsluvega, en það sýnir hvað sýslubúum er annt um þennan veg, að þeir vilja láta sýsluvegina vera á hakanum, ef þeir geta fengið að leggja þetta fje til þessa vegar, sem landsjóður annars ætti að kosta að öllu leyti. Líka skal jeg geta þess, að verzlunarstjóri Nielsen á Eyrarbakka sagði mjer, að húsbóndi sinn vildi leggja fram á annað þúsund kr. til þess að styðja að því, að þessi vegur kæmist á. Það gefur líka að skilja, að það greiðir ekki lítið fyrir verzluninni á Eyrarbakka, að vegur þessi verði lagður; því það er hagræði ekki að eins fyrir Árnesinga, heldur og fyrir Rangvellinga. Jeg vil þess vegna mæla sem bezt með þessu máli.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frumv. til stjórnarskipunarlaga um breytingar á stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands, 5. jan. 1874 (C. 171); framh. 1. umr.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg stend ekki upp af því, að jeg búist við að geta gjört málið skýrara en það er. Það er í fyrsta sinni, að jeg tek til máls um stjórnarskrármálið hjer á þingi, og gjöri jeg það af því, að mjer finnst nú fremur ástæða til að gjöra grein fyrir atkvæði mínu í þessu máli en endranær, svo að kjósendur mínir geti betur dæmt um framkomu mína í málinu.

Það er þá um mig sem flesta aðra h. þingdm., nema h. flutningsm. (V. G.) sjálfan, að jeg tel frumv. hans, sem hjer liggur fyrir, býsna óaðgengilegt.

Það er þá fyrst sá kostur, sem h. flutningsm. (V. G.) telur við frumv. sitt, sem sje þessa ábyrgð ráðgjafans, sem á að skipa í stað landshöfðingja, sem enga ábyrgð hefir. Jeg verð þá að lýsa því yfir, að jeg legg ekki svo mikla áherzlu á þessa ábyrgð; hún kemur ekki til greina nema þegar um afbrot er að ræða, og vjer vitum af eigin reynslu, að þau koma sjaldan fyrir. Í öðru lagi er það, að þó að slík brot kunni að koma fyrir, þá verð jeg að vera á sama máli og h. þm. N.-Þing. (B. Sv.) og 1. þm. Eyf. (Kl. J.) að álíta þá ábyrgð sem óhugsanlega, meðan því er slegið föstu, að ráðgjafinn skuli sitja í ríkisráði Dana. Það sjer hver maður með heilbrigðri skynsemi, að það er óeðlilegt, að hann einn beri ábyrgðina fyrir því, sem hann er þvingaður til að gjöra. Jeg tel það ókost, að stjórnin verði útlendari en verið hefir, þar sem það einmitt hefir verið aðalkrafa þjóðarinnar til þess að gjöra hana meir innlenda, og þar sem þjóðin hefir ekki verið aðspurð, hvort hún vilji breyta skoðun sinni og gjöra stjórnina meir útlenda, get jeg eigi annað sjeð,

en þetta sje spor í öfuga átt frá því, sem áður hefir verið.

Annar kostur, sem h. flutningsm. (V. G.) telur frumv. til gildis, er sá, að ráðgjafinn eigi að mæta á alþingi, sem ekki hefir átt sjer stað hingað til. Jeg hef við það að athuga, að orðatiltækin í frumv. eru of óákveðin; það er ekki tekið fram, að hann skuli mæta á þingi, heldur að eins, að hann hafi heimild til þess, og hefir verið skoðað svo að hann hafi hingað til haft leyfi til þess, ef hann hefði viljað.

Ennfremur get jeg ekki ímyndað mjer um mann, sem situr hjer á þingi í tvo mánuði í þessari stíu stjórnarinnar, ríkisráðinu, að hann verði svo sjerlega góður til samvinnu, hvað kunnuglega sem menn svo tala við hann hjer. Hann hlýtur að koma með dönsk interessi og danskar skoðanir, og þegar hann svo fer hjeðan aptur, kemst hann aptur í sömu stíuna, og verður eins fyrir útlendum áhrifum, þó að hann hafi setið hjer og skeggrætt við oss um 2 mánaða tíma.

Jeg er hræddur um, að þar sem sumir halda því fram, að svo mikill munur sje á ráðgjafa og landshöfðingja eins og hann er nú, ábyrgðarlaus, gái ekki að því, að greiða í sundur persónu og stöðu þeirra. Ef vjer hefðum landsh., sem væri öllum sömu kostum búinn og ráðgjafi, og hann svo væri innlendur, gæti hann unnið meira gagn en þessi útlendi ráðgjafi; jeg tala ekki um, ef landshöfðingi tæki ráðgjafa fram að miklum mun, þá mundi hann vinna enn meira gagn. — Ef fundið hefir verið að aðgjörðum landshöfðingja, þá hefir það vanalega verið gjört í sambandi við persónuna, en ekki við sjálft embættið, og sýnir það að eins, að honum sem manni hefir ekki altjent tekizt sem heppilegast í gjörðum sínum, en ekki að það hafi komið til af því, að hann hafi verið nauðbeygður að leggja svo til, vegna stöðu sinnar.

Þetta er það, sem h. flutningsm. (V. G.) hefir talið sem aðalkosti við frumv. sitt, en bæði jeg og aðrir, getum eigi álitið að svo sje; en lítum nú á, hvort þetta, sem frv. fer fram á, fæst alveg gefins, og álít jeg þá, að fyrir það sje fullt verð sett með breytingunni á 61. gr. stjórnarskrárinnar, sem ekki verður skoðuð öðruvísi en sem hreinn og beinn apturfararkippur. Þar með er farið fram á, að þjóðin geti eigi greitt atkvæði um þetta þýðingarmikla mál sitt, og um leið loku skotið fyrir, að hægt verði að halda fram stjórnarskrárbreytingunni sem frekast má. Þegar þar við bætist þessi yfirlýsing frá stjórninni, sem hæstv. landsh. bar fram hjer í gær, sem mátti skilja svo sem þingið ætti að skuldbinda sig til að þegja og hætta um nokkurt tímabil og gefa upp kröfur sínar, þá fara þessi kostaboð að verða nokkuð dýrkeypt.

Það var auðvitað rjett tekið fram í yfirlýsingunni, að ekki væri hægt að setja lög, sem ekki mætti síðar breyta, en ef þingið gengur orðalaust að frv., finnst mjer að það um leið samþykki þetta skilyrði þegjandi. Annars finnst mjer þetta þagnarskilyrði frá stjórninni vera að skoða sem frekari áherzlu þess, að vjer göngum að breytingunni á 61. gr. stjórnarskrárinnar, því þá er vitanlega lokað munni þjóðarinnar um óútreiknanlegan tíma.

H. flutningsm. (V. G.) sagði í gær, að spurning væri um, hvort eigi lægi fyrir utan stjórnarskrána að fjalla um setu ráðgjafans í ríkisráðinu. Þetta skil jeg eigi. Hann komst svo að orði, að það væri að eins »praksis«, að ráðgjafinn sæti í ríkisráðinu, og að íslenzk mál væru borin upp í því, og það mætti af-

nema þá venju aptur með »praksis«. En það get jeg eigi sjeð, því að mjer finnst að þessi »praksis« sje í höndum mótpartsins, stjórnarinnar, en ekki þingsins. Ef þingið á að þegja, mun stjórnin sitja róleg við sinn keip. Og hvaða veg sjer h. flutningsm. beinni til þess að reyna að afmá þessa praksis, en að halda spursmálinu fram í og með nauðsynlegri stjórnarskrárbaráttu? Jeg get ekki sjeð nokkurn annan veg heppilegri.

H. flutningsm. (V. G.) tók það fram í ræðu sinni í dag, að nú væri farið að gjöra heldur lítið úr þjóðviljanum. En jeg vil spyrja, hvaða þjóðvilja h. flutningsm. (V. G.) getur bent á, sem styðji þetta frumv. hans. Jeg þekki hann ekki. Þetta frumv. er of ókunnugt þjóðinni, til þess að nokkur þjóðvilji hafi getað myndazt um það. Það eina, sem menn þekkja til þess, er máske gegnum brjefið, sem h. flutningsm. (V. G.) sendi þingmönnum næstliðið ár, og gjört var opinskátt. Það skyldi helzt vera að þjóðvilji hefði myndazt út af því, en þær raddir, sem heyrðust í tilefni af því brjefi, fóru í allt aðra átt en frumv. h. flutningsm.

Jeg vona, að h. flutningsm. (V. G.) vorkenni þingmönnum, þó að þeir líti mest á þann þjóðvilja, sem kemur fram á þjóðmálafundi í þeirra eigin kjördæmi. Í mínu kjördæmi vildu menn halda málinu áfram í frumvarpsformi, byggðu á sama grundvelli og hin fyrri frumv., og á öðrum fundinum, sem haldinn var, óskuðu menn skýlaust eptir óbreyttu frumv. undanfarandi þinga, svo að þjóðvilji h. flutningsm. nær svo lítið til mín, að jeg get ekki stutt mig við hann.

Jeg skal nú ekki fara fleiri orðum um ókosti þessa frumv., en skal að eins leyfa mjer að gjöra grein fyrir atkvæði mínu nú.

Ef frumv. kemur fram, sem þykir ekki aðgengilegt, þá er það vanalega svo, að málið er ekki fellt frá nefnd eða við 1. umr., nema það sjálft sje svo lagað, að það ekki þyki þess vert, að fjallað sje um það. Þar sem hjer er um annað langhelzta mál þjóðarinnar að ræða, og þrátt fyrir það, þó að frv. væri sjáanlega mjög ábótavant, þótti mjer fyrstu dagana ekkert umtalsmál að setja það í nefnd, umsteypa það og laga eptir föngum, einkum þar eð áskorun lá fyrir frá fundum í kjördæmi mínu, að halda málinu fram í frumvarpsformi, og hjer lá það þó fyrir, þó að ekki væri annað. — En hvernig er svo málið komið inn á þing, og hvernig hefir stjórnin komið fram í þessu máli? Jeg álít það óheppilega »praksis«, að þingmaður fari að makka mikið við stjórnina, án þess að hafa þjóðina í ráðum með. Það getur haft miður góðar afleiðingar, þó að hann hafi góðan vilja, því »betur sjá augu en auga«, og ekki er von, að hann geti sjeð betur en heil þjóð, og það er undarlegt, að hann hefir ekki opinbert umboð til þess frá þjóðinni eða öðrum. Auðvitað getur hann farið eptir beztu sannfæringu, en það getur samt leitt til þess, að skoðun hans verði öðruvísi en þjóðarinnar á málinu, og að hann fari styttra í kröfum sínum heldur en hún.

En jeg legg mesta áherzlu á framkomu stjórnarinnar í þessu máli, sem mjer þykir æði óviðfeldin. Hún svarar þjóðinni hreinu neii upp á það, sem farið var fram á við hana á síðasta þingi, og færir sem ástæðu fyrir því, að hún geti ekki boðið þinginu svo lítið, sem þau atriði eru, er hún vill fallast á. Mjer finnst hún hugsa sem svo: Jeg vil ekki misbjóða þinginu með því að bjóða því það, sem fer svo fjarri kröfum þess að undanförnu, en sem jeg

sjálf get gengið að. En ef einhver h. þm. er svo lágthugsandi, að leyfa sjer að bjóða þinginu svo lítilfjörlegt, sem jeg get ekki verið þekkt fyrir að bjóða því, og ef þingið er svo hvarflandi og lítilþægt, að það gengur að því, þá ætla jeg að verða við þeim nýmælum, og einkum er jeg sje, að þessar litlu rjettarbætur eru fullborgaðar með stórum apturfararkipp. — Þetta virðist mjer mega ráða af yfirlýsingu hæstv. landsh. í gær hjer í deildinni.

Jeg sje ekki, hvernig þingið fer að taka þetta sem gilda vöru og þess vegna er jeg nú á síðustu tímum orðinn fastráðinn í að greiða atkvæði á móti því að nefnd verði sett í málið, og að framv. nái fram að ganga til 2. umr.

Þar sem h. þm. V.-Skf. (Guðl. G.) tók það fram, að þingið ætti að sýna kurteisi, þó að stjórnin hefði sýnt þinginu ókurteisi, þá held jeg að þingið sje ekki skylt að fara eptir hærri kurteisisreglum en stjórnin sjálf, sem er skipuð svo hámenntuðum mönnum. Mjer þykir rjettast að gjalda líku líkt, því óvandaðri er eptirleikurinn.

Hef jeg þá gjört grein fyrir atkvæði mínu í þessu máli, og skal jeg svo ekki lengja umræðurnar meir en komið er.

Jón Jensson: Jeg verð að segja það, að mjer finnst þessar umræður breiða sig of mikið út, og ganga út fyrir aðalefnið, nefnilega, hvort eigi að athuga þetta mál vandlega eða ekki, setja í það nefnd eða ekki. Það er eins og menn gangi út frá því, að hjer sje að eins um það að ræða, að stíga fótmál áfram, sem ekki verði kallað aptur, og það er eins og menn eigi að stíga þetta fótmál í dag. En hið gagnstæða á sjer stað, því að hjer er miklu fremur um það að ræða, hvort menn eigi að athuga þetta mál betur, og því er engin hætta á ferðum; fótmálin eru mörg enn þá, þangað sem vjer ekki getum snúið aptur. Ábyrgðin hvílir ekki á þeim, sem láta málið ganga lengra, heldur á hinum, sem stoppa það, fella það. Þeir, sem vilja fella málið strax, hljóta að hafa órækar ástæður, en hinir miklu síður; þurfa ekki aðra ástæðu en þá, að ávalt sje rjettast, að hlaupa ekki á sig. En jeg skal nú reyna að sýna fram á, að ástæður þeirra, sem fella vilja málið strax, eru ófullkomnar.

Eins og vjer allir vitum, breytti þingið seinast um aðferð, fór aðra leið en hin fyrri árin, til þess að koma stjórnarskrármálinu áfram. Aðferðin var tillöguleiðin og miðaði að því, að fá stjórnina til þess að láta uppi, hve mikið hún vildi láta af hendi við oss, hve langt hún vildi koma á móti oss í þessu máli. Í tillögunni frá síðasta þingi var þeim aðalkröfum haldið fram, sem þingið og þjóðin á heimtingu á, og var skorað á stjórnina að setja kröfurnar í það form, er hún vildi. Tillöguleiðin var einmitt farin til þess, að gjöra málið girnilegt fyrir stjórnina, og fá hana til að gjöra eitthvað, og ekki fæla hana með háum rjettarkröfum.

Frumvarpsleiðin, sem áður hafði verið farin, var einmitt farin í sama augnamiði, að fá stjórnina til viðtals. Fæstir samþykktu endurskoðunarfrumv. eða hina svo kölluðu »endurskoðuðu stjórnarskrá« í þeirri trú, að það yrði gjört að lögum. (*Margir*: Sönnun!). Það er heimska að heimta sönnun fyrir því; það er »notoriskt«, að margir, já meira að segja flestir, hafa greitt atkvæði með endurskoðuninni til þess að þvinga stjórnina til viðtals.

Tilgangurinn er þá nákvæmlega hinn sami og með tillöguleiðinni, en munurinn er sá, að frumv.leiðin vill þvinga, þar sem því með tillöguleiðinni er skotið

til rjettlætistilfinningar stjórnarinnar, hvort hún vilji ekki koma til viðtals. Frumvarpsleiðinni var sleppt, af því að hún gat verið fráfælandi; hinar stóru kröfur gátu fælt stjórnina frá því að vilja semja við þingið.

Árangurinn, sem orðinn er af tillöguleiðinni, verður að minni hyggju að álítast æskilegur og góður. Þar sem frumvarpsleiðin ekki leiddi til neins, nema að vjer fengum beinhart nei, þá hefir tillöguleiðin leitt til þess, að vjer nú höfum skýrar ástæður fyrir stöðu stjórnarinnar, og getum gjört oss skýra grein fyrir, hvað vjer fáum eða getum gjört oss vonir um að fá. Verð jeg því að álíta, að mikið sje unnið með tillöguleiðinni.

Því er og bætt við í svari stjórnarinnar, að hún álítur eigi til neins að koma fram með ákveðið frumv. til þingsins, er fari fram á minna en tekið er fram í tillögunni; en í því liggur, að stjórnin sje ekki ófús á að taka tillit til, ef eitthvað minna kæmi fram, ef slakað yrði til frá tillögunni og hennar kröfum.

Í viðbót við þetta svar stjórnarinnar höfum vjer heyrt raddir úr flestum, já óvanalega mörgum kjördæmum landsins, sem skora á þingið, að hafna ekki samkomulagi, ef stjórnarbót gæti fengizt. Þetta hefir þjóðin beðið þingið um og skorað á það að gjöra. Áður hefir verið lögð mikil áherzla á það í stjórnarskrármálinu, hvað þjóðin hefir sagt, sjerstaklega af þeim, sem nú eru stífastir á móti frumv. og vilja fella það.

Þótt ekki hefði legið fyrir annað en stjórnarsvarið, þar sem gefið er í skyn, að stjórnin sje eigi ófús til samkomulags, ef frumv. kæmi fram, er samrýmzt gæti eining ríkisins, — þótt ekki annað lægi fyrir, segi jeg, þá væri full ástæða til þess, að vjer gerðum upp með sjálfum oss, hvort vjer eigum að taka samkomulagstilboðum, hvort vjer getum brúkað aukin pólitisk rjettindi, sem ekki koma í bága við það, er stjórnin telur fáanlegt. Og einkum finnst mjer ástæða til þess að íhuga þetta, þegar þjóðin hefir beðið þingið um, að hafna ekki samkomulagi, ef það væri fáanlegt.

En nú hefir komið meira fram en stjórnarsvarið; það hefir komið fram frumv. frá einum h. þingm. Jeg skil ekki, að neitt sje á móti því, að hann hefir komið fram með frumv., því að hver þingm. hefir fullan rjett til að koma fram með frumv. Auk þessa hefir meira komið frá stjórninni, nefnil. fyrir munn landsh. svör um, að þetta frumv. mundi verða tekið og samþykkt af stjórninni, ef það næði samþykki þingsins.

Fyrir mitt leyti get jeg samsinnt því, að það er óviðkunnanlegt af stjórninni, að hún skuli ekki hafa svo mikinn hug á pólitiskum framförum vorum, að hún sjálf komi fram með frv., er færi fram á bætur á stjórnarskipuninni, þær er hún vill ganga inn á, frv., sem segði: þessu vil jeg ganga að, þetta get jeg veitt, en ekki meira. Slík aðferð væri eðlileg af stjórn, sem væri eins og hún ætti að vera, en vjer höfum einmitt ekki átt og eigum enga slíka stjórn, erum einmitt að berjast fyrir að fá hana. Og það er engin ný bóla, þótt stjórn vor sýni áhugaleysi og kæruleysi; hún hefir gjört það opt áður, og er ekki vön að flýta fyrir málum vorum. — Það væri því eitthvað nýtt, ef hún tæki sjer svo fram nú, að hún færi að leggja slíkt frumv. fyrir þingið. — En hvað gera menn svo? Einn h. þingm. hefir gjört sjer sjerstakt far um að vinna stjórnina fyrir málið. En hvað fær hann svo fyrir? Tóma óþökk og vanþakklæti; það er kallað »makk« og á-

litið ósæmilegt og ótilhlýðilegt að telja stjórnina á að gera eitthvað til að styðja að framgangi málsins.

H. flutningsm. (V. G.) á þakkir skilið fyrir að vekja hugi manna, þar sem mest á ríður að »interesse« vakni fyrir málinu, á þakkir skilið fyrir að vekja hugi þeirra manna, og snúa þeim að málinu. Það er ósæmilegt, að kalla slíkt slettirekuskap og fleiri líkum nöfnum. Það er eigi undarlegt, heldur miklu fremur eðlilegt, eptir því sem stjórnarfyrirkomulag vort er nú, þótt einstakir menn fari og hræri í stjórninni, og minnstur skaði, þegar það er þingm., sem gerir það. En eins og nú er, geta allir farið og gjört það. Það hefir borið við, að dönsku kaupmennirnir hafa ruglað í eyru henni. Svona verður það, meðan stjórnin er útlend; hún liggur flöt fyrir hverjum, sem vill fræða hana, því sakir vanþekkingarinnar á íslenzkum málum, er það allt af eitthvað nýtt fyrir hana. Þess vegna segi jeg, að hættan sje minnst, þegar það er þingm., sem á tal við stjórnina; menn ættu að vera h. þingm. þakklátir fyrir það, að hann hefir viljað vekja áhuga stjórnarinnar á málinu, og það er með öllu ótilhlýðilegt, að vera með slettur við hann og kalla framkomu hans »makk«.

Jeg efast um að þeir h. þingm., sem vilja fella málið, hafi sett sig inn í frv. eða yfirlýsingu hæstv. landsh. um það, hvað fengist.

Mjer er þetta frumv. sjálft ekkert sjerlega kært, jeg er ekki faðir þess, svo menn mega snúa við því bakinu þess vegna fyrir mjer; en hæstv. landshöfðingi hefir lýst því yfir, að vjer getum fengið ýmislegt, sem enginn maður með heilbrigðri skynsemi getur sagt, að sjeu ekki rjettarbætur í stjórnlegu tilliti, og aðalatriðið er þessar yfirlýsingar landshöfðingja í umboði stjórnarinnar. Það á ekki að hlaupa að því, að samþykkja frumv. án allrar rannsóknar, og hins vegar er og órjett, að kasta því frá sjer umræðulaust og fella það, Nei, en hitt eigum vjer að sjálfsögðu að gjöra, að útvega allar tryggingar, sem hægt er að fá og setja inn í frumv. allar þær leiðrjettingar, sem vjer æskjum að gerðar sjeu á því, eins og h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) hefir tekið fram. Ef vjer fellum frumv. í dag, getum vjer ekki tekið það upp á morgun; en þótt vjer samþykkjum það í dag, getum vjer fellt það á morgun.

Jeg þarf eigi að telja upp hina ýmsu liði í yfirlýsingu hæstv. landsh. eða frumv., því það á síður við á þessu stigi málsins að fara út í einstök atriði; en enginn maður með heilbrigðri skynsemi getur neitað því, að í þeim atriðum, sem þar koma fram, sje mikil bót. Áður höfum vjer t. d. ekki haft neinn mann með ábyrgð á stjórnarathöfninni allri. Menn munu reyndar segja, að landsh. hafi ábyrgð á stjórnarathöfninni, og að alþingi geti komið fram ábyrgð á hendur honum. Hvernig framfór í eitt skipti, þegar þetta átti að reyna, er kunnugt; jeg á við hið svo kallaða Fensmarksmál. Þá gaf ráðgjafinn þann úrskurð, að landsh. hefði ekkert brotið, og þá var ekki hægt að hefja lögsókn og komst það mál ekki lengra. Kalla menn þetta ábyrgð? Nei, landsh. er ábyrgðarlaus, pólitiskt sjeð, og ráðgjafinn er það líka. Þegar vjer nú vitum þetta, er það þá ekki rjettarbót, að fá ráðgjafa, sem ber ábyrgð ekki að eins á stjórnarskrárbrotum, heldur og á allri stjórnarathöfninni? Er ekki munur á þessu eða hinu, sem vjer nú höfum? Hingað til höfum vjer að eins haft ráðgjafa á pappírnum, vor mál hafa legið undir dómsmálaráðgjafann danska, sem hefir haft hugann á allt öðru en íslenzkum málum, og hefir orðið að fara frá, þeg-

ar Danir hafa viljað og þeir ekki lengur hafa getað brúkað hann sem dómsmálaráðgjafa, og þegar svo nýr maður hefir verið tekinn, hefir ekki verið tekið neitt tillit til vor eða vorra hagsmuna. Þessi ráðgjafi vor hefir því verið hreinn og beinn pappírsráðgjafi. En nú stendur oss til boða að fá sjerstakan ráðgjafa, sem á að mæta á þingi og vinna í samfjelagi við oss, á að skilja og tala íslenzka tungu. Það segir sig sjálft, að sá maður getur ekki verið annað en Íslendingur og auk þess hlýtur hann ávallt að vera sá maður, sem þingið ber traust til. Þegar hann á að bera ábyrgð gegn þinginu, þá er ómögulegt fyrir hann að vera við lengur en þingið ber traust til hans; með öðrum orðum: þingið getur kastað honum, þegar það vill. Kalla menn þetta enga rjettarbót? Það er þó að minnsta kosti vert að íhuga, hvort það sje ekki rjettarbót. Það er mjög óheppilegt og næsta ábyrgðarmikið að vilja ekki sýna neina viðleitni til samkomulags, þegar völ er á slíku, og getur svo farið að vjer eigum ekki bráðlega kost á því aptur. Ef vjer nú köstum þessu frv. með fyrirlitningu frá oss nefndarlaust, þá mun stjórnin segja: Ja, sama er mjer, ekki liggur mjer á, og þá mun hún með mestu hugarró láta málið liggja. Því að frumvarpsleiðin gamla með aukaþingunum eða löðrunga-pólitikin mun varla vakna upp aptur.

Jeg ætla enn að minnast á fáein atriði. Það hefir verið sagt, að frv. miðaði til þess að færa stjórnina út úr landinu. Það er mikið rjett, að ef landsh. hefði nokkurt pólitiskt vald, en það hefir hann ekki, — þá flytti maður það út úr landinu, en vel að merkja í hendur ráðgjafa, sem mætti á alþingi. Pólitiskt vald hefir landsh. að eins um þingtímann; en sjálfur ráðgjafinn mundi mæta hjer meðal vor og það mundu verða ólík skipti, að hafa hann í staðinn fyrir landsh. Landsh. verður eptir sem áður með öllum sínum skyldum og rjettindum, að eins með þeim mismun, að hann vanalega mætti ekki á alþingi, heldur ráðgjafinn sjálfur. Þetta umboð til að mæta fyrir hönd stjórnarinnar á þingi, yrði þá skilið frá landshöfðingjastörfunum og mætti það teljast heppilegt. Þótt vjer, síðan landshöfðingjaembættið var stofnað, höfum átt þá menn sem landsh., sem hafa getað tekið að sjer svona embætti og staðið vel í stöðu sinni, þá eigum vjer á hættu eptirleiðis að fá landsh., sem ekki geta gjört það; því að það er vandi að fá hæfilega menn í það sæti, og sem geta tekið það embætti að sjer svo vel fari. Þess vegna er það nauðsynlegt, að aðskilja pólitisku störfin frá hinum, sem landshöfðinginn hefir á hendi sem æðsti innlendi embættismaður landsins. Ef einhver hugsar, eins og gefið hefir verið í skyn, að hinn nýi ráðgjafi mundi draga valdið, hið administrativa vald, úr hendi landshöfðingja, þá er engin ástæða til að halda það. Það væri í sjálfu sjer mjög ósennilegt að hann reyndi það, og þingið gæti hindrað það og fengið valdið gjört enn innlendara; miklu meiri líkindi eru því til að landshöfðingjadæmið mundi styrkjast og verða enn umfangsmeira, og nýi ráðgjafinn sjálfur mundi eigi sízt hafa fulla hvöt til að styrkja það að mannafla; hann mundi þurfa langt um öflugri skrifstofu en þá, er landsh. nú hefir. Ávinningurinn yrði þannig tvöfaldur: valdið mundi færast inn í landið og verða öflugra.

Þá er og annað, sem menn óttast, nefnilega hið síðasta í yfirlýsing hæstv. landsh., að með þessu ætti stjórnarbaráttu vorri að vera lokið. Jeg man eigi glöggt, hvernig orðin fjellu, en meiningin var sú, að inn í frv. mætti

ekki setja neitt, sem beinlínis lyti að því að vjer áskildum oss rjett til þess að koma fram með aðrar, nýjar og meiri rjettarkröfur. En vjer þurfum ekki að ímynda oss, að þótt líkt frv. og þetta yrði samið og samþykkt, — að stjórnarbaráttu vorri mundi þar með vera lokið. Það getur ekki verið meining stjórnarinnar, því að hún gengur út frá að 61. gr. stjórnarskrárinnar standi, og þar er einmitt gjört ráð fyrir breytingum á stjórnarskránni. Hið rjetta er það, að ef vjer fáum eitthvað líkt og þetta frumv., gerum vjer oss hægara fyrir að ná lengra áleiðis síðar, gerum oss færari um að nota meira og færum þeim, sem á móti standa, þ. e. stjórninni, heim sanninn um það, að vjer þurfum að fá meira. Svona er því varið með allar þjóðir, sem ekki hafa náð fullum pólitiskum þroska. Sje rýmkað um pólitiskt frelsi þeirra, þurfa þær tíma til að vaxa út í hið nýja fat; en svo kemur sá tími, að það verður of þröngt, og þá verður að færa það út. Þörfin og nauðsynin á rýmra pólitisku frelsi kemur þá fram og ryður sjer braut. Þetta verður líka gangurinn í baráttu vorri, og vjer endum með því að fá allar sjálfstjórnarkröfur vorar, sem hin »endurskoða stjórnarskrá« inniheldur. En ef vjer ekki fetum oss þannig áfram með skynsemi, fáum vjer þeim aldrei framgengt nokkurn tíma.

Jeg skal enn taka eitt atriði: H. þm. Strand. (Guðj. G.) minntist á það, að ábyrgð ráðgjafans yrði illúsórisk, af því að hann eigi að sitja í ríkisráðinu; hann segir sem svo: allir ráðgjafarnir í ríkisráðinu bera ábyrgðina, en enginn einn þeirra. En þetta er byggt á misskilningi. Þegar lög eru undirskrifuð, er það að vísu gjört í ríkisráðinu, en meiningin er ekki að ríkisráðið í heild sinni, allir ráðgjafarnir, beri ábyrgðina, heldur sá ráðgjafinn, sem »paraferar« lögin; en hitt er að eins í einstökum tilfellum að allt ríkisráðið beri ábyrgðina. Það er því að eins misskilningur að ætla, að eigi verði komið fram ábyrgð á hendur ráðgjafanum, þótt hann sitji í ríkisráðinu.

Jeg hef nú talað lengur en jeg ætlaði, en það vildi jeg hafa sagt, að vjer sköðum málstað vorn með því að setja málið ekki í nefnd; en hins vegar getum vjer ómögulega gjört oss tjón með því að setja það í nefnd.

Tryggvi Gunnarsson: Í dag hefir verið rætt svo mikið um efni þessa frv., að jeg skal ekki eyða löngum tíma í að tala um það, en fremur snúa máli að því, hvað mjer sýnist rjettast að gjöra í stjórnarskrármálinu eins og það horfir nú við.

Að því er innihald frv. snertir, er jeg í flestu samþykkur því, er h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) og h. þm. N.-Þing. (B. Sv.) hafa um það sagt; því að þegar litið er á kröfur þjóðar og þings síðan 1883, þegar litið er á kröfur síðasta alþingis og á svör stjórnarinnar, og á frv. h. flutningsm. (V. G.), þegar á allt þetta er litið, þá finnst mjer gengið allt of langt aptur á bak, að fara að eyða tíma í að íhuga þetta frv. Þótt jeg hafi ekki verið harður á breytingum á stjórnarfyrirkomulaginu, þá er jeg samt ekki svo lítilþægur, að jeg láti mjer nægja jafnlitla bót á því, og frumv. býður.

Það hefir verið sagt, að það væri varasamt að kasta frá sjer þessari stjórnarbót, því að hún muni ná samþ. stjórnarinnar; jeg skil vel að svo muni fara, því að hjer er að ræða um bót fyrir stjórnina, en tjón fyrir þjóðina; ef vjer samþykkjum þetta frv., gjörum vjer stjórninni greiða, en sjálfum oss stórskaða.

Það er satt hjá h. flutningsm. (V.G.), að eigi er kveðið á í stjórnarskránni,

að ráðgjafi Íslands skuli sitja í ríkisráðinu. En þótt því sje nú slegið föstu, að hann eigi þar eigi sæti, þá sýnist mjer að vjer með því að samþykkja frv., samþykkjum það og, að ráðgjafinn eigi að sitja í ríkisráðinu.

Jeg get ekki sjeð að það sje neins, að fara að skipa nefnd í málið, afleiðingin af því mundi verða sú ein, að tíminn eyddist til ónýtis. Nefnd mundi fyrst verja allmiklum tíma til að skoða málið, og þegar það kæmi aptur frá nefndinni, má búast við að 3—4 dagar gengju í gagnslausar umræður um það, gagnslausar segi jeg, af því, að svör stjórnarinnar eru svo ótvíræð, að hún gangi ekki að öðru meiru en frv. þetta fer fram á, meira að segja, að hún segist ekki ganga að frv., nema skýlaus yfirlýsing komi, að þjóðin hætti í bráð öllum tilraunum að fá stjórnarbót. Hjer eru svo miklir fylgifiskar, og fyrir svo litlu að gangast, að jeg get ekki gengið að því, hvorki fyrir mig nje kjósendur mína, og hið sama gjöri jeg ráð fyrir að verði ofan á fyrir meiri hluta h. þingd. H. flutningsm. (V. G.) hefir farið mörgum orðum um það, hve mikilvægt það væri, að hafa ráðgjafa á þingi til að semja við; hann gæti jafnan sagt oss, hverju hann vildi framfylgja og móti hverju hann mundi leggja, svo að þingið frelsaðist frá að eyða tíma til einskis við þau mál, sem eigi mundu fá konunglega staðfestingu.

Í dag var h. flutningsm. (V. G.) beðinn að setja sig í ráðgjafasess, auðvitað bara í huganum, og nú segði hann við þm. í einhverju máli, að með því svona og svona löguðu gæti hann mælt, en öðru vísi ekki, eða svona og svona orðað mundi hann geta vænt að fá því framgengt í ríkisráðinu. Hvað svo, á þingið þá að gefa upp sannfæringu sína í hvert skipti, sem hún fellur ekki saman við vilja ráðgjafans og ríkisráðsins danska?

Ef h. flutningsm. (V. G.) nú sæti hjer sem ráðgjafi og sæi þetta frv. og segði um það: Jeg skal ganga að því óbreyttu, en breytingar vil jeg engar hafa; mundi honum þá ekki þykja það hálfhlægilegt, ef eigi að síður væri farið að setja það í nefnd?

Vjer höfum nú að undanförnu reynt að þoka stjórnarbótarmálinu fram, bæði í frumvarpsformi og í tillöguformi, og lítið orðið ágengt. Nú eigum vjer þriðja veginn eptir óreyndan, þann veg, að reyna að komast munnlega inn á samninga við stjórnina, og jeg vildi óska, að vjer legðum út á þá leið nú á þessu þingi, því að jeg er sannfærður um, að þann veg munum vjer helzt komast áleiðis, og að góðri niðurstöðu, að þingið velji menn til að fara á fund stjórnarinnar, til að semja við hana, eða þá að það sendi ávarp til konungs og biðji hann að velja menn af Íslendingum og Dönum, er ræði málið í sameiningu og semji um það.

Það hefir í blaði einu verið talað um það, að það væri óvirðing fyrir alþingi, að kasta sjer þannig fyrir fætur ríkisþingsins danska. En hjer er ekki um neitt slíkt að ræða, því að yrði menn kosnir á samkomulagsfund frá báðum þjóðunum, þá mundi hvorki alþingi nje ríkisþing Dana velja þá, heldur konungur; en það gæti alþingi gjört, að benda konungi á þá menn, er það hefði bezt traust á til málamiðlunar þessarar.

Þá skal jeg minnast fám orðum á ræðu h. þm. Rvík (J. Jenss.). Hann talaði um, að h. flutningsm. (V. G.) hefði fengið vanþökk fyrir afskipti sín af máli þessu. Hann kvað það eðlilegt, að h. flutningsm. (V. G.) og hver annar Íslendingur talaði við ráðgjafann um mál-

efni landsins, það lýsti að eins áhuga á þeim. Þetta er í sjálfu sjer satt og rjett, en því þarf við að bæta, að enginn þjóðhollur maður má nje leyfir sjer að tala þannig við stjórnina, að löndum hans sje hvorki þægð í því nje gagn að því, og eptir frumv. h. flutningsm. (V. G.) að dæma, hefði hann líklega helzt átt að láta allt samtal við stjórnina vera.

Jeg hef talað við ráðgjafa og það líklega optar en h. flutningsm. (V. G.), en hver sem mín persónulega skoðun var á málunum, þá leyfði jeg mjer aldrei að tala öðru vísi, en jeg vissi, að var vilji meira hluta þings og þjóðar; það er því að eins þakklætisvert, að menn taki sig fram um að tala við ráðgjafa um þjóðmál, að það sje gjört í anda þings og þjóðar, annars ekki.

Jeg skal að endingu taka það fram aptur, að það er mín tillaga, að vjer eigi afgreiðum frumv. frá þessu þingi, heldur veljum 3—4 menn á konungsfund, eða sendum ávarp til konungs og biðjum hann að velja málamiðlunarnefnd af Íslendingum og Dönum. — Það er sannfæring mín, að þetta sje rjetti vegurinn til að leiða mál þetta heillavænlega til lykta. Vjer vitum það úr daglega lífinu, að brjefaskriptir bera ekki sama árangur og munnlegt samtal milli málsaðila, og við hinu sama má búast hjer.

Klemens Jónsson: Af því að jeg býst við, að þessari umræðu sje bráðum lokið, þá skal jeg nú leyfa mjer að tala fáein orð, svo að h. flutningsm. gefist kostur á að svara mjer í lokaræðu þeirri, er jeg býst við, að hann þykist þurfa að halda gegn öllum þeim, er á móti hafa talað, því að það er eins dæmi með þetta mál, svo mikilvægt sem það er, að að eins einn h. þingm. hefir orðið til að mæla með því, en allir hinir á móti.

Alþtíð. B. 1897.

Það er eitt atriði, sem jeg vil ekki láta ómótmælt, og jeg vil að þau mótmæli sjáist í Þingtíðindunum.

H. flutningsm. (V. G.) er í sífellu að klifa á því, að frumv. sitt sje sama efnis, og tillögur hæstv. landsh. í brjefi hans til ráðgjafans fyrir Ísland. Þetta er algerlega rangt, og jeg get ekki annað skilið, en að h. þm. Vestm.(V.G.) segi þetta gegn betri vitund, því að í fyrsta lagi er fyrsta tillaga hæstv. landshöfðingja miklu skýrari og fullkomnari en ákvæðin í 3. grein frumv., og í öðru lagi fer landshöfðingi fram á, að eigi sjeu borin upp í ríkisráðinu og lögð undir atkvæði þess lög þau og stjórnarathafnir, er snerta sjerstök málefni Íslands. Þetta er alls eigi tekið upp í frumv., þetta, sem þó er aðalpunkturinn í tillögum hæstv. landsh. Og hvar stendur það í brjefi landshöfðingja, að hann leggi það til, að breytt sje 61. gr. stjórnarskrárinnar? Það hafa komið fram hjer í salnum menn, sem, eins og rjett er, leggja ekki litla þýðingu í þessa breyting á 61. greininni, h. þingm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) sagði, að hjer væri jafnvel um hrossakaup að ræða. Þrátt fyrir þetta dirfist h. flutningsm. (V. G.) að berja það blákalt fram, að frumv. sitt sje að efni til alveg samhljóða tillögum hæstv. landsh.

H. flutningsm. (V. G.) hjelt því fram, að rjettara væri, að endurskoða stjórnarskrána í pörtum, en að taka hana fyrir í heild sinni til endurskoðunar. Þessari skoðun hafa og fleiri fylgt, og má vera, að hún sje í sjálfu sjer ekki röng. En með þessu kannast h. flutningsm. (V. G.) við, að frumv. sitt veiti að eins ófullkomna stjórnarbót, og að þörf sje á að halda stjórnarbótarmálinu áfram, en hefir h. þm. Vestm. (V. G.) ekki heyrt þá yfirlýsing landshöfðingja fyrir stjórnarinnar hönd, að skilyrðið

fyrir því, að stjórnin staðfesti frumv., er hafi í sjer fólgin sömu atriði og frv. h. flutningsm. (V. G.), sje einmitt það, að með því sje stjórnarbaráttu vorri lokið, um svo og svo langan tíma? — Hvernig getur h. þm. Vestm. (V. G.) þá hugsað sjer, að vjer getum náð þeirri stjórnarbót, sem hann þó kannast við, að vjer þurfum að fá, þótt þetta frv. nái samþykki?

H. þingm. Vestm. (V. G.) hefir mjög vitnað í þingmálafundina. Jeg get verið fáorður um það, því að h. þingm. Strandam. (Guðj. G.) hefir sýnt fram á, að þingmálafundirnir hafa ekki átt neinn kost á, að segja álit sitt um það, sem þetta frumv. býður. H. flutningsm. (V. G.), sem notaði tíma sinn hjer á undan þingi, til að tala um ýms atriði þessa máls við þingmenn og aðra, var svo varkár, að hann sýndi engum þingmanni frumv. þetta fyrir þing; hann forðaðist að gefa kost á því, að það gæti komið til umræðu á þingmálafundum hjer í nærsveitunum, og hefði honum þó átt að geta verið slíkt innan handar. Af hverju mun hann hafa beitt þessari aðferð? Hann hefir þó líklega ekki verið hálfsmeykur um, að undirtektirnar kynnu að geta orðið hóti óljúfari en hann mundi hafa kosið? — Það er alls eigi gefið, að samvinna milli ráðgjafa og þingsins yrði öllu betri en nú milli landshöfðingja og þingsins, þar sem búast mætti við því, að hinir ráðgjafaruir gætu greitt atkvæði gegn því, sem hann þó vildi fá framgengt í ríkisráðinu.

Jeg veit að háttv. flutningsm. (V. G.) svarar mjer því, að þá víki ráðgjafinn úr sessi. En hverju erum vjer bættari fyrir það? Ekki fáum vjer málum vorum framgengt fyrir það. En ef ráðgjafinn situr ekki í ríkisráðinu, þá megum vjer eiga víst, að fá þeim málum framgengt, sem hann lofar að veita fylgi sitt.

H. þingm. (V. G.) fór mörgum orðum um ábyrgðarleysi landshöfðingja og benti á, hvernig þjóðin hefði orðið að súpa af því í einu máli, og að nú mundi annað samskonar mál vera á ferðinni; en þar hefir h. þingm. Vestm. (V. G.) blandað saman pólitiskri ábyrgð og embættisábyrgð, og þessi mál eiga ekkert skylt við pólitiska ábyrgð. Þetta vona jeg að h. þm. Vestm. (V. G.) skilji, og, ef hann skilur það ekki, þá skil jeg ekki í því, að hann skyldi fara að hætta sjer út í, að koma með þetta frumv. inn á þing.

Jeg gat ekki höggvið eptir neinu í ræðu h. þm. Rvík. (J. Jenss.), sem jeg fyndi sjerstaka ástæðu til að svara. Hann nefndi frumvarpsleiðina löðrungaleið. En er hjer ekki einmitt verið að fara þessa leið nú, þá leið, er mundi baka oss aukaþing, sem h. þm. Rvík. (J. Jenss.) var svo hræddur við, og ef nú er eigi verið að löðrunga þing og þjóð, þá veit jeg ekki hve nær slíkt má verða.

H. þm. Rvík. (J. Jenss.) sagðist ekki vera faðir frumvarpsins, og er það satt, en af því að hann er sá eini, sem hefir mælt því málbót, þá má þó með rjettu kalla hann guðföður þess.

Flutningsmaður (*Valtýr Guðmundss.*): Jeg býst ekki við, að það hafi mikla þýðingu út af fyrir sig að svara öllum mótbárum hvers einstaks háttv. andmælanda míns, enda er þeim mörgum þannig varið, að þær má draga saman í eitt og svara þeim þannig. — Jeg skal þó fyrst snúa mjer að h. 2. þm. Árn. (Þorl. G.). Hann kvaðst ekki vilja eiga nein eptirkaup við stjórnina um ábyrgðarlög ráðgjafans. En er því ekki einmitt nú svo varið, að vjer verðum að eiga þessi eptirkaup? (*Þorl.*

Guðmundss.: Er nokkur ánægður með það?).

H. þm. N.-Þing. (B. Sv.) líkti ræðu minni við eimreiðarferð. Jeg hef jafnan haft yndi af því, að hlusta á ræður h. þm. N.-Þing. (B. Sv.), en þó verð jeg að segja það, að ræður hans minna mig jafnan á, að jeg sje nærri fossi, og jeg sje að hlusta á niðinn og glymjandann í honum, og að jeg sjái hann þeyta löðri margglitruðu af sólargeislunum, en þegar jeg kem niður fyrir fossinn, sje jeg löðurfroðuna hjaðna brátt og verða að engu. Líkt þessu fer mjer, þegar jeg hlusta á ræður h. þm. N.-Þing. (B. Sv.).

H. þm. N.-Þing. (B. Sv.) kvartaði yfir, að hann hefði ekki fundið þráðinn í ræðu minni. Jeg þarf ekki að kvarta yfir hinu sama, því að gegnum ræðu h. þingm. N.-Þing. (B. Sv.) gengur ætíð þessi margundni rauði þráður, þótt mjer opt hafi virzt svo, þegar jeg hef farið að skoða þessa þræði hans betur, að það væru tómir bláþræðir.

H. þm. N.-Þing. (B. Sv.) sagði, að jeg hefði átt tal við »dómsmálaráðgjafa Islands«. Jeg verð að játa það, að þann ráðgjafa þekki jeg ekki, aptur á móti þekki jeg og veit, að til er Íslandsráðgjafi.

H. þm. N.-Þing. (B. Sv.) kvaðst ætla að taka að eins eitt orð úr frumv. til skoðunar, orðið »sjerstakur« ráðgjafi og hjelt svo um það langa ræðu; en það vill svo óheppilega til fyrir hann, að þetta orð stendur alls ekki í frumv., og öll málalenging hans um það því til ónýtis.

H. þm. N.-Þing. (B. Sv.) og h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) hafa sagt, að með þessu frumv. ætti að löghelga ríkiseininguna, og setu ráðgjafans í ríkisráðinu. H. þingm. er þó víst samþykkur þeirri skoðun, er kemur fram í brjefi landshöfðingja, að samkvæmt 1., 2. og 3. gr. stjórnarskrárinnar og 3. gr. stöðulaganna eigi Íslandsráðgjafi að rjettu lagi ekki að sitja í ríkisráði Dana, þegar um sjerstök Íslands mál er að ræða. Á þessu gerir þetta frumv. enga minnstu breytingu, og því get jeg ekki skilið, hvernig h. þm. N.-Þing. (B. Sv.) fer að segja, að hjer sje verið að löghelga setu ráðgjafans í ríkisráðinu.

Það hefir verið tekið fram, að þótt ráðgjafinn mætti á alþingi, gæti hann ekki sagt nema að eins sína skoðun á málunum, og sinn vilja; ríkisráðið gæti eins eptir sem áður ráðið lagasynjunum. Þetta má segja, þegar allt á til að tína. En þá má eins segja, að þótt ráðgjafinn eigi ekki sæti í ríkisráðinu, þá sje eigi að heldur víst, að lög fái staðfestingu, hvað feginn sem hann vildi; konungi sje jafnan innanhandar að neita að undirskrifa lögin, já, geti neitað að staðfesta það, sem allt ríkisráðið vill. Afleiðingin af slíku framferði, gagnvart ríkisráðinu, yrði sú, að stjórnin viki frá völdum, og sama yrði um Íslandsráðgjafa, þegar hann mætti sams konar mótspyrnu. Menn geta slegið öðru eins og þessu fram, en ef þeir vilja yfirvega það með skynsemi og stillingu, þá vona jeg að þeir sannfærist um að slíkur fyrirsláttur er þýðingarlaus. H. þm. N.-Þing. (B. Sv.) sagði, að ráðgjafinn gæti hrætt alþing með ríkisráðinu. Það getur verið að hann gæti hrætt h. þm. N. Þing. (B. Sv.), en fáa aðra mun hann geta hrætt, ef þeir eru sannfærðir um, að mál sitt er á góðum grundvelli byggt. Jeg hygg, að málinu mundi haldið til streitu, þangað til að meiri hlutinn í báðum deildum væri unninn fyrir það, og þá mundi ráðgjafinn verða að víkja, ef hann vildi eigi beygja sig fyrir þingviljanum. Vjer þurfum ekki annað en líta til Danmerkur, til að sannfærast

um þetta; þrátt fyrir allt og allt, hefir enginn ráðgjafi þar treyst sjer til að sitja kyr í sessi, nema að hann hefði með sjer meiri hluta að minnsta kosti í öðru hvoru þinginu.

H. þm. N.-Þing. (B. Sv.) kvað oss geta fengið sjerstakan ráðgjafa án breytinga á stjórnarskránni, en Danir eru nú ekki þeirrar skoðunar. Ennfremur sagði hann það liggja í hugmyndinni »ráðgjafi«, að hann hlyti að sitja í ríkisráðinu; þessu get jeg ekki verið samdóma, og að undanförnu hefir sú skoðun eigi verið ríkjandi hjer. Þótt slíkt megi segja um danska ráðgjafa, þá gildir það ekki um ísl. ráðgjafa, því vor stjórnarskrá þekkir ekkert ríkisráð. Að slíkt liggi í hugmyndinni »ráðgjafi«, verður því ekki sagt, nema menn vilji viðurkenna, að grundvallarlög Dana gildi hjer á landi. Annars finnst mjer það sízt sitja á h. þm. N.-Þing. (B. Sv.) að amast svo mjög við setu ráðgjafans í ríkisráðinu, þar sem hann sjálfur hefir haldið því fram, að hann skyldi sitja þar. (*B. Sv.*: Hve nær?). Jeg ætla að það væri 1869, (*B. Sv.*: Já, á undan stöðulögunum). H. þm. N.-Þing. (B. Sv.) heldur því fram, að þetta frumv. fari fram á að draga valdið út úr landinu, og kyrkja það, og þó er hann landsh. þakklátur fyrir tillögur hans. Jeg skil ekki í, hvernig þetta tvennt verður samrýmt; því að, hvað hefir landshöfðingi lagt til í brjefi sínu? Hann hefir lagt á móti því, að ráðgjafinn hafi búsetu hjer á landi, hann telur slíkt fyrirkomulag óhugsandi; svona djúpt tekur landshöfðingi í árinni, sá maður, sem bezt ætti að vita, hverja þýðingu búseta ráðgjafans hefir hjer; hann hefir einmitt lagt það til, að ráðgjafinn sje búsettur í Danmörku. Ef menn eru nú þakklátir landshöfðingja fyrir þetta, þá sæmir það miður, að tala ókvæðisorðum um frumv. fyrir hið sama.

Margir hafa haft það á móti frv. þessu, að rjettarbætur þess sjeu svo þýðingarlitlar. Það hefir jafnan verið sagt, að stjórnin sjálf hafi það álit á þeim.

Þetta er ekki rjett, stjórnin hefir að eins sagt, að óvíst væri, að alþingi þætti þær ráðstafanir, sem hún mundi vilja gjöra, nokkurs virði.

Eins og jeg hef áður tekið fram, hafa ýmsir h. þingdm. látið í ljósi þakklæti sitt við landshöfðingja fyrir tillögur hans við stjórnina. Nú segir hann svo í þessum tillögum: »En allir þingmenn, hvort sem þeir eru framhaldsmenn eða íhaldsmenn, jafnt þjóðkjörnir sem konungkjörnir, eru samhuga í því að óska þess, og skoða það sem stórt stig til úrgreiðslu hins umrædda máls:

Að skipaður sje fyrir Ísland sjerstakur ráðgjafi, er mæti á alþingi;

Að eigi sjeu borin upp í ríkisráðinu og lögð undir atkvæði þess lög þau og stjórnarathafnir, er snerta sjerstök málefni Íslands, og

Að ráðgjafinn fyrir Ísland beri ábyrgð gagnvart þinginu, eigi einungis á því, að stjórnarskráin sje haldin, heldur og á embættisfærslu sinni yfirleitt«.

Nú eru ýmsir hjer í salnum að berjast með hnúum og hnefum á móti frv., sem hefir að geyma einmitt þessi atriði, er landshöfðingi segir að allir, jafnt íhaldsmenn og framhaldsmenn, sjeu samhuga í að skoða sem stórt stig til úrgreiðslu stjórnarskrármálsins. Þetta kemur nokkuð undarlega fyrir, það er eins og þessir menn álíti að landshöfðingi hafi farið með þvaður til stjórnarinnar. Jeg skal enn taka það fram, að jeg vona að menn sannfærist við rólega yfirvegun um það, að seta ráðgjafans í ríkisráðinu kemur stjórnarskrárbreytingum ekkert við, og það eigi alls eigi við, að taka nein ákvæði af eða á um hana upp í þetta frumv. Jeg vona þetta því fremur, sem mjer skilst þó svo sem

andmælendur mínir sjeu samdóma hæstv. landsh. í því að ráðgjafinn samkvæmt hinni núgildandi stjórnarskrá eigi ekki að sitja í ríkisráðinu. Hvaða þýðingu hefir það þá, að breyta stjórnskránni í þeirri grein, úr því að það stendur einmitt í henni nú, sem við viljum vera láta? Það getur verið, að menn vilji ekki viðurkenna þetta, en þá hljóta þeir eptir mínum skilningi að vera meira eða minna blindaðir.

Þá hefir töluvert verið talað um aðferðina í máli þessu, hún hefir þótt óhæfileg, og jafnvel þótt ástæða til að vísa málinu frá fyrir þá sök eina. En hvernig er svo þessi aðferð? Engin önnur en sú, að hjer kemur fram frv. frá einum af þm. Er slíkt ekki alvenja? En svo hefir líka komið fram yfirlýsing frá fulltrúa stjórnarinnar um það, hvernig stjórnin mundi taka þessu frumv. Þetta er ekki heldur nein nýjung; fulltrúi stjórnarinnar hefir fyr lýst því yfir, hvernig stjórnin mundi taka í málaleitanir þingsins í ekki svo fáum málum.

Þá hefir það verið fundið frv. þessu til foráttu af sumum h. þm., að þeir kynnu ekki við, að einstakir þingmenn færu að »makka« við stjórnina. Það er eins og hjer sjeu hálfgerð börn að tala; eins og það sje ekki siður í hverju einasta landi, annarstaðar en hjer, að einstakir þingmenn tali við stjórn sína; hjer er slíku, því miður, svo lítt að heilsa, af því að það er svo örðugt fyrir flesta þingmenn að ná til stjórnarinnar. Jeg hef talað við ráðgjafann sem þingmaður, og eigi sem privatmaður, en það er eins og gengið sje út frá því, að frá þingsins hálfu megi enginn tala við ráðgjafann, annar en hinn ábyrgðarlausi landshöfðingi. Mjer þykir það miklu fremur þakka-vert en víta, að einhver taki sig fram að túlka mál vort fyrir ráðgjafanum, þegar hinn rjetti aðili gjörir sjer ekki svo mikið far um það, að hann fari á fund stjórnarinnar og tali við hana. Ekkert slíkt hefir hann gjört, heldur látið sjer nægja það, að senda henni eitt stutt brjef; hann má þó vita, að ráðgjafinn les hvorki þingtíðindin nje blöð vor, svo að eigi veit hann af því, hvað vjer ræðum um vor mestu áhugamál; það er því ekki vanþörf að vekja sjerstaklega athygli ráðgjafans á þeim, og jeg sje ekki betur, en að eðlilegt væri að landsmenn væru þakklátari þeim, sem reyna að vinna Íslandsmálum gagn, en hinum, sem sitja iðjulausir og hafast ekki að, þótt skyldan bjóði.

Jeg hef í allan dag verið að bíða eptir því, að fulltrúi stjórnarinnar ljeti til sín heyra í máli þessu (*Landsh.*: Hef gjört það); hæstv. landsh. hefir ekki gjört annað en að lesa upp yfirlýsing stjórnarinnar; hann hafði engu þar við að bæta, og hafði jeg þó ætlað, að það væri ætlunarverk hans að skýra málið, og reyna til að koma á samvinnu milli stjórnar og þings. En svo virðist sem hann sje hjer annarar skoðunar, og að hann skoði sig sem nokkurs konar brjefbera stjórnarinnar, og meira ekki, eða þannig hefir hann enn komið fram. Þetta vil jeg að komi skýrt fram, svo að bæði þjóð og stjórn taki eptir því. Stjórnin mun án efa ætlast til þess, að fulltrúi hennar semji við þingið fyrir hennar hönd. En mjer hefir fundizt of mjög kenna þess, sem einn mikilsvirtur blaðamaður ritaði í frjettakafla í blaði í Ameríku, að sjer virtist stjórnin fulltrúalaus á þinginu. Og þetta ástand vilja menn halda fast við.

Þótt frumv. mitt fari fram á hinar sömu rjettarbætur og hæstv. landsh. í brjefi sínu til stjórnarinnar, þá hefir ekki komið fram nein tilraun frá hans hálfu, að styðja frumv. H. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) tók það fram, að

þrátt fyrir yfirlýsing hæstv. landsh. væri engin trygging fengin fyrir því, að ráðgjafi Íslands yrði ekki einnig eptirleiðis jafnframt dómsmálaráðgjafi Dana. *(Guðl. Guðm.:* Ekki næg trygging). Já, jeg veit ekki, hvað h. þm. (Guðl. G.) kallar næga trygging, en viðunandi vona jeg að honum finnist hún.

H. þm. (Guðl. G.) spurði um sambandið milli 4. gr. frumv. og 61. gr. stjórnarskrárinnar, og vildi líkja því við hrossakaup, og kvað hann slíkt vera nýtt í stjórnmálum. En jeg held það sje einmitt ekkert nýmæli þar; vjer vitum víst allir að einn hinn mesti stjórnmálagarpur álfu vorrar, Bismarck gamli, hefir alla sína æfi fylgt reglunni, do ut des, og lýst því yfir, að það væri sín pólitiska lífsregla. En það, sem fyrir mjer vakti, var samt ekki neitt þess háttar, heldur álít jeg, að ákvæðið í 61. gr. sje ekki svo hollt fyrir oss. Það getur orðið nokkuð tvíeggjað sverð. Það má að vísu skoða það sem dálitla þvingun á góða og samvizkusama stjórn, þannig, að hún geti leiðzt hálfnauðug til að samþykkja stjórnarskrárbreyting, af því að hún vilji spara þjóðinni fyrirsjáanlegan kostnað við aukaþing. En ákvæðið getur líka orðið vopn á þjóðina sjálfa; það getur þreytt hana í baráttunni við þráláta stjórn, og jeg hygg, að öllu samanlögðu sje ákvæðið viðsjárverðara fyrir þjóðina en stjórnina.

Þá hefir af sumum verið lögð nokkur áherzla á það, að eptir yfirlýsing hæstv. landsh. ætti stjórnarbaráttunni að vera lokið, að minnsta kosti í bráð, ef stjórnin sýndi nú tilslökun. Er það ekki sjálfsagt, að því að eins sjeu samningar gjörðir um ágreiningsefni, að von sje til að ágreiningnum linni við samninginn. Mjer sýnist það því harla eðlilegt, að stjórnin lofi því að eins að samþykkja nú stjórnarskrárbreyting, að hún megi vænti þess, að stjórnarbaráttunni verði ekki haldið áfram eins eptir sem áður. Þar sem talað var um rjettargeymslur, mun það vera svo að skilja, að eigi megi vera tekið fram í stjórnarskrárfumvarpinu annað eins og það, að endurskoðun þessarar nýju stjórnarskrár skuli framfara svo og svo fljótt. En með því eru hendur þingsins ekki bundnar í framtíðinni, enda er slíkt eigi unnt.

H. 1. þm. Arn. (Tr. G.) tók það fram, að hann hefði aldrei viljað láta sjer nægja svona litlar breytingar. H. þm. (Tr. G.) heyrir þá ekki undir þá alla þm., sem hæstv. landsh. nefndi, og sízt hefði jeg búizt við þessari yfirlýsing af h. þm. (Tr. G.), því að hann hefir svo opt lýst því yfir áður bæði utan þings og innan, að það sem vjer þyrftum að fá, væri sjerstakur ráðgjafi, og annað ekki. En nú segir hann það vera að einskis skapi. Við það kemst hann í fremur óþægilega mótsögn við það, sem stendur í landshöfðingjabrefinu, að það sje vilji allra, jafnt þjóðkjörinna þingmanna sem konungkjörinna, að öðlast það, sem frumv. fer fram á. En máske er þá breytingin á 61. gr. mestur þyrnir í augum manna. Sje svo, má athuga hana betur í nefndinni. Það kemur annars ljóslega fram í þessu máli, að ýmsir hafa tekið það í sig, að vilja ei láta það fá framgang, heldur vinna því sem mest ógagn. Þeir eru að leita að hugsanlegum agnúum á frumv., og ganga þar svo langt, að þeir komast í hina mestu mótsögn við sjálfa sig; þeir eru allt af þakka ldhs. fyrir alveg hið sama, sem þeir víta mig fyrir.

H. þm. Strand. (Guðj. G.) spurði, hver annar vegur væri til að fá ráðgjafann úr ríkisráðinu, en sá, að gjöra stjórnarskrárbreyting. Jeg er búinn að sýna það og sanna, að til þess þarf

enga stjórnarskrárbreyting, því að stjórnarskráin heimilar honum ekki sæti þar. Vjer verðum að fá því framgengt á annan hátt, og vegurinn er sá, að krefjast þess í sífellu, að hann sje ekki látinn hafa þar sæti, og láta eigi af þeim kröfum, fyr en vjer fáum vilja vorn.

H. þm. (Guðj. G.) sagði, að jeg mætti eigi vitna í þingmálafundagjörðirnar, en þrátt fyrir bann hans verð jeg að gjöra það enn einu sinni. Flestir þingmálafundir hafa lýst því yfir, að ef eitthvert tilboð kæmi frá stjórninni — og jeg skoða yfirlýsing hæstv. landshöfðingja sem tilboð, — þá skyldi þingið eigi hafna því án yfirvegunar. Jeg ætla að þingmálafundirnir hafi, þegar þeir gjörðu þessa ályktun, einmitt haft það í huga, sem jeg hafði skrifað þingmönnum, eptir að jeg hafði kynnt mjer vilja stjórnarinnar. Eins og kunnugt er, var þetta brjef mitt birt þjóðinni, og því hef jeg beina ástæðu til að ímynda mjer, að þingmálafundirnir hafi ekki gjört ályktanir sínar út í bláinn, heldur haft í huga, þegar þeir gerðu ályktanir sínar, þau atriði, sem tekin eru fram í brjefinu, eða með öðrum orðum, þau atriði, sem frumv. felur í sjer.

Jeg veit reyndar ekki, hvern veg stjórnin muni velja, ef þingið hafnar frumv. þessu, en gera mætti ráð fyrir að hún skoðaði það svo mikla ókurteisi við sig, að hún mundi að sínu leyti grafa málið um langan aldur. Þó gæti jeg og hugsað mjer, að góð stjórn og samvizkusöm, stjórn, sem væri kunnug landi og ljeti sjer annt um hag þess, mundi með þingmálafundargjörðirnar fyrir augum leysa upp þingið, og gefa þjóðinni kost á að láta vilja sinn í þessu máli í ljós við nýjar kosningar. Þetta mundi sú stjórn gjöra, sem kunnug væri högum landsins, en jeg læt ósagt að vor stjórn gjöri það. Þó ætti það að herða á henni, að hún hefir fengið skýra yfirlýsing frá hæstv. landsnöfðingja um, að ástandið, eins og það er nú, sje til mikillar hindrunar heillavænlegri samvinnu milli stjórnarinnar og hinnar íslenzku þjóðar. Það væri því ekki óliklegt, að hún vildi ekki nema staðar við þessa einu tilraun til að kippa þessu í lag.

H. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) tók það fram, að jeg blandaði saman pólitiskri ábyrgð og embættisábyrgð. En h. þm. (Kl. J.) verður að athuga það, að eptir frumv. mínu á ráðgjafinn að bera ábyrgð á gjörðum embættismanna sinna, en í Fensmarksmálinu strandaði allt á því, að nú á ráðgjafinn ekki að bera ábyrgð á öðru en stjórnarskrárbrotum, svo að jeg sje ekki betur en að það, sem jeg sagði áður um það mál, sje á góðum rökum byggt.

Jeg mun nú hafa komið við flest höfuðatriðin í ræðum andmælenda minna. Jeg hef áður svarað ýmsu hjá þeim, en þeir eigi tekið sönsum, og býst jeg eigi við að þeir gjöri það fremur nú. Það lítur nærri svo út, sem það vaki ekki fyrir h. deild, að vilja leiða stjórnarskrármálið heppilega til lykta. Mun hjer vera komin inn í þingið alda, sem berst áfram af einhverjum öðrum öflum en umhyggju fyrir velferð þjóðarinnar? Jeg spyr svo, þegar jeg heyri að menn fara að hengja sig svo fast í formur, að þeir formsins vegna vilja ekki lofa máli að koma í nefnd, þótt þeir játi að efnisins vegna vilji þeir það. Jeg verð svo á að líta, að hjer sje ekki verið að hugsa um, hvernig stjórnarbótin verði til lykta leidd, heldur eitthvað annað, því að auðvitað gerði frv. sama gagn, er út úr þingi kæmi, hvert sem form þess hefði verið, þegar það kom inn á þingið, að eins að það hafi á lögfullan hátt komið inn á þing og gengið gegnum það. En enginn mun annað geta

sagt um þetta frumv., en að það sje löglega upp borið.

Því hefir verið kastað fram, að jeg muni hafa dregið úr kröfum vorum í viðræðum mínum við ráðgjafann. Það vill nú svo vel til, að jeg á allhægt með að sýna að þetta er ekki á rökum byggt. Eptir síðasta þing áleit jeg skyldu mína að leggja ekki hendur í skaut, heldur reyna að vinna eptir megni að því, að þoka sjálfstjórnarmáli voru áleiðis. Í þeim tilgangi var það, að jeg hjelt í Kaupmannahöfn fyrirlestur minn um mál þetta, þann er prentaður, er í »Eimreiðinni«, að öllu óbreyttur frá því jeg hjelt hann. Jeg bauð bæði stjórn vorri og ýmsum málsmetandi mönnum meðal Dana að hlusta á fyrirlesturinn, vonaði jeg með því að vekja athygli og áhuga Dana á málinu, og knýja stjórnina til að láta það eitthvað til sín taka, og sú von brást ekki. Fyrirlesturinn er nú svo mörgum kunnur, að hann er mjer bezt vitni um framkomu mína og kröfur, og hvort jeg hef dregið dulur á, hver væri alþjóðarviljinn hjer á landi í þessu máli. En eins og jeg hef skýrt frá áður, þá hef jeg sniðið frumv. mitt eptir því, sem jeg áleit vænlegast til framgangs; jeg hef tekið inn í það þau atriði, sem jeg tel oss allra nauðsynlegust, og jafnframt líklegt að vjer mundum fá.

Jeg er á sama máli og hæstv. ldsh., að jeg álít rjettarástand vort svo slæmt, að mjer sýnist harla vel tilvinnandi að fá þær rjettarbætur, sem frv. geymir, þótt eigi sjeu þær að öllu fullkomnar eða fullnægjandi.

Jeg tek það enn að nýju fram, að tillögur mínar eru hinar sömu og tillögur hæstv. landsh. í brjefi hans til stjórnarinnar, að undanskildri breytingunni á 61. gr. stjórnarskrárinnar, og tillögunni um að ráðgjafinn skuli ekki sitja í ríkisráðinu, sem liggur fyrir utan alla stjórnarskrárbreyting.

Jeg skal svo ekki orðlengja þetta, en vona að h. deild hugsi sig tvisvar eða optar um, áður en hún slær hendinni á móti tilboði stjórnarinnar. En hvort h. deild vill halda fram frumv. mínu eða semja annað heppilegar orðað, sem sje aðgengilegt fyrir stjórnina, það stendur mjer á sama; jeg óska þess eins, að til lykta verði leidd hin óheillasama barátta milli þjóðar og stjórnar; að því vil jeg að mínu leyti styðja, og veita fylgi mitt því, sem jeg álít að til þess leiði, hvort sem það er með þessu frumv. eða einhverju öðru.

Einar Jónsson: Jeg ætla mjer ekki að fara neitt út í efnið í frv. þessu. Það hefir þegar verið rækilega gjört, en með því að rætt er um að kjósa nefnd í málið, vil jeg gjarnan gjöra grein fyrir atkv. mínu viðvíkjandi slíkri nefnd.

Árið 1895 gekk jeg inn á að gefa atkv. mitt með þingsál.till. í stjórnarskrármálinu, í von um að sú aðferð, sem hún var byggð á, mundi leiða til samkomulags milli þings og stjórnar í málinu. Þetta frv. er nú ávöxturinn af þeirri tillögu. Ávöxtur þessi er að vísu lítilfjörlegur, en hann er þó svo mikill, að stjórnin hefir nú eigi talið sig ófúsa til, að ganga að nokkurri breytingu á stjórnarfari voru, þótt lítil sje, eins og sjá má af yfirlýsingu þeirri, er hæstv. landsh. las upp, en áður hefir hún ætíð sagt þvert nei við öllum breytingum á stjórnarskrá vorri.

En það er annað atriði, sem jeg gjarnan vildi vekja máls á um leið, og það er það, að í frv. þessu kemur fram allt önnur stefna í stjórnarbaráttu vorri, en áður hefir verið fylgt, sú stefna, að krefjast eigi alls í einu, er vjer álítum að

þurfi til þess að koma stjórnarfari voru í rjett horf, heldur reyna að ná smátt og smátt einstökum atriðum, og sætta oss jafnvel við, að taka hið minnsta, sem til bóta horfir og hægt er að fá, enda þótt lítið sje, en eins og kunnugt er hefir sú stefna verið ríkjandi undanfarandi tíma í stjórnarbótarmálinu, að setja fram hið fullkomnasta stjórnarfyrirkomulag, sem vjer höfum kunnað um að biðja, og krefjast svo þess og einskis annars. Jeg álít nú ekki rjett, að taka þessari nýju stefnu eins óþyrmilega og gjört hefir verið hjer í deildinni, þar sem hún óneitanlega getur leitt til mikilvægra umbóta á stjórnarháttum vorum, ef rjett er með farið, og einmitt af því, að þessi stefna kemur nú fram í fyrsta sinn með nokkru fylgi hjer á þinginu, þá álít jeg það rjett, að sinna henni þó svo mikið, að setja nefnd til að athuga hana.

Það er ekki svo að skilja, að jeg sje frv. samþykkur eins og það er, nje búist við, að það verði lagað svo á þeim grundvelli, sem það byggir á, að jeg geti á þessu þingi gefið því atkv. mitt. En jeg vil gjarnan að nefnd verði sett, til þess að íhuga, hvað þetta þing muni geta bezt gjört í stjórnarbótarmálinu eins og það horfir nú við. Það eru, eins og menn vita talsverð veðrabrigði í þessu máli nú hjer á landi. Eitt hjerlent blað hefir í fullri alvöru haldið fram algjörðum aðskilnaði, og jeg veit til þess, að ýmsir hallast að þeirri skoðun. Aptur eru aðrir, er fylgja fram stjórnarfyrirkomulagi því, er frv. frá 1885 og 1893 halda fram, og sem er hið fullkomnasta, er höfundar þess hafa getað fundið út og vilja annaðhvort það, eða ekki neitt; að minnsta kosti ekki neitt minna en það, og loks kemur nú þetta frv. og þeir, sem því fylgja, með þá stefnu, að feta sig áfram stig af stigi í stjórnarbótarmálinu.

Þessi veðrabrigði eru skýr, og fyrst um svona mikinn stefnumun er að ræða í máli þessu, þá virðist mjer full ástæða til að setja nefnd, til þess að íhuga, hvað gjöra skuli og gjarnan tengja þá nefndarskipun við þetta frv. Hlutverk nefndarinnar vildi jeg svo helzt að yrði það, að komast að fastri niðurstöðu um það, hvað nú yrði heppilegast gjört til samkomulags milli þings og stjórnar í málinu, og æskilegasta niðurstaðan væri að mínu áliti sú, að skipuð væri milliþinganefnd í málið.

Það hefir áður verið sett milliþinganefnd í mikilsvarðandi mál, skattamál o. fl., en það hefir aldrei verið gjört í stjórnarskrármálinu, þó að það sje ekki minna vert. Og með því að mál þetta hefir aldrei fyr horft eins við og nú, þar sem þessar 3 stefnur eru nú ríkjandi í því meir en áður, þá virðist aldrei hafa verið eins mikil þörf á því, að fá það í hendur milliþinganefnd. Þessi milliþinganefnd gæti gjarnan verið skipuð Íslendingum einum, en jeg hygg það gæti einnig orðið vænlegt til samkomulags, að hún væri skipuð bæði Dönum og Íslendingum. Nefnd sú ætti svo að hafa málið undirbúið undir næsta þing.

Jeg mun því, sem sagt, greiða atkv. með nefnd í máli þessu, án þess að jeg búist við, að geta greitt atkv. með þessu frv., þó að það væri eitthvað lagað, nje búizt við, að það geti gengið í gegnum deildina. En jeg álít rjettast, að hin nýja stefna, sem frv. fylgir, sje athuguð og rædd sem bezt, en ekkert frv. að þessu sinni samþykkt, er á þeirri stefnu sje byggt. Það vil jeg eigi að gjört sje, fyr en þjóðinni hefir verið gefinn kostur á, að hugleiða hvernig henni fellur sú stefna í geð.

Landshöfðingi. Jeg skal leyfa mjer að gjöra að eins stutta athugasemd út af orðum h. þm. Vestm. (V. G.), þar sem hann álasar mjer mikillega fyrir það, að jeg

ekki hafi mælt með frv. hans, og bar mjer á brýn, að stjórnin hefði ekki neinn eiginlegan fulltrúa á þinginu.

Jeg skal í þessu sambandi geta þess, að þetta frv., sem hjer er um að ræða, er þingmannsfrv., en flutningsm. (V. G.) hefir ekki fengið neitt umboð frá stjórninni til að bera það upp. Jeg get því ekki fundið mjer skylt að mæla fram með því, enda hef jeg ekki fengið neina áskorun til þess, heldur að eins til að lýsa yfir afstöðu ráðgjafans til þess, og það hef jeg gjört. En frá eigin brjósti get jeg ekki mælt fram með því.

H. flutningsm. (V. G.) hefir haldið því fram, að frv. væri alveg sama innihalds, sem mín tillaga; en hann hefir ekki viljað sjá, að aðalatriðið í tillögu minni var það, að hin sjerstöku málefni Íslands væru ekki borin upp í ríkisráðinu, því að minni hyggju getur þessi breyting ekki gjört mikið gagn meðan svo er. Þar sem h. þm. Vestm. (V. G.) gat þess, að ríkisráðið mundi ekki hafna tillögum ráðgjafa Íslands, þá þykir mjer hann gjöra of mikið úr valdi hans. Tökum að eins t. d. dagskrána í dag. Það er auðvitað, að ráðgjafinn getur lýst því afdráttarlaust yfir á þingi, að lagafrv. um brúargjörð á Lagarfljóti skuli öðlast lagagildi, en um frv. um kjörgengi kvenna er nokkuð öðru máli að gegna; að því er það frv. snertir, efast jeg mjög um, að hann þyrði að lofa afdráttarlaust á þinginu, að það skyldi öðlast konunglega staðfestingu, því um það gæti vel hugsazt, að ríkisráðið væri mótfallið staðfesting þess, þar sem kvennfólk í Danmörku ekki einu sinni hefir kosningarrjett. H. þm. Vestm. (V. G.) sagði ennfremur, að ef ráðgjafi ekki fengi mál sitt fram í ríkisráðinu, þá yrði hann að fara frá. En við þessu get jeg sagt alveg það sama, sem h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.), nfl. það, að vafasamt er, hvort Danir mundu fúsir á að veita eptir laun mörgum ráðgjöfum Íslands, ef þeir alltaf eru að fara frá, enda höfum við ekki svo miklar birgðir af ráðgjafaefnum, að það sje hægt að skipta mjög opt um.

Jeg hef alltaf álitið, að það eigi ekki við, að danskur ráðgjafi greiði atkvæði um íslenzk mál. Hins vegar er það eins »absurd« að íslenzkur ráðgjafi greiði atkv. um dönsk mál.

Það er ekki langt að minnast, að litið tilefni velti ráðaneytinu úr sessi í Danmörku, sem sje spurningin um 2 þús. kr. styrk til friðarfundarins í Bern og lítilsháttar niðursetning á rentum af seldum þjóðeignum. Það væri í meira lagi óviðeigandi, að íslenzkur ráðgjafi, þegar svona stendur á, gæti með atkv. sínu orðið þess valdandi, að allt ráðaneytið og hann með ylti úr tigninni út af málefni, sem er Íslandi alveg óviðkomandi. Svo er enn fleira að taka tillit til, svo sem ábyrgðin. Jeg get ekki álitið það rjett, að fólksþingið geti komið fram ábyrgð gegn Íslandsráðgjafanum út af stjórn hans á hinum sjerstaklegu íslenzku málum og höfðað mál á hendur honum, ef það álítur, að hann ekki hafi beitt valdi sínu rjett og bolað hann burt vegna þess. Hið sama er að segja um alþing líka. Ef hann vill ekki gjöra það, sem alþingi heimtar, þá getur það höfðað mál á móti honum fyrir hæstarjetti, en ef hann lætur að óskum þess, þá getur hann átt á hættu, að fólksþingið höfði mál á móti honum fyrir ríkisrjetti. Þessi staða finnst mjer vera með svo miklum tvíveðrungi, að jeg get ekki skilið, að maður, sem væri svona milli steins og sleggju, gæti gjört fullkomið gagn. Enn fremur er það að athuga, að þegar ráðgjafinn situr í ríkisráðinu, þá verður hann að fara frá um leið og hinir ráðgjafarnir, þó honum semji í bezta máta við þingið, og það óski að halda honum.

Af þessum ástæðum get jeg ekki mælt með frv. og finn mjer ekki skylt að gjöra það.

Þar sem h. þm. Vestm. (V. G.) tók það fram, að jeg vanrækti að semja við þingið í þessu máli, þá skal jeg leyfa mjer að geta þess, að jeg hef enga skipun fengið frá ráðgjafanum til þess. Og úr því að frv. þetta hefir komið þannig fram, get jeg ekki gefið því mín meðmæli.

Flutningsmaður (*Valtýr Guðmundsson*): Jeg er hæstv. landsh. þakklátur fyrir skýringar þær, er hann hefir gefið í þessu máli. Jeg hef skoðað það sjálfsagt í hverju máli, að fulltrúinn semdi við þingið í anda stjórnarinnar. Stjórnin á að leiða þingið ef duga skal. En nú er auðsjeð, bæði af yfirlýsingum hæstv. landsh., að stjórnin vill þessi málalok og því finnst mjer umboðsmanni hennar skylt að styðja að því, að það gæti orðið, sem hjer er farið fram á. En hins vegar dettur mjer ekki annað í hug, en að virða hina persónulegu sannfæringu fulltrúa stjórnarinnar, þótt jeg álíti vafasamt, hvort hann sem fulltrúi stjórnarinnar sje eins settur og þingmenn með það, að vera að eins bundinn við sannfæringu sína. En í aðalspursmálinu, nfl. um að ráðgjafinn eigi ekki að sitja í ríkisráðinu, erum við alveg á sama máli. Jeg hef þegar áður tekið fram alla hina sömu agnúa á málinu. Jeg hef tekið þá fram við ráðgjafann. En hvað stoðar það, þegar mótparturinn lætur ekki sannfærast og er sjálfur dómari í málinu. En þótt maður geti ekki fengið framgengt eins miklu og maður gjarnan vildi óska, þá er þó ætíð betra að fá lítið en ekkert. Betra að feta sig áfram stig af stigi; það dugar ekki að bíða með allt. Vort núverandi ástand þolir ekki slíka bið. Mjer virðist hæstv. landsh. leggja of mikla áherzlu á þýðingu þess í praxis að ráðgjafinn sitji í ríkisráðinu. Það getur að vísu komið fyrir, að það sje bagalegt, en ekki líklegt að slíkt komi opt fyrir í praxis.

Að því er snertir lög, sem innleiða rjettarvenjur, sem ekki eru búnar að ryðja sjer til rúms í Danmörku, t. d. um kjörgengi kvenna, þá er það að vísu satt, að ríkisráðið getur tekið fram fyrir hendur á ráðgjafanum, en ólíklegt er að það mundi gjöra það, ef hann hefir þingið allt að baki sjer. Danskur ráðgjafi hefir þegar samþ. slík lög, sem ganga lengra en löggjöf Dana, t. d. um kosningarrjett kvenna.

En mætti ráðgjafinn mótstöðu hjá ríkisráðinu í þessu efni, mundi hann, ef hann væri í samræmi við meiri hluta alþingis, fara frá, og færi slíkt að tíðkast, svo að margir ráðgjafar hrúguðust á eptirlaun úr ríkissjóði, þá hygg jeg að ríkisþingið mundi fara að segja eitthvað.

Agnúarnir á því, að ráðgjafinn sæti í ríkisráðinu, mundu reynast svo miklir fyrir Dani, að þeir mundu varla vilja hafa hann þar.

Þegar slíkt kæmi fyrir, eins dæmið sem hæstv. landsh. nefndi, um styrkinn til friðarskrifstofunnar í Bern, þá mundi það einmitt verða til þess, að opna augun á Dönum fyrir því, hve óheppilegt það væri, að ráðgjafi Íslands sæti í ríkisráðinu. Þeir mundu fljótt reka sig á þess konar og vilja losna við slíkan íslenzkan ráðgjafa; en þetta reka þeir sig ekki á, meðan danskur ráðgjafi situr í ríkisráðinu. Það kemur ekki fram, fyr en nýr íslenzkur ráðgjafi kemur, þá koma agnúarnir í ljós.

Eini vegurinn til að fá þessa rjettarbót, mun því vera sá, að setja sjerstakan mann inn í ríkisráðið.

Jeg skal svo leyfa mjer að stinga upp á 7 manna nefnd.

ATKVÆÐAGR.: Nefnd samþ. með 13 atkv. móti 10, að viðhöfðu nafnakalli eptir ósk 6 þingmanna, og voru þeir:

Valtýr Guðmundsson,
Björn Sigfússon,
Jón Jensson,
Guðl. Guðmundsson,
Jón Jónsson, þm. Eyf. og
Ólafur Briem.

já:	*nei*:
Einar Jónsson	Klemens Jónsson,
Björn Sigfússon,	Benidikt Sveinsson,
Eiríkur Gíslason,	Guðjón Guðlaugsson,
Guðl. Guðmundss.,	Jón Jónsson, þm.Eyf.
Halld. Daníelsson,	Pjetur Jónsson,
Jens Pálsson,	Sigv. Árnason,
Jón Jensson,	Sigurður Gunnarsson,
J. Jónss. þm.A.-Skf.	Tr. Gunnarsson,
Jón Þórarinsson,	Þórður Guðmundsson,
Ólafur Briem,	Þ. J. Thoroddsen.
Skúli Thoroddsen,	
Valtýr Guðmundss.,	
Þorl. Guðmundsson.	

Þá beiddust 8 þm. þess, að nefnd væri kosin með hlutfallskosningu, og voru þeir: Pjetur Jónsson, Kl. Jónsson, Guðjón Guðlaugsson, Jón Jónsson, þm. Eyf., Sigurður Gunnarsson, B. Sveinsson, Sighv. Árnason og Þorlákur Guðmundsson.

Kosningu í nefndina hlutu:

Benid. Sveinsson,
Kl. Jónsson,
Valtýr Guðmundsson,
Sig. Gunnarsson,
Pjetur Jónsson.

Fleiri fengu eigi næg atkvæði, og var þá kosið um tvo menn óbundnum kosningum, og hafði enginn nægan atkvæðafjölda; var þá enn kosið óbundnum kosningum og hlaut þá kosningu Guðlaugur Guðmundsson með 12 atkv.; fleiri höfðu eigi nægan atkvæðafjölda og var þá kosið bundnum kosningum milli Skúla Thoroddsen og Tryggva Gunnarssonar, er fengið höfðu flest atkvæði þar næst; var þá kosinn:

Skúli Thoroddsen með 14 atkv.

Fyrstu umr. síðan frestað.

Sjöundi fundur, fimmtudag 8. júlí, kl. 12 á hád. Allir á fundi.

Forseti gat þess, að til sín væri komið og yrði lagt fram:

1. Beiðni frá Ísafirði um breytingu á fríkirkjulögunum (3. fylgiskj.).
2. Áskorun frá Ísafirði til alþingis um að það taki verkmannamálið til meðferðar, og gjöri frumv. frá 1893 um greiðslu verklauna í peningum að lögum.
3. Beiðni frá bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar um allt að 10,000 kr. styrk til sjúkrahússbyggingar á Akureyri (8. fylgiskj.).
4. Meðmæli amtsráðs vesturamtsins með fjárveitingu til brúargjörðar á Bakkaá og Hvalsá í Hrútafirði.
5. Beiðni frá Benedikt Oddssyni um 1000 kr. lán til jarðabóta á eignar- og ábúðarjörð sinni Hjarðardal í Ísafjarðarsýslu.
6. Þingmálafundargjörðir úr Reykjavíkurkaupstað.
7. Bænaskrá frá Sigurði Jónssyni í Lambhaga í Skilmannahreppi um styrk til þess að halda áfram lækningum, er hann hefir stundað um nokkur ár (11 vottorð fylgja).
8. Brjef frá Hofforgylder A. W. Mogensen í Kaupmannahöfn, þar sem hann skýrir frá, að málarinn Agnes Lunn hafi í hyggju að gefa málverkasafninu í Reykjavík málverk etc.
9. Þingmálafundargjörðir úr Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.

Tillaga til þingsályktunar um ráðstafanir gegn fjárkláða (C. 172); ein umr.

Flutningsmaður (Guðl. Guðmundsson): Jeg vona, að jeg þurfi ekki að flytja langa ræðu, til að mæla með því að nefnd verði skipuð í þetta mál, til þess að íhuga hvaða ráðstafanir skuli gjöra til að stemma stigu fyrir frekari útbreiðslu þessarar voða-sýki, og lækna hana, þar sem hún þegar er komin. Það er ljóst orðið, að fjárkláði er nú kominn upp aptur í miklum hluta norður- og suðuramtsins, og í nokkrum hluta vesturamtsins. Menn vita eigi enn með vissu, yfir hve stór svæði hann hefir breiðzt, en mönnum er farinn að standa ótti af sýkinni. Mjer er það kunnugt, og það segir sig sjálft, að íbúar þeirra hjeraða, sem kláðinn ekki er kominn í, æskja bráðra og öflugra ráðstafana gegn útbreiðslu hans. Þeir vita það, sem muna hinn eldri kláðann, að bændum stendur stuggur af þessum gesti, og á líta sjer meiri voða búinn af honum en nokkurri annari plágu.

Jeg hefi hugsað mjer, að það yrði verkefni hinnar væntanlegu nefndar, að íhuga löggjöf vora að því er snertir ráðstafanir gegn fjárkláða, og þá sjerstaklega lögin frá 5. janúar 1866. Hin eldri löggjöf, sjerstaklega löggjöfin frá 1871, byggir sínar ákvarðanir á nokkuð annari skoðun á útrýming kláðans, en nú er hin almenna, þar sem þá var að nokkru leyti gjört ráð fyrir niðurskurði hins sjúka fjár, en nú er talið víst að megi útrýma kláðanum með lækningum. Nú eru fundin betri meðul við þessari sýki en áður, og aðferðin við lækninguna orðin fullkomnari og hentugri en áður. Það yrði þá líka verkefni þessarar nefndar, að gjöra ráðstafanir til að nóg baðmeðul fengjust, þegar lækningin byrjaði, svo slóðarnir gætu ekki afsakað sig með því, að þeir hefðu ekki getað fengið þau. Það er líka einmitt heppilegt, að skipa þessa nefnd nú í dag, því auk þess sem nefndin getur nú leitað ráða hjá dýralæknínum, þá er hjer staddur nú í bænum annar maður, sem hefir sýnt mikinn áhuga á þessu máli, og mun geta gefið mörg góð ráð og bendingar. Það er prófastur síra Magnús Andrjesson á Gilsbakka. Mál þetta hefir verið fyrir amtsráðunum í suður- og vesturamtinu og hafa þau lagt til, að gjörðar yrðu ýmsar ráðstafanir til að útrýma sýkinni. Sama hefir amtsráðið í norðuramtinu sjálfsagt líka gjört. Það yrði þá ennfremur verkefni nefndarinnar að kynna sjer þær ráðstafanir.

Jeg hefi hugsað mjer, að kosin yrði 5 manna nefnd, til þess að koma með ákveðnar tillögur í þessu máli, og til þess að sýna þeim stjórnarvöldum, sem fjalla eiga um málið, að það sje eindreginn vilji þingsins, að allt mögulegt verði gjört til þess að útrýma þeim voða, er nú vofir yfir landinu af sýki þessari. Skal jeg svo ekki fara fleiri orðum um þetta mál að sinni, nema sjerstök ástæða knýi mig til þess.

Skúli Thoroddsen: Jeg skal geta þess, að á amtsráðsfundi fyrir Vesturamtið nú í vor var kláðamálið tekið til umræðu. Þar komu fram skýrslur um baðanir í öllum sýslum Vesturamtsins, og þar kom það einnig fram, að sóttnæmur kláði væri kominn upp í öllum sýslunum nema í Ísafjarðarsýslu og vesturhluta Barðastrandarsýslu. Amtsráðið gjörði ýmsar ráðstafanir til þess, að kláðinn yrði læknaður, en ljet jafnframt í ljós, að æskilegt væri, að alþingi semdi ný lög og reglur í þessu máli, svo að amtsráðin og lögregluvaldið fengi meira vald, og hefði fulla heimild til að fyrirskipa baðanir og sótthreinsanir, enda þótt eigi lægju fyrir fullnægjandi sannanir fyrir því, að hinn svo nefndi sóttnæmi fjárkláði væri í einhverju einstöku hjeraði, ef samt sem áður þætti ástæða til slíkra fyrirskip-

ana að öðru leyti. Það er kunnugt, að baðanir voru fyrirskipaðar á næstliðnu hausti, og það er líka kunnugt orðið, að þeim skipunum var ekki nærri alstaðar hlýtt; en þrátt fyrir þessa óhlýðni hefir þó ekki heyrzt, að neinn hafi verið látinn sæta ábyrgð, með því að vafasamt var talið, að full heimild hafi verið til þeirra fyrirskipana, sem gjörðar voru af amtsráðunum.

Jeg mæli þess vegna eindregið með því, að þessi nefnd verði skipuð, enda er það auðsætt, að sauðfjárræktin er þýðingarmesta atriðið í landbúnaði vorum, og því hin brýnasta nauðsyn á, að ráðin verði bót á öllu því, er getur hnekkt henni.

ATKV.GR.: 5 manna nefnd samþ. og í hana kosnir:

Þorlákur Guðmundsson með 19 atkv., Guðlaugur Guðmundsson með 16 atkv., Sighvatur Árnason með 12 atkvæðum, Benidikt Sveinsson með 11 atkv., og Jón Jónsson, 2. þingm. Eyfirð., með 10 atkv.

Till. til þingsályktunar um samgöngumál (C. bls. 172); ein umr.

Flutningsmaður (Klemens Jónsson): Tillaga sú, sem hjer liggur fyrir, er að öllu leyti samhljóða tillögu þeirri í samgöngumálinu, er lögð var fyrir síðasta þing, nema að því, að hjer er lagt til, að nefndin semji tillögur um tilhögun á samgöngum landsins, en 1895 stóð, að hún ætti að íhuga samgöngumál landsins.

Samgöngumálanefndin á síðasta þingi var kosin til þess, að koma fram með ákveðnar tillögur um samgöngumál landsins, því það hafði lýst sjer alvarlega á þingmálafundunum þá um vorið, að æskilegt þótti að koma þeim málum í fast horf, enda voru þau þá á fullkominni ringulreið. Árangurinn af störfum þeirrar nefndar var sá, að gjört var út eimskip á kostnað landssjóðs.

Tillaga sú, er hjer liggur fyrir, er af sömu rótum runnin, enda virðist ekki síður ástæða til að skipa slíka nefnd nú. Það er auðvitað, að fjárlaganefndin, hlýtur að fjalla um samgöngur landsins, en verkefni þeirrar nefndar er að öðru leyti svo mikið, að það er engin von á því, að hún geti tekið þetta mikla mál til eins æskilegrar meðferðar, eins og þörf er á.

Verkefni hinnar væntanlegu samgöngumálanefndar ætti meðal annars að verða það, að íhuga, hvort verja ætti fje til lagningar frjettaþráðar hingað til lands, hvort halda ætti áfram eimskipaútgjörðinni á kostnað landssjóðs eða taka tilboði hins sameinaða gufuskipafjelags um auknar ferðir. Auk þessa hlyti að koma til íhugunar í nefndinni, hvort landssjóður skyldi kosta gufubátaferðir kringum strendur landsins, hvort gufubátarnir skuli vera 2, eins og sumir vilja, eða þá fleiri, 3 eða 4, eins og aðrir stinga upp á.

Áður hefir landssjóður boðið fram fje á móts við hjeruðin til gufubátsferða, en nú hefir það komið fram á þingmálafundunum, að menn vilja, að landssjóður kosti gufubátana eða fjórðungabátana að öllu leyti. Þetta hlyti nefndin að ræða, og íhuga ásamt fleiru, er fram kann að koma snertandi samgöngurnar.

Samvinnan milli hinnar væntanlegu samgöngumálanefndar í ár og fjárlaganefndarinnar yrði vonandi eins góð nú eins og á síðasta þingi eða öllu heldur betri, því að það var sjálfur formaður fjárlaganefndarinnar 1895, sem ekki gat komið sjer saman við samgöngumálanefndina þá, en að öðru leyti fjell allt í ljúfa löð.

Skal jeg svo ekki fara fleiri orðum

um þessa tillögu, nema einhver mótmæli komi fram, sem ástæða væri til að svara.

ATKV.GR.: 5 manna nefnd samþ. og í hana kosnir:

Skúli Thoroddsen með 18 atkvæðum; Klemens Jónsson með 17 atkv.; Jens Pálsson með 15 atkv.; Valtýr Guðmundsson með 11 og Björn Sigfússon með 8 atkv.

Till. til þingsályktunar um menntamál (C. bls. 175); hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á einni umræðu, og var hún samþ. með 21 atkv.

Tillaga til þingsályktunar um millilinganefnd í fátækra- og sveitarstjórnarmálum (C. bls. 173); hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á tveimur umræðum og voru þær samþykktar með 16 atkvæðum.

Tillaga til þingsályktunar um að skipa nefnd til að íhuga, hvað þingið geti gjört til eflingar landbúnaðinum (C. bls. 176); hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á einni umræðu og var hún samþykkt með 21 atkvæði.

Tillaga til þingsályktunar um að skipa nefnd til að íhuga, hvað þingið geti gjört til eflingar sfdvarútveginum (C. bls. 176); hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á einni umræðu, og var hún samþ. með 22 atkv.

Frumv. til laga um brúargerð á Lagarfljóti (C. bls. 172); 1. umr.

Flutningsmaður (*Einar Jónsson*): Eins og kunnugt er, er Lagarfljót eitt af mestu vatnsföllunum hjer á landi. Það rennur í gegnum fjölbyggt hjerað, Fljótsdalshjerað, og er erfitt yfirferðar, þar sem meiri hluta árs verður ekki komizt yfir það öðru vísi en á ferju. — Það er alstaðar breitt og einmitt mjög breitt, þar sem póstvegurinn liggur að því. Það hafa fyrir nokkru síðan komið fram óskir um, að fá brú á fljótið, og landshöfðingi hefir látið verkfræðing landsins, hr. Sigurð Thoroddsen, skoða og velja brúarstæði á því. Hann kemst að þeirri niðurstöðu, að bezt væri að brúa fljótið á svokölluðum »Einhleypingi«, þar sem póstvegurinn liggur að því. Eins og menn vita, er fljótið svo lagað, að efri hluti þess er breiður og djúpur eins og stöðuvatn alla leið ofan úr Fljótsdal og út í Fell. En utarlega í Fellunum myndast grynningar, og er þar kallaður Einhleypingur, og er eigi að hugsa til að brúa það ofar. Þar áleit hr. Sigurður Thoroddsen að mætti byggja tiltölulega ódýra brú á stöplum. Áætlaði hann til þess 55,000 krónum. En af því að hann hafði nauman tíma, þá gat hann ekki rannsakað botninn til hlítar, en hann gerir líka í áætlun sinni um kostnaðinn ráð fyrir fje, til þess að kanna botninn; til þess og nokkurs fleira telur hann í einum pósti 3,400 krónur, og er það falið í hinum 55,000 kr.

Landshöfðingi sendi síðan skoðunargjörð Thoroddsens og áætlun til stjórnarinnar ásamt meðmælum til ráðgjafans um að greiða fyrir málinu, en brúarfræðingur sá, er stjórnin fjekk málið til umsagnar, Windfeld Hansen, áleit, að það væri ekki nægilega undirbúið, sjerstaklega þyrfti að rannsaka botninn til þess að sagt yrði, hvort þar dyggði stöplabrú eða ekki.

Fleira álítur hann ekki nægilega rannsakað, t. d. sjálft brúarstæðið; en Thoroddsen hefir þó valið það á þessum stað, og lýst því skýrt yfir, að hann alíti það á hentugustum stað á Einhleypingi. Samt sem áður telur brúarfræðingurinn danski ekki frágangssök,

að leggja málið fyrir þingið og áætlar kostnaðinn rúmar t. a. m. 60—70 þúsund krónur.

Það mætti að vísu brúa fljótið hjá Rangá, en það er nokkuð úr leið af póstvegi, og hr. Sigurður telur fljótið breiðara þar. Þriðja brúarstæðið, sem gæti komið til tals, er á Litla Steinsvaði; en það er of mikið úr leið fyrir póstinn og einkum fyrir upphjeraðsbúa. — Að vísu yrði sú brú $^1/_3$ styttri en hinar, en Thoroddsen áleit, að þar yrði að vera hengibrú viðlíka dýr og Þjórsárbrúin.

Auðvitað er botninn í Einhleypingi, sem sagt, ekki nægilega rannsakaður; en Thoroddsen hefir sagt, að ef stöplum yrði ekki komið þar við, þá mætti fá undirstöðu undir brúna með grjóti í sökkvikössum, en það yrði talsvert dýrara, en brúin þó ekki meira en 70,000 kr., þó alstaðar þyrfti að hafa slíka grjótstöpla.

Brúarfræðingnum, Windfeld Hansen, þykir líka athugavert, að ekki er talað um strauma í fljótinu. En jeg get gefið þá upplýsingu, að hjer er varla um neinn straum að ræða. Fljótið er þar nálega lygnt eins og stöðuvatn, og sjest straumurinn að eins, ef einhverju er kastað í það, sem flotið getur. Botninn breytist heldur ekki. Það er einmitt vað á Einhleypingi, sem menn vita ekki til, að hafi breytzt frá alda öðli. Þar er malarbotn og er ólíklegt að hið lausa efni, sem þar hefir safnazt fyrir ofan á klöpp þá, sem eflaust er undir, sje þar ekki nógu djúpt til þess, að reka megi þar niður stöpla, þar til þeir fá nægilega festu. Þær athugasemdir, sem hr. Windfeld Hansen hefir gjört, ættu því ekki að þurfa að verða þessu máli til fyrirstöðu. Engu að síður hafa athugasemdir hans gjört það að verkum, að ráðgjafinn hefir ekki sjeð sjer fært, að leggja fyrir alþingi, að þessu sinni, frumv. um brúargjörð á Lagarfljóti.

En Austfirðingar höfðu heyrt um tillögur landshöfðingjans til stjórnarinnar og vonuðu því, að málið fengi góðar undirtektir og greiðar hjá stjórninni. — Mjer þætti því mjög slæmt, ef jeg þyrfti að bera Austfirðingum þann boðskap, að þingið gæti ekki sinnt þessu áhugamáli þeirra nú, enda vona jeg, að h. þingdeild álíti málið nægilega undirbúið til þess, að óhætt sje að veita þetta fje. Það mun nú álitið rjett, að alþingi veiti fje til þess, að brúa að minnsta kosti eitt stórvatnsfall á hverju fjárhagstímabili, og leyfi jeg mjer því fremur að vænta þess, að Lagarfljót verði tekið fyrir nú, sem Austfirðingar hafa mjög farið á mis við fjárveitingar til vegagjörða og brúargjörða hingað til, og það miklu meira en aðrir landsmenn. Um nauðsyn þess að brúa þetta fljót þarf varla að tala frekara.

Jeg skal samt geta þess, að »fljótið« er afarbreitt og því mjög erfitt og hættulegt að leggja hesta á sund í það, einkum haust og vor, þegar kalt er, og vatnavöxtur er í því. Amtmaðurinn á Akureyri hefir jafnað því, þegar svo stendur á, við Ölfusá hjá Óseyrarnesi, og geta þeir sem þar eru kunnugir hugsað sjer breiddina af því. Það hefir líka opt komið fyrir, að hestar hafa orðið innkulsa í fljótinu og drepizt.

Ef að eins væri hugsað um, að gjöra eina brú á »fljótið«, þá ætti brúin ekki að vera þarna, heldur úti hjá Steinsvaði eða undan Kirkjubæ, en það er vonandi, að samgöngurnar batni svo með tímanum, að fleiri en ein brú komi á stærstu vatnsföll landsins. En á þessum tiltekna stað, Einhleypingi, liggur landssjóði næst að gjöra brú, þar sem hann er á póstleið. Jeg hefi beðið um 75000 kr. til brúarinnar. Það er dálítið hærra

en Thoroddsen áætlaði, og, ef til vill, of hátt, en upphæðinni má æfinlega breyta, ef svo sýnist.

Jeg treysti því að háttv. þingd. leyfi málinu að ganga til 2. umr., og það standi ekki málinu í vegi, að ekki er hægt að ákveða upphæðina alveg nákvæmlega.

Jón Jónsson, 2. þm. Eyfirð.: Það er slæmt, að þetta mikla nauðsynjamál hefir ekki getað komið betur undirbúið inn á þingið, en raun hefir á orðið. Jeg vil þess vegna leggja það til, að nefnd verði sett í málið, sjerstaklega með tilliti til þess, að hjer mun síðar koma annað brúarmál til umræðu, og mætti þá vísa einnig því máli til nefndar, er nú yrði kosin.

Jeg leyfi mjer að stinga upp á 3 manna nefnd.

ATKV.GR.: 3 manna nefnd samþ. og í hana kosnir:

Einar Jónsson með 21 atkvæði; Jón Jónsson, 2. þm. Eyf., með 13 atkv., og Tryggvi Gunnarsson með 12 atkv.

Áttundi fundur, föstudag 9. júlí, kl. 12 á hádegi. Allir á fundi.

Forseti gat þess að hann hefði fengið tilkynning um, að í nefndinni um frumv. til laga um rjett kaupmanna að verzla með áfenga drykki, væri kosinn formaður Jens Pálsson og skrifari Skúli Thoroddsen, og að í samgöngumálanefndinni væri kosinn formaður Klemens Jónsson og skrifari Valtýr Guðmundsson.

Þá gat forseti þess, að til sín væri komið og yrði lagt fram á lestrarsalinn:

1. Beiðni frá sýslumanninum í Arnessýslu, í umboði sýslunefndarinnar til þingmanna sýslunnar, um að þeir styðji að því, að launum yfirsetukvenna verði ljett af sýslusjóðunum og þau lögð á landssjóðinn.
2. Beiðni frá sýslumanninum í Árnessýslu fyrir hönd sýslunefndarinnar til þingmanna sýslunnar um, að þeir hlutist til um að fá framgengt þeirri breytingu á sveitarstjórnarlögunum, að varasýslunefndarmenn verði kosnir fyrir hrepp hvern.
3. Beiðni frá sýslumanninum í Skagafjarðarsýslu, í umboði sýslunefndarinnar, um 25000 króna fjárstyrk til brúarbyggingar á Vestri-Hjeraðsvötnin (2 flg.skj.).

Frumv. til laga um kjörgengi kvenna (C. bls. 172); 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumvarpsgreinin samþ. með 19 samhlj. atkv. Fyrirsögn frumv. samþ. án atkv.gr.

Frumv. vísað til 3. umr. með 20 samhlj. atkv.

Frv. til laga um löggilding verzlunarstaðar á Hjalteyri við Eyjafjörð (C. bls. 173); 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumvarpsgreinin samþ. með 14 samhlj. atkv. Fyrirsögn frumv. samþ. án atkv.gr.

Frumv. vísað til 3. umr. með 17 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um breyting á lögum nr. 8 um vegi 13. apríl 1894 (C. bls. 173, 178); 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumvarpsgreinin samþ. með 18 samhlj. atkv. Breyt.till. á þingskj. 48 (bls. 178) samþ. með 18 samhlj. atkv.

Frumv. þannig breyttu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um brúargjörð á Jökulsá í Axarfirði nálægt Ferjubakka (C. bls. 177); 1. umr.

Flutningsmaður (*Benidikt Sveinsson*): Jeg vil gjarna vera svo fáorður sem unnt er um þetta litla frumv., en þó verð jeg að leyfa mjer að benda á fáein aðalatriði í málinu. Þetta mál er ekki nýtt á þingi. Eins og h. deild mun reka minni til, fluttu h. 1. þm. Eyf. (J. J.), og h. þm. S.-Þing. (P. J.) það inn á síðasta þing; þá var það mjög vel upplýst af h. flutningsm., og hæstv. landsh. var því næsta hlynntur, að eins þóttu honum vanta nægar upplýsingar til að byggja á. Það var í umræðunum gengið út frá því, að brúargjörðin væri harla nauðsynleg, enda mun engum kunnugum dyljast að svo sje, þar sem Jökulsá í Axarfirði er ófær á hesti milli fjalls og fjöru, og hún eigi ferjutæk, nema á þessum eina stað, þar sem ráðgjört er að brúa hana, getur það jafnvel komið fyrir á haustum, vetrum og einkum í vorleysingum, að eigi verður, eða naumast verður, komizt yfir hana á ferju, og teppist þá umferðin á meðan svo stendur. Hinn fyrirhugaði ferjustaður liggur einmitt við aðalumferðarleið 2—3 sveita, og auk þess þarf Skinnastaðaprestur yfir Jökulsá, til að komast í aðra sókn sína. Jeg þekki ekki nokkra á á Íslandi — og er jeg þó allkunnugur — sem meiri nauðsyn sje á að brúa, en einmitt þessa á. Jeg vona að h. deild leggi því meiri áherzlu á orð mín, sem jeg hef búið í Þingeyjarsýslu yfir 20 ár, og optsinnis átt leið yfir Jökulsá á ýmsum tímum árs á embættisferðum, enda vona jeg líka að h. deild láti ekki málið gjalda þess, að hún ætli mig hlutdrægan í því, þar sem jeg nú að öllu er fluttur úr Þingeyjarsýslu, og í fjarlægð, svo að jeg á þess enga von, að jeg persónulega muni geta haft gagn eða hægðarauka af brúnni. Jeg vísa að öðru leyti enn til þess, sem kom fram í málinu af hálfu h. flutningsm. á síðasta þingi, að því er undirbúning málsins snertir, þá var það upplýst, að sýslunefnd Norður-Þingeyjarsýslu hefði útvegað upp á kostnað sýslusjóðsins hinn bezta mann, sem kostur var á, til þess að rannsaka brúarstæðið; þessi maður var Steindór steinhöggvari Bjarnason, maður mætavel að sjer í sinni grein og vanur steinsmíði; hafði hann meðal annars staðið fyrir vandasamri steinbryggjusmíð á Akureyri. Hann skoðaði brúarstæðið mjög nákvæmlega, mældi það, og gerði teikningar af því. Var jeg þar sjálfur viðstaddur og get borið vitni um, að hann ásamt völdum mönnum og kunnugum vatnsvöxtunum í ánni á ýmsum árstímum rannsakaði samvizkusamlega bæði breidd árinnar, og klappirnar og sandana við hana. Eigi að síður gat það talizt eðlilegt, að hæstv. landsh. þætti þetta ekki nægilegur undirbúningur frá formlegu sjónarmiði, þar sem kostur var orðinn á lærðum verkfræðingi til að gjöra undirbúnings-rannsóknina og allt þar að lútandi. Því gjörði hæstv. landsh. og ráðstöfun til þess, að verkfræðingurinn skoðaði brúarstæði á Jökulsá haustið 1895, um leið og hann skoðaði brúarstæðið á Lagarfljóti, og frá honum fylgir nú þessu frumv. staðháttalýsing, teikning af brúnni og kostnaðaráætlun, en hún er ekki dagsett fyr en 22. maí síðastliðinn. Það ítrasta, sem menn gætu hugsað sjer að vantaði á undirbúningsframkvæmd þessa máls, er það, að hæstv. landsh. hefði snúið sjer til stjórnarinnar og fengið hana til að leggja málið í frumvarpsformi fyrir þingið, en það var ekki hægt þar sem álitsgjörð verkfræðingsins kom eigi fyrri en nú var sagt, og er því engin ástæða til að ámæla hæstv. landsh. fyrir áhugaleysi á málinu, eða draga ályktanir í þá átt, að hann sje ekki hlynntur málinu. Jeg skal ekki

fjölyrða meir um þetta, en leyfa mjer að benda á, að brúargjörð á þessari á og á þessum stað er einmitt samkvæm ákvæðum og anda í 5. gr. í vegalögunum frá 13. apríl 1894. Reyndar stendur í 2. gr. nefndra laga, að þjóðvegir sjeu þeir vegir, sem aðalpóstleiðir liggja um, en í 5. gr. sömu laga stendur að þjóðvegir skuli liggja um aðalbyggðir landsins, svo beint sem verða má milli endastöðvanna eptir staðháttum. Þessi tvö ákvæði sýnast í fljótu bragði, eins og enn stendur á um vegi hjer á landi, að ríða hvort í bága við annað. Jeg játa það, að hjer er ekki um aðalpóstleið að ræða sem stendur, heldur aukapóstleið, en brúin er alveg eins nauðsynleg og aðalpóstleið væri, og liggur svo beint sem verða má eptir staðháttum um eina aðalbyggð landsins og fellur þannig vafalaust undir greint ákvæði gildandi laga. Nú hefir verið endurreist verzlun á Raufarhöfn og samgönguþörf þangað og þaðan mjög aukizt við það, og enn önnur á Þórshöfn. Þegar jeg skoða betur samband 2. og 5. gr. vegalaganna, þá koma þær í sínum rjetta og dýpsta skilningi ekki í bága hvor við aðra. Það er að eins á meðan ekki er búið að ná því markmiði, sem vjer sjálfsagt keppum að, og erum skyldugir til að keppa, með þjóðvegagjörð vora, því markmiði, að leggja aðalpóstleiðir vorar skemstu leið milli endastöðvanna, eptir aðalbyggðum landsins, en ekki upp á öræfum, og jeg efast því ekki um, að þegar búið er að fullnægja ákvæðum 5. gr., þá muni aðalpóstleiðum breytt þannig, að þær falli saman við þjóðvegina, og þegar svo er komið, þá fellur einmitt brú sú, sem hjer ræðir um, á aðalpóstleið. Enn skal jeg benda á eitt atriði. Norður-Þingeyingar og Þingeyingar yfir höfuð hafa að minni ætlun, og jeg vona ept ir áliti h. deildar í heild sinni, sjerstaka heimting á því, að njóta öðrum fremur góðs af þeirri skyldu, sem hvílir á þinginu til að sjá um að stórár landsins sjeu brúaðar; jeg segi þetta af því, að það eru þeir sem rutt hafa því braut að farið var að brúa stórár hjer á landi, það gjörðu þeir með brúargjörð sinni á Skjálfandafljót. Til þess að framkvæma það verk fengu þeir 20000 kr. lán úr landssjóði með 20 ára afborgunarfresti, 6% á ári; átti 1/3 þessa gjalds að greiðast úr jafnaðarsjóði Norður- og Austuramstins, 1/3 úr sýslusjóði Suður-Þingeyjarsýslu, og 1/3 úr sýsluvegasjóði Suður- og Norður-Þingeyjarsýslu. Þetta gjald hvíldi allt á, þangað til helming þess var ljett af með lögum 11. des. 1891. Frá 14. nóv. 1884 til þess í apríl 1892 hafði sýsluvegasjóðurinn greitt rúmar 900 kr., og frá þeim tíma og til þessa dags hafa verið greiddar úr sýsluvegasjóði Norður-Þingeyinga 325 kr. upp í brúarkostnaðinn, eða alls á 13. hundrað krónur, og er þess þó jafnframt að gæta, að Norður-Þingeyingar nota sjaldan Skjálfandafljótsbrúna; leið þeirra liggur þar ekki um.

Jeg legg ekki svo mikla áherzlu á það, að Norður-Þingeyingar hafa hjer lagt fram töluvert fje, sem eptir núgildandi lögum að rjettu lagi hvílir á landssjóði að greiða, jeg legg aðaláherzluna á það að svo má segja, að þeir hafi orðið til að framkvæma lögin, áður en þau voru til, og með aðgjörðum sínum hrundu brúamálum vorum í rjett og heillavænlegt horf.

Mjer dettur ekki í hug að koma með frumv. þetta til þess að rýra áhuga á brúargjörð annarstaðar á landinu eða spilla fyrir henni, heldur til þess að h. þingi geti gefizt kostur á að meta rjett þetta mál, þann áhuga og þá þörf sem

hjer liggur fyrir. Jeg óska að h. deild hlynni að máli þessu, með því að samþykkja frumv., og jeg þykist þess viss, að hæstv. landsh. mun að sínu leyti styðja það. Jeg álít í sjálfu sjer ekki nauðsynlegt að nefnd sje skipuð í málið, en af því að þegar hefir verið skipuð nefnd til þess að íhuga brúargjörð á Lagarfljót, þá leyfi jeg mjer að óska að því verði vísað til þeirrar nefndar; jeg vona að það tefji ekki mikið fyrir málinu, og að þar verði það rökstutt eins og þarf.

Landshöfðingi: Það er langt frá mjer að vilja mæla á móti þessu máli, en það er eitt atriði í því, sem jeg skal leyfa mjer að benda á, og sem jeg vona að verði tekið til yfirvegunar. Brú, sú sem hjer ræðir um, á ekki að vera á flutningabraut, þjóðvegi eða fjallvegi, en mjer skilst að hún eigi að vera á sýsluvegi. Jeg kann því ekki við að orða frumv. þannig, að stjórninni veitist heimild til að láta gjöra brú á Jökulsá í Axarfirði; það er ekki stjórnin, heldur sýslunefnd, sem á að hafa umsjón með þeirri brúargjörð.

Það er eigi svo að skilja, að jeg sje því mótfallinn, að þessar 50000 kr. sjeu veittar til brúargjörðarinnar, en mjer finnst þurfa að veita fjeð sýsluvegasjóði eða sýslunefnd Norður-Þingeyjarsýslu. Væri svo, að stjórninni væri falin á hendur umsjón með brúargjörðinni, þá mætti skoða svo, að landssjóður ætti að standast allan kostnað af umsjón og viðhaldi brúarinnar framvegis, en það er þó víst ekki tilætlunin.

Flutningsmaður (*Benedikt Sveinsson*): Með tilliti til athugasemda hæstv. landsh., sem jeg alls ekki hugsa mjer að miði til þess, að spilla fyrir málinu, heldur að því, að beina því í rjetta átt, skal jeg taka það fram, að fullt tillit muni verða tekið til athugasemdar hæstv. landsh. í nefndinni, svo að enginn þröskuldur verði í vegi fyrir framgangi málsins. Aðalatriðið er það, að brúin komist á. En hvort vegur þessi er skoðaður nú sem stendur sem sýsluvegur eða hann er skoðaður samkvæmt 5. gr. vegalaganna sem þjóðvegur, það læt jeg mig minnstu skipta.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til nefndarinnar í málinu um brúargjörð á Lagarfljóti með öllum atkvæðum.

Tryggvi Gunnarsson stakk upp á því að tveim mönnum yrði bætt í nefndina, og var það samþykkt með atkvæðagreiðslu.

Frumvarp til laga um löggilding verzlunarstaðar hjá Hallgeirsey í Rangárvallasýslu (C. 177); 1. umr.

Flutningsmaður (*Sighvatur Árnason*): Jeg vona að mál þetta fái eins góðar undirtektir og önnur löggildingarmál hafa fengið hjer í h. deild. Þó vil jeg fara fáum orðum um það, vegna hinna sjerstöku kringumstæðna. Það dylst víst engum sem til þekkir, að hjer getur ekki verið um reglulega höfn að ræða fyrir Rangársandi, en þó svo sje eigi, þá er hjer eigi að síður opt þrautalending fyrir opin skip, og síðan gufubátaferðir hófust með suðurströnd landsins, er komin reynsla á, að vel má bjarga sjer með vörur við sandinn; vitanlega verður þá að vera það, sem vjer köllum dauður sjór. Þessu lagi verður að sæta, og er það tiltölulega hægt, því að leið er stutt fyrir gufubátinn, bæði frá Eyrarbakka og ekki sízt úr Vestmannaeyjum til að grípa tækifærið. Jeg tek þetta fram, til að sýna þeim, sem máske eru hræddir um, að ekki sje til neins að löggilda stað þennan, fram á að svo er ekki. Það eru dæmi til þess, að stór gufuskip hafa lagzt við sandinn og affermt sig þar, þó hafa þau fá verið, því ofdýrt hefir þótt að láta þau bíða tækifæris og sæta lagi og brimlausum sjó, en kæm-

ist þar á föst verzlan, þá má vel hugsa sjer, að hin minni gufuskip yrðu send beint þangað frá útlöndum til verzlunarinnar, og ef þau hittu illa á, þá látin hörfa til Vestmannaeyja og sæta þaðan tækifæri, eins og gufubáturinn gjörir nú frá Eyrarbakka. Fengin reynsla gefur oss von um að á þennan veg megi stórum ljetta hina erfiðu aðflutninga vor Rangvellinganna, því að, eins og kunnugt er, er nú enginn verzlunarstaður í Rangárvallasýslu, eins og í flestum öðrum sýslum landsins.

Jeg vona, að mál þetta fái að ganga greiðlega til 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað til 2. umr. með 14 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar við Haganesvík í Fljótum (C. 178); 1. umr.

Flutningsmaður (Ólafur Briem): Það hefir verið sagt um sumar af þeim löggildingum, sem samþykktar hafa verið, að þær hafi verið tilraunir til að fá skip til að sigla á hafnirnar, og það hefir einnig verið sagt, að þær tilraunir hafi misheppnazt, en hjer er ekki um neitt slíkt að ræða, því að hjer er fleiri ára reynsla fyrir að á Haganesvík hafa komið bæði gufuskip, og seglskip til lausakaupa og hákarlaskip; nú síðast í vor lá eitt þeirra skipa af sjer mannskaðaveðrið mikla þar á víkinni, og farnaðist vel; það er líka eðlilegt, því að þar er rúmgóð höfn, fastur leirbotn, og afdrep af nesi, er gengur fram austanvert við víkina, og út af þessu nesi ganga svo grynningar, sem draga úr stórsjóinn.

Ástæðan fyrir því, að hjer hefir ekki fyr verið leitað löggildingar, er sú að víkin liggur nokkuð afskekkt, hún liggur fyrir Fljótum. Að öðrum kosti mundi þar fyrir mörgum árum vera komin löggilt höfn, því að margra áliti er hjer bezta höfnin í Skagafjarðarsýslu.

Þótt eigi sje stórt uppland það, er sótt getur verzlun á Haganesvík, þá er þess að gæta að örðugt er fyrir Fljótamenn að reka verzlun annarstaðar, því að þótt eigi sje mjög löng leið til Siglufjarðar, þá er Siglufjarðarskarð, sem þeir verða yfir að fara, til þess að komast til Siglufjarðar, harla torsótt yfirferðar, sökum illviðra og snjóþyngsla á vetrum.

Tryggvi Gunnarsson: Af því að fá mál eru eptir á dagskrá, og stuttur tími hefir gengið til að afgreiða mál þau, sem hingað til hafa verið tekin fyrir í dag, vona jeg að h. deild leyfi mjer að fara fám orðum um löggildingamálið í heild sinni.

Jeg vil þá byrja með því að spyrja, hvort h. deild sýnist ekki rjettast eptir þeirri stefnu sem bæði nú og á fyrri þingum hefir verið tekin í þessu löggildingarmáli, að löggilda í einu allar víkur og voga meðfram öllum Íslandsströndum. Nú hefir ár eptir ár verið löggilt hver sú höfn, sem óskað hefir verið að löggilt væri, sjaldan er verið að tala um kost eða löst á þeim stöðum sem löggilda á, og um það, hvort það sje þörf eða þarfleysa. Vilji þingið ekki ganga að því að löggilda í einu til verzlunar allar Íslandsstrendur, þá vil jeg spyrja hvort deildinni þyki ekki rjettast að taka nú löggildingarmálið einu sinni til alvarlegrar íhugunar.

Jeg sje engan annan kost við þessar löggildingar, en að þær ljetta optast eitthvað aðflutninga, en jeg sje marga ókosti við þær.

Fyrst er það, að þegar mörgum smáverzlunum er dreift út um svo og svo stórt svæði, þá verður samkeppnin minni og verzlunin bæði kraptminni og óhagfeldari landsmönnum. Það er eins

með verzlunina og með búskapinn. Ef einn maður býr á höfuðbóli, þá má gjöra ráð fyrir, að hann sje máttarstoð sveitar sinnar, en ef það er bútað sundur milli margra ábúenda, þá má gjöra ráð fyrir, að enginn þeirra sje sveit sinni að nokkru verulegu liði. Jeg get nefnt sem dæmi Reykjavík, Akureyri og Seyðisfjörð; smá-kaupmennirnir á þessum stöðum hafa ekki krapt á að byrgja sig með nauðsynjavörum; það eru stórkaupmennirnir, sem bjarga mönnum og skepnum með vörubyrgðum sínum, þegar í nauðirnar rekur. — Einkum hefir þetta mikla þýðingu á Norðurlandi, þar sem ísinn teppir opt aðflutningana, þar eru það stórverzlanirnar, sem þá eru bjargvættirnir, en smá-verzlanirnar ekki, sem að eins flytja nokkrar tunnur af kornvöru til landsins, en mörg 1000 álnir af ljereptum, og miklar birgðir af vínföngum. Það er auðsjeð, hve miklu betur sá stendur að vígi, sem einn rekur verzlun fyrir 100,000 kr., en t. d. 5 menn, sem allir til samans verzla fyrir sömu upphæð; þeir þurfa að framfleyta 5 fjölskyldum á verzlunararði sínum, en hinn ekki nema einni, og hann kemst af með tiltölulega miklu minni vinnukrapt en þeir, auk þess kemst hann að betri kaupum en þeir, af því að hann kaupir í stærri stýl; við þetta bætist enn að þessir smákaupmenn verða opt ast að fá vörur sínar að láni, og verða bæði að borga háa leigu af þessu láns fje, og opt í viðbót við það há umboðslaun. Af öllu þessu leiðir, að sá sem verzlar stórverzlun getur selt vörur sínar ódýrara en smá kaupmaðurinn. Það er því auðsætt, að það er skaði að dreifa verzluninni mjög; þó er annað enn voðalegra við það, að löggilda hvern vog og hverja vík, og það eru tollsvikin sem það nærri hlýtur að hafa í för með sjer; það skal sannast, að þessi stefna verður dýrkeypt fyrir landssjóð síðar meir. Það má vera mikill munur á kaupmönnum og bændum, ef öll kurl koma til grafar í tollframtali þeirra, þegar þeir fara að verða dreifðir út um allt. Nú liggja hjer fyrir þinginu áskoranir frá þingmálafundum um að herða á tíundarlögunum, og vjer heyrum iðulegar kvartanir yfir því, að bændur telji ekki rjett fram tjenað sinn til tíundar; þegar svo er, þá sýnast það undur mikil, að útlendum kaupmönnum skuli trúað svo vel til framtölu kaffi-, sykurs, tóbaks og brennivíns til tollgreiðslu eins og allar þessar löggildingar virðast bera vott um. — (*Klemens Jónsson*: Það eru til tollskrár). Mig furðar á því, að h. 1. þingm. Eyf. (Kl. J.) skuli grípa þannig fram í; hann má vita það, að það er ljettara fyrir hann að hafa tollgæzluna á Akureyri, heldur en á Siglufirði og Hjalteyri, það mun erfitt fyrir hann að ábyrgjast, að þar sje ekki hægt að hafa tollsvik fyrir þá, sem upplag hafa til þess.

Enn er eitt athugavert við þessar löggildingar. Síðustu árin, sem jeg var erlendis, var það komið töluvert í orð, að hækka ábyrgðargjald á öllum skipum, sem til Íslands gengju, einmitt fyrir þessar mörgu löggildingar. Áður hafði verið greitt misjafnt ábyrgðargjald af skipum, lægra af þeim höfnum, sem góðar voru taldar, en svo voru aptur aðrar hafnir, t. d. Eyrarbakki, Stykkishólmur og Ólafsvík og fleiri, sem höfðu það orð á sjer, að hærra ábyrgðargjald varð að greiða af skipum, sem þangað gengu.

Þegar nú var farið að löggilda einar 6—8 hafnir á hverju þingi, þá þóttust ábyrgðarfjelögin ekki geta fylgt með í hvern flokk ætti að skipa hverri höfn fyrir sig, og höfðu orð á því, að rjettast væri að hækka ábyrgðargjaldið á öllum Íslandsförum. Þannig stóðu sakir

seinasta árið, sem jeg var í Kaupmannahöfn, en mjer er ekki kunnugt um, hver niðurstaðan hefir orðið eða hvort málið er útkljáð enn. En hver kemur til að borga hækkun á ábyrgðargjaldinu? Það gjöra kaupmenn í bráð en landsmenn á endanum. Jeg tek það enn fram, að mjer finnst það ekki rjett, að taka ekki tillit til þess, hvort þörf er á löggildingunni eða ekki. Kostnaðurinn við löggildingar er ekki nema einn, sá, að aðflutningar ljettast, en ókostirnir eru margir. Þó getur sumstaðar hagað svo til, að þeir allir vegi ekki á móti þessum eina kosti, þannig verð jeg t. d. að álíta, að það hafi verið með Vík í Mýrdal og Hornafjörð, enda greiddi jeg atkvæði með því í gamla daga, og hið sama má ef til vill segja um Hallgeirseyri, að nauðsynlegt sje að reyna að löggilda hana vegna erfiðra flutninga þangað frá fjarlægum kaupstöðum. En þegar jeg gæti að Hjalteyri og Haganesvík, þá er jeg sannfærður um, að hagræðið við löggildinguna er margfalt minna en hver einn af þeim ókostum, sem jeg hef talið. Það er ekki hin minnsta nauðsyn að löggilda Hjalteyri, því að fyrir það fyrsta er næsta auðvelt að flytja vörur á bátum út eptir öllum Eyjafirði, og það gjöra bændur, auk þess senda kaupmenn stærri skip með vörur heim til bænda við Eyjafjörð og sækja vörur þeirra, en enn bætist það við, að við Eyjafjörð eru 20—30 þilskip, sem og eru með fram höfð til flutninga, svo að það er synd að segja, að það sje mjög erfitt fyrir bændur við Eyjafjörð að koma vörum sínum til Akureyrar eða að ná vörum þaðan. Líkt má segja um Haganesvík; í Fljótum eru til þilskip, og það er all-venjulegt, að Fljótamenn flytji heim vörur sínar á þeim af Siglufirði um leið og þau losa afla sinn þar úr skipum sínum.

Þegar menn líta á kort Íslands, þá vona jeg að menn sjái, að eigi er um svo stórt svæði að ræða, að mögulegt muni vera að öflug verzlun geti þrifizt á Hofsós og Siglufirði, ef á að fara að dreifa henni með því, að setja upp verzlun á Haganesvík, sem er þar mitt í milli, en jeg veit ekki, hvort mönnum þætti vel að verið, ef verzlunin á Hofsós legðist niður, eða yrði enn ómáttkari en hún nú er.

Jeg held yfir höfuð, að það sje rjett, að deildin átti sig dálítið á öllu í essu löggildingarmáli, og skipi því nefnd í mál þetta; vona jeg að sú nefnd komist að þeirri niðurstöðu, að eitt sje rjett af tvennu, annað hvort að löggilda til verzlunar allt Ísland milli fjalls og fjöru eða þá — og það vona jeg, að verði ofan á — að fara ofurlítið að hægja á sjer með löggildingarnar.

Þórður Guðmundsson: Jeg get vel verið á sama máli og h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) um að rjett sje að löggilda alla strönd landsins, en sje alls ekki, að enn hafi verið gengið of langt í löggildingum.

H. 1. þm. Arn. (Tr. G.) taldi þann einn kost löggildinga, að við það yrðu aðflutningar ljettari, já það er einmitt sá kostur, og mig furðar á því, að h. 1. þingm. Árn. (Tr. G.), sem er gamall bóndi, skyldi ekki gera meira úr honum, en mjer virtist hann gjöra.

Væru samgöngur vorar betri en þær eru, hefðum vjer t. d. fengið járnbrautir, þá væru þessar löggildingar ekki jafn-nauðsynlegar, en af því allir flutningar eru svo dýrir, þá eru þær yfir höfuð nauðsynlegar; þó játa jeg að ofmikið má gjöra að þessu eins og að flestu öðru.

H. 1. þm. Árn. (Tr. G.) minntist á það, að eptir því, sem verzlanir væru strjálli, eptir því væri meiri kraptur í þeim; það er að vísu satt, en það næg-

ir ekki. þótt einhver verzlun hafi nægar vörðubirgðir, ef hún er svo fjarlæg að ekki er hægt að ná í þessar birgðir. Ekki hefði verið mikið gagn fyrir oss Rangvellinga áður en vegabæturnar og brýrnar komu á árnar, þó nægar vörubirgðir væru hjer hjá Reykjavíkurkaupmönnum, hefði engin verzlun verið til á Eyrarbakka, því að opt var um vetrartímann ómögulegt að ferðast með hesta suður til Reykjavíkur.

Reynslan hefir sýnt það, að eptir því sem kauptúnum hefir fjölgað, eptir því hefir verzlunin batnað; jeg vona, að h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) verði að játa þessu; og ekki voru verzlanir of margar hjer fyr á dögum, og munu þó fæstir kjósa sjer það verzlunarástand, sem þá var.

Flutningsmaður (*Ólafur Briem*): Jeg skal leyfa mjer að gjöra stutta athugasemd við ræðu h. 1. þm. Árn. Tr. G.). Eitt aðal-atriðið í ræðu hans var, að eigi væri gott, að kaupmönnum fjölgaði, en þess er að gæta, að það er ekki fast samband milli þess, að verzlunarstöðum fjölgi og kaupmönnum fjölgi; kaupmönnum getur hæglega fjölgað án þess verzlunarstaðir fjölgi.

Jeg er h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) samdóma um, að kaupmenn sjeu að verða of margir hjá oss, og að þeim ætti helzt að fækka. Það má vel vera, að rjett væri, að landsstjórnin hefði hönd í bagga með að eigi yrði of hlaðið mönnum á þessa atvinnugrein, og með því aukinn um skör fram kostnaðurinn við að reka verzlunina, með því að sá kostnaðarauki hlýtur að koma niður á landsmönnum í hækkuðu vöruverði. — Til þessa liggja tveir vegir, annað hvort sá, að landstjórnin taki að sjer alla verzlun landsins, eða að eitt fjelag ræki hana alla. Það er skiljanlegt, að með slíkri aðferð fengjust vörur ódýrari og að minni kostnaður mundi verða við allan rekstur verzlunarinnar.

Jeg álít því, að h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) hafi í raun rjettri rjett markmið fyrir augum, en að hann velji ranga leið til ná því.

Tryggvi Gunnarsson stakk upp á 3 manna nefnd.

ATKV.GR.: Nefndarkosning samþ. með 13 atkv., og kosningu hlutu:

Tryggvi Gunnarsson	með	15 atkv.
Ólafur Briem	—	14 —
Klemens Jónsson	—	9 —

Frumv. til laga um breytingu á yfirsetukvennalögunum 17. desbr. 1875 (C. 178); 1. umr.

Flutningsmaður (*Tryggvi Gunnarsson*): Þetta frumv. er svo til komið, að sýslunefndin í Árnessýslu skoraði brjeflega á okkur þingmennina, að koma þessu málefni, sem hjer um ræðir, inn á þing. Málið fjekk fylgi allra atkvæða á þingmálafundi Árnesinga. Það virðist yfir höfuð liggja nú í landi almenn ósk um, að færa flest gjöld, sem hvíla á sveita,- sýslu- og amtssjóðum yfir á landssjóð. Hjer er ekki að tala um persónulegt álit mitt á málinu, heldur legg jeg frumv. fram samkvæmt ósk kjósenda minna, og vænti þess, samkvæmt þeim anda, sem mjer finnst í lopti liggja, að því muni byrja vel á þinginu.

Skúli Thoroddsen: Jeg stend ekki upp til að tala langt um þetta frumv., en að eins til að mæla nokkur orð á móti því, því að mjer finnst, að þingdeildin geti ekki annað rjettara við það gert, en að fella það nú þegar við fyrstu umræðu. Það er og því fremur óþarfi að tala langt á móti frv. þessu, sem meðmæli flutningsm. sjálfs, rjett skilin, voru fremur mótmæli en meðmæli. Gjöld þau, er hjer um ræðir,

virðist mjer, að sýslusjóður sje sannarlega ekki of góður til að borga, og tilraun sýslubúa til að losna við þau lýsir töluverðum smásálarskap. Það er svo fjarri því, að nokkur ástæða sje til að flytja þetta gjald af sýslusjóðum og á landssjóð, að miklu fremur mætti telja sterk rök fyrir, að flytja að minnsta kosti nokkurn hluta af læknalaunum af landssjóði og yfir á sýslusjóði, því að það kynni þó að lækna að einhverju leyti þessa miklu læknasótt, sem nú sýnist hafa gagntekið nálega hvern hrepp á landinu. Þessi hugsunarháttur manna, að heimta óspart fje, sje það að eins greitt úr landssjóði, er bæði skaðlegur og af skammsýni sprottinn. Því í raun rjettri hvíla landssjóðsútgjöldin allt að einu á íbúum sýslnanna, þó að menn veiti því minni eptirtekt, þegar þau ganga þessa óbeinu leið gegnum landssjóðinn. Það er og því fremur ástæða til að fella þetta frumv., sem algjörlega skortir alla viljalýsing annarstaðar að af landinu um þetta efni; og verði þetta frv. samþykkt, verður næsta sporið auðvit að bæði að fjölga yfirsetukonum og hækka laun þeirra af landssjóði, alveg eins og gengið hefir með læknana. Sýslunefndirnar eru kunnugastar þörfinni og því bezt fallnar til að svara gjöldunum, því að einmitt þar í liggur bezta tryggingin fyrir því, að ljósmæðrafjöldinn verði hæfilegur, og launakjör þeirra sniðin eptir þörfinni.

Jón Jónsson, 2. þm. Eyf.: Til þess að menn hafi eitthvað að gera, vil jeg stinga upp á fimm manna nefnd í málið.

ATKVÆÐAGR.: Tillagan um nefnd felld með öllum þorra atkvæða.

Jón Þórarinsson: Jeg get verið því fáorðari, sem jeg er alveg samdóma h. þm. Ísf. (Sk. Th.); jeg skal að eins bæta við þeirri upplýsingu, að upphæð sú, sem hjer mundi um að ræða, telst mjer vera 12 til 13 þúsund krónur, og það er upphæð, sem auðvitað getur vaxið, en ekki minnkað; umdæmin eru 180 og launin í hverju 60 til 100 kr. Nefnd er jeg mótfallinn; nefndarkosning leiddi ekki til annars en að eyða tíma að nauðsynjalausu.

Guðlaugur Guðmundsson: Ekki get jeg verið samdóma tveimur síðustu h. þm.; jeg verð að álíta rjettast, að þessi gjöld sjeu greidd úr landssjóði, og það af ýmsum ástæðum, meðal annars þeirri, hvernig hækkun sú (33%) á ljósmæðralaununum, sem nýlega var gerð, er til komin. Alþingi ákvað hana nefnilega að sýslunefndunum alveg fornspurðum, og beitti þannig hinu sama gjörræði við sýslunefndirnar, sem hin danska stjórn svo opt hefir beitt við oss. Í þessari sinni gjörræðisaðferð finnst mjer þingið hafa siðferðislega hvöt til að taka nú liðlega í málið. H. þm. Ísf. (Sk. Th.) minntist áðan á læknaskipunina. Bæði læknaskipun og ljósmæðramálum hefir verið skipað með landslögum, sem landsmálum. Mjer finnst að ljósmæðurnar standi í áþekku hlutfalli til læknanna eins og hreppstjórarnir til sýslumannanna. Ljósmæður og hreppstjórar framkvæma minni háttar störf, sem að eðli sínu eiginlega heyra til verksviði lækna og sýslumanna. Því virðast mjer hvortveggja störfin sje eðlilegast að skoða sem landsmál, og því rjett að hvortveggju greiðist úr landssjóði.

Önnur ástæðan er hinn óeðlilegi núverandi grundvöllur þessa gjalds, sem er fasteign og lausafje. Það getur víða svo á staðið, að sá hluti sýslu, sem minnst notar ljósmæður, verði að greiða hæst gjald til þeirra, og skal jeg í því tilliti benda h. 2. þm. G.-K. (J. Þ.) á

þá sýslu landsins, sem hann er kunnugastur í.

Enn hefir þetta gjald þann slæma eiginlegleika, að vera beint peningagjald, sem niður er jafnað og algerlega lagt á landbúnaðinn, þann atvinnuveginn, sem nú á talsvert örðugra með að koma afurðum sínum í peninga heldur en sjávarútvegurinn.

Jeg get ekki sjeð, að það sje neitt hættara við fjölgun eða launahækkun ljósmæðra, þótt landssjóður greiði launin, því síður sem jeg sje ekki, að ástæða sje til neinnar fjölgunar þar, sem jeg til þekki á landinu. Við nánari íhugun vona jeg að margar fleiri ástæður muni koma í ljós fyrir efni þessa frumv., en þær, sem jeg rjett svona í fljótu bragði hef athugað og tekið hjer fram.

Þorlákur Guðmundsson: Optast má nú við einhverjum andmælum búast gegn flestum frumv., en ekki átti jeg von á þeim svona óvanalega snörpum gegn þessu frumv. Þm. Ísl. hjelt, að launin mundu fremur hækka bráðlega, ef þau væru greidd úr landssjóði. En gæta má hann þess, að engin hækkun getur þá átt sjer stað án samþykkis þingsins, sem þannig fær töglin og hagldirnar. H. þm. V.-Skaptf. hefir annars mælt svo vel með frumv., að jeg þarf fáu við að bæta. Þó má þess geta, að býsna mörg gjöld önnur hvíla á sýslusjóðum og fara vaxandi ár frá ári.

Á undirtektum h. 2. þm. GK. (J. Þ.) furðaði mig stórum, því honum og engum öðrum var að kenna hin mikla hækkun á ljósmóðurlaununum, sem þm. V.-Skf. (Guðl. G.) minntist á. Jeg man enn glöggt eptir, þegar hann kom fram með frumv. til breytinga á yfirisetukvennalögunum frá 1875, og það var hvorki meira nje minna, en hækkun $^1/_3$ á hinum föstu launum, og ef jeg man rjett, sagði þingmaðurinn sjálfur, að þetta væri eptir beiðni einnar yfirsetukonu. Þingið gleypti þessa flugu og jeg og 2 aðrir þingmenn, sem vildum halda þessu innan skynsamlegra takmarka, komumst ekki upp með neitt, og þetta var einmittt á því sama þingi, þegar þjóðin öll bað sterklega um afnám allra eptirlauna og lækkun embættislauna yfir höfuð. Þegar hann knúði þetta mál fram hjer á þingi, þá varð jeg svo reiður, að jeg tætti sundur frumv. í höndum mjer. Þetta var sú kúgun á sýslusjóðunum af þingsins hendi, sem jeg vona að aldrei verði aptur endurtekin á þingi í neinum þeim málum, sem sýslusjóðir eiga að fjalla um.

Ef oss á að verða nokkurra framfara auðið, hljóta sýslusjóðsgjöld hjá oss að aukast að miklum mun, því það er svo margt annað en þetta, sem á þeim hvílir, og fleira, sem á þá hlýtur að koma. Þeir þurfa að styðja skóla, brúa ár, taka lán til stuðnings þarflegum fyrirtækjum o. s. frv., svo að það er öll þörf á, þótt þessu gjaldi sje af þeim ljett. Vona jeg því, að þingd. á sínum tíma setji nefnd í málið.

Björn Sigfússon: H. þm. V.-Skf. (Guðl. G.) og 2. þm. Arn. (Þorl. G.) hafa nú sparað mjer mesta ómakið. Þegar jeg skrifaði undir frumv. þetta sem einn af flutningsmönnum, vakti það fyrir mjer að þetta mál stæði í nánu sambandi við læknaskipunarmálið. Læknakostnaðinn er viðurkennt að landssjóður eigi að bera, og því skyldi hann þá ekki eiga að bera þetta gjald líka? Í annan stað stóðu mjer fyrir sjónum hin sívhækkandi sýslusjóðsgjöld, sem án efa verða stórum aukin á þessu þingi. Þau hljóta að aukast og þau þurfa að aukast. Framfarahugur er víða að vakna í mönnum og sýslunefndir vilja og verða að beitast fyrir ýms framfarafyrirtæki eða styðja þau, en sjá sjer það ekki fært fyrir fjárskorit. Þeim er því nauðugur

einn kostur að smáauka gjöld sín, eða standa í stað, og því er full þörf á, ef auðið væri, að ljetta einhverju gjaldi af sýslusjóðunum, sem nú hvílir á þeim, og til þess sje jeg ekkert líklegra en þetta. Það er ekki hætt við, að sýslusjóðsgjöldin færu lækkandi fyrir það, og þess óskar heldur enginn, eða ekki jeg að minnsta kosti. Jeg mun sjálfur á þessu þingi bera fram frumv., sem jeg ætla mjög þarflegt, en hlýtur að auka gjöld á sýslusjóðum.

H. þm. Ísf. (Sk. Th.) bjóst við, að fremur mundi verða heimtuð hækkun á launum, ef landssjóður ætti í hlut, en það er svo fjarri að slíkt leiði af frumv. þessu, að það gjörir einmitt ráð fyrir, að allar launaviðbætur fram úr því, sem nú er, hvíli á sýslusjóðunum eptir sem áður. Vilji sýslunefnd veita einhverri ljósmóður launaviðbót eða eptirlaun, virðist mjer rjett að það sje greitt úr sýslusjóði, þó föstu launin sje færð yfir á landssjóð. Í þessu er engin ósamkvæmni.

Flutningsmaður (*Tr. Gunnarsson*): Mál þetta er ofur einfalt og engin þörf á að fara að vefja það í nefnd; hjer er um enga hækkun nje lækkun á launum að ræða, heldur að eins um skipting á greiðslustaðnum, að taka sama kostnaðinn úr öðrum vasa landsmanna en áður. Sje niðurjöfnunargrundvöllurinn ójafn nú, eins og sumir álíta, þá er rjettlátt að gjaldið jafnist betur á alla landsmenn. Jeg verð að vera samdóma því, að væri þessu ljett af sýslusjóðunum, þá gætu þeir beitt meira afli til annara nauðsynlegra fyrirtækja. Það hefir verið sagt, að þetta mundi auka gjöld landssjóðs um 12 til 14 þúsund kr. ef þau útgjöld aukast meira, þá leiðir það af fjölgun ljósmæðra, sem æskileg er. Launaviðbætur aptur á móti eiga eptir frv. að hvíla á sýslusjóðunum. Hjer er því um engin stórútgjöld fyrir landssjóð að ræða, eða voðaleg fyrir framtíðina. Flestum mun þykja gott að eiga ekki of örðugt með, að ná til ljósmóður, þegar á þarf að halda; vona jeg því að h. þingdm. hugsi heim til sín, áður en þeir fella þetta frumv. og gæti þess, hvernig slíkt muni mælast þar fyrir; jeg álít, að það mundi harla óvinsælt að greiða atkvæði móti framv. þessu.

Jón Jónsson þm. A.-Skf.: Verði gjaldi þessu afljett, þá eykst við það framkvæmdamegn sýslusjóða til annara þarflegra hluta, og það er býsna margt, sem þeir þurfa að gjöra, og skal jeg tilnefna eitt meðal annars, sjúkrasjóði í hverjum hreppi, sem nauðsyn er á að komist á fót, og sýslunefndir ættu að stofnsetja. H. þm. Ísf. (Sk. Th.) veik að því, að sanngjarnt væri, að sýslusjóðir bæru að nokkrum hluta kostnaðinn til lækna. Þar skal jeg því til svara, að sum sýslufjelög eða íbúar sumra aukalæknahjeraða hafa gjört þetta fríviljuglega, og það álít jeg rjetta veginn. Alþingi á ekki að valdbjóða sýslusjóðunum þessi eða þvílík gjöld. Sýslunefndirnar eiga að ráða því sjálfar. Hitt furðar mig ekki, þótt h. 2. þm. GK. (J. Þ.) taki sárt til afkvæmis síns, þeirrar lagasmíðar, sem hjer er farið fram á að breyta, og vilji helzt ekki láta við því hagga.

Skúli Thoroddsen: Ekki hef jeg af ræðum h. þm. getað sannfærzt um rjettlæti þessa lagafrv. H. þm. V.-Skf. (Guðl. G.) hjelt því fram, að þriðjungshækkunin hefði verið valdboð af alþingis hendi, þar sem áður hefði verið búið að fela sýslunefndum að ákveða launahæðina; en jeg get ekki kannazt við, að alþingi hafi nokkru sinni afsalað sjer því valdi, að ákveða launahæðina. Það hafði að eins ákveðið áður, að gjaldið

skyldi greiðast úr sýslusjóði, og yfir því hefir hvergi verið kvartað, að kunnugt sje, nema að eins í þessu eina kjördæmi.

Sami h. þm. (Guðl. G.) tók fram, að gjaldstofninn, sem nú væri á lagt, væri ósanngjarn; en þó svo væri, væri það engin ástæða fyrir þessu frumv.; heldur gæti það að eins gefið ástæðu til að yfirvega, hvort ástæða væri til að breyta gjaldstofninum til sýslusjóða í sanngjarnlegra horf. Ymsir hafa og í máli þessu lagt áherzlu á það, að ljósmæðrastörfin væru svo skyld læknisstörfunum, að hvortveggja launin ættu að greiðast úr landssjóði, úr því að það sje almennt viðurkennt, að kostnaðurinn til lækna eigi að hvíla á landssjóði. En jeg neita því, að nokkur slík almenn viðurkenning eigi sjer stað, þó að laun lækna sjeu, sem stendur, greidd úr landssjóði. En nú er einmitt spurningin, hvort ekki er kominn rjetti tíminn til að breyta því fyrirkomulagi, þegar svo er komið, að lítið vantar á, að hver hreppur heimti að hafa lækni út af fyrir sig, því að eina dugandi lækningin við þessari embættismannasótt mundi verða sú, að láta sýslubúa sjálfa borga einhvern part launa þeirra. Þeir mundu þá betur finna hvað það kostar, heldur en þeir finna nú. Þm. A.-Skf. vakti máls á stofnun sjúkrasjóða, og er jeg sízt á móti stofnun þeirra; en eðlilegast tel jeg að þeir skapist hjer á sama hátt sem þeir hafa myndazt í öðrum löndum, en það er á þann hátt, að einstakir menn ganga í fjelög, og leggja fram vikulega nokkurt fje, til þess að tryggja sjer styrk, ef sjúkdóm ber að höndum; og þegar verkmannastjettinni, sem nú er óðum að fjölga hjer, vex fiskur um hrygg, þá mun þetta sjálfsagt komast á hjer, eins og annarstaðar, er fjelagslyndi manna og framtakssemi eykst: menn munu þá finna nauðsynina á því, að stofna slíkan fjelagsskap, til að firra sig því, að þurfa að þiggja fátækrastyrk og missa þannig borgaraleg rjettindi, ef sjúkdómur sviptir þá atvinnu.

Þar sem í frumvarpinu stendur, að launaviðbætur og eptirlaun greiðist úr sýslusjóði, þá er þetta hrein ósamkvæmni, enda þarf eigi að efa, að fljótt yrði beðið um breyting á því ákvæði, ef þetta frumv. gengi fram.

Jeg verð því að líta á þetta frumv., eins og tilraun til að pota litla fingrinum í landssjóð, og óttast að höndin öll muni þá vonum bráðar á eptir koma.

Jón Jónsson þm. A.-Skf.: Jeg get enga ósamkvæmni sjeð í þessari skiptíng launanna að öðru leyti og launaviðbótar og eptirlauna að hinu leyti milli landssjóðs og sýslusjóða. Alþingi ákveður launahæðina; landssjóður borgar því launin. Sýslunefnd ákveður hæð eptirlauna og launabóta; sýslusjóður borgar því það gjald. Nefnd í málinu álít jeg óþarfa, en vildi mælast til að það fengi að ganga til 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. fellt frá 2. umr. með 12 gegn 10 atkv.

Tillaga til þingsályktunar um að skipa nefnd til að íhuga, hvað þingið geti gjört til eflingar landbúnaðinum (C. bls. 176); ein umr.

Flutningsmaður (*Jens Pálsson*): Það er alkunnugt, að það eru að eins tveir atvinnuvegir hinnar íslenzku þjóðar, sem nefna má aðal-atvinnuvegi hennar og telja má almenna, landbúnaðurinn og sjávarútvegurinn. Þessir tveir atvinnuvegir eru þess eðlis, að þeir eru undirstaða undir öllum öðrum atvinnuvegum vorum, og máttarstólpar allra stjetta og stofnana. Það sýnist því liggja í augum uppi, hve afar nauðsynlegt það er, að þessar undirstöður sjeu sem traustastar. En það er enn langt frá, að þær sjeu fulltraustar, þær eru enn svo veikar, að eigi þurfa nema

lítilfjörleg afbrigði til þess, að þær taki að skjálfa og að þeim liggi við hruni. Mjer sýnast þessir atvinnuvegir svo þýðingarmiklir fyrir þrif vor og framfarir, að það, að tryggja þá og efla, sje nauðsynlegast af öllu nauðsynlegu, sem þjóð og þing þarf að gjöra. Þetta vakti fyrir mjer og háttv. samflutningsmanni mínum, er vjer komum fram með þessa tillögu, og tillögu þá, sem næst stendur á dagskránni. En vjer álítum rjettara, að taka hvorn atvinnuveginn fyrir sig, af því hjer er um svo umfangsmikil mál að ræða.

Það er ekki langt síðan að vjer fengum sönnun fyrir því, hversu landbúnaður vor, sem þó enn — og jeg vona, einnig framvegis — er aðalatvinnuvegur vor, hversu hann, segi jeg, stendur á ákaflega völtum fæti, þar sem eitt eða tvö vorkuldahret gera það að verkum, að landbúnaðarbændur vorir komast í hinn mesta háska, þrátt fyrir undangenginn mildan vetur. Þetta sýnir, á hve ákaflega völtum fæti landbúnaðurinn stendur, og hve nauðsynlegt það er, að reyna að tryggja hann.

Nú er svo komið, að bændur eru almennt farnir að finna, að landbúnaðurinn er erfiður og borgar sig seint, og því verður ekki neitað, að þeir hafa mikið fyrir sjer í þessu. Það er að mörgu leyti orðið erfiðara að búa nú, en áður. Vjer vitum, að vinnukraptarnir eru dýrari en þeir voru, og vjer vitum einnig, að með menningunni aukast kröfurnar, og að móti þeim straum verður eigi staðið, heldur verður að reyna að fullnægja þeim, en þá er nauðsyn, að framleiðslan aukist að sama skapi, til þess að jafnvægið haldist, og staða bænda versni eigi. Það er viðurkennt, að aukin grasrækt sje undirstaða undir landbúnaðinum, og fróðir menn hafa sagt, að í móum vorum og mýrum sjeu fólgin framtíðar auðæfi vor.

Hingað til virðist mjer að löggjafar- og fjárveitingarvaldið hafi gjört of lítið fyrir landbúnaðinn; og eins og það er víst, að áhugi manna á að bæta jarðir hefir aukizt mjög í sumum hjeruðum, eins er það víst, að mönnum er farið að verða ljóst, að ástæða sje til að krefjast af löggjafar- og fjárveitingarvaldinu, að það gjöri meira fyrir landbúnaðinn, en það hefir gjört.

Í mínu kjördæmi, Dalasýslu, virtist mjer ekki eins brennandi áhugi manna á nokkru máli eins og á landbúnaðarmálinu, enda er þar vaknaður mikill áhugi á jarðabótum, einkum á túnasljettun; jeg sá nú á síðustu ferð minni þangað vestur glögg merki þessa. — Það mun nú komið svo, að menn vanti eigi vilja á, að bæta jarðir sínar, en þá vantar krapt, vantar hjálp til að koma þessu fram. Það má hugsa sjer ýmsa vegi, til að bæta að einhverju úr þessu, en vandinn er, að finna rjettasta og bezta veginn.

H. fjárlaganefnd hefir sem slík nokkuð með búnaðarmál að gjöra, hún á að ákveða styrk til búnaðarskóla, búnaðarfjelaga o. s. frv., en þótt jeg viti, að hún er einkar vel skipuð, þá er starf hennar svo umfangsmikið, að telja má nauðsyn, að skipa sjerstaka nefnd við hlið hennar, til þess að taka landbúnaðarmálin í heild sinni til meðferðar.

Jeg skal minnast á sumt, sem vakir fyrir mönnum, að nauðsynlega þurfi að gjöra landbúnaðinum til eflingar. —

Það þarf að reisa á fót lánsstofnun, er veiti bændum lán til jarðabóta með hagfeldari kjörum, en nú gefast; afborganafresturinn þarf að vera lengri, en nú er veittur í sjóðum, svo að menn geti verið vissir um, að jarðabóta arðurinn sjálfur geti að mestu leyti dugað þeim til að standa straum af láninu.

Í öðru lagi virðist mjög nauðsynlegt, að stofnaður sje tilraunagarður eða til-

raunagarðar, til þess að fá reynslu fyrir, hverjar útlendar jurtir muni þrífast hjer á landi og hverjar ekki. Nú sem stendur eru menn að gera tilraunir víðsvegar um land mjög svo út í bláinn; margar af tilraunum þessum misheppnast, og menn þreytast við þær, án þess nokkur full sönnun sje fengin fyrir því, hvort viðkomandi jurtir geti þrifizt hjer eða ekki.

Ef slíkur tilraunagarður væri stofnaður, þá ætti hann að geta miðlað plöntum frá sjer, svo ekki þyrftu menn að útvega sjer þær frá miður heppilegum stöðum í útlöndum.

Í þriðja lagi er að mínu áliti löggjöfin um ábúð jarða mjög gallafengin; hún þarf umbóta við, sjerstaklega skal jeg nefna það, að leyft skuli vera, að byggja jörð að eins til eins árs; hinn stutti leigutími hlýtur mjög að standa í vegi fyrir því, að leiguliðar geri jarðabætur á ábúðarjörðum sínum.

Margt fleira má nefna, þar á meðal það, að íslenzkar fóðurjurtir hafa eigi verið rannsakaðar enn til neinnar hlítar. Engin gangskör hefir verið gjörð að því, að ranusaka ásigkomulag og frjómagn jarðvegarins á hinum ýmsu stöðum landsins, og því verður svo margt í blindni gjört hjá oss.

Jeg álít að lengri ræða frá minni hálfu hafi að sinni eigi neitt að þýða, en vona, að tillagan mæli svo með sjer sjálf, að háttv. deild fallist á, að nefnd sje skipuð í málið.

Sighvatur Árnason: Jeg fyrir mitt leyti hafði í huga, að flytja inn á þing tillögu svipaða þessari, og því er jeg þakklátur háttv. flytjendum þessarar tillögu, og tillögunnar viðvíkjandi sjávarútveginum og landbúnaðinum. Því að það er sannarlega þörf á, að íhuga bæði þessi mál. Það er ekki nóg, að ræða hjer á þingi mál, sem hafa stórkostlegan kostnað í för með sjer, án þess að hafa á einhverju að byggja, fyrst er að leita að grundvellinum, og styrkja hann sem mest og bezt, og jeg vona, að hjer sje lagt í þá leit.

Því er svo varið með landbúnað vorn, að hann er að mínu áliti nú í einna lökustu horfi, sem hann hefir verið um nærverandi tíma; það er margt, sem að þessu stuðlar: árferði hefir verið í lakara lagi, enn verra er það þó, hve örðugt er að fá vinnukraptinn, hann er að dragast úr höndum landbóndans, en það er hægra sagt en gjört, að kippa því í liðinn. Og það sem fæst af vinnandi fólki, er afardýrt, svo það er svo komið, að landbúnaður vor til sveita ber ekki þann kostnað, sem hann hefir í för með sjer, því að þegar jeg ber þann kostnað, sem á búinu hvílir, saman við framleiðsluna, þá er hún allt of lítil til að standast hann.

Jeg skal fúslega játa það, að alþingi hefir gjört nokkuð til þess, að styðja landbúnaðinn, þótt jeg telji það of lítið. Þingið hefir t. d. stutt að stofnun búnaðarskóla, og skal jeg játa, að þeir hafa gjört nokkurt gagn, þótt minna sje það en jeg vonaði. Líka hefir þingið veitt búnaðarfjelögum fjárstyrk, og þótt hann hafi ekki verið mikill, þá hefir hann þó eflaust gefið talsverða hvöt til jarðabóta, og fyrir hann hafa búnaðarfjelög myndazt, og jeg er á því, að aukning hans sje eitt af því, sem gæti styrkt landbúnaðinn.

Enn er eitt, sem gæti styrkt landbúnaðinn, og það er, ef auðið yrði að draga vinnukrapt frá sjónum til sveitanna. Nú sem stendur streymir fólk af Suðurlandi til Austfjarða, og fyrir það er næsta örðugt fyrir sveitabændur að fá kaupahjú; það má þó ekki minna vera, en að landbóndinn hafi vinnukrapt, til að afla sjer heyja.

Þegar jeg yfir höfuð lít til þess, hvernig helzt megi efla landbúnaðinn og styrkja, þá verður fyrst fyrir mjer, að flýta þurfi fyrir aukinni framleiðslu af honum, það er aðalatriðið, og það er helzt það atriði, að auka heyaflann, og til þess þarf að finna góð ráð; háttv. flutningsm. (J. P.) minntist á nokkur önnur atriði, og skal jeg því ekki að þessu sinni fara frekara út í það efni, en vona, að háttv. deild hafi áhuga á málinu, og skipi í það 5 manna nefnd, eins og stungið er upp á í tillögunni.

Benidikt Sveinsson: Jeg er einnig þakklátur h. flutningsm. tillögu þessarar, því að þegar vjer lítum á búnaðarástand lands vors, og sjerstaklega viðburði þá sem orðið hafa í vor sem leið, þá bendir þetta oss ljóslega á, að alþingi hvorki eigi nje megi horfa þegjandi og aðgjörðalaust á slíka sorgarsjón. Það er víðar hjer á landi en á Suðurlandi, að búnaðarástandið er ískyggilegt, og því fyllsta nauðsyn á, að leita rækilega að orsökum þess, að búnaður vor er nú svo hættulega staddur.

Jeg get ekki verið samdóma h. 1. þm. Rangv. (Sighv. Á.) um, að vjer höfum eigi lagt fram allmikið fje til að koma á tót búnaðarstofnunum, — búnaðarskólar eru það ekki, þó þeir beri það nafn hjá oss, — og ennfremur til verklegra búnaðarframkvæmda. En hvernig stendur þá á því að öll framlög vor til eflingar búnaði hafa eigi getað orðið til þess að hrinda honum í rjett spor? Vjer verðum að játa, að fyrir utan ýmsar ytri orsakir, svo sem þær að vinnukraptar hafa dregizt frá landbúnaðinum og orðið dýrari, fyrir utan þetta hljóta að liggja hjer til grundvallar aðrar innri og dýpri orsakir, þær orsakir, að alþingi hefir enn ekki tekið að sjer málið á þann hátt, sem það hefði átt að gjöra. Jeg skal taka það fram, að stofnanir þær, sem vjer höfum komið upp til búnaðarbóta, hinir svo kölluðu búnaðarskólar, eru eigi byggðir á lögum, heldur hafa þær komizt upp fyrir forgöngu og fylgi umboðsvaldsins. (*Sk. Th.:* Það stendur á sama). Nei þvert á móti, það stendur ekki á sama, það er engin föst stofnun, engin stofnun í rjettum skilningi, sem eigi hvílir á grundvelli þar um gjörðra laga. Jeg þekki meira að segja eitt sýslufjelag, sem þykir fyrirkomulag búnaðarskólanna svo öfugt og ískyggilegt, að það hefir neitað að ganga í búnaðarskólasamband bæði við vestursýslurnar og austursýslurnar, það hefir glöggt og greinilega skýrt umboðsvaldinu frá, að sjer líkaði ekki grundvallarstefnan í búnaðarskólamálinu, og því vildi það alls engan þátt eiga í þeim svo nefndu búnaðarskólum, eins og þeir enn væru, og þetta svar hefir umboðsvaldið nauðugt, viljugt, orðið að gera sjer að góðu, það hefir vantað alla lagaheimild til að beita nokkurri þvingun í þeirri grein, og viljann þó eigi vantað. Það er til spakmæli, sem segir: Með lögum skal land byggja, og jeg segi að þetta eigi sannlega í fyllsta mæli við landbúnaðarmál vort. Umboðsvaldið getur enga skóla stofnað, eða að minnsta kosti ekki gefið þeim neina festu, nema löggjafarvaldið komi til. Setjum svo, að meiri hluti einhvers alþingis segði sem svo: Jeg vil ekki veita þessum búnaðarstofnunum, sem upp hefir verið hrófað, og bera svo lítinn árangur og ónógt fyrir búnaðinn, neinn fjárstyrk framar á fjárlögum landsins. Hvernig mundi þá fara? Mundi ekki fara áþekkt með þær allar, því, sem einn merkur þingmaður sagði um eina þeirra eigi alls fyrir löngu, að ef hún fengi ekki ákveðinn fjárstyrk úr landssjóði, þá mundi hún falla um koll.

Mín skoðun er sú, að það hafi mjög hindrað gagnsemi búnaðarskólanna, að þeir voru ekki stofnaðir með lögum, heldur út í bláinn af umboðsvaldinu. Einmitt af þessu og engu öðru hefir þingið ekki haft hvöt eða tækifæri til þess, að láta sína beztu menn rannsaka grundvöllinn undir þeim, svo allt hefir orðið af handahófi. Jeg held einmitt að grundvöllurinn undir þeim sje veill, veill að því leyti, að þar sje lögð ofmikil stund á bókfræði en oflítil stund á verknaðarnám. Fyrsta stig til eflingar búnaðinum er sjálfsagt það, að innræta þjóðinni, það er að segja almenningi, ef jeg mætti svo að orði kveða, virðing fyrir og elsku til vinnunnar, að koma henni til að hafa gleði og unun af vinnunni, en þetta fæst ekki nema með því að kenna henni að vinna og vinna rjett, í samræmi við þau náttúrulögmál, sem blessa erfiðið með nýjum og ríkulegum ávöxtum. Þessi sama hugsun kom að jeg ætla fram hjá h. flutningsm. (J. P.), er hann talaði um tilraunagarða. Skynsamleg vinna (rationelt Arbeide á dönsku máli), unnin eptir rjettum reglum og með sem mestum sparnaði á kröptum og tíma, er frumráðið til að frelsa landbúnaðinn frá þeirri skipbrotsleið sem hann er nú á; og til þess að koma þessu inn í fjöldann, þarf að semja tryggjandi lög, er efli áhuga landbóndans, á að snúa af þessari leið inn á þá leið, er komi landbúnaðinum á hærra stig en nú er hann. Aukin grasrækt er máttarstólpi búnaðarins, en hún eykst ekki við það eitt að horfa á grasið á jörðunni, og hafast ekki að, ekki heldur við það, að lesa danskar bækur um grasrækt, heldur með því að vinna með höndum sínum undir leiðsögn vísindalegra, efnafræðislegra rannsókna á jarðveginum, vatninu og áburðinum, o. s. frv. Allt, reynsla og skynsamleg yfirvegun, bendir glöggt og ótvírætt á það, sem jeg hef áður sagt, að á búnaðarnámi voru eiga að vera tvö stig; annað stigið á að vera mestmegis vísindalegt, en hitt mestmegnis verklegt, og þessi tvö stig eiga að vera glöggt skilin hvort frá öðru. En til þess að koma slíku í kring þarf viturlega lagaskipun og fastar stofnanir.

Jeg vildi óska þess, að þessi bending yrði meðal annars tilefni til þess, að þingið fyndi nú loksins ástæðu til þess, að ryðja braut nýrri stefnu og aðferð í meðferð fjár þess, sem ætlað er til eflingar búnaðinum á landi voru.

Jón Jónsson, (2. þm. Eyf.): Jeg hef ekki mikið að segja; jeg er málinu hlynntur og vil styðja að því að nefnd verði sett. Að eins verð jeg að taka fram, að tillögur mínar byggjast ekki á ástæðum h. þm. N.-Þing. (B. Sv.) því jeg er honum ekki samdóma, heldur á sjerstökum ástæðum. Jeg skal játa það satt vera, að búskapurinn í landinu er ekki á svo föstum grundvelli sem æskilegt væri. En þegar menn verða svo hámæltir um ljelegt og enda voðalegt ástand búnaðarins, þá hljóta allir að skilja það, sem hjer sje miðað við samanburð á ástandi því, sem áður var og nú er. Allir hljóta að skilja það sem hjer sje talað um apturför, en jeg neita því alveg að það sje apturför í búnaði vorum. (*B. Sv.:* Jeg sagði það ekki). Nei, ekki berlega, en það lá í orðunum. En því getur þó enginn neitað, að búnaði vorum hefir farið fram, og það mjög mikið, síðan 1875. Það sanna líka allar opinberar skýrslur. Má vera að framförin þyki smá í sjálfu sjer, en hún er þó stórmikil í samanburði við það, sem áður var. Vjer erum því ekki á apturfarar-leið heldur framfarar. — Um búnaðarskólana er jeg einnig alveg ósamdóma h. þm.; þeir hafa gert mikið gagn og eru líklegri til að

gera enn meira, og því er alveg órjett látt að segja að þeir hafi misheppnazt, enda hafa þeir tekið framförum og farið batnandi á síðari árum. Jeg er ósamdóma h. þm. um margt annað í ræðu hans, auðfræðislegar skoðanir hans og margt fleira; enda var ærið margt af því, sem hann talaði tóm orð og talsvert glaumkennt, svo sem t. d. þegar hann var að tala um að lesa dönsku yfir grasinu. Það er svo sem auðvitað, að menn fá ekki grasið til að spretta með því að lesa yfir því dönsku, og reyndar ekki íslenzku heldur, en margt geta menn nytsamt lært af dönskum bókum, jafnvel margt, sem miðar til eflingar grasræktinni.

Þrátt fyrir allt, sem oss er átátt, erum vjer þó á rjettri leið. Jeg vil styðja að því, að kosin verði nefnd, sem kynni að finna einhver ráð til að herða á oss skriðinn í þá stefnu, sem vjer nú höldum, en ekki til að breyta stefnunni.

Benedikt Sveinsson: Mjer þykir h. þm. Eyf. (J. J.) taka undarlega í það, sem jeg sagði. Jeg fór ekki út í neinn samanburð á ástandinu fyrrum og nú. Mjer dettur ekki í hug að neita, að oss hafi máske farið fram að ýmsu leyti í búnaði vorum. En þó að oss sje að fara fram, þá verður alls ekki með rjettu dregin af því sú ályktun, að vjer sjeum á rjettri stefnu; jeg álít oss halda í ranga stefnu, sem vjer eigum að yfirgefa. Jeg skil ekki, hví h. þm. tók orð mín svo óstinnt upp. Má jeg minna hann á horfellinn; hann er þó ekki glæsilegt einkenni á búnaði vorum. Jeg hef horft á hann augliti til auglitis á ferðalagi mínu í vor, og það jafnvel í Norðurlandi, þar sem búnaðurinn stendur þó að jeg ætla bezt. Vitaskuld segi jeg ekki að horfellir hafi verið almennur á landinu í vor, en það kvað nóg að honum til þess, að h. þm. Eyf. (J. J.) hefir enga ástæðu til þess, að vera að reyna til að koma neinni sjálfhælnishugsun inn í þjóðina. Nú er verið að koma með herðing á horfellislögunum hjer inn á þing þessa dagana; hvernig stendur á því? Er það gert án ástæðu? *(Jón Jónsson*, þm. Eyf.: Að gamni sínu). Já, það var þó víst ekki gert að gamni sínu, að láta 100 fjár liggja steindautt uppi á Mývatnsöræfum í vor eptir maíáfellið? Nei, slíkt er ekki gert að gamni sínu, heldur af því, að oss vantar fóðurbirgðir til að varðveita fjeð frá vordauða. Menn verða að vorkenna mjer, þótt jeg taki fram dæmi og segi, að það hafi verið horkvaldar skepnur í vor allvíða hjer á landi, sem hafi gefið ástæðu til að fara nú að herða á horfellislögunum. Jeg get ekki lagt svo mikla áherzlu, sem jeg vildi, á það, að þingið gangi hyggilegri leið en hingað til er gjört í því, og hraðari fetum að efla landbúnaðinn. en það hefir gert síðastliðin 20 ár. Jeg skil ekki, hvernig þm. Eyf. (J. J.) hefir farið að misskilja orð mín. En ef í það fer, þá er jeg með öllu ótilleiðanlegur til að víkja frá minni stefnu. Alþingi á að taka að sjer landbúnaðarmálið og gjöra lögskipun á því innan vissra takmarka. Ef h. þm. Eyf. (J. J.) álítur mína stefnu óhafandi, þá verð jeg að biðja hann að koma með ástæðurnar fyrir því, ef hann annars getur, hvers vegna búnaðarskólamál vort skuli vera umboðsmál, en ekki löggjafarmál.

Sighvatur Árnason: Þegar jeg áðan sagði, að landbúnaður vor væri á hættulegu stigi, átti jeg ekki við, að sjálft búskaparlagið væri í apturför, því óneitanlega hefir oss farið fram bæði með jarðabætur, fjárhirðingu, húsabætur, klæðaburð og fleira. Jeg átti við hitt, að búnaðurinn er nú, bæði

fyrir þessar umbætur og fyrir það, að kaup er hækkað, orðinn of kostnaðarsamur í hlutfalli við afurðirnar. Í þessu er hættan fólgin. Við umbæturnar getum vjer ekki hætt, og kaupgjaldið getum vjer ekki fengið lækkað; en til að vega á móti þessu þyrfti þó helzt einhver ráð að finna.

Að því er til landbúnaðarskólanna kemur, vil jeg ekki gera þá tortryggilega, en get þó ekki dulizt þess, að mjer finnst, að menn hefðu mátt vænta meiri framfara af þeim, en orðið er. — Orsökin til þessa hygg jeg sje, að þeir leggi of mikla áherzlu á hið bóklega, en of litla á hið verklega. Enda sanna skýrslur þeirra sjálfra, að jarðabótavinnan hefir verið þar býsna smá-stiluð, sum árin að minnsta kosti. Bókfræðslan hefir borið hið verklega ofurliði.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg hafði ekki ætlað í fyrstu, að tala neitt á þessu stigi málsins; málið er of umfangsmikið til þess, að slíkar ræður geti haft nokkra þýðing, því það er of umfangsmikið mál fyrir nokkra þingnefnd. Það væri eðlilega verkefni fyrir stjórnina, að undirbúa þetta mál, og mundi henni þá vart veita af, að kveðja utan þings nefnd, til að starfa að því milli þinga. Málið er svo margþætt og upplýsingar þær, sem þörf er á, svo miklar og margvíslegar og sumar ekki fáanlegar hjer í landi. Um það verð jeg að vera samdóma h. þm. Eyf. (J. J.), að landbúnaður vor er ekki á skipbrotsleið. — Hvernig geta glöggir þingmenn farið að koma með þau orð, að landbúnaður vor sje í voða? Jú, jeg skil það, orsökin er þessi: Sauðasalan til Englands hefir verið aðal-meðalið til að draga peninga hjer inn í landið; örari innstraumur peninga ásamt góðæri síðustu árin hafði þær afleiðingar, að hækka kaupgjald hjúa og auka kröfur manna til lífsþæginda. Þegar fjársalan hætti, þverraði innstraumur peninga í landið; en með þverrun peninganna hefir hvorki kaupgjaldið nje kröfur manna til lífsþægindanna lækkað. Því sjá menn nú ekki ráð til að fullnægja þessum kröfum, eptir því sem áhorfist, og þetta vekur í mönnum beyg við framtíðina. Allt um það er engin ástæða til að vola nje víla; eign manna hjer í lausafje er meiri nú en nokkru sinni áður á þessari öld, jafnvel meiri en á veltiárinu 1849. Það er því engin sjálfhælni, þótt menn barmi sjer ekki svo mjög, þegar ástandið þó faktiskt er betra en áður. Mönnum hefir og vaxið hugur og áræði til fyrirtækja við fyrirfarandi góðæri, og nú hættir þó ýmsum til að æðrast, þegar þeim finnst við blasa, að þeir verði að draga saman seglin.

Þessi er ástæðan til orða þeirra, er hjer hafa fallið í dag. En jeg vil leyfa mjer að fullyrða, að landbúnaður vor er á all hraðri framför. Viðleitni þings og stjórnar honum til stuðnings hefir gengið í rjetta átt. En jafnframt því má efalaust finna sitt hvað fleira nýtt honum til eflingar.

Það hefir verið látið í ljósi, að búnaðarskólar vorir legðu of mikla áherzlu á bóklega menntun, en of litla á verklega.

Jeg var líka einu sinni á þessari skoðun, en við að kynna mjer málavexti betur, er jeg alveg horfinn frá henni. Piltarnir koma svo óundirbúnir í öllu bóklegu á búnaðarskólana, að skólarnir verða að leggja nærri alla þá bóklegu undirstöðu hjá sveinunum, sem þeir hefðu átt að vera búnir að fá á barnaskóla, áður en þeir komu á búnaðarskólann. Þetta undirbúningsleysi hlýtur eðlilega að eyða miklu af þeim tíma, sem annars hefði getað gengið til verklegrar menntunar. Því var hreyft hjer, að landbúnaðurinn væri svo stopull atvinnuvegur, en jeg ætla

að dirfast að fullyrða, að hann sje sá tryggasti af öllum vorum atvinnuvegum. Og jeg vil enn fremur fullyrða, að hann sje munum tryggari nú, heldur en t. d. fyrir 20 árum. Þessu veldur aukin þekking manna; þeir hafa svo stórum fjölgað, sem vita, að það er meiri og betri arðvon af tveimur skepnum, sem vel er við gert og með farið, en af þremur, sem kvaldar eru fram eða lagðar í áhættu fyrir fóðurskort af og til. Hjer hefir verið nefndur hordauði, og jeg skal einmitt taka til dæmis vorið í vor; að eins af örfáum strjálblettum hjer og hvar um landið hefir átt sjer nokkur verulegur horfellir stað, sem nefnandi sje, og þó hefir þetta vor verið hið versta, sem í langan tíma hefir þekkzt hjer á landi; það skyldi þá vera vorið 1882, sem jeg þó efa, að hafi verið eins illt; en ólíku minna er tjónið, sem menn nú hafa beðið, og víða alls ekkert. Þetta sýnir, að menn eru orðnir varfærnari nú í búskapnum, en við það er landbúnaðurinn orðinn tryggari nú en áður, jafnframt því, sem hann er orðinn talsvert meiri. Allt um það er ástæða til að gera allt það frekara fyrir hann, sem auðið er.

Frumv. það um horfelli, sem nú er á leiðinni hjer á þingi, kynni að geta stutt að, að tryggja enn betur búnaðinn. En vor núverandi horfellislög verð jeg að telja verri en ekki neitt. Sú bót, sem orðin er á hugsunarhætti manna í þessu efni, er engan veginn þeim að þakka. Það verður í býsna fáum tilfellum, ef til vill ekki í einu af þúsund, auðið samkvæmt þeim, að sanna brot gegn þeim, svo vísdómslega sem þau eru orðuð.

Nú eru að komast á hjer í landi verkvjelar, þótt í smáum stíl sje, til að vinna ull vora. Sá iðnaður getur orðið góður stuðningur landbúnaði vorum. — Vjer flytjum árlega út úr landinu 1500 þúsund pund af ull; gætum vjer unnið tvo þriðjunga af því í landinu, hefði það ekki litla þýðingu fyrir landbúnað vorn. Þá skal jeg nefna annað dæmi: skilvjelarnar. Jeg hef sjálfur reynslu fyrir því, að þær spara vinnu meira en að helmingi eða allt að þrem fjórðu hlutum; auk þess skila þær fimmtungi meira smjöri úr mjólkinni en áður. — Þar liggur vísir til talsverðrar framfarar. Gæti nefndin bent á veg til að greiða fyrir útbreiðslu þeirra og annara verkvjela, væri það eitt góðra gjalda vert. Landbúnaðurinn græðir á því, er afurðir hans aukast eða hækka í verði.

Þá er enn eitt, sem nefndin gæti gjört og hvað mesta þýðingu mundi hafa, en það á nú ef til vill nokkuð langt í land. Erfiðast í landbúnaði vorum er það, hve dýrt er að afla fóðurs. Gæti nefndin lagt á nokkur ráð til að bæta úr því, þá ynni hún þarft verk; þar gætu styrktar tilraunastofnanir unnið gagn. Það þarf að breyta ræktunaraðferðinni; menn verða að reyna að setja smærri bletti undir betri og skynsamlegri rækt, en nú gerist. Geti bóndinn með skynsamlegri aðferð fengið jafnmikið heyfall af einni dagsláttu eins og hann nú fær af tveimur, þá væri ómetanlega mikið unnið. En þetta kemst því að eins af stað, að verklegar tilraunir verði gerðar, en til þeirra þarf svo mikið fje, að flestum einstaklingum er of vaxið; því að þó slíkar tilraunir borgi sig, þegar þær heppnast, þá er kostnaðartjónið og opt mikið, þegar það misheppnast; því er það tilhlýðilegt, að styðja slíkar tilraunir af almannafje.

En það þarf meira að gera en að auka framleiðsluna; til þess að hún komi að fullum notum, þarf líka að útvega henni hæfilegan markað. Landbúnaðurinn þarf margt að kaupa, en

til þess þarf hann að geta selt afurðir sínar. Bresti markað fyrir þær, stendur honum hætta af því. Af þessu öllu stendur mönnum nú ótti. Því er svo mikið undir því komið, að útvega afafurðum landbúnaðarins góðan markað, bæði í landinu sjálfu og fyrir utan það. Vjer þurfum meðal annars að útvega markað, ekki að eins íslenzku fje, heldur og íslenzku bandi og íslenzkum vefnaði. Jeg hef sjálfur sjeð, eins og sjálfsagt fleiri þingmenn, vefnað frá Noregi, unninn þar úr íslenzkri ull, og jeg verð að segja, að hann er bæði fallegri og líklega haldbetri en mikið af þeim fataefnum, enskum og þýzkum, sem vjer nú kaupum föt úr hjá klæðskerum; og við þetta bætist, að það mun mega selja hann með talsvert betra verði. Að nokkurn markað megi fá fyrir íslenzkt band jafnvel í Kaupmannahöfn, það veit jeg af eiginni reynzlu.

Allt þetta og ótal margt annað verður nefndin að hafa fyrir augum. Verkefni hennar er því, eins og jeg sagði, sannarlega umfangsmikið og þarf rannsókna bæði innan lands og utan, sem sjerhverri þingnefnd hlýtur að vera of vaxið sakir tímaleysis. Það má því ekki af henni vænta annars en laus legra bendinga, sem ef til vill gætu orðið til leiðbeiningar fyrir hina háttv. stjórn, ef hún, eins og sannlega væri skylda hennar, vildi taka málið til meðferðar milli þinga, og búa það undir næsta þing. Eitt hið verulegasta, sem nefndin gæti gert, væri að líkindum einhverjar tillögur um tilraunastofnun.

Jeg legg þannig ekki á móti nefnd í málinu, en vil að eins benda mönnum á, að búast ekki við meiru af henni en von getur á verið eptir eðli málsins.

Pjetur Jónsson: Jeg ætlaði mjer ekki að tala í þessu máli nú, en lítið atvik, sem h. þm. N.-Þing. (B. Sv.) minntist á í ræðu sinni, kemur mjer til að biðja um orðið, ekki samt til þess að bera á móti því, sem þm. sagði, heldur til þess að skýra hvernig í því liggur. Hann gat þess, að hundrað fjár hefði legið dautt uppi á Mývatnsfjöllum í vor, og af því að skýrt var frá þessu í sambandi við horfelli og fóðurskort, þá skal jeg geta þess, að þetta fje hafði verið rekið á afrjett fyrir sumarmál eins og ekki er óvanalegt. En svo kom þetta mikla hret í maímánuði og fjeð fennti, og var það, en ekki hor eða heyleysi, örsök þess, að fjeð fannst dautt þarna á fjöllunum.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg hafði ekki hugsað mjer að taka til máls nú, þar sem að eins átti að ræða um það, hvort nefnd skyldi kosin til þess að íhuga þetta mál eða ekki. Jeg gat ekki hugsað mjer, að umræðurnar yrðu svona langar og yfirgripsmiklar. Jeg sje lítið gagn í því að tala svona á víð og dreif um ótal hluti, án þess að hægt sje að festa sig eiginlega við neitt. Það hefði sjálfsagt verið heppilegra að þeir, sem vildu fræða menn um alla þessa hluti, hefðu gjört það með fyrirlestri á öðrum stað en í þingsalnum. Mjer finnst það eitt rjett, að vekja athygli h. þingd. á því, hvert vera eigi helzta verkefni þessarar nefndar. Það er sjálfsagt, að nefnd, sem hefir að eins nauman tíma hjer á þinginu og skipuð er mönnum, sem bundnir eru við mörg önnur störf, getur ekki tekið nema fátt eitt til yfirvegunar af því marga, sem landbúnaðinn snertir. Mjer finnst nefndin ekki geta tekið önnur landbúnaðarmál til yfirvegunar, en þau, sem koma fyrir þingið, t. d. það, hvort þær styrkveitingar til búnaðarfjelaga eru heppilegar, sem stungið hefir verið upp á, hvort heppilegra sje að halda áfram að styrkja búnaðarfjelögin eins og gjört hefir verið, eða rjettara sje að geta gaum þeirri

uppástungu, sem komið hefir fram, um að ákveða vissa fjárupphæð, sem stjórnin hafi til umráða og láni mönnum til jarðabóta með góðum kjörum. Þá eru líka komnar fram uppástungur um að afnema lausafjárskattinn, og önnur uppástunga um að afnema bæði lausafjár- og ábúðarskattinn. Þessar uppástungur ætti nefndin að yfirvega, og ennfremur það, hvort ekki sje rjett að halda áfram að styrkja búnaðarskólana eins og þeir eru. Jeg skal ekki fara mörgum orðum um búnaðarskólana, enda koma þeir líka til athugunar í fjárlaganefndinni. Þó skal jeg minnast á það, að t. d. í mínu kjördæmi kom fram uppástunga um það, að lögð væri niður gagnfræðakennslan á búnaðarskólanum, en lögð sem mest stund á verklega kennslu, en þá sýnist mjer sjálfsagt að heimtað verði inntökupróf á skólana.

Þá hefir verið talað um, að æskilegt væri, að komið yrði á fót lánsstofnunum, þar sem bændur gætu fengið lán til jarðabóta með betri kjörum en úr lánsstofnunum þeim, sem þegar eru til. Þetta og því um líkt ætti að vera verkefni hinnar væntanlegu nefndar. En að nefnd hjer á þinginu geti fengið tíma eða tækifæri til að breyta alveg landbúnaðarlögunum og semja önnur ný, það álít jeg alveg óhugsandi.

Að því er snertir tillögur h. þm. N.-Þing. (B. Sv.) um breyting á búnaðarskólunum, þá gæti jeg vel verið með honum, ef um það væri að ræða, að koma á nýjum skólum; en hjer er að eins um það að ræða, að styrkja þær stofnanir áfram, sem þegar eru komnar á fót. Jeg verð líka að segja, að þeir, sem eru að tala um, að búnaðarskólarnir sjeu óþarfar stofnanir, þeir ættu að benda á annað, sem sett yrði í þeirra stað, og drægi úr nauðsyn þess, að þeir sjeu til.

Í sambandi við þessa nefndarkosning hefir líka verið rætt um samning nýrra horfellislaga, en þó það mál heyri undir landbúnaðinn, þá sje jeg ekki að þessi nefnd geti gefið sig við því máli.

Að því er snertir stofnun klæðaverkstaða og innleiðslu nýrra verkvjela, þá finnst mjer þess konar heyra fremur til iðnaðar en landbúnaðar. Ef tína á allt slíkt til, sem að einhverju leyti getur heyrt undir landbúnað, þá yrði verkefnið svo mikið, að engin nefnd gæti annað því, þó hún hefði um ekkert annað að hugsa allan þingtímann út.

Að því er snertir hinar svo kölluðu »skilvjelar« og önnur búskaparáhöld, þá sje jeg ekki, hvað nefnd hjer á þingi gæti gjört því viðvíkjandi, annað en að hvetja menn til að eignast þau.

ATKVÆÐAGR.: 5 manna nefnd samþykkt, og í hana kosnir: Guðjón Guðlaugsson með 18 atkv., Einar Jónsson með 16 atkv., Ólafur Briem með 11 atkvæðum, Guðl. Guðmundsson með 10 atkv. og Jón Jónsson, 2. þm. Eyf., með 10 atkv.

Níundi fundur, laugardag 10. júlí, kl. 12 á hád. Allir á fundi, nema Jens Pálsson og Eirikur Gislason, er fengið höfðu burtfararleyfi.

Forseti gat þess, að hann hefði fengið tilkynningu um, að í fjárkláðanefndinni væri kosinn formaður Þorl. Guðmundsson og skrifari Guðl. Guðmundsson, og í landbúnaðarnefndinni formaður Guðjón Guðlaugsson og skrifari Einar Jónsson.

Þá gat forseti þess, að til sín væri komið og yrði lagt fram á lestrarsalinn:

1. Beiðni frá sóknarnefndinni í Vestmannaeyjum um að hækkuð sje á fjárlagafrumv. fjárveitingin til að kaupa harmonium í Vestmannaeyjakirkju úr 350 kr. upp í allt að 600 kr.

2. Bænaskrá frá prestinum í Vestmannaeyjum sjera Oddgeiri Guðmundsen um 300 kr. uppbót á brauðinu.
3. Áskorun úr Norðfirði til þingmanns Norðmýlinga, að hann leggi fyrir alþingi frumv. til laga þess efnis, að hver verzlun, sem selur áfengi, skuli gjalda að minnsta kosti 10 aura af hverjum áfengispotti, er renni í sveitarsjóð.
4. Þingmálafundargjörð úr Árnessýslu.

Tillaga til þingsályktunar um að skipa nefnd til að íhuga, hvað þingið geti gjört til eflingar sjávarútveginum (C. bls. 176); ein umr.

Flutningsmaður (*Einar Jónsson*): Í gær setti þessi þingd. nefnd í landbúnaðmálinu, og í dag kemur fram þessi samskonar tillaga viðvíkjandi sjávarútveginum, þessum öðrum atvinnuvegi landsmanna. Það geta nú líklega allir orðið samdóma um það, að sá atvinnuvegur sje mjög fjarri því að vera enn í viðunanlegu horfi. Nú bólar þó á framförum og talsverðri framfaraviðleitni einnig í honum, sem bezt lýsir sjer í því, hvað mikið menn gjöra nú til þess að auka þilskipaútveginn; auðvitað eru það enn helzt kaupmenn vorir, sem mest gjöra í því efni, en bændur eru þó nokkuð með og koma án efa smámsaman fleiri og fleiri þeirra á eptir, líklega helzt í fjelagsskap, eptir því sem á efnunum stendur. En eigi að síður mun mikil þörf á því að fundin yrðu einhver hagfeld ráð til þess að ljetta hinum efnaminni mönnum þilskipakaupin. Og svo er ýmislegt fleira, sem nefnd sú, er hjer er um að ræða, gæti um hugsað. Jeg ætla að eins að minnast á fáein atriði.

Hið fyrsta atriði, sem mjer virðist þyrfti sjerstaklega að íhuga, er það, hvernig þingið gæti bezt stutt að vátryggingu skipanna, því að hún er fyrsta skilyrði fyrir skipastól, en optast erfitt að koma vátryggingarsjóðum í fyrstu á fastan fót, og jafnvel þó að ábyrgðarsjóðir sjeu komnir á fót, þá eru þeir svo kraptlitlir, að beri mörg slys að í einu, getur það orðið meira en þeir fá undir risið. Það þarf ekki langt, að leita að dæmum til þess, því að í vor lá við að vátryggingarsjóður Eyfirðinga fengi ekki risið undir því skakkafalli, sem hann varð fyrir. Landssjóður ætti vafalaust að styðja að stofnun slíkra sjóða og jafnvel veita þeim einhverja hjálp í viðlögum.

Annað atriðið, sem jeg vil nefna, er greiður aðgangur til að fá lán til þilskipakaupa.

Þriðja atriðið, sem hjer kemur til greina, virðist mjer vera að hlynna að bygging íshúsa; þau eru sjávarútveginum ómissandi stoð. Það liggur nú fyrir þinginu bón frá einum manni (Ísak Jónssyni), sem vel kann að því að reisa slík hús, og hefir komið ekki svo fáum þeirra upp, og fer hann fram á styrk til að geta gefið sig allan við að koma upp íshúsum, og virðist rjett að veita honum þann styrk. Mjer er óhætt að segja, að það hafa fáar nýungar komið fram hjer á landi í síðari tíð, sem nytsamari hafi verið en íshúsin. Auk þessara þriggja atriða vona jeg að væntanleg nefnd í málinu mundi finna ýmislegt fleira verkefni. Langar ræður um þessa tillögu álít jeg óþarfar, því jeg tel sjálfsagt að þingið setji nefnd í málinu. Þó gæti verið gott að heyra tillögur fleiri manna, er kynnu að gefa nefndinni hugvekjur til verkefnis. Þó jeg stingi eigi þegar upp á nefnd, þá vænti jeg þó að málinu verði ekki vísað til landbúnaðarnefndarinnar, heldur verði sett í því sjerstök 5 manna nefnd. Þó að jeg sje flutningsmaður þessarar tillögu, er jeg sjálfur landbúnaðarmaður, og hef

aldrei sjómaður verið, og óska því, að jeg verði ekki kosinn í nefndina.

Benidikt Sveinsson: Af því að flutningsm. óskaði þess, að fleiri þm. en hann gæfu almennar bendingar um málið, vil jeg taka það fram, að væntanleg nefnd í þessu máli muni sjálfsagt geta haft mestan og bestan stuðning í starfi nefndar þeirrar, er sett var í sama tilefni á alþingi 1894, í sambandi við samhljóða ályktun beggja deilda alþingis, sem sjá má í C. deild þingtíðindanna það ár. Hinn fyrsti grundvöllur, sem leggja þarf, verður án efa stofnun vátryggingarsjóðs fyrir allt landið. Að minni hyggju er það nauðsynlegt skilyrði fyrir því, að hjer geti myndast íslenzkur þilskipafloti, til að nota þær miklu gullnámur sjávarins umhverfis þetta land. Jeg skal játa, eins og sjest á þingtíðindunum 1894, að jeg að vísu er í principinu mótfallinn þvingunartrygging, en samt sem áður er jeg kominn til þeirrar sannfæringar nú, að það sje nauðsynlegt eptir kringumstæðunum hjá oss, að jafnhliða myndun slíks almenns ábyrgðarsjóðs verði sett þvingunarlög, er skyldi sjerhvern þilskipseiganda til að ganga í fjelagið. Jeg skal sem sagt játa það, að þvingunarlög eru í sjálfu sjer aldrei æskileg; en í þessu tilfelli er eðli málsins þannig lagað, að það getur stutzt við rjettar löggjafarreglur og löggjafarpólitík, að þvinga skipseigendur til, að hafa skip sín vátryggð. Því með öðru móti fæst engin næg, undantekningarlaus trygging fyrir því, að eigendur og útgjörðarmenn skipanna haldi skipum sínum í tryggu ástandi, sem svo margra manna líf er komið undir, og gæti jeg, ef jeg vildi, fært fram hryggilegt dæmi þess í vor sem leið á Norðurlandi, hvílíkum voða eptirlitsleysi í þessu efni fær valdið.

Valtýr Guðmundsson: Jeg hef nú að vísu aldrei sjómaður verið, en finn þó ástæðu til að taka til máls. Það er býsna undarlegt, að þingið skuli þurfa að taka upp jafn umfangsmikið mál, sem þetta, án þess að nokkur minnsti undirbúningur liggi fyrir frá stjórninni. En þetta er auðvitað ekki annað en það, sem vjer eigum að venjast; það er einn af mörgum talandi vottum um hið óeðlilega ástand, sem stjórnarfyrirkomulag vort er í. Þingið verður sjálft að taka að sjer það frumkvæði og þann undirbúning, sem með rjettu ætti að vera stjórnarinnar verk, og því er ekki að kynja, þótt oss verði örðugt stundum lagasmíðið og því verði ýmislegt áfátt.

Það er svo sem auðvitað, að það þarf að styðja á einhvern hátt sjávarútveginn, sem er annar vor stærsti atvinnuvegur, þó jeg geti ekki verið samdóma því, sem ýmsir nú álíta, að hann sje vor framtíðarvænlegasti atvinnuvegur, því að það álít jeg landbúnaðinn vera. Menn eru nú farnir að sjá fram á það, að úthaldið á opnum bátum geti ekki blessazt til lengdar. Það er nú að vakna hjá oss ný stefna, sem sje að snúa sjer að þilskipaveiðunum. Þetta hafa menn og gjört í útlöndum; það var næsta stigið frá opnu bátunum; en nú eru helztu útvegsþjóðir annarsstaðar að hætta við þetta stig og hverfa að eimskipaveiðum. Nú þykir mjer vafasamt, hvort það sje rjett gert af oss, að halda oss svo eindregið að þilskipaútgerðinni; jeg á hjer við seglskipin; mjer virðist áhorfsmál, hvort ekki væri gjörlegt fyrir oss, úr því vjer höfum orðið á eptir öðrum þjóðum í þessu efni, að hlaupa nú yfir millistigið og færa oss þannig í nyt reynslu annara þjóða, sem hefir kennt þeim að fiskiveiðar á eimskipum eru miklu arðsamari en á seglskipum. Það eru nú nokkur ár síðan Englendingar fóru að

hætta við seglskipaveiðar og taka upp eimskip í staðinn. Norðmenn urðu þá til í fyrstu, að kaupa af Englendingum þeirra aflóga seglskip fyrir lítið verð. En nú hefir reynslan kennt þeim hið sama, sem Englendingum, og nú eru þeir farnir að nota eimskip til fiskiveiða. Nú eru það vjer Íslendingar, sem erum farnir að kaupa þessi aflóga seglskip, meðan Norðmenn og Englendingar eru að koma sjer upp eimskipaflota. Þetta atriði vona jeg, að væntanleg nefnd í máli þessu íhugi vandlega, því fremur sem það mun fyllilega vafasamt, hvort þilskipaútgerðin hjer borgar sig. Jeg byggi þetta með fram á skýrslum þeim, sem árlega birtast í blöðunum.

En þetta er oss ofvaxið, munu sumir segja, en jeg held það væri íhugunarvert, hvort eigi mundi vegur til að fá í hendur stofnfje það, sem með þarf.

Nú er einmitt uppi talsverð hreyfing meðal samþegna vorra í Danmörku í þá átt, að sameina sig við Íslendinga til eimskipaútgerða til fiskiveiða hjer við land. Í landbúnaðarfjelaginu í Danmörku eru auðugir menn, sem hafa óskað samlaga við íslenzka kaupmenn í þessu skyni, og boðið fram miljónir króna. Þar býst jeg við að einnig yrði kostur á lánsfje í þessu efni. Á þessu ári hefir þegar verið byrjuð tilraun með eitt eimskip við Austurland. Otto Wathne, sem allir vita að er ekki síður hagsýnn en ötull, álítur eimskipaveiðar hjer við land ákaflega arðvænlegt fyrirtæki, og telur hann víst, að fá mundi mega fleiri miljónir króna í það lagðar. Nú er spurningin, hvort þingið muni ekki vilja nokkuð gera til að styðja íslenzka menn og hvetja til að geta orðið hluttakar í þessum samlögum. Gæti t. d. ekki þingið heitið framlögum, t. d. 10 af hundraði gagnvart því, sem einstakir menn legðu fram? Slíkur styrkur gæti þó orðið töluverð hvatning. Reynzla manna erlendis hefir margsýnt, að arðurinn af slíkri eimskipaútgerð er margfalt meiri en af þilskipunum; þau eru svo miklu fljótari í ferðum og spara við það mikinn tíma, svo að mikið af þeim tíma, sem á þilskipum lendir í siglingar, má á eimskipum nota til veiða. Auk þess geta þau og verið miklu fljótari með fiskinn til markaðar og fljótari úr einum stað til annars, eptir því sem fiskigöngum hagar til. Þá vil jeg líka nefna eitt hagræði, sem fyrir oss gæti leitt af eimskipaútgerð; þegar mörg eimskip eru á ferðinni, mundi miklu auðveldara að sanna landhelgisbrot upp á botnverpinga, því eimskipin eru svo fljót á ferðinni. Hversu ötult sem þetta eina umsjónarskip er, getur það þó aldrei náð eins víða til, eins og mörg eimskip, sem væru hjer og hvar umhverfis landið.

Jeg skal geta þess, út af því, er jeg minntist á ummæli Otto Wathnes, að hann hefir þegar sýnt trú sína í verkinu með því, að hann einn heldur í ár 4 eimskipum út til fiskiveiða hjer við land. Jeg er enginn sjómaður og þykist ekki hafa mikið vit á fiskiveiðum, og hef því ekki talað þetta til að tala mig í nefnd, heldur að eins tekið þessi atriði fram til bendingar, af því mjer finnst, að þau kynnu að verðskulda að verða umhugsunarefni.

Landshöfðingi: Mjer skildist h. þm. Vestm. (V. G.) vilja lýsa óánægju við stjórnina fyrir frumkvæðisleysi hennar og aðgerðaleysi í þessu máli. En jeg verð að mótmæla því, að ummæli hins h. þm. (V. G.) í þessu efni sjeu á rökum byggð. Hann tók sjálfur ýmislegt fram til leiðbeiningar fyrir væntanlega nefnd í þessu máli, og aðrir hafa tekið fram önnur atriði. En ef h. þm. vildi gæta betur að, mundi hann sjá, að um flest þessi atriði hefir stjórnin haft frum-

kvæði með tillögum sínum, sem liggja fyrir þinginu. Menn hafa talað um að veita fje að láni til þilskipakaupa, en þetta hefir stjórnin einmitt lagt til á einum lið í fjárlagafrumv. Menn hafa talað um íhúsabyggingu. Einnig um það liggur fyrir tillaga frá stjórninni í fjárlögunum. Menn hafa talað um styrk til vátryggðarfjelaga. Til þessa hefir þegar verið veittur styrkur á fjárlögunum, og hafa vátryggðarfjelögin við Faxaflóa og á Eyjafirði fært sjer það í nyt. Vátryggðarfjelag á Isafirði hefir þar á móti enn ekki notað sjer þetta svo mjer sje kunnugt, en varla verður stjórninni gefin sök á því. Fátt er nauðsynlegra fyrir þilskipaútveginn en formenn eða formannaefni. Landið hefir því stofnað sjómannaskóla, og stjórnin fer í fjárlögunum fram á fjárveiting til að efla hann.

Jeg verð því að álíta, að tillögur stjórnarinnar í fjárlagafrumv. taki yfir flest þau atriði, sem fram hafa verið tekin sem verkefni handa nefnd í þessu máli. Auðvitað er þar ekki neitt um eimskip til fiskiveiða, enda virðist mjer að beiðni um það mál ætti að koma frá útgerðamönnum sjálfum. Það er þó varla til að ætlast, að fjárveitingavaldið fari að gjörast ráðsmaður fyrir útvegsmennina.

Jeg fæ því ekki sjeð annað en að nefnd sú, sem farið er fram á í þessu máli, fái að miklu leyti sama verkefni sem liggur fyrir fjárlaganefndinni. Helzti tilgangur slíkrar nefndar yrði því sá, að ljetta nokkrum störfum á fjárlaganefndinni, og virðist mjer það varla nauðsynlegt, meðan fjárlaganefndin sjálf lætur ekki neina ósk í ljósi í þá átt.

Þórður Thoroddsen: Mjer skildist á hinum hæstv. landsh., að honum þætti óþarfi að skipa þessa nefnd, sem á að íhuga, hvað þingið geti gjört til að efla sjávarútveginn, en jeg verð að vera á annari skoðun í því efni. Hafi verið þörf á að setja nefnd til að íhuga landbúnaðarmál landsins, þá er ekki síður þörf á þessari nefnd, sem á að ræða um sjávarútveginn. Landbúnaðinum hefir hingað til verið hossað af þinginu, í samanburði við sjávarútveginn, bæði að því er styrk snertir af landsfje og annað. Það er eins og þing og stjórn hafi hingað til enga hugmynd haft um, að þörf væri á því að styrkja og efla sjávarútveginn, ef dæma skal eptir þeim tillögum og ráðstöfunum, sem gjörðar hafa verið honum viðvíkjandi. Og úr því að heldur ekki nú hafa komið fleiri tillögur frá stjórninni en raun hefir á orðið, til að hrinda sjávarútveginum áfram, þá lítur út fyrir, að allir, sem til stjórnarinnar teljast, sjeu gjörsamlega snauðir að þekkingu á því, er að því máli lýtur. Hvað er þá á móti því að setja nefnd í þessu máli, ef annars er tími til þess?

H. þm. Vestm. (V. G.) sagði, að sig furðaði á því, að komin væri fram uppástunga um að skipa þessa nefnd, þar sem engin tillaga væri komin frá stjórninni eða þjóðinni í þá átt. Jeg skal þó benda honum á, að frammi á lestrarsalnum finnast þingmálafundargjörðir, þar sem skorað er á þingið að gjöra eitthvað fyrir þennan annan aðalatvinnuveg landsins. Getur þingið þá gjört það með öðru móti betur, til að byrja með, en að skipa nefnd, er taki málið til íhugunar og gjöri tillögur því viðvíkjandi? Í þessa nefnd ætti að skipa þá menn eina, er sjer í lagi hefðu vit á þeim málum, er snerta sjávarútinn, en alls ekki blanda henni saman við landbúnaðarnefndina.

Bæði h. flutningsm. (E. J.) og 2. þm. N.-Þing. (B. Sv.) hafa bent á ýmislegt,

er þessi nefnd hlyti að taka til íhugunar, svo sem fjölgun þilskipa, skipaábyrgðarfjelög, síldarveiði o. fl. H. þm. Vestm. (V. G.) stökk nú yfir allt þetta og út á gufuskip. Allt þetta er þó bending í áttina, enda þótt jeg litla trú hafi á því, að nokkur verulegt framför verði að því fyrir fiskiveiðarnar, eins og nú á stendur, þótt farið verði að braska í gufubátakaupum. Jeg vil nú helzt halda mjer við jörðina og minna á opnu bátana. Það verður þó ekki úr skafið, að þeir eru enn aðalsjávarútvegurinn. Jeg álít, að rjett sje að íhuga, hvort ekkert verði gjört fyrir þennan útveg, því jeg er þeirrar skoðunar, að á næstu áratugum breytist veiðiaðferðin ekki svo, að fiskiveiðar verði ekki að mestu stundaðar á opnum bátum. Það er þó alls ekki svo að skilja, að jeg hafi á móti þilskipum eða að þeim fjölgi. Aptur álít jeg það of stórt stökk, ef nefndin kemst ekki að annari niðurstöðu en þeirri, að leggja eigi ekki fje til annars en fiskigufuskipa, því jeg álít, að við höfum alls ekki það fjármagn, er þarf til þess að kaupa svo dýr skip eða reka fiskiveiðar á þeim svo að nokkru liði komi. Það getur verið að aðrir eins menn og Wathne geti ráðizt í að kaupa gufuskip, en almenningur getur það ekki. En ef á að fara að styrkja slíka menn, þá er styrkurinn veittur þeim, sem sízt þurfa hans með.

Þá skal jeg geta þess, að sú spurning hefir opt komið fram á fundum í Gullbr.- og Kjósarsýslu, hvort ekki væri tiltök að þingið vildi veita mönnum verðlaun fyrir útfluttan fisk, eins og t. d. er gjört á Frakklandi. Þetta væri ekki af vegi að hin væntanlega nefnd tæki einnig til íhugunar. Fleira mætti enn nefna, sem ætti að verða verkefni þessarar nefndar, og sem fjárlaganefndin ekki gæti komizt yfir eða lægi fyrir utan hennar verkahring.

Þórður Guðmundsson: Eins og kunnugt er, var hjer til umræðu í gær tillaga um að setja nefnd, er skyldi íhuga, hvað þingið gæti gjört til eflingar landbúnaðinum, og það kom fram undir umræðunum sú skoðun, að landbúnaðurinn væri á hættulegu stigi. Jeg skal ekki fara út í það mál nú, en það get jeg tekið fram, að ef landbúnaðurinn er á hættulegu stigi, þá er óhætt að segja það sama um fiskiveiðarnar; það liggur til dæmis í augum uppi, að fiskiveiðar á opnum bátum eru gjörsamlega að ganga til þurðar.

Jeg get því ekki annað sjeð, en að hina mestu nauðsyn beri til, að athuga þetta mál, þar sem fiskiveiðarnar eru önnur aðal-undirstaðan undir velmegun þjóðarinnar.

H. þm. Vestm. (V. G.) benti á, að heppilegra mundi, að taka upp gufuskip til fiskiveiða en að stunda þær á þilskipum.

Jeg veit, að talsvert hefir verið skrifað um þessa tillögu í dagblöðum, en sjálfur get jeg ekkert um hana dæmt. Þó er jeg hræddur um, að það sje nokkuð stórt stökk fyrir okkur frá opnu bátunum til gufuskipanna. Jeg held, að oss verði hollara, að halda oss við þilskipin í bráðina.

Sami h. þingm. (V. G.) gat þess, að auðmenn eða fjelög í Danmörku mundu fús á, að ganga í fjelag við oss til gufuskipakaupa til fiskiveiða. Þetta held jeg að fáir hafi heyrt fyr en nú hjer í þingsalnum. Að minnsta kosti virðast menn helzt hafa það hugfast, að auka þilskipaútveginn, og jeg verð að vera samdóma h. 1. þm. Gullbr.- og Kjósars. (Þ. Th.) um, að það sje varlega gjörandi fyrir okkur, að taka mjög stórt stökk í þessu efni. Jeg veit held-

ur ekki, hversu hollt það mundi verða fyrir Íslendinga, að ganga í fiskiveiðafjelagsskap við þá þjóð, sem ein hefir rjett til að veiða hjer í landhelgi. — Danir kæmu líka til að hafa meginaflið í þessum fjelagsskap og líklega bera okkur alveg ofurliði.

Jeg held nærri því, að við megum þakka fyrir, meðan einmitt Danir ekki venja meira komur sínar hingað til fiskiveiða en enn þá hefir átt sjer stað.

Jeg sje að landbúnaðinum getur staðið nokkur hætta af auknum fiskiveiðum, en allt fyrir það er vonandi, að landbúnaðurinn geti eins blómgazt fyrir það. Það verður hvor að styðja annan, landbóndinn og sjávarbóndinn, til þess, að hvortveggi atvinnuvegurinn geti blómgazt, og þar með velmegun alls landsins. Jeg vil þess vegna styðja það með atkvæði mínu, að þessi nefnd verði kosin, enda álít jeg, að ef þilskipum ekki fjölgar til fiskiveiða, þá eigi landið mjög litla framtíð fyrir hendi, einkanlega að því er snertir sjávarútveginn.

Valtýr Guðmundsson: Hæstv. landsh. er farinn úr salnum, en jeg ætla samt að geta þess, að það lá alls ekki í orðum mínum, að engar tillögur hefðu komið frá stjórninni snertandi sjávarútveginn, enda er það kunnugt, að nokkrar tillögur honum viðvíkjandi eru í fjárlagafrumv. stjórnarinnar. En þær tillögur eru alls ekki nýjar. Þar eru varla aðrar fjárupphæðir en þær, sem áður hafa verið veittar, engar nýjar tillögur, heldur því haldið fram, sem þingið hefir þegar byrjað og viðurkennt. Jeg get eiginlega ekki talið stjórninni það svo mjög til gildis, þó hún hafi ekki beinlínis farið að rífa niður það, sem þingið var búið að byggja upp.

Jeg hef aldrei haft neitt á móti því, að þessi nefnd yrði skipuð; en jeg sýndi fram á, að það, að menn vildu láta setja þessa nefnd, sannaði það, að þetta mál hefði ekki verið nægilega undirbúið frá stjórnarinnar hálfu.

Þar sem h. 1. þm. G.-K. (Þ. Th.) sagði, að það ætti að vera eitt verkefni þessarar nefndar, að íhuga hvernig efla mætti bátaútveginn, þá hefi jeg alls ekkert á móti því. Mjer datt ekki í hug, að vilja útiloka neitt, er gæti orðið sjávarútveginum til eflingar, en jeg benti á gufubátana sem framtíðar fiskiskip þjóðanna. Þar á móti held jeg ekki, að opnu bátarnir eigi neina framtíð.

Jeg vona, að tíminn sje búinn að sýna mönnum, hversu ónógir þeir sjeu, þar sem þeir verða alls ekki notaðir nema því að eins, að fiskurinn komi á viss svæði rjett við landsteinana, svo að segja upp í hendurnar á mönnum.

Þess vegna hafa fiskimennirnir hjer suður með sjónum í kjördæmi h. 1. þm. G.-K. (Þ. Th.) orðið að lifa við sult og seyru, þegar fiskur ekki hefir gengið inn á miðin hjá þeim, enda þótt nægur afli hafi verið á Vestfjörðum eða annarsstaðar við land. *(Þ. Th.*: »Tímarnir breytast«). Já, tímarnir breytast. Jeg vona, að þeir breytist þannig, að íslenzkir sjómenn komist lengra en rjett út fyrir landsteinana, og að ekki verði allar bjargir bannaðar, þó að fiskurinn gangi ekki upp að landsteinunum.

H. 1. þingm. G.-K. (Þ. Th.) sagði enn fremur, að ekki gætu aðrir eignazt hjer gufuskip en auðugir verzlunarmenn. — Þessu er jeg ekki samdóma. Útvegsbóndi t. d., sem á þilskip, getur selt það og varið peningunum til að kaupa part í gufuskipi, og þannig gætu margir lagt saman í eitt gufuskip, eins og t. d. Færeyingar gjöra. Það er öldungis ekki meiningin, að einn maður eigi eða geti eignazt hvort skip. Þannig kemur

höfuðstóllinn, þegar margir leggja saman. En setjum nú svo, að sumir sjeu svo fátækir, að þeir geti ekki tekið þátt í gufuskipi, þá geta þeir þó æfinlega unnið á gufuskipinu, og þannig unnið sjer meira inn, en þó þeir ættu bátkrýli, er þeir færu út á við og við og öfluðu sjer í soðið á.

H. 2. þm. Rangv. (Þórður G.) og h. 1. þm. G.-K. (Þ. Th.) sögðu báðir, að það væri of stórt stökk frá opnu bátunum til gufuskipanna. Er það þá alveg gefið, að við eigum aldrei að taka neitt stórt stökk, aldrei að sækja fram þangað, sem aðrar þjóðir eru komnar, heldur miklu fremur að fara í það farið, sem þær hafa verið í, en eru komnar upp úr?

H. 2. þm. Rangv. (Þórður G.) hjelt, að Danir mundu hafa allan hagnaðinn af fiskiveiðunum, ef þeir gengi í fjelag við oss. En heldur hann, að þeir hafi ekki nóg fje til að setja á stofn eimskipaveiðar hjer við land, þó við sjeum ekki með og geti svo haft allan hagnaðinn einir? Er það betra? Nei. Við eigum einmitt að vera með þeim og það almennt, svo við fáum þó nokkra hlutdeild í hagnaðinum, en þeir hafi hann ekki einir.

Það kemur annars opt fram hjá Íslendingum, að það er eins og þeir geti ekki þolað, að neinn maður græði fje. Það er undarlegur, og, jeg vil segja, skaðlegur hugsunarháttur. Þeir eru hræddir um, að kaupmennirnir græði of mikið, og ef einhver vill stofna hlutafjelög, þá segja menn sem svo, »hann gjörir það bara til að græða á því«. — Ógnar-skaði yrði það, ef nokkrir menn yrðu ríkir á Íslandi fyrir dugnað sinn, menn, sem jafnframt því að safna fje sjálfir mundu útvega hundruðum manna atvinnu og ágóða með framtakssemi sinni!

Það játa kunnugir menn, að fiskiuppspretturnar sjeu ótæmandi við strendur Íslands, enda er ekki að sjá, að þær hafi minnkað, þó Englendingar, Frakkar og fleiri þjóðir hafi verið á sveimi hjer við strendurnar í fleiri tugi ára. Það mundi heldur ekki sjá mikið á, þó Danir kæmu hingað líka. Það mundi þvert á móti geta orðið stór hagur fyrir oss, ef við stunduðum fiskiveiðarnar í fjelagi við þá svo almennt og svo öfluglega, að við gætum borið aðrar þjóðir ofurliði, og ef til vill bægt þeim frá fiskimiðunum. Það er ekki ólíklegt að þetta tækist, ef við hefðum gufuskipaflota til fiskiveiða.

Þetta var að eins bending til nefndar þeirrar, er væntanlega verður skipuð. Jeg hjelt að skeð gæti að þessi spurning kæmi annars ekki fram, en nú veit jeg, að áskorun er komin fram um styrk einmitt til fiskigufubáta, svo að menn eru þá farnir að vakna hjer á landi til áhuga á þessu máli.

Halldór Daníelsson: Jeg stend nú ekki upp til þess, að mæla á móti þilskipunum; h. þm. Vestm. (V. G.) sagði, að bátfiskið mundi nú vera að hverfa hjá oss, og því verð jeg að mótmæla; jeg vona að þess verði langt að bíða. Það lifa margir á því góðu lífi; og jeg efast um að 16 menn, sem keyptu í fjelagi þilskip fyrir 8000 kr., hefðu meir upp úr sínum 500 kr. hver, en þeir gætu haft með því, að halda úti einum sexæring, sem kostaði 500 krónur. — *(Valtýr Guðm.:* Þilskipin eru þá ekki framför). Jú, það er töluverð framför að þeim, en ekki hafa allir grætt á þilskipunum. Það má og telja kost við bátaúthaldið, að þeir, sem það stunda, eru þó meira við heimili sitt og geta því betur stundað önnur störf á milli. En að ætla nú að hlaupa frá bátunum yfir öll þilskipin og upp á borðin á

þessum gufudrekum, þykir mjer nokkuð stórt stökk, og kannske ekki allsendis hættulaust í peningalegu tilliti.

Guðjón Guðlaugsson: H. 1. þm. G.-K. (Þ. Th.) þótti landshöfðingi mæla heldur á móti nefnd. Hann hjelt því líka fram að sjávarútvegurinn hefði jafnan orðið út undan í fjárveitingum þingsins. Þessu tvennu vildi jeg svara fám orðum.

Jeg skildi ekki orð hæstv. landshöfðingja svo, sem hann eiginlega legði á móti nefnd, og jeg hygg, að fáir þingdeildarm. muni verða á móti nefnd. En hitt þykir mjer ótilhlýðilegt, að vísa þessu máli til landbúnaðarnefndarinnar. Hún hefir nóg annað verkefni. Jeg er sjálfur í þeirri nefnd, og óska jeg ekki að fá mál þetta til meðferðar í henni. Jeg vildi helzt að enginn, sem í henni situr, yrði kosinn í þessa nefnd.

H. 1. þm. K.-G. (Þ. Th.) komst svo orði, að landbúnaðinum hefði verið hossað hátt hjer í þinginu í samanburði við sjávarútveginn, en því verð jeg að neita. Það hefir opt komið fram bæði í blöðunum og víðar, að sjávarútvegurinn gæfi landinu meira af sjer, og satt er það, að landssjóðurinn fær meiri tekjur af afurðum sjávarútvegsins sakir útflutningstollanna. En það tjáir ekki að meta þýðing atvinnuveganna eptir því einu, hver mest mjólkar landssjóði. Það verður líka að gæta að því, í hvorum þessara atvinnuvega landinu sje öruggari framtíðarvon. Sjómaður, sem fær ársafla 1000 krón. virði, sendir út aflann og fær landssjóður útflutningstoll af. Andvirðinu eyðir hann hjer fyrir vörur, og fær landssjóður tekjur af sumum þeirra (kaffi, sykri, tóbaki og brennivíni). Þegar vjer nú berum þennan sjómann saman við smábónda, sem verzlar fyrir 200 til 300 kr. á ári, þá leggur þessi landbóndi auðvitað minna í landssjóðinn, en hann getur ef til vill safnað arðfje í landinu. Þótt sjávarbóndinn kaupi hafskip, þá er það þó ólíku valtari eign fyrir landið heldur en jarðir og jarðabætur landbændanna. Auðvitað má vátryggja skipið; en ef sjávarbóndinn flytur sig úr landi og siglir burt á skipinu, sem landssjóður hafði styrkt hann til að kaupa, þá er nú lítið orðið eptir í landinu af því. En þó að landbóndinn flytji burtu, þá getur hann þó ekki tekið með sjer til útlanda jörðina sína eða jarðabæturnar, sem hann hefir á henni unnið. Þess vegna er töluverður munur á að styrkja þessa tvo atvinnuvegi.

Það er alveg rangt að segja að sjávarútvegurinn hafi orðið út undan í fjárveitingum alþingis. Síðasta þing veitti þannig 40,000 kr. til útlána sjávarútvegi til eflingar með vægari kjörum en vant er að veita til landbúnaðarins. Að því er til skólanna kemur, er auðvitað veitt meira fje til búnaðarskólanna en til sjómannaskólans; en hins vegar gerir sjómannaskólinn sjávarútveginum miklu meira gagn heldur en búnaðarskólarnir gera landbúnaðinum.

Búnaðarskólanna er mögulegt að vera án, þótt nytsamir sjeu, því menn geta þó búið án þess að hafa gengið á þá, en sjómannaskólinn er ómissandi, því að án þess lærdóms, sem þar fæst, getur enginn stýrt þilskipi.

Framtíð vor sem menntaðrar þjóðar hvílir að mestu á landbúnaðinum; því tjáir ekki að hefja sjávarútveginn á kostnað landbúnaðarins, svo að hann vanrækist eða eyðist. Þó að hjer verði allt haf fullt af þilskipum til fiskiveiða, þá verður þó land vort, ef landbúnaðurinn hverfur, ekki annað en ómerkilegt fiskiver, sannkallað skarfasetur, sem engir menntaðir eða hugsandi menn geta þrifizt á, eða vilja vera á.

Jeg álít sjálfsagt að setja sjerstaka nefnd í málið.

Flutningsmaður (*Einar Jónsson*): Þm. Strandam. (Guðj. G.) tók nú fram flest af því, sem jeg vildi sagt hafa til þess að mótmæla ýmsu í ræðu h. 1. þm. KG., en jeg vil þó tala fáein orð. Það er sannarlega ekki hægt að segja að landbúnaðinum sje hossað of hátt af þinginu; allar fjárveitingarnar til hans nema 24—25000 krónum á ári, og það mest veitt skólum og fjelögum. Til eflingar sjávarútveginum hefir að vísu verið veitt miklu minna beinlínis, en þó nokkuð, og enn meira óbeinlínis. Sjómannaskólinn var þegar styrktur af landsfje, og nú er ráðgjört að auka stórum tillög til hans í ár. Fjelög til eflingar sjávarútveginum eru engin til enn og hafa því ekki orðið styrkt. En það má óhætt treysta því, að þau verði styrkt, þegar þau myndast.

Það er satt, að sjávarútvegurinn gefur landssjóði meiri beinar tekjur en landbúnaðurinn, en svo er og þess að gæta, að þeir, sem hann stunda, hafa langmest not strandsiglinganna, sem landssjóður styrkir.

Annars er fjarri því, að ástæða sje til að tala um það, að landbúnaðurinn eða sjávarútvegurinn sje á fallandi fæti. Það eru tímamót hjá oss, og stefnubreyting í sumum greinum í hvorutveggja, en það er vonandi að það leiði til framfara, en ekki apturfarar. Gamla lagið er að ýmsu leyti að raskast, og er það eðli margra manna að fá beyg af því, og hugsa að allt steypist þá, en sú er vonandi að raunin verði, að allt standist, þó að nýja stefnan komi upp.

Jeg verð að vera alveg samdóma h. þm. Vestm. (V. G.), að jeg álít framsýnna og hyggilegra að styrkja eimskip heldur en seglskip til fiskiveiða; meðal annars tel jeg þeim þann kost að það tekur minni mannafla að ná sömu afla upphæð úr sjó á eimskipi en á seglskipi, en eitt af vorum höfuðmeinum nú er einmitt skortur á vinnuafli. Mjer er sagt, að í ár muni vera keypt um 20 ný þilskip hjer við flóann; það mun láta nærri, að áhöfn á þau verði um 300 manns, og það eru ekki fáir menn. En aptur mundi eigi þurfa meira en um 40 menn til að ná sama afla á eimskipum. Þar sem nú er einnig mesti fólksskortur til landbúnaðarins, þá þykir mjer álitlegra að efla sjávarútveginn með eimskipum fremur en seglskipum, því að eimskipin draga þó minni mannafla frá landbúnaðinum. En það er óhætt að fullyrða það, að landbúnaði vorum mundi meira fram fara, ef mannskorturinn væri ekki svo tilfinnanlegur sem hann er.

Mjer heyrðist hæstv. landsh. leggja heldur á móti nefnd, en jeg verð að benda á, að þetta er mjög sjerstaklegt málefni, og að fjárlaganefndin mun naumast hafa verið kosin með sjerstöku tilliti til þessa máls. Jeg vil því óska þess, að sjerstök nefnd sje kosin.

Þórður Thoroddsen: Jeg er nærri farinn að iðrast eptir, að jeg skyldi segja, að landbúnaðinum hefði verið hossað hátt hjer í þinginu, því að sumir h. þm. hafa tekið mjer það svo óstinnt upp. Þó var það ekkert oftalað, eins og hver maður getur sjeð, sem lítur yfir fjárlög undanfarandi ára. Og flestar veitingarnar til landbúnaðarins hafa verið hrein gjöf, en ekki lán eitt, eins og þessi eini styrkur til sjávarútvegsins, sem alltaf er verið að vitna í. Hitt er allt annað mál, hvort styrkurinn hafi orðið landbúnaðinum að fullum *tilætluðum notum*. Veittur hefur hann verið af þingsins hendi eins fyrir því. En það þykir mjer skrítið af h. þm. Strandam. (Guðj. G.) að geta í skyn, að menn ætli að gjöra landið að skarfasetri með því, þó menn styrki sjávar-

útveginn. Þarf kannske landbúnaðurinn að þverra, þótt sjávarútvegurinn aukist?

Báðir þessir atvinnuvegir ættu að geta haldizt í hendur, og því að eins getur annar dafnað, að hinn blessist vel. En sje einhverjum svo mikið áhugamál að útrýma skörfunum við sjávarsíðuna, þá væri ástæða til að spyrja, hvort ekki þyrfti líka að litast um uppi á landi, og athuga moldvörpurnar þar.

Guðjón Guðlaugsson: H. 1. þm. GK. (Þ. Th.) misskildi það, sem jeg talaði áðan. En nú hef jeg gleymt fyrsta atriðinu, sem jeg ætlaði að tala um, og sleppi jeg því þá og vík að öðru atriðinu. Jeg er þakklátur h. þm. Vestm. (V.G.) fyrir bendingar hans um eimskipin, og er jeg honum algerlega samdóma í því. Mjer finnst þessi mikla þilskipatrú, sem nú er uppi, vera að verða að oftrú eða hjátrú. Það var alveg rjett athugað hjá honum, að það væri ísjárvert fyrir þingið, að hlaupa í gönur til að styðja þá atvinnuvegsaðferð, sem aðrar þjóðir eru að leggja niður. En þar fyrir er jeg ekki samdóma því, að alsstaðar eigi að leggja niður útgjörðir á opnum bátum. Sá atvinnuvegur er víða mjög arðsamur og sumstaðar allviss, t. d. við Ísafjarðardjúp. Jeg er hræddur um að margir þeir, sem hafa svo mikið á móti opnu bátunum, sjeu menn, sem hafa Faxaflóa einan of mjög fyrir augum. Auk þess sem útvegurinn á opnum bátum er sumstaðar mjög arðsamur, þá samrýmist hann víða öðrum atvinnuvegum miklu betur en úthald á stórskipum.

Jeg skal ekki karpa langt við h. 1. þm. GK. (Þ. Th.). Ekki vildi jeg kalla skarfa þá, sem nú búa við sjávarsíðuna hjer í landi, og ekki vil jeg heldur eyðileggja sjávarútveginn. Jeg vildi að eins sporna við því, að þingm. talaði þá skoðun inn í þingið, að sjávarútvegurinn eigi að vera hinn eini styrkverðugi atvinnuvegur. Jeg vil styðja hann nokkuð, en í rjettu hlutfalli við landbúnaðinn, og jeg get ekki dulizt þess, að jeg býst við að styrksins til landbúnaðar sjái lengur merki í landinu.

Tryggvi Gunnarsson: Mjer finnst menn vera farnir að gjöra nokkuð mikið af að dásama eimskipin í samanburði við þilskip. Menn verða að gæta að ástandinu og efnahag landsmanna; efnin leyfa ekki að leggja fje fram til að kaupa mörg eimskip. Ef Danir fara að kaupa eimskip í samlögum við oss, eða lána oss fje til þess, eins og talað er um, hver fær þá arðinn? Það verða auðvitað eigendurnir. (*Guðl. G.:* atvinnan). Já, atvinnan, segir þingm. Jeg skal sýna, hve eimskipakaupin hjálpa atvinnu þeirra, sem nú hafa bátaveiði. Gjöra má ráð fyrir að eitt eimskip til fiskiveiða kosti með veiðarfærum 45,000 kr., 3 slík skip kosta þá 135,000 kr., á þeim fengju ekki fleiri innlendir menn atvinnu en rúmlega 30. En ef keypt væru seglskip, »Kuttarar«, sem nú eru mjög ódýr, á Englandi, fengjust fyrir þessa upphæð allt að því 20 skip, og á hvert þeirra má reikna að meðaltali 20 manns, það er 400, manns sem á þann hátt fengju atvinnu, eða þrettánfalt fleiri heldur en ef sömu upphæð væri varið til gufuskipakaupa.

Hjer er verið að tala um, að bátaveiði sje því nær að leggjast niður hjer við Faxaflóa, og því er verið að leita ráða til að hjálpa þeim og sjómönnum víðar um land. Mjer virðist því sjálfsagt, að velja þann veg sem flestir sjómenn geta haft gagn og atvinnu af. En ekki styrkja þá veiðiaðferð, sem að eins fáir auðmenn eða útlendingar hafa gróða af.

ATKVÆÐAGR.: 5 manna nefnd samþykkt með öllum þorra atkv. og kosnir:

Jón Þórarinsson með 15 atkv.
Jón Jensson með 13 atkv.
Skúli Thoroddsen með 13 atkv.
Jens Pálsson með 12 atkv.
Tryggvi Gunnarsson með 12 atkv.

Frv. til laga um breyting á gjaldheimtum til amtssjóða og sýslusjóða (C. bls. 178); 1. umr.

Flutningsmaður (Guðl. Guðmundsson): Jeg ætla ekki að halda langa ræðu nú til að mæla með frumv. þessu, enda vona að þess þurfi eigi, því að jeg býst við, að h. deild sje málinu kunnug og geti fljótt áttað sig á breytingum þeim, sem hjer er farið fram á, án þess að jeg þurfi að skýra þær, enda er það eigi alls kostar hægt, nema með því að ganga nokkuð inn á einstök atriði.

Jeg skal fyrst geta þess, að svo virðist sem búnaðarskólagjaldið, eins og það er nú lagt á, sje búið að tapa aðalþýðingu sinni, því að í þremur ömtunum að minnsta kosti, suðuramtinu, vesturamtinu og norðuramtinu, eru ömtin búin að taka búnaðarskólana upp á sína arma, og leggja þeim auk búnaðarskólagjaldsins einnig fje úr jafnaðarsjóði, en þegar svo er komið, er það þýðingarlaust að halda búnaðarskólagjaldinu sem sjerstöku gjaldi, og ekki til annars en auka snúninga.

Það annað, sem frumv. fer fram á, er að breytt verði tilhögun á greiðslu amtsjafnaðarsjóðsgjaldanna, þannig, að eins og sýslusjóðsgjald er greitt beint úr hreppssjóði í sýslusjóð, eins sje jafnaðarsjóðsgjaldið greitt beint úr sýslusjóði í amtsjafnaðarsjóð. Þessi tilhögun mundi gjöra innheimtuna einfaldari og brotaminni, og jeg sje ekki hvaða ástæða getur verið að halda hinni margbrotnu innheimtu, sem nú er.

Aðalatriðið í frumv. þessu er það, að grundvellinum, sem gjöldunum til amtssjóða og sýslusjóða er jafnað niður eptir, er að nokkru breytt, með því að bætt er við þriðja liðnum, sem taka skuli tillit til, jafnt hinna tveggja fornu, það er að segja manntalinu. Þessum lið sýnist rjett að bæta við, af því að manntalið ber þó jafnan vott um atvinnumegn í hverju einu hjeraði. Eins og nú hagar til, þá komast mannmörg sjávarhjeruð að mestu undan jafnaðarsjóðsgjaldi og sýslusjóðsgjaldi. Það sýnist eigi sanngjarnt, að þar sem svo hagar til, að helmingur einhvers hjeraðs, hrepps eða sýslu stundar sjávarútveg, en hinn helmingurinn landbúnað, þá skuli þessi gjöld því nær eingöngu hvíla á þeim helmingnum, en hinn vera því nær laus við þau. . Úr þessum ójöfnuði á frumv. að nokkru að bæta, þótt eigi geti það orðið til fullnustu. Þessi tvö gjöld, amtsjafnaðarsjóðsgjald og sýslusjóðsgjald, byggjast á sömu hugsun, og mjer finnst rjett að þeim sje jafnað niður eptir sömu skattagrundvallarreglu, og eptir því, sem nú hagar til, get jeg ekki sjeð, að fundinn verði annar rjettlátari niðurjöfnunargrundvöllur en þetta þrennt, fasteign, lausafje og manntal.

Um hundaskattinn er það að segja, að hjer er sú breyting gjör, að hann skuli byggja á lausafjártíund, en eigi, sem nú, láta mismun hans vera byggðan á því, hvort hundaeigandinn hafi til ábúðar jarðarhundrað eða eigi; það eru til býli, sem eigi eru metin til hundraða, en þó óhjákvæmilegt að hafa hund þar; virðist það ósanngjarnt, að þar skuli hundaeigendur vera skyldir að gjalda 10 kr. af hundi hverjum, en fyrir þá ósanngirni mundi breytingin í 4. gr. að miklu leyti koma í veg.

Skal jeg svo ekki fara fleiri orðum um málið að sinni, en vona að h. deild lofi því að ganga áfram gegnum deildina.

Þórður Thoroddsen: Jeg get ekki fellt mig við frumv. þetta eins og það liggur hjer fyrir, bæði af því að jeg álít það í sjálfu sjer óþarft, og eigi síður af því, að jeg tel breytingargrundvöllinn eigi sem heppilegastan. Sjerstaklega get jeg ekki fellt mig við, hvernig gjaldinu til amtsjafnaðarsjóðanna á að jafna niður; mjer finnst þriðji liðurinn, manntalið, vera óheppilegur niðurjöfnunargrundvöllur, því að atvinnumagn eins sýslufjelags, og þar af leiðandi gjaldþol, fer ekki jafnan eptir manntalinu; tala barna og annara ómaga getur verið mismunandi, og stendur ekki í rjettu hlutfalli við manntalið, og enn fleira er það, sem getur gjört manntalið hæpinn niðurjöfnunargrundvöll.

Það er auðsætt, að það verða sjávarhjeruðin, sem byrðin færist yfir á við þessa breyting, en jeg álít það ekki rjett, að auka gjald á sjávarútveginum, en ljetta á landbúnaðinum, því að eins og nú stendur hvíla þyngri byrðar og meiri gjöld til landssjóðs á honum en landbúnaði; sjávarmenn greiða hlutfallslega miklu meiri tolla, og þó að landbændur, vegna lausafjár og ábúðarjarða, verði að gjalda hærra en sjávarmenn til opinberra þarfa, þá ættu menn ekki að sjá ofsjónum yfir því, hvað sjávarmenn snertir, þar sem, eins og áður sagt, langtum meiri óbeinlínisgjöld hvíla á þeim.

Jeg vil að vísu ekki beint leggja það til, að frumv. þetta sje fellt, en jeg vil skjóta því til h. flutningsm. (Guðl. G.), hvort hann muni ekki geta fundið heppilegri breytingargrundvöll en þetta manntal, t. a. m. verkfæra menn í hverju sýslufjelagi; það er þó nokkru nær sanni.

Viðvíkjandi breytingunni á hundaskattinum er þess að gæta, að þar er um töluverðar tekjur að ræða fyrir hreppasjóðina, og þeir eru fæstir svo vel staddir, að þeir sjeu færir um að missa þær. Jeg sje ekki heldur annað en að breyting sú, sem frumv. fer fram á, verði órjettlát og komi illa niður í framkvæmdinni. Lausamenn t. a. m., sem tíunda eitt hundrað, og ekkert hafa við hunda að gjöra, sleppa við að borga, þurfa ekki að borga, nema 2 kr. skatt af hundum sínum, en þeir sem túnblett hafa ræktað eða eiga matjurtagarða, og fremur þyrftu á hundum að halda, þeir verða að borga 10 kr. af sínum hundum, ef þeir ekkert tíunda, sem opt á sjer stað.

Flutningsmaður (Guðl. Guðmundsson): Það fælir mig eigi frá að bera fram frumv. þetta, þótt sjávarsveitirnar þurfi að gjalda hóti meira eptir en áður, sje gjaldið að eins rjettlátt, og jeg fæ alls eigi annað sjeð en að svo sje hjer, jeg sje eigi betur en að það sje allsendis rjettlátt, að eigi sje eingöngu tekið tillit til lausafjár- og fasteignartíundar við niðurjöfnun þess, heldur jafnframt til manntalsins; en vel má það vera, að rjettara væri að gjöra þá breytingu, að leggja ekki til grundvallar fyrir gjaldinu manntalið yfir höfuð, heldur tölu verkfærra manna, því að á þann veg er enn betur tekið tillit til vinnumagnsins.

Jeg fæ ómögulega sjeð, að ástæða sje til að hlífa sjávarsveitunum við útgjöldum, yfir rjettlæti fram, fyrir það að þær borgi í landssjóð svo mikinn toll af brennivíni eða tóbaki, eða hlífa þeim við sköttum fyrir það, að þær kaupa svo og svo mikið af kaffi og sykri og borga toll af. Þá væri eptir sömu reglu rjett að hlífa drykkjurútnum við útsvörum til sveitar, frekar en reglumanninum, þótt jafnir væri að efnum og ástæðum.

Mjer virðist koma fram dálítill mis-

skilningur hjá h. þm. (Þ. Th.) á síðustu grein frumv. Þar er í sjálfu sjer um enga breyting að ræða frá því, sem nú tíðkast; sýslumenn heimta inn hundaskattinn á manntalsþingum, og af því að oddviti hefir eigi önnur betri peningaráð en einmitt hann, þá er það venjan, að sýslumaður taki hann upp í sýslusjóðsgjaldið, að því leyti sem hann hrekkur til, svo að hjer er um það eitt að ræða, að gjöra það að föstum lögum, sem hingað til hefir að eins verið venja, og með þessu stytt óþörf krókaleið; þó er mjer þetta ekki kappsmál, og mundi jeg fús á að sleppa því; jeg setti það í frumv., af því að mjer er ekki kunnugt um, að það mundi geta haft nokkur áhrif á gjaldupphæð hvers hrepps til sýslusjóðs, en um slíkt gæti fyrst verið að ræða, ef hundaskattur væri hærri í einhverjum hrepp en sýslusjóðsgjald hans.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg hef tölurvert að athuga við frumv. þetta, en jeg verð þegar að taka það fram, að jeg treysti mjer ekki að tala svo um málið, að jeg komist ekki nokkuð inn á einstök atriði þess.

H. flutningsm. (Guðl. G.) tók það fram sem ástæðu fyrir því að afnema búnaðarskólagjaldið, að það væri nú orðið óþarft sem sjerstakt gjald, af því að amtsráðin hefðu tekið búnaðarskólana upp á sína arma. En jeg verð að halda hinu fram, að mjer finnst rjett að búnaðarskólarnir hafi sitt sjerstaka gjald út af fyrir sig og sinn sjerstaka sjóð, það veitir þeim þó nokkru meiri styrk og festu. Þá hef jeg nokkuð að athuga við breytinguna á jafnaðarsjóðsgjaldinu; hingað til hefir það verið greitt út af fyrir sig af hverjum einstökum gjaldanda, en nú vill h. flutningsm. (Guðl. G.) að það sje eptirleiðis greitt úr sýslusjóði, sem aptur hefir fengið það úr hreppssjóði. Hjer er þess að gæta, að jafnaðarsjóðsgjaldið er nú byggt á allt öðrum grundvelli en útsvörin, sem sýslusjóðsgjaldið er tekið af. Útsvörin eru eins og kunnugt er lögð á eptir efnum og ástandi, og eigi er það síður kunnugt, og yfir því kvartað, að sú niðurjafnan sje mjög af handahófi og á völtum grundvelli byggð. Mjer sýnist það því harla óheppilegt að fara að auka þau gjöld, sem eru byggð á þessum handahófsgrundvelli. Jeg get sýnt dæmi þess úr mínum hreppi, hve sýslusjóðsgjaldið kemur þar illa niður; hreppurinn er lítill og jarðir þar eigi meira en um rúm 200 hundraða alls; þó er ein einasta jörð þar metin 99 hundruð; nú stendur svo á, að á henni búa fátækir menn, sem ekki geta borið há sveitarsjóðsgjöld; sýslusjóðsgjaldið, sem lagt er á hreppinn, er svo gífurlega hátt einmitt vegna þessarar jarðar, kemur því sem eðlilegt er á aðra hreppsbúa, sem búa á minni jörðum. Og þessi óeðlilegi ójöfnuður verður því meiri, sem sýslusjóðsgjaldið verður meira, sem lagt er á hreppana eptir allt öðrum grundvelli. Væri sýslusjóðsgjaldið lagt á hreppana eptir efnum þeirra og ástæðum — sem reyndar er ekki hægt, — þá væri ekkert um þessa breyting að segja, en fyrst það nú er miðað við fasteign og lausafje, og með því byggt á allt öðrum grundvelli en útsvaraniðurjöfnunin, þá sýnist mjer hún óheppileg og viðsjárverð í meira lagi. En hvað breytinguna á gjaldinu í sýslusjóð snertir, þá hef jeg enn eigi gjört mjer fulla grein fyrir, hvort hún muni heppileg eða ekki; en það tel jeg sjálfsagt, að ef miða á sýslusjóðsgjald að nokkru leyti við manntal, þá verði það að vera við tölu verkfærra manna, eða við tölu manna á vissu aldursskeiði.

Hjer er um breyting á eldri lögum að ræða, bæði hundalögunum og öðrum

fleiri, en þó er þessa ekki getið í frv. Jeg vek að eins athygli á þessu, ef h. flutningsm. kynni að þykja ástæða til að athuga það.

Að öðru leyti finnst mjer breytingin á hundaskattinum óheppileg. Jeg sje að vísu að hann á að ganga í sýslusjóð, eins og hann að vissu leyti hefir gjört áður, en þó verður nú sú breyting á, að eigi lítur út fyrir annað en að haggazt geti við breyting þessa hlutfallið milli þess, sem hinir einstöku hreppar greiði í sýslusjóð, eða með öðrum orðum, að einn hreppurinn greiði að einhverju leyti sýslusjóðsgjöld fyrir hinn.

Framan af litu menn óhýru auga til hundaskattsins, en nú er hann orðinn vel kynntur, síðan menn sáu að hann gekk beint í þarfir hrepps síns, og mjer finnst allsendis óþarfi að vera nú að gera leik til þess að vekja að nýju óáægju með hann.

Þá mun jeg aldrei ganga inn á þá breyting á hundaskattinum, að hann sje miðaður við lausafjártíund, en eigi við ábúð. Það er engin meining í því að lausamenn og vinnumenn, sem máske eiga að eins þrjár ær og einn hest, skuli fyrir það hafa leyfi til að reika um hjeraðið með hundaþvögu á eptir sjer, því nær skattlausa; það er nóg fyrir bændur að hýsa lausamennina sjálfa, þótt eigi fylgi hundar með. Það var þó víst tilgangur hundalaganna að fyrirbyggja óþarfa hundaeign, en þessi lög styðja að því að koma henni á.

Hinn fasti og eðlilegi grundvöllur fyrir hundahaldinu er jarðarábúðin. Vitanlega getur það komið fyrir, að húsmaður hafi grasnyt og búsmala án þess að hafa fasta jarðarábúð, og þá má segja að það sje hart að sá maður skuli þurfa að borga 10 kr. í hundaskatt; en það mun sjaldan koma fyrir, heldur mun það optast vera látið heita svo, ef hann á hund, að jarðarábúandinn leigi hann og hann þurfi því eigi að gjalda af honum, nema sínar 2 kr. (*Guðl. Guðm.*: Yfirhylming). Kann að vera að svo sje strangt tekið, en það er sanngjörn yfirhylming, og hæpið að það geti talizt beint brot á móti lögunum, þegar þess er gætt, að það má telja sjálfsagt að þessi hundur sje notaður meira eða minna í húsbóndans þarfir.

Jeg hef ekki á móti að máli þessu sje skipað í nefnd, en hræddur er jeg um að jeg geti ekki gengið að þeim atriðum breytingalausum, sem jeg hef nú tilnefnt.

Sighvatur Árnason: Þetta frumv. er að vísu smátt vexti, en það felur í sjer stórar breytingar og það í ópekkta nýmælaátt. En þó mjer þyki frumv. að ýmsu leyti viðsjárvert, þá er það þó þess vert, að nefnd sje í það sett, með því líka það þarf meiri breytinga með en auðið er að gera án nefndar. Sumt af breytingum frumv. játa jeg að kunni að vera til betra, og með því jeg býst við að nefnd verði sett og frumv. fái byr, þá vil jeg, auk þeirra þriggja undirstöðuatriða til gjalda, sem fram eru tekin í frumv., benda á fjórða undirstöðuatriðið; því fari menn að breyta á annað borð, þá er bezt að skilja ekkert eptir, sem þar er í rjettu samhengi við. Þetta fjórða atriði, sem jeg vil benda á, eru verzlanirnar í landinu; því að þær hafa orðið alveg út undan í frumv., nema manntalið, sem verzlununum heyrir til. Jeg vil að menn sjái ráð til að finna út einhvern gjaldsstofnsmælikvarða á verzlunina, sem samsvari t. a. m. hundraðatalinu við landbúnaðinn. Þetta vil jeg taka fram til bendingar fyrir nefndina.

Á eitt af atriðum frumv. verð jeg líka að minnast, nefnilega þar sem far-

ið er fram á, að eitt gjald, sem nú ber hreppssjóði að lögum, skuli eptirleiðis renna í sýslusjóð sem hans eign. Það yrði þá undir umráðum sýslunefndar, og hreppsnefndirnar hefðu þá ekki lengur ráð á þeim krónunum, hvorki til að greiða þær upp í sýslusjóðsgjald eða til annars; þetta hlýtur því að rýra hreppssjóðina. Reyndar hjelt flutningsm. því fram, að gjald hreppsins til sýslusjóðs yrði þá að þessu skapi minna, en það verð jeg að telja mjög óvíst. Sýslunefndirnar hafa allt af nóga þörf fyrir fje og því tel jeg víst, að hreppsins gjald til sýslusjóðs hlyti að vaxa að sama skapi, sem svarar upphæð hundaskattsins.

Flutningsmaður (*Guðlaugur Guðmundsson*): Út af ræðu h. þm. Strand. (Guðj. G.) verð jeg að taka það fram, að opinber yfirhylming með ólöglegu hundahaldi og rangri tilsögn um rjetta hundaeigendur er orðin svo megn, að það er full þörf á að fara að taka í taumana. Það er altítt nú, að lausamenn, sem eiga hunda, fái bændur til að skrifa sig sem eigendur að hundunum, svo að skatturinn verður að eins 2 kr., í stað 10, sem lausamaður ætti að gjalda. Gegn þessu sje jeg ekki önnur ráð, til þess að lögin sjeu ekki svo, að yfirvöldin neyðist til að loka augunum fyrir því, að farið er í kringum þau, en annaðhvort að kippa burtu öllum öðrum skilyrðum fyrir hærra gjaldinu, heldur en því eina, að eigandinn sje kaupstaðarbúi, ellegar þá lík ákvæði eins og hjer eru sett í frumv. Ef lausamenn yrðu sjálfir að borga 2 kr. fyrir hvern hund, mundu þeir ekki ríða, eins og nú, með hundaþvögu í halanum um allar sveitir og þá alla í yfirhylmingu laganna.

Jeg er ekkert sjerstaklega á móti því, að hundaskatturinn renni í hreppssjóð, ef menn svo heldur vilja, eins og jeg þegar hef tekið fram, og skal enda benda á, að vel má vera, að eptirlitið með framtalinu yrði betra, ef gjaldið rynni í sveitarsjóð.

Við þessa fyrstu umræðu finn jeg ekki þörf á að fara að svara ýtarlega mótmælum gegn einstökum atriðum. Um sum þeirra gæti jeg líklega sameinað mig við breytingamennina. Að frumv. þetta sje nokkuð viðsjált nýmæli í óþekkta stefnu tekur ekki tali. Sum af þessum gjöldum, sem hjer er um að ræða, svo sem jafnaðarsjóðsgjaldið og enda líka búnaðarskólagjaldið, eru eldri en sveitarstjórnarlög vor. Hefðu sveitarstjórnarlögin verið til, þegar gjöldin voru lögð á, býst jeg við að tilhögunin hefði orðið eitthvað lík því, sem hjer er farið fram á. En það furðar mig að innheimtan skuli ekki hafa komið hjer til mála. Það er auðsætt, að ljettara er að innheimta eitt gjald en tvö hjá hverjum gjaldanda. Jeg hef eigi tekið upp í frumv. tillögu um, að fela sýslumönnum gjaldheimtuna á hendur, og það af þeirri ástæðu, að jeg veit að nú er hugur í mönnum að fækka heldur sýslumönnum og það hygg jeg vel gerandi; sum af störfum þeirra eru fremur vandalítil og það einmitt hin tafsömustu, eins og t. d. þessar gjaldheimtur, og mætti vel fela þau reyndum, greindum leikmönnum. Sýslumennirnir eru þjóðinni of dýr vinnukraptur til að verja honum til jafn-vandalítillar vinnu, eins og sum af störfum þeirra eru. Væru nú öll hin óbrotnari störf, sem leikmenn eru vel færir um að vinna, skilin frá og falin leikmönnum á hendur, þá mætti fækka undirdómurum í landinu að stórum mun, einkum ef því samfara yrðu þá gerðar ýmsar þær endurbætur, sem nauðsynlegar eru hvort sem er, á rjettarfarinu.

ATKVÆÐAGR.: Tillaga um 5 manna nefnd samþ. með 14 samhljóða atkv. og kosnir:

Guðl. Guðmundsson 17 atkv.
Halldór Daníelsson 14 ——
Sighvatur Árnason 13 ——
Guðjón Guðlaugsson 10 ——
Þórður Thoroddsen 10 ——

Tillaga til þingsályktunar um menntamál (C. 175); ein umr.

Flutningsmaður (Jón Þórarinsson): Það er orðið áliðið dags og jeg skal því tala fátt, enda býst jeg við, að enginn þingdm. verði á móti því, að nefnd verði sett í þetta mál. Ahugi manna á uppfræðingu ungmenna hefir mjög farið vaxandi hin síðari ár. Þess má sjá merki bæði í blöðum vorum og víðar. Hið íslenzka kennarafjelag sendi í vetur, sem leið, nokkrar spurningar til allra presta, prófasta og kennara landsins. Svör þeirra benda ekki að eins á eindreginn áhuga svarendanna, heldur taka og margir þeirra fram, að meðal almennings í sóknum þeirra sje mjög ríkur áhugi á þessu máli. Þetta er næg ástæða fyrir framkomu þessarar tillögu, og vona jeg að deildin samþykki 5 manna nefnd.

ATKVÆÐAGR.: Nefnd samþ. með 16 samhljóða atkv. og kosnir:

Jón Þórarinsson með 19 atkv.
Sigurður Gunnarsson með 13 atkv.
Jón prófastur Jónsson með 10 atkv.
Ólafur Briem með 10 atkv.
og eptir ítrekaða kosningu
Jens Pálsson með 10 atkv.

Tillaga til þingsályktunar um endurskoðun jarðabókarinnar (C. bls. 178); hvernig ræða skuli.

ATKVÆÐAGR.: Ein umræða samþ. í e. hlj.

Frumv. til laga um breyting á lögum um lausafjártíund 12. júlí 1878 (C. bls. 182); 1. umr.

Flutningsmaður (Guðjón Guðlaugsson): Af því að jeg býst við að nefnd verði skipuð til að íhuga þetta mál, þá skal jeg ekki fara mörgum orðum um það nú. Frumv. fer að eins fram á litla breytingu á 2. gr. tíundarlaganna 12. júlí 1878, sem jeg þó alls ekki held fast fram. Breytingartillagan er mest til að vekja athygli þingsins á málinu og til að skýra hvað það er, sem tíunda á. Þetta frumv. er fram komið vegna þess, að í mínu kjördæmi var skorað á mig að útvega glöggar ákvarðanir um það, hvað skyldi tíunda og hvað ekki.

Það er eitt nýmæli í frumv., 3. gr. Það var vilji kjósenda minna að hross væri alveg felld úr tíund, en það gat jeg ekki gengið inn á, og eptir að jeg hafði yfirvegað málið, datt mjer í hug að miðla málum á þann hátt, sem tekið er fram í 3. gr.

Jeg leyfi mjer að stinga upp á 5 manna nefnd.

ATKVÆÐAGR.: 5 manna nefnd samþ. og í hana kosnir:

Guðj. Guðlaugsson með 18 atkv., Jón Jónsson þm. A.-Sk. með 11 atkv., Þórður Guðmundsson með 11 atkv., Halldór Daníelsson með 11 atkv. og Jón Jensson með 8 atkv.

Fyrstu umr. frestað.

Tíundi fundur, mánudag 12. júlí, kl. 12 á hád. Allir á fundi nema þm. Vestm. (Valtýr Guðmundsson), sem hafði tjáð forföll sín.

Frumv. til laga um kjörgengi kvenna (C. bls. 172); 3. umr.

ATKV.GR.: Frumv. samþ. orðalaust með 15 samhljóða atkv., og afgreitt til Ed.

Frv. til laga um löggilding verzlunarstaðar á Hjalteyri við Eyjafjörð (C. bls. 173); 3. umr.

Jón Jónsson, þm. A.-Skaptf.: Þegar þetta mál var síðast til umræðu hreyfði h. 1. þm. Arn. (Tr. G.) mótmælum gegn því, og af því, að síðan hefir verið kosin nefnd í líkt mál, málið um löggilding Haganesvíkur í Fljótum, skal jeg leyfa mjer að stinga upp á því, að þessu frumv. verði nú vísað til þeirrar nefndar.

ATKV.GR.: Að vísa frumv. til áminnztrar nefndar var samþykkt með 14 : 3 atkv.

Umræðunum frestað.

Frumv. til laga um að sýslunefndinni í Árnessýslu veitist heimild til að verja allt að 12,000 kr. úr sýsluvegasjóði til flutningabrautar (C. bls. 183); 3. umr.

ATKV.GR.: Frumv. samþykkt með 19 samhljóða atkvæðum, og atgreitt til Ed.

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar hjá Hallgeirsey í Rangárvallasýslu (C. bls. 177); 2. umr.

ATKV.GR.: Eptir uppástungu nokkurra þingdeildarm. var samþ. með 14 samhljóða atkvæðum, að vísa málinu til verzlunarstaða löggildingar nefndarinnar.

Frumv. til laga um breyting á 1. gr. og viðauka við lög nr. 3, 2. febrúar 1894 um breytingu á tilskipun um lausamenn og húsmenn á Íslandi 26. maí 1863 (C. bls. 181); 1. umr.

Flutningsmaður (Guðjón Guðlaugsson): Frumvarp það, sem hjer liggur fyrir, er að mestu leyti fram komið eptir ósk manna í mínu kjördæmi. Þó er fyrsta breytingin, sem stungið er upp á, byggð á reynslu, sem jeg hefi sjálfur fengið í því efni. Þegar lausamennskufrumvarpið var til umræðu á þinginu 1893, var jeg á þeirri skoðun, að úr því að farið væri að rýmka um frelsi verkmannalýðsins, þá væri ósanngjarnt, að setja vistarskyldutakmarkið svo hátt, að menn gætu ekki orðið lausir fyr en seint og síðar meir, þó að menn væru fyrir löngu orðnir færir um það fyrir vits og þroska sakir. Það sjá þó allir menn, að það er miklu meira frelsi, að geta fengið eitthvað keypt, jafnvel þótt með háu verði sje, en að geta alls ekki fengið það. Þegar menn langar til að verða lausir, og eru færir um það, en vantar nokkuð á 22 ára aldur, þá neyðast þeir til að brjóta lögin, og þess konar brot eru þá fremur hylmuð, af því að þeim er vorkennt, sem liggja undir þessu ófrelsi, og reynslan hefir sýnt mjer, að brot og yfirhylmingar hafa átt sjer stað í þessu efni.

Jeg veit að aðalástæðan fyrir því, að hafa vistarskyldutakmarkið svona hátt, var sú, að hafa það í samræmi við myndugleikatakmarkið. En jeg sje ekki, að þetta þurfi að standa í svo nánu sambandi hvað við annað, sjer í lagi, þar sem menn geta farið að byrja búskap jafnvel fyrir innan tvítugt. Mjer finnst þó enn minni ástæða til, að útiloka menn frá lausamennsku innan þess aldurs.

Það er tekið fram í gildandi lögum, að lausamaðurinn skuli hafa fast ársheimili, og gefa hreppstjóra til vitundar, hvar það sje, og sömuleiðis getur hreppstjóri krafizt skírteinis frá húsbónda hans um að þetta sje satt Jeg geng nú út frá því, að þetta sje allt eins og á að vera og vitna því að eins í lögin í þessu efni. En þetta er að mínu áliti ekki nóg. Jeg vil að lausamaðurinn hafi þetta skírteini með sjer, staðfest af hreppstjóra eða bæjarfógeta, hvert sem hann fer, og geti sýnt það, hve nær sem þess yrði krafizt, til sönnunar því,

að hann hafi í raun og veru fast ársheimili einhversstaðar. Það er ekki fyrir stjórnarvaldið að vita, hvort lausamaðurinn skýrir rjett frá, með öðru móti. Setjum t. d. að lausamaður segi við hreppstjóra í Rangárvallasýslu, að hann ætli nú að fara vestur í Ísafjarðarsýslu, og verði því ekki lengur þar í hreppnum, en þegar hann kemur vestur, segir hann, að ársheimili sitt sje í þessum hreppi í Rangárvallasýslu og nefnir húsbóndann og heimilið; hvernig á nú stjórnarvaldið í Ísafjarðarsýslu að vita, að hann segir ósatt? Það er ekki hægt eptir núgildandi lögum, nema þá að skrifa til viðkomandi hreppstjóra, og spyrjast fyrir um manninn; en það dettur víst engum í hug, að það yrði gjört almennt, þegar slíkt kæmi fyrir. Þess vegna vil jeg að lausamaðurinn hafi sannanirnar á reiðum höndum, hve nær sem þeirra verður krafizt.

Þetta ákvæði gæti líka haft talsverða þýðingu í sambandi við lögin frá 1890 um meðgjöf með óskilgetnum börnum. Það getur hent lausamenn, eins og aðra menn, að eignast óskilgetin börn, og margir vilja skjóta sjer undan skyldumeðgjöfinni með slíkum börnum. Nú á hreppur móðurinnar heimting á með gjöf frá vistarhreppi föðurins, en hann á aptur aðgang að framfærsluhreppi föðurins eða föðurnum sjálfum, en eptir núgildandi lögum um lausamennsku geta orðið erfiðleikar á því, að ná í meðgjöfina eptir þessari reglu, og skal jeg nefna eitt dæmi þess. Bóndi í Nauteyrarhreppi í Ísafjarðarsýslu sagði mjer, að nýlega hefði komið krafa til hreppsins einhversstaðar hjeðan að sunnan um meðgjöf með barni, sem maður átti, er dvalið hafði þar í hreppnum um veturinn, án þess að eiga þar ársheimili. Hann hafði sagt það ósatt, að ársheimili hans væri í Ísafjarðarsýslu. Hreppsnefndin í Nauteyrarhreppi vildi ekki eiga neitt í þessu máli, og árangurinn varð sá, að hún rak manninn burt úr hreppnum. Í þessu tilfelli sje jeg ekki, hvernig hreppur móðurinnar á að ná rjetti sínum. En með þeirri ákvörðun, sem hjer er stungið upp á í frumv., hefði maðurinn orðið fyrir sektum fyrir að segja rangt til vistarheimilis síns, en þegar menn eiga von á sektum fyrir að ljúga þannig, þá munu menn varla þora að gjöra það.

Að því er snertir seinustu breytinguna, sem getur um í 3. gr., þá sagði einn h. þingdeildarm. við mig rjett áðan, að sjer þætti hún koma nokkuð undarlega fyrir, þar sem það mundi sjaldan eða aldrei koma fyrir, að lausamaður hjeldi hjú. En þetta getur þó vel komið fyrir, og hefir þegar átt sjer stað, og það í stórum stíl.

Það hefir t. d. komið fyrir í Strandasýslu, að lausamaður hefir vistað til sín mann, sem ekki var kominn á þann aldur, að hann mætti vera laus, og sá maður vistaði aptur til sín unglingsdreng, og þannig voru þeir orðnir þrír lausamennirnir, en ekki nema einn löglega. Drengurinn átti fasteign og mönnum var annt um hann, og vildu því reyna að losa hann úr þessari vist, en það var ekki hægt. Þetta var tilefni þess, að á mig var skorað, að koma fram með þessa breytingu, sem getur um í 3. gr. frumv.

Þetta eru í stuttu máli ástæðurnar fyrir frumv., og finn jeg ekki ástæðu til, að fara um þær fleiri orðum. Það er 1. gr., sem miðar til að gjöra lausamennskulögin frjálslegri, og svo þessi varnagli, sem sleginn er í 2. gr., sem mjer finnst rjett, að leggja sjerlega áherzlu á.

Annars er frumv. svo stutt og auðskilið, að jeg hjelt ekki að ástæða væri til, að skipa nefnd til að íhuga það, en

nú á þessu augnabliki berast mjer skjöl, þar sem stungið er upp á nýjum lausamannalögum, svo það verður kannske nauðsynlegt, að kjósa nefnd áður en umræðunni er lokið.

Þórður Guðmundsson: Jeg skal ekki vera langorður um þetta mál, einkum þar sem þetta er 1. umræða. Mjer finnast umræðurnar við 1. umræðu vera yfir höfuð að tala allt of langar. Mönnum hættir allt of mjög við, að fara inn á einstök atriði málanna, og tala opt um það, sem ekki snertir efnið sjálft. Að því er þetta frumv. snertir, skal jeg taka það fram, að þó jeg geti ekki álitið ákvarðanir þess alveg nauðsynlegar, þá munu þær þó yfir höfuð bæta lausamennskulögin frá 1894. Samt skal jeg taka það fram, að jeg get ekki fellt mig við eða gefið atkvæði mitt með breytingunni á 1. gr., að færa aldurstakmarkið niður í 20 ára aldur. Það var mikið rætt um þetta aldurstakmark á þinginu 1893, þegar lausamennskulögin voru samin. Jeg gat þá ekki sjeð og hefi heldur ekki getað sjeð, síðan lögin komu í gildi, að það sje nein óeðlileg skerðing á frelsi manna, þó að menn geti ekki fengið að vera lausir, fyr en þeir eru 22 ára. Það hefir og komið í ljós síðan lausamennskulögin komu út, að mikil ekla hefir orðið á vinnuhjúum, og meiri mundi sú ekla þó hafa orðið, ef aldurstakmarkið hefði verið sett lægra, enda sáu menn það líka á þinginu 1893, að enn meiri ruglingur mundi verða á hjúahaldi, ef aldurstakmarkið yrði fært niður í 20 ára aldur, enda var þá líka látið í ljósi það, sem rjett mun vera, að menn munu almennt ekki búnir að fá fullan þroska til að ráða sjer sjálfir 20 ára gamlir. Mjer fannst á þinginu 1893 og finnst enn nokkuð einkennilegt, að frelsi til að losast við vistarskylduna skuli hafa meiri rjett á sjer en frelsi til að hafa full fjárráð. Jeg hjelt því fram þá og er enn þeirrar skoðunar, að það ætti að fara saman, leyfi til að verða lausamaður og leyfi til að verða fjár síns ráðandi. Það sýnist óneitanlega nokkuð kynlegt, að sá, sem ekki er álitinn að geta verið fjár síns ráðandi, skuli hafa leyfi til að vera laus og fara landshornanna á milli. Jeg skil ekki annað en að það verði erfitt fyrir fjárráðamann hans, að hafa umsjón með honum.

Það er að eins þetta atriði, sem jeg hefi mikið á móti í frumv. Aptur er jeg mikið með því, og er h. flutningsm. (Guðj. Guðl.) alveg samdóma um það, að enginn lausamaður eigi að hafa heimild til að ráða til sín hjú, nema það hafi fullt leyfi til að vera laust. Það mun vera alveg rjett, að það getur vel komið fyrir undir núgildandi lögum, að lausamaður ráði til sín hjú án tillits til þess, hvort það er laust eða ekki, þó ekki þekki jeg neitt dæmi þess sjálfur persónulega.

Að þessu leyti er frumv. nauðsynlegt frá mínu sjónarmiði, eins og þar stendur, og því mun ekki af veita, að setja nefnd í málið, enda þó nefndirnar sjeu þegar orðnar nokkuð margar.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg var nú einn af þeim, sem var með leysingu vistarbandsins, þegar hún var lögleidd, og vistarbandsleysingin hefir mælzt misjafnlega fyrir. Allt um það held jeg, að hún hafi verið rjett verk, og hef jeg enn ekki breytt skoðun minni í því máli.

Samt verð jeg að vera mótfallinn því, að færa niður aldurstakmarkið fyrir lausamennsku. Þeir munu vera færri, sem eru því vaxnir eða mundu hafa gott af því, að fá lausamennskuleyfi fyr en þeir eru 22 ára.

Ákvæði frumv. um vottorðsskylduna álít jeg vera góða og til bóta. Það er

líka óneitanlegt, að það er hugsanlegt, að lausamenn geti haldið heilan her af hjúum, og því er gott, að fá einhverjar ákvarðanir, sem sporna við því; en það er svo sem ekki lausamenn einir, sem hylma yfir ólöglega lausamennsku undir nafninu hjú. Það eru því miður bændur til, sem gera það sama; og það er að minnsta kosti ekki ljettara, að ná sönnunum gegn bændum, heldur en lausamönnum um ólöglega lausamannahylmingu. Það væri því gott, að taka upp í frumv. ákvæði, sem gerðu öllum, sem hlut geta átt að því, að hylma ólöglega lausamennsku, erfiðara fyrir en nú er að sleppa undan sektum fyrir slíkt athæfi.

Eins og h. flutningsm. (Guðj. Guðl.) gat um, og mjer einnig er kunnugt, er komið til hans skjal, eins og hann gat um, sem mun taka yfir fleiri atriði í þessu máli. Jeg verð því að álíta það hentugast, að nefnd sje sett í þessu máli, og að til hennar væri vísað þessu skjali, svo að hún geti tekið til íhugunar ekki að eins frumv., heldur og ef til vill fleiri atriði þessu máli viðkomandi.

Þórður Guðmundsson: Jeg sting upp á 3 manna nefnd.

ATKV.GR.: 3 manna nefnd samþ. með 13 atkv., og kosnir:

Guðjón Guðlaugsson	með	16 atkv.
Þórður Guðmundsson	—	13 —
Þorlákur Guðmundsson	—	8 —

Frumv. til laga um brúargjörð á Hörgá (C. bls. 182); 1. umr.

Flutningsmaður (*Klemens Jónsson*): Fyrir norðan í Eyjafirði er fyrir löngu vaknaður talsverður áhugi á að brúa ár. Það hefir árlega verið byggt eitthvað af brúm, með frjálsum samtökum einstakra manna, og með styrk af sýsluvegasjóði. Í Eyjafjarðarsýslu eru því nú að eins 2 stórár eptir, sem brúa þarf: Eyjafjarðará og Hörgá. Báðar þessar ár eru þannig lagaðar, að það er ofvaxið að brúa þær án styrks úr landssjóði. Það stendur nú svo á með Eyjafjarðará, að það er sjálfsagt fyrir landssjóð að láta brúa hana bráðlega; en íbúum sýslunnar þykir þörfin hvað brýnust að fá fyrst brú á Hörgá; um hina ána eru þeir fullvissir. Sýslubúar hafa fyrir nokkrum árum hafið samskot í þessu skyni; sýslunefndin hefir og veitt 1000 kr. til sjóðs þess, sem þannig var stofnaður til brúargjörðar á Hörgá, og mun hann nú vera orðinn um 3000 kr. Fyrir nokkrum árum fjekk sýslunefndin tvo merka og verkhyggna menn (hr. Tryggva Gunnarsson og hr. Einar B. Guðmundsson á Hraunum) til að skoða brúarstæði á Hörgá og áætluðu þeir — auðvitað lauslega — að kostnaður við brúunina mundi verða allt að 30,000 krónum. Síðan hefir nú málinu verið haldið vakandi, bæði meðal hjeraðsmanna og eins í sýslunefndinni. — Síðasta ár var verkfræðingur landsins fyrir tilmæli sýslunefndarinnar látinn rannsaka brúarstæðið. Hann áætlaði að hengibrú úr járni mundi kosta 15,000 krónur. Föst stólpabrú úr járni áleit hann að mundi kosta 3000 krónum meira og verða traustari til langframa, en hengibrú gæti orðið fulltraust og viðunanleg um langan aldur. Jeg hef í frumv. farið fram á að eins 12,000 kr. framlag úr landssjóði, með því jeg þykist vita, að til muni vera það, sem á vantar, í brúarsjóði sýslunnar.

Það stendur eins á með þessa á eins og með Jökulsá, að brúin yrði hvorki á póstvegi nje sýsluvegi, og þyrfti því, samkvæmt þeirri bendingu, sem hæstv. landsh. gaf hjer um daginn um þá á, að breyta í þessu frumv. einu orði, og

setja »sýslunefndinni« í staðinn fyrir »stjórninni«.

Þingið hefir síðari ár sýnt svo mikinn áhuga á brúamálum, að jeg vona, að deildin taki vel í þetta mál og það því fremur, sem hjer er ekki farið fram á alla þá upphæð úr landssjóði, sem til fyrirtækisins þarf. Það þarf auðvitað að leggja veg að brúnni, en það mun sýslunefndin kosta. Þegar ekki taka fleiri til máls, ætla jeg að koma fram með tillögu um, að máli þessu verði vísað til þeirrar nefndar, sem þegar hefir verið kosin til að fjalla um brúargerð á Lagarfljóti og Jökulsá.

ATKV.GR.: Málinu vísað til brúanefndarinnar með 18 samhlj. atkv.

Tillaga til þingsályktunar um milliþinganefnd í fátækra- og sveitarstjórnarmálefnum (C. bls. 173); fyrri umr.

Flutningsmaður (*Halldór Daníelsson*): 1895 kom fram í neðri deild nokkurn veginn samhljóða tillaga þessari Þá var að vísu stungið upp á fjölmennari nefnd og að nefndarmenn skyldu vera úr ýmsum landsfjórðungum, en hjer er farið fram á 3 manna nefnd að eins, og útnefningin látin óbundin.

Það er talsverður áhugi á því, að mál þetta verði tekið til ýtarlegrar íhugunar, og gagngerðum breytingum komið á. Sumir þingmálafundir hafa berum orðum farið fram á, að milliþinganefnd verði sett.

Það finna mjög margir til þarfar á, að fá ljósari og ótvíræðari ákvæði um ýmislegt í löggjöf vorri um fátækramál og sveitarstjórn, og að hinar mörgu og strjálu ákvarðanir um þau mál verði dregin saman í einn heildarbálk (codificeruð). Það er því fremur mikils um vert, að þessi löggjöf sjerstaklega sje gerð sem óbrotnust, ljósust og auðskildust, þar sem framkvæmd þeirra er að miklu leyti lögð í hendur ólærðra leikmanna.

Sighvatur Árnason: Árið 1879 var hjer í neðri deild alþingis borin fram tillaga um, að taka til íhugunar fátækrareglugjörðina frá 8. janúar 1834. Sjö manna nefnd var sett í málið og samdi hún frumv., sem gekk í gegnum þá deild, en varð þó ekki útrætt á þingi. Síðan hefir þetta mál árs árlega verið á dagskrá hjá þjóðinni, þótt ekki hafi það, að mig minnir, komið inn á þing nema einu sinni eða tvisvar síðan.

Eins og h. þingd. er kunnugt, kom málið hjer fram í hitt eð fyrra í sömu stefnu og nú, en þó er nú sú breyting á orðin, að að eins er nú farið fram á 3 manna nefnd og ekkert tekið fram um, að þeir skuli vera úr ýmsum hlutum landsins. Þessi breyting þótti mjer ekki að eins óþörf, heldur og jafnvel til skemmda, en samt var jeg með till. af því, að jeg vildi styðja að því, að málið kæmist inn á þing. Samt vildi jeg að ákvæðin frá í hitt eð fyrra yrðu heldur tekin hjer upp. Sje nefnilega að eins farið fram á 3 manna nefnd, og ótiltekið, hvaðan af landi þeir sjeu, þá er jeg hræddur um, að þessir menn kynnu að verða teknir helzt hjer í, eða í nánd við, Reykjavík, en það álít jeg ekki heppilegt. Ætti nefndin að semja frumv., þyrfti hún helzt að vera fjölmennari, og í hana kosnir menn úr ýmsum landshlutum.

En við nánari íhugun þessa máls er jeg ekki orðinn eins fastur á því eins og áður, að þörf sje á milliþinganefnd, nema þá að það væri nefnd af lögfræðingum, sem skyldu hafa að eins það verkefni, að safna saman öllum lagaákvæðum og stjórnarúrskurðum, sem lúta að þessu máli, til undirbúnings fyrir næsta þing, en ekki að semja frumv.

En jeg álít jafnvel ekki beinlínis þörf á neinni nefnd í þessu skyni. Það mætti að líkindum nægja, að fá einn lögfræðing til að vinna þetta verk milli þinga, og mætti veita honum borgun fyrir það á fjárlögunum.

Samt sem áður er jeg ekkert á móti því, að til þessa væru kosnir 2 eða 3 lögfræðingar, ef mönnum svo sýnist.

Flutningsmaður (*Halldór Daníelsson*): Mjer virðist h. 1. þm. Rangv. (Sighv. Á.) komast að líkri niðurstöðu og vjer hinir flutningsmenn tillögunnar, að eins að hann fari hóti styttra en jeg mundi kjósa, þar sem hann vill láta nefndina nema staðar við það, að safna saman og gefa yfirlit yfir alla fátækralöggjöfina. Þetta væri að vísu góður undirbúningur, en þó ekki meira verk en svo, að jeg ætla að þingið gæti afkastað því á meðan það er saman.

Mjer virðist svo, að þingið muni hafa meira að halda sjer til og meira að byggja á, ef nefndin kemur beint með frumv., en þótt hún að eins safni saman í eitt öllum lögum, tilskipunum og stjórnarbrjefum viðvíkjandi fátækramálunum; auðvitað mundi hún eigi síður gjöra það líka, en mjer sýnist verksvið hennar of takmarkað, að binda það við það eitt.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg er einn af þeim, sem gjörzt hafa flutningsmenn tillögu þessarar, þótt eigi hafi jeg átt þátt í að orða hana, því að hún kemur hjer fram í sömu mynd og á síðasta þingi.

Jeg fæ ekki betur sjeð, en að nóg verkefni sje fyrir hendi handa 3 eða jafnvel 5 manna nefnd til að fjalla um hjer. Það mun vera almanna álit um land allt, að ástand vort í fátækramálum sje lítt þolandi eins og það nú er, og það vitum vjer, að sveitarþyngsli hafa farið sívaxandi. Að vísu er ekki við að búast, að þessu ólagi verði með öllu kippt í lag með nýrri löggjöf, en ekki er þó ólíklegt, að nokkuð megi gjöra. Því þótt fátækralöggjöfin væri í ýmsum greinum góð á sínum tíma, og og þótt enn sjeu mörg góð gullkorn í henni fyrir oss, þá er hún þó að ýmsu leyti orðin á eptir tímanum. Framfaraþjóðunum hefir þótt þörf á, að breyta fátækralöggjöf sinni, og hví skyldi það þá ekki vera eins nauðsynlegt fyrir oss að gjöra hið sama? Jeg skal nefna eitt atriði, sveitfestina, hvort sem menn nú vilja miða hana við 1 ár, 5 eða 20, þá væri það harla þýðingarmikið, ef hægt væri að finna eitthvað það, sem drægi úr fátækraflutningnum; þótt það yrði hið eina, sem kippt yrði í lag, þá mundi sú nefnd, sem að því ynni, vel borga sig; það er eflaust, að fátækraflutningur hefir einatt orðið þess valdandi, að þeir, sem annars mundu hafa bjargað sjer sjálfir, hafa orðið sveitarhandbendi. Auk þessa hafa þessir fátækraflutningar svo mikinn beinan kostnað í för með sjer, að ef öllu því fje, sem til þeirra hefir gengið, hefði nú svo sem í hálfa öld verið safnað saman, þá mundi af því vera myndaður stór sjóður, sem verja hefði mátt til margra nytsamra fyrirtækja.

Aptur á móti sje jeg ekki svo mikið unnið við það, að nefndin hafi það eitt verk, að safna saman öllum þeim stjórnarvaldabrjefum og lagaboðum, sem snerta fátækralöggjöfina; auðvitað þarf hún að kynna sjer þetta, en jeg vil, hún gangi feti lengra og semji reglulegt frumv., er lagt verði fyrir þingið. Það er ómögulegt fyrir eitt þing, að fást við þetta umfangsmikla mál, án þess að því sje fengið það í hendur rækilega undirbúið, og það má vera, að hinni fyrirhuguðu nefnd heppnaðist að gjöra það.

Vjer höfum dæmi fyrir oss, að milliþinganefndir hafa verið hinar gagnlegustu; það verður ekki annað sagt, en að álit skattamálanefndarinnar væri merkilegt og leiðbeinandi, og hið sama má segja um starf búnaðarmálanefndarinnar, þrátt fyrir það, þótt hún klofnaði í tvennt.

Það hefir verið kastað svo margri krónunni úr landssjóði til fyrirtækja, sem ekki hefir verið sýnni árangur af fyrir fram, að mjer sýnist ekki fremur nú en svo opt áður horfandi í að leggja fje fram, svo að nefnd þessi verði skipuð; ástandið er þannig, að það virðist hrein og bein skylda þingsins, að horfa ekki í dálítið fjárframlag, til þess að gjöra tilraun til, að koma fátækramálum vorum í betra horf.

Þórður Guðmundsson: Það virtist ekki þörf á því að vjer tækjum til máls allir flutningsmenn tillögu þessarar; en þó verð jeg að segja fáein orð út af ummælum h. samþingismanns míns (Sigh. A.). Hann komst að þeirri niðurstöðu, að rjettast væri að skipa í nefnd 3 lögfræðinga, til þess að safna saman í eitt öllum ákvæðum um fátækramálin, og mundi það rjett vera, ef um það eitt væri að ræða, að koma lögunum öllum saman í eina heild; en fyrir mínum skilningi er engu síður þörf á að breyta hinum núgildandi lögum, og ætti hin fyrirhugaða nefnd líka að yfirvega það atriði, og koma fram með breytingartillögur sínar þinginu til leiðbeiningar. Það kom fram í h. efri deild á þinginu 1895, að milliþinganefnd mundi hafa svo mikinn kostnað í för með sjer. En það vita menn, að vjer erum ekki hinir einu, sem skipum milliþinganefnd, þegar svo stendur á; bæði Englendingar og fleiri hætta fje sínu til slíkra hluta, og meira að segja þykjast verja því vel. Það er enginn efi á því, að hjer er um þau lög að ræða, sem allra mest ríður á að vel sjeu úr garði gjörð, því að á þeim byggist hinn tilfinnanlegasti og þyngsti skattur, sem Íslendingar þurfa að gjalda, fátækraskatturinn, og því skyldum vjer eigi vilja gjöra allt, sem í voru valdi stendur til þess að gjöra skatt þennan ljettbærari og vægari og byggðan á sem rjettustum grundvelli?

Jeg er því fyllilega með því, að skipuð sje 3 manna nefnd til að athuga mál þetta.

Jens Pálsson: Það er eigi efamál, að það er almennur áhugi á því, að taka fátækralöggjöfina til skoðunar, og eigi mun það heldur efamál, að þess gjörist full þörf. Það sýnir ljóslega, hve áhugi á máli þessu er sterkur, að það hefir verið á dagskrá þingsins nú á 4 hinum síðustu reglulegu þingum hverju eptir annað. Það var borið upp í h. nd. á þinginu 1891, í ed. 1893; hjer í neðri deild aptur 1895 og svo loksins nú í ár. Enn ein sönnun fyrir því, hversu sannfæringin um þörfina á endurskoðun löggjafarinnar um fátækramál hefir farið vaxandi, er sú, að þegar málið var borið upp á þingi 1891, þá var sá h. þm., sem nú er annar í röðinni af flutningsmönnum tillögunnar, því móthverfur, en nú er hann orðinn flytjandi þess.

Það hefir af flutningsmanna hálfu verið látið í ljósi, að aðalætlunarverk nefndarinnar ætti að vera það, að færa lög og úrskurði um fátækramál saman í einn bálk; jeg er þar gagnstæðrar skoðunar. Verkefni nefndarinnar er sannarlega miklu yfirgripsmeira; hennar hlutverk væri að endurskoða alla sveitarstjórnar- og fátækralöggjöfina og semja frumv, er hefði að geyma verulegar breytingar á þeirri löggjöf vorri í ýmsum greinum. Danir, sem höfðu svipaða fátækralöggjöf og vjer, hafa fundið þörf á að endurskoða hana og

breyta henni allmikið og í verulegum atriðum. Sama er að segja um Svía og Norðmenn; þeir hafa einnig breytt sinni fátækralöggjöf í verulegum atriðum, eins og h. d. mun kunnugt, og skýrt er frá í Andvara í ár í hinni fróðlegu og leiðbeinandi ritgjörð landritarans um það mál. Hjer finnst mjer spurningin einkum vera um það, hvort þörf muni á milliþinganefnd í málinu, eða hvort eigi muni nægilegt að skora á stjórnina að undirbúa það undir næsta þing. Mjer finnst það atvik, að allar frændþjóðir vorar á Norðurlöndum hafa nýlega endurskoðað fátækralöggjöf sína, eiga að ljetta töluvert undir; þar hafa vitrir menn og margfróðir gjörskoðað málið, og þótt vjer kunnum að þurfa í þeirri löggjöf einhverra sjerstaklegra ákvarðana, sökum staðhátta vorra, þá er eigi að síður á því löggjafarsvæði mjög margt sameiginlegt; þannig ættu meginreglurnar að geta verið hinar sömu, og hafa í lögum þeirra fengið þann búning, sem vjer gætum haft stuðning af og að ýmsu leyti sniðið vor lög eptir. En ef h. deild þykir ógjörlegt að fela stjórninni á hendur starf þetta, af því að hún búist við að stjórnin vegna annara anna eigi muni fá tíma til að leysa það af hendi fyrir næsta þing, og vilji því heldur að nefnd sje skipuð til að undirbúa það, þá verð jeg þó að álíta, að fullnóg sje að í þeirri nefnd sjeu 3 menn, að starfið sje ekki meira en svo, að þeir geti fullvel leyst það af hendi, sjerstaklega þar sem þeir geta haft svo mikinn stuðning af starfi frændþjóða vorra. Eigi fæ jeg sjeð þörf á því að nefndarmenn sjeu teknir sinn úr hverjum landsfjórðungi. Fátækramálum hagar svo líkt til í öllum fjórðungum landsins, og afstaða manna til þess máls er svo svipuð um land allt, að þessa virðist engin þörf.

Flutningsmaður (Halldór Daníelsson): Mín meining er sú, að hin fyrirhugaða nefnd eigi að fjalla um sveitarstjórnarlögin í heild sinni; það er líka svo eðlilegt, þar sem svo mikið samband er milli þeirra og hinna eiginlegu fátækralöggjafar, og hvað gripur inn í annað á marga vegu. Nú sem stendur eru sveitarstjórnarlög vor í einum 8 köflum, og mun ýmsum veita hálförðugt að átta sig á þeim. Það væri því nauðsynjaverk að gjöra þau aðgengilegri en þau nú eru.

Sighvatur Árnason: Jeg held að h. þm., sem talað hafa, hafi misskilið mig dálítið; það var ekki mín meining, að þótt milliþinganefnd yrði skipuð til að safna saman tilskipunum, lögum og stjórnarvaldaúrskurðum um fátækramál, að þar yrði látið staðar numið, heldur að málið sje yfir höfuð undirbúið sem bezt á alla vegu til meðferðar á þingi. Þegar því er lokið, þá álít jeg fyrst að þinginu sje fært að taka það til meðferðar, og að þá fyrst sje unnt að semja frumv. Þá fyrst, segi jeg, er eðlilegt að farið sje að reyna til að semja ein lög um fátækramál vor í heild sinni. En af því að mjer virðast nokkuð tvískiptar skoðanir h. deildar á máli þessu, þá hefir mjer dottið í hug að stinga upp á því, að þingnefnd sje skipuð til að íhuga tillögu þá, sem hjer liggur fyrir, og reyna að sameina skoðanir manna.

ATKVÆÐAGR.: Nefndarkosning felld með 14: 7 atkv.

1. liður tillögunnar samþ. með 13 samhlj. atkv.

2. liður till. samþ. með 14 samhljóða atkv.

Tillögunni vísað til síðari umr. með 15. samhlj. atkv.

Ellefti fundur, þriðjudag 13. júlí, kl. 12 á hád. Allir á fundi.

Forseti gat þess, að til sín væri komið og yrði lagt fram á lestrarsal:

1. Þingmálafundargjörð úr Austur-Skaptafellssýslu.
2. Bænaskrá frá Gísla kaupmanni Hjálmarssyni í Nesi í Norðfirði um stækkun verzlunarlóðarinnar sama staðar.
3. Beiðni frá Framfarafjelagi Reykjavíkur um að hinn fyrirhugaði holdsveikraspítali verður reistur í Laugarnesi.
4. Beiðni frá alþingismanni Guðjóni Guðlaugssyni um að alþingi veiti allt að 6000 króna styrk til aðgjörða á sýsluvegum í Strandasýslu.

Frumv. til laga um bann gegn skottulækningum (C. bls. 188); 1. umr.

Flutningsmaður (*Þórður Thoroddsen*): Jeg hef leyft mjer að koma fram með þetta frumv., sem fer í þá átt, að takmarka hið taumlausa frelsi til læknisiðkana, sem á sjer stað hjer á landi samkvæmt núgildandi löggjöf, Lög þau, sem gilda um þetta efni, eru tvö: tilskipun 5. sept. 1794 og lög 29. febr. 1884. Tilskipunin 5. sept. 1794 er, að því er jeg ætla, enn í fullu lagagildi að undanskildri 5. gr., sem er breytt og úr lögum numin með lögunum frá 29. febr. 1884.

Tilskipunin frá 1794 bannar allar lækningar ólærðra manna, og lögð þung hegning við. Þó er svo ákveðið í 6. gr. hennar, að hafi einhver, án þess þó að vera læknir, aflað sjer ágætrar þekkingar og dugnaðar í einni eða annari grein læknisfróttarinnar eða í því að lækna einn eða annan sjúkdóm, þá geti sá hinn sami vænzt þess að fá lækningaleyfi eptir tillögum amtmanns og landlæknis. Þó mega slíkir menn ekki fást við lækningar annarstaðar en í sínu hjeraði og ekki ráðleggja önnur meðul en þau er þeir hafa sýnt, að þeir þekki.

Á þingunum 1879 og 1881 komu fram frumv. um breytingar á þessum gömlu skottulæknalögum, en hvorugt frumv. náði fram að ganga. Það var fyrst frumv., sem samþykkt var á þinginu 1883, sem náði staðfesting, og það eru lögin frá 29. febr. 1884. Hin eina breyting, sem þessi lög gerðu á gömlu tilskipuninni, var breyting á 5. grein hennar; en samkvæmt henni skyldi ólærðum læknum hegnt fyrir þann tilverknað einan saman, að hafa um hönd lækningar; en samkvæmt lögunum 1884 skyldi skottulæknum að eins hegna, þegar þeir gera skaða með lækningum sínum.

Orsakirnar til þess að menn komu þessari breytingu á, voru einkanlega þær, að mönnum þótti hegningarákvæði eldri laganna ótilhlýðilega hörð, og í annan stað virtist mönnum sjerstaklega hart að refsa mönnum fyrir lækningatilraunir, þar sem svo læknafátt var í landinu, að í mörgum tilfellum varð annaðhvort ókleyfur kostnaður að ná í reglulegan lækni, eða það var á stundum alls ekki unnt með neinu móti. Eins og þá stóð á, gátu menn haft mikið til síns máls. En það var berlega fram tekið undir umræðunum um frumvarpið á þinginu 1883, að með þeim lögum væri engin heimild gefin ólærðum mönnum til að stunda lækningar, enda er það eðlilegt, þar sem lögin námu að eins úr gildi 5. gr. gömlu tilskipunarinnar, en 6. gr. hennar var látin óhögguð og er enn í gildi, en hún heimilar ólærðum mönnum lækningar að eins í sjerstökum tilfellum, eins og jeg áður hefi tekið fram. Það er því auðsætt að lækningar ólærðra manna án slíks leyfis eru óheimilar að lögum og að

hegningarákvæðin í lögunum frá 29. febr. 1884 eiga að eins við þá sem slíkt leyfi fá, þó að þeim verði ekki beitt nema þegar skaði verður af lækningatilraununum.

Allt um það er afleiðingin af lögunum frá 1884 orðin sú, að þau eru almennt álitin heimildarlög, þau leyfi öllum mönnum á landinu óátalið að stunda lækningar, svo framarlega sem þeir ekki skaði menn með lækningum sínum. Það er heldur ekki annað að sjá, en að dómstólar vorir og yfirvöld sjeu á sama máli; ræð jeg þetta af því, að skottulæknar skirrast nú ekki við að auglýsa opinberlega í blöðunum um lækningar sínar; að þeir ætli t. d. að koma á tilteknum tímum á hina eða þessa staði og dvelja þar svo og svo lengi, og bjóða þar sjúklingum að leita sín. Á þetta horfa yfirvöldin og skipta sjer ekki af. Svo mikið er víst, að hver sem tilgangur laganna hefir verið, þá er sú raun á orðin, að í framkvæmdinni leyfa þau hverjum manni á landinu að fást við lækningar. Þetta ástand er síður en ekki æskilegt, og það hefir leitt til þess, að hraparleg misbrúkun á lögunum hefir átt sjer stað. Menn, sem jafnvel kannske hvorki eru lesandi nje skrifandi, fara í flökkuferðir með meðalaskreppu um öxl, eingöngu í gróðaskyni. Jeg neita því ekki, að stöku menn iðki lækningar án allrar eigingirni í einlægri trú um að þeir gagni mönnum, en hinir munu þó fullt eins margir, sem slá sjer á meðalaprang að eins til að fjefletta fólk.

Mál þetta er sannarlega ekki lítilsvert. Af þeirri misbrúkun, sem nú á sjer stað, leiðir og getur leitt mikinn háska fyrir líf og heilsu margra manna. Ríkinu er skylt að vernda líf og heilsu manna, og því er það skylda vor að hepta með einhverjum lagaákvæðum það illa og skaðlega, sem á sjer stað í þessu efni.

Ástand það, sem gaf mönnum ástæðu til laganna 29. febr. 1884, er nú horfið. Læknum hefir nú fjölgað síðan því nær um helming, og nú á þessu þingi er verið að vinna að því, að fjölga þeim enn meir. Það er því orðið óþarfi að sjá í gegnum fingur við skottulæknana fyrir þá sök. Nú orðið er hvergi að kalla hjer á landi ofætlun að ná í lærðan lækni, þegar á liggur. Enn er það, að um ástandið, sem nú er og sem lögin frá 29. febr. 1884 mest og bezt hafa stuðlað til að mynda, verður varla vægara orð haft, en að segja að það sje þjóðarskömm. Slíks ástands, sem hjer er í því efni, munu ekki dæmi í neinu öðru siðuðu landi. Ekki einu sinni í Ameríku, þar sem frelsið þykir þó nægt í flestum greinum, þar er þó engum leyft að iðka lækningar, nema hann hafi staðizt próf í læknisfræði.

Þá er það enn ein ástæða, sem mælir með því, að hjer þarf að taka í taumana, og hún er sú, að það er býsna ósamkvæmt sjálfu sjer, að löggjafarvaldið kostar ærnu fje til læknakennslu og læknislauna, en segir þó í öðru orðinu: allir menn á Íslandi eru færir um að vera læknar. Hvað ætli menn segðu, ef álíka samkvæmni væri beitt af löggjafarvaldinu að því er til annara embættismanna kemur? Hvernig litist mönnum á að löggjafarvaldið segði: jeg launa sýslumönnum nægilega mörgum um allt land, en allt um það skal öllum mönnum heimilt að láta hvern annan, sem þeir vilja, dæma mál sín? (*Guðl. Guðm.:* Það er frjálst). Nei. (*Guðl. Guðm.*: Jú).

Ef vjer ættum að fylgja dæmum annara siðaðra þjóða, sem sjálfsagt væri rjettast, þá ættum vjer að setja þvert bann fyrir lækningar allra manna nema

löggiltra lækna. Samt hef jeg ekki farið svo langt, heldur viljað veita ólærðum mönnum aðgang til að fá heimild til að iðka lækningar, svo framarlega sem þeir fullnægja vissum skilyrðum, trygging sje fengin fyrir því, að þeir beri skynbragð á það, sem þeir ætla að iðka.

Það má nú vel vera að menn sjeu á ýmsum skoðunum um einstök atriði þessa máls; jeg bar þetta frumv. upp mest til þess, að hreyfa málinu, án þess að gjöra mjer miklar vonir um, að það fengi fram að ganga í þeim búningi, sem það nú er í, og gæti jeg með ánægju fallizt á einhverjar breytingar, þó að þær ekki færu eins langt og frumv., að eins að þær bæti eitthvað úr því ástandi, sem nú er. Jeg vona í öllu falli að þó að einstakir deildarmenn ekki kynnu að fella sig við öll einstök atriði þessa frumv., þá felli þeir það ekki óhugað fyrir það, heldur vildi jeg mælast til, að þeir samþykktu þó nefnd, og ætla jeg að koma með tillögu í þá átt, en þó ekki fyr en mönnum hefir gefizt kostur á að ræða frumv.

Sighvatur Árnason: Þegar jeg las frumv. þetta, datt mjer í hug að þess gjörðist lítil þörf, því að skottulæknar eru mjög að hverfa úr sögunni, eptir því sem lærðu læknunum fjölgar, að minnsta kosti er það svo þar, sem jeg þekki til; má vera að þessu sje þó öðruvísi háttað annarstaðar. Jeg hef að undanförnu fremur verið hlynntur skottulæknum, af því að jeg hef reynslu fyrir því, að þeir hafa í ýmsum tilfellum komið að góðu liði, og jafnvel ekki sumir hverjir staðið að baki lærðu læknunum, og þess eru dæmi að þeir hafa bjargað þar, sem hinir hafa verið frágengnir. Jeg veit það líka að sumum lærðu læknunum er meinilla við skottulækna, og þá væri ekki óeðlilegt, þótt þeir ættu erfiðara að dæma hlutdrægnislaust um þá og starfsemi þeirra; þó er eigi svo að skilja, að jeg telji h. flutningsm. (Þ. Th.) þar í flokki. Jeg skal og fúslega játa það, að það er eðlilegt, þótt menn að öllu óreyndu hafi nokkurn ímugust á skottulækningum yfirhöfuð, því að óneitanlega er það töluvert áhættuverk fyrir ólærða menn að gefa sig mikið við lækningum; en það er reynslan, sem þar kemur til sögunnar og fræðir oss um, að það hafi opt og einatt gefizt vel. Það kann nú að vera svo að sumir skilji lögin frá 8. febr. 1884 þannig, að hver og einn, sem það þóknast, megi hlaupa að því að fara að gefa sig við lækningum; þó mun ekki hægt að segja, að það verði beint leitt út úr grein þeirri, sem h. þm. (Þ. Th.) vitnaði í. Hann tók það fram, að hann vildi helzt leggja blátt bann fyrir lækningar skottulækna, og í raun rjettri held jeg að frumv. þetta gjöri það líka, því að fáir af ólærðu læknunum, og það þó þeir mættu heita vel að sjer, mundu standast próf það, sem hjer er farið fram á, eptir því sem kringumstæður liggja til. Það liggur því í huga mínum sú spá, að frumv. þetta yrði til þess, ef það yrði að lögum, að eptirleiðis mundu skottulæknar með öllu útilokaðir frá því, að hafa afskipti af veikum, hvað sem við lægi, í þeim tilgangi að lækna sjúkdóm þeirra. Jeg get því ekki verið með málinu, eins og það liggur nú fyrir; en jeg er alls ekki á móti því að það komist í nefnd, því að þar kann það að taka aðgengilegum umbótum.

Björn Sigfússon: Jeg er því fyllilega samdóma, að eitthvað þurfi að gjöra til að draga úr skottulækningum hjer á landi, og að því leyti sem frv. þetta fer fram á það, geðjast mjer vel að því.

Jeg hef nokkur kynni af skottulækn-

um, og bæði þekki aðferð þeirra, og hjátrú eða oftrú alþýðu á þeim. Það er ekki hægt að neita því, að margur maðurinn trúir því að skottulæknar geti gert kraptaverk, og heppnist að lækna þær meinsemdir, sem lærðir læknar eru frágengnir. Það er almennt viðkvæði, batni sjúkling, sem skottulæknir hefir fengizt við, að þakka það meðulum hans, hitt mun sjaldan heyrast, að vera megi að batinn hafi komið af því að náttúran hafi gripið í taumana, eða að batinn mundi eins hafa komið án hjálpar læknisins.

Jeg hygg það rjett að vera hjá h. flutningsm. (Þ. Th.), að hin gildandi lög um skottulækna sjeu almennt skilin eins og hann sagði, og að menn treystist ekki til að lögsækja þá, af því að tilfellin eru svo fá, þar sem hægt er að fullsanna að þeir hafi gjört skaða, þótt menn sjeu sannfærðir með sjálfum sjer um að svo hafi verið. Þar sem mönnum ekki stendur stór stuggur af sumum þessum svo kölluðu læknum, sem fara um landið eins og plága, þá held jeg að það komi helzt til af því, að þeim sje ekki fullkunnugt um atferli þeirra. Ef þeir þekktu önnur eins dæmi og þau, sem jeg hef heyrt um og sjálfur horft á, þá skil jeg ekki í öðru en þeir mundu gjörast fráhverfir skottulæknunum. Auðvitað eru til heiðarlegar undantekningar, það eru til meðal ólærðu læknanna menn sem fara varlega og samvizkusamlega að, og leita sjer töluverðrar fræðslu, enda gjöra slíkir menn óefað nokkurt gagn.

Jeg get ekki stillt mig um að segja frá einu dæmi, sem jeg var sjónarvottur að, máli mínu til sönnunar. Það var skottulæknir einn, sem stefnt hafði að sjer fólki á verzlunarstað; þangað safnaðist múgur og margmenni; það var auðsjeð að lækninnn var allmjög drukkinn, en þó fór hann spaklega. Nú fóru menn að lýsa fyrir honum sjúkdómum sínum, og þóttist hann taka vandlega eptir orðum manna, og er hann hafði heyrt sjúkdómslýsingu hvers sjúklings um sig, sagði hann jafnan: Já, jeg kannast við þetta. Þannig kom til hans fjöldi manns, hver eptir annan, og skrifaði hann ekki eitt orð sjer til minnis. Þegar sjúklingahópurinn hafði lýst sjúkdómum sínum, fór læknirinn inn í búð, og fjekk sjer þar spritt, síðan víkur hann sjer afsíðis, tekur fram lyfjatösku, er hann bar við hlið sjer, fer að blanda meðulin, og afhendir þau sjúklingunum, og fjekk bæði þökk og fje fyrir hjá þeim. Mig hryllti við að sjá allt þetta, og mjer ofbauð, að fólkið virtist trúa manni þessum eins og spámanni af himnum sendum, þótt hann væri bæði fáfróður og augsýnilega ekki algáður.

Í þessu tilfelli treysti jeg mjer þó ekki til að sanna, að maður þessi hefði gjört annan skaða en að narra fje út úr fáfróðum mönnum. Reyndar ímynda jeg mjer að þetta sje eitt af lakari dæmunum, en það hafði ákaflega óþægileg áhrif á mig. Jeg þekki ýms fleiri dæmi um atferli skottulækna, sem eru lítið betri en þetta. Jeg er orðinn leiður á þessum mönnum, og óska af heilum hug, að gripið sje í taumana.

En þó jeg hafi þessa skoðun, þá finnst mjer það mjög óheppilegt, ef ólærðum mönnum er með öllu meinað að líkna í einstöku tilfellum. Jeg tek það til dæmis, að sumir ólærðir menn hafa komizt mjög langt í því að hjálpa konum í barnsneyð og heppnazt það ágætlega; enntremur veit jeg að sumum mönnum hefir heppnazt svo vel að binda um beinbrot, að þeir hafa lítið gefið eptir lærðum læknum í því. Getur það opt komið sjer vel, að grípa til slíkra

manna, og þætti mjer frumv. þetta fara of langt, ef það — yrði það að lögum — gæfi tilefni til þess að slíkt mætti ekki framkvæmast af ólærðum mönnum, án þess þeir yrðu kærðir og sættu sektum fyrir. Af því að jeg veit eigi, hvort h. flutningsm. (Þ. Th.) ætlast til þess að frumv. sje þannig skilið, þá þætti mjer vænt um að heyra álit hans um það; sjerstaklega vildi jeg fá að heyra, hvaða skilning hann eða aðrir h. þingdm. leggja í þau orð frumv.: hafa um hönd lækningar.

Guðlaugur Guðmundsson: Í sjálfu sjer er jeg frumv. þessu að miklu leyti samþykkur, eins og það liggur fyrir, því að jeg er samdóma h. 2. þm. Húnv. (B. Sigf.) um að óhafandi sje ástandið, eins og það nú er, með skottulækna og skottulækningar. En á hinn bóginn væri það, eptir því sem hjer hagar til, nokkuð viðsjárvert að banna mönnum, sem leita sjer fræðslu um lækningar, án þess þó að taka reglulegt læknispróf, með öllu að lofa öðrum að njóta góðs af þekkingu sinni. En jeg finn ekkert varhugavert við það, sem frumv. fer fram á, að skylda þá, sem við lækningar fást, til að færa sönnur fyrir að þeir hafi eitthvert vit á þeim.

Það hefir verið tekið fram að ákvæðið um að sekta skuli skottulækna fyrir lækningar, ef sannað yrði að þeir gerðu skaða, hafi verið skoðað sem nokkurs konar heimildarlög fyrir þá, og háttv. flutningsm. (Þ. Th.) kvað dómstólana jafnvel mundu vera þeirrar skoðunar, að svo væri. En veit h. þm. (Þ. Th.) til þess, að reynt hafi verið til, að fá að vita skilning dómstólanna á þessu? Mjer er ekki kunnugt um það, og jeg er þess sannfærður, að væri það venja að kæra skottulækna fyrir lækningar, þá mundu þeir allopt hafa verið sektaðir fyrir aðgjörðir sínar, því að sakfeldir mundu þeir geta orðið jafnan, er það sannaðist að þeir hefðu gjört skaða með því að tefja fyrir því, að leitað yrði í tíma til lærðs læknis.

Jeg verð því að mótmæla því að dómstólarnir eigi þátt í þessum skilningi á lögunum, að þau sjeu nokkur heimildarlög handa skottulæknum.

Það hefir verið tekið fram, að hjer mundi einnig vera um það að ræða, að varna ólærðum mönnum frá því að veita mönnum hjálp í viðlögum, svo sem að hjálpa konum í barnsnauð, binda um beinbrot, stilla blóðrás, o. s. frv. Það er langt frá að svo sje. Jeg sje ekki, að hin núgildandi löggjöf haggist að nokkru í þeirri grein, og eptir núgildandi lögum hefir hver maður leyfi til að gjöra þvílík einstök líknarverk; það er meira að segja borgaraleg skylda hans að gjöra þau, ef hann getur og lífshætta er á ferðum, og það er allt annars eðlis en að taka menn til reglulegrar læknismeðferðar.

Jeg legg það fyrst og fremst á ábyrgð hjeraðslæknanna sjálfra, að ástandið í þessari grein er eins og það nú er orðið. Þeir hafa sýnt skottulæknunum ótilhlýðilega hlífð að kæra þá eigi, þegar ástæður hafa verið til. Það er eins og þeir hafi ekki haft kjark í sjer til að kæra þá, og líklegast hefir það verið almenningsálitið, sem þar hefir einna mest haldið hlífiskildi fyrir skottulæknunum.

Jeg þekki enn verra dæmi um atferli skottulæknis, en það, sem h. þm. Húnv. (B. Sigf.) nefndi. Jeg þekki skottulækni einn hjer í Reykjavík, sem rekur hjer atvinnu, er jeg ekki vil nefna; hann kom einu sinni að læknissetri einu fyrir austan og keypti þar dálítið af spritti, blandaði það með jökulvatni úr fyrsta vatnsfallinu, sem varð á leið hans, helti síðan blöndunni á smáglös, ferðaðist með blöndu sína einar 40—50 mílur og seldi almenningi glös-

in á 50 a. til 1 kr. hvert, sem læknisdóm. Ótal fleiri dæmi mætti tína til um aðfarir skottulæknanna, ef þörf gjörðist. Eigi að síður væri það synd, að áfella þá alla, því að meðal þeirra eru og hafa verið samvizkusömustu menn, sem reynt hafa að afla sjer þeirrar fræðslu, sem þeir hafa átt kost á, og knúðst hafa til lækninga sinna eingöngu af mannkærleika. En þetta frumv. snertir naumast þá menn; þeir menn geta haldið áfram starfi sínu eins eptir sem áður, því að próf það, sem þeir verða látnir ganga undir, mun varla reynast svo þungt, að eigi geti þeir staðizt það, sem í raun rjettri verðskulda að mega fást við lækningar.

Einar Jónsson: Jeg er frumv. þessu hlynntur, að því leyti sem það hindrar skaðlegt lækningakák og samvizkulausa fjárpretti óvandaðra manna. Mönnum, sem fleka fólk eins samvizkulaust eins og þeir lýstu, h. þm. Húnv. og h. þm. V.-Skaptf., þeim er rjett að hegna. En hinu hygg jeg líka örðugt að neita, ef satt skal segja, að það eru til vandaðir og samvizkusamir skottulæknar og þykir mjer ófært að heimfæra alla undir ein ákvæði. Það er full þörf á að ákveða skýrlega, hverjir eru skottulæknar rjettnefndir. Ef frumv. verður óbreytt, eins og það nú er, er jeg hræddur um, að undir það verði heimfærðir fleiri en æskilegt væri.

Víst hefir læknum fjölgað stórum hin síðari ár, en margar eru þó enn afskekktar sveitir, sem langt eiga til læknis, og víða getur komið fyrir að ófærir vegir, vötn eða veður hamli mönnum frá að ná til reglulegs læknis. Jeg vil taka t. d. að það væri skottulæknir í Grímsey eða Öræfum, (*Guðl. G.:* Þar er enginn); má vera, en það gæti verið, og ef svo væri, væri þá rjett að fara að ofsækja þá með lagahegningum, þótt þeir gerðu úrlausn fólki, sem ekki gæti náð í annan lækni? Og það er opt ekki víst, að slíkir menn, ef til vill reyndir og aldraðir, vildu kosta upp á að ferðast til Reykjavíkur, til að leggja sig þar á tvær hættur undir próf, og þó mundi víst nágrönnum þeirra eða sveitungum þykja eptirsjá í, ef þeir yrðu neyddir til að hætta við lækningar, ef þær hefðu vel gefizt áður.

Dæmin, sem hinir tveir h. þingmenn hafa sagt frá, eru býsna skuggaleg og sem sagt þörf að fyrirbyggja, að þau geti átt sjer stað, en jeg hygg að þau sje aldrei mörg og jeg hef fyrir mitt leyti aldrei þekkt nein þvílík dæmi, og hef jeg bæði átt heimili á Norðurlandi og Austurlandi. Jeg er því hræddur um að slík dæmi eigi sjer að eins stað á Suðurlandi, og er þó undarlegt, þar sem læknahjálpin ætti að vera þar fullkomnust. Jeg er ekki á móti að reistar sjeu skorður við skaðvænu athæfi skottulækna, en þá þarf að ákveða, hverjir eru skottulæknar, og mega þau ákvæði ekki vera svo víðtæk, að heimfæra megi undir þau hvern einasta próflausan mann á landinu, sem eitthvað kann að fást við lækningar.

Pjetur Jónsson: Jeg er algerlega móti þessu frumv. Fyrst og fremst álít jeg það óþarft, svo jeg ekki segi meira. Jeg álít, að lagaákvarðanir þær sem vjer nú höfum um skottulækningar, sjeu nægar og fulltryggjandi. Dæmi lík þeim, sem hjer hafa verið tekin í dag, hlýt jeg að ætla býsna fátíð, og það því fremur sem skottulæknar munu heldur fara fækkandi (*Guðl. G.:* Nei). Fækkandi fara þeir þar, sem jeg þekki til. Þannig man jeg, að í mínu ungdæmi voru þrír leikir læknar í mínu hjeraði, allir vel menntir menn, en nú eru þeir færri; enda er það eðlilegt, að skottulæknum fækki, eptir því sem lög-

giltum læknum fjölgar. Slík dæmi, sem þm. Húnvetninga færði til, eru algerlega óþekkt í Þingeyjarsýslu. Þá upplýsingaröldu tímans, sem sýnilega er að verka í þá átt að fækka skottulæknum, sýnist mjer rjettast að láta sjálf ráða. Það er enginn efi á því, að þar sem hinir löggiltu læknar eru nýtir menn í mennt sinni og stöðu, þar lærist þjóðinni sjálfkrafa að leita þeirra framar en fákunnandi skottulækna. Ekkert hindrar menn öruggar frá að hlaupa eptir hjátrú og hindurvitnum heldur en vaxandi upplýsing og upprætíng hleypidóma; en hleypidómar verða ekki upprættir með lögum. En læknarnir gætu sjálfir manna bezt stutt að því að útrýma skaðlegum skottulæknum, ef þeir væru aðgerðaminni í því að átelja virkileg afbrot gegn núgildandi skottulækningalögum.

I öðru lagi er frumv. skaðlegt; yrði það að lögum, mundi það hindra ýmsa hjálp, sem skottulæknar nú veita og mikið gagn er að og illt án að vera. Það gæti líka verið ástæða til að spyrja: hverjir eru skottulæknar? Er próf nokkurt dómsmark eptir að fara í því efni. Mundi það ekki geta verið, að einhverjir af hinum löggiltu læknum sjeu orðnir svo langt á eptir tímanum í mennt sinni, að það væri fullt eins mikið rjettnefni að kalla þá skottulækna eins og suma leikmenn, sem við lækningar fást? Jeg gæti fært til og sannað dæmi til, að slíkir menn hafa framið reglulegar skottulækningar. Að minni hyggju útilokar frumv. þetta homöópatana algjörlega. Fyrir þessa heimild til að ganga undir próf hjá landlækni gef jeg satt að segja ekki mikið; það sjá allir, að það er varla rjettlátt, að skylda homöopata til að leggja sig undir próf hjá manni, sem eptir hlutarins eðli hlyti að gjöra sitt ýtrasta til að hamla honum frá að fá heimild til að iðka lækningar.

Jeg er því algerlega á móti nefnd í þessu máli, því að jeg álít rjett að fella það nefndarlaust.

Flutningsmaður (*Þórður Thoroddsen*): Jeg get yfir höfuð þakkað þeim þingd.-mönnum, sem talað hafa, fyrir undirtektir þeirra í málinu, nema þeim h. þingm., sem síðast talaði. Þó hann þekki til í einum hreppi í Þingeyjarsýslu, og áliti slík lög, sem hjer ræðir um, óþörf þar, þá hefir hann engan rjett til að álykta af því, að eins sje ástatt um allt land.

Jeg var hissa á svona fljótfærnislegri ályktun frá jafn-gáfuðum manni og góðum hugsunarfræðing, sem h. þingm. annars er. Hann hefir heyrt dæmi tilfærð af öðrum þingmönnum, sem þekkja til víðar um land en hann, og hann hefir ekki rjett til að vefengja þeirra vitnisburð. Að halda því fram, að skottulæknum fækki við fjölgun lækna, sýnir, að h. þm. byggir á einhverju öðru heldur en reynslunni, sem einmitt sannar hið gagnstæða, nefnilega, að skottulæknum fjölgar hvað mest rjett í kringum sjálfa læknana. Hvergi eru skottulæknar eins fjölmennir eins og hjer í Reykjavík og kringum Reykjavík, þar sem þó er kostur á læknum flestum og án efa beztum.

Ef h. þm. S.-Þing. (P. J.) hefði hlýtt með athygli á ræðu h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.), þá hefði hann ekki lent í þá villu, að hugsa, að neinn maður yrði brotlegur við ákvæði þessa frumv. með því, að binda um beinbrot eða hjálpa konu í barnsnauð. Jeg hefi aldrei skilið svo, að slíkt yrði kallað að »hafa um hönd lækningar«. Við það skil jeg: að gera sjer lækningar að atvinnu og taka borgun fyrir þær, en ekki einstök viðvik í viðlögum. Það er að sínu leyti eins og

þó landmaður bregði sjer einhvern tíma á bát út á sjó að gamni sínu eða til að ljetta sjer upp; engum mundi detta í hug að segja, að hann stundaði sjómennsku fyrir það.

Það er býsna undarlegt að vera að tala um homöopaþamentun og próf homöopaþa; hjer á landi eru engir homöopaþar til og hafa aldrei til verið þeir, sem það nafn eigi skilið. Jeg held að okkar skottulæknar sjeu almennt hvorki homöopaþar nje allopaþar, heldur blendingur af engu og öllu mögulegu. Ef einhver tekur spritt og blandar það jökulvatni og hellir á smáglös, þá kann hann að vera kallaður homöopaþi, en það er lítil homöopaþia í því. Eða þó annar skottulæknir taki járndropa og blandi þeim í spritt, þá er maðurinn enginn allopaþi fyrir það. Væri annars nokkur reglulegur homöopaþi hjer til, þá gæti hann að sjálfsögðu staðizt það próf, sem hjer er ráðgjört. Og bæði hinn núverandi landlæknir og hver annar maður, sem yrði landlæknir, getur auðveldlega haldið próf yfir homöopaþa.

Mismunurinn milli homöopaþíu og allopaþíu er að eins fólginn í samsetning og notkun lyfjanna; en sama þekking á eðli mannlíkamans er nauðsynleg fyrir báða homöopaþann og allopaþann.

Jeg fer svo ekki lengra út í málið að sinni; jeg býst við að um þau einstöku atriði í frumv., sem menn greinir á um, geti menn komið sjer saman í nefnd, sem jeg vona að verði sett. Jeg vil að eins taka það fram, að mjer hefir aldrei dottið í hug, að vilja ofsækja menn, sem með nokkuru viti og þekkingu og af hreinum hvötum stunda lækningar.

Björn Sigfússon: Menn halda ef til vill af orðum mínum áðan, að það sje einhver sjerstök oftrú á skottulæknum í Húnavatnssýslu; en skottulæknirinn, sem jeg nefndi þá, var alls ekki þaðan. En jeg þekki víðar til, og veit að skottulækningahjátrúin á sjer víða stað hjer á landi. Það er einn skotti hjer syðra, sem almenningur hefir hjátrú á, jeg held um allt land, og má vel vera, að hann trúi sjálfur á kraptaverk sín, að nokkru leyti. Jeg býst við að það sjeu margir þingmenn, sem eru svo heppnir, að hafa ekki sjeð, hvernig sumir þessir skottar misbrúka herfilega hjátrú fólksins.

Jeg hefði ekki verið frumv. þessu samþykkur, ef ekki stæði í því ákvæði um að gefa hverjum manni, sem treystir sjer til þess, færi á að ganga undir próf og öðlast, ef hann stendst það, heimild til að hafa lækningar um hönd. Það er rjett og eðlilegt að heimta þá tryggingu, að þessir menn þekki byggingu mannlegs líkama og hin nauðsynlegustu undirstöðuatriði læknisfræðinnar. Skynsamir menn með nokkurri þekkingu hljóta að geta staðizt slíkt próf, en hins vegar er engin trygging fyrir, að sá, sem ekki getur staðizt það, sje ekki alls óhæfilegur til að iðka lækningar. En að menn aldrei í nokkru tilfelli geti gert skaða, það hygg jeg ómögulegt að tryggja, hvorki með prófi nje lögum.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg er alveg samdóma h. þingm. S.-Þing. (P. J.); jeg hygg að þessi mikla hjátrú eða oftrú á skottulæknum sje einhver sjerstaklegur trúarfaraldur, sem sje einkennilegur fyrir Suðurland; og jeg hygg að það hljóti víst að vera einhverjar sjerstakar ástæður fyrir því, sem þar liggja í landi, hvort heldur sem það nú er upplýsingar-ástand fólksins eða sjerstök prangaranáttúra eða hvorttveggja þetta, eða ef til vill eitthvað annað eða fleira.

Á Vesturlandi er að eins einn einasti leikur læknir, sem jeg til þekki; hon-

um hefir vel heppnazt, og er vel látinn maður. Áður en vjer fengum nýtilegan lækni, sem var búsettur í Strandasýslu, höfðu menn sterka trú á honum, ef til vill of sterka, en það var af því, að hann var reyndur að því, að honum heppnaðist vel, og vjer höfðum af engu betra að segja í mörgum tilfellum, því vjer vorum læknislausir að mestu, þar sem hinn skipaði læknir sat í annari sýslu bak við erfiðan fjallgarð, og var auk þess farinn að heilsu um mörg ár. Síðan fengum vjer duglegan lækni lærðan, sem einnig reyndist vel og dvínaði þá fljótt oftrúin á hinum og aðsóknin að honum. Þegar um tvo nýta menn var að velja, kusu flestir eðlilega heldur lærða lækninn, heldur en hinn ólærða. Einstaka menn hafa þó auðvitað leitað til hans í viðlögum og gefizt vel. En hann hefir líka sýnt bæði þekking og samvizkusemi, og skal jeg nefna til þess eitt dæmi. Kvennmaður leitaði til hans lækninga; hann skoðaði hana, en vísaði henni svo frá sjer, og sagði, að hún yrði að leita lærðs læknis, því að það væri sullur í henni, og það væri ekki sitt meðfæri, að fást við hann. Svo fór hún til embættislæknis, sem sagði henni, að það væri enginn sullur í henni, heldur ímyndunarveiki, og reyndi því við hana allt annað en það, sem átti við sullaveiki. Nú er liðið $1^1/_2$ ár síðan, og er það nú fram komið, að konan er með sulli, og játar embættislæknirinn það nú sjálfur. Flutningsm. (Þ. Th.) kann að vísu að segja, að þessi maður hefði sjálfsagt getað staðizt próf. En við það er að athuga: fyrst, að engin vissa er fyrir, að ekki geti hlutdrægni eða atvinnukeppni átt sjer stað; í öðru lagi, að eldri menn, sem lært hafa ef til vill meira af reynslu en bókum, gætu auðveldlega strandað í einhverju, sem hengja mætti á hatt sinn við próf, og verið þó fullnýtir menn fyrir því. Yrði frumv. þetta leitt í lög, óttast jeg að heiðvirðir gamlir leikmenn, sem þó hafa margra ára reynslu og lengi gert gagn, kynnu að verða útilokaðir frá að halda áfram við lækningatilraunir. — Einn þingmaður gat þess, að gamall skottulæknir hefði í sínu umdæmi um mörg ár orðið fjölda fólks að gagni, en þar hefði annars verið alveg ópolandi ástand fyrir læknisleysi, hefði ekki þessa gamla manns við notið; en það álít jeg alveg óhæfilegt að ætlast til, að slíkur lang-reyndur og nú gamall maður fari að halda suður til Reykjavíkur til prófs, og alveg ósanngjarnt, að fara að lögbanna honum lækningar fyrir þá sök.

Verði nefnd kosin í þetta mál, þyrfti hún að athuga, hvort ekki væri vegur til að sleppa einstöku gömlum mönnum, sem lengi hafa iðkað lækningar undan ákvæðum þess.

Hitt er mjer lítt skiljanlegt, að ekki sje auðið með núgildandi lagaákvæðum að ná í ólöglega lyfjaprangara til dómfellingar; og víst er um það, að ávallt er þó hægt að ná í þá og draga þá fram í birtuna með nöpru háði, eins og gert hefir verið hjer í deildinni í dag. Það veit jeg, að tæplega vildi jeg fyrir mitt leyti vinna það fyrir neina peninga, varla einu sinni, að verða að bera nafnið skottulæknir, — því að það er ákaflega ljótt nafn — og því síður að verða fyrir öðrum eins dómum og þessir menn hafa orðið fyrir hjer í deildinni í dag, sem auðvitað eru maklegir, þar sem þeir eiga heima, og svo hygg jeg að flestum sómakærum mönnum muni farið; og undarlegt má það vera, ef enginn vegur er til með tíð og tíma, að koma slíkri tilfinningu inn í menn hjer sunnanlands, sem annarsstaðar; sje það ekki, hlýtur það að vera af allt of miklum skorti á sómatilfinningu, meiri skorti en jeg vil trúa.

Ekki legg jeg til að fella frumv., heldur til að setja nefnd í það. En óbreyttu gef jeg því ekki atkvæði mitt.

Sighvatur Árnason: Jeg vildi að eins geta þess út af orðum, sem fjellu hjer í þingsalnum áðan í þá átt, að hjer á Suðurlandi væri mikil skottulæknatrú, að jeg get ekki tekið þetta til mín eða míns kjördæmis, því skottulæknar eru þar svo að segja horfnir, síðan lærðu læknunum fór að fjölga; þar er að eins einn maður nú. En af því, að jeg er heldur hlynntur góðum skottulæknum, og hins vegar er búið að segja nokkrar ófrægðarsögur af þeim, þá vil jeg leyfa mjer að segja stutta sögu af því, hvernig mjer persónulega hafa reynzt ólærðir læknar. Svo er hamingjunni fyrir að þakka, að jeg hefi ekki verið kvellisjúkur um dagana, eins og þar stendur, en tvisvar hefir það þó komið fyrir, að mjer hefir legið lífið á læknishjálp. Í fyrra sinnið var það, er jeg fótbrotnaði. Það var fyrir rúmum 60 árum síðan. Þá voru ekki aðrir læknar hjer en hinir svonefndu fjórðungalæknar, og var læknirinn hjer í Sunnlendingafjórðungi þá staddur í Reykjavík. Það var því eigi um annað að gjöra en grípa til skottulæknis; hann batt um fótinn og bjó um beinbrotið svo vel, að jeg komst á fætur eptir mánuð, og hefi síðan ekki fundið til neins meins af þessari örsök.

Hitt dæmið var það, að fyrir 6 árum síðan heimsótti mig leiður kvilli, sem var smátt og smátt að ágjörast. Leitaði jeg þá ráða hjá tveimur lærðum læknum, sem mjer er óhætt að segja, að voru ágætir góðir læknar eptir því, sem við höfum af að segja. Ráð þeirra og meðul, sem jeg reyndi, urðu árangurslaus. Þá fór jeg til skottulæknis og fjekk meðul hjá honum, sem gjörðu mig alheilan eptir vikutíma.

ATKV.GR.: Eptir áskorun nokkurra þingdeildarmanna var með 12 atkv. gegn 1 samþykkt að kjósa 3 manna nefnd. Kosnir:

Þórður J. Thoroddsen með 19 atkv., Pjetur Jónsson með 13 atkv., og Björn Sigfússon með 8 atkv.

Frumv. til laga um undirbúning verðlagsskráa (C. bls. 184); 1. umr.

Þórður Guðmundsson: Jeg get verið mjög ánægður með að sjá þetta frv., sem hingað er komið frá h. Ed. Jeg bar þetta mál fyrst upp á þinginu 1893, en það mætti þá töluverðum mótmælum af því, að menn álitu þess ekki þörf að taka það fyrir. Undirbúningur verðlagsskráa væri góður, eins og hann væri. Það var þó kosin nefnd í málinu hjer í þingd., en málið komst ekki í gegnum þingið. Reynslan hefir þó sýnt, að ekki hefir verið vanþörf á að hreyfa málinu, því það var svo tekið fyrir aptur á þingunum 1894 og 1895. Málið var upphaflega borið upp af því, að þörf þótti að ráða bót á þeim ójöfnuði, sem lýsti sjer í undirbúningi verðlagsskránna. Þetta frv., sem hjer liggur fyrir, fer í líka stefnu sem það frumv., er jeg bar fram upphaflega, en sjálfsagt hefir málið tekið nokkrum umbótum síðan, eins og eðlilegt má virðast.

Jeg er, sem sagt, ánægður með, að þetta frumv. er komið fram, og jeg greiði því óhikað atkvæði mitt til 2. umræðu.

Klemens Jónsson: Eins og h. þingdm. mun reka minni til, var jeg á móti frv. um undirbúning verðlagsskráa, er kom fram á þinginu 1895, einkum af því, að menn vildu ekki að nefnd væri sett í málið hjer í deildinni. Menn sögðu, að það væri óþarfi að setja það í nefnd, því málið væri svo vel úr garði gjört

frá h. Ed. Það hefir nú sýnt sig, að málið var þó ekki svo vel úr garði gjört, að það gæti öðlazt staðfestingu konungs. Mönnum hafði yfirsjezt í því, að prestur átti að vera einn af þeim 3, er semja áttu verðlagsskrána, en að opt stendur svo á, að prestur er eigi til í hreppnum, eða þá fleiri en einn. Jeg hef ekki getað neitað mjer um þá ánægju að minna h. deildarmenn á þetta, er á síðasta þingi lögðu svo mikið kapp á að koma því í gegn, þó það væri svona vanhugsað, og gæti það orðið til varnaðar framvegis. En þó nú ekkert sjerstakt líklega muni verða þessu frv. að fótakefli hjá stjórninni, þá get jeg samt ekki greitt atkvæði með því, því jeg álít það óþarft og ekki til neinna bóta, en eptir því kappi, sem menn sýndu á síðasta þingi í því, að fá málið fram, álít jeg þó ekki til neins að stinga upp á nefnd.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 16 atkv. samhlj.

Frumv. til laga um sjerstaka heimild til að afmá veðskuldbindingar úr veðmálabókunum (C. bls. 185); 1. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 22 atkv. samhlj.

Frumv. til laga um nýbýli (C. bls. 186); 1. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 14 atkv. samhlj.

Tillaga til þingsályktunar um endurskoðun jarðabókarinnar frá 1861 (C. bls. 178); ein umr.

Flutningsmaður (*Sighvatur Árnason*): Eins og kunnugt er var jarðabókin staðfest með tilskipun 1. apríl 1861, og í 4. gr. þessarar tilsk. er kveðið svo að orði, að eptir 20 ár skuli það tekið til íhugunar, hvort jarðamatið þurfi endurskoðunar við. Eptir 20 ár eða á alþingi 1881 var svo sú tillaga borin upp á þingi að kjósa 5 manna nefnd til að íhuga endurskoðun jarðabókarinnar. Nefndin var kosin og hún samdi frv. til laga um endurskoðunina, en það frumv. varð ekki útrætt á þinginu. Þá var líka samþykkt í h. Ed. tillaga um að skora á landsstjórnina að láta safna innan ársloka 1882 ýmsum skýrslum til undirbúnings fyrir málið. Þessar skýrslur afhenti landshöfðingi síðan þinginu 1883, og munu þær vera að finna í skjalasafni alþingis. Lengra var þó ekki út í málið farið í það sinni, enda hefir það legið í þagnargildi síðan.

Þegar menn íhuga þörfina á því að endurskoða jarðamatið, þá er hún auðsæ, því það dylst engum, að jarðirnar hafa tekið töluverðum breytingum á þeim nærfelt 40 árum, sem liðin eru, síðan jarðamatið var gjört, því það var gjört 2—3 árum áður en jarðabókin kom út. Margar jarðir hafa stórum breytzt á þessum tíma, sumar til batnaðar fyrir jarðabætur og fleira, sumar jarðir hafa aptur mjög skemmzt af náttúrunnar völdum, hlunnindi jarða breyzt á ýmsan hátt o. fl., o. fl. Þá eru enn jarðir, sem lagzt hafa algjörlega í eyði. Þrátt fyrir allt þetta halda þó jarðir þessar hundraðatali sínu eptir sem áður, og gefur að skilja, að hundraðatalið í jarðabókinni er ekki orðinn góður mælikvarði fyrir opinber gjöld manna. Þetta voru þær ástæður, sem við flutningsmenn höfðum fyrir oss, er við rjeðum af að koma fram með þessa tillögu, og við vonum, að h. þingd. taki svo í málið, að hún samþykki að setja þessa nefnd og feli henni að fjalla um málið, og semja tillögur um endurskoðun jarðabókarinnar.

Jón Jónsson (þm. A.-Sk.): Jeg hefi ekki getað sannfærzt af ræðu h. flutningsm. (Sighv. Á.) um, að þörf sje á því, að endurskoða jarðamatið; en það

má vera að jeg geti sannfærzt ef fleiri ástæður verða frambornar fyrir þessu máli. Það er aðgætandi, að allt er breytilegt og ekki sízt gæði jarðanna. Þannig hafa t. d. margar afurðir jarða breytzt í verði, en eptir þeim fer verðmæti jarðanna. Mjer finnst iðuleg jarðamöt geti orðið ranglát og villandi. Það er eins og menn elti með sköttum og álögum dugnaðarmanninn, sem bætir jörð sína og gjörir hana þannig verðmeiri, en ljetti aptur sköttum og skyldum á slóðanum, sem niðurníðir jörð sína og gjörir hana verðlægri. Komi aptur dugnaðarmaður á jörð, sem hefir verið niðurnídd, og bæti hana, þá hækkar hún aptur óðar í verði, og eins geta jarðir rýrnað í verði við vonda ábúð, og af náttúrunnar völdum rýrna þær ýmist eða batna. Hins vegar er þess að gæta, að þótt jarðamat þyki ósanngjarnt í svip, þá hverfur þessi ójöfnuður smátt og smátt, því jörð er leigð og keypt eptir því, hve skuldaþung hún er. Þannig hverfa ójöfnurnar með tímanum, ef jarðamatið er látið óhaggað. Allir vita, hver fjarska-breyting hefir orðið á verðmæti jarðarafurða síðan síðasta jarðamat var gjört, t. d. á dúntekjunni. Dúnn hefir fallið ákaflega í verði á síðari árum, og við það hafa dúnjarðir auðvitað fallið mikið í verði; en það er ekki óhugsandi, að dúnn hækki aptur í verði, og þá verða þessar jarðir aptur verðhærri. Eins og menn vita, er nú verið að bæta jarðir á margan hátt víða um land, og er vonandi að sá framfarahugur haldist, en þá hljóta jarðirnar stöðugt að hækka í verði, og ekki hægt að segja, hvað í þeim kann að liggja, er stundir líða, eða hverjum bótum þær kunna að taka. Yfirleitt sje jeg ekki að búið sje að finna heppilegan mælikvarða fyrir mati jarða, og jeg efast um að menn finni stórum heppilegri mælikvarða en farið hefir verið eptir, og sýnt hefir sig óheppilegan, þar sem ljelegar jarðir hafa stigið upp fyrir það eitt, að bóndinn var vel fjáreigandi. Þó getur verið, að h. flutningsm. (Sighv. Á.) eða aðrir geti komið með svo góðar ástæður, að jeg geti sannfærzt um nauðsyn og nytsemi þessarar endurskoðunar, en þær ástæður eru ekki komnar fram enn.

Jón Jónsson, þm. Eyf.: Jeg ætla ekki að fara út í það að tala um, hvort nauðsynlegt sje að skipa þá nefnd, sem hjer er um að ræða; það getur auðvitað margt mælt bæði með því og móti. En jeg ætla að eins að benda á, að ef nefnd yrði sett, hlyti starf hennar að verða ákaflega umfangsmikið, ef það ætti að verða að nokkru liði; hún þyrfti að koma fram með ýtarlegar tillögur um grundvöll fyrir nýju mati og taka þar tillit til mjög ólíks ástands, sem á sjer stað víðsvegar um land. En slíkt starf verð jeg að álíta alveg ofvaxið nokkurri nefnd í ár, eins og nú stendur á. Nefndir eru nefnilega orðnar allt of margar í ár, og þingdm. þegar of hlaðnir störfum. Enda er hjer engin sú bráðanauðsyn á, að málið þoli ekki að bíða tvö ár enn. Væri þá betra að nota næstu tvö árin til að undirbúa málið betur í blöðum og með ritgerðum. Það er hætt við að það yrði fljótfærnisverk og kák eitt, sem nú yrði gert, þó farið væri að taka málið fyrir, og verð jeg því að ráða til að þingdeildin felli till.

Þórður Guðmundsson: Þó jeg standi upp, býst jeg ekki við að geta sannfært h. þm. A.-Skaptf. (J. J.), því að mjer heyrist hann álíta hið núverandi jarðamat svo gott og gilt, að það ætti að standa um aldur og æfi. Um h. 2. þm. Eyf. (J. J.) er nokkuð öðru máli að gegna; en auðvitað vissum vjer

flutningsm. tillögunnar, að hjer var um mikið vandaverk að ræða; þó álít jeg það ekki svo mikið vandaverk, að það sje óframkvæmanlegt, og þó að h. þm. A.-Skapt. (J. J.) álíti það svo rjettlátt, að það ætti að verða eilíft, þá álít jeg það mestu fjarstæðu; það má nú segja það um mörg skattalög, að það sje vandi úr þeim að bæta —, þá verð jeg nú samt að vera fastur á því, að hjer sje um ákaflega skakkan grundvöll að ræða fyrir því núverandi jarðamati. Meiningin með till. var aldeilis ekki að raska leigumála jarðanna, heldur var hún sú, sem jeg tók fram í ræðu minni áðan.

Jeg get verið samdóma h. þm. A.-Skaptf. (J. J.) um það, að við jarðamatið 1861 litur svo út, að víða hafi efnahagur ábúendanna verið matinn en ekki jörðin sjálf. En það ætti ekki að aptra mönnum í þessu máli, því að nú hafa menn áttað sig á því, og munu færari til að framkvæma matið, og yrði því betra.

Þegar jarðamatið síðasta var gert, þá var beinlínis ætlazt til að það skyldi verða endurskoðað eptir 20 ár. Vona jeg því að deildin kjósi nefnd í málið. Jeg get auðvitað verið samdóma h. þm. Eyf. (J. J.) um það, að verkið sje helzt til umfangsmikið og tíminn reyndar allt of naumur og fullhlaðið sje á þingmenn af störfum; en einhvern tíma verður þó að byrja á þessu verki.

ATKVÆÐAGR.: Fellt frá nefnd með 12 : 5 atkv.

Tólfti fundur, miðvikudag 14. júlí kl. 12 á hád. Allir á fundi.

Frumv. til laga um heimild til að ferma og afferma skip á helgidögum þjóðkirkjunnar (C. bls. 192); 1. umr.

ATKVÆÐAGR.: Málinu var vísað til 2. umr. með 19 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um uppreisn á æru án konungsúrskurðar (C. bls 192); 1. umr.

ATKVÆÐAGR: Málinu var vísað til 2. umr. með 20 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um viðauka við lög nr. 1, 9. jan. 1880 (C. bls. 192); 1. umr.

Flutningsmaður (Þorlákur Guðmundsson): Jeg vona að h. deild sje mjer samdóma um að frumv. þetta geri alls eigi mein, heldur þó nokkurt gagn; og það sjá allir, að hjer er um engin peningaútlát að ræða.

Tilgangur hinna núgildandi laga er sá, að hver hreppur ekki að eins kjósi mann á sýslufund, heldur einnig að maður mæti fyrir hvern hrepp á sýslufundi, til þess að gæta hagsmuna hrepps síns og gefa ýmsar upplýsingar um hann, er hann, sem kunnugur maður, einatt á miklu hægra með en nokkur annar sýslunefndarmaður. En þessum tilgangi hefir hingað til ekki orðið fullkomlega náð, og engin trygging fyrir að honum geti nokkurn tíma orðið náð eptir hinum núgildandi lögum; það getur svo margt hindrað sýslunefndarmann frá því að mæta á fundi, hann getur dáið, sjúkdómar geta hindrað hann, og reynslan hefir sýnt, að ýms önnur forföll hafa haldið sýslunefndarmönnum heima; það sýnist því allnauðsynlegt, að til sje varamaður til að mæta fyrir aðalsýslunefndarmanninn á sýslufundum í forföllum hans.

Frumv. það, sem hjer liggur fyrir, er komið fram eptir ályktun sýslunefndarfundar í Árnessýslu, og hefir okkur þingmönnum sýslunnar verið falið á hendur að flytja það inn á þing. Það má ef til vill segja, að frumv. þetta

muni ekki koma að notum, af því að iðulega muni það koma fyrir, að aðalsýslunefndarmaður hafi ekki tíma til að tilkynna sýslumanni að hann geti ekki mætt á sýslufundi, og sýslumaður svo aptur varasýslunefndarmanni að mæta í hans stað. En það sýnist mega bæta að mestu úr þessu, að nóg væri talið að aðalsýslunefndarmaður skrifaði upp á boðunarbrjef sýslumanns til sýslunefndar, að hann gæti ekki mætt, og sendi það svo með þessari uppáskrift til vara sýslunefndarmannsins.

Þórður Guðmundsson: Jeg stend ekki upp til þess að mæla á móti frumv. þessu, heldur hreint og beint til þess að mæla með því. Eins og kunnugt er koma opt mikilsverð mál fyrir einstaka hreppa fyrir sýslunefnd, og þá getur það verið stórskaði, að enginn mæti úr þessum hrepp til að tala máli hans.

Það var eitt atriði sem h. flutningsm. (Þorl. G.) minntist ekki á, er hann var að tala um að óheppilegt væri að enginn varamaður væri til að mæta á sýslunefndarfundi, sem vel er vert að minnast á; það er það atriði, að vel getur það komið fyrir, að menn fyrir það að hafa orðið að mæta á sýslunefndarfundi hafa setið af sjer stórkostlega atvinnu, jeg vil segja, að fyrir geti komið, að þeir tapi við það 5—600 kr. Yrði þetta frumv. að lögum, gæti það orðið til þess, að síður yrði hætt við, að aðalsýslunefndarmaður tapaði atvinnu við að sækja sýslufund, því líklegt væri að ekki stæði altjend eins á hjá varasýslunefndarmanni með atvinnureksturinn, því tel jeg það einnig mikla rjettarbót. Yfir höfuð álít jeg að mikið sje unnið við að frumv. þetta fái fram að ganga.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 16 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar á Grafarnesi við Grundarfjörð (C. bls. 194); 1. umr.

Flutningsmaður (Eiríkur Gíslason): Jeg skal ekki fara mörgum orðum um þetta mál, því jeg vona, að það fái ekki verri undirtektir en önnur samhljóða mál hafa áður fengið hjer í þessari háttv. þingd. Þó ætla jeg að fara nokkrum orðum um frumv. og skýra frá því, hvers vegna farið er fram á, að löggilda þennan stað til verzlunar.

Við Grundarfjörð er gömul löggilt höfn, sem ekki hefir verið notuð til verzlunar í mörg ár. En Grundarfjörður gengur, eins og menn vita, í suður úr Breiðafirði og inn í Eyrarsveit á Snæfellsnesi, og er all-breiður. Austast fyrir botni fjarðarins er hinn forni verzlunarstaður, en vestast er þetta Grafarnes, sem beðið er um löggilding á, og gengur það norður í fjörðinn. — Það er álit allra kunnugra manna, að þar sje sjerstaklega gott skipalægi og hlje fyrir öllum áttum nema norðurátt, því þá stendur vindurinn beint inn fjörðinn, enda leita skip opt inn á þennan stað í stormum og illviðri. Á síðastliðnu vori fór málsmetandi maður einn fram á það við sýslunefndina í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, að fá verzlunarleyfi á hinum gamla löggilta stað, en hvarf svo frá því aptur, að setja þar verzlun, með því að hann áleit Grafarnes hentugri stað fyrir sig, er hann ætlaði jafnframt að halda úti þilskipum til fiskiveiða. Það er líka álitið, að við Grafarnes sje hin bezta höfn, góður botn og nóg dýpi, en lítið útfiri, og því tiltölulega hægt að gjöra þar bryggju, er hafskip geti legið við. Skal jeg svo að endingu óska þess, að frumv. þessu verði vísað til nefndar þeirrar, er kosin var til að íhuga

frumv. um löggilding Haganesvíkur í Fljótum.

ATKV.GR.: Samþykkt í einu hljóði að vísa málinu til þessarar nefndar.

Frumv. til laga um mæling vega (C. 195); 1. umr.

Flutningsmaður (*Einar Jónsson*): Jeg vona að þetta frumv. þurfi ekki neinnar sjerstakrar útskýringar við annarar en þeirrar, sem liggur í því sjálfu. Jeg vona líka, að h. þingd. veiti þessu máli fylgi sitt, því jeg verð að álíta að það sje æskilegt, að allir vegir verði mældir. Það er mjög óviðkunnanlegt, sjerstaklega þegar útlendingar spyrja um það, að geta þá ekki svarað, hve langt sje á milli tveggja staða. Það er auðvitað, að þessi mæling hefir nokkurn kostnað í för með sjer, en hann ætti þó ekki að vera frátælandi.

Það er helzt ein mótbára, sem jeg get hugsað mjer að fram komi gegn þessu frumv., og hún er sú, að ekki sje rjett að mæla vegina fyr en jafnóðum og þeir eru lagðir; en þá mundi mælingin dragast of lengi.

Sighvatur Árnason: Jeg er með þessu máli að sumu leyti, en sumu leyti ekki, og vil benda á, að mjer virðist óþarfi að setja upp vörður eða vegarmerki á sumum vegum, t. d. á hreppavegum, sem liggja rakleiðis bæja á milli og með fram fjallgarði. Mjer finnst slíkt óþarfa kostnaður fyrir hreppasjóðina, þegar svo á stendur, og því megi gjöra undantekningar í þessu efni, með því líka að vegalagningar eru ýmsum breytingum undirorpnar fyrir vatna-ágang og landbrot.

Samt er það aðal-atriðið, að það er sumstaðar óþarft að setja vegamerki, þar sem vegur liggur fram hjá bæjum eða fram með fjallgarði, því slíkt er þá ekki annað en helber kostnaðarauki.

Flutningsmaður (*Einar Jónsson*): Jeg skal að eins svara þessari mótbáru með því að benda á, að það gæti þó opt komið sjer vel, er menn eru villtir, að hitta á glöggt vegarmerki og sjá af því, hvar maður er staddur.

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 21 atkv. samhljóða.

Frumv. til laga um ráðstafanir til að eyða refum með eitri (C. bls. 192); frh. 1. umr.

Framsögumaður (*Guðlaugur Guðmundsson*): Menn hafa verið svo fáorðir um málin hjer á undan, að jeg vona, að menn verði það einnig nú. Málið liggur fyrir h. þingd.m. í nefndarálitinu, og þær breytingar, sem þar er stungið upp á að gjöra við frumv., eru fremur orðabreytingar en efnisbreytingar. Það er að eins um eina efnisbreytingu að ræða, og um hana má tala við 2. umr.

ATKV.GR.: Frumvarpinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Þrettándi fundur, fimmtudag 15. júlí kl. 12 á hád. Allir á fundi.

Forseti gat þess að til sín væri komið og yrði fram lagt á lestrarsalinn:

1. Bænaskrá frá síra P. Helga Hjálmarssyni á Helgastöðum um 1000 kr. styrk til þess að byggja upp staðinn.
2. Þingmálafundargjörð úr Vestur-Skaptafellssýslu.

Frumv. til laga um stækkun verzlunarlóðarinnar á Eskifirði (C. bls. 195); 1. umr.

ATKV.GR.: Málinu var orðalaust vísað til 2. umræðu með öllum þorra atkvæða.

Frumv. til laga um sjerstakt gjald til brúargerða (C. bls. 195); 1. umr.

Flutningsmaður (*Björn Sigfússon*): Eins og h. þingdm. mun kunnugt liggur hjer frammi á lestrarsalnum áskorun frá sýslunefndinni í Húnavatnssýslu til okkar þingm. kjördæmisins um að reyna að fá framgengt á þingi lögum í þátt, sem frumv. þetta fer fram á.

Fyrir allmörgum árum kom hinn þáverandi sýslumaður Skagfirðinga, E. Briem, því til leiðar, að sýslunefndin þar jafnaði niður á sýslubúa sjerstöku gjaldi til sýslubrúa, sem jeg hygg, að þar hafi yfir höfuð verið vel tekið, og orðið sýslubúum til gagns og sóma. — Þeir hafa haldið þessu áfram síðan og eru nú búnir að brúa fleiri ár af þessum sjóði. Síðar tóku Eyfirðingar hið sama upp, og svo Húnvetningar; heyrt hef jeg og að þetta sje einnig að komast á í Norður-Múlasýslu. Þeim sýslufjelögum er þannig sýnilega að fjölga, sem sá framtaksandi er vaknaður í, að vilja leggja sjerstaklega fram fje til þarflegra fyrirtækja og hafa mannrænu í sjer til þess að vilja bjarga sjer sjálfir, og varpa ekki allri sinni áhyggju upp á landssjóðinn. Jeg býst nú við, að öllum geti komið saman um það, að það sje gott, að sýslunefndir geti lagt á fje til þarflegra fyrirtækja, þar sem þess er þörf, og áhugi fyrir því.

Æskilegast væri það auðvitað, að allar sýslunefndir gerðu þetta án þess nokkur ný lög þyrfti til. En hætt er við, að þess tíma verði nokkuð langt að bíða, að það útbreiðist nægilega um land allt, án þess að nýtt meðal verði fundið til upphvatningar. Slíkt meðal held jeg að sje einmitt í þessum heimildarlögum fyrir sýslunefndir, sem hjer er farið fram á að veita þeim.

Að vísu geta sýslunefndir nú lagt á gjald í þessu skyni með því, að hækka hið almenna sýslusjóðsgjald; en til þess að geta lagt gjaldið á nýja gjaldstofna, þarf ný lög.

Jeg býst ekki við að á móti þessu mundi þurfa að gjöra ráð fyrir mikilli mótspyrnu hjá landsmönnum. Að minnsta kosti get jeg sagt það til dæmis, að þegar gjald þetta var lagt á í minni sýslu og sýslumaður hafði innheimt það í fyrsta sinni, þá spurði jeg hann, hvort gjaldið hefði hvergi mætt mótspyrnu eða óánægju hjá gjaldendum á manntalsþingunum; en hann sagði mjer, að það hefði verið fjarri því; hvergi nokkursstaðar hefði verið vakin mótmæli, en þvert á móti hefðu menn víða staðið upp til að þakka sýslunefndinni fyrir þessar aðgerðir hennar.

Jeg vona, að háttv. þingdeildarmenn yfir höfuð verði mjer samdóma um þarfleik slíkra laga, og eins um hitt, að það geti ekki verið ísjárvert í neinu tilliti, að veita sýslunefndum heimild til þessa álags. Sjálfsagt þótti mjer, að takmarka, hvað hæst mætti á leggja, en auðvitað geta sýslunefndirnar lagt minna á eða haft gjaldið lægra, haft það hvar sem þær vilja fyrir neðan þessi takmörk.

Hvað gjaldstofninn snertir, þá álít jeg tölu fasteignar- og lausafjárhundraða út af fyrir sig engan veginn heppilegan gjaldstofn; hún er enginn rjettur mælir á gjaldþoli manna. Það er ýmislegt annað, sem hefir töluvert gjaldþol og því gæti verið rjett að leggja á; skal jeg sjer í lagi tilnefna eitt, þótt ekki sje það tiltekið í frumv., en það er verzlunarumsetning eða ársvelta verzlana. Jeg hafði satt að segja hugsað mikið um, að taka það upp sem fjórða gjaldstofn í frumv. þetta. Þegar sýslunefnd jafnar gjaldi niður á hina einstöku hreppa eptir tölu fasteignar- og lausafjárhundraða, þá getur gjald þetta því stundum komið nokkuð ójafnt niður; þeir hreppar, þar sem verzlanir eru, sem bera mikinn hlut sveitarútsvaranna, ættu fyrir þá ástæðu að hafa meira

gjaldþol heldur en hreppar, þar sem engar verzlanir eru. En mjer fannst töluvert vandhæfi á, að setja rjettlátar ákvarðanir um, á hvern hátt sanngjarnt tillit yrði tekið til gjaldþols verzlananna, og tók jeg því þetta ekki upp í frumv. Hitt fannst mjer rjettlátt og sjálfsagt, að taka tillit til tölu verk færra manna við álögu gjalds þessa. Það getur meira að segja verið íhugunarvert, hvort ekki væri rjett að miða gjaldið við allt manntal, auk lausafjár- og fasteignarhundraða, og setja það svo lægra á hverja einingu.

Eins og jeg þannig hefi drepið á, býst jeg við, að það sem sjer í lagi þurfi nákvæmrar athugunar í þessu frv., sjeu gjaldstofnarnir, og vænti jeg því sjerstaklega liðsemdar h. þingdeildarmanna til að íhuga það atriði vandlega. Jeg hef aðgætt, hvernig þetta kemur niður eptir frumv. á nokkrar sýslur landsins og einstaka hreppa í þeim.

Jeg skal þá nefna sem dæmi tvær sýslur, þar sem er eingöngu landbúnaður, og aðrar tvær sýslur, þar sem er hvorttveggja: landbúnaður og sjávarútvegur.

Þannig telst mjer til, að væri gjald þetta lagt á eins og frumv. heimilar hæst (5 aurar), þá mundi það nema:

í Húnavatnssýslu: 632 kr.
að meðaltali á hvern
hrepp . . . . . um 18 kr.
í Mýrasýslu: 304 kr.
að meðaltali á
hvern hrepp . . . . um 43 kr.
í Snæfellsnessýslu: 284 kr.
á hvern hrepp . . . . um 28 kr.
í N.Múlasýslu: 467 kr.
á hvern hrepp . . . . um 46 kr.

Jeg vil ekki stinga upp á nefnd í þessu máli, sízt nú strax, enda eru þegar helzt til margar nefndir settar, og mál þetta varla svo margbrotið, að nefnd virðist endilega nauðsynleg í því. Reynist tilefni til síðar undir umræðunum, má og stinga upp á nefnd, ef svo ber undir.

Klemens Jónsson: Jeg ætlaði einkum að tala nokkur orð út af tölum þeim, sem h. þm. Húnv. (B. Sigf.) tilgreindi; jeg held þær hljóti að vera mikils til of lágar hjá honum; en annars er jeg samþykkur tilgangi frumv., því jeg álít alveg rjett, að veita sýslunefndum þessa heimild. Þær sýslunefndir, sem hingað til hafa gjört slíka niðurjöfnun, hafa reyndar gjört það án nokkurrar lagaheimildar, og því verið háðar samþykki sýslubúa. Að því er snertir gjaldstofnana er jeg samdóma h. flutningsm., sjerstaklega um það, að taka hjer einnig til greina tölu verkfærra manna, en athugamál gæti það verið, eins og flutningsm. veik á, hvort gjaldstofnarnir gætu ekki verið fleiri. Tölur h. flutningsm. held jeg hljóti að vera talsvert skakkar. Ef jeg tek t. d. einn hrepp í Eyjafjarðarsýslu, sem jeg þekki vel, þá eru þar 1195 fasteignarhundruð, 586 lausafjárhundruð og 104 verkfærir karlmenn eða því um næst. Sje nú lagt á þetta hæsta gjald, sem frumv. heimilar, telst mjer til í fljótu bragði, að gjald hreppsins verði tæpar 100 krónur.

Í öðrum hreppi eru um 400 fasteignarhundruð og 370 lausafjárhundruð, og 50 verkfærir karlmenn. Hjer yrði þá gjaldið 4100 kr., og þetta er varla meðalhreppur. Sje þetta athugað, þá er gjaldið helzt til of hátt; hrepparnir eru ekki færir um að bera slíkt. Það þarf því að færa niður töluna í frumv. Auðvitað gefur frumv. að eins heimild til að hafa gjaldið svona hátt, og kann einhver að svara því, að þessa heimild þurfi ekki að nota. En það er athugavert, að sje takmarkið fyrir hæðinni sett svona hátt, þá gefur það mönnum undir fótinn, að taka hæstu tölurnar.

Jeg vil því áskilja mjer rjett til að koma fram með breytingartillögu um þetta atriði, um að gjaldið verði fært niður í 3 aura mest.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg er h. flutningsm. mjög þakklátur fyrir frumv., því það gengur í alveg rjetta stefnu og mun koma miklu góðu til leiðar í landinu. En þó er jeg ekki, eins og h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.), samdóma um gjaldstofninn. Hvað tölurnar snertir, þykist jeg sjá samkvæmt ræðu h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.), að jeg hef misskilið ákvæði frumv. um 5 aura gjaldið, nefnil. á þá leið, að það legðist á samtölu lausafjár- og fasteignarhundraða og verkfærra manna, en það getur líklega ómögulega verið rjett, enda er hundraðatalan allt annars eðlis heldur en tala verkfærra manna. Eptir þeim mismun, sem var á tölu flutningsm. og tölu h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.), er það líklega meiningin, að gjaldið sje lagt á hvað af þessu um sig. Gjaldið er sjálfsagt langt of hátt; sýslunefndir eru heldur ekki svo ógjarnar á gjörræði, að vert sje að gefa þeim svona lausan tauminn. Gjaldstofnarnir þykja mjer einkum athugaverðir, og sjerstaklega er fasteignarhundraðatalan slæm; hún er alveg ótækur mælikvarði fyrir gjaldþoli manna. Rjettast þætti mjer því að nema fasteignarhundraðatöluna alveg burt, og það því fremur sem það mundi ekki lenda á eigendunum, heldur ábúendunum.

Jeg verð jafnan að álíta það óheppilegt, að sýslunefnd geti jafnað nokkru gjaldi niður á hreppa eptir allt öðrum gjaldstofns-grundvallarreglum heldur en þeim, sem hreppsnefnd getur eptir farið, þegar hún jafnar gjaldinu aptur niður á hreppsbúa; en þetta yrði þó eptir þessu frumv., því að gjaldið yrði greitt úr sveitarsjóði, en hans tekjur eru hvorki bygðar á tölu hundraða eða verkfærra manna, heldur almennt á efnum og ástandi. Því hærra sem gjald þetta þannig yrði, því ósanngjarnara kæmi það niður á einstaka menn, og kynni enda að verða til þess, að fæla alveg burt úr landi nokkra hina nýtustu menn, ef því yrði eingöngu dembt á fáeina efnamenn, sem þó alls ekki nota brýr meira að tiltölu en aðrir menn. Helzt hefði jeg kosið að miða gjald þetta við tölu verkfærra manna eingöngu, en hef þó ekki á móti lausafjárhundraðatölunni jafnframt sem gjaldstofni, því að það er þó æfinlega nokkur mælikvarði fyrir gjaldþoli manna. Jeg vil í sambandi við þetta frumv., eins og það nú er lagað, benda á, að eptir því, alveg eins og eptir vegalögunum, geta sumar sveitir beðið óþægilegan halla og útgjöld af einstökum mönnum, sem setjast að í sveitinni sem lausamenn eða húsmenn; á marga þeirra verður lítið eða ekkert lagt.

Pjetur Jónsson: Jeg er samþykkur þeirri stefnu, sem kemur fram í frumv. þessu. En jeg vil vekja máls á því að mjer finnst aðalhugsunin í því hin sama sem sú, er kemur fram í öðru frumv., það er að segja frumv. til laga um breyting á gjaldheimtum til amtssjóða og sýslusjóða; í báðum frumv. er farið fram á að leggja sýslusjóðsgjald á nýjan gjaldstofn, og fáist heimild til þess samkvæmt frumv. því, er jeg nú nefndi, þá finnst mjer það í raun og veru fengið, sem hjer er farið fram á, því að eigi mun sú tilætlunin, að stofna sjerstaka brúarsjóði af gjaldi því, sem hjer er leitað heimildar til að leggja á. Jeg hef vakið máls á þessu af því, að mjer finnst það hugsanlegt, að það mætti sameina þessi tvö frumv. í eitt.

Jeg er á annari skoðun en h. þm. Strand. (Guðj. G.) um, að hámark gjalds þessa sje sett of hátt; jeg tel það hæfilegt; það má ekki setja það svo lágt að það taki aldur og æfi að safna svo svari

einu brúarverði. Jeg hef reiknað út gjald þetta fyrir hrepp þann, sem jeg er kunnugastur, og mun það verða þar rúmar 40 kr. á ári, og finnst mjer það ekki hátt.

Flutningsmaður (Björn Sigfússon): Það sem sagt hefir verið um frumv. þetta, eru yfir höfuð fremur meðmæli með því en mótmæli, og kann jeg mælendum þakkir fyrir þau. Jeg gat þess þegar í fyrri ræðu minni að tölur þær sem jeg nefndi væru máske ekki allskostar nákvæmar, og það liggur í því að skýrslur þær sem jeg varð að fara eptir í stjórnartíðindunum eru svo sundurslitnar, að víða er ekki til verkfærra manna tala og tala lausafjárhundraða fyrir sama ár. En þetta getur þó ekki munað nema sárlitlu og hefir því litla þýðingu, og svo áreiðanlegar hygg jeg tölurnar vera, að nokkurn veginn megi gera sjer hugmynd um, hversu há gjöld nýmæli þetta muni baka mönnum.

H. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) kallaði tölur mínar »skakkar« og vildi sýna það með dæmum, en það vill svo til, að hann sjálfur hefir lent í desimalavillu, og taldi þar hundruð króna sem áttu að vera tugir. Það sem hann byggði á þessari reikningsvillu sinni er þess vegna skakkt. En jeg þarf ekki að tala frekara um það, því nú hefir hann tekið eptir því sjálfur og leiðrjettir það því væntanlega.

Bendingar h. þm. Strand. (Guðj. G.) eru íhugunarverðar, að því er snertir gjaldið af fasteignarhundruðum; þó get jeg að svo stöddu ekki sagt neitt um, hvort jeg muni geta fallizt á þær; en þær gætu eigi að síður verið íhugunarefni fyrir nefnd.

Þar sem h. þm. S.-Þing. (P. J.) leit svo á, að það væri ekki tilætlunin að stofna sjerstaka brúarsjóði af því gjaldi, sem hjer er leitað heimildar til að leggja á, þá vil jeg taka fram að þetta er misskilningur. Þetta gjald á alls ekki að renna saman við sýslusjóðinn, heldur mynda sjerstakan sjóð, sem ekki má verja til annars en brúargerða. Sami h. þm. talaði um, að það gæti átt vel við að vísa frumv. þessu til nefndar, sem kosin hefir verið í öðru máli hjer í deildinni; jeg skal ekki hafa á móti, að svo kunni að vera, en þó því að eins, að sú nefnd bæti mönnum við sig með sjerstöku tilliti til þessa máls. Mjer væri kært að heyra undirtektir h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.), sem mun vera formaður þeirrar nefndar, undir þetta.

Guðlaugur Guðmundsson: Mig minnir að 5 menn sjeu í nefnd þeirri, sem á að íhuga frumv. til laga um breyting á gjaldheimtum til amtssjóða og sýslusjóða, og málið er í raun og veru ekki stærra en svo að jeg álít óþarft að bæta mönnum við nefndina, þótt hún fái einnig þetta frumv. til íhugunar, en jeg efast eigi um að nefndin muni fús á að kalla h. flutningsm. þessa frumv. (B. Sigf.) á fund sína, og gefi honum þar kost á að tala máli sínu, og koma með þær upplýsingar, sem hann getur gefið. Þetta álít jeg muni nægja.

Guðjón Guðlaugsson stakk upp á, að málinu væri vísað til nefndarinnar í málinu um breytingu á gjaldheimtum til amtssjóða og sýslusjóða.

ATKVÆÐAGR.: Sú tillaga samþ. með 16 samhlj. atkv.

Fyrstu umr. frestað.

Frumv. til laga um undirbúning verðlagsskrða (C. bls. 184); 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. samþ. með 14 samhlj. atkv.

2. gr. samþ. með 14 samhlj. atkv.
3. — — — 15 —— —
4. — — — 15 —— —

Fyrirsögn frumv. samþ. án atkvæðagreiðslu.

Málinu vísað til 3. umr. með 19 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um sjerstaka heimild til að afmá veðskuldbindingar úr veðmálabókunum (C. bls. 185, 195); 2. umr.

Landshöfðingi: Eins og h. deild er kunnugt, var á síðasta þingi samþykkt frumv. líks efnis, og frumv. þetta sem hjer er nú til umræðu, en það frumv. öðlaðist ekki konunglega staðfestingu af ástæðum þeim, sem teknar eru fram í brjefi ráðgjafans fyrir Ísland 17. ágúst 1896; þar segir svo, að ráðgjafinn álíti það allt of ísjárvert, að fara svo langt út fyrir hinar almennu reglur um innkallanir, að láta það nægja, að birta ógildingarstefnur einu sinni í stjórnartíðindunum, sem hvorki eru haldin eða lesin af mönnum almennt, og þar sem engum, er eigi einmitt þekkti lagaákvæði þau, sem hjer er stungið upp á, mundi geta komið til hugar að leita að þesskonar auglýsingum. Jafnvel þótt líta mætti svo á, að rjett sje í slíku tilfelli, sem hjer er um að ræða, að gjöra, að því er hina lögformlegu hlið málsins snertir, allar framkvæmdir svo óbrotnar og einfaldar, sem unnt er, verður ráðgjafinn þó í öllu falli að álíta nauðsynlegt, að innkallanirnar verði birtar í blaði því á Íslandi, sem flytur opinberar auglýsingar. Samkvæmt þessu hefir nú stjórnin, eins og kunnugt er, lagt fyrir þingið frv. þar sem farið er fram á að ógildingarstefnurnar sjeu birtar þrisvar sinnum í blaði því á Íslandi, er flytur opinberar auglýsingar. Nú hefir h. Ed. breytt þessu ákvæði í sama horf og var í lögunum frá 1895 og sem stjórnin gat eigi gengið að, eða þannig, að ógildingarstefnurnar skuli birtar í stjórnartíðindunum, deildinni B. Öllum hlýtur því að vera það ljóst, að eptir því sem tekið er fram í ráðherrabrjefinu 17. ágúst 1896, þá er þessi breyting sama sem að fella frumv.; en jeg get ómögulega ætlað, að það muni þó í raun og veru vera meining þingsins að vilja eyða máli þessu, því að hjer er að ræða um nauðsynlega viðbót við lög frá 16. sept. 1893. Svo stendur sem sje á, að nýnefnd lög, um sjerstaka heimild til að afmá veðskuldbindingar úr veðmálabókunum, hafa eigi komið til framkvæmdar í tveim lögsagnarumdæmum; en af því að óviðurkvæmilegt sýnist að þau lögsagnarumdæmi hafi eigi jafnrjetti við önnur lögsagnarumdæmi landsins í þessari grein, þá hef jeg, til þess að reyna að kippa þessu í lag, leyft mjer að koma með breyt.till. við frumv. eins og það var samþykkt í Ed. þannig, að í stað orðanna: »er birta skal þrisvar sinnum í stjórnartíðindunum, deildinni B« komi: »er birta skal þrisvar sinnum í blaði því á Íslandi, er flytur opinberar auglýsingar«.

Það, sem vakti fyrir h. Ed. þegar hún gjörði breytinguna á stjórnarfrumvarpinu, var það, að auglýsingarnar í blaði hefðu nokkurn kostnað í för með sjer; og sjálfsagt var það, að þessi kostnaður við auglýsingar ógildingarstefnanna varð eigi alllítill eptir lögunum frá 1893, en hann mundi verða stórum minni nú, því að bæði hverfur kostnaðurinn við auglýsingarnar í Berlingatíðindum, og auk þess mundu auglýsingar þessar verða mjög stuttar nú úr öllum lögsagnarumdæmum landsins, nema þeim tveimur, þar sem ákvæði laganna frá 16. sept. 1893 hafa ekki komið til framkvæmdar. Jeg verð að mæla mjög með breyt.till. minni, því að jeg álít hana nauðsynlega til þess að frumv. þetta nái konunglegri staðfestingu.

Skúli Thoroddsen: Hæstv. landsh. hefir skýrt frá því, hvernig á því stendur, að þetta frumv. er komið aptur fram hjer á þinginu. Jeg verð að segja, að jeg varð alveg hissa, þegar jeg las ástæður stjórnarinnar fyrir synjun sams konar frv. frá síðasta þingi. Opt hefir maður heyrt skringilegar synjunarástæður frá stjórnarinnar hendi, en sjaldan þó jafn hjákátlegar eins og þær, sem hæstv. landsh. vitnaði í í þessu máli, þar sem stjórnin þykist ekki geta ráðið til staðfestingar á frumv. af því, að birta átti innköllunina í Stjórnartíðindunum, en ekki í blaði því, sem vant er að birta í yfirvalda-auglýsingar. En orsökin til þess, að þetta ákvæði um að birta innköllunina að eins í Stjórnartíðindunum var sett inn í lögin, sem samþykkt voru hjer á þinginu 1895 var sjer í lagi sú, að það þótti óþarfakostnaður fyrir landssjóð að birta auglýsingarnar á annan hátt. Þetta var og því eðlilegra af þinginu, þar sem birtingarkostnaðurinn, samkvæmt lögum 16. sept. 1893, hefir verið mjög mikill, þar sem landsreikningarnir bera það með sjer, að hann hefir numið 3165 kr. 12 a., og stafar þessi mikli kostnaður auðvitað að miklu leyti af því, að innkallanirnar voru ekki að eins auglýstar hjer á landi, heldur og í Berlingstíðindunum í Kaupmannahöfn, vegna vangár þingsins. Það er satt, sem hæst. landsh. sagði, að ef hjer væri að eins að ræða um birting innkallana að eins í þeim tveimur sýslum, Þingeyjarsýslu og Suðurmúlasýslu, þar sem innköllunin fórst fyrir síðast, — og það hefði verið eðlilegast, að stjórnin hefði bundið frumv. við þær sýslur að eins — þá væri hjer um litla upphæð að ræða. En þetta frumv. bindur sig ekki við þessar tvær sýslur, heldur gjörir það öllum sýslumönnum á landinu að skyldu, að innkalla handhafa að öllum þeim veðskuldabrjefum fasteigna, sem eru orðin 20 ára gömul, þá er lög þessi öðlast gildi. Annars er það furða, að stjórnin skyldi ekki sjá um, að lögin 16. sept. 1893 kæmu alstaðar til framkvæmda. Það hefir að líkindum stafað af gleymsku hlutaðeigandi sýslumanna, að svo varð ekki; en þó að sýslumönnum bæri auðvitað að þekkja lögin, hefði stjórnin líka átt að minna þá á það, og gefa þeim leiðbeiningu um, hvernig ætti að framkvæma þau. (*Kl. J.*: Hún gjörði það líka). Hafi svo verið, þá hefir sú leiðbeining verið næsta ófullkomin, því sumir sýslumenn fóru alveg skakkt að, stefndu á skrifstofu sýslunnar, í stað þess að stefna til þess varnarþings, þar sem fasteignin lá, og flestir þeirra gleymdu þar að auki alveg birtingunni í Berlings-tíðindunum, þangað til þeir voru minntir á það sjerstaklega eptir á. Hjer er líka um nokkurn sparnað að ræða fyrir landssjóð, þar sem kostnaðurinn yrði margfalt minni við að auglýsa innkallanirnar í Stjórnartíðindunum einum, en í blaði, og á það skyldu menn ætla, að stjórninni bæri ekki hvað sízt að líta. Loks ber þess og að gæta, að eins og frumv. nú er orðið, hlýtur stjórnin að álíta það miklu aðgengilegra til staðfestingar en frumv. síðasta þings, því þá var ekki gjört ráð fyrir, að auglýsingin skyldi birt optar en einu sinni í Stjórnartíðindunum, en eptir þessu frv. á að gjöra það þrisvar sinnum, svo að ekki þarf að óttast, að auglýsingin verði ekki almenningi kunn. Jeg vil því ráða h. þingd. til að aðhyllast frumv. h. Ed. óbreytt, en ekki að aðhyllast breyt.till. hæstv. landshöfðingja, enda virðast mjer synjunarástæður stjórnarinnar þannig vaxnar, að þingið geti varla verið þekkt fyrir annað en að halda sama striki, sem síðast.

Benedikt Sveinsson: Jeg ætlaði ekki

að tala eitt orð í þessu máli og skal líka forðast að vekja langar umræður, þó h. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) hafi með ræðu sinni gefið mjer tilefni til þess. Það var eitt atriði í ræðu h. þm., sem gaf þingdeildinni tilefni til að ætla að ástæða hefði verið til að minna mig á lögin frá 16. sept. 1893. Það er ekki til þess að bera blak af hæstv. landsh., að jeg tek til máls; því það er honum innan handar að gjöra sjálfum, ef hann álítur þess þörf, en jeg get fullvissað h. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) um það, að þó jeg hefði lesið lögin 16. sept. 1893 í hvert skipti, eptir að jeg var búinn að lesa morgunbænirnir mínar, þá hefði jeg aldrei getað komizt í skilning um það, að nokkur landsh. hefði getað breytt með valdboðskipan útþýðing minni á þessum lögum, og þar á byggri framkvæmd þeirra frá minni hálfu. Jeg hefði kosið mjer heldur úrskurð dómstólanna — en ekki skilning h. sessunauts míns (Sk. Th.) — áður en jeg fór að framkvæma það, sem hjer stendur í lögunum, á þann hátt, sem hann gefur í skyn að hafi verið lögfull skylda. Gæti hann nú betur að því, hvað lögin sjálf segja. Í 2. gr. laganna stendur: »Áður ár er liðið frá því, að lög þessi öðlast gildi, skulu sýslumenn og bæjarfógetar, hver í sínu lögsagnarumdæmi, innkalla eptir reglum þeim, er venja er til um stefnur til ógildingardóma, handhafa að öllum þeim veðskuldabrjefum fasteigna, sem eru orðin 20 ára gömul, þá er lög þess öðlast gildi, og sem þó finnast óafmáð í afsals- og veðmálabókum lögsagnarumdæmanna, ef álitið verður eptir skýrslum þeim, er fengnar hafa verið frá hlutaðeigendum . . . . . að þau sjeu eigi lengur í gildi«.

Hjer er því engin bein skipun, heldur skipun með skilyrði, eða rjettara sagt skipun bundin mörgum skilyrðum, þannig, að vöntun hvers þess upphefur skipanina. Má jeg nú svo spyrja, að jeg taki aðalskilyrðið, hver átti að skera úr því, hvort veðskuldabrjefin eptir hinum fengnu skýrslum mundu vera í gildi eða ekki? Jeg var lengi að hugsa um, hver gæti verið »subjectið« í þessu orði: »álitið«, og gat ekki fundið annað út, en það væri sýslumennirnir og bæjarfógetarnir, sem ættu að afgjöra þetta spursmál, og með því jeg var nú einn af sýslumönnunum, þá hlaut það að vera jeg sjálfur, og enginn annar í Þingeyjarsýslu, sem bæði gat og átti að gjöra þetta að álitamáli. Hinn fyrverandi kollega minn verður að fyrirgefa mjer, þó mjer detti ekki í hug að spyrja hann, hvern hann álíti að vera subject í »álitið«, og menn verða líka að fyrirgefa, þó jeg spyrji ekki landshöfðingjann að því. Jeg vil nú biðja h. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) að bæta því við ræðu sína, að gjöra þingheimi skiljanlegt, að þessi skilningur minn sje ekki rjettur. Jeg ímynda mjer að hæstv. landsh. hafi álitið, að jeg hefði rjett til að hegða mjer gagnvart þessum lögum, eins og jeg gjörði; það var líka eðlilegt og sjálfsagt, að lögin mishjeldu þetta skilyrði, því að öðrum kosti mundu menn verða að álíta, að þau hefðu verið beint brot á 50. gr. stjórnarskrárinnar, sem lýsir eignarrjettinn friðhelgan og segir, að engan megi skylda til að láta af hendi eign sína, nema almenningsþörf krefji og fullt verð komi fyrir, en undir orðið eignarrjett fellur lögmætur veðrjettur, sem ein grein hans. Jeg skal svo ekki orðlengja þetta frekar, en jeg skal að eins taka það upp aptur, að jeg áleit mig ekki skuldbundinn til að framfylgja þessum lögum, þar sem það stríddi á móti minni skoðun, að rjett væri að

hagga rjetti veðeigenda, úr því í mörgum tilfellum ekki var hægt að útvega skýrslur og nægar sannanir fyrir því, að veðböndin væru horfin eða leyst á lögmætan hátt, enda er enginn hægðarleikur að útvega slíkar skýrslur, þar sem veðeigendur gátu verið komnir til Vesturheims og út um allan heim hingað og þangað; af þessu sjest, að það hefir þá verið af skilningsleysi mínu á þessum lögum, og lögum yfir höfuð, en alls ekki af gleymsku, að jeg ekki framfylgdi lögunum frá 16. sept. 1893 öðruvísi en jeg gjörði. En nú getur h. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) í næði dæmt um með sjálfum sjer, hvort skilningur minn á þessum lögum hefir verið rjettur eða ekki, eða hvor af okkur er ámælisverður, hann fyrir rangan eða jeg fyrir rjettan.

Landshöfðingi: Aðalástæða stjórnarinnar til að álíta birtingu í Stjórnartíðindunum ónóga, var sú, að úr því að ákveðið er í gildandi lögum að birta opinberar auglýsingar í ákveðnu blaði, þá væri eðlilegt og líklegt að fólk leiti slíkra auglýsinga þar, en ekki í stjórnartíðindunum. Því þótti stjórninni ákvæði um birting í stjórnartíðindunum á þessari einu tegund opinberra auglýsinga vera órjettlát gagnvart eigendum 20 ára gamalla veðskuldabrjefa.

Þessi h. deild sýndi það einnig með atkvæðagreiðslu sinni á síðasta þingi, að hún áleit birtingu opinberra auglýsinga í stjórnartíðindunum ekki vera nægilega tryggjandi fyrir almenning, þar sem hún þá felldi frumv. um að birta opinberar auglýsingar í stjórnartíðindunum.

Stjórnin hefir því gert algjörlega rjett í að vilja gæta þess, að rjetti einstakra manna — in casu veðbrjefaeigendanna — sje ekki misboðið með ónægilegri birting þessara auglýsinga. Verð jeg því að halda fast fram breyt.till. minni, svo framarlega sem menn óska að frv. þetta nái staðfestingu.

Skúli Thoroddsen: Landsh. tók fram að þessi þingdeild hefði í fyrra verið mótfallinn því, að allar opinberar auglýsingar væru birtar í Stjórnartíðindunum í staðinn fyrir í öðru sjerstöku blaði. En sú atkvæðagreiðsla er þessu máli óviðkomandi. Þingdeildin getur vel álitið þetta heppilegt í þessu tilfelli, sem er nokkuð sjerstaklegs eðlis, þótt hún annars álíti þann auglýsingamáta ekki vel fallinn fyrir opinberar auglýsingar almennt. Það er allt öðru máli að gegna með proclamata í búum heldur en um þessar veðbrjefainnkallanir, sem ekki eru líklegar til að varða munu eins miklu og skiptainnkallanir.

Ræða h. sessunauts míns var að öllu leyti óþörf. Ræða mín gaf honum ekki neitt tilefni til fyrirlesturs um samband þessara eða annara laga við neina grein stjórnarskrárinnar. Annars er hætt við að sumir kunni að álíta, að varnarræða hans hafi verið vottur um, að hjer var einhverrar varnar þörf. Hann lagði mikla áherzlu á að sýslumenn, eptir lögum þeim, sem um var að ræða, hefðu sjálfir átt að vera einir dómarar um það, hvort innköllunar væri þörf; en hann lagði minni áherzlu á orðin, sem þar komu rjett á eptir; hann las þau svo lágt og fljótlega upp, svo að deildarmenn skyldu ekki taka eptir þeim, nefnil. þessi orð: »eptir skýrslum þeim, sem fram hafa komið frá hlutaðeigendum«. Hefir hann leitað slíkra skýrslna í sinni sýslu? Hafi hann gjört það og samkvæmt þeim komizt að þeirri niðurstöðu, að þar væri ekkert 20 ára gamalt veðbrjef til, þá má hann hafa verið mjög grandvar, að minnsta kosti í samanburði við það, sem hann er stundum í ræðum sínum hjer á þingi.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg vil

taka fram eitt atriði, sem þessu máli er skylt, en ekki er tekið tillit til í þessu frumv. En það er viðvíkjandi varnarþingi í þeim málum, sem hjer er um að ræða, og verð jeg að biðja afsökunar á, að jeg hef ekki vakið máls á þessu atriði fyrri. Málafjöldinn á þinginu gjörir það að verkum, að manni getur skotizt yfir einstök atriði. Jeg vildi leyfa mjer að spyrja hæstv. landsh., hvort nokkuð mundi vera á móti því, að bæta inn í frumv. ákvæði um að heimilt sje að taka mál, sem út af þessu rís, fyrir á skrifstofu þess umdæmis, er hin veðsetta eign liggur í. Með því mætti spara mikil ómök og óþarfan kostnað, sjerstaklega óþörf og dýr ferðalög; jeg fæ ekki sjeð að slík varnarþingsákvæði þurfi að spilla neins manns rjetti. Ef hæstv. landsh. álítur ekki, að það mundi hamla staðfestingu laganna, vil jeg áskilja mjer að koma fram með breytingartill. í þessa átt við 3. umr.

Út af ummælum h. þm. N.-Þing. (B. Sv.) vil jeg taka það skýrt fram, að eptir íslenzkum lögum fyrnast ekki skuldbindingar eða kröfurjettur, þótt 20 ára verði gamalt.

Birtingaraðferðin, sem menn hefir greint á um, virðist mjer vera allt of smásmuglegt atriði til að gjöra að kappsmáli. Kostnaður við birtingar samkvæmt þessu frumv. verður mjög lítill í samanburði við hinn fyrri birtingarkostnað, sem menn hafa hjer fyrir augum. Landssjóður mundi líklega lítið græða á birting þessara auglýsinga í Stjórnartíðindunum, og jeg efast ekkert um, að blað það, sem flytur opinberar auglýsingar, mundi gefa einhvern afslátt á þessum auglýsingum, frá almennu auglýsingaverði, ef um það væri samið. En hitt er svo bersýnilegt, að auglýsing í því er miklu betri trygging fyrir veðskuldabrjefaeigendur, heldur en auglýsing í Stjórnartíðindunum.

Annars hefði jeg heldur óskað, að frumv. þetta hefði verið sniðið alveg eptir þeim lögum fyrir Færeyjar, sem þó auðsjáanlega hafa verið höfð hjer til fyrirmyndar. Í þeim er gefin almenn heimild fyrir amtmenn til að leyfa að slíkar innköllunarstefnur sjeu útgefnar, og þau veita aðgang til, í einstökum tilfellum, að fá eignardóma, sem sjálfsagt væri líka þörf á að fengist hjer á landi.

Benedikt Sveinsson: Jeg skal að eins gjöra þá athugasemd, að þótt jeg væri h. þm. V.-Skf. (Guðl. G.) alveg samdóma um það, að skuldir fyrnast ekki hjer á landi á 20 árum, eða að skuldafyrning yfir höfuð ekki sje til eptir íslenzkum lögum, þá mundi það einmitt styðja mitt mál en ekki veikja, svo jeg sje ekki, hvað unnið á að vera gagnvart mjer með þessari athugasemd h. þm., fyrir ólögfróðum mönnum.

Landshöfðingi: Út af spurning h. þm. V.-Skf. (Guðl. G.) skal jeg taka það fram, að jeg get ekkert sjeð á móti því, að varnarþing í þessum málum megi vera á skrifstofu sýslumanns, þegar ákvörðun um það með berum orðum er sett í lögin, og væri það í engri mótsögn við 53. gr. stjórnarskrárinnar. Ef h. þm. því kemur fram með breytingartill. í þessa átt, þá mun hún alls ekki spilla málinu að neinu í mínum augum.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. við 1. gr. (C. bls. 195) samþ. með 16 samhlj. atkv.

1. gr. þannig breytt samþ. með 17 samhlj. atkv.

2. gr. óbreytt samþ. með 17 shlj. atkv.

3. — —— —— — 17 — —

Fyrirsögn frumv. samþ. án atkv.

Frumv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkvæðum.

Frumv. til laga um nýbýli (C. bls. 186); 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. samþ. með 20 samhlj. atkv.
2. gr. samþ. með 20 samhlj. atkv.
3. — — — 18 —— —
4. — — — 17 —— —
5. — — — 18 —— —
6. — — — 17 —— —
7. — — — 17 —— —
8. — — — 17 —— —
Fyrirsögn frumv. samþ. án atkv.
Málinu vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkvæðum.

Till. til þingsál. um millipinganefnd í fátækra- og sveitarstjórnarmálefnum (C. bls. 173, 192); síðari umr.

Forseti gat þess, að breyt.till. hefði eigi legið nógu lengi frammi, en landsh. væri nú eigi viðstaddur, og væri því eigi auðið að leita samþykkis hans um afbrigði frá þingsköpunum.

Flutningsmaður (*Halldór Daníelsson*): Þar sem menn hafa nú sjeð, að frumv. um líkt efni er nú fram komið í efri deild, þá kann sem stendur að vera nokkuð uggvænt um, hvernig sú h. deild tekur í þetta mál, og gæti því kannske verið tilefni til að íhuga, hvort ekki væri rjettast að setja nefnd í þetta mál.

Sighvatur Árnason: Eins og h. þm. Mýram. (H. D.) tók fram, er nú komið fram í efri deild frumv. um fátækramálefni, og verður þar eflaust sett nefnd í málið.

Jeg tel það nú víst, að h. þingdm. sjeu hlynntir þessu máli og vilji styðja framgang þess á einhvern hátt. En þessi nýja afstaða málsins, sem jeg gat um, gæti nú gefið ástæðu til, að biðloka nú nokkuð við með þessa þingsál.till. sem hjer liggur fyrir, þangað til maður sjer, hverju fram vindur með áminnzt frumv. í efri deild. Mjer finnst því vænlegast að stinga upp á, að nefnd sje nú hjer sett í þetta mál; hún gæti því beðið og sjeð hvað setur með frumv. í efri deild, og líka sett sig í samband við nefndina í efri deildinni, og verið í samráði við hana um framfylging málsins.

Jeg leyfi mjer því, undir þessum kringumstæðum, að stinga upp á 3 manna nefnd í málið.

ATKVÆÐAGR.: Nefnd samþ. með 16 samhlj. atkv. og kosnir:
Sighvatur Árnason með 14 atkv.
Halldór Daníelsson með 8 atkv.
Við endurkosning fengu þeir Bened. Sveinsson og Þórður Guðmundsson 8 atkv. hvor og hlaut Benedikt Sveinsson sæti í nefndinni eptir hlutkesti.
Síðari umr. frestað.

Fjórtándi fundur, föstudag 16. júlí, kl. 12 á hád. Allir á fundi, nema 1. þm. Rangv. (Sighv. Árnason).

Forseti lagði fram:

1. Beiðni frá alþingismönnum Eiríki Gíslasyni og Sig. Gunnarssyni um að alþingi veiti 3000 kr. styrk til endurbóta á sýsluvegum í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.
2. Beiðni frá hreppsnefnd Hörðudalshrepps um, að alþingi veiti styrk til brúargjörðar á Bakkaá í Dalasýslu.
3. Þingmálafundargjörð úr Suður-Múlasýslu (Fáskrúðsfirði).

Frv. til laga um heimild til að ferma og afferma skip á helgidögum þjóðkirkjunnar (C. bls. 192); 2. umr.

ATKVÆÐAGR: Frv.gr. samþ. með 19 atkv. samhlj.

Málinu vísað til 3. umr. með 18 atkv.

Frv til laga um uppreist á æru án konungsúrskurðar (C. bls. 192); 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. frv. samþ. með 19 atkv. samhlj.
2. gr. samþ. með 20 atkv. samhlj.
Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frv. til laga um viðauka við lög nr. 1, 9. jan. 1880 (C. bls. 192, 206); 2. umr.

Flutningsmaður (Þorl. Guðmundsson): Jeg og h. 2. þm. Rangv. (Þórður G.) höfum leyft oss að koma fram með nokkrar breytingartill. (þskj. 100) við þetta litla frumv., er miða til þess að gjöra ákvæði þess nokkru skýrari. 1. br.till. tekur það fram, sem að vísu sýnist geta falizt í sjálfu frumv., að sömu reglur skulu gilda um kosningu varasýslunefndarmanna, sem gilda við kosningu til sýslunefnda. Þessi skýring getur þó að minnsta kosti orðið til þess, að koma í veg fyrir þráttanir um það, eptir hvaða reglum varasýslunefndarmaður skuli kosinn. 2. breyt.till. tekur það fram, að aðalsýslunefndarmaður skuli tilkynna varasýslunefndarmanni forföll sín svo tímanlega, að hann geti sótt sýslunefndarfund. Aptur er það sjálfsagt, að ef sýslunefndarmaður deyr eða segir af sjer, þá tilkynnir sýslumaður varasýslunefndarmanni þetta. Þá er því við bætt, að varasýslunefndarmaður skuli skyldur að taka á móti kosning til hreppsnefndar, því ekki er ávallt svo mörgum í slíkar nefndir að skipa, að vert sje að takmarka tölu þeirra frekar en nauðsyn krefur.

Loks stingum við upp á, að seinasta grein frumvarpsins orðist svo, að lögin öðlist gildi 1. janúar 1898, og er það til þess, að í fyrsta sinn, sem kjósa á til sýslunefnda næsta ár, geti sýslumenn á öllu landinu sett á þingboðið, að kjósa eigi varasýslunefndarmenn.

Jens Pálsson: Úr því enginn tekur til máls, vil jeg biðja um orðið fyrir stutta athugasemd út af orðum, sem fjellu um þetta litla frumv. við fyrstu umræðu þess.

Ein af ástæðum þeim, sem h. 2. þm. Rangv. (Þórður Guðm.) bar fram fyrir nauðsyn þessa máls var sú, að svo gæti að borið, að sýslunefndarmaður gæti beðið töluvert atvinnutjón við að sækja sýslufund. Jeg held hann hafi sagt, að tjónið gæti jafnvel numið 500 kr. Sjálfsagt getur sýslunefndar-fundarsókn riðið í bága við hagsmuni sýslunefndarmanns. En, hvaða ástæða er þetta fyrir því, að nauðsyn sje, að kjósa varasýslunefndarmann. Getur þá ekki hugsazt, að alveg eins geti staðið á fyrir varasýslunefndarmanni? Því finnst mjer ekki hægt að neita, og hvað er þá unnið? Jeg verð að álíta, að þó maður slökkvi einhverju niður við að gæta sinnar borgaralegu skyldu, þá tjái ekki um það að fást. Skyldan sleppir manni ekki, heldur heldur hún manni með sínu helga valdi til að leggja sinn persónulega hag til hliðar.

H. flutningsm. (Þorl. Guðm.) kvaðst vona, að þetta frumv. gæti aldrei gjört neinn skaða. Jeg hefi síðan hugsað um þetta frumv., sem jeg veit, að er borið fram í góðum tilgangi, og hefir mjer fundizt, að það gæti þó leitt til töluverðra vandkvæða, þar eð stefna sýslunefnda í mikilvægum málum gæti raskazt og atkvæðahlutföll snögglega breytzt, er varasýslunefndarmenn sæktu fundi í stað sýslunefndarmanna. Jeg set t. d. að sýslunefndarfundur væri haldinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu á tímabilinu frá nýári til vetrarvertíðar, og þar teknar ákvarðanir um einhverja mikilvæga fjárveitingu, t. d. til gufubátsferða hjer á flóanum. Nú hugsa jeg mjer, að sýslunefndin greiði atkvæði með fjárveitingunni með svo miklum atkvæðafjölda, að halda megi áfram samningum við útgjörðarmann gufubátsins. — Nú kemur svar frá útgjörðarmanni um, að hann vilji ekki taka að sjer ferðirnar nema samningnum verði breytt. Það mál verður því að bera upp í sýslunefndinni, en fundur verður ekki haldinn fyr en á vetrarvertíðinni, og þá mæta varasýslunefndarmennirnir í stað

aðalsýslunefndarmannanna, sem mættu á hinum fundinum. Nú eru varasýslunefndarmennirnir ekki bundnir við atkvæði þau, sem greidd voru á hinum fundinum, og gæti atkvæðagreiðslan því orðið allt önnur á seinni fundinum en hinum fyrri. Jeg skal geta þess að þetta dæmi er ekki gripið úr lausu lopti, heldur er hjer rakin rás viðburða, sem gjörzt hafa í minni sýslu. —

Það er ekkert annað en þetta, sem jeg hefi út á frumv. að setja, en mjer finnst atriði þetta þess vert, að leggja það undir athugun háttv. deildar. — Það getur verið að frv. hafi svo yfirgnæfandi kosti í sjer fólgna, að þessara vandkvæða gæti ekki í samanburði við þá kosti; en jeg vildi þá gjarnan fá að heyra af munni formælenda þessa máls, hverjir þessir yfirgnæfandi kostir eru.

Flutningsmaður (*Þorlákur Guðmundsson*): Það er sjálfsagt sljóskyggni minni að kenna, að jeg bjóst ekki við andmælum gegn þessu frumv., en nú hefir h. þm. Dal. (Jens P.) hreyft nokkrum andmælum. Það er sjálfsagt rjett, að slíkt dæmi, sem hann nefndi, getur komið fyrir. En þó enginn varasýslunefndarmaður væri kosinn, þá gæti slíkt æfinlega komið fyrir allt að einu. — Eitthvert mál er samþykkt á einum fundi, en svo er það sama mál tekið fyrir aptur á öðrum fundi, þá geta einn eða fleiri sýslunefndarmenn verið forfallaðir, og atkvæðagreiðslan fyrir það orðið önnur en hún mundi hafa orðið, ef allir hefðu setið á þessum fundi, sem voru á hinum fyrri. Það getur líka alveg eins komið fyrir, að mál falli af því, að varamann vantar. Því að það kemur opt fyrir, að sýslunefndarmenn mæta ekki á fundum, og eru þess mörg dæmi, að sýslunefndarmenn sækja ekki fundi hjer í Gullbringu- og Kjósarsýslu, eins og h. þm. Dal. (Jens. P.) er vel kunnugt. Hann veit t. d., að opt vantar fulltrúana úr hinum fjarlægustu hreppum, Miðneshreppi og Grindavíkurhreppi. — Það er mikils vert að hafa nýta menn í hverri nefnd sem er, og með því að kjósa varamenn fengi fleiri að reyna sig og sýna sig, og búa sig undir hin þýðingarmeiri störf, sem þeir mundu vilja takast á hendur og verða að takast á hendur eptir þeim borgaralegum skyldum, sem á þeim hvíla, því vaninn gefur lystina.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg get nú reyndar ekki álitið neina stóra rjettarbót í þessu frumv., og álít jeg að málið hefði gjarnan mátt hvíla sig á þessu þingi. En hins vegar virðast mjer ekki ástæður þær, sem komið hafa fram gegn frumv., vera svo gildar, að fyrir þær sje ástæða til að fella frumv., úr því það nú einu sinni er komið fram. Aðalmótbáran gegn frumv. hefir verið sú, að ef varasýslunefndarmenn væru kosnir og mættu á fundum, þá gæti það orðið til þess, að raska stefnufestu og samhengi í störfum sýslunefnda. — Auðvitað getur nú þetta komið fyrir, en þau tilfelli býst jeg þó við að yrðu fá. Það mundi sjaldnast fyrir koma, að aðalnefndarmaður sæti heima, og miklu sjaldnar þó hitt, að varanefndarmaður með tillögum sínum og atkvæði yrði til að valda breytingu á því, sem áður hefði verið ákveðið í nefndinni. Það mundi því að eins koma fyrir, að atkvæðamunur hefði áður verið sárlítill, en það mun helzt eiga sjer stað í málum, sem þá eru eitthvað varhugaverð. Það er því líklegt, að varanefndarmenn mundu ekki geta komið fram stefnubreytingum í sýslunefndarmálum, nema þegar svo stæði á, að breyting hefði orðið á skoðun almennings milli sýslunefndarfunda; en í slíkum tilfellum væri það einmitt heppilegt, að varanefndarmenn gætu breytt stefnunni. T. d. ef framkoma þess sýslunefndarmanns, sem

situr heima, hefir vakið óánægju meðal hreppsbúa, þá er það sannarlega gott, að varanefndarmaður geti komið breytingu á.

Jeg verð að álíta það mjög óeðlilegt að fella þetta frumv., og það því fremur, sem það að einu leyti fer í þá átt, að gjöra fullt samræmi í sveitarstjórnarlögin, nefnilega milli allra liða sveitastjórnarinnar. Liðirnir eru þrír: hreppsnefndir, sýslunefnd og amtsráð. Nú vitum við, að hreppsnefndir eiga að kjósa sjer varaoddvita og sýslunefndir vara-amtsráðsmenn fyrir sýslurnar. — Hvers vegna ættu þá hreppsfjelögin ekki að mega kjósa sjer varasýslunefndarmann? Það er líka fremur óviðkunnanlegt, að, ef sýslunefndarmaður forfallast, skuli enginn maður úr hans hreppi hafa atkvæðisrjett í hans stað. Jeg veit að vísu, að það hefir komið fyrir, að sýslumenn hafa gefið manni úr þeim hrepp, sem sýslunefndarmann vantaði úr, rjett til að greiða atkvæði í hans fjarveru á fundi. Hins vegar veit jeg líka, að slíkt er ólöglegt og getur ekki átt sjer stað nema með samþykki sýslubúa.

Jeg verð að álíta, að varamenn í amtsráð sjeu engu nauðsynlegri en í sýslunefnd. Verkefni sýslunefnda eru vanalega miklu margbrotnari og miklu frumlegri en störf amtsráða, sem enn sem komið er eru lítið annað en yfirskoðun nokkurra reikninga, sem þó eru yfirskoðaðir áður, líta á gjörðir sýslunefnda og samþykkja þær, og fleira, sem að eins er form og ekkert annað, og sem sjaldnast er svo sjerstaklegt fyrir eina sýsluna fremur en aðra, að ekki megi standa á sama, þó fulltrúa vanti. Sem stendur hafa amtsráðin það mest sjer til ágætis, að þau eru betur löguð en nokkur önnur stofnun í landinu til þess að eyða peningum, því í hlutfalli við nytsemina er þessi nýja amtsráðaskipun dýrasta stofnunin í landinu.

Þá ætla jeg enn að taka það fram gegn þeirri mótbáru, að varamenn geti raskað principi sýslunefnda, að jeg held óhætt að fullyrða, að aðalsýslunefndarmennirnir sjeu sjaldan eða aldrei kosnir eptir nokkru ákveðnu principi, bæði af því, að engar ákveðnar stefnur eiga sjer stað í þeim málum, og svo í öðru lagi af því, að sýslunefndarmenn geta samkvæmt sveitarstjórnarlögunum skorað sig undan kosningu í hreppsnefndir, en af því að þar þykir jafn-mikil þörf á nýtum mönnum eða jafnvel meiri, þá verður niðurstaðan ærið opt sú, að sá er ekki kosinn í sýslunefnd, sem bezt er til þess fallinn, heldur sá, sem annaðhvort ekki þarf að taka við hreppsnefndarkosningu, eða sá, sem menn óska ekki eptir að fái þann starfa. Nú liggja hjer fyrir viðaukatillögur, sem allar eru til bóta, og ein er um það, að varasýslunefndarmenn hafi ekki þessa undanþágu, og því má telja alveg sjálfsagt, ef hún kemst inn í frumvarpið og það verður að lögum, að hæfasti maður hreppsins verði þá varamaður, ef hann er ekki aðalmaður.

Þórður Guðmundsson: Jeg verð að segja nokkur orð út af ræðu h. þingm. Dal. (Jens P.). Það hefir verið sagt, að einn sýslunefndarmaður geti bakað sjer 500 kr. tjón við það, að verða að mæta á sýslunefndarfundi, og geti því skyldan til að mæta verið töluvert hapt á atvinnufrelsi manna. En vitaskuld geta varanefndarmenn orðið að bíða alveg sama skaða. Væri því ekkert annað, sem mælti með frumv., skyldi jeg vera samdóma h. þm. Dal. (J. P.) um, að ekki hefði verið næg ástæða til, að koma fram með það.

En við fyrri umræðu þessa máls var

tekin fram önnur ástæða, sú nefnilega, hve opt það getur komið fyrir, að það vanti algerlega einn eða fleiri sýslunefndarmenn á fund, og getur það verið mikið mein. Þetta er einmitt aðalástæðan.

Jeg skal nú fúslega játa, að það dæmi, sem jeg tók, um skaða sýslunefndarmanns við að verða að mæta, hafi verið í hæsta lagi, en mörg dæmi þekki jeg þess, að þessi skyldukvöð hefir bakað mönnum mikinn skaða.

H. þm. Dal. (J. P.) sagði, að það væri ekki meira um þetta starf en svo mörg önnur, sem menn tækjust á hendur; það væri sjálfsögð skylda manna að rækja það; vitanlega er það siðferðisleg skylda, þó að það sje ekki lagaleg skylda beinlínis, og það er einmitt það, sem bakar mönnum tjónið, að geta ekki við þá skyldu losnað, hvernig sem á stendur.

Við það að hafa varamenn, mundi það einmitt vinnast, að af og til kæmu nýir og betri kraptar inn í nefndina. Samanburður h. þm. Strandam. (Guðj. Guðl.) um amtsráðin og varanefndarmenn í þeim var alveg rjettur og á rökum byggður. Um það er jeg honum samdóma. Jeg vona, að h. deild láti frumv. þetta fá framgang.

Flutningsmaður (Þorlákur Guðmundsson): H. þingm. Strand. (Guðj. Guðl.) hefir nú tekið af mjer ómakið, síðan jeg bað um orðið. Jeg átti ekki von á þessari mótspyrnu h. þm. Dal. (J. P.); jeg hafði einmitt búizt við, að hann mundi verða örugg stoð þessa máls hjer í deildinni, þar eð jeg þekkti kringumstæðurnar einmitt í hans hreppi. Þar stendur svo á, að sýslunefndarmaðurinn hefir verið lengi veikur, og það hættulega, og gat því ekki mætt á síðasta aðalfundi, og engin líkindi til, að hann mæti á næsta aðalfundi, og því enginn fyrir þann hrepp; er því enginn til staðar að halda uppi rjettindum þess hrepps, eða til að gefa nauðsynlegar upplýsingar um þau mál, sem sjerstakan kunnugleika útheimta innanhrepps, með því að það getur ætíð verið skaði fyrir sýslunefndir, að fara á mis við góða vinnukrapta á fundum nefndanna.

Jens Pálsson: Jeg heyri að tveir h. þingm. hafa skilið ræðu mína áðan svo, sem væri jeg stækur mótstöðumaður þessa frumv., og furðar mig að þeir h. herrar skuli ekki geta skilið mismuninn á því, að draga fram til íhugunar athugavert og jafnvel varhugavert atriði einhvers máls, eður að ráðast á það yfir höfuð. Jeg verð að álíta það skylt hverjum þingmanni, að benda á það, er honum sýnist varhugavert við hvert mál sem er, og er það allt annað, en að veita því máli árás. Allar afleiðingar sjerhvers frumvarps eiga að verða oss sem ljósastar, áður en vjer greiðum um þau atkvæði, og einkum þær viðsjárverðu. Það var því ástæðulítið, að skoða athugasemd mína sem banatilræði við frumv.

H þm. Strand. (G. Guðl.) hjelt því fram, að ef varanefndarmaður á fundi færi í gagnstæða stefnu við aðalnefndarmann þann, sem hann mætir fyrir, þá hlyti það að vera vottur þess, að hreppsbúar hefðu breytt skoðunum milli funda. En slíkt er mjög út í bláinn talað, því að varanefndarmaðurinn er kosinn á sama tíma, sem aðalnefndarmaðurinn. Auk þess mundi varamaður sjaldnast af því vita, að hann ætti að mæta fyr, en rjett í því að komið er að fundi, og hefði hann þá engan tíma til að fara að halda fund í hreppnum og leita atkvæða hreppsbúa. En auðvitað getur aðalnefndarmaður allt eins leitað slíkra atkvæða, ef tími er til, og er mjer ekki ljóst, hví menn eiga að ætla honum, að hann taki minna

tillit til vilja hreppsbúa sinna, heldur en varamaðurinn. En hvað sem öðru líður, þá verður því ekki með rjettum rökum neitað, að það gæti komið fyrir að varasýslunefndarmennirnir gætu í einstökum tilfellum raskað stefnufestu í ályktunum og framkvæmdum sýslunefndanna.

Guðjón Guðlaugsson: H. þingm. Dal. (J. P.) hefir sjálfsagt misskilið orð mín nokkuð. Mjer datt ekki í hug, að hreppsbúar mundu almennt skipta skoðunum milli hverra funda, og mjer dettur heldur ekki í hug annað en að sýslunefndarmenn mæti sjálfir venjulega á hverjum fundi; jeg geri því ráð fyrir, að það yrði að eins sem undantekning, að varanefndarmaður mæti endrum og sinnum í stað aðalnefndarmanns. En, sem sagt, dæmi það, sem jeg áður tók til, getur komið fyrir: sýslunefnd getur t. d. hafa komið sjer saman um eitthvert atriði, segjum fiskiveiðasamþykkt. Milli funda verður svo málið mikið rætt í hreppnum og verður þá allt annað ofan á en orðið hafði hjá sýslunefndinni. Skyldi þá varanefndarmaður þess hrepps mæta á næsta fundi í sýslunefndinni, þá eru mikil líkindi til, að hann mundi fylgja síðasta straumnum. — Annars eru líkindi til, að þótt hann væri privat annarar skoðunar, heldur en sýslunefndin áður, þá mundi hann ekki halda þeirri skoðun sinni fast fram gegn meiri hluta nefndarinnar, nema því að eins, að hann styddist við eindregið álit hreppsbúa sinna.

ATKV.GR.: 1. gr. frumv. samþykkt með samhljóða 13 atkv.

1. breyt.till. (viðauki) samþykkt með samhljóða 14 atkv.

2. og 3. breyt.till. við 2. gr. samþ. með 14 samhlj. atkv.

2. gr. frumv. við það fallin.

Fyrirsögn frumv. samþ. án atkvæða.

Málinu vísað til 3. umræðu með 15 samhlj. atkv.

Frumvarp til laga um mæling vega (C. bls. 195, 202); 2. umr.

Jón Jónsson, þingm. A.-Skaptf.: Á þingskjali 96 hefi jeg leyft mjer að leggja það til, að í 1. gr. frumv. verði beint tekið fram, hvaða vegamál skuli viðhaft, og sömuleiðis, að íslenzku orðunum »stika« og »röst« verði bætt inn í frumv. hjá útlendu orðunum »meter« og »kílómeter«. Þessi orð »stika« og »röst« eru góð og gild og gömul í málinu, en hafa víst ekki þýtt alveg hið sama alstaðar og á öllum tímum, en nú hafa ýmsir haft þau í þeirri merkingu, sem hjer er við höfð, og hefir mjer því þótt rjett að setja þau á undan hinum, með því að þau eru þægilegri og mýkri í munni en hin útlendu. Með því að gert er ráð fyrir því eptir frumv., að mældir verði líka hreppavegir og sýsluvegir, þá má vera, að einhver vegur verði ekki röst á lengd, og því er orðið »stika« sett inn í breyt.till.

Loks hefi jeg stungið upp á því, að 5. gr. falli burtu, þar sem ákveðið er, að mæling skuli lokið á næstu 3 árum, eptir að lögin öðlast gildi, því það álít jeg of stuttan tíma, meðal annars af því, að hreppavegir eru undirorpnir svo miklum breytingum, og sumir vegir eru alls engir vegir, þótt þeir sjeu kallaðir svo. Slíka vegi álít jeg ekki heppilegt, að flýta sjer að mæla.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg er að nokkru leyti með þessu frumv., en ekki að öllu leyti eins og það liggur fyrir. Jeg held það geti orðið nokkuð dýrt, ef á að fara að mæla alla vegi, sem heyra undir þá vegaflokka, sem nefndir eru í vegalögunum, enda eru ýmsir af hinum svo kölluðu vegum ekki nema nafnið tómt, þar sem margir af þeim

ekki eru annað, en gamlir slóðar. Jeg held að það yrði ærið dýrt, að fara að mæla alla þessa vegi, og að setja upp merki á þeim á vissum stöðum. Þessi mæling yrði þó dálítið kostnaðarminni eptir breytingartillögunni. Jeg vildi helzt ekki, að ákveðið væri, að vegir skyldu mældir fyrr en jafnóðum og þeir yrðu lagðir, því vegirnir geta við lagninguna tekið aðra stefnu, þó nöfnin sjeu hin sömu. Ef leggja ætti veg um Gullbringu- og Kjósarsýslu, frá takmörkum Borgarfjarðarsýslu og suður á Reykjanes, þá gæti stefnan breytzt töluvert frá því, sem vegir liggja nú á þessari leið; auk þess, að það mundi líða hálf öld, áður slíkur vegur yrði lagður til fulls og mældur.

Jeg vildi biðja h. þingd.m. að íþyngja ekki sýslusjóðunum og hreppssjóðunum meira en góðu hófi gegnir með þessum vegamælingum. Það væri að mínu áliti nær, að verja því fje, sem þessar mælingar og metravinnur mundu kosta, til að bæta einhvern vegarspottann á sýslu- og hreppavegum.

Flutningsmaður (*Einar Jónsson*): Jeg fyrir mitt leyti hef ekki neitt á móti breyt till. á þingskj. 96, að því er það snertir, að setja orðin stika og röst í staðinn fyrir hin útlendu nöfn, þ. þessi orð samsvari ekki þýðingunni í útlendu orðunum. Aptur er jeg meira á móti því, að 5. gr. frumv. falli burtu, eins og stungið er upp á á sama þingskjali. Mjer finnst rjett að ákveða, hve nær mælingunni skuli lokið, en það kann að vera rjett, að tímatakmarkið sje of þröngt.

Að því er snertir þá tillögu h. 2. þm. Árn. (Þorl. Guðm.), að mæla heldur vegina jafnóðum og þeir eru lagðir, þá er jeg hræddur um, að vegir yrðu þá seint mældir. Vjer vitum, að vegir, einkum hreppavegir og sýsluvegir, eru lagðir í stúfum, optast fyrst spottar, þar sem mest er þörfin. Ætti svo ekki að mæla veginn, fyrr en hann væri fullgerður, þá hygg jeg, að mælingin kæmist býsna seint á. Ætti frumvarpið að innihalda ákvörðun í þá átt, sýnist mjer, að eins vel mætti sleppa því alveg.

En jeg hef álitið mæling vega nauðsynlega, og því kom jeg með frumv. þetta, og eru ýmsar ástæður til þess, að jeg hygg frumv. þarft. Jeg hefi opt heyrt kvartað yfir því, hve óþægilegt og jafnvel skrælingjalegt það væri, að þekkja nærri engar vegalengdir á landinu, að jeg vil ekki að frestað verði lengi að bæta úr þeirri fáfræði. Auk þess gæti slík vegamæling orðið góð bending við vegalagninguna, svo að menn gætu betur áætlað fyrirfram, hvað sá og sá vegarspotti mundi kosta.

Í 5. gr. frumv. er gjört ráð fyrir því, að undantekning geti átt sjer stað, frá því að vegir verði mældir á 3 árunum næstu eptir að lögin ganga í gildi. Þannig þarf þá ekki að mæla þar, sem menn vita að vegarstefnunni muni verða breytt, enda er engin meining í því, að mæla þar sem vissa er fyrir því, að enginn vegur verði lagður. Mæling veganna fyrir fram gæti líka orðið til góðs, í því tilliti að hvetja menn til að hugsa í tíma um að ákveða vegastefnuna sem hagfeldasta, og þess er vissulega þörf. Jeg hef opt tekið eptir því, um hreppavegina sjer í lagi, að menn gjöra sjer mjög mikinn óhag með því, að verja mestu eða öllu vegafje sínu til að bæta gamla vegi, enda þótt auðsætt sje, að þeir liggi á skökkum stað, í stað þess að ákveða sem fyrst, hvernig hentast muni að láta vegina liggja, og verja svo mestu af vegafjenu til þeirra vega, enda þótt einhverju þurfi máske að verja til þess að halda hinum gömlu vegum færum, meðan hinir verða eigi notaðir. 5. gr. frumv. vil jeg því ekki sleppa, því ákvæði henn-

ar geta menn notað, þegar þeir þykjast hafa sjerstakar ástæður til að fresta mælingunni, t. a. m. þegar eigi er auðvelt að ákveða strax stefnu vegarins.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg vildi að eins gjöra stutta athugasemd, og skal þá taka það fram, að jeg álít, að þetta sje all-þýðingarmikið mál. Jeg er hlynntur því, að mæling vega fari fram í landinu, og það sem allra fyrst, en jeg álít þó varúðarvert að ákveða í áratölu, hve nær þeirri mælingu skuli lokið, sjerstaklega þó að hafa tímatakmarkið of stutt. Mæling vega hefir ekki að eins þýðingu, að því er snertir það að geta sagt vegfarendum rjett til um vegalengdir, heldur er hún og mjög þýðingarmikil fyrir vegalagninguna, þar sem það er þá fyrst mögulegt að gjöra áætlun yfir kostnað við endurbætur á vegum, þegar maður þekkir vegalengdina.

Að því er snertir breyt.till. h. þm. A. Skf. (J. J.), þá vil jeg heldur halda hinum útlendu nöfnum á lengdarmálinu, en að fara að innleiða íslenzk orð, sjerstaklega þegar þau þá alls ekki svara til þýðingar hinna útlendu orða. Þessi útlendu orð »meter« og »kilometer« eru höfð í öllum málum, og finnst mjer því heppilegast að halda þeim einnig hjer.

Loks skal jeg taka það fram, að mjer finnst ekki eiga illa við að vísa þessu máli til samgöngumálanefndarinnar, enda þótt jeg gjöri það ekki að beinni uppástungu minni, að svo stöddu.

Þórður Guðmundsson: Jeg álít, að þetta frumv. feli í sjer nauðsynleg ákvæði að mörgu leyti, þó jeg geti ekki aðhyllzt það að öllu leyti. Hvað nöfnin snertir, þá held jeg ekki svo mikið við þau, sem við efni málsins: nytsemi sjálfs verksins, sem stungið er upp á að vinna. Jeg vil samt ekki að allir vegir verði mældir nú á næstu árum, því að það er mjög óvíst enn þann dag í dag, hvar ýmsir vegir, einkum sýsluvegir og hreppavegir, verða lagðir; einkum af því, að nú er á ýmsum stöðum verið að leggja nýja póstvegi, og stendur til að fara að leggja akbrautir. Þetta getur haft þau áhrif á sýsluvegina og jafnvel hreppavegina, að því fje, sem nú væri varið til að mæla þá, mundi á glæ kastað. Jeg gæti bezt fellt mig við að þessi h. þingd. semdi og samþykkti þingsál.till., þar sem skorað væri á landsstjórnina, að hlutast til um, að jafnóðum og vegir væru lagðir, þá væri þeir mældir og merki sett á þeim.

Jón Jónsson (2. þm. Eyf.): Jeg gæti fallið frá orðinu vegna þess, sem fram er komið, ekki sízt ef það yrði ofan á að skipa nefnd í málið eða vísa því til nefndar; en jeg vil þó gjöra þá stuttu athugasemd, að jeg álít nauðsynlegt, að að 2. töluliðurinn í breyt.till. h. þm. A. Skf. (J. J.) verði samþykktur; því jeg álít, að svo gagngerð mæling vega yrði torveld og gæti vart komizt á, á svo stuttum tíma, sem til er tekið í frumv., enda yrði sú mæling víða algjörlega gagnslaus; því þó jeg ekki nefni nema flutningabrautirnar, þá er enn alveg óákveðið, hvar margar af þeim skuli lagðar, enda þarf til þess mikinn undirbúning. Jeg álít því óhyggilegt að fyrirskipa, að mæling allra vega skuli fram fara á næstu 3 árum eptir að lögin öðlast gildi. Að öðru leyti álít jeg frumv. þetta miða til mikilla bóta, því mæling veganna yrði góður vottur um lifandi menning.

Jón Jónsson (þm. A.-Skf.): Það hafa ekki komið fram mikil mótmæli gegn breyt.till. mínum. Að eins hefir h. þm. V.-Skf. (Guðl. G.) haft á móti íslenzku orðunum, sem jeg hefi stungið upp á að tákna með lengdarmálið. Sjerstaklega mun hann hafa sagt, að orðið »stika«

mundi geta valdið misskilningi. En bæði útlend og innlend orð geta orðið fyrir því að verða misskilin, og jafnvel aflöguð, ef menn skilja þau ekki. Sumstaðar eru líka tvö eða fleiri orð höfð í sömu merkingu bæði hjer og annarstaðar. Þannig er hjá oss sumstaðar haft orðið »fata«, en sumstaðar »skjóla« um sama hlutinn, sumstaðar »vog«, en annarsstaðar »reizla« um hið sama verkfæri. Sjerstaklega skal jeg taka það fram viðvíkjandi þessu útlenda tugamáli, að þar eru mörg orð lík hvert öðru. Í lengdarmálinu er »kilometer«, en í þyngdarmálinu »kilogram«, sem aptur er stytt í »kíló«, af því mönnum er tamara að viðhafa stutt nöfn en löng. Nú gæti svo farið, að alþýða manna hjer á landi tæki upp á því, að stytta vegamálið «kílómeter« einnig í »kíló« eða eitthvað því um líkt, og yrði það heldur leiðinleg afbökun, og gæti valdið verri ruglingi en »stika«. Jeg held að það væri heppilegast að alþýðan hjeldi sjer við íslenzk orð, en viðhefði alls eigi hin útlendu, sem hún skilur ekki, enda væri æskilegt, að lærðir menn vönduðu mál sitt meir en nú tíðkast. Að því er snertir mismunandi þýðingu sömu orða má t. d. benda á orðið »alin«, sem bæði þýðir víst lengdarmál, og vissa upphæð í landaurum. Að öðru leyti skal jeg ekki fara langt út í þetta mál hjer, því hjer er ekki staður til að gjöra miklar málfræðislegar athugasemdir.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg þarf í raun og veru ekki að svara athugasemdum h. þm. A.Skf. (J. J.) að því er snertir orðin »meter« og »kilometer«. Jeg skal að eins geta þess, að það geta ekki liðið mörg ár, þangað til titalnakerfið í mæli og vigt verður innleitt hjer á landi, og þá væri betra að menn hefðu vanið sig á að nota hin útlendu orð, sem alstaðar eru hin sömu, þar sem þetta »system« er innleitt. Að alþýða manna hjer á landi fari að villast á orðunum »kilometer« og »kilogram« = kíló, og fari að mæla vegina í pundum, það er jeg ekki svo ákaflega hræddur um.

Skal jeg svo stinga upp á því, að málinu verði vísað til samgöngumálanefndarinnar.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til samgöngumálanefndarinnar með 12 atkvæðum samhlj.

Frumv. til laga um ráðstafanir til að eyða refum (C. bls. 110, 192); 2. umr.

Flutningsmaður (Guðl. Guðmundsson): Jeg skal að svo stöddu ekki ganga ýtarlega inn á efni málsins; það liggur ekki fyrir nema ein breyt.till., og skal jeg ekki minnast á hana, fyr en höfundur hennar hefir fært rök fyrir henni.

Eins og nefndarálitið ber með sjer, er nefndin yfir höfuð samdóma stjórnarfrv. Breyt.till. nefndarinnar (C. bls. 192) eru því aðallega orðabreytingar, nema sú, er að kostnaðinum lítur. Þessi breyt.till. frá einum h. þm., sem fyrir liggur, kom svo seint fram, að nefndinni hefir ekki gefizt kostur á að ræða hana; en jeg ætla þó, að jeg megi fullyrða, að nefndin geti ekki gengið að henni.

Ólafur Briem: Jeg bjóst ekki við, því, að nefndin gæti aðhyllzt breyt.till. mína (C. bls. 224), sem fer í alveg gagnstæða átt við nefndina.

Breyt.till. mín, hneigist að því, að allur kostnaðurinn við eitrun fyrir refi greiðist úr sýslusjóði, eins og stjórnarfrumvarpið fer fram á. Þótt hjer sje um talsverðan kostnað að ræða, þá álít jeg hann ekki sýslusjóðunum ofvaxinn, og allra sízt ástæðu til að vera að skipta honum á 3 sjóði, eins og ætlazt er til í breytingartillögum nefndarinnar. Ekki

sje jeg heldur neina ástæðu til að vera að ljetta á sýslunefndunum forsjánni fyrir að útvega eiturefni, og fara að fela þetta amtsráðunum á hendur. Þá ákvörðun tel jeg líklega til að verða einungis til tafar, og býst jeg við, að mönnum þyki enginn hægðarauki að þurfa t. d. af Vesturlandi að sækja eitrið til amtmanns í Reykjavík. Að því leyti sem forsetum amtsráðanna væri falið þetta starf, virtist mjer eðlilegra að kostnaðurinn greiddist úr jafnaðarsjóði, heldur en úr landssjóði; en rjettast álít jeg þó, að allur kostnaðurinn væri greiddur úr sýslusjóði, úr því sýslunefndunum er falin framkvæmd á þeim ráðstöfunum, sem hjer að lúta.

Guðjón Guðlaugsson: Við fyrstu umr. þessa máls hafði jeg lítinn tíma til að íhuga frumv. þetta, en var samt kominn að þeirri niðurstöðu, að greiða atkv. á móti því, þótt jeg væri ekki á móti nefnd í málinu. Við nánari íhugun hef jeg síðan sannfærzt betur og betur um, að langrjettast sje að fella frumv. Það má sannarlega álíta, að stjórninni hafi verið mislagðar hendur, þegar hún fór að taka til greina í þessu máli þingsályktun síðasta þings, sem flaustrað var af í vanhugsun og snatri, og að eins var byggð á vilja strjálings manna hjer og hvar á landinu; en hins vegar tók stjórnin ekki til greina þingsályktunartillöguna um sölu þjóðjarða og um erfðafestu, sem nú má fullyrða að sje orðin almennur þjóðvilji um allt land.

Frumv. þetta fer fram á að eyða refum með eitri, rjett eins og ekkert annað ráð væri til; en reynslan hefir þó sýnt, að eitrun er næsta ljelegt ráð til að eyða refum, og meir lagað til að baka einstökum mönnum kostnað en til að varðveita atvinnuveg manna. Ekki er heldur hægt að bera fyrir sig í þessu efni almennan þjóðvilja, því að 9 sýslunefndir hafa lagt á móti, en 8 með slíkum ákvæðum, sem frv. þetta fer fram á. Þetta kalla jeg strjálan þjóðvilja og undarlegt, að stjórnin skyldi taka ástfóstri við þessa þingsályktunartillögu, en ekkert tillit til hinna.

Eitrun refa er, eins og jeg áður um gat, optast nær kák eitt og ónýt til að útrýma þeim. Aptur hefir hún þá ókosti, að hún útilokar talsverða atvinnu ýmsra manna, og drepur niður góða, fagra íþrótt: skotmennskuna; en þá íþrótt ætti landið einmitt að vernda og efla, svo að hún kæmist á hærra stig, og virðist mjer því rjett að heimila að eins 3—4 mönnum í hreppi skotmennsku, og ættu þeir, til þess að geta fengið slíkt leyfi, að verða að sýna vottorð frá hæfum skyttum. Jeg þekki einn mann, sem hefir fengið mikið orð á sig fyrir refaskot og hefir hann opt skotið 4, 5 og allt upp að 20 refi á vetri; eitt sinn, er hann fór til Reykjavíkur til að stunda nám, skaut hann þó þann litla tíma, sem hann var heima, 8 refi og síðustu nóttina 3. Hjá þessum manni var maður að læra handiðn og veitti skyttan honum tilsögn í að skjóta, og varð árangurinn af þeirri tilsögn sá, að þegar hann kom heim í sína sveit, reyndist hann betri en æfðir skotmenn þar. Þá voru menn búnir að bera þar út fyrir refi og gátu engan drepið, en hann skaut 3. Það eru þó miklar tekjur fyrir einn mann að skjóta 20 refi á einum vetri, þar sem fyrir beztu skinn mórauð fást allt að 30 krónum. Slíkir menn virðast mjer nauðsynlegir, og virðist mjer varhugavert fyrir þingið að flana að því að drepa niður arðsaman atvinnuveg og fagra íþrótt, sem miklu fremur ætti að vernda öfluglega með lögum. Jeg ætla mjer hiklaust að greiða atkv. móti frumv. þessu, þó jeg sje svo óheppinn að vera þar á annari skoðun en sýslunefndin í minni sýslu, því jeg sje að

hún hefir verið ein af þessum átta, sem vill fá lög í þessu efni, og byggir þar á sinni reynslu um mjög mikinn árangur af eitran fyrir refi, en sem ekki hafi orðið að notum vegna vanrækslu nágrannasýslnanna; en það get jeg sagt, að bæði hafa eitrunartilraunir sýslubúa minna verið fremur fágætar og svo, þegar þær hafa átt sjer stað, síðan jeg kom þar, 15 ár, hafa þær lítið eða ekkert gagn gjört, en bakað hreppunum mikinn kostnað.

Breyt.till. h. þm. Skagf. (Ó. Br.) er jeg algerlega mótfallinn. Jeg vil vera með skynsamlegum breyt.till., en hans till. er verri heldur en till. nefndarinnar.

Þeim breyt.till. nefndarinnar, sem skylda hvern mann til að taka þennan starfa á hendur og jafnframt færir launin niður í 2 kr., get jeg heldur ekki verið með. Mjer finnst það ósanngjarnt af þinginu að vera allt af að dyngja fleiri og fleiri skyldustörfum á herðar alþýðumanna fyrir allsendis ónógt endurgjald. En yfir höfuð að tala er jeg þó hlynntari nefndinni en breyt.till. h. þm. Skagf. (Ó. Br.).

Eitt verð jeg að taka fram, sem mjer þykir vanta í þetta frumv.; úr því menn eru nú að semja lög um eyðingu refa, þá hefði sannarlega átt að taka hjer upp einhver ákvæði um uppeldi yrðlinga, því að það er margreynt, að yrðlingar, sem aldir eru upp á bæj um og sleppa úr haldi, eru allra refa skæðastir bitvargar á fje manna, enda er það eðlilegt, því þeir eru vandir á það æti. Sýslunefndir hafa reyndar sumstaðar bannað uppeldi refa, nema svo eða svo stórt veð hafi verið sett; Strandamenn láta það varða 50 kr. sekt, ef yrðlingur sleppur úr eldi, að mig minnir. En þetta er með öllu ónógt, eins og gefur að skilja, þótt ein sýsla banni slíkt, ef sýslurnar næstu á báðar hendur leyfa það. Mjer virðist það ætti að setja í lögin almennt forboð um allt land gegn uppeldi tóu-yrðlinga. Jeg get ekkert viðsjárvert í því fundið.

Pjetur Jónsson: Ekki get jeg verið meðmæltur frumv. þessu í heild sinni; mjer virðist það yfir höfuð gagnslítið. Hefði mjer þótt það eðlilegri stefna að hækka verðlaun fyrir refadráp, og það því fremur sem nokkur ágreiningur er um, hver drápsaðferð heppilegust sje.

Hins vegar veit jeg, að sýslunefndir hafa víða með samþykktum gjört allt það í þessu máli, sem nauðsynlegt er, og ætla jeg því frumv. þetta ekki svo nauðsynlegt. Jeg er alveg samdóma þeim, sem hafa haldið því fram, að það sje mjög ískyggileg stefna, sem einlægt kemur fram hjá þinginu, að vera sífellt að demba skyldustörfum á leikmenn fyrir alveg ótilhlýðilega lága smánarborgun, og þetta 2 kr. dagkaup, sem hjer er farið fram á, er ósæmilega lágt og reyndar alls engin borgun. Það geta opt verið atvinnudýrir menn, sem slíkt valdboð er lagt á, og getur það valdið þeim tilfinnanlegu tjóni.

Framsögumaður (Guðlaugur Guðmundsson): Jeg verð að svara fám orðum 1. þm. Skagf. (Ól. Br.); honum þótti óvið feldið að leggja nokkuð af kostnaði þessum úr hreppssjóði; en það er enginn nýr kostnaður, sem hjer er um að ræða. Því samkvæmt nú gildandi lögum hvílir nú sá kostnaður á þeim, að borga fyrir eitrið, eiturmatinn og fyrir flutning hans til eiturstöðvanna. Nefndin sá ekki nægа ástæðu til að ljetta þessum kostnaði öllum af hreppunum, þótt frumv. sjálft fari hjer aðra leið. Þó hefir nefndin lagt til, að losa hreppana við kaup á eitri. Það vakti meðal annars fyrir nefndinni, að ef hreppsnefnd ætti að útvega eiturmatinn og flytja hann til eitrunarstöðvanna, og ætti að gera þetta á kostnað sýslusjóðs,

þá væri hætt við að þetta kynni að verða dýrara heldur en ef hreppssjóður borgaði. Jeg þykist ekki þurfa margar frekari ástæður. Um greiðslu á borgun fyrir eptirlit, dagpeningum o. s. frv., er eiginlega enginn ágreiningur; það greiðir sýslusjóður. Aptur hefir verið ágreiningur um, hver greiða eigi borgun fyrir eitrið; nefndin leggur til að forseti amtsráðsins útvegi eiturefnið; hann gæti, þar sem hann kaupir svo mikið, sjálfsagt fengið það keypt í lyfjabúðunum fyrir miklu minna verð. Forsetar amtsráðanna mundu útvega sjer skýrslu árlega fyrir fram úr sýslunum um það, hve mikils eiturs hver sýsla mundi þarfnast; svo gerir hann lyfsölunum aðvart um, hve mikið þeir þurfi til að hafa. Það er auðvitað ekki tilgangurinn að hann fari að búa um eitrið og senda það út um sýslur, heldur að eins að það verði fáanlegt í lyfjabúðunum, og mundi þá ekki þurfa að borga fyrir það meira en helming eða tvo þriðju af því verði, sem það mundi annars kosta.

Einstakir þm. hafa slegið því fram, að eitrun væri gagnslaus aðferð til að eyða refum; en það er svo fjarri því að þetta sje rjett, að menn hafa einmitt fengið óræka reynslu fyrir því, að eitrun er hin eina örugga aðferð til að eyða refum. Ástæðan til að nokkrir hafa getað komizt á þá skoðun að eitrun væri ónýt, er að eins sú, hve illa og sleitulega eitrunin víða hefir verið framkvæmd.

Það getur sjálfsagt verið álitamál, hvort þennan kostnað ætti fremur að greiða úr landssjóði eða úr jafnaðarsjóði. Mjer fyrir mitt leyti er ekkert kappsmál, hvort heldur er. Nefndin sjer ekki ástæðu til að breyta afstöðu sinni til þessa máls fyrir breyt.till. þá, sem fram er komin.

Alþtíð. B. 1897.

Þm. Strand. (Guðj. G.) var að saka þingd. þessa fyrir flaustur í þessu máli 1895, en jeg verð harðlega að mótmæla því, að þar hafi nokkurt flaustur átt sjer stað. Sami þm. var að tala um að vilji þjóðarinnar væri nokkuð tvístraður í þessu máli; en tvístringin er ekki önnur en sú, að amtsráð vesturamtsins skarst út úr; hin 3 amtsráðin voru aptur öll einhuga á því, að máli þessu skyldi skipað með lögum. Flestar sýslunefndir eru og á eitt sáttar um það, að eitrun sje hin eina aðferð, sem hjer dugi.

Jeg gat ekki betur skilið á orðum h. þm. Strand. (Guðj. Guðl.), en að hann teldi það hina mestu skömm og skaða, að eyða refum í landinu, því að þá skemmdist svo dýrmætur atvinnuvegur fyrir refaskyttur. En ef svo er mikið í varið að ala upp refaskyttur, að tilvinnandi sje að friða refina til skotmarks handa þeim, þá vil jeg spyrja h. þm. (Guðj. Guðl.), hvort honum lítist ekki ráðlegast að gera það að hegningarverðum glæp að granda refum með nokkuru öðru móti en skoti, og það vel að merkja að eins skoti úr byssunni frá einhverjum af þessum einkaleyfisrefaskyttum, sem honum er svo annt um að koma á með lögum?

Ef skotmanns-íþróttin er svona mikils virði, þá er víst bezt að þegja alveg um skaða fjárbænda. Þá er bezt að ljetta af öllum kostnaði til refaeyðingar, og láta skytturnar vera einar um hituna; en hræddur er jeg um að þessi ánægja og íþróttaiðkun skotmannanna yrði nokkuð dýrkeypt þjóðinni.

En í allri alvöru get jeg ekki annað sagt, en að slík aðferð sje helber vitleysa. Ekki fyrir það, allt svo vitlaus þessi aðferð er, þá er slíkt eða annað þessu líkt þó ekki óþekkt hjer á landi; því að hjer hefir verið veittur styrkur

til að klekja út laxi handa friðuðum sel til að jeta; vjer höfum annað dæmið til með brennivínið: til hagnaðar einstökum mönnum veitum vjer þeim leyfi til að selja það, þvert á móti vilja sumra þeirra hjeraða, sem í hlut eiga, og til óbætanlegs tjóns fyrir aðra atvinnuvegi landsins.

Jeg átti sízt von á að h. þm. Strand. (Guðj. G.), svo »þjóðlegur« maður, skyldi gerast talsmaður slíkrar einokunarkreddu, slíkrar einokunar á almenning til hagsmuna einstökum mönnum.

Aptur var ein athugasemd í ræðu h. þm. (Guðj. G.), sem jeg er honum þakklátur fyrir, en það var um uppeldi yrðlinga. Það er full ástæða til að leggja bann fyrir það með lögum, og jeg er fús til eptir bendingu hans, að koma fram með breyt.till. í þá átt við 3. umr.

Menn hafa fundið að því, að frumv. þetta hafi engin ákvæði um að veita verðlaun fyrir refaskot; en frumv. er allt bundið við eina aðferð: eitrunina, af því þar er svo brýn þörf á samvinnu milli allra sýslna í landinu. Nefndin vildi ekki ganga út fyrir þetta og fara að fást við fleira. En frumv. bannar ekki aðrar aðferðir; allar eldri ákvarðanir, svo sem reglugjörðir um grenjaleitir, bogveiði og skot, standa jafnt óbreyttar fyrir þessu frumv. Í mörgum sýslum eru til reglugerðir, sem ákveða verðlaun fyrir refaskot, og er hverri sýslu sem vill heimilt að ákveða slíkt, þrátt fyrir þetta frumv.

Sumir hafa talið frumv. þetta óþarft af því að margar sýslur hafi fríviljuglega tekið upp áþekk ákvæði í reglugerðir; en ástæðan til að nauðsyn er á þessu frumv. er einmitt sú, að slíkar ákvarðanir í reglugerð einnar sýslu getur önnur sýsla við hliðina nálega ónýtt með vanrækt sinni. Það er einmitt tilgangur þessa frumv., að þvinga allar sýslur til að vera með. Jeg skal geta þess, að frumv. auðvitað gerir ráð fyrir, að amtsráðin komi sjer saman um reglur á amtamótum.

Jeg skal að vísu játa, að borgunin, sem frumv. ákveður, er lág: 2 kr. á dag og ferðakostnaður að auki; en hærri er hún þó heldur en borgun sú, er sýslunefndarmenn fá: 2 kr. á dag og engan ferðakostnað. Og ekki skal jeg vera á móti hækkun á borguninni, ef það er almenn ósk, en þess verða menn að gæta, að útgjöld sýslusjóðs hækka að sama skapi.

Tryggvi Gunnarsson: Jeg hef fengið upplýsingar um það, að í sumum sýslum landsins sje farið að taka upp á því, að eitra fyrir refi á þann hátt, að eitrið er látið í lifandi skepnu og hún þannig kvalin til dauða; skal jeg með leyfi h. forseta lesa upp kafla úr brjefi, sem prentaður er í »Dýravininum«, og mjer var skrifaður næstl. vetur. Þar stendur svo: »Jeg vil vekja athygli yðar á grimmdarverki, sem menn hafa nýlega byrjað á hjer í sveitinni. Heilbrigðar skepnur eru sem sje teknar og hellt ofan í þær eitri; síðan eru þær látnar kveljast þar til dauðinn endar kvalirnar eptir 5—10 mínútur. Hjer í sýslu voru 30 kindur drepnar á þennan hátt á næstliðnu ári, og voru þær svo bornar út fyrir refi í febrúarmánuði«. Þar sem h. framsögum. (Guðl. Guðm.) talaði um það, að eitran fyrir refi hefði stundum misheppnazt og tóurnar ekki drepizt af eitrinu, af því að það hefði verið of lint, þá er ekki ólíklegt að fleiri og fleiri taki upp þessa nýju aðferð, því að það er auðsætt, að kjöt skepnunnar verður magneitraðra, ef hún hefir drepizt af eitri, sem náð hefir að berast út um allan skrokkinn með blóðinu, meðan skepnan lifir, heldur en þótt eitrið sje látið í dauðan kindarskrokk. En hörmulegt væri þó til þess að vita, ef menn

færu þannig almennt að kvelja skepnur til dauða; jeg vil leyfa mjer að spyrja h. framsögum. (Guðl. Guðm) sem lögfróðan mann um það, hvort eigi muni vissara að setja beint ákvæði inn í lögin um, að mönnum sje óheimilt að eitra skepnur fyrir refi á þennan hátt. Eða álítur h. frms. að þess þurfi ekki, af því að það heyri undir illa meðferð á skepnum og sje því hegningarvert eptir núgildandi hegningarlögum? Hvert sem svar hans kann að verða, vil jeg þó vekja athygli manna á því, að þessi aðferð hefir þó viðgengizt í heilli sýslu, án þess kunnugt sje, að refsing hafi fyrir komið, svo að öll þörf er þó á því, að reyna að fyrirbyggja slíkar dauðakvalir með lögum.

Þegar h. þm. Strand. (Guðj. G.) hjelt hina löngu tölu sína, þá furðaði mig á því, að hann skyldi eigi koma með till. um, að þeim skyldi verðlaun veitt, sem skytu refi. Jeg álít það einmitt heppilegt, að veita verðlaun fyrir hverja tóu sem skotin er. Samsvarandi aðferð hefir verið beitt í útlöndum, sem hefir gefizt þar vel. Við Bornholm var mikið af sel, sem er skaðlegt rándýr, eins og refirnir; þar var tekið það ráð, að veita talsverð verðlaun af ríkisfje fyrir hvern þann sel, sem skotinn var, svo á þann hátt heppnaðist að eyða honum. Ef eins væri farið hjer að og borguð verðlaun, hverjum sem sýndi skott eða lappir af tóu til sannindamerkis um, að hann hefði drepið hana, þá er jeg viss um, að slíkt mundi mjög stuðla að því að eyða refum. Í ungdæmi mínu voru refir mjög veiddir í boga; jeg vissi um einn mann á Norðurlandi, sem þannig náði 83 tóum á einum vetri. Sú veiðiaðferð ætti sízt að leggjast niður, heldur ganga jafnhliða skotum og eitrun; væri rækilega gengið fram í öllu þessu um land allt, mundi það sannast, að tóum fækkaði brátt. Mjer lýst það heppilegra að eyða refum til að vernda búpening bænda, heldur en að ala þá upp, eins og mjer skilst að h. þm. Strand. (Guðj. G.) vilji, til þess að ala upp og æfa lestaskyttur.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg skal fyrst snúa máli mínu að upphafinu á brtill. h. nefndar; þar segir svo: Eitrun fyrir refi skal fara fram að minnsta kosti tvisvar á ári þar sem refir hafast við. Þar vildi jeg biðja h. nefnd að skýra fyrir mjer, hverjir þessir staðir eru, sem hún telur refi hafast við á. Reyndar má vera, að henni verði skýring þessi nokkuð torveld. En ef það er meiningin að eitra eigi þar, sem gren hafa fundizt eða uppi á fjöllum, þá mun sú eitrun allófullnægjandi, en ef það er meiningin, að eitrunin eigi fram að fara á öllum þeim stöðum, þar sem refir ganga um, þá mun engin vanþörf á því, að setja einhver þau tryggingarákvæði, er varni því, að eitranin verði hundum að meini. Vjer vitum það, að refir halda sig iðulega niður við sjó í fjörum milli bæja, og ef umsjónarmenn eiga að eitra þar fyrir þá, þá finnst mjer nauðsynlegt, að í lögunum standi einhver ákvæði um það, hvernig hundana skuli vernda, því að jeg tel það siðferðislega skyldu þingsins, að semja ekki lög, er miða til þess að eyðileggja eitt af vorum þörfustu húsdýrum.

Fyrir annríki hef jeg ekki haft tíma til að athuga þetta mál nógu rækilega, en jeg er viss um, að ef jeg læsi frv. í góðu næði, mundi ekki finnast í því ein setning, sem ekki væri að einhverju leyti athugaverð; það getur heldur varla verið annars að vænta um frv., sem byggt er á jafn svikulum grundvelli, sem þetta frv. er.

Jeg þarf að svara h. frms. (Guðl. G.) fám orðum, án þess þó að jeg vilji segja

að öll vörn hans fyrir frumv. sje vitleysa, eins og mjer virtist hann telja mótbárur mínar gegn því.

Hann áleit það ekki rjett af mjer, að segja að þingið 1895 hefði flaustrað af tillögunni um þetta mál. Nú sem stendur hef jeg ekki fram að bera varnir nema eptir minni, en h. framsögum. (Guðl. G.) færði ekki heldur sannanir fyrir sínu máli. Jeg man ekki betur en að síðustu daga þingsins dyndi yfir mesta moldviðri af þingsályktunartill., og að sú tillaga, sem hjer ræðir um, væri ein á meðal þeirra; þegar þetta dundi ofan á allt annað, sem þingmenn höfðu um að hugsa, þá má merkilegt vera, ef þeir hafa gefið sjer tíma til að íhuga rækilega allar þær till., sem þeir samþykktu. Það var þessa seinustu daga því líkast, sem sumir h. þingm. vildu láta sjást, að þeir hefðu þó eitthvað látið til sín taka á þinginu; þannig varð maður ofan úr sveit til þess, að flytja inn á þing till. um að byggja stjettina hjerna fyrir utan alþingishúsið, þessa stjett, sem að vísu getur verið góð til að ganga á, en eigi að síður að sumra áliti keypt heldur dýrt, og gat naumast talizt sem eitt af áhuga- og nauðsynjamálum þjóðarinnar.

H. framsögum. (Guðl. G.) kvað eitranir hafa misheppnazt af því, að eitur hefði verið sparað um of, en jeg held það hafi sjaldnast komið af því, heldur af því að dýrin hafi verið svo matvönd, að þau hafi ekki einu sinni þefað af hinu eitraða agni, meira að segja hún getur líka misheppnazt af því, að agnið sje of mikið eiturborið. Afleiðingin af því, að dýrin hrekkjast á slíku agni verður svo sú, að þau verða svo varkár, að þau snerta ekki á nokkru agni, leggja sjer ekki annað til munns en nýja fæðu, og leggjast á fje manna. Það er ekki einhlítt að miða við tölu þeirra dýra, sem farast af eitri, þegar um gagn af eitrun er að ræða, heldur þarf líka að vera vissa fyrir að skaðsemdardýrin láti ginnast af eitrun eins og meinlausu dýrin; en nú hafa veiðimenn það fyrir satt, að þau dýr, sem að eitrinu ganga, sjeu meinlaus, eins og hundar eða kettir, og því alls eigi skaðleg sauðfje bænda, því að þau dýr, sem vön eru að afla sjer lifandi bráðar, ganga eigi að eitruðu agni. Það hefir verið reynt að slátra kind og leggja hana volga fyrir bitvarg, en hann eigi snert við henni. Enn er þess að gæta, að eitur gjörir helzt gagn fyrst í stað, þegar byrjað er að eitra; en ef það er gjört ár eptir ár, þá fara tóur meir og meir að sneiða hjá hinu eitraða agni.

Jeg tók ekki neitt fram í ræðu minni um verðlaun handa refaskyttum. En hitt er rjett, að búast má við að taki fyrir refaveiði með skotum, ef farið er að eitra fyrir refi, en þó ekki af því, að refir sjeu ekki til, — þá væri ekkert um það að tala —, heldur af hinu, að þá hefir refaskyttan ekki lengur gagn af því að bera út agn fyrir refi, og vita þó kunnugir, að slíkt er opt og einatt skilyrði fyrir því, að geta skotið dýr. Jeg er í raun og veru ekki á móti því, að skyttum sje veitt verðlaun fyrir refaskot, en það er ekki til neins að vera að heita þeim verðlaunum, þar sem eitran er viðhöfð. Það mundu vera heppileg verðlaun, að hvít tóuskinn væru keypt af skyttunum fyrir töluvert hærra verð en nú gjörist; með því mundi skyttum gefin hvöt til að að leggja meira kapp á að veiðu hvítar tóur en nú. Jeg hjelt að hver maður með heilbrigðri skynsemi gæti sjeð það, að það þyrfti ekki sjálfsagt að fara saman, að refaskyttum væri útrýmt, og að refum væri útrýmt, enda kaus h. frms. (Guðl. G.) að snúa við setningu minni og gjöra hana að vitleysu einni; honum hefir sjálfsagt þótt hún þægilegri viðfangs

þannig löguð, en eins og jeg setti hana fram, og þá er sízt að furða þótt slíkt svar hefði ekki mikið sannfærandi afl eða hrakningargildi. Ef h. frms. (Guðl. G.) hefði getað sýnt fram á, að eitran væri öruggt ráð til að útrýma refum, þá hefði hann máske með rökum getað sagt, að það væri fásinna af mjer, að láta mjer annt um, að góðar refaskyttur væru til; en nú er jeg sannfærður um, og þykist þegar hafa fært nokkur rök fyrir, að refaeitran getur aldrei orðið nema kák, og að vjer megum helzt vænta liðsinnis af skyttunum við eyðing refa. En það vona jeg að allir sjái, sem um málið hugsa, að refaskot er svo mikið vandaverk, að það þarf að læra það eins og hverja aðra íþrótt, það er ekki nóg að kunna að miða byssunni rjett, veiðimaðurinn þarf að vera gagnkunnugur öllu eðlisfari og háttum dýrsins, ef vel á að vera.

Jeg skil ekki að það, sem jeg sagði, standi í sambandi við eyðing sela; það hefur aldrei verið farið fram á að eyða selum með eitri, heldur einmitt með skotum, og til þess mundi þykja vænlegast, að nóg væri til af góðum selaskyttum.

Jeg hef það fyrir satt, að margar sýslur millibilslaust hafi þegar samið sjer reglugjörðir um eyðing refa með eitri, svipað því sem hjer er gjört ráð fyrir og eptir sem áður eru refirnir þó landplága hjer. Jeg býst við að h. framsögum. (Guðl. G.) muni segja að það komi til af því að reglugjörðunum hafi ekki verið fylgt, en til þess er því að svara, að þessar reglugjörðir, þegar þær eru á komnar, hafa sama gildi og lög væru, svo að ef þær eru brotnar nú, þá má búast við að samsvarandi lög verði fótum troðin.

H. framsögum. (Guðl. G.) gat farið út í öfgar, þótt eigi sneri hann orðum mínum alveg við, og ljeti það í veðri vaka að jeg vildi alls eigi eyða refum; jeg sýndi einmitt hið gagnstæða með því að tala um nauðsynina á refaskyttum, því að það mætti undarlegt sýnast, ef jeg hjeldi henni fram, en setti mig upp á móti því, að refirnir væru skotnir.

Þó að lög þessi komist á og komist í framkvæmd, þá skulu menn eptir 3—4 ár sanna það, sem jeg nú held fram, að þau muni fjarri því að verða einhlít til þess að eyða refunum á Íslandi.

Í mínum hreppi var næstl. vetur eitrað fyrir refi, en rjett áður en jeg lagði af stað hingað suður hafði jeg þó þá ánægju að verða að standa í því stímabraki, að útvega skyttu til að vinna 2 gren. Jeg tek það enn fram, að jeg álít eitrunina að eins tilraun, til að hæna refi að og ala þá upp, en ekki meðal til að eyða þeim og útrýma; hún er að sínu leyti svipuð skotmennsku hjá óvönum og klaufafengnum skotmanni, sem líka þyrfti að tálma.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg hef ekki miklu við að bæta vörn h. framsögum. (Guðl. G.) í máli þessu. Það er einkum h. þm. Strandam. (Guðj. G.), sem hefur andmælt frumv., hann sagði meðal annars, að aðeins 8 sýslur hefðu mælt með því að lög væru samin um þetta efni, en 9 á móti; þetta er ekki nákvæmlega rjett, í raun og veru standa hjer 9 móti 9; því að þótt álit sýslunefndarinnar í Gullbringu- og Kjósarsýslu væri ekki komið, þegar frumv. var samið, þá hefur það komið síðan og þar er sterklega mælt með lagasmíð um þetta efni, en þess er jafnframt að gæta, að 3 amtsráðin hafa mælt með hinu sama, en að eins eitt lagt á móti.

H. þm. (Guðj. G.) kvað þingsályktuninni um þettu mál á síðasta þingi hafa verið flaustrað af í þinglok; það

má því miður að nokkru leyti segja hið sama um fleiri mál, þar sem svo margt verður af hendi að leysa á hinum stutta þingtíma, en þó er það nokkuð þungur áburður á þingið að gefa í skyn að þeir 20 eða 22 þingm., sem samþykktu tillögu þessa, hafi gjört það í hugsunarleysi; h. þingm. Strandam. (Guðj. G.) hefir máske verið sá eini, sem íhugaði hana, og því greitt atkvæði móti henni. Jeg hefði betur getað skilið ræðu h. þingm. (Guðj. G.), ef jeg hefði vitað að hann sjálfur væri refaskytta, og hefði mikla atvinnu við það.

Jeg legg ekki ræður h. þingm (Guðj. G.) þannig út, að hann vilji ekki eyða refum, en jeg held að mótspyrna hans gegn frumv. sje sprottin af því að hann sje ókunnugur eitrun refa, og hafi fyrir þá sök ótrú á henni, eða þá að hann hafi verið svo óheppinn að þeir hafi fengizt við eitrunina, sem ekki hafa verið því starfi vaxnir, þar sem hann er kunnugastur, því að ekki verður því neitað, að þar sem eitrunin fer í handaskolum, þar getur hún orðið til þess að hæna að refi. En með því að fela sýslunefnd á hendur að kjósa þessa menn, þá er meiri trygging fengin fyrir að eitrunin fari fram með kunnáttu og verði að tilætluðum notum, en nú.

Það er hægra að fá 2—4 nýta menn til þessa starfa í heilli sýslu, en að minnsta kosti einn mann í hverjum hrepp. Það getur enginn með rjettu dregið það út úr þessu frumv. að tilgangur þess sje sá, að draga úr því að refir sjeu drepnir á annan veg en með eitri.

Það er jafnaðarlega erfitt að sanna það, hve mörgum refum eitur verður að bana, því að það er sannreynt að þeir skríða optlega inn í holur og urðir, þegar þeir finna að þeir hafa fengið í sig eiturefnið, og láta þar fyrir berast, þangað til það ríður þeim að fullu; en það liggur í augum uppi að menn muni sjaldnast verða varir við þær tóur, sem bíða bana af eitri í urðarholum.

Það mætti annars segja margt um þetta mál, því að það er í raun og veru stórmál; það er stórmál að vjer skulum ekki frá því landið byggðist hafa haft þá mannrænu í oss að eyða hinu eina óarga dýri hjer á landi; það sýnir eitt með öðru, hve langt vjer stöndum á baki öðrum þjóðum.

Nú eru þó liðin 500 ár síðan hinn síðasti refur var drepinn á Englandi, og 1770 var hinn síðasti úlfur drepinn á Jótlandi. Þetta eru Danir á undan oss í þessu efni.

Jeg vil segja að ástæða væri til að halda þjóðhátíð um land allt, þegar hinn síðasti refur yrði af dögum ráðinn á Íslandi.

Jeg get vel verið með því, að verðlaun væru veitt fyrir eyðing refa á annan hátt en með eitri. Það eru meira en hundrað ár síðan einvaldsstjórnin úti í Danmörku veitti verðlaun fyrir eyðing refa á Íslandi, og þá væru framfarirnar litlar, ef þjóðin sjálf vildi nú ekki gjöra hið sama, og jeg mundi fús á að styðja breyt.till. í þá átt, ef hún kæmi fram við frumv. Það væri sannlega íhugavert tímans tákn, að einvaldsstjórn, fjarlæg landi voru og lítt kunnug þörfum þess, varð þó til þess að veita fje til þess að drepa refi á Íslandi, en svo skyldum vjer, sem þó ættum miklu betur að þekkja, hvílíkt þarfamál hjer er um að ræða, svo skyldum vjer, segi jeg, engu vilja til þess kosta af opinberu fje, og ekki vilja gjöra allt sem í voru valdi stendur, til þess að hrinda máli þessu á rjetta leið.

Framsögumaður (Guðlaugur Guðmundsson): Jeg finn ekki ástæðu til að svara langort. H. 1. þm. Árn. (Tr. G.) var að tala um þegar lifandi skepnum væri

gefið eitur til að láta þær drepast af, og brúkað svo kjöt þeirra til að egna fyrir refi. Jeg skal segja það eitt um þetta, að það mundi í langflestum tilfellum koma inn undir ákvæði hegningarlaganna. Auðvitað getur verið öðru máli að gegna, ef skepnan er skotin undir eins og á henni sjest.

Svo hafa ýmsir talað mikið um verðlaun fyrir refadráp. Jeg hef áður bent á, að lög þessi gera enga breyting á heimild, hvorki sýslunefnda nje nokkurra annara valda, til að heita verðlaunum fyrir refadráp. Netndin íhugaði þetta mál vandlega, en áleit það ekki heyra inn í þetta frumv., sem eingöngu heldur sjer við eitrunina. Auk þess er heldur ekki vandalaust að semja ákvarðanir um verðlaun, sem ekki verða misbrúkaðar. Það er auðvitað opt ekki svo torvelt, að ná skotti af tóu, þótt hún hafi ekki verið skotin.

Eina aðferð til refadráps mætti vel á minnast, sem ekki hefir verið nefnd hjer í dag, en það er að ala upp dýrhunda; sú aðferð hefir opt gefizt mæta vel.

H. þingm. Strand. (Guðj. G.) fór að finna sjerstaklega að 1. málsgrein 1. greinar, og þótti honum það mjög óheppilega orðað, að bjóða að »eitra þar sem refir hafast við«. Mig furðar nú reyndar ekki svo mikið á þessari útásetningu h. þm. Strand. (Guðj. Guðl.), því að eptir þeim skoðunum, sem hann hefir í ljósi látið á þessu máli, þá vildi hann sjálfsagt helzt láta eitra þar, sem refir hafast ekki við. Útásetningar af þessu tagi má sjálfsagt gera margar og margháttaðar á hverja grein frumv., og vil jeg ráða h. þingm. til að koma þeim öllum í form sem breyt.till. við 3. umr.

Nefndinni er fullljóst, að hundum geti verið hætta búin af eitrun fyrir refi, en hún gerði ráð fyrir, að yfirvöldin mundu setja þar sjerstakar varúðarreglur til að fyrirbyggja, að eitrun verði öðrum dýrum að skaða.

Þar sem því hefir verið slegið fram, að allt mætti gera með reglugerðum í þessu efni, svo að lög væru óþörf, þá hef jeg áður tekið það fram, að með reglugerðum vinnst engin trygging fyrir samvinnu meðal sýslufjelaganna. *(Guðjón Guðlaugsson*: Sama er með verðlaunaákvæðin í reglugerðunum). Nei, það er allt annað mál; til verðlaunaaðferðarinnar þarf eðlilega enga samvinnu.

Sami h. þingm. ljet það í ljósi, að refaeyðing væri engin þjóðarnauðsyn. Jeg skal svara því einu, að benda á, að Skaptafellssýsla ein ver allt að 500 kr. á ári til refaeyðingar, og þrátt fyrir það gera þó refir þar mikinn skaða enn; einn bóndi sannaði mjer núna í vor, að hann hafði beðið meira en 50 kr. skaða þetta ár af dýrbiti. Skaðinn af refum yfir land allt er blátt áfram ómetanlegur til peningaverðs.

En að refum megi eyða með eitrun er margreynt. Jeg skal taka til dæmis eitt byggðarlag með hjer um bil 100 búendum (Mýrdalinn); þar hefir refum tvívegis verið algerlega útrýmt, og hafa svo liðið allmörg ár á milli áður en þeir komu aptur; en samt komu refir þar aptur síðar og þeim fjölgaði þrátt fyrir það að beztu skotmenn voru í sveitinni. Milli Mýrdalssands og Skeiðarársands hefir og opt tekizt að fækka refum, svo að legið hefir við útrýmingu; en svo hefir aptur verið slegið slöku við sum árin, og þá hafa þeir fjölgað á ný; það getur enginn efað, sem nokkra reynslu hefir í þessu efni, að eitrun er lang-öflugasta ráðið til að eyða refum.

Björn Sigfússon: Mikið af hinum löngu ræðum h. þm. Strand. (Guðj. G.) hefir verið byggt á tómum misskilningi á því, hvað fyrir liggur í þessu máli.

Í raun og veru er hjer um ekkert nýmæli að ræða, að því leyti, sem frumv. hljóðar um eitrun fyrir refi. Eitranir eru fyrirskipaðar um allt land; en gallinn er sá, að eptirlit og samband milli landshlutanna hefir vantað, svo að þær hafa farið á mis við, að ná tilgangi sínum. Það er að eins tvennt í þessu frumv., sem má heita nýtt, fyrst ákvarðanirnar, sem miða til að koma á fullu samræmi um allt landið; og í öðru lagi ákvarðanirnar um, að skerpa eptirlitið, sem hingað til hefir verið helzt til slælegt. Þetta hvorttveggja á frumvarpið að tryggja. Hitt gat ekki verið tilgangur þessa frumv., að koma með tæmandi ákvarðanir um það, sem reglugjörðunum er ætlað að tiltaka.

Eitt með mörgu öðru, sem mig furðaði á hjá h. þm. Strand. (Guðj. Guðl.), var það, er hann sagði, að eitranir væru yfirleitt að eins til spillingar. Ef það er alvara þingm., því ber hann þá ekki upp frumv. um að banna algerlega allar eitranir fyrir refi á Íslandi? Það væri þó eðlileg afleiðing af þessari skoðun hans.

ATKV.GR.: Breyt.till. nefndarinnar við 1. gr. samþ. með 12 samhlj. atkv.;

1. gr. frumv. þar með fallin.

Breyt.till. nefndarinnar við 2. gr. samþ. með 13 samhlj. atkv.

2. gr. frv. þar með fallin.

Breyt.till. Ól. Br. (C. bls. 224) við breyt.till. nefndarinnar við 3. gr. samþ. með nafnakalli með 12 : 10 atkv., og sögðu

já:	*nei:*
Klemens Jónsson,	Einar Jónsson,
Halldór Daníelss.,	Benedikt Sveinsson,
Jens Pálsson,	Björn Sigfússon,
Jón Jensson,	Eiríkur Gíslason,
J. Jónss., þm. Eyf.,	Guðj. Guðlaugsson.,
Jón Þórarinsson,	Guðl. Guðmundss.,
Ólafur Briem,	J. J., þm. A.-Skaptf.,
Sigurður Gunnarss.,	Pjetur Jónsson,
Tr. Gunnarsson,	Skúli Thoroddsen,
Valtýr Guðmundss.,	Þorl. Guðmundss.
Þórður Guðmundss.,	
Þórður Thoroddsen.	

3. gr. frv. þannig breytt felld með 12 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Einar Jónsson,	Klemens Jónsson,
Guðj. Guðlaugsson,	Benidikt Sveinsson,
Jón Jensson,	Björn Sigfússon,
Jón Þórarinsson,	Eiríkur Gíslason,
Ólafur Briem,	Guðl. Guðmundss.,
Pjetur Jónsson,	Halld. Daníelsson,
Sig. Gunnarsson,	Jens Pálsson,
Tr. Gunnarsson,	J. J., þm. A. Skaptf.,
Valtýr Guðmundss.,	Jón Jónss., þm. Eyf.,
Þórður Guðmundss.	Skúli Thoroddsen,
	Þórður Thoroddsen,
	Þorl. Guðmundsson.

Breyt.till. nefndarinnar við 4. gr. samþ. með 14 samhlj. atkv.

Viðaukatill. nefnd. við 4. gr. samþ. með 13 samhlj. atkv.

Frumv. 4. gr. þannig breytt samþ. með 13 samhlj. atkv.

Breyt till. nefnd. við 5. gr. samþykkt með 12 samhlj. atkv.

5. gr. frv. fallin við það.

Breyt.till. nefnd. við 6. gr. samþ. með 15 samhlj. atkv.

Frumv. 6. gr. svo breytt samþ. með 14 samhlj. atkv.

Frumv. vísað til 3. umr. með 13 : 7 atkv.

Frumv. til laga um þóknun handa forstjórum og sýslunarmönnum Söfnunarsjóðs Íslands (C. bls. 187); 1. umr.

Flutningsmaður (*Jón Jensson*): Það þarf væntanlega ekki að verða langrætt um þetta mál. Í lögum um Söfnudarsjóð Íslands 10. febr. 1888 er svo

ákveðið, að síðar megi ákveða með lögum nokkra þóknun fyrir störfin við þennan sjóð, þegar sjóðurinn sje fær um, að bera þann kostnað. Störf sjóðsins eru nú orðin svo mikil, að ekki verður lengur með sanngirni til ætlazt, að annríkismestu starfsmenn hans, svo sem bókari og gjaldkeri, vinni nú lengur störf sín kauplaust. Þeir hafa nú unnið kauplaust í 10 ár og er það nógu lengi. Það er eptir samráði við stjórn sjóðsins, að jeg ber þetta frumv. fram. Upphaflega var það tilgangur okkar, að fara að eins fram á þóknun til bókara, gjaldkera og endurskoðara. En úr því farið var að búa til lög á annað borð, þótti rjett að nota tækifærið til að fá jafnframt heimild til að veita síðar framkvæmdarstjóra og gæzlustjórum nokkra þóknun, og þótti næg trygging í því fólgin, að binda þetta við samþykki landshöfðingja og upphæðina við tiltekið hlutfall við tekjur sjóðsins, er ganga eiga til kostnaðar og varasjóðs. Annars er ekki tilgangurinn að beita þeirri heimild nú þegar. Um ástæður sjóðsins get jeg gefið þá upplýsingu, að hann hefir meira en hundraðfaldazt nú á 10 árum. 1888 var hann að upphæð 1230 kr.; 31. desember 1895 var upphæð hans orðin 126,000 kr.; upphæð varasjóðsins var 1888: 28 kr.; nú nemur hún á 4. þúsund króna. Tekjur til kostnaðar og varasjóðs hafa hin síðustu ár numið 7—800 kr. árlega. Þóknanir þær, sem nú er farið fram á, nema samtals 250 kr. árlega eða tæplega $^1/_3$ af tekjum varasjóðs, eins og þær eru nú. En tekjur varasjóðs fara mjög vaxandi árlega, og getur varasjóðurinn því vaxið óhindrað fyrir því, þó að þetta frumv. verði að lögum.

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. með öllum samhlj. atkv.

Frumv. til laga um brýrnar á Skjálfandafljóti og Laxá í Þingeyjarsýslu (C. bls. 198); 1. umr.

Flutningsmaður (*Benedikt Sveinsson*): Það er hvorttveggja, að umræður hafa orðið nokkuð langar í dag, enda skal jeg ekki fjölyrða um mál þetta og sízt að þessu sinni; þetta gjöri jeg því síður, sem jeg get fullkomlega gjört mig ánægðan með að skírskota til hinna almennu athugasemda minna um það, er jeg bar fram, þegar verið var að ræða um brúargjörð á Jökulsá í Axarfirði hjer í deildinni. Jeg skal að eins leyfa mjer að bera fram þá uppástungu, að máli þessu verði vísað til fjárlaganefndarinnar, af því að frumv. hefir ekki annað inni að halda en bein fjárhagsatriði, atriði, sem að öðru leyti er þegar samþykkt af hinni háttvirtu neðri deild með lögum frá 1891.

ATKV.GR.: Frumv. vísað til fjárlaganefndarinnar með 15 samhlj. atkv., og 1. umr. frestað.

Fimmtándi fundur, laugardag, 17. júlí kl. 12 á hád. Allir á fund nema Guðjón Guðlaugsson og Pjetur Jónsson, er báðir höfðu tjáð forföll.

Forseti gat þess, að til sín væri komið og yrði lagt fram á lestrarsalinn:

1. Bænarskrá frá Jóni söðlasmið í Hlíðarendakoti um styrk til að leita að Stórasjó.
2. Áskoranir um samþykktarlög um áfengissölu.

Frumv. til laga um stækkun verzlunarlóðar á Eskifirði (C. bls. 195); 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþykkt umræðulaust með 17 samhlj. atkv. og vísað til 3. umr. í einu hljóði.

Frumv. til laga um undirbúning verðlagsskrár (C. bls. 184); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþykkt umræðulaust með 14 samhlj. atkv. og afgreitt til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Frumv. til laga um sjerstaka heimild til að afmá veðskuldbindingar úr veðmálabókunum (C. bls. 206, 224); 3. umr.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg þarf ekki að gera langa grein fyrir þessari breyt.till.; hún er gerð til þess að spara auglýsingakostnað og óþarfa fyrirhöfn og ferðalög.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. (C. bls. 224) samþykkt með 18 samhlj. atkv.

Frumv. með áorðinni breytingu samþ. með 15 samhlj. atkv. og endursent efri deild.

Frumv. til laga um nýbýli (C. bls. 186); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþykkt umræðulaust með 17 samhlj. atkv. og afgreitt til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Frumv. til laga um aðgreining holdsveikra frá öðrum mönnum o. s. frv. (C. bls. 200); frh. 1. umr.

Framsögumaður (*Þórður Thoroddsen*): Nefndin, sem kosin var til að íhuga spítalamálið, hefir nú afgreitt aptur til deildarinnar þetta frumv.; en orsökin til að þetta frumv. kemur nú fram á undan hinu, um útbúnað og ársútgjöld spítala handa holdsveikum, er sú, að það frumv. getur nefndin eigi fullrætt að sinni, með því að enn er ókominn sá maður, sem ráðgert er að sendur verði hingað til lands frá Odd-Fellow reglunni til þess að semja við þingið um spítalastæðið og fleira þar að lútandi. En þetta frumv., sem hjer liggur fyrir, er þess eðlis, að það má vel ræða það og samþykkja út af fyrir sig, ef spítalinn annars verður reistur, sem ekki þarf að efa.

Það má heita að frumv. stjórnarinnar komi óbreytt frá nefndinni að efni til, og hefir hún að eins komið fram með fáeinar óverulegar breytingar, sem mest eru orðabreytingar. Nefndin álítur ákvæði frumv. heppileg yfir höfuð. Jeg skal geta þess, að dálítill ágreiningur varð um það í nefndinni, hvort veita skyldi holdsveikum mönnum ókeypis veru á spítalanum eða ekki. Stjórnarfrumv. gerir ráð fyrir dálítilli borgun með þeim holdsveiku, sem inn verða lagðir, frá sveitarfjelögunum. Í Noregi er öllum veitt ókeypis vera á spítölunum. Sumir nefndarmenn vildu láta veruna vera ókeypis, en hitt varð þó ofan á, að heimta dálítið meðlag; en meðlag það, sem nefndin hefir farið fram á, er svo lítið (fer aldrei fram úr 75 kr. árlega), að það er engin frágangssök fyrir sveitirnar að leggja holdsveika á spítala, og ætti því ekki að hafa fráfælandi áhrif. Annars er satt að segja margt, sem mælir með því, að holdsveikum væri veitt spítalavistin ókeypis, því að rjettu lagi eiga holdsveikir menn svo mikið fje inni í landssjóði, að vextirnir af því hrykkju nálega til að borga öll útgjöldin. Samkvæmt skýrslu landsh. 31. desembr. 1873 var innstæðufje læknasjóðsins 70,276 rd. = 140,552 kr.; 31. desembr. 1898 væri sá sjóður orðinn með rentum og renturentum um 370,000 kr. Auk þessa átti sjóðurinn 31. des. 1873 jarðir og nam afgjald þeirra um 900 kr. á ári. Hefði nú afgjald þetta verið lagt í sjóð á ári hverju og látið ávaxtast, væri það orðið 31. des. 1898 um 23,000 kr. Þá má reikna holdsveikum spítalagjaldið, sem goldið var í landssjóð í 10 ár eða árin 1872—82; má ætla það 6000 kr. á ári; verður það um 62,000 kr

Af þessum lauslega reikningi má sjá, að hinir holdsveiku mundu eiga um það leyti að spítalinn er reistur, sem ráðgert er að verða muni í árslok 1898 — um 456 þús. krónur innistandandi í landssjóði, auk jarðanna. Ársvexti af þessari upphæð má telja um 18 þús. krónur.

Frumv. ráðgerir nú að ársútgjöld spítalans verði 20,000 krónur; sje þar frádregnar um 3000 krónur í meðlag frá holdsveikum mönnum, sem gert er ráð fyrir, þá yrði það, sem eptir er af kostnaðinum og borga þyrfti úr landssjóði, 17,000 kr. árlega. En verði nú meðlögin með holdsveikum færð niður frá því, sem í frumv. segir, er líklega nóg að gera þau 2000 kr., og yrði þá árskostnaðurinn einmitt 18,000 kr. Og þó að landssjóður kostaði nú þessari upphæð árlega, þá væri það fremur gjald en gjöf til holdsveikra af hans hendi.

Jens Pálsson: Það, sem jeg að ætlaði að segja, voru að eins nokkur orð um það atriði, hvort sjúklingarnir eigi að fá frívist á spítalanum eða borga fyrir sig. Jeg verð nú að segja, að mjer þykir mjög óviðkunnanlegt að þeir þurfi nokkurn skapaðan hlut að borga. Þegar þess er gætt, að holdsveikir menn eiga sanngjarnt tilkall til stórfjár úr landssjóði, svo mikils, að ársvextir af því næmu nú 18,000 kr. ef þeir fengju sitt, — og þess er einnig gætt, að oss er gefinn spítalinn, — og þess er ennfremur gætt að þessir aumingjar eru flestallir allslausir, ófærir til að vinna fyrir sjer og orðnir byrði þjóðfjelagsins, þá hljóta allir að játa, að það sje óviðurkvæmilegt, að þeir geti eigi fengið ókeypis hæli og hjúkrun á þessari stofnun.

Sumir kynnu að segja, að þegar holdsveikur maður á efni, þá sje líka rjett að hann borgi fyrir sig; en bæði munu þeir nú fáir af þeim, sem nokkur efni hafa, og ýmsir þeirra fjölskyldumenn eða heimilisfeður, sem eiga konu og börn. En konur og börn þessara vesalinga eru sannarlega nógu aumkvunarverð, og verða nógu hart úti samt, þar sem þau standa uppi umkomulausir einstaklingar, þótt eigi sjeu þau eignum rúin í tilbót. Jeg kýs því að sjúklingarnir fái allt frítt. Þeir ættu að hafa forgangsrjett að spítalanum, sem læknar skipa, að skuli á spítala vera. Næst þeim skyldu hafa aðgang holdsveikir þurfamenn, sem á sveit eru, og þá aðrir út í frá, eptir því sem rúm vinnst til, hver eptir efnum og ástæðum. Hitt, að vera að taka efni þeirra í meðlag með þeim, finnst mjer svo smásálarleg og lítilsigld hugsun, að jeg get eigi fellt mig við slíkt.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. í einu hljóði.

Frumv. til laga um bólusetningar (C. bls. 198); frh. 1. umr.

Framsögumaður (*Þórður Thoroddsen*): Aðalbreytingin, er þetta stjórnarfrumv. gerir frá því sem nú er, er sú, að það ljettir alveg af prestunum bólusetningarstarfinu. Tilefni frv. var áskorun til stjórnarinnar frá læknafundinum, sem haldinn var hjer í fyrra, um að endurskoða bólusetningarlögin. Eins og sjá má á ástæðum stjórnarinnar fyrir frv. þessu, vildi læknafundurinn láta bólusetja optar en einu sinni á æfinni; fyrsta sinni vildi hann láta bólusetja börn innan 5 ára, og svo tvívegis síðar. Stjórnin hefir þó ekki getað tekið þessar tillögur algjörlega til greina, að því er sjeð verður af þeirri ástæðu, að endurbólusetning er ekki lögboðin í Danmörku. Nefndinni hefir þó sýnzt rjettara, að fylgja hjer dæmum annara síð-

aðra þjóða, og viljað gjöra tillögu um endurbólusetning einu sinni á æfinni. Vona jeg að deildin finni till. nefndarinnar á rökum byggðar.

Jens Pálsson: Eins og h. framsögum. tók fram, er með frumv. þessu ljett einu skylduverki af prestum, nfl. bólusetningunni; en um leið eru þeir og sviptir rjettindum til að fá borgun fyrir bólusetningu. Þetta var auðvitað ekki stórt gjald, en þó notasælt, þar sem það var greitt í peningum, sem kom prestum mjög vel, þar eð þeim greiðast nálega allar tekjur í landaurum.

En mjer þykir undarlegt, úr því farið var að ljetta af prestum skyldum, og svipta þá rjettindum, að það skyldi þá ekki vera ljett algerlega af þeim öllu umstangi við þessar bólusetningar. En eptir þessu frumv. eru þeim eptirskilin einmitt hvimleiðustu verkin. Þeir eiga nefnil. á húsvitjunarferðum sínum að líta eptir, að börn öll á bólusetningaraldri sjeu bólusett, og finni þeir nokkurn misbrest á því, þá eiga þeir að kæra foreldrana eða húsbændurna. Jeg verð nú að segja, að prestar hafa nóg annað að gera á húsvitjunarferðum sínum en þessar njósnir og kærur, sem þar að auki eru hvimleitt verk og ekki þægileg fyrir prestinn eptir eðli sínu. Þar sem sekt liggur við vanrækslu bólusetningar, má ráð fyrir gera, að prestinum, þegar svo ber undir, verði ekki skýrt rjett frá; en fari hann að hnýsast fast eptir, þá er honum þar með falið það njósnarstarf, sem betur ætti við að leggja öðrum á herðar en prestum.

Að gjöra bólusetning að fermingarskilyrði, er að vísu mjög óeðlilegt, því fermingarskilyrði ættu auðvitað engin að vera önnur en þekking á kristindómi, kristileg lífsskoðun eða trú, og gott siðferði.

Ekki skal jeg þó beinlínis mæla á móti því, að prestar hafi eptirlit með bólusetning barna, þegar þeir búa þau undir fermingu, svo óskylt efni sem bólusetning er því starfi þeirra. Það er og auðveldara að koma eptirlitinu við þá, enda eðlilegt, að hið opinbera verði að fá vissu sína um þetta efni einhvern tíma og á einhvern hátt. Jeg vona svo góðs til h. þingd., að hún fallist á breyt.till. í þessa átt, sem jeg mun bera fram við 2. umr.

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. í einu hljóði.

Frumv. til laga um flutningsgjald á smjörlíki (C. bls. 206); 1. umr.

Flutningsmaður (Tryggvi Gunnarsson): Það er stutt, þetta frumv. sem hjer liggur fyrir, að eins 3 línur, en í raun og veru liggur meira í því en í fljótu bragði verður lesið út úr þessum fáu línum. Jeg vil ekki segja, að það sje svo mikil landsnauðsyn, að afla landssjóði nokkra 1000 króna tekjuauka, með því að leggja fárra aura toll á hvert pund af smjörlíki, sem innflutt er. Þó það væri gott fyrir landssjóðinn, þá liggur hjer annað miklu þýðingarmeira atriði bak við. Spurningin er hjer í raun og veru um það, hvort byrja skuli á þeirri stefnu, að leggja toll á vissar innfluttar útlendar vörutegundir, til þess að verndа með því afurðir lands vors. Spursmál um sama efni hefir orðið hið mesta kappsmál og þrætuepli á þingum stórþjóðanna. Vjer þekkjum hver niðurstaðan hefir orðið í Ameríku, þar sem nú hvílir hár verndartollur á fjölda vörutegunda, Íslandi til mikils meins, einkum hvað ullina snertir.

Hjá Svíum var fyrir nokkrum árum mikið þjark um það, hvort leggja skyldi toll á innflutt korn, og víðar og víðar mætti nefna dæmi þess, hvernig þjóðirnar reyna að auka afurðir landa sinna og vernda þær með tollum og ýmsum hlunnindum; enn er engan veginn sjeð

fyrir endann á því, hve langt aðrar þjóðir muni halda í verndunaráttina.

Eins og eðlilegt var, voru íbúar stórbæjanna í Svíþjóð gegn áðurnefndum innflutningstolli á kornvöru, því að óhagur var fyrir þá, að hann kæmist á, en gróði fyrir sveitabúa. Eins má búast við að hjer verði; smjörtollur mundi verða til hagnaðar fyrir sveitabændur, en til nokkurra útgjalda fyrir sjávarbændur, að minnsta kosti í fljótu bragði skoðað. En hjer er þó svo margt að athuga, að ekki er sjálfsagt að þetta yrði til mikils óhagnaðar fyrir sjávarbóndann, þegar öllu er á botninn hvolft. Jeg álít að hjer sje um mál að ræða, sem vandlega þarf að íhuga, fyrst og fremst í heild sinni, hvort taka eigi upp á því, að vernda afurðir landsins með innflutningstollum, og ef komizt verður að þeirri niðurstöðu, að það sje rjett, þá er að athuga, á hvaða vörutegundum ætti að byrja.

Eins og vjer vitum er búið að banna innflutning á lifandi fjenaði til Englands, og komið hefir til orða, að Norðmenn leggi háan toll á innflutt saltkjöt, en þangað er flutt mestallt vort útflutta saltkjöt; verður það því stórt tap fyrir landbóndann hjer, ef sá fyrirhugaði innflutningstollur verður samþykktur á þingi Norðmanna í ár. Tólg hefir mjög fallið í verði síðari ár erlendis, og lítil líkindi til, að hún muni hækka aptur í verði, því að nú er farið að nota ýmislegt annað í hennar stað til margra þeirra hluta, sem tólg var áður notuð til. Þegar horfurnar eru þannig, að vel má vera, að loku sje skotið fyrir, að vjer getum flutt út lifandi sauðfje, útlit fyrir að saltkjöt lækki mjög í verði, og tólg er í afarlágu verði og smjör lítt seljanlegt vegna hins innflutta »Margarins«, þá er útlitið skuggalegt fyrir landbóndann, og sýnilegt, að erfitt verður fyrir hann að fá peninga til nauðsynlegra gjalda. Jeg vil nú spyrja: Á ekki alþingi Íslendinga að reyna til að gjöra eitthvað fyrir landbúnaðinn og reyna að styðja hann nú, þegar helztu afurðir hans eru að falla stórum í verði, eða verða því nær óseljanlegar? Áður var það venja, að bændur gjörðu sjómenn sína út með kjöt, kæfubelgi og tólg til sjávarins, en nú er slíkt mjög að leggjast niður, því samkvæmt lögum verða nú útgjörðarmenn skipa að leggja skipverjum sínum til smjör fyrir viðmeti, en ekki kæfu eða tólg. Hjer er þannig enn eitt stráið, sem stingur sveitabóndann. Það er og önnur vörutegund, sem flutt er inn í landið, sem jeg sje ekki annað en rjett væri að leggja toll á, þótt eigi sje hún nefnd í frv.; þetta eru kartöflurnar. Það er sorgleg sjón, að sjá fluttar inn í landið kartöflur fyrir mörg þúsund krónur, og vita þó að jörðin hjer er boðin og búin til að framleiða nægan kartöfluforða handa öllum landsbúum og meira en það. Örstutt hjeðan er bæði Akranes og Seltjarnarnes; þar er jarðvegurinn hæfilegt sambland af mold og sandi handa kartöflum, og þarahrúgurnar, sem eru ágætasta áburðarefni í garðana, liggja í stórum hrönnum í fjörunum, fáa faðma frá garðstæðunum. Á þessum stöðum eru samt ekki framleiddar kartöflur nálægt því svo miklar, sem þeir þurfa, er í nágrenninu búa. Er þetta ástand ekki hörmulegt, og er ekki fyllsta þörf á að gjöra eitthvað til þess, að kippa þessu í lag? og þá er spursmálið, hvort ekki sje með öllu rjett að leggja innflutningstoll á útlendar kartöflur, til þess að þrýsta mönnum til að yrkja meira af kartöflum, og gjöra landsmönnum gróðavænlegra að leggja stund á, meira en hingað til, að framleiða það af kartöflum, sem landið þarfnast.

Jeg hef komið með þessar almennu athugasemdir, af því að jeg hef heyrt á sumum h. þingdm., að þeim þyki

þetta frumv. svo lítilsvert, að eigi sje vert að eyða tíma til að ræða það, heldur ætti strax við fyrstu umræðu að fella það. Mjer sýnist nú alveg hið gagnstæða; mjer sýnist málið svo íhugunarvert, að með öllu sje rjett að skipa nefnd í því, svo að það geti orðið skoðað sem rækilegast frá öllum hliðum. Jeg skal játa það, að frv. þetta muni þurfa nokkra aukning og máske breyting; jeg hef t. d. ekki sett neitt í það um innflutningstoll á kartöflum, nje heldur hver ætti að innheimta tollinn af smjörlíkinu, nje hvert hann ætti að renna, en slíkt má laga og breyta í meðferð málsins, ef það kemst í nefnd.

Þórður Guðmundsson: Frv. þetta er að eins fá orð, eins og h. deild sjer, en af því að jeg álít, að í því felist meira en á pappírnum stendur, þá er það þess vert, að það sje vandlega athugað. Jeg hefði reyndar búizt við, að frv. mundi verða ýtarlegra en það er, en það er þó ekki svo mikið um það að segja; slíkt má laga. Það hefir áður verið tekið fram, hvílík hætta landbúnaðinum væri búin af innflutningi »Margarins«, og þessi hætta hlýtur að vaxa að sama skapi og innflutningur inn vex. Ástæðurnar sem færðar hafa verið fyrir þörfinni á þessum mikla »Margarins«-innflutningi, hafa verið tvær, önnur sú, að landið framleiddi eigi nóg smjör handa landsmönnum, sem þört krefur. Þetta kann að vísu að hafa við nokkur rök að styðjast, en nægilega sterk eru þau ekki, því að væri smjörmarkaður hjer góður, þá mundi og smjörframleiðslan meiri. Það er almennt lögmál, að eptir því, sem markaður er betri fyrir eina vörutegund, eptir því leggja menn meira kapp á að framleiða hana. Væri smjör í hærra verði en nú, þá mundu sveitamenn og brúka minna af því á heimilum sínum en nú gjörist.

Hin ástæðan, sem færð er fyrir því, að það þurfi að flytja inn smjörlíki, er sú, að okkar íslenzka smjör sje svo slæmt. Þessi ástæðan hefir því miður við ofmikil rök að styðjast; það er ekki hægt að verja það, að smjör er sumstaðar svo úr garði gjört, að það getur eigi heitið góð vara; þó mun það allt af ríflega getað jafnast á við lakasta margarín, sem, eptir því, sem jeg hef fengið fregnir um, hefir ekkert smjörefni í sjer. Þessi tvö atriði eru færð fram fyrir því, að eigi beri að leggja toll á margarínið. En það er eitt aðalatriði eptir í þessu máli, atriði, sem jeg legg mesta áherzluna á, það er að segja það, að hjer er einmitt um princip-spursmál að ræða, um það, hvort oss sje hollt að fara að leggja verndartolla á varning vorn, þessa tolla, sem eru illa þokkaðir um allan heim. Þetta er vert að athuga, og því sýnist mjer hvorttveggja óráðlegt, bæði að fella frumv. nú þegar, og eins að ganga að því þegar í stað umræðulaust. Jeg vildi að vjer landbændur gætum framleitt svo gott og mikið smjör, að vjer bæði gætum birgt sjávarbændur að smjöri, og haft afgang af útgengilegu smjöri til að flytja til útlanda, og jeg óska þess, að jeg lifi það, að þessu verði framgengt. Jeg tók það fram við annað tækifæri, hve nauðsynlegt það er, að landbændur og sjávarbændur taki höndum saman, og efli hver annars hag með hagfeldum viðskiptum sín á milli; þetta endurnýja jeg nú aptur. Að endingu skal jeg geta þess, að jeg mun óhikað greiða atkvæði með frv. til 2. umræðu.

Þorlákur Guðmundsson: H. flutn.m. (Tr. G.) hefir að nokkru leyti mælt með frumv. þessu, og sömuleiðis h. 2. þm. Rangv. (Þórðr. G.), og var margt af því sem fram hefur verið tekið rjett og satt og vel viðeigandi. H. sam-

þingismaður minn (Tr. G.) kvað smjörkaupaþörfina að aukast, og viðskiptin jafnframt að breytast. Þetta er satt, en samt sem áður ættu bein viðskipti á milli sjávarbænda og sveitabænda að geta haldizt; það getur satt verið, að nú sem stendur sje þörf á aðflutningi margaríns, af því að vjer framleiðum ofiítið smjör handa oss; en það stafar mjög af því, hve markaðsverk á smjöri er lágt; fyrir það leggja bændur ekki kapp á að framleiða eins mikið og gott smjör og hægt væri, en slíkt hefur, ef vel er athugað, ekki svo lítil áhrif á þjóðbúskap vorn yfir höfuð. Eitt með fleiru er viðsjárvert við þennan mikla aðflutning af margaríni, að hann slítur sundur viðskiptasambandið milli sveitabænda og sjávarbænda, báðum til tjóns. Hjeldist þetta samband óslitið, mundi sjávarmaðurinn líklega ekki þurfa að kaupa viðmeti sitt dýrara en nú, þótt tollur yrði lagður á margarín, eins og hjer er farið fram á, því ef viðskipti væru greið og markaður í landinu betri, þá mundi svo fara, sem jeg hef bent á, að landsmenn mundu framleiða meira viðmeti, og þeir mundu einnig vanda vöru sína betur, verðhækkunin gæfi beina hvöt til þess, en hinn takmarkalausi innflutningur margaríns dregur úr þeim hugsunarhætti, að framleiða sem mest og vanda vöruna; en allt sem dregur úr þeim hugsunarhætti, er til niðurdreps fyrir þjóðina, þar sem aptur á móti allt sem glæðir hann er til hags og heiðurs fyrir hana.

Jeg efast stórlega um að margarín sje eins hollt og gott fyrir sjómenn vora eins og tólg brædd saman við lýsi, og dýrara verður það þeim, sem sjálfir geta framleitt tólg eða lýsi. Það gæti annars verið íhugunarvert, hvort ekki væri líka rjett að leggja útflutningstoll á tólgina, þar sem hún nú selst fyrir því nær ekkert verð erlendis; það gæti þó, ef til vill, orðið til þess að menn hagnýttu sjer hana meira í landinu en nú gjöra þeir.

Þetta mál er svo þýðingarmikið, að jeg vona að h. d. kasti því ekki frá sjer nú þegar, og þótt frumv. kunni í einhverju að vera ábótavant að formi eða efni, t. a. m. að sá tollur, sem hjer er farið fram á, sje of hár, þá er hægt að breyta því. Máske lægi næst að vísa því til landbúnaðarnefndarinnar, þó vil jeg að svo stöddu ekki gjöra það að beinni uppástungu.

Jón Jensson: Jeg er hissa á því hvað marga meðmælendur þetta frumv. sýnist eiga hjer í deildinni, þar sem enginn hefir hingað til orðið til að mæla á móti því, en það fengið mörg meðmæli. Jeg hafði ekki búizt við að tala nú, en mjer þykir það óviðkunnanlegt, að enginn verði til að láta í ljósi aðra skoðun á því en þeir, sem hingað til hafa talað. Það er í fyrsta sinn nú, að á að fara að leggja út á hina hálu braut, að innleiða verndartolla. Það má þó telja einn af aðal-kostum þessa lands, að vjer höfum verið lausir við verndartolla, og vjer ættum sannarlega að reyna sem lengst að varðveita oss fyrir þeim. Sú braut, sem þeir, er dýrka guð verndartollanna, hafa leiðzt út á, hefir legið út í þær ófærur, er dýrkendurnir hafa hingað til ekki komizt út úr. Jeg varpa þessu að vísu að eins fram án þess, að reyna að sanna það, en reynslan hefir sýnt, að þeir, sem tekið hafa upp verndartolla, hafa ekki getað losnað við þá aptur; þeir eru dýr, sem allt af gleypir meir og meir. En hver er annars meiningin í þessu frumv., ef það er ekki tekið sem beint principspursmál? Hugsun háttv. flutningsm. (Tr. Gunn.) mun — að því slepptu, að hann er þm. Árnesinga, — vera sú, að hjálpa upp á sveitabændur, til að fá meira verð fyrir smjör sitt,

þrátt fyrir það, þótt eigi hafi þeir hingað til fengið mikið hrós fyrir vöndunina á því. Og hverja á svo að þvinga með lögum þessum til að kaupa þetta dýrara smjör af sveitabændunum? Það eru fátæklingarnir við sjóinn, sem eru neyddir til að kaupa sjer feiti; þá á að þvinga til að kaupa smjör dýrara en þeir hafa hingað til getað fengið það. Þessi er í stuttu máli tilgangur frumv. Svona á að fara með heilan flokk af þjóðinni, allan þann flokk, er lifir á öðrum aðal-atvinnuvegi landsins, sjáfarútveginum, atvinnuvegi, sem er alveg eins rjettmætur eins og landbúnaðurinn; á hann á nú að fara að leggja skatt til ágóða fyrir landbúnaðinn. Er það rjettlæti? Annað veifið þykjast menn með löggjöf og fjártramlögum vilja hjálpa þessum atvinnuvegi upp, og það er nýbúið að setja nefnd til að finna upp ráð til að efla sjáfarútveginn, og í þeirri nefnd situr sjálfur flutningsmaður þessa frumv. (Tr. G.). Mjer sýndist það ekki ætti svo illa við, að honum til sæmdar væri máli þessu vísað til þeirrar nefndar, þá mundi máske hægra, að koma samræmi á hin tvö störf h. flutningsm. (Tr. G.): að vinna fyrir sjáfarútveginn, og svo að koma með annað eins frv. og þetta.

Enn er eitt athugavert við þetta frv. Hafa sveitabændur nóg af þessari vöru, sem hindra á aðflutning á, handa sjómönnunum? Nei, langt frá því. Það mundu verða allra mestu vandræði fyrir útgerðarmenn að fá sjer viðmeti. Jeg veit að einn útgerðarmaður þilskipa hjer í bæ lær frá útlöndum yfir 10,000 pund af margaríni handa skipum sínum, og er þetta þó minnstur hluti af því, sem keypt er af margaríni hjer við sjóinn. Hvernig ætli nú færi, ef innflutningur margarins hætti? Mundu bændur geta bætt úr því? Jeg segi aptur nei, fjærri því. Og hvernig er svo þessi vara sveitabændanna? Hún er yfir höfuð miklu verri en margarínið, sumt af henni er svo vont, að sjómenn mundu ekki einu sinni fást til að borða hana.

Afleiðingin af lögunum mundi því ekki verða sú, að sjáfarbændur eða útgerðarmenn keyptu meira smjör af landbóndanum en þeir hafa gjört, og þó er það eini tilgangur laganna, heldur hitt, að sjómenn neyddust til að kaupa margarínið þeim mun dýrara, sem tollinum nemur; með öðrum orðum, að skattur yrði lagður á sjáfarbóndann og sjátarútveginn, sem ekki kæmi landbúnaðinum neitt til góða, en miðaði að eins til að sliga eða íþyngja sjáfarútveginum, sem menn annars vilja styðja og styrkja.

H. flutningsm. (Tr. G.) fann ástæðu til að minnast á aðra vörutegund, kartöflurnar, og hann langar hálfpartinn til að leggja líka toll á þær. Það væri alveg original íslenzk aðferð. Annarsstaðar er þó ekki farið að leggja á verndartolla fyr en framleiðslan er orðin nóg í landinu sjálfu af hinni verndaðu vörutegund. Jeg held því fram, að engin þjóð hafi byrjað eins laglega á því að innleiða verndartolla eins og hjer á að gjöra. Annars hjelt jeg, satt að segja, að h. flutningsm. (Tr. G.), sem flytur þetta frumv. auðvitað að eins eptir skipun kjósenda sinna, mundi mæla á líkan hátt með því eins og hann gjörði hjer um daginn með öðru frumv., um að koma launum yfirsetukvenna á landssjóð, sem hann flutti fyrir kjósendur sína, það er að segja, að hann mundi gjöra það utan garna, og þetta hjelt jeg því fremur af því, í hve námu sambandi hann stendur við þennan annan aðalatvinnuveg lands vors, sem hann nú virðist vilja sliga,

þótt hann komist með því í mótsögn við allar aðrar gjörðir sínar í því máli bæði utan þings og innan.

Þórður Thoroddsen: Jeg get ekki gefið frumv. þessu atkvæði mitt, því mjer finnst það á alveg röngum grundvallarreglum byggt og þar að auki alveg óþarft; því óþarft verð jeg að kalla það að fara að vernda með tolllögum tilbúning varnings, sem að einu leyti ekki er búinn til hjer á landi, eða þá svo ónógt og illa, að hann er ill-notandi, og fullnægir alls ekki þörfinni. Þar sem menn annars fylgja verndartollastefnu gefa menn út tolllög til að vernda atvinnuveg, sem til er, en hitt þekki jeg hvergi, að menn leggi tolla á til að vernda tilbúning vöru, sem alls ekki er framleidd í landinu. Hjer á landi er ekkert smjörlíki til og af smjöri er ekki framleitt nándarnærri nóg til að fullnægja þörfum landsmanna. Ef jeg lít yfir verzlunarskýrslur síðustu 4 ára, þá hafa verið flutt inn 50 - 70000 pd. á ári, eða að meðaltali 60,000 pd. af smjöri og smjörlíki árlega, og er þó ótalið allt, sem skotizt hefir undan verzlunarskýrslunum. Væri nú nægt smjör framleitt í landinu, þá ætti að vera útflutt annað eins af smjöri. En það er síður en svo sje, því árið 1892 eru að eins flutt út 3000 pd., 1893: 5000 pd, 1894: 7000 pd. og 1895: ekki eitt einasta pund.

Ekki get jeg lagt mikið upp úr þeirri viðbáru að sveitamenn bruki svo mikið af smjöri, af því þeir geti ekki selt það. En, jeg vil leyfa mjer að spyrja meðmælendur þessa frumv.: hvar ætlast þeir til að sjómenn fái smjör það, er þeir þurfa? Hjer á landi er það ekki til, svo svarið hlýtur að verða: í útlöndum. Þetta er því sama sem 20 aura matarskattur á hvert smjörpund, sem sjómenn neyta, og þessi matarskattur kemur einmitt helzt niður á þeim sem sízt skyldi, á fátæklingunum. Það væri þó sök sjer, ef hjer væri um eitthvert eitur eða óhollustumat að ræða, en jeg veit ekki betur en að tilbúningur smjörlíkis sje háður opinberu eptirliti, og smjörlíkið er bæði holl og góð og hreinleg fæða, og inniheldur einmitt þær fitutegundir, sem mannslíkaminn þarfnast. Það er því einmitt álit erlendra lækna, að það sje eitt hið þarfasta og bezta verk, að framleiða smjör á ódýran hátt handa fátækum mönnum, svo þeir þurfi ekki að borða þurt. Án nokkurs tillits til verndartollastefnunnar vil jeg því fella þetta frumv., og það helzt nú þegar nefndarlaust.

Flutningsm. (*Tr. Gunnarsson*): Það fer nú eðlilega hjer sem annarstaðar, þegar um tolla er talað, að þeir mæla með þeim, sem vænta sjer gagns af þeim, fyrir sinn atvinnuveg, en hinir mæla á móti, sem búast við óhag, enda heyrist það á undirtektum þingm., að þær fara nokkuð eptir því, hvernig hagsmunir kjósenda þeirra horfa við. Þm. Rvík. (J. Jenss.) sagði að það ætti sjer hvergi stað, að leggja verndartoll á vörutegund, sem annaðhvort hefir ekki verið framleidd í landinu, eða of lítið er framleitt af. En þetta er ekki rjett, því að sum lönd hafa lagt á verndartolla einmitt til þess að skapa í landinu iðnað, sem áður var ekki til. Í öðrum löndum, þar sem að eins lítið hefir verið framleitt af einhverjum iðnaði í smáum verksmiðjum, sem ekki hafa getað staðizt, þar hafa menn lagt á verndartolla til að vernda og efla ungan og uppvaxandi iðnað.

Þá hefir því verið haldið fram, að tollur þessi legðist einkum á fátæklinga. Það getur nú verið, að sjávarmenn sjeu yfir höfuð fátækari en sveitamenn, jeg

skal ekki um það segja. En þeir, sem mest kaupa af þessu smjörlíki, eru alls ekki fátækir sjómenn, heldur ýmist efnaðir eða ríkir útgerðarmenn þilskipa, það eru þeir, en ekki hásetar, sem leggja til fæðið og smjörlíkið.

Þegar jeg á þingmálafundi í kjördæmi mínu í vor var beðinn að bera þetta mál fram, þá sagði jeg kjósendum mínum hreinskilnislega, að mjer þætti leitt að styðja að því, að vernda jafn-illa verkaða vöru sem íslenzkt smjör almennt væri. En þegar jeg fór að hugsa betur um, fannst mjer að mjer verða ljóst, hverjar ástæðurnar til þessa væru. Og aðalástæðan er vafalaust sú, að af 20 mönnum, sem smjör kaupa, er naumast 1, sem vill kaupa gott smjör, dýrt; hinir 19 kaupa heldur illt smjör, ef það er ódýrt. Þessi óhyggilega tilhneiging, að kaupa óvandaða vöru ódýra, er annars býsna-almenn hjer á landi; jeg man það, þegar jeg var við verzlun, þá reyndi jeg að flytja, að minnsta kosti með fram, betri og því auðvitað dýrari dúkvöru en almennt gjörðist; en þessi góða vara lá árum saman óseld í búðarhillunum, meðan algenga ódýra ruslið seldist hiklaust; á líkan hátt fer með gott og óvandað smjör, hið vonda og ódýra smjörið selst fyrst, hið góða, dýra verður eptir; það er þess vegna nokkur vorkunn, þó seljendurnir hagi sjer nokkuð eptir kaupendunum. En sannast að segja, þá er full þörf á að bæta smekk landsmanna í þessu efnu, sem fleiru.

Þótt eigi verði með rjettu borið á móti því, að mikið af hjerlendu smjöri sje ekki gott nje vel verkað, þá er hætt við, að smjörið verði hjer eptir ennþá verra en hingað til, ef menn þurfa að keppa við þetta innflutta »margarine« hvað verð snertir, því engin bóndi getur lagt stund á að verka vel sitt smjör til að selja það á 35 til 45 a., eins og hægt er að kaupa smjörlíki fyrir, og er þetta ennþá einn ókostur við innflutning smjörlíkis.

Áður var flutt talsvert af smjöri frá austur- og norðurlandi til vestur- og suðurlands, en nú er svo komið, að innlent smjör selst ekki hjer vegna smjörlíkisins, svo það lá í stórum köstum hjá kaupmönnum í vor, og var sent í sumar til Færeyja. Færeyingar eru það smekkbetri en vjer, að þeir vilja þó heldur ísl. smjör en útlent smjörlíki. En því miður er smjörverkun hjá oss komin svo skammt á veg, að eigi er hægt að búast við útflutningi á smjöri í stórum stil, og liggur þá ekki annað fyrir en búa til svo óvandað og ódýrt smjör, að það geti keppt við smjörlíkið.

Þegar á allt er litið, er því mjög athugavert, eins og stendur nú, hvað vjer eigum að gjöra til þess, að koma afurðum landsins í verð. Í Danmörku borða bændur ekki smjör sitt, heldur selja það allt til Englands. (*J. Þórarinsson*: Og jeta sjálfir smjörlíki!). Nei, þeir jeta flesk og svínafeiti.

Þorlákur Guðmundsson: Það mátti nú auðvitað búast við því, að frumv. þetta fengi mótmæli. Annar flokkur deildarmanna virðist líta mest á að auka og bæta afurðir landbænda, en hinn talar um að gæta hagsmuna útvegsmanna. Þessir síðast nefndu hugsa minna um gott smjör en um ódýrt smjör. Væri smjör það, er sjávarmenn kaupa, gott, hygg jeg mætti nægja 1/3 minna af því að vöxtunum, og mundi það verða heilsusamlegra og heillavænlegra fyrir efnahag manna.

Jeg hugsa, að þm. Rvík. hafi helzt aldrei smakkað það ljelega smjörlíki, sem sjómenn borða, því síður að hann hafi haft það til matar á heimili sínu.

Það hefir verið sagt, að þessi tollur yrði nýr skattur á sjávarmenn. Jeg

ber að vísu ekki á móti að svo sje, en svo er þá líka athugavert, að sjávarbóndinn borgar minna til almennra landsþarfa heldur en landbóndinn. Skip og bátar sjávarmanna hlaupa ekki hátt til tíundar, ekki eru þilskip heldur hátt sett til tíundar, sem þó er mikið verðgildi í og mikils ágóða von af, þegar vel gengur. Hin mikla eptirsókn, sem nú er eptir þilskipum, sýnir bezt, að úthald þeirra er glæsilegur atvinnuvegur, sem gefur góðan arð útgerðarmönnunum, og veitir mörgum mönnum atvinnu, með öllu þeirra hyski, og þó þessir menn gyldu lítið eitt meira til landssjóðs en þeir gera nú, sem alls ekki er víst, ef þeir kynnu rjett með að fara.

H. 1. þm. KG. (Þ. Th.) skýrði frá hinni miklu pundatölu af innfluttu smjöri, en þær tölur sanna ekki, að ekki sje nóg smjör til hjer í landi. Það liggur óselt hjer og hvar um landið, og gengur ekki út. Þetta er satt, en verður ekki með tölum sannað, því þær eru ekki til. Yrði tollur á lagður, hækkaði smjörverðið, og hækki smjörverð, eykst framleiðslan. Það er nú allt af verið að citera í hvað aðrar þjóðir geri; en mjer finnst oss varða ekki svo mikið um það. Vjer verðum að sníða lög vor eptir voru sjerstaka ásigkomulagi, með því líka að finna má dæmi til verndartolls í öðrum löndum.

Pjetur Jónsson: Það er nú svo með mig, að jeg er heldur hlynntur tíumv. þessu, og er jeg þó andstæður öllum verndartollum yfir höfuð að tala. Þar sem brýnt hefir verið fyrir oss, að vjer ættum að varast dæmi annara þjóða, þá get jeg samsinnt því að nokkru en ekki öllu leyti. Ef vjer gætum verndað sjálfa oss, ekki að eins frá því að leggja sjálfir á oss verndartolla, heldur og frá afleiðingum verndartolla annara þjóða, þá skyldi jeg vera með því.

En þegar afleiðingarnar af verndartollapólitík annara þjóða fara að verka á vora hagsmuni, þá getur mjer hugsazt, að það sje neyðarvörn fyrir oss, að taka til sama bragðs. Og það er enginn efi á því, að vjer erum nú farnir að finna til slíkra afleiðinga; enginn, sem til þekkir, getur t. d. efað, að hið enska fjárflutningabann, sem oss hefir svo meinlegt orðið, er alls ekki sprottið af neinni kláðahræðslu, heldur af hreinni verndarstefnuviðleitni. Þegar þetta nú verkar þannig á oss, virðist mjer vjer geta verið neyddir til að endurgjalda í sömu mynt.

Jeg sje ekki betur, en að af því, að fjárútflutningarnir hætta, leiði það, að sveitamenn hljóti að auka smjörframleiðslu sína, og enginn efi er mjer á því, að ef vjer höldum fjenaðinum í landinu, og flytjum hann ekki út, þá getur landið smjörfætt sig sjálft.

Jeg skal játa það, að það er margt, sem mælir á móti þessum tolli; en eitt mælir þó óneitanlega með honum, en það er, hvað smjörlíki er ómerkileg og ljeleg vara, og alls ekki víst, hve holl hún er. (*Þórður Thoroddsen*: Misskilningur). Menn segja að smjörið sje svo illa verkað, að ópolandi sje að knýja sjávarmanninn til að kaupa það. En skilyrðið fyrir því, að smjörverkunin batni, er það, að það borgi sig að verka smjörið vel. Eins og nú er, gera langflestir smjörkaupmenn lítinn verðmun á góðu og slæmu smjöri.

Guðlaugur Guðmundsson: H. 1. þm. K.-G. (Þ. Thor.) sagði, að smjörlíkisverksmiðjur erlendis stæðu undir eptirliti ríkisins, en þetta er ekki rjett eptir því, sem jeg til veit. Í Danmörku er t. d. að eins lögtrygging gegn því, að

smjörlíkið sje hvorki selt innanlands eða flutt út undir fölsku nafni, þ. e. a. s. sem smjör.

En að öðru leyti er tilbúningur þessi ekki undir neinni ríkisumsjón. Þau lagaákvæði, sem í Danmörku gilda um smjörlíki, gefa því ekki hina minnstu tryggingu fyrir, að smjörlíkið sje góð vara, og er það næsta undarleg logik, að draga slíka ályktun út af þeim; maður þarf ekki að vera saurblaðsritstjóri til þess, að kalla það »kransaugnalogik«. Mjer þykir nokkuð djúpt tekið í árinni, að leggja á svona háan toll, 20 aura á pundið, en held þó nærri því, að jeg verði að hallast að stefnu frumv. Um það efast jeg ekki, að nægt smjör sje hjer til í landinu handa öllum landsmönnum, eða í öllu falli að hægt sje, að framleiða það.

Það er nýtt princip, sem farið er að tíðka hjer á þingi í seinni tíð, að segja um einhvern vitanlegan og alkunnan hlut eða veru, sem menn ekki eru sam dóma um, »að hann sje ekki til«; vjer höfum nýlega heyrt það í stjórnarskrármálinu, að það væri enginn Íslandsráðgjafi til, og nú fáum vjer að heyra, að ekkert smjör sje til á Íslandi.

Björn Sigfússon: Jeg ætlaði ekki að tala eitt einasta orð í þessu máli, en tilefnið til þess, að jeg tek til máls, er það, að mjer finnst hið sama koma fram eins og fyr, þegar þetta mál hefir verið hjer til umræðu, að menn geti ekki á það minnzt án þess að svívirða íslenzkar konur fyrir verkun á smjöri, og er það alveg undantekningarlaust. Mjer þykir það leiðinlegt og ranglátt, hvað mikið far menn gjöra sjer um, að gjöra íslenzku konunum, sem vitanlega sjá um tilbúning og verkun smjörsins, smán fyrir þessa vöru.

Það hefir kannske einhvern tíma verið ástæða til að gjöra mikið úr hirðuleysi kvenna í þessu efni; en nú held jeg, að sje allt öðru máli að gegna. Jeg held að menn sje að eins að dreyma um löngu liðna tíð, þegar þeir eru að æpa um gráðasmjör, súrt smjör og hárugt smjör. Þó að jeg viðurkenni, að smjörverkun muni sumstaðar vera ábótavant enn hjá oss, þá er enginn efi á því, að meðferð þess öli er orðin allt önnur nú og betri en áður. Nú eru margar íslenzkar konur orðnar svo vel að sjer í smjörgjörð og hreinlátar, að þessi vara hjá þeim er engu lakari en víða í útlöndum.

Jeg vil ekki láta þessum svívirðingarorðum ómótmælt, og að minnsta kosti er mjer óhætt að gjöra það sterklega hvað mitt hjerað snertir yfir höfuð.

H. 1. þm. Gullbr.- og Kjós. (Þ. Thor.) talaði mikið um þetta mál og nefndi háar tölur, er áttu að sýna, hve mikið væri flutt inn hingað til lands af útlendu smjöri. Er það smjör, allt þetta, sem inn er flutt? Jeg neita því þverlega. Það er smjörlíki eða eptirstæling, sem einn þingmaður fyrir mörgum árum skírði »tilberasmjör«. Það er því aldeilis villandi, sem háttv. þingmaður sagði um þetta. Hann dró svo þá ályktun af þessum mikla innflutningi á þessari vöru, að hjer væri svo mikill skortur á smjöri, að vandræði mundu verða, ef hætt yrði að flytja smjörlíki til landsins. En hann gleymir því, að mikið er flutt út af smjöri og annari feiti. Jeg hef ekki núna við hendina útflutningsskýrslur, sem sýna þetta, en það vita allir, sem tekið hafa eptir því, að skiptir mörgum tugum þúsunda. — Það er fyrst og fremst talsvert af smjöri, en svo er líka flutt út mjög mikið af tólg og ákaflega mikið af feitu og góðu sauðakjöti.

Hvorttveggja þetta: tólg og kjöt, er selt til útlanda fyrir sárlitið verð. — Skyldi nú ekki vera eins hollt fyrir sjávarbóndann að kaupa þessa vöru

góðu verði og borða hana, eins og þetta tilberasmjör, og það því fremur, sem öll líkindi eru til, að hún lækki enn í verði bæði vegna þess, að markaðinum nú er lokað á Englandi fyrir útflutt sauðfje og verður líklega lokað í Norvegi fyrir saltað sauðakjöt? Þessa góðu vöru: tólgina og sauðakjötið, gæti sjávarbóndinn auk þess fengið í skiptum fyrir sína eigin vöru: fisk o. fl.

Jeg skil ekki að það þurfi að hafa svo illar afleiðingar í för með sjer fyrir fátæka sjávarmenn, þó að lagður verði nokkur tollur á smjörlíki, því jeg hálfefast um, að það sje rjett, sem mótmælendur þessa frumv. segja, að það sje einkum fátæklingarnir við sjóinn, sem kaupa og borða smjörlíki. Það eru að vísu mjög falleg orð, sem þeir hafa á vörunum, að það sjeu einkum þeir, sem þeir bera fyrir brjóstinu. En jeg held þvert á móti, að það sjeu einkum þilskipaeigendurnir, sem kaupa það, en þeir eru þó engir fátæklingar.

H. flutningsm. (Tr. G.), sem hlýtur að vera þessu manna kunnugastur, hefir líka beint tekið fram, að það sjeu einmitt þessir menn, sem kaupa smjörlíkið. Þetta álit mitt styrkist líka við það, sem jeg hefi sjálfur heyrt fátæklinga hjer syðra segja. Jeg hefi talað við marga af þeim, sem hafa sagt, að þeir keyptu ekki smjörlíki af því, að þeir gætu ekki borðað það. Þeir segjast miklu heldur vilja tólg, ef þeir gætu fengið hana.

Þetta er líka eðlilegt, einkum þegar þess er gætt, að það eru ekki nema hinar lakari tegundir, sem þeir hafa efni á að kaupa. Hinar betri tegundir hygg jeg sjeu dýrari en gott íslenzkt smjör.

Jeg hafði forvitni á að kynna mjer þetta útlenda smjör fyrir nokkrum árum, þegar jeg borðaði hjer í Reykjavík, og mæltist því til þess, að það yrði keypt. Svo komu einu sinni tvær tegundir af því inn á borðið, og minnir mig að sú dýrari kostaði 80 eða 85 a. Báðar þessar tegundir voru svo viðbjóðslegar, að jeg gat ekki borðað þær. Af annari tegundinni var olíubragð og óþefur, og hin var litlu betri.

Jeg hefi heyrt eptir sumum útgjörðarmönnum, að það væri svo einstaklega gott að geta fengið þetta útlenda smjör af því, að það væri svo drjúgt. En af hverju er það drjúgt? Það er auðvitað af því, að fólkinu, sem það er ætlað, þykir það svo bragðvont, að það getur ekki notað það. En búmannlega er þetta hugsað af hálfu útgerðarmannanna; það verður maður að játa!

Jeg gat þess áðan, að jeg hjeldi að það væri hollara fyrir báða, landbóndann og sjávarbóndann, ef þeir gætu skipt hvor annars vörum; landbóndinn látið smjör, tólg og kjöt, en sjávarmaðurinn aptur fiskæti í staðinn. Þessi vöruviðskipti hafa verið örðug hingað til, vegna ófullkominna og kostnaðarsamra samgangna. En nú er vonandi að samgöngurnar færist í betra horf, og ef þær verða svo, að þessi viðskipti geta gengið greiðlega, þá efast jeg ekki um að þau sjeu hyggilegri og heppilegri en að láta allar vörur, eins og nú, ganga í gegnum verzlanirnar. Gæti nú frumv. þetta stutt að því, að þessi innlendu vöruskipti, sem jeg hef talað um, verði tekin upp, þá teldi jeg það hafa góðar afleiðingar. Þegar verið er að tala um, að þetta sje verndartollur og að það sje alveg ófært fyrir oss, að vera að halda út í þá stefnu, sem menn þykjast hafa komizt á snoðir um, að ekki sje vinsæl sumstaðar annarsstaðar, þá datt mjer í hug: »miklir menn erum við, Hrólfur minn«! H. þm. S.-Þing. (P. J.) benti á, hvað Englendingum hefði gengið til að banna innflutning sauðfjár þar í landi. Það

var ekkert annað en tilraun til að vernda afurðir landbænda á Englandi. Og er ekki sami tilgangur Norðmanna með að leggja toll á innflutt saltkjöt? En við Íslendingar erum allt of mikil stórmenni til að reyna nokkuð slíkt til að vernda afurðir vors lands.

Þótt jeg sje því hlynntur að leggja nokkurn toll á þetta aðflutta svokallaða útlenda smjör, þá er það sannarlega eigi af því, að jeg vilji þrengja að sjávarbóndanum, heldur af því, að það er mín hjartans sannfæring, að það væri sjávarbóndanum miklu hollara að taka upp samskipti við landbóndann og fá smjör og aðra góða vöru frá honum fyrir sína vöru, heldur en, eins og nú, að skipta eingöngu við kaupmanninn.

Flutningsmaður (*Tryggvi Gunnarsson*): Af því að jeg er dálítið kunnugur útgjörð skipa, hefi jeg borið þetta frv. fram, og þykist geta gjört það með góðri samvizku. Þeir, sem mælt hafa á móti frumv., hafa gjört það af því, að þeir álíta, að þessi aðflutningstollur mundi íþyngja sjávarmanninum og gjöra honum uppeldið kostnaðarsamara. En sannleikurinn er sá, að almenningur hjer kaupir ekki svo mikið af þessu smjörlíki. Fjöldi háseta t. d. vill ekki smjörlíki til viðbits, og heimta íslenzkt smjör. Þannig hefi jeg orðið að láta marga háseta fá íslenzkt smjör, af því að þeir vilja ekki smjörlíkið. Skipseigendur allir eru sjálfsagt á móti þessum tolli af því, að þeir eiga að leggja skipunum til smjör, og vilja því, eins og eðlilegt er, fá það fyrir sem minnst verð. Ef sjómenn þar á móti, sem nú eru hásetar á íslenzkum skipum, ættu að greiða atkvæði um þetta frumv., þá mundu þeir eflaust flestir, ef ekki allir, verða með því, að sampykkja það. Þegar hins vegar er litið til þeirra, sem eru á landi, en stunda fiskiveiðar á bátum og kaupa nokkuð af »margarine«, þá er vert að gæta þess, að pundið af góðu sauðakjöti kostar 18—20 aura, en pundið af margarine 40—45 aura. Mundi nú ekki næringarmeira og hollara fyrir þessa menn að kaupa góðar feitar sauðasíður 18—20 aura pundið, heldur en þetta »margarine« fyrir 40—45 aura? Þess var getið áðan, að sum lönd legðu á aðflutningstolla til að koma upp verksmiðjum og efla atvinnuvegi sína. Ef það nú sýndi sig, að ekki væri hægt að framleiða hjer nóg af náttúrlegu innlendu smjöri, væri þá nokkuð á móti því, að hjer yrði sett á stofn verksmiðja til að búa til smjörlíki af innlendum afurðum? Ef svo færi, væri þá ekki gott að hafa þessi lög til að hlynna að þeirri innlendu stofnun?

Valtýr Guðmundsson: Jeg ætlaði ekki að láta þetta mál til mín taka, en get ekki stillt mig um að tala þó fáein orð, af því að mjer þykir röksemdaleiðsla þeirra, er mæla með þessu frv., svo kynleg. Þessi tollur á að miða til þess, að bæta smjörgjörð í landinu. Þetta, að hækka verðið á útlendu vörunni, á að bæta innlendu vöruna! Það er ákaflega skrítin kenning. Jeg held þvert á móti, að það sje bezta ráð til þess, að ala upp í mönnum hirðuleysi við tilbúning þessarar vöru, og koma mönnum til að gjöra hana sem verst úr garði.

Það hefir verið sagt, að íslenzkt smjör lægi í bunkum í verzlununum og gengi ekki út. Af hverju er það öðru en því, að það er ekki ætt? Jeg hef smakkað smjör hjer í Reykjavík frá nafngreindum bæjum, sem hefir verið versta óbragð að (*B. Sigf.*: Það hefir vantað danska bragðið); en auðvitað hefi jeg líka borðað hjer ljómandi gott smjör, en það er því miður undantekning, að það fáist gott. Það hefir verið tekið

fram, að þetta frumv. ætti að miða til þess, að hjálpa landbóndanum upp. Þetta skil jeg ekki, nema ef svo er, að það á að gjörast með því, að hjálpa honum til að koma þessari vondu vöru út. Nei, þetta frumv. yrði ekki til þess að hjálpa landbóndanum, heldur til þess að koma upp »margarine«-verksmiðju og verðlauna eiganda hennar með 20 aurum svo að segja úr landssjóði fyrir hvert pund af smjörlíki, sem hann selur, og þannig gjöra honum enn auðveldara að keppa við landbóndann en kaupmaðurinn getur nú með hinu aðflutta »margarine«. Það er varla nokk ur efi á því, að einhver mundi vekjast upp til þess að koma slíkri verksmiðju á stofn, ef frumv. eins og þetta yrði að lögum. Jeg lít svo á, að hjer geti ekki verið um verndartoll að ræða, nema fyrir þá sömu vörutegund, sem tollud er, sem í þessu tilfelli er smjörlíkið, Þetta yrði því verndartollur fyrir fyrirhugaða smjörlíkisverksmiðju, sem yrði enn hættulegri keppinautur fyrir smjör sveitabænda en hið aðflutta smjörlíki. Mjer virðist því, að árangurinn af frv. yrði gagnstæður því, sem til var ætlazt, og því hefi jeg gjört þessa athugasemd.

Þórður Thoroddsen: Jeg held að meðmælendum þessa frumv. sje ekki vel ljóst, hvaða áhrif það hefði, ef það yrði að lögum. Það hefir þau áhrif, að halda öllu í sama horfinu, sem nú er, nema að því leyti, að sjávarbændur yrðu að borga 20 aurum meira fyrir hvert pund af smjöri en þeir nú gjöra; þó h. þm. Húnv. (Bj. S.) segði, að þetta frumv. myndi hafa þau áhrif, að sjávarbændur myndu hætta að kaupa þetta tilbera-smjör, er hann svo nefndi, þá nær það engri átt, af þeirri einföldu ástæðu, að nóg smjör er ekki til í landinu. Það eina, sem hefðist upp úr þesssum tolli, yrði það, að landssjóður yrði um 12000 kr. ríkari; en þessir peningar yrðu illa fengnir, því þeir, sem borga þá, eru fátæklingarnir í landinu. H. flutningsm. (Tr. G.) sagði, að þessi tollur legðist á skipseigendurna, en þetta er alls ekki rjett, því þó þeir kaupi smjörið inn, þá taka þeir kostnaðinn og meira til inn aptur hjá hásetum sínum. Það eru þeir, sem jeta það, og þeir, sem jeta það, þeir borga það.

H. flutningsm. (Tr. G.) og h. þm. Húnv. (Bj. S.) gjörðu mikið úr því, að þetta útlenda smjör væri vont, og báru fyrir sig álit manna hjer við sjóinn. Þeir sögðu jafnvel, að sjómenn hjer mundu almennt vera með þessum tolli. En þessi framburður er alls ekki á rökum byggður. Jeg veit það fyrir víst og hefi reynslu fyrir mjer í því, að sjómenn vilja jafnvel heldur þetta smjörlíki en íslenzka smjörið, sem inniheldur svo margs konar óþverra, að það yrði nóg efni í tólf álna langt og tírætt kvæði, ef fara ætti að telja það allt upp. Verzlunarskýrslurnar sýna líka, að þar sem sjávarútvegurinn er mestur, þangað er mest flutt af þessu smjörlíki, og hvað skyldi þar vera gjört við það? Er því fleygt í sjóinn? Nei, þessi mikli innflutningur sýnir, að hjer er brúkað mikið af þessari vöru. Hingað til Suðurlandsins er flutt mest af smjörlíki. Þannig var af 63000 pundum, sem fluttust til landsins árið 1893, 53000 pund flutt til Suðurlandsins. Hjer er líka sjávarútvegurinn mestur og feitieklan mest. Þetta er allt borðað, en úr því það er borðað, þá er það þó ekki það ófjeti eða eitur, sem þessir menn eru að halda fram.

H. flutningsm. (Tr. G.) sagði, að margir þilskipamenn vildu ekki þetta »margarine«. Því trúi jeg vel um suma þeirra, því hverjir eru þessir þilskipamenn? Þeir eru margir úr sveit. Það eru menn, sem aldrei hafa smakkað »margarine« og vilja helzt ekki aðra

feiti en súrt, skemmt íslenzkt smjör, sem þeir hafa vanizt frá blautu barnsbeini.

Jeg hefi með engu móti getað samfærzt af ræðum meðmælenda þessa máls um það, að þetta frumv. geti komið nokkru lagi á það ástand, sem frumvarpsflytjendurnir vilja bæta. Að afleiðingin af þessu frumv. yrði sú, að fátæklingarnir færu að halda sjer til kæfu, tólgar og hinna makalausu sauðasíðu, sem menn hafa verið að dásama, það getur því miður ekki orðið. Lög eins og þessu yrðu, sem sagt, að eins til þess að leggja 20 aura toll á fátæklingana fyrir hvert pund af smjöri. Auk þess er jeg alveg samdóma h. þm. Vestm. (V. G.) um það, að þessi lög gætu lagt hið versta haft á alla smjörgjörð í landinu, því það er vel hugsanlegt, að þau yrðu til þess að einhver setti hjer upp verksmiðju til að búa til smjörlíki. En það smjörlíki, sem hjer yrði búið til, það gæti orðið svo ódýrt, að landbóndinn gæti ekkert selt, enda held jeg honum þætti þá illa borga sig að vanda vöruna, úr því honum þykir það ekki tilvinnandi, eins og nú hagar til.

Einar Jónsson: H. þm. Vestm. brá sumum þm. um hugsunarvillu; en sjálfur kom hann í ræðu sinni fram með nokkuð, sem mjer fannst eiga eitthvað óþægilega skylt við hugsunarvillu. Ef lög þessi kæmust á og einhver setti hjer svo upp smjörlíkisverksmiðju, þá sagði hann, að eptir lögum þessum fengi hann úr landssjóði 20 aura verðlaun fyrir hvert smjörlíkispund, sem hann byggi til. (*Valtýr Guðmundsson*: Jeg kom svona orðum að því). En þetta er ekki rjett, því að ef smjörlíkisverksmiðjur komast hjer á, þá verða 3 keppinautar á markaðinum: útlent smjörlíki, innlent smjörlíki og innlent smjör. Auðvitað mundu verksmiðjueigendurnir miða verðið á sínu smjörlíki við verð hins útlenda smjörlíkis, sem hlýtur að hækka fyrir tollinn; en með því er alls ekki sagt, að eigandinn græði þar fyrir eins mikið og tollinum nemur, því að þá kemur til samkeppnin milli smjörlíkisins annars vegar og hins innlenda smjörs og annars feitmetis hins vegar.

Eða hvaða ástæða getur verið til þess, að hann eigi að fá tólg sína og annað feitmeti, sem hann kynni að nota til smjörlíkisgerðarinnar, eins ódýrt eins og hinir útlendu keppinautar hans fá það? Menn gætu sjálfir sett hjer verðið á feiti þá, er þeir seldu smjörlíkisgerðinni, því að verksmiðjueigandi er hjer um bil neyddur til að kaupa það fremur en feiti frá útlöndum. Jeg sje því ekki, að sá, sem setur upp smjörlíkisverksmiðju hjer, þurfi að græða neitt verulegt á þennan hátt.

Menn hafa verið mikið að lasta hjer íslenzka smjörið; jeg þekki nú reyndar ekki alstaðar til, en hygg þó að eigi sje ástæða til að gjöra eins mikið úr því, eins og nú er gert, allra sízt almennt, og það er eflaust yfir höfuð að tala ekki óhollara en smjörlíkið; og þó íslenzka smjörið kynni að vera blandað með tólg, væri það þó að eins hreinar matvælategundir, sem í því yrðu. Það kann nú að vera, að það finnist bæði hár og ýms óhreinindi og gallar í íslenzku smjöri, en held þó að það muni ekki vera hættulegra en ýmisleg efni, sem eru í hinu útlenda smjörlíki.

Jeg er einn af þeim, sem óska að meiri bein viðskipti gætu komizt á milli sveitamanna og sjávarmanna en nú á sjer stað. Nú ganga þau viðskipti, eins og kunnugt er, mest í gegnum kaupmennina, en það getur eigi orðið með öðrum hætti en að bæði landvörur og sjávarvörur verði dýrari við það, því að kaupmennirnir leggja á þær

fullkomlega fyrir sína milligöngu. Ef menn gættu þessa betur, mundu menn finna ástæðu til, að fella þennan millilið burtu í mjög mörgum tilfellum og jeg vildi óska að það kæmi einnig fram í viðbitiskaupunum og að sjávarbændurnir sæju sjer fullt eins hagfellt, að kaupa hið íslenzka viðbiti eins og það nú einu sinni er hjer tilbúið, hvort heldur sem það væri nú smjör, eða tólg og smjör samanblandað, og treysti því, að hreinlætinu við tilbúning feitmetisins fari svo fram, að eigi þurfi fyrir þá sök að meta það minna en hið útlenda smjörlíki.

Mjer heyrðist h. 1. þm. K.-G. (Þ. Th.) vera að niðra feitu kjöti og álíta það lakara viðbiti en smjörlíkið; en því get jeg ekki verið samdóma. Jeg vildi að sem flestir vildu nota það meira sem viðbiti en nú á sjer stað, því að með því mætti spara mikið smjörið og svo selja það.

Þar sem talað hefir verið um að of lítið smjör sje framleitt hjer í landi, þá verð jeg nú að vera á máli þeirra, sem halda því fram, að of miklu smjöri sje eytt í sveitunum, og að menn gætu selt miklu meira smjör, ef menn aðgættu, að það er markaður til fyrir það við sjávarsíðuna. Jeg skil ekki annað eptir kvikfjárskýrslunum en að nóg viðbiti hljóti að vera til í landinu, svo að ekkert viðbiti þurfi að kaupa frá útlöndum, ef rjett er á haldið.

Valtýr Guðmundsson: Jeg skal gjarnan kannast við, að það var ónákvæmlega til orða tekið hjá mjer, að tala um 20 au. verðlaun úr landssjóði. En meining mín var, að ef lagður sje 20 aura tollur á pundið af aðfluttu smjörlíki, þá gæti sá, sem hjer byggi til smjörlíki, fengið 20 aura meira en ella fyrir sitt ótollaða smjörlíki. Ekki skil jeg, hvernig landsmenn ættu að geta selt verksmiðjueiganda tólgina dýrari en aðrir vilja gefa fyrir hana. Kaupmennirnir, sem annars eru þeir einu, sem kaupa tólg, sælast ekki eptir henni, og geta ekki gefið meira fyrir hana en þeir geta fengið fyrir hana erlendis; jeg verð þvert á móti að álíta, að verksmiðjueigandi hjer geti fengið íslenzka tólg ódýrari heldur en keppinautar hans erlendis. Það sparast þó æfinlega flutningskostnaðurinn á henni milli landa. Auk þess leggst meiri kostnaður á útlenda smjörlíkið en hið innlenda, áður en það kemur í hönd kaupenda hjer. Á útlenda smjörlíkið leggst bæði flutningskostnaður frá verksmiðjunni til útskipunarstaðarins erlendis, svo ágóði kaupmannsins og flutningskostnaður hingað til lands. En þessi kostnaður sparaðist innlendum smjörlíkistilbúanda. Auk þessa kemur 20 aura tollur á útlenda smjörlíkið; mundi því innlend verksmiðja geta grætt meira en 20 aura á pundinu, þótt hún seldi það ívið ódýrara en hið útlenda. T. d. ef útlent smjörlíki kostar hingað flutt 60 + 20=80 aura, þá gæti innlenda verksmiðjan selt sitt á 75 aura, og þó grætt liðuga 20 aura á pundinu. Já, hún gæti farið miklu lengra. Hún gæti selt samskonar smjörlíki, sem innflutt kostaði tollaust 60 au., fyrir enn minna, t. d. 50 au. eða enn minna, og þannig orðið miklu hættulegri keppinautur fyrir sveitabóndann en hið innflutta smjörlíki. Og þetta mundi hún gjöra, jafnskjótt og hún væri búin að bola útlenda smjörlíkinu af markaðinum, sem tollurinn hjálpaði henni til að gera.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg leyfi mjer að stinga upp á, að 3 manna nefnd sje sett í þetta mál.

ATKVÆÐAGR.: Nefnd samþ. með 14 gegn 5 atkv. og kosnir:

Tr. Gunnarsson með 11 atkv.

Björn Sigfússon með 10 atkv.
Pjetur Jónsson með 9 atkv.

Till. til þingsályktunar um lax- og selveiði (C. bls. 206); hvernig ræða skuli.

ATKVÆÐAGR.: Samþykkt í e. hljóði að hafa eina umr.

Sextándi fundur, mánudag 19. júlí, kl. 12 á hád. Allir á fundi.

Frv. til laga um heimild til að ferma og afferma skip á helgidögum þjóðkirkjunnar (C. bls. 192); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. með 19 atkv. og afgreitt til landsh. sem *lög frá alþingi.*

Frumv. til laga um uppreist á æru án konungsúrskurðar (C. bls. 192); 3. umr.

Guðjón Guðlaugsson: Það væri nú heldur seint að fara að gjöra athugas. við frumv. þetta, enda er það ekki meining mín, að fara nú fram á neina breytingu á því. Jeg vildi að eins leyfa mjer að beina þeirri spurningu til hæstv. landsh., hvort ekki standi óhögguð eptir sem áður, þótt þetta frumv. verði að lögum, þau ákvæði, sem nú gilda, að menn geti sókt um uppreist á æru eptir að fimm ár eru liðin frá því, að það brot var framið, er gjörði það að verkum, að menn misstu æruna. Því að ef svo er, að þetta frumv. gjörir það að verkum, að menn geti undir engum kringumstæðum fengið uppreist á æru fyr en eptir 10 ár, þá er það apturför frá því, sem nú er.

Jeg vildi þess vegna, að það gæti komið fram í umræðunum um málið, hver væri hinn rjetti skilningur í þessu efni. Það er mjög skiljanlegt, að bæði þeir sjálfir, er misst hafa æruna og eins vinir þeirra eða vandamenn vilji, ef unnt er, geta fengið æruna aptur eptir 5 ár, eins og nú eru lög til.

Landshöfðingi: Jeg get fljótt svarað þessari fyrirspurn, því það liggur í augum uppi, að þetta frumv. getur ekki snert gildandi lög um uppreist á æru með konungsúrskurði. Hjer er að eins um það að ræða, að veita manni rjett til að fá uppreist á æru án konungsúrskurðar; en tilskipunin 12. marz 1870 stendur óhögguð eptir sem áður.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. í e. hlj., og afgreitt til landsh. sem *lög frá alþingi.*

Frumv. til laga um viðauka við lög nr. 1, 9. jan. 1880 (C. bls. 228); 3. umr.

ATKVÆÐAGR: Frumv. samþ. með 17 atkv. shlj., og afgreitt til. ed.

Frumv. til laga um búsetu fastakaupmanna á Íslandi (C. bls. 200); 1. umr.

Flutningsmaður (Benedikt Sveinsson): Eins og h. þingdm. er kunnugt, hefi jeg ekki komið fram með neitt nýmæli, þar sem þetta frumv. er. Jeg vona þess vegna, að þetta mál valdi ekki miklum tvímælum hjer í deildinni; enda get jeg lýst því yfir með fullri viðurkenningu til þessarar h. þingd., að hún hefir fullkomlega tekið að sjer málið með aðgjörðum sínum í því 1894 og 1895.

Það er auðvitað, að margt og ýtarlega mætti tala um þær ástæður og þá nauðsyn, sem þetta mál byggist á. Það mætti rekja þessar ástæður til sögu landsins og reynslu á undanförnum tímum, og sömuleiðis mætti finna margar og miklar ástæður fyrir því í þeim tíma, sem yfir stendur. En jeg álít, að það eigi ekki við, að fara nú að rekja þessar ástæður eða tala langt um þetta mál, bæði af því, að menn ættu að gjöra sjer að reglu að tala ekki meira en nauðsynlegt er, enda er tíminn stuttur og nóg verkefni fyrir hendi á þinginu; en sjer í lagi álít jeg, að langar

umræður eigi ekki við af því, að það lýsti einskonar mistrygging til h. þingd. og það væri eins og maður gjörði ráð fyrir hughvarfi og stefnubreytingu hjá deildinni, þar sem hún samþykkti þetta mál bæði 1894 og 1895. Þvert á móti vil jeg gjöra ráð fyrir, að h. þingd. haldi fast við ályktun sína frá nefndum þingum, svo lengi sem sömu fulltrúarnir eiga sæti í deildinni. Af þessari ástæðu skal jeg ekki orðlengja neitt um þetta mál nú, enda verð jeg guðsfeginn að snúa bakinu að hinum umliðna tíma þegar um verzlunarmál Íslands er að ræða. Miklu fremur vil jeg snúa huga mínum fram í tímann, og gjöra mjer beztu vonir um mikla og góða ávexti af þeim málum, sem nú eru á dagskrá þjóðarinnar, verzlunarmálum landsins til eflingar, því ef menn eiga að gjöra sjer góðar vonir um framtíð þessa lands, þá verða menn ekki sízt að byggja þær á endurbótum og þeim verulegum, á verzlunarástandi landsins, því sem nú er, því jeg álít það vera á hinum ískyggilegasta rekspöl, þó út líti fyrir, að sumir menn vilji hefja það upp til skýjanna.

Þeir, sem borið hafa fram mótmæli gegn stefnu þessa frumvarps, vona jeg nú og að láti sjer skiljast, að nýr tími blasir við oss, sem rýmir á burtu þeim ástæðum, sem áður hafa verið færðar fram gegn þessu máli, ef ekki algjörlega, þá þó að mestu leyti. Með þess um almennu ummælum leyfi jeg mjer að mæla hið bezta með því, að þetta frumv. verði látið ganga til 2. umr.

Landshöfðingi: Eins og h. flutningsm. (B. Sv.) tók fram, er þetta frumv. ekkert nýmæli hjer á þingi. Málið um búsetu fastakaupmanna hefir opt verið rætt og fellt hjer á þinginu, þangað til loks að það var samþykkt með litlum atkvæðafjölda á þinginu 1894; en það fjekk ekki konunglega staðfestingu. 1895 var það enn samþykkt í þessari h. þingd., en fellt í Ed. Það eru þess vegna ekki mikil líkindi til, að þetta frumv. verði samþykkt nú á þessu þingi, og enn minni líkindi til, að það hljóti konunglega staðfestingu, þó það komist í gegn um þingið, því þær ástæður, sem teknar eru fram gegn málinu í ráðgjafabrjefi 21. febr. 1895, standa enn óhaggaðar. Það er þess vegna til lítils annars en að eyða tíma þingsins, að vera að ræða þetta mál nú, og álít jeg því, að h. þingd. gjörði rjettast í að fella það nú þegar.

Flutningsmaður (Benedikt Sveinsson): Jeg get ekki leitt hjá mjer að svara fám orðum ræðu hæstv. landsh. Hann benti h. deild í ræðu sinni á þau forlög, sem frumv. þetta hefir átt að sæta hingað til á alþingi Íslendinga; og hafði í því tilliti rjett að mæla. Það er alla daga satt, að þetta mál var fyrst samþykkt á þingi 1869, en þá fengu menn að heyra þetta vanalega ástæðulausa afsvar stjórnarinnar dönsku um að fara að vilja þingsins í því máli. Svo lá málið, þó það sæti undrum, í dái ráðgjafarþingin út, og var ekki tekið upp aptur á dagskrá fyr en á þinginu 1875; það má því með sanni segja, að þingið hafi unnið allt of sljólega að málinu á tímabilinu 1875—1894, og að því leyti getur athugasemd hæstv. landsh. verið íhugunarverðasta hugvekja fyrir þingið. En jeg fæ ekki betur sjeð samt sem áður en að ályktanir þessarar deildar í málinu á þingunum 1894 og 1895 sýni það, að nú sje oss þó loksins orðið það fullt alvörumál, að fá því framgengt.

Hæstv. landsh. tók það fram, að þetta mál hefði verið fellt í h. Ed. á síðasta þingi. Þetta er að vísu satt. En hvað varð því þá að fótakefli? Ekkert annað en helber misskilningur, meira að

segja, meðal annars, frá hálfu hins hæstv. landsh., sem mjer dettur ekki í hug að verði því að fótakefli í annað sinn. H. Ed. hafði lagt þann skilning, eða öllu heldur misskilning í frv., að það næði einnig til lausakaupmanna og umboðsverzlunar, og að farið væri fram á, að það hvorttveggja væri gjört útlægt hjeðan úr landi. En þetta er sem sagt helber misskilningur, eins og líka h. Nd. nú er búin að fá áþreifanleg rök fyrir, bæði frá minni hálfu, og hins h. lögfróða þm. Rvík (J. Jens.), sem taldi það galla, já, aðalgallann á frumv., að það auðsjáanlega, eins og satt er, ekki nær til umboðsverzlunar eða lausakaupmanna. Nei, þetta frumv. er einungis miðað við hina sögulegu eða rjettara sagt ósögulegu selstöðuverzlun á Íslandi, en nær hvorki til lausakaupmanna nje umboðsverzlunar. Jeg gæti sýnt í ríkisdagstíðindum Dana orð annars eins autoritets og Nellemanns því til stuðnings, að það sje rjettur skilningur, sem jeg held fram, en að h. Ed. hafi á síðasta þingi viljað gefa frumv. yfirgripsmeiri þýðingu en það rjett skilið getur haft, og einmitt þess vegna felldi hún frumv. og af engu öðru. Og nú hef jeg það traust til h. Ed., að hún í ár muni vilja leiðrjetta það, sem hún gjörði af misskilningi á síðasta þingi. Jeg segi um sjálfan mig, að jeg álít mig ekki meiri mann en svo, að fyrir mig geti það komið, að jeg bæði mæli ranglega og greiði ranglega atkv. af misskilningi, en undir eins og jeg sannfærist um misskilning minn, þá þykist jeg ekki of góður til að breyta skoðun minni og atkv., meira að segja tel það helga skyldu mína, og hið sama traust ber jeg til h. Ed.

Jeg trúi því ekki, að gagnvart þessari deild standi í þessu máli tvöfaldur ógnana slagbrandur, sem sje bæði hin h. Ed. og svo stjórnin, en á þetta virtust þó orð hins hæstv. landsh. benda. Viðvíkjandi því, að frv. þetta muni ekki hljóta konunglega staðfestingu, þótt það verði samþ. af þinginu, get jeg ekki stillt mig um að taka það fram, að hjer er um fullkomið sjermál Íslands að ræða, sem eptir eðli sínu ætti alls ekki að vera komið undir úrskurði ríkisráðsins danska, og um það hlýtur landsh. að vera mjer samdóma. En hvað því líður, þá höfum við bæði heimild og helga skyldu til að beina sjálfir máli þessu í rjett horf, hvort svo sem vjer erum beittir rangindum eða gjörræði með tilliti til staðfestingar þess eður eigi. Jeg tek þetta ekki fram sem bituryrði í garð hæstv. landsh., heldur sem objektivt eða hlutlegt atriði í málinu, og til að sýna fram á, að engin ástæða sje fyrir þingið að fella frumv. eða fylgja því slælega, hverjar svo sem undirtektir hinnar dönsku stjórnar kunna að verða. Jeg efast heldur ekki um það, að ef þingið stendur stöðugt í sömu sporum í því, þá muni það um síðir geta sannfært jafnvel þessa sömu stjórn, og beygt hana út af þeirri leið, að segja ekki annað en þvert ástæðulaust nei við slíku velferðarmáli lands vors, sem þetta er.

Jeg játa það, að það getur að vísu verið nokkur freisting fyrir dönsku stjórnina, að setja sig upp á móti þessu máli; það vantaði ekki, að það væri tekið fram í ríkisþingi Dana 1894, að það mundi verða til stórskaða fyrir Dani, að frumv. þetta yrði að lögum; og jeg skal vera svo hreinskilinn að játa, að þetta er ekki sagt að ástæðulausu. En herra guð, hví má sá hagur Dana ekki rýrna, sem ranglátlega fellur þeim í greipar af verzlun Íslands, og hví skyldi hagur Íslands eigi mega batna við þann stórkostlega arð, sem eðlilega flýtur af þess eigin verzlun?

Jeg vona því að danska stjórnin láti

sjer segjast, þegar hún sjer festu vora, og að hjer er um hið stærsta velferðarmál lands vors að ræða; jeg hef jafnvel ekki svo gjörsamlegt mistraust á hinni dönsku stjórn, að hún vilji standa oss Íslendingum um aldur og æfi fyrir þrifum, og að henni loksins geti lærzt, þó vjer ekki getum losað sjermál Íslands úr greipum hennar, sem lög standa til, að skoða mál þetta eigi síður frá íslenzku sjónarmiði en dönsku, og undir eins og hún gjörir það, þá er jeg viss um, að hinn gamli þvergirðingsskapur í því og öðrum sjermálum Íslands af hennar hálfu hverfur.

Jeg veit það, að hæstv. landsh. er neyddur til að taka í mál þetta eins og hann gjörði; það hefir hann orðið að gjöra sem umboðsmaður hinnar dönsku stjórnar, en jeg vona að hann fyrirgefi mjer, þótt orð hans hafi ekki minnstu áhrif á stefnu mína eða tillögur í málinu, og hins sama vænti jeg frá hálfu hinna annara þingdm.

Tryggvi Gunnarsson: Mig furðar á, hve þrásækinn háttv. flutningsm. þessa máls er, að flytja þetta sama frumv. þing eptir þing; optast hefir það verið fellt á þinginu, og þá sjaldan, sem það hefir komizt gegn um þingið, hefir stjórnin fellt það. Jeg held að frumv. hefði mátt hvíla sig á þessu þingi, því þótt það yrði samþykkt og staðfest af konungi sem lög, held jeg að það yrðu næsta smá kraptaverk, sem það gerði til gagnsemdar. Vjer höfum reynsluna fyrir oss næstliðna áratugi, að hinir svo kölluðu innlendu kaupmenn hafa ekki gert meira gagn landi og lýð heldur en hinir, sem búsettir hafa verið í útlöndum. Jeg hefi sjálfur fengizt við verzlun í meir en 20 ár, og hef því kynnzt verzlunarstjettinni töluvert; og get sagt það, að jeg þekki ekki innlenda kaupmenn, sem hafi gert landinu að tiltölu meira gagn en hinir útlendu; þeir eru sárfáir innlendir, sem lagt hafa nokkurn teljandi styrk til stórþarfafyrirtækja eða sem hafa barizt fyrir, að koma þeim á fót, og sjaldnast eru það þeir, sem byrja á því að hækka innlenda vöruverðið. Jeg undantek að vísu í þessu efni einn innlendan kaupmann vestanlands, sem gengst fyrir, að hindra vínkaup m. m., og Gránufjelagið, því það gekkst fyrir norðanlands, að byggja salthús víða, til að ljetta mönnum aðflutninga, og byrjaði þar á að gufubræða lifur, til þess að bæta verð á lýsi, ásamt ýmsu fleiru.

Þessir innlendu kaupmenn svokölluðu eru með litlum undantekningum því miður helzt til opt efnalitlir, hafa lítið lánstraust til að birgja sig upp með nauðsynjavörur, og þurfa að fara varlega, að ráðast í stórræði. Sú varan, sem oss er þörfust, er hin svo kallaða nauðsynjavara eða matvörur, en á þeim er opt lítill ágóði, þegar kostnaður er frádreginn; af því leiðir, að þeir geta eigi haft mikið af slíkum vörum, og flytja því einatt mest af kramvöru.

Ef h. flutningsm. (B. Sv.) gæti bent á af reynslunni, að innlendir kaupmenn hafi stutt að framförum landsins frekar en hinir, þá væri nokkur ástæða til, að gefa þeim forrjettindi eða einkarjett til að hafa einir alla verzlun landsmanna; en hætt er við, að þegar þeir eru búnir að fá slíkan einkarjett, að þeir yrðu þá ólíklegri en þeir eru nú til að reka landinu hagkvæmari verzlun, þegar samkeppnin minnkar.

Mjer dettur í hug einn innlendur kaupmaður hjer í bænum, sem jeg þekki; hann er efnamaður, hefir stóra útgerð og birgir verzlun sína optast vel, en aldrei hef jeg orðið var við, að hann hafi rjett neinu íslenzku nauðsynjafyrirtæki hjálparhönd, miklu fremur reynt,

að brjóta þau niður. — Það er því ekki ætlið efnaleysi um að kenna, að innlendir kaupmenn gjöra svo sárlítið fyrir landið, heldur jafnframt viljaleysi hjá sumum.

Jeg sje í stuttu máli ekki, að frumv. þetta sje til gagns eða nái tilganginum, eins og það er orðað, og álít jeg því ráðlegast, að fella það nú þegar, og mun jeg greiða atkvæði fyrir því.

Flutningsmaður (Benidikt Sveinsson): Jeg ætlaði mjer ekki að tala meira í þessu máli, en h. 1. þingm. Árnes. (Tr. G.) neyðir mig til þess. Það var sá galli á hans ræðu, að hún var svo langt fyrir utan efni þessa frumv., — margar þingmannaleiðir fyrir utan. Mjer dettur ekki í hug, að fara hjer út í privatfyrirtæki kaupmanna eða fara að tína og telja saman þá mola, sem hrotið kunna að hafa af borðum hinna ríku kaupmanna, sem búsettir eru í útlöndum; því þó það væri gert, sannaði það ekki vitund á móti þessu frumv. En ef þingm. vildi reikna með órækum tölum það tap, sem Ísland hefir haft á því, að þessir selstöðukaupmenn hafa verið búsettir í útlöndum, og bera það saman við þessa hratmola af borðum þeirra Íslandi til handa, og gæti sýnt mjer fram á, að tapið væri minna en gróðinn, ja, þá kynni jeg að fara að hugsa mig um.

H. 1. þm. Árn. (Tr. G.) hjelt því fram, að hinir innlendu kaupmenn hefðu gert oss lítið gagn. En sje það satt, þá vil jeg spyrja: Hver er orsökin? Hún er sú, að þessir menn eru fátækir og hafa lítið lánstraust, en það kemur aptur af því, að þeir eiga að keppa við þessa ríku, útlendu kaupmenn.

Er það nú ekki grátlegt, að af öllu því stórfje, sem þessir útlendu kaupmenn hafa grætt hjer, skuli að eins örfáir smámolar endrum og sinnum koma Íslandi til gagns? Ef það væri víst, að frumv. þetta yrði eins árangurslítið eins og sumir hafa spáð hjer í dag, hvaða ástæða er þá til, að halda svo fast á móti því? Vjer höfum þó sannarlega rjett til að semja lög, þó ekki sje nema til reynslu, ef þau kynnu þó eitthvað lítið úr að bæta því, sem nú á sjer stað. Jeg gæti nefnt hjer t. d. einn kaupmann meðal fleiri, sem aflað hafa sjer auðs með verzlun sinni, og flutt sig svo búferlum til útlanda, þegar hann þóttist kominn í efni; jeg meina Ásgeir kaupmann Ásgeirsson á Ísafirði. Þetta hefði hann ekki getað, hefði frumv. þetta þá verið í lögum. — Jeg skil ekki, að það sje minni vanþörf hjer, heldur en annarsstaðar, að hafa slík lög. (*Jón Jensson:* Hvar?). Alstaðar þar, sem eins er ástatt og á Íslandi, en í slíka leit er jeg ekki skyldugur að ganga með þingmanninum.

Jeg ætla svo ekki að tala meira að sinni um málið, en mun færa ýtarlegri rök fyrir því síðar meir, ef þörf gjörist.

Jón Jensson: Flutningsm. komst svo að orði, að frv. hefði fallið í efri deild 1895 um einhvern misskilning, sem hefði orðið því að fótakefli. Hann er svo fasttrúaður á ágæti þessa frumv. síns, að hann heldur að ekkert geti fellt það nema misskilningur eða skilningsleysi manna. Jeg verð nú að segja honum það, að rjeði atkv. mitt úrslitum í þessu máli, mundi jeg hiklaust fella það; jeg er nú ekki skilningsbetri en þetta. Jeg sje ekkert í þessu frv., sem mundi miða til bóta, og því greiði jeg atkvæði á móti því, og jeg hygg að svo sjeu fleiri h. þm. hjer í deildinni. Jeg hygg enda, að meðal þeirra, sem áður hafa gefið því atkvæði sitt hjer á þingi, hafi sumir leiðzt til þess af því kappfylgi, sem frumv. er flutt með, án þess þeir hafi getað skilið eða sannfærzt um gagnsemi þess. En jeg álít, að það sje rjett regla að greiða

ekki atkvæði með frumv., sem menn ekki sjá að sjeu til neins gagns (Benidikt Sveinsson: En í stjórnarskrármálinu?). Já, engu síður, og það geta sumir haft gott af að athuga það.

Eptir ummælum sjálfs herra flutningsm. er það aðaltilgangur þessa frv., að styðja að því að raka saman auðsafni í hendur einstakra manna hjer á landi, eða, eins og hann komst að orði, að koma upp kaupmönnum, sem »hafi bein í hendi«. Þetta er frumv. eini aðaltilgangur og þetta á að vera í þeirri góðu von, að þessir menn muni svo á eptir verða til þess að gagna Íslandi með auð sínum, verða frumkvöðlar og forsprakkar nýrra gagnsemdarstarfa og framfara.

Jeg fyrir mitt leyti hef alltaf hugsað, að aðaltilgangur allrar verzlunarlöggjafar ætti að vera, ekki umhyggja fyrir auðsafni einstakra manna, heldur hitt, að útvega öllum almenningi þjóðarinnar svo hagfeld verzlunarkjör sem auðið er; allt annað ætti að vera aukaatriði hjá því. En í þessu frumv. er ekkert um slíkt hugsað, ekkert um hagsmuni almennings, heldur um að efla aurasafn einstakra manna. Mjer sýnist nokkuð valt, að jeg ekki segi barnalegt, að treysta því að allir þeir, sem kunna að hafa lag á að græða fje á verzlun, hafi jafnframt vilja og viðleitni á að verja gróða sínum til framfarafyrirtækja og hagsmuna landsins.

Líkindi til þess verða ekki dregin út af því, sem hingað til hefir átt sjer hjer stað. Eptir því sem flutningsm. sagðist sjálfum frá, hefir reynslan einmitt orðið algerlega þessu gagnstæð.

En svo kemur nú annað til athugunar: eru nokkur líkindi til að frumv. þetta næði tilgangi sínum, þótt það yrði að lögum? Jeg get ekki sjeð að svo sje. Þótt nú yrði lögleitt, að enginn kaupmaður megi reka hjer fasta verzlun nema hann sje hjer búsettur, þá stendur það þó óhaggað eptir sem áður, að hingað mega koma lausakaupmenn, sem mega verzla á hverri löggiltri vík og vogi hjer á landi — og slíkir löggiltir staðir eru nú orðnir einir 60 talsins. Þessir menn sæta engri álögu til neinna stjetta hjer í landi, bera hjer engar álögubyrðar. Með því er banvænum brandi lagt í gegnum aðaltilgang þessa frumv. (*B. Sv.*: Misskilningur). Nei, enginn misskilningur hjá mjer; það er þó mikill munur milli fastakaupmanna, þar sem fastakaupmenn verða að bera allar byrðar og álögur eins og aðrir landsmenn, en lausakaupmenn engar. Lausakaupmenn standa þannig miklu betur að vígi; fastakaupmennirnir fátæku innlendu gætu því engan veginn keppt við þá; fastakaupmennirnir stæðu ver að vígi en nú, því þegar hinum auðugu kaupmönnum, sem búsettir eru í útlöndum, yrði meinað að reka hjer fasta verzlun, færu þeir auðvitað að verzla hjer sem lausakaupmenn.

Svo eru nú pöntunarfjelögin; þau eiga að vera óáreitt af þessu frumv., því þau koma ekki inn undir ákvarðanir þess. Eins og allir h. þdm. vita, hefir blað eitt hjer í bænum, sem almennt er talið næsta náskylt hinum h. flutningsm., haldið því fast fram, að pöntunarfjelögin væri útlend verzlun, svo sem framast má verða. Blað það fær eigi betur sjeð en að í pöntunarfjelögunum sjeu það útlendingar einir, eða menn búsettir í útlöndum, sem draga til sín allan haginn af verzlun þeirra; þótt landsmenn hafi nokkurn töluverðan hag af verðlaginu í pöntunarfjelögunum, þá lendi þó aðalhagurinn hjá útlendingum. Ekki tjáir að segja, að umboðsmenn fjelaganna hafi hjer aðsetur, því að þótt einhverjir þeirra kynnu að hafi leyst hjer borg-

arabrjef, þá verður það þó ekki talin búseta, nema þeir hafi hjer fasta verzlun og heimilisfang. Ef því verzlunarhagurinn lendir aðallega hjá umboðsmönnum, þá verður að álíta þá sem lausakaupmenn hjer við land, með þeim eina mismun, að þeir flytja aðeins pantaðar vörur í stað ópantaðra. Eptir því áliti, sem þetta blað hefur fram fylgt og jeg verð að eigna hinum h. flutningsm., þá verða kaupfjelögin önnur ólífiskesjan, sem stendur í gegnum þetta frumv.; tilvera þeirra dregur feitt strik yfir allan tilgang þess; og þetta sýnist mjer verða hinum h. flutningsm. slæmt »strik í reikninginn«.

Jeg þykist nú hafa sýnt fram á þetta tvennt:

1, að frv. þetta hefir þann tilgang að auka auðsafn einstakra manna, en ekki að efla hagkvæma verzlun fyrir almenning; með öðrum orðum: að það hafi allt annan tilgang en verzlunarlöggjöf á að rjettu lagi að hafa.

2, að ekki einu sinni þessi vanhugsaði og órjettvísi tilgangur flutningsm. næst með frumv., af því að það heimilar svo stórar undantekningar, að þær hljóta alveg að drepa regluna. Yrði frumv. lögleitt, yrði það einokunarband á verzluninni, sem tækkaði keppinautum í henni og varnaði fjármagni inn í landið til verzlunar.

Flutningsm. (B. Sv.) vill ekki leyfa útlendingum að verzla hjer, en játar jafnframt að innlenda menn skorti fjármagn og lánstraust til að reka verzlun með því afli, að oss megi hagkvæmt verða; en ef þetta bann kæmist á, hlyti það að spilla lánstraustinu að miklum mun frá því, sem nú er.

Útlendur lánardrottinn, sem yrði fyrir vanskilum af skuldunaut sínum hjer, gæti þá ekki tekið af honum verzlun hans, þótt veðsett væri, og rekið hana sjálfur. Hann hefði engin önnur ráð en að láta selja vörurnar á uppboði fyrir hvað sem fyrir þær fengist. (*B. Sv.*: Þá græða landsmenn á góðum kaupum). Sá gróði yrði á kostnað lánardrottins og mundi ekki fýsa útlenda menn til að hætta hingað fje sínu til láns. Þetta yrði því til að eyðileggja lánstraustið.

En þó vjer nú gerðum ráð fyrir því, sem óhugsandi er, að frumv. þetta, ef það yrði að lögum, næði þeim tilgangi sínum að hjálpa nokkrum einstaklingum til að draga undir sig stórauð, kannske miljónir, þá er þó eptir annar slæmur lekastaður á skipinu, sem flutningsm. (B. Sv.) hefir yfirsjezt að stífla. Þessir blessaðir miljónarar flutningsm. geta flogið burtu einn góðan veðurdag, þegar þeir þykjast hafa nógu safnað, sezt svo að erlendis og lifað þar góðu lífi við eyðslu og ofnautn þess aurasafns, sem frumv. flutningsm. hefði hjálpað þeim til að raka saman á Íslandi. Frumv. fer nefnilega fram á að veita einstökum mönnum einkarjett til auðsafns, án þess að leggja þeim nokkra hina minnstu skyldu á herðar, eða gefa nokkra minnstu tryggingu fyrir því, hvernig eða hvar þeir verji auð sínum.

Nei, ef menn vilja ná þeim tilgangi, að láta allan arð af verzluninni nýnda auðsafn, sem menn hefðu tryggingu fyrir að hjeldist í landinu og yrði varið til þess þarfa, þá verður að fara allt öðru vísi að. Þá gæti jeg betur skilið, að menn mynduðu með lögum eitt verzlunarfjelag, eða pöntunarfjelag, sem næði yfir allt landið, og rækju svo umboðsverzlunina fyrir landsins reikning. (*Jón Jónsson*, þm. Eyf.: Hevr! *B. Sv.*: Socialismus). Látum það svo vera, það er ekki verra fyrir það, hvað það er kallað, og ríkissocialismus er ekki verri en bandvitlaus individualismus. Slíku auðsafni, sem þannig safnaðist, hefði landið þó fullt ráð yfir; jeg gæti

því skilið frumv., sem færi fram á þetta og gengi í þessa átt.

H. 1. þm. Árn. (Tr. G.) talaði um að innlendir kaupmenn hefðu lítið eða ekkert gert fyrir landið. Jeg fyrir mitt leyti þekki nú engan stóran íslenzkan kaupmann, sem hjer hefir rekið verzlun, sem ekki hafi gert mikið fyrir landið. Jeg skal nefna til Ásgeir Ásgeirsson á Ísafirði, sem hefir komið upp miklum innlendum þilskipastól og þannig eflt sjávarútveginn. (*Tr. G.*: Búsettur í Höfn!). Jeg kalla hann íslenzkan eins fyrir það. Jeg skal nefna annan kaupmann: Geir Zoëga hjer í Reykjavík; hann hefir gjört mikið fyrir sjávarútveginn á sama hátt og Ásgeir.

Yfir höfuð hafa þeir efnaðir kaupmenn, sem eru Íslendingar, optast nær gert mikið fyrir landið, hvort heldur sem þeir hafa verið búsettir hjer eða í Khöfn. (*B. Sv.*: Svo?). Reynslan hefir sýnt það.

Skúli Thoroddsen: Jeg skal stuttlega gera grein fyrir skoðun minni á þessu máli, af því að jeg hefi áður greitt atkvæði með sams konar frumv., og mun einnig greiða atkvæði með þessu frumv. nú. Það er alkunnugt, að eptir því sem atvinnuvegum vorum er háttað, þá er verzlun einn af þeim fáu atvinnuvegum hjer á landi, sem geta skapað »kapital«; því er sorglegt til þess að vita, að verzluninni skuli þannig hagað, að þetta »kapital« dregst út úr landinu.

Tilgangur frumv. þessa er auðsjáanlega sá, að verzlunarauðsafnið geti staðnæmzt í landinu, og í öðru lagi er hann sá, að skapa góða og hagfelda verzlun hjer í landi, og skal jeg nú leitast við að sýna, að hvorttveggja þessum tilgangi má ná með lögum þeim, sem hjer er um að ræða. Það hefir komið fram í ræðum h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) og h. þm. Rvík. (J. Jenss.), að þeir álíta, að verði frumv. þetta að lögum, þá sjeu allir aðrir en Íslendingar útilokaðir frá að verzla hjer á landi; en það er langt frá, að þetta sje rjett álit. Bæði Danir, Englendingar, Svíar og Norðmenn, og hverjir aðrir útlendingar, geta rekið hjer verzlun eptir sem áður; vjer segjum við þá alla: Ykkur er velkomið að taka þátt í verzlun lands vors, það kostar ekki annað en það, að þjer takið yður bústað í landi voru. Það ætti og sízt við, að vjer Íslendingar sjálfir yrðum til þess, að staðfesta þá skoðun á landi voru, að það sje sú hundaþúfa, sem engum sje boðlegt að setjast á, og að frágangssök sje að festa bú á þessum hólma, sem vjer þó vonandi allir höfum kæran, eða að minnsta kosti ættum að hafa kæran.

Það er og langt frá því, að það sje nokkur frágangssök, að reka hjer verzlun, þótt verzlunarstjett vor verði að hafa hjer búsetu, og því hægra aðstöðu verður fyrir búsetta kaupmenn að reka verzlun hjer, þegar vjer fáum frjettaþráðarsamband við önnur lönd. Vitaskuld þurfa kaupmenn eptir sem áður að ferðast við og við til útlanda í verzlunarerindum, eða þá að minnsta kosti að hafa umboðsmann sinn erlendis, ef þeim þætti iðulegt ferðalag landa á milli óhagkvæmt eða þreytandi. En menn kunna nú að vísu að segja, að nýr kostnaður leggist þá á verzlunina, ef kaupmenn verða að hafa umboðsmenn í útlöndum. En þess ber að gæta, að kaupmenn vorir, þeir sem búsettir eru erlendis, hafa all-flestir, þrátt fyrir búsetuna erlendis, umboðsmenn í útlöndum, sem selja og kaupa vörur fyrir þá, og í öðru lagi er þess að gæta, að væru kaupmenn búsettir hjer, en eigi erlendis, þá mundu þeir spara stórum við það, að þurfa eigi að halda fak-

tora, en einmitt faktoraverzlunin er eitt af verstu verzlunarkýlunum, því að það er opinber leyndardómur, að faktorarnir færa vöruverðið fram úr því, sem það er sett á »faktúrunum« af kaupmönnunum sjálfum, og við það verður verzlunin ekki að eins viðskiptamönnunum dýrari, heldur og eigendunum óhagkvæmari. Þessi faktoraálagning, sem tíðkast, bæði á Norður- og Vesturlandi — mjer er óhætt að fullyrða það — er líklega í fyrstu sprottin af því, að faktorinn, sem á að standa húsbónda sínum reikningsskil eptir »faktúrunum«, mundi eigi geta staðizt það, nema með því að leggja ofurlítið sjálfur á vörurnar, til þess að bæta upp þverrun þá sem kemur fram á ýmsum vörutegund um. En það lítur út fyrir, að þessi álagning sje stundum nokkuð mikil, og nægir því til sönnunar að benda á faktoralífið hjer á landi, sem almennt er talið eitt hið »flottasta« líf hjer, og það svo, að enginn embættismaður með 4—5000 kr. árslaunum myndi sjá sjer fært að lifa samsvarandi lífi, eins og faktorar, sem að eins hafa 15—1600 kr. að launum.

H. þm. Rvík. (J. Jenss.) taldi það óheppilegt, að lög þessi útilokuðu ekki kaupfjelagaverzlun hjer á landi; hann kvað umboðsmenn fjelaganna hafa eins mikinn hagnað af umboðsmennsku sinni, eins og kaupmennina af verzlun sinni. Jeg álít, að þessi skoðun h. þm. Rvík (J. Jenss.) sje sprottin af misskilningi hans á kaupfjelagsskap, og af því hann þekki ekki fyrirkomulag annara pöntunarfjelaga en pöntunarfjelags Reykvíkinga, sem byggt er á öðrum grundvelli en önnur pöntunarfjelög hjer á landi. Sjeu pöntunarfjelögin í rjettu horfi, þá fá þau umboðsmanni sínum fje í hendur, til að kaupa fyrir — hvort heldur það er nú lánsfje, eða þau eiga það sjálf — það, sem þau þarfnast í útlöndum, og umboðsmaðurinn fær ekki annað en 2—3% umboðslaun, og auðvitað rentur af fje því, er hann kann að lána fjelögunum til innkaupa. Það er auðvitað stór ókostur á kaupfjelögum vorum, að þau verða að taka veltufje að láni í útlöndum.

En hvernig stendur á því, að fjelögin skuli fara þannig að ráði sínu? Hvernig stendur á því, að þau skuli til þessa hafa bundið verzlun sína við einn erlendan lánveitanda, og þar af leiðandi orðið að sæta ýmsum óhagkvæmari kjörum en ef þau hefðu átt peningana sjálf? Það kemur til af því, að hin eina lánsstofnun vor, bankinn, getur ekki veitt þeim lán, svo að nokkru nemi. Jeg er sjálfur forstöðumaður pöntunarfjelags, sem þarf að fá minnst 120—150,000 króna lán að vorinu, og hversu æskilegt sem það væri, að þetta lán gæti fengizt í bankanum, þá hefir þó bankinn eigi verið þess megnugur, að lána kaupfjelögum, og það því síður, sem hann hefir bundið töluvert af fje sínu með því, að vera að »spekúlera« í húsa- og jarðakaupum, sem að vonum hefir vakið töluvert hneyksli.

H. 1. þm. Árn. (Tr. G.) tók það fram, að hann vissi ekki til, að innlendir kaupmenn hefðu gert hjer nokkurt gagn. H. þingm. Rvík. (J. Jenss.) hefir þegar svarað þessu að nokkru með því, að benda á, að hjer í Reykjavík væri þó einn innlendur kaupmaður, Geir Zoëga, sem miklu góðu hefði komið til leiðar; og h. 1. þingm. Árn. (Tr. G.) verður að gæta þess, að það eru eigi allir menn svo gerðir, að þeir telji það gagnvænlegast, að gefa stórfje til eins eða annars, eða hlaupi til að leggja fje til hinna og þessara, má ske miður hugaðra fyrirtækja, sem hann, eða aðrir, kunna að byrja, og sjálfum þeim geðjast miður að; en það er engu að síður þakkarvert, þegar þessir menn setja fje sitt í

ýmis konar gróðafyrirtæki fyrir sjálfa sig, er bæði fá fjölda manna atvinnu, og örva aðra til framkvæmda; og má í því efni benda á það, að það hafa einmitt verið innlendir kaupmenn, en ekki selstöðuverzlanirnar, sem hafa orðið fyrstir til þess, að koma upp þilskipaveiðum hjer á landi.

Ef litið er í verzlunarskýrslurnar, kann nú að vísu að virðast svo í fljótu bragði, sem hjer sje verið að þrátta um smámuni, þar sem þær telja 131 innlenda kaupmenn, en ekki nema 31 útlendan. En að því er snertir svæði það, sem jeg þekki bezt, sje jeg, að skýrslur þessar eru ekki nákvæmar; þar er t. d. talið, að verzlanirnar á Hesteyri, Arngerðareyri, Flateyri og Þingeyri sjeu innlendar, en þrjár hinar fyrstnefndu á Ásgeir kaupmaður Ásgeirsson, sem, eins og kunnugt er, hefir um mörg ár verið búsettur erlendis, og verzlunina á Þingeyri á Gram, sem einnig er búsettur í Kaupmannahöfn, og hefir lengi búið þar. Sjeu verzlunarskýrslurnar viðlíka nákvæmar annarsstaðar, þá er því ekki mikið á þeim að byggja.

Þess er og að gæta, að ýmsir af hin um innlendu kaupmönnum hafa svo lítinn krapt, að það verður að leggja marga af þeim á móti einum af hinum gömlu útlendu stórkaupmönnum.

Árið 1895 nam umsetning íslenzku verzlunarinnar 14,765,000 kr.; og þótt nú sje gjört ráð fyrir, að útflutta varan, sem nam 7,493,000 kr., hafi ekki verið seld með hagnaði, en kaupmenn hafi að eins fengið sama verð fyrir hana, eins og þeir gáfu fyrir hana hjer á landi, þá er þó eptir innflutta varan, sem er talin í verzlunarskýrslunum samtals 7,272,000 kr.; á henni er víst, að kaupmenn hafa grætt, og jeg ætla, að jeg geri ekki of mikið úr, þó að jeg telji, að kaupmannsálagningin á þessar 7,272,000 kr. hafi að minnsta kosti numið 1½ miljón króna, enda þótt með innkaupsverðinu sje þá talinn flutningskostnaður allur frá útlöndum, og kostnaður við sölu vörunnar hjer á landi.

H. 1. þm. Árn. (Tr. G.) þarf ekki að þrátta við *mig um* þetta; jeg er eins kunnugur verzlun eins og hann, og jeg þekki út í æsar, hvað kaupmenn leggja á hinar einstöku vörutegundir; reikningur minn í þessu efni er sjálfsagt of lágur, en ekki of hár.

Menn sjá því, að hjer er ekki um neina smámuni að ræða; vjer sjáum og, hve verzlunin er arðberandi, á því, hversu hagsýnir menn græða fljótt fje á henni; óhagsýnir og ónýtir menn græða auðvitað ekki á henni, fremur en öðru. —

Væru nú fastakaupmenn allir búsettir hjer á landi, þá mætti óefað gera ráð fyrir, að þeir hefðu meiri áhuga á hag landsins og framförum en hinir, sem, þegar bezt lætur, að eins bregða sjer hingað snöggvast einstöku sinnum. — En það sem oss ríður á, er að hjer sje sem flest af mönnum, er hafa áhuga á því og unun af því, að landið taki sem mestum framförum. Auk þess er það, eins og hver maður getur sjeð, að landið missir eignaskatt af því »kapítali«, sem verzlunin dregur saman, að því leyti, sem það dregst út úr landinu. — Auðvitað gjalda kaupmenn eða eiga að gjalda skatt af því fje, sem þeir hafa í veltu hjer í landi, en vjer vitum, að það er venja margra þeirra, að draga nokkuð af fje sínu smámsaman út úr verzlun sinni, og mynda sjer eins konar varasjóð af því. Það þykir ef til vill smámunasemi, að vera að fara út í þessa sálma, en jeg hef þó tekið þetta fram, til þess að sýna, að það er ekki allt rjett, sem sagt hefir verið, að

þessir útlendu kaupmenn gyldu hjer hina sömu skatta og skyldur eins og þó þeir væru hjer búsettir.

Jeg skal að lokum taka það fram, að jeg vil ekki segja, að þetta frumv. sje hinn einasti rjetti vegur, til að draga verzlunararðinn inn í landið; en á meðan mótmælendur frumv. geta ekki bent á annan betri veg en hjer er vísað á, til þess að halda verzlunararðinum kyrrum í landinum, þá mun jeg greiða atkvæði með frumv., því jeg álít, að hjer sje þó stigið spor í rjetta átt.

Flutningsmaður (*Benedikt Sveinsson*): Mjer virðist h. þm. Rvík (J. Jens.) ekki spara að gjöra árásir á frumv. þetta og tilgang þess; hann tók það fyrst fram, að aðaltilgangur frumv. væri sá, að mynda ríka menn í landinu. Mjer skildist h. þm. Rvík (J. Jens.) bera þetta fram sem hálfgert brigzl, en eigi að síður skal jeg játa, að þessi sje og tilgangur þess. Jeg fæ ómögulega betur sjeð, en að það sje fremur kostur en ókostur, að Ísland eignist auðmenn eins og önnur lönd; að minnsta kosti mundu þeir lausir við þann galla, er h. þm. Rvík (J. Jens.) gjörði svo mikið úr hjá íslenzkum kaupmönnum, að þá vantaði lánstraust erlendis. Jeg vil spyrja: Mundi það ekki hagur fyrir Ísland, ef það ætti nú, þótt ekki væri fleiri en 5—6 miljónaeigendur? Jeg veit að h. þm. Rvík (J. Jens.) er á því menntunarstigi, að hann hefir glöggt yfirlit yfir það, sem hann gefur sig út í að fara að tala um, og þá veit jeg líka, að hann mundi skilja það, að það er hagur fyrir hvert land, að þjóðeignin aukist. Hve marga fátæklinga þessa lands ætli þyrfti á móti einum 10 miljónamönnum, til að svara jafnmiklu til landsþarfa og sveita, væri rjettlátlega jafnað á hvorttveggja? Jeg hef aldrei heyrt það áður, að það mundi ekki hollt fyrir Island, að þar kæmu upp auðmenn, sem störfuðu með auðmagni sínu í landinu sjálfu. Jeg ímynda mjer að ákúrur h. þm. Rvík (J. Jens.) gegn frumv. hafi einkum verið sprottnar af því, að hann hafi bitið sig fastan í það, að það mundi einkum og sjer í lagi verða til að skapa auðmenn í landinu, en hann hafi viljað láta aðaltilganginn vera þann, að skapa hagfelda verzlun í landinu. En hinn h. þm. Rvík (J. Jens.) verður að gæta þess, að þetta tvennt hlýtur einmitt að verða samferða, og meira að segja: auðsafn í landinu fæðir ekki að eins af sjer hagfelda verzlun fyrir landsmenn, heldur allskyns aðra framför og þjóðmenning, bæði í hagsmunalegu og andlegu tilliti.

Nú skal jeg koma að einu atriði, sem mjer þótti vænt um að h. þm. Rvík (J. Jens.), sem bæði er í yfirdómi landsins og skarpur lagamaður, var mjer samdóma um; hann áleit, eins og jeg tel alveg rjett, að þetta frumv. nái ekki til lausakaupmanna og umboðsverzlunar. En einmitt í þessu áliti hans felst mótsögn við annað, sem hann hjelt fram um áhrif þessa frv.

Vjer skulum nú ímynda oss, að þetta frumv. sje orðið að lögum og sje búið að ná þeim tilgangi sínum, að skapa ríka menn í landinu, og vjer gjörum jafnframt ráð fyrir, að lögin nái ekki til lausakaupmanna og umboðsverzlunar. En hvað leiðir svo af því? Auðvitað ekki annað en að viðurkeppni myndast á milli lausakaupmanna og kaupfjelaga, og hinna auðugu innlendu kaupmanna af hinni hálfunni, og þessi viðurkeppni mundi knýja fram hagkvæma verzlun fyrir almenning. Þá kæmi það fram, sem jeg tók fram 1895 gegn h. þm. S.-Þing. (P. J.), að þá kæmi það til úrslita, að hvoru menn vildu heldur halla sjer, kaupmannaverzluninni eða kaupfjelagsskapnum. Með frumv. er mynduð ný samkeppni, ekki einungis til að skapa og vernda auð í landinu,

heldur líka jafnframt til að efla hag almennings, með almennri og eðlilegri samkeppni milli erlendra og innlendra auðmanna. Það sjer hver heilvita maður, að væru auðugir kaupmenn búsettir hjer á landi, þá ættu kaupfjelögin eins að geta snúið sjer til þeirra eins og til útlendra kaupmanna, og fengið hjá þeim eins góð kaup og í útlöndum, já margfalt betri og ábyrgðar- og umsvifaminni. Frumv. þetta hefir þannig í sjer fólgna framtíðar-samkeppni milli innlendra kaupmanna og innlendra kaupfjelaga, sem vilja halda sjer til erlendra umboðsmanna, og reynslan ein getur skorið úr því, hver sigur ber frá borði í þeim leik.

Jeg tek það enn fram, að jeg skil ekki í því, hvernig h. þm. Rvík (J.Jens.) gat komið fram með þá setningu, að þetta frumv. mundi verða til þess, að bægja kapítali frá landinu, í sama augnabliki, sem hann þó sagði, að það mundi verða til að skapa auðmenn í landinu. Er það sama kapítalið eða eru það tvenn kapitöl, sem hann talar um? Og hvernig má það verða, að einmitt við það, að auðmenn rísa upp í landinu, að þeir einmitt við það missi lánstraust sitt erlendis? Hver skilur nú slíka röksemdaleiðslu h. þm. Rvík (J. Jens.)? Ef hann hefði sagt, að hjer væri að eins að ræða um ímyndað auðsafn, þá væri hún skiljanlegri.

H. þm. Rvík (J. Jens.) tók það fram, að Íslendinga vantaði kapítal til að reka verzlun með. Þetta er hálf skrítin setning. Hvernig hefir þetta kapital myndazt, sem kaupfjelögin verzla með? Fjelagsskapurinn hefir skapað það; og það hefir sýnt sig, að gagnvart kaupfjelögunum hefir lánstraustið verið eins tryggt og gagnvart kapitalistum.

Mig furðar að h. þm. Rvk. (J. Jenss.) skuli koma fram með þetta, því jeg veit ekki betur en að hjer í Reykjavík sje kaupfjelag, sem verzlar við kaupmann hjer í bænum, og ef mig minnir rjett, þá hefir verið talað um það í blöðunum, að þetta kaupfjelag sætti líkum verzlunarkostum og hin kaupfjelögin, sem verzla fyrir milligöngu útlendra umboðsmanna, og við útlenda kaupmenn. Þar sem nú er reynsla fyrir, að kaupfjelögin geta fengið engu síðri kjör með því að skipta við innlenda kaupmenn en útlenda, þá furðar mig á því, ef menn vilja halda því fram, að verzlunin verði óhagkvæmari við skyldubúsetu kaupmanna hjer.

H. þm. Rvk. (J. Jenss.) beindi að mjer orðum, sem jeg sje ekki betur en andi í þá átt, að það væri af persónulegum hvötum að jeg bæri fram frv. þetta; það mundi vera af því, að jeg væri skyldur einhverju blaði, að jeg fyndi hvöt hjá mjer að koma með frv. Lengra rakti h. þm. Rvk. (J. Jenss.) þetta ekki. En er þetta nú sennilegt? H. þm. (J. Jenss.) er þó sjálfsagt einn af þeim, sem eitthvað veit um það, hvað fram hefir farið í þessu máli; hann veit það víst, að það var jeg, sem 1869 bar fram sams konar frumv. Ætli jeg hafi ekki líka gjört það þá, af því að jeg hafi verið skyldur einhverju blaði? Hvaða ástæðu getur h. þm. (J. Jenss.) haft til þess að hugsa, að skynsamlega hugsandi menn láti þetta mál gjalda þess, að jeg hef gjörzt flutningsmaður þess. Jeg óska og vona þvert á móti, að menn íhugi það rækilega, því að jeg er sannfærður um, að því fleiri skynsamlegum orðum, sem eytt er um málið, því augljósara og skiljanlegra verður mönnum það, að hjer er um eitt hið mesta velferðarmál landsins að ræða.

Guðjón Guðlaugsson: Mál þetta hefir opt komið fyrir á þingi fyr, en jeg hef þó ekki tekið til máls í því áður og ætlaði ekki að gera það nú. En ein

mjög skynsamleg bending í ræðu h. flutningsm. kom mjer til að taka til máls. Hann talaði mjög vel um það, að þó einhverjir hefðu áður greitt atkv. móti máli þessu af misskilningi, þá ætti það þó ekki að hamla þeim frá að greiða nú atkv. með málinu, er þeir nú hefðu fengið annan skilning á því.

Jeg hef áður á þingi alls ekki greitt atkv. um þetta frumv., hvorki með nje móti. En h. flutningsm. (B. Sv.) hefir nú sannfært mig um, að jeg er ekki upp úr því vaxinn að greiða núna atkv. í málinu. Fyrir misskilning minn hef jeg áður ekki greitt atkv. móti málinu, en nú ætla jeg að gera það og mun gjöra það framvegis. Fyrst og fremst finnst mjer alveg rangt að vera að berja fram frumv., sem maður veit að stjórnin bæði hefir synjað og mun synja staðfestingar, þegar frumv. er svo vaxið, að það stendur *jafntjarri* vilja þjóðarinnar sem stjórnarinnar. Og þetta frumv. fer svo fjarri vilja þjóðarinnar sem verða má. Að berja slíkt frumv. blákalt fram, sem þar að auki bersýnilega er til engra bóta, það hlýtur að eins að rýra álit og áhrif þingsins.

Þótt frumv. þetta yrði að lögum, þá yrðu þau lög tómt pappírsgagn. Það er þó næsta óheppilegt að vera að samþykkja lög, sem allir hljóta að sjá og viðurkenna fyrir fram, að muni verða fótum troðin að ósekju. Þetta frumv. gæti að eins þvingað verzlunina og gert hana erfiðari, en það mundi ekki útiloka nokkurn mann, sem gæti haft talsverðan hag af að fara í kringum fyrirmæli þess. En slíkt hlýtur þó eðlilega að brjóta niður rjettarmeðvitund manna og löghlýðnisandann í landinu.

Ef þetta frumv. yrði að lögum, sem það vonandi aldrei verður, hver er þá tilgangur þess? Hann er, eins og h. þm. Rvk. (J. Jenss.) tók fram, að mynda fáeina auðkýfinga í landinu. Náist þessi tilgangur, hljóta þeir, sem á hallar, að hverfa úr viðkeppninni, en hinir að eflast, og þá yrðu það að eins fáeinir auðkýfingar, sem fengju alla verzlun landsins í sínar hendur, og afleiðingar þessar yrðu ámóta hollar fyrir landið, eins og það væri fyrir smið að *smíða* sjer hníf til að skera af sjer hötuðið. Mjer liggur við að segja, að það mundi *torfundið* snjallara ráð en þetta land inu til tjóns og glötunar. Auðkýfinga valdið er ekki svo gott nje *glæsilegt*, svo sem reynsla annara þjóða getur nógsamlega sýnt oss.

Nær væri fyrir þingið, ef það sæi fært, að vernda hagsmuni þjóðarinnar og einstaklinganna með því að tryggja það, að arðurinn af verzlun landsins renni til hinna innlendu framleiðenda vörunnar, sem vjer höfum að verzla með. En þetta frv. fer í alveg gagnstæða átta, og skal jeg svo ekki orðlengja meira um það.

En úr því að jeg stóð upp á annað borð, verð jeg að svara fáum orðum þingm Rvík., og þykir mjer þó leitt að þurfa að vera að tala á móti einstöku atriði í ræðu hans, þar sem við þó í aðalefninu erum samdóma. En það voru nokkur þau ummæli í ræðu hans, sem mjer fundust gera hana nokkuð mislita. H. þm. lýsti bæði vel og rjett tilgangi frumv., að hann væri ekki sá, að vernda rjettindi eða líta á hagsmuni þjóðarinnar, heldur að eins nokkurra einstaklinga.

Hann tók og mjög vel fram, að vildu menn í raun og veru tryggja þjóðinni arð verzlunarinnar, þá væri beinasti vegur til þess eitt allsherjar-kaupfjelag yfir allt land. Og þegar honum var brugðið um, að þetta væri sósíalismus, þá gladdi mig mjög hans rjettsýna og drengilega svar: að það, sem í sjálfu sjer væri gott, yrði ekki verra fyrir

það, hvaða nafn því væri gefið. Þetta eru einhver hin rjettsýnustu og ef til vill þýðingarmestu orð, sem hjer hafa verið töluð á þingi. En á hinu furðaði mig, að þm. í sömu ræðunni skyldi vera að setja það út á þetta frumv., að það næði ekki til pöntunarfjelaganna, sem mjer heyrðist hann álíta að væru ein hver hin versta tegund útlendrar selstöðuverzlunar. (*Jón Jensson*: Jeg talaði um það sem skoðun flutningsm.). Nú, það gleður mig; en þá beinast þessi orð mín gegn flutningsm.; því ósannari ummæli en þessi um kaupfjelögin verða ekki töluð; því það hefir reynslan sýnt og sannað, að þeir, sem verzla í kaupfjelagi, hafa af því 20—30% meiri arð en af að verzla við kaupmenn. Ekkert getur því verið óviðurkvæmilegra en að kalla þau verri en selstöðuverzlanir. Mjer eru pöntunarfjelögin kunnug og get fullyrt, að þau hafa flutt stórmikinn arð inn í landið, enda þótt hann með fullkomnara fyrirkomulagi hefði getað verið enn meiri. En þrátt fyrir ófullkomleika á fyrirkomulaginu hafa þau þó reynt til að spara og safna fje. Sum þeirra hafa byrjað á því, að safna sjer arðfje, og af þeirri byrjun tel jeg mikla framfaravon. Fjelagið, sem jeg er í, ákvað fyrir nokkrum árum að taka 4% af vöruverðinu og leggja í sjóð; með þessu móti hefir safnazt fje alveg ótilfinnanlega og nærri óafvitandi, því að arðurinn af að verzla í kaupfjelagi hefir verið svo góður. Í þessu eina fjelagi höfum vjer þannig á 4 árum safnað um 15000 kr.; og þó hefir þetta 4%-tillag vort til sjóðsins aldrei numið yfir 1/7 af þeim hag, sem vjer höfum haft af að verzla í fjelaginu, því að hann hefir ekkert ár orðið minni en 28%. Auðvitað stæðu menn jafnvel að vígi, eins og ef menn verzluðu við kaupmenn, þó að menn legðu í sjóðinn allan þann hag, sem menn hafa af því að verzla í kaupfjelagi; en þá yrði sjóðurinn sjöfalt hærri heldur en með 4% aflaginu. Maður, sem verzlaði upp á 1000 kr. um árið í 50 ár, mundi með því að leggja frá 4% af ágóðanum, safna á því tímabili 6100 kr. sjóði. En legði hann allan ágóðann í sjóð, yrði það á sama tíma 42,700 kr. Og menn, sem verzla með 1000 kr. á ári, eru ekki svo fáir, einkum meðal útvegsmanna. Ef öll verzlun landsins væri svona rekin, og 4% af vörumagninu lagðir í sjóð, mundi með því móti á 50 árum safnast 37 miljónir króna. en á 100 árum 297 miljónir; en þetta næmi 7100 kr. á hvern tvítugan mann í landinu. Væri 28% eða allur ágóðinn lagður í sjóð, þá margfaldaðist hver þessi upphæð með 7.

Þetta sýnir, að kaupfjelögin draga ekki arðinn út úr landinu, heldur inn í það. Og þetta er hin rjetta aðferð og hin bezta, en hún er algjörlega gagnstæð aðferð frumv., sem miðar til að mynda og vernda auðkýfinga, sem svo geta hlaupið burt úr landinu, þegar þeir þykjast vera búnir að raka nógu saman. Áhrif einstakra auðkýfinga á þjóðfjelagið í heild sinni verða jafnan þau, að þjá og flá lítilmagnann og drepa niður sjálfstæði hans. Þau áhrif eru svo voðaleg, að móti þeim er smátt að meta gagn það, sem þeir kunna að gera hjer og þar á ýmsum atriðum.

H. þm. Rvík. (J. Jensson) nefndi til 3 kaupmenn hjer á landi, sem hann taldi mjög nytsama menn. Mjer er ekki full ljóst, hvert hann stefndi með þessari upptalningu. Tveir af þessum kaupmönnum eru búsettir hjerlendis, en einn erlendis. En jeg er hræddur um að h. þm. hafi verið glöggsýnni á gagnið heldur en ógagnið, sem slíkir menn gera, og hafi því lof hans verið oflof. Jeg er að minnsta kosti kunnugur á Ísafirði og þekki nokkuð til þess, hvert gagn og

ógagn Ásgeir Ásgeirsson hefir unnið, og jeg býst við, að hann hefði hvorki gert minna gagn nje ógagn, þótt hann hefði verið hjer búsettur, en það veit jeg að ógagnið er stórt. Það er hálfsárt að sjá á Ísafirði upp á hundslega auðmýkt volaðra vesalinga við slíka stórjarla; og sú atvinna, sem snauðum mönnum er veitt á kostnað sjálfstæðis þeirra, hún verður býsna-dýrkeypt. Auk þess hefir hún svipt aðra atvinnuvegi vinnukrapti og þó hafa þeir, sem hjá henni hafa unnið, borið minna úr býtum heldur en þeir hefðu annarsstaðar getað átt kost á. Jeg hef heldur talað um þessa verzlun en hinar tvær, af því jeg þekki hana bezt; en hennar dæmi er nægt til að sannfæra mig um, að ekki sje vert að leggja mörg höpt á verzlun landsins, til að koma upp mörgum auðkýfingum af líku tagi og þetta. Margir kunna að segja, að það sje ekki hætt við að hjer á landi komi upp miljónaeigendur í líkum stíl, sem í Ameríku; en þó að auður auðkýfinganna hjer yrði miklu minni en þar, þá gæti hann þó auðveldlega orðið tiltölulega eins hár í samanburði við efnahag landsmanna almennt.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg ætla að eins að gera stutta athugasemd, án þess að blanda mjer inn í það »turniment«, sem hjer er háð um það, hvort tilgangur frumv. sje heppilegur eða ekki. Það eitt er mjer nóg til að vera frumv. þessu fremur auðstæður, að jeg þykist sjá, að frumv. eins og það liggur fyrir geti ekki náð tilgangi sínum; það er svo lítið, sem til þess þarf að fullnægja að nafninu ákvörðuninni um að halda hjer dúk og disk, að það verður býsna auðgert hverjum sem vill sig til þess hafa, að fara í kring um hana. Og ekkert er það í þessu frumv., sem varnar því, að nánginn, eptir að hafa verzlað hjer í 20—30, ár flytji sig svo burtu með miljónina.

H. flutningsm. spurði, hvort það mundi vera nokkur skaði, að þau væru einir 10 miljónaeigendur hjer í landinu. Honum leizt auðsjáanlega mjög glæsilega á þá skatta, sem þessir menn mundu hjer svara. Já, jeg skal nú játa, að það væri býsna, glæsilegt að hafa hjer eina 10 miljónaeigendur, ef þeir kæmu með miljónirnar með sjer frá útlöndum eða ef þeim rigndi til okkar ofan úr loptinu; en komi þeir ekki á þennan hátt, þá vil jeg aptur spyrja: er það landinu til góðs, að af auðmagni landsins safnist 10 miljónir á hendur einna 10 manna, í stað þess að vera dreifðar talsvert jafnt á milli landsbúa, og það 10 manna, sem geta strokið á burt með þær úr landinu, hve nær sem þeim ræður svo við að horfa? Jeg ætla að yfirláta h. flutningsm. að svara þessari spurningu, sem mjer reyndar virðist sjálfsvarað.

En jeg skal ekki fara lengra út í það mál; hitt er mjer nóg, að frumv. nær ekki tilgangi sínum, auk þess, sem slík höpt frá almennu sjónarmiði skoðað nálega ávallt verða til ógagns.

Vilji menn gera kaupmannastjettina innlenda, eru til þess aðrir vegir.

Með þessu frumv. er alls ekki ráðizt á aðalmeinið í verzlun vorri; aðalmeinið er nfl. ekki selstöðuverzlunin, heldur vöruskiptaverzlunin, sem nú tíðkast. Af henni leiðir falsverð á hvorutveggju vörunni, hinni útlendu og hinni innlendu. Kaupmenn gefa svo hátt verð fyrir íslenzku vöruna, að þeir fá ekki nær því annað eins fyrir hana á eptir, þegar þeir selja hana; en þetta geta þeir gjört að eins með því lagi, að þeir borga innlendu vörurnar í útlendum vörum með uppsprengdu verði, og þetta uppsprengda verð hljóta þeir að setja á útlendu vöruna til að vinna

upp það, sem þeir gefa fyrir hina innlendu umfram sannvirði hennar. Þetta þannig tilkomna falsverð er aðalmeinið í verzlun vorri. Kaupmenn vorir hvorki geta keypt nje vilja kaupa íslenzka vöru við sannvirði, fyrir peninga.

Þm. Reykvíkinga sýndi með dæmum þeim, sem hann tók af tveim hjerlendis búsettum kaupmönnum og einum erlendis búsettum, að það er ekki undir búsetunni komið, hvort maðurinn er þarfur maður landinu eða ekki.

Ef menn vilja bæta bæði þessi mein, þá liggur vegurinn til þess gegnum skattalögin. Verzlunarleyfi kostar hjer nú 50 kr. og veitir manni leyfi til að verzla með alla hugsanlega hluti. Hjer væri þýðingarmikið verkefni fyrir löggjöfina. Það er engin meining í svo lágu gjaldi fyrir verzlunarleyfi. Auk þess ætti gjaldið að vera mismunandi hátt eptir því, hvert verzlað er með útlenda vöru eina eða innlenda vöru eina, eða báðar tegundirnar, og eins eptir því, hvort verzlunin væri selstöðuverzlun eða ekki. Með því móti mundi verzlunin greinast sundur á betri og hagfeldari hátt og með þessari aðferð mætti fá »selstöðu«-verzlanirnar til að hverfa.

Í þessa átt liggur eini vegurinn að því er jeg fæ sjeð. Þm. Ísf. (Sk. Th.) talaði um, að enginn hefði bent á neinn annan veg en frumv.; það hef jeg nú gert og vona jeg þá að þm. sætti sig við að frumv. þetta falli. Jeg ætla mjer ekki að bera neitt frumv. fram um þetta efni nú í ár, en vildi að eins hreyfa þessu til íhugunar fyrir þing og þjóð.

Tryggvi Gunnarsson: Það er út af orðum h. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.), sem jeg vildi tala fáein orð. Hann talaði um, að landsbankinn hefði ekki efni á að styrkja verzlunina eða innlend verzlunarfjelög. Það er satt, að bankinn hefir ekki þau peningaráð, að hann geti gjört þetta nema í smáum stýl. Stofnfje bankans var mjög lítið, ekki nema ½ miljón, og því var sjálfsagt að dreifa því sem víðast. Menn sjá af seinasta reikningi bankans, að í sparisjóðsdeild hans voru innlögin orðin helmingi meiri en stofnfje bankans, eða yfir 1 miljón króna, en af því leiðir, að bankinn þarf að hafa mikið af peningum fyrirliggjandi til þess að grípa til, ef inneigendur fjár í sparisjóðsdeildinni óska að fá útborgaða peninga sína. Ef nú bankinn ætti að hafa allt það fyrirliggjandi í gulli og silfri, sem hann í raun og veru þyrfti að hafa, þá tapaði hann miklum peningum í vöxtum, og því hefir hann keypt obligationir fyrir liðugar 400,000 kr., því til þeirra má grípa og selja, ef á liggur, en bankinn fær rentur af þeim, þó þær liggi í skápnum.

Nú hefur ekki þótt þörf að hafa svona mikið fje liggjandi í obligationum, sem að eins gefa af sjer 3½%—4% vexti, og því hefur bankinn keypt örfáar húseignir fyrir fáein ríkisskuldabrjef, því þær eignir gefa af sjer 5%—6% rentu. Þannig skerða þessi kaup í raun og veru ekki það fje, sem ætla má til útlána, heldur það fje, sem þurfti að liggja í varasjóði. Tvær af húseignum bankans eru auk þess keyptar fyrir varasjóð sparisjóðs Reykjavíkur, en ekki beinlínis bankans fje.

Úr því jeg stóð upp á annað borð, skal jeg láta það álit mitt í ljósi, að h. þingm. Rvík. (J. Jenss.) hafi tekið það skarplega og rjettilega fram, að stefna þessa frumv. fer í þveröfuga átt við það, sem h. flutningsm. (B. Sv.) sjáltur ætlast til, því það miðar til þess, að gjöra íslenzku verzlunina óhagstæðari en ekki hagstæðari en hún nú er. Því það sem bætir verzlunina hjer á landi,

eins og í öðrum löndum, er samkeppnin, og því er það, að hvað eina, sem, eins og þetta frumv., hindrar samkeppnina, það spillir verzlun landsmanna.

Ef þetta frumv. hefði verið orðið að lögum fyrir nokkrum árum síðan, þá er ólíklegt, að sú verzlun hefði komizt upp hjer í Reykjavík, sem óhætt má segja, að gjöri nú viðskiptamönnum meira gagn en 4—5 aðrar smærri verzlanir hjer í Reykjavík. Þessi verzlun hefir tekið af alla skuldaverzlun hjá sjer og vínsölu, en selur fyrir lágt verð gegn peningum út í hönd.

Þessi verzlun, sem þannig hefir innleitt hjer hina einu rjettu verzlunaraðferð, er þó eign manns, sem er búsettur í útlöndum.

Hvort þetta frumv. nær til pöntunarfjelaga eða umboðsverzlunar og lausakaupmanna, það er jeg ekki mjög mikill lagamaður til að geta skorið úr; en ef frumv. verkar ekki á umboðsverzlunina og lausakaupmenn, þá er það þessi ófullkomleiki, sem eyðir aðaltilgangi þess, því hún er skaðleg fyrir innlenda kaupmenn, sem þetta frumv. á að hlynna að, að því leyti, að hún dregur verzlunarmegn frá þeim.

Jens Pálsson: Jeg stend ekki upp til þess að halda neina eiginlega ræðu í þessu máli. Að eins vildi jeg leita mjer fræðslu hjá h. flutningsm. (B. Sv.) um eitt atriði þessu máli viðvíkjandi, áður en gengið verður til atkvæða. — Hann hefir borið þetta mál fyrir brjósti alla tíð síðan hann bar það fyrst fram á þingi 1869, og hann hlýtur því að vera búinn að gagnhugsa það frá öllum hliðum. Sú spurning, er jeg vildi beina að honum mjer til fræðslu, er þessi: Hefir nokkur af menntaþjóðum heimsins eða margar af þeim leitt í lög hjá sjer ákvæði eins og þau, er felast í þessu frumv.? Sjerstaklega fýsir mig þó að vita, hvort Norðurlönd, England og nýlendur þess hafa slík lög.

Flutningsmaður (Benidikt Sveinsson): Jeg hefi ekki við hendina núna þau rit, er gefa upplýsingar um það, sem h. þingm. Dal. (Jens P.) spyr mig um; en jeg get bent honum á, að með Kristjáns fimmta lögum eru samskonar ákvæði og þetta innleidd í Danmörku og Norvegi. Hann, sem sögufróður og menntaður maður, þarf ekki annað en að líta til Hansastaðanna, sem drógu merg og blóð úr Norðurlöndum á miðöldunum, og steyptu með selstöðuverzlun sinni Danmörku og Norvegi í mestu fátækt. Að öðru leyti skal jeg geyma mjer rjett til að svara þessari spurningu h. þm. Dal. (Jens P.) fyllilegar á síðara stigi þessa máls.

Þegar jeg því næst sný mjer að ræðu h. þm. Strand. (Guðj. Guðl.), þá verð jeg að segja, að það bryggði mig, að hann, sem annars er svo skarpskyggn maður, skyldi misskilja tilgang frumv. eins og ræða hans bar vott um. Það er sannarlega ekki tilgangur frumv. nje minn, að mynda eins konar »social Stat« á Íslandi. Jeg vona, að bæði orð mín og frumv. sjálft sýni, að sá auður, sem svona lög geta komið til leiðar, og sem hlýtur að safnast í fárra höndur, hann er fje, sem undir núverandi ástandi fer alveg út úr landinu. Það kemur ekki til mála, að fjársafnið geti skipzt jafnt milli allra, en aðalspurningin er sú, hvort alþingi 1897 vill hlynna að því, að auðsafnið geymist og verki í landinu sjálfu, eða lendi annarsstaðar.

Jeg skil ekki, hvernig h. þm. Strand. (Guðj. Guðl.) getur hugsað sjer, að koma með frumv., sem ekki raski að neinu leyti hlutfallinu milli efnahags manna hjer á landi. Það er þó auðvitað, að eins og allir eru frjálsir gagnvart þess-

um atvinnuvegi, eins hlýtur það að verða dugnaðarmaðurinn og sá útsjónarsami maður, sem mest getur grætt á verzluninni. Jeg treysti því, að þessi h. þingm. láti ekki atkvæði sitt í dag verða því til hindrunar, að hann geti íhugað þetta mál betur en hann hefir gjört.

Það hefir verið sagt, að þar sem stjórnin hafi neitað tvisvar að samþykkja þetta frumv., þá eigi þingið ekki að eyða tíma sínum í að ræða það. Þetta skil jeg ekki. Jeg skil ekki, að þó að stjórnin neiti að staðfesta lög frá alþingi, þá eigi það að leggja niður halann og hreifa ekki við því máli framar. Hvað mundi þá verða úr löggjöf alþingis, ef stjórnin getur neytt það til að þegja um hvert mál einungis með því, að neita tvisvar að staðfesta það? Nei, jeg fyrir mitt leyti álít skyldu mína, að greiða atkvæði með þessu máli, og hverju því máli, sem jeg álít, að miði þessu landi og þessari þjóð til heilla og blessunar, hvort sem stjórnin er með því eða móti því; og því optar sem stjórnin neitar þessu máli staðfestingar, sem jeg álít að hún gjöri ranglega, því harðara og fastara eigum vjer að standa á vorum rjetti.

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 16 : 5 atkv.

Frumv. til laga um eptirlaun (C. bls. 212); 1. umr.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 22 atkv. samhlj.

Frumv. til laga um að stjórninni veitist heimild til að hafa skipti á 7 hundruðum, er landssjóður á í jörðinni Nesi í Norðfirði, og kirkjujörðinni Grænanesi samastaðar (C. bls. 209); frh. 1. umr.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Jeg skal að eins taka það fram viðvíkjandi þessu frumv., að það kemur að nokkru leyti í bága við þá stefnu, sem tekin hefir verið í sölu þjóðjarða, að láta ekki falar þær jarðir, þar sem kaupstaður hefir verið löggiltur. En hjer fann nefndin svo yfirgnæfandi ástæður til að víkja frá þessari stefnu, að hún hikar ekki við að ráða h. þingd. til að samþykkja frumv. Ein ástæðan er sú, að hjer er að eins um jarðarpart að ræða og er því síður ástæða til að vera þessu mótfallinn, sem að eins er að ræða um að láta þessi 7 hundruð í jörðinni Nesi í skiptum við aðra opinbera stofnun, prestakall, enda hafa allir hlutaðeigendur mælt með þessum skiptum, eins og ástæðurnar í stjórnarfrumv. bera með sjer.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 20 atkv. samhlj.

Frumv. til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir (C. bls. 209); 1. umr.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Jeg get ímyndað mjer að einstaka h. þingdm. furði á því, að nefndin hefir veitt svo eindregið meðmæli sín með sölu þjóðjarða í þetta skipti, þar sem svo sterkar raddir komu fram á síðasta þingi gegn frekari sölu þjóðjarða. En þess ber að gæta, að sú leið, sem margir vildu halda á síðasta þingi: að selja þjóðjarðirnar á erfðafestu, var ekki rækilega rædd og íhuguð þá, og það mál er yfir höfuð að tala skammt á veg komið. Nefndin hefir ekki haft tíma til að íhuga það mál til hlítar enn þá, en mun gjöra það eptir föngum, og skal jeg að svo stöddu ekki segja, að hverri niðurstöðu hún kann að komast á sínum tíma. Sú leið, að selja þjóðjarðirnar á erfðafestu, fer auðvitað talsvert skemmra en farið hefir verið að undanförnu, og hún fullnægir ekki þeim, sem vilja að þjóðjarðirnar komist

sem fyrst í einstakra manna hendur; en eptir því, sem ábúðarrjetturinn yrði tryggari, eptir því yrði minni ástæða til að óska kaups á ábúðarjörðum sínum. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu, að leggja það til, að þingið samþykkti jeðjarðasölu nú, þangað til það væri búið að koma sjer saman um aðra betri leið, enda getur nefndin ekki sjeð, að þessar eignir sjeu, eins og nú stendur, sjerlega eptirsóknarverðar fyrir landssjóðinn, þar sem kostnaðurinn er svo mikill við þær bæði beinlínis af innheimtu eptirgjaldanna, og óbeinlínis við skemmdir og ýms áföll, sem þær verða fyrir, einkanlega þegar hart er í ári.

Guðjón Guðlaugsson: Þótt jeg hafi verið með þjóðjarðasölu á undanförnum þingum, þá get jeg ekki verið það nú, bæði af því, að jeg hefi allt af sannfærzt betur og betur um, að það væri óráð að selja þessar eignir, enda miðaði ekki til að efla velmegun þjóðarinnar, en sjer í lagi er jeg á móti þessu frumv. nú, vegna aðgjörða síðasta þings í þessu máli. Því þó þá væri samþykkt frumv. um þjóðjarðasölu, þá var það af því, að annað lá ekki fyrir og málið um að selja þjóðjarðirnar á erfðafestu hafði aldrei komið til tals fyr en þá. En úr því þessi h. þingd. kom jafnframt frumv. fram með þingsál.till. í þá átt að skora á stjórnina, að leggja fyrir þetta þing frumv. til laga, er innihjeldu öll nauðsynleg almenn ákvæði um rjettindi landssjóðs gagnvart erfðafestueigendum o. s. frv., eða um að undirbúa það mál, að selja landssjóðsjarðir á erfðafestu, þá finnst mjer sú ástæða horfin, sem í fyrra var til þess að samþykkja samskonar frumv. og það, sem hjer liggur fyrir. Þess ber líka að gæta, að einmitt fyrir aðgjörðir þingsins í þessu máli 1895 kæmi fram hið mesta misrjetti milli manna, ef þetta frumv. yrði nú samþykkt. Því það er vitanlegt að vegna aðgjörða síðasta þings og hinnar nýju stefnu, sem þá kom fram í þjóðjarðamálinu, og sem hefir fengið svo öflugt fylgi utan þings og innan, hafa margir, sem höfðu hugsað sjer, að fá ábýlisjarðir sínar keyptar, horfið frá því og hætt við að undirbúa umsókn sína til þessa þings. Þannig kom einn maður í mínu kjördæmi til mín í vor og spurði mig, hvort jeg mundi vilja bera fram fyrir þingið ósk sína um, að hann fengi ábýlisjörð sína keypta, og hvort jeg vildi styðja það mál. Jeg sagði honum, því miður, að það mundi ekki vera til neins að fara þess á leit nú, því að þingið mundi taka aðra stefnu í þjóðjarðasölumálinu en hingað til. Þykir mjer ólíklegt, að eitthvað þessu líkt hafi ekki átt sjer stað einnig í öðrum hjeruðum landsins. Jeg get því ekki sjeð, hvað þetta þing getur gjört annað, en að hætta við þjóðjarðasöluna. Það er fyrir það ekki loku skotið fyrir, að þeir, sem nú hafa beiðzt eptir jarðakaupum, geti fengið þau síðar, t. d. eptir tvö ár.

Jeg veit að það er nokkur ástæða til þess, að þingsál.till. fjekk ekki betri byr á síðasta þingi. Jeg held að öllum þingdm. hafi ekki verið ljóst, hvað það var, sem þeir greiddu atkvæði með. Jeg held að þeir hafi ekki allir greint í sundur erfðafestusölu og erfðafestuábúð. Jeg fyrir mitt leyti hefi allt af verið með erfðafestuábúð, en ekki erfðafestusölu.

Meðan verið er að átta sig á því, hverja stefnuna skuli halda, vil jeg, sem sagt, láta fresta þjóðjarðasölumálinu. En að samþykkja nú á þessu þingi þingsál.till., sem fer í gagnstæða átt við frumvarpið, það er að gjöra sig að athlægi. Það er hreinasti barnaskapur.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 14 : 5 atkv.

Frumv. til laga um rjett kaupmanna til að verzla með áfengi (C. bls. 172, 207); frh. 1. umr.

Framsögumaður (*Skúli Thoroddsen*): Nefndin hefir í álitsskjali sínu skýrt svo greinilega frá skoðun sinni, að það er óþarft fyrir mig að segja margt um það að sinni. Tilgangur frumv. er, að gjöra aðganginn til verzlunar með áfengi nokkuð ógreiðari en nú, og gefa þeim, sem einkum og sjer í lagi eiga við áfengisverzlunina að búa, rjett til að hafa atkvæði um það, hvort jafn-skaðleg atvinna, eins og áfengisverzlunin er, skuli stofnsett í byggðarlagi þeirra. — Eins og löggjöfinni nú er háttað, geta þotið upp kaupmenn, máske eingöngu í þeim tilgangi, að reka áfengisverzlun, og sjá allir hve óheppilegt slíkt er.

Með lögum 10. febr. 1888 aðhylltist löggjafarvaldið þá stefnu, að láta vínveitingaleyfi vera komið undir atkv. hjeraðsbúa. Þetta frv. fer í sömu stefnu, á að lögleiða hið sama, að því er alla verzlun með áfengi snertir, því að nú sem stendur eru menn alveg ráðalausir, þótt eitthvert byggðarlag biði stórtjón við slíka verzlun, ef brennivínskaupmaðurinn að eins heldur sjer innan þeirra takmarka, sem lögin ákveða. — Á hinn bóginn fer frumv. þetta skemmra en frumv. um vínsölusamþykktir hafa áður farið, þar sem það eigi hindrar menn frá að kaupa sjer áfengi utan sýslu og flytja það til sín, og hafa það um hönd, þótt enginn hafi rjett til verzlunar með áfengi í sýslunni.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 18 samhlj. atkv.

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 3, 2. febr. 1894 um breyting á tilskipun etc. um lausamenn (C. bls. 181, 201); frh. 1. umr.

Framsögumaður (*Guðjón Guðlaugsson*): Það er dálítil ónákvæmni í nefndarálitinu í 2. breyt.till., þar sem stendur, að á eptir orðunum: »sem hann er staddur« skuli koma: »einnig skal hver húsbóndi o. s. frv.«. Það er ekki meiningin að þessi orð komi sem innskot í greinina, heldur að í stað þeirra skuli falla í burtu orðin í 2. grein frumv., sem koma á eptir orðunum: »sem hann er staddur«. Jeg vil skjóta því til hins h. forseta, hvort þessi ónákvæmni sje því til fyrirstöðu, að atkvæðagr. megi haga eptir þeim skilningi, sem jeg nú skýrði frá.

Forseti: Jeg skal athuga þetta og tala við skrifstofustjóra um það, hvort nauðsyn sje að prenta upp nefndarálitið, og skal jeg sjá um, að þetta verði ekki málinu til tafar.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 12 samhlj. atkv.

Seytjándi fundur, þriðjudag 20. júlí kl. 12 á hád. Allir á fundi.

Forseti gat þess, að hann hefði fengið tilkynningu um, að í nefndinni um fátækramáletni væri kosinn formaður Sighvatur Arnason og skrifari Benedikt Sveinsson.

Frumv. til laga um stækkun verzlunarlóðarinnar á Eskifirði (C. bls. 195); 3. umr.

ATKVÆÐAGR: Frumv. samþ. umræðulaust með öllum atkv. samhljóða og afgreitt til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Frumv. til laga um aðgreining holdsveikra o. s. frv. (C. bls. 95, 200, 244); 2. umr.

Framsögumaður (*Þórður Thoroddsen*): Jeg skal leyfa mjer að drepa stuttlega á breyt.till. þær, sem nefndin leggur til, að gjörðar sjeu við frv. Fyrsta breyt.till. nefndarinnar fer fram á, að bæta inn í á eptir »landlæknir ákveður« orð-

unum: »í samráði við holdsveikislæknirinn«. Nefndin gjörði ráð fyrir, að í sambandi við spítalann yrði skipaður læknir, sem aðallega hefði á hendi lækning á og umsjón með holdsveikum, og þótti því við eiga, að hann hefði hönd í bagga með því, hvernig bækur þær væru útbúnar, er læknum er gjört að að skyldu að halda um þá holdsveiku.

Önnur breyt.till. nefndarinnar er við 4. gr. frumv., þar sem holdsveikum mönnum er bannað að sofa hjá öðrum, en hjón þó skilyrðislaust undantekin frá þessu banni. Nefndinni þótti ísjárvert, að gjöra undantekning þessa svo víðtæka, og vill því skjóta inn í ákvæðum, er heimili þó lækni að banna samrekking hjóna, ef hann álítur þess þörf. Þetta er nauðsynlegt, af því að það getur auðveldlega svo staðið á, að t. d. annað hjónanna sje alheilbrigt, en hitt sjúkt, og er þá alveg rjett, að banna þeim rekkjuneyti. — Breyt.till. nefndarinnar við 6. gr. eru í því fólgnar, að setja: »læknis« og »hlutaðeigandi lækni« í stað: »hjeraðslæknis« og »hjeraðslækni», þar sem um aukalækna getur líka verið að ræða í þessu tilfelli. Við 7. gr. eru þrjár breyt.till. frá nefndinni. Fyrst: að orðin »hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórn æski þess« falli burt. Nefndin vill nfl. eigi láta sveitarnefnd eða bæjarstjórn ráða, hvort sjúklingur er fluttur á spítala eða eigi. Það er hugsanlegt, að sveitarstjórnir gætu í slíkum tilfellum gjört skaða, með því að setja sig upp á móti því, að hinir holdsveiku væri fluttir á spítala; en auðvitað yrðu holdsveikir allt af fluttir á spítalann, ef sveitarstjórnin æskir þess. Önnur breyt.till við þessa gr. er orðabreyt., sem leiðir af fyrri tillögunni. Þriðja breyt. við sömu gr. fer fram á, að nema það ákvæði burtu, að álits sóknarpresta sje leitað um þetta mál. Það heyrir eptir eðli sínu lækni, en ekki presti, til, að leggja amtinu ráð í þessu efni, enda líklegt, að prestum sje ekkert kærara að vera að vafsast í hjónaskilnaði holdsveikra, heldur en að vera að hafa eptirlit með bólusetningum; að minnsta kosti mætti svo álykta eptir því, sem h. þm. Dal. (J. P.) fórust orð hjer nýlega. — Breyt.till. við 10. gr. fer fram á að lækka ákvæði um, hve há meðgjöf skuli vera með holdsveikum þurfalingum á spítalanum, og færa þar 100 kr. niður í 75; sömuleiðis stefnir breyt.till. í þá átt, að nema burtu ákvæðið um, hvað meðgjöf megi vera lægst (í frumv. 50 kr.). Nefndin áleit rjettast, að setja stjórn spítalans það í sjálfsvald, hve lág meðgjöfin í hverju einstöku tilfelli skyldi vera, en þótti miður heppilegt, að takmarka lægstu meðgjöf við vissa upphæð, enda munu þess nokkur dæmi, að meðgjöfin sje lægri en 50 kr. um árið. Í skýrslu, sem jeg hefi í höndum um holdsveika hreppsómaga á öllu landinu, er lægsta meðgjöf 20 kr., en hæsta 240 kr.

Loks skal jeg minnast á breyt.till. h. þm. Dal. (J. P.) (C. bls. 244), sem fer fram á, að allur spítalakostnaður við holdsveika greiðist úr landssjóði. Þetta kom til tals í nefndinni og var nefndin í heild sinni því mótfallin, en mjer fyrir mitt leyti finnst það reyndar alveg rjett. Jeg get ekki sjeð, að það geti haft neinar varhugaverðar afleiðingar í för með sjer, enda er hjer ekki um mikla fjárupphæð að ræða fyrir landssjóð; og ennfremur sýndi jeg fram á það við 1. umr. þessa máls, að holdsveikir eiga ekki að eins sanngirniskröfu, heldur jafnvel fullkomna rjettarkröfu á hendur landssjóði, til þess að fá alla veru sína á spítalanum ókeypis.

Jens Pálsson: Jeg er þakklátur h. framsögum. (Þ. J. Th.) fyrir góðar undirtektir hans undir breyt.till. mína. Við

1. umr. gat jeg um ástæður mínar fyrir henni, og skal jeg stuttlega minna á þær nú.

Fyrst er nú það, að holdsveikir menn hjer á landi, eiga svo mikið fje inni hjá landssjóði, að þeir eiga sanngjarnan rjett á að landssjóður borgi hjúkrun þeirra. Það hefir verið sýnt reikningslega hjer í deildinni, að það fje sje svo mikið, að fjögra hundraðshluta vextir af því mundu árlega nema 18000 kr. Nú er árlegur hjúkrunarkostnaður ekki áætlaður nema 20000 krónur, eða ein um 2000 kr. hærri en vextirnir. Og þó að þessar 2000 kr. þyrfti að taka af höfuðstólnum, þá má óhætt ætla á það, að beri þessar ráðstafanir tilætlaðan árangur, nefnil. að uppræta holdsveikina, þá verður hún upprætt áður en sjóðinn þrýtur.

Annað er það, að jeg vil ekkert gera til að aptra aðsókn að spítalanum, en meðgjafarkostnaðurinn hlýtur bersýnilega að verka aptrandi á menn, og aðsóknin að spítalanum álít jeg að aldrei geti orðið of mikil. Læknar eiga að taka skýrslur um tölu og ástand holdsveikra hvervetna á landinu. Þessar skýrslur yrðu lagðar til grundvallar, þegar ákveðið yrði, hverjir skyldu ganga fyrir öðrum með spítalavist, og þeir yrðu auðvitað látnir ganga á undan öðrum, sem brýnasta hefðu þörfina. Það er engin hætta á því, að menn úr nærhjeruðunum fengju nokkurn forgangsrjett fyrir öðrum.

Þá er það í þriðja lagi, að eins og hinir holdsveiku einstaklingar eru aumkvunarverðir, svo eru einnig þau hreppsfjelög aumkvunarverð, sem þurfa að annast fjölda þessara vesalinga. Sveitarnefndirnar eru líka mjög opt víða í peningaskorti, þótt þær annars kynnu að hafa eitthvert fje til umráða; en meðgjöfin til spítalans hlyti auðvitað alltaf að greiðast í peningum.

Í fjórða lagi má taka það fram, að landssjóð munar sáralítið það, sem saman kann að reitast sem meðgjöf frá hreppunum. Og svo eru þeir, sem skipað er að flytja á spítala samkvæmt 8. gr., fríir við þennan kostnað.

Í fimmta lagi finnst mjer það vera smámunasemi fyrir landssjóðs hönd, að vera að fást um einar 2000 kr. Jeg bið forláts á orðinu, en mjer liggur við að segja, að það sje nánasarskapur. Og sannarlega er það að krýja saman þessi meðlög of lítið veglyndi gagnvart því veglyndi, sem þjóð vor hefir orðið fyrir, með því að fá sjálfan spítalann gefins, og sýnir of lítla kærleikshluttekning með hinum holdsveiku. Mjer er það áhugamál, að h. d. geri þetta frv. svo myndarlega úr garði, að fríspítali verði veittur öllum, sem húsrúm er fyrir.

Tryggvi Gunnarsson: Mjer þótti h. framsögum. (Þ. Th.) fylgja nokkuð slælega fram áliti meiri hluta nefndarinnar. Hann gat ekkert um, af hverjum ástæðum tillögur meiri hlutans urðu eins og þær eru. Ástæður í meiri hlutanum voru þær, að þeir einir sjúklingar, sem meðlag skal greiða með á spítalanum samkvæmt frumv., eru holdsveikir sveitalimir (því að meðgjöfin með þeim, sem á spítala fara samkvæmt 8. gr., verður greidd úr landssjóði). En að gefa sveitarsjóðunum upp meðgjöfina, er engin velgjörð við hina holdsveiku vesalinga; það yrði að eins gjöf til þeirra efnamanna, sem sveitarútsvörin verulegast hvíla á. Hinum holdsveiku aumingjum, sem um er talað, er ekki auðið að sýna í þessu efni önnur gæði en þau, að hjúkra þeim og hlynna sem bezt að hverjum út af fyrir sig. Það er engin velgjörð við þá, að gefa sveitarsjóðnum meðgjöfina, enda ekki gott að sjá, hvers vegna hreppur, sem hefir fyrir holdsveikum sjúkling að sjá, hefði sanngjarnari kröfu til að velta þeim kostnaði á landssjóð, heldur en annar hreppur, sem ætti að sjá t. d. fyrir krabba-

meinssjúkum manni eða öðrum sjúklingi, sem væri þungur ómagi. Margir, sem ekki eru holdsveikir, geta verið eins þungir ómagar. Eigi landssjóður að fara að gefa sveitarsjóðum gjafir, með því að borga ómagameðlög, þá væri sjálfsagt rjett að gjöra öllum jafnt undir höfði.

Eptir því, sem áætlað er, mun vera talið að hjer sjeu 2 hundruð holdsveikra manna í landi. Spítalinn mun rúma í mesta lagi 60. Holdsveikir sveitalimir munu nú vera um 46 og eiga þeir að hafa aðgang að spítalanum öðrum fremur. Framsögum. talaði um, að holdsveikir menn ættu tilkall til svo og svo mikils fjár úr landssjóði; en ekki mun það fje vera fremur eign holdsveikra sveitarlima heldur en annara holdsveikra manna. Yrði nú kostnaði við holdsveika sveitarlimi dembt á landssjóð, þá mundu allir hreppar, sem hafa holdsveika ómaga, keppa um að senda þá á spítalann. Nokkrir holdsveikir menn kunna og fátækir að vera, þótt þeir eigi sjeu á sveit, og er því býsnahætt við, að hreppsnefndirnar yrðu svo brjóstgóðar, að gera þá að sveitarlimum, svo þeir gætu fengið ókeypis uppeldi og hjúkrun á spítalanum, ef landssjóður ætti að bera kostnaðinn. Jeg held það sje óþarfi, að bera kvíðboga fyrir, að ekki verði næg aðsókn að spítalanum. Það mun veita hægast að auka aðsóknina. Ekki þarf annað en færa meðgjöfina niður svo, að hún verði minni en það, sem sveitirnar yrðu að gefa með sjúklingunum utan spítalans. Vjer verðum að gera ráð fyrir, að spítalastjórnin sje skipuð skynsömum mönnum, sem lækki gjaldið og hækki eptir því, sem aðsóknin segir til. Stjórnin getur með þessu verkað eins og eins konar öryggispípa (sikkerhedsventil). En sje kostnaðurinn á spítalanum alveg gefins, þá er stjórn hans alveg varnarlaus til að tempra of mikla aðsókn.

Kostnaður við lækni, viðhald spítalans og undirhald allra sjúklinga við spítalann verður býsna-þung, árleg byrði á landssjóði; sýnist mjer því að ljetta ætti dálítið á landssjóði með því að sjúklingarnir greiddu væga borgun til spítalans; verð jeg því í móti breyt. till. frá þm. Dalam. (J. P.), að öll vera sjúklinga sje ókeypis.

Jens Pálsson: Jeg vildi að eins leyfa mjer að gjöra fáeinar athugasemdir við ræðu h. 1. þingm. Árn. (Tr. G.). Hann talaði um, að með því að veita þeim, sem þiggja af sveit, rjett til frívistar á holdsveikisspítalanum, þá væri efnamönnunum gefið. En jeg vil benda honum á, að það eru fleiri en efnamennirnir, sem gjalda til sveitar. Það gjöra líka margir fátækir menn. Jeg skal líka taka það fram, að það er meginregla í allri fátækralöggjöf, að sá, sem á forlagseyri, hann á ekki rjett á því, að þiggja af sveit. Holdsveikir menn eiga nógan forlagseyri í landssjóði, og eiga því ekki að rjettu lagi að mega þiggja af sveit; þeir eiga forlagsrjett að landssjóði, og þess vegna líka sanngirniskröfu til frívistar á spítalanum.

Önnur ástæða sama h. þingm. Árn. (Tr. G.) gegn breyt.till. minni var sú, að ef þessir 46 holdsveiku gengi fyrir, þá mundi spítalinn strax verða fullur, og hinir ekki komast að. Þetta er heldur ekki rjett athugað, því það er auðvitað, að eptir frumv. ganga þeir fyrir, sem læknirinn fyrirskipar, að skuli lagðir inn á spítalann, en svo koma hinir á eptir, sem við rannsókn læknis reynast ekki eins hættulega sjúkir. — Af þessu leiðir, að tillaga mín getur ekki orðið neinn þröskuldur fyrir því, að stofnunin nái tilgangi sínum. Ef keppzt yrði við, að koma öllum holdsveikum á spítalann fyrir breytingartill. mína, það teldi jeg hinn mesta kost við

hana. Hitt væri aptur hið mesta mein fyrir þetta mál, ef fram kæmi tregða í að sækja spítalann. Þetta er hið helzta, sem jeg hefi að athuga við mótbárur h. 1. þm. Árn. (Tr. G.).

Landshöfðingi: Jeg get verið háttv. nefnd þakklátur fyrir undirtektir hennar undir þetta frumv. Þær breytingar, sem hún hefir stungið upp á, eru fæstar verulegar efnisbreytingar, enda finn jeg ekki ástæðu til að mæla á móti neinni þeirra. Aðalatriðið í þessu máli er það, hvernig eigi að borga kostnaðinn við dvöl holdsveikra manna á spítalanum, hvort fara eigi í því tilliti eptir því, sem hjeraðslæknir Guðmundur Björnsson hefir stungið upp á, eða eptir breytingartillögu nefndarinnar. — Breyt.till. h. 1. þm. Dal. (J. P.) getur að mínu áliti heldur ekki orðið málinu að fótakefli, þó hún verði samþykkt. Hins vegar verð jeg að vera h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) samdóma um það, að ekki sje næg ástæða til að veita holdsveikum mönnum frá vel efnuðum sveitafjelögum rjett til frívistar á spítalanum. Aðalatriðið er það, að þeir, sem eru hættulegast veikir, geti komizt inn á spítalann.

Þórður Guðmundsson: Jeg vildi að eins með fáum orðum minnast á breyt.-till. h. þm. Dal. (Jens P.) á þingskjali 143 (C. bls. 244). Jeg get verið honum mjög þakklátur fyrir þessa tillögu, og það því fremur, sem jeg þegar í upphafi mundi hafa borið hana upp í nefndinni, ef jeg hefði ekki óttazt, að svo mikil breyting gæti orðið málinu til tálmunar; því það sem mjer var mest kappsmál, var það, að koma málinu fram, þó ekki yrði það að öllu leyti, eins og jeg vildi helzt óska.

En nú hefir hæstv. landsh. lýst því yfir, að frá sinni hálfu væri ekkert því til tálmunar, að þessi breyt.till. gæti fengið framgang, og þar sem ekki verður sagt, að hjer hafi ráðið nein eigingirni hjá nefndinni hvað mig snertir, sem er þingmaður þess kjördæmis, þar sem holdsveikir menn eru einna flestir, þá finnst mjer jeg geti með sóma mínum verið með breyt.till. h. þingm. Dal. (Jens P.), og greitt henni nú atkvæði mitt, þó jeg ekki hreyfði þeirri uppástungu í nefndinni.

ATKV.GR.: Breyt.till. nefndarinnar við 1. gr. samþ. með 22 atkv.

1. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.

2. gr. samþykkt í einu hljóði.

3. gr. samþykkt í einu hljóði.

Breyt.till. við 4. gr. samþykkt með 19 atkv.

4. gr. þannig breytt samþykkt með 22 atkv.

5. gr. samþykkt í einu hlj.

1. og 2. breyt.till. við 6. gr. samþ. í einu hlj.

6. gr. þannig breytt samþ. í einu h.

1. breyt.till. við 7. gr. samþykkt með 22 atkv.

2. breyt.till. við 7. gr. samþykkt með 22 atkv.

3. breyt.till. við 7. gr. samþykkt með 18 atkv.

7. gr. þannig breytt samþykkt með 21 atkv.

8. gr. samþ. í einu hlj.

9. gr. samþ. í einu hlj.

Breyt.till. þm. Dal. (J. P.) við 10. gr. (C. bls. 244) samþ. með 12 : 6 atkv.

Breyt.till. nefnd. við 10. gr. þar með fallin.

10. gr. samþ. með 15 samhlj. atkv.

Breyt.till. við 11. gr. samþykkt með 20 atkv.

11. gr. þannig breytt samþykkt með 22 atkv.

12. gr. samþ. í einu hlj.

13. gr. samþ. í einu hlj.

Fyrirsögn frumv. samþ. án atkv.gr.

Frumv. vísað til 3. umr. með 22 atkv. samhlj.

Frumv. til laga um bólusetningar (C. bls. 122, 198, 242); 2. umr.

Framsögumaður (*Þórður Thoroddsen*): Það eru nokkrar breytingar, sem nefndin hefir komið með við þetta frv., og vil jeg fara nokkrum orðum um hinar helztu þeirra. Þessar breytingar eru aðallega sprottnar af því, að nefndin vill lögleiða endurbólusetningar, eins og jeg tók fram við 1. umr. þessa máls. Þannig stingur nefndin upp á þeirri breyting á 1. gr. frumv., að bætt verði inn í hana því ákvæði, að endurbólusetning skuli fram fara á aldrinum 20—25 ára.

Nefndin áleit reyndar 7 ára aldurstakmarkið heldur hátt, og að það ættu helzt ekki að líða meira en 5 ár frá fæðingu barnsins áður en það yrði bólusett í fyrsta sinn. En hins vegar sá hún, að um leið og aldurstakmarkið yrði sett svo lágt, þá þyrfti að fyrirskipa endurbólusetning tvisvar á æfinni; en það sá nefndin sjer af vissum ástæðum ekki fært að leggja til.

Nú vita menn, að bólusetning verkar ekki lengur en 10 ár, og því hefði þurft að endurbólusetja á 15—20 ára aldrinum, ef bólusetningin hefði fram farið í fyrsta sinni, áður en barnið var 5 ára gamalt; en þá áleit nefndin að of stór flokkur manna væri í hættu staddur, ef bólan kæmi hjer upp, þar sem allir eldri en 25 ára, eða rjettara sagt 25—30 ára, væru í hættu staddir. Eptir breyt.till. nefndarinnar verða þá að eins þeir í hættu, ef bólan kemur, sem eru fyrir ofan 35 ára aldur.

Auðvitað er það, að endurbólusetning hefir í för með sjer nokkurn kostnað fyrir landið, en svo mikill er kostnaðurinn ekki, að endurbólusetningin sje frágangssök. Fólk á aldrinum 20-30 ára mun vera eptir manntalsskýrslunum um 12000 á öllu landinu, en á aldrinum 20—25 ára um 6000 til 8000. Þessa upphæð þyrfti þá að endurbólusetja fyrsta árið. Nú má gera ráð fyrir, að bólan komi ekki út á fleirum en 60—70%; verður þá kostnaðurinn í fyrsta sinn 4—600 kr., en á hverju ári ekki meira en fimmti partur af þeirri upphæð, eptir að hin fyrsta endurbólusetning fer fram. Þetta er ekki svo mikil kostnaður, og vel gerandi að að mínu áliti að leggja út í hann, þegar litið er á þá miklu tryggingu, sem fæst með slíkri endurbólusetning.

2. breyt.till. nefndarinnar er um það að *ný 2. grein* bætist við, *og er þar* nákvæmar ákveðið, hverjir skuli hafa bólusetninguna á hendi. Á það er að eins lauslega drepið í 6. gr. frumv., en nefndin áleit heppilegra að koma með sjerstaka grein um það efni.

Þá miðar 3. breyt.till. til þess að bæta úr vöntun í stjórnarfrumv. á sektarákvæðum, ef læknar eða aðstoðarbólusetjarar vanrækja bólusetningar; því eptir því sem mjer er kunnugt, þá er vanræksla í bólusetningum opt engu síður að kenna bólusetjurunum sjálfum heldur en almenningi, og því nauðsynlegt að hafa ákvæði, er leggi sektir við, ef vanræksla á sjer stað frá þessari hlið.

Þá er enn í 3. breyt.till. alveg nauðsynlegt ákvæði um eptirlit eða »kontrol« með bólusetningum, sem vantar í stjórnarfrumv. Það er auðvitað, að landlæknirinn á, samkvæmt stöðu sinni, að hafa eptirlit með þessu eins og öðrum læknamálum; en nefndin vill hafa þetta eptirlit enn betra en búast má við að landlæknir geti haft. Nefndin áleit, að prestarnir væru bezt til þess fallnir að hafa þetta eptirlit, þar sem þeir á hverju ári húsvitja eða eiga að húsvitja, koma á hvert heimili í sóknum

sínum, og í húsvitjunarferðum sínum hljóta þeir að láta sjer sjerstaklega annt um börnin á heimilunum, og það ekki aðeins í andlegu, heldur einnig í líkamlegu tilliti. Þeir hljóta þá að tala við börnin og um börnin, og sýndist þá ekki sjerlega útlátamikið fyrir þá, að bæta t. d. við þessari spurningu: »Ertu bólusettur, drengur minn«, eða því um líkt. En eptir breyt.till. h. þm. Dalam. (J. P.) á þgskj. 135 (bls. 242) lítur út fyrir að menn vilji ekki láta prestana vasast í þessu, eða þá, að uppástungumaðurinn álítur meiri tryggingu í því, að fela eptirlitið hreppsnefndunum. Jeg fyrir mitt leyti ber samt meira traust til prestanna í þessu efni. Það er líka eitt athugavert við breyt.till. h. þm. Dalam. og það er það, að hreppsnefnd er því að eins skylt að líta eptir, hvort bólusetning hafi fram farið, að hlutaðeigandi læknir skori á hana að gjöra það; annars þarf hún ekkert að skipta sjer af því. Þetta álít jeg ekki heppilegt. Það er heldur ekkert ákvæði um það í breytingartillögunni, hver á að gæta þess, hvort eða hvenær læknirinn vanrækir bólusetningarstarf sitt. Því eins og jeg sagði áðan, þarf ekki síður að hafa eptirlit með sjálfum bólusetjurunum. Jeg álít þess vegna að breyt.till. sje í þessu efni óheppilega orðuð. En álíti menn það fyrirkomulag heppilegra, sem h. þm. Dalam. hefir stungið upp á, skal jeg ekki hafa mikið á móti því.

Aðrar breytingartill. nefndarinnar en þær, sem jeg þegar hefi minnzt á, eru ekki verulegar. Það eru fremur orðabreytingar en efnisbreytingar. Þó er um efnisbreyting að ræða undir 4 tölul. í tillögum nefndarinnar við 3. gr. frv., sem á að verða 4. gr. Í stjórnarfrumv. er svo fyrirskipað (í 3. gr.), að ef bólusótt komi upp á einhverjum stað, þá skuli lögreglustjóri eptir tillögum hlutaðeigandi læknis fyrirskipa, að bólusetja skuli hvern þann, sem ekki hafi verið bólusettur áður eða fengið bólu; en þetta álítur nefndin ekki nóg, því eptir þessu eru t. d. fertugir menn, sem hafa verið bólusettir 2 ára gamlir, ekki skyldir að láta bólusetja sig. Ur þessu vill nefndin bæta með því, að fyrirskipa að menn geti því að eins sloppið við að verða bólusettir, þegar svo stendur á, að þeir hafi verið bólusettir seinustu 6—10 árin. Slíkt ákvæði er nauðsynlegt, þegar sjerlega hættu ber að hendi.

Þá er loks að nokkru leyti efnisbreyting við 6 gr. stj.frumv., sem tekin er inn í 8 gr. nefndarinnar, og er hún í því fólgin, að sveitarfjelögum skal skylt að láta bólusetjurum í tje húsrúm við bólusetningar »ókeypis«, en að það skuli vera ókeypis, er ekki tekið fram í stjórnarfrumvarpinu.

Landshöfðingi: H. framsögum (Þ. Th.) tók það fram, að aðalbreytingartillaga nefndarinnar væri fólgin í því, að fyrirskipa endurbólusetning á aldrinum 20—25 ára. Jeg ætla mjer ekki að deila við h. framsögum. um þetta efni; hann hefir sem læknir betur vit á því en jeg, hvort endurbólusetningar eru nauðsynlegar, en það sem vakti fyrir mjer, þegar jeg sendi tillögur mínar um þetta mál til stjórnarinnar, var það, að mjer fannst það nokkuð hart, að taka menn á þessum aldri, mynduga menn, og bólusetja þá nauðuga, einkanlega þar sem mönnum í Danmörku er í sjálfsvald sett, hvort þeir vilja láta endurbólusetja sig eða ekki, og í 3. gr. frumv. er ákveðið, að fyrirskipa megi almennar bólusetningar, ef ástæða þykir til. Nefndin sjálf gjörir auk þess ráð fyrir, að næmir sjúkdómar geti flutzt í menn við bólusetningu, og

því þykir mjer hart að neyða menn, sem eru sjálfum sjer ráðandi, til að láta bólusetja sig, þó þeir ef til vill hafi megna ótrú á því. Það er annað mál, þegar hætt er við því að bóla komi inn í landið, þá sýnist ekkert á móti því, að skylda menn til að láta setja sjer bólu, enda er og gjört ráð fyrir því í tillögum nefndarinnar. En allt fyrir það, þótt þetta ákvæði um endurbólusetning yrði samþykkt af þinginu, þá skil jeg ekki að það verði málinu að fótakefli; að minnsta kosti mun jeg ekki leggja á móti málinu, þó það verði samþykkt, þó jeg hefði heldur kosið að því væri sleppt.

Jens Pálsson: Úr því að bólusetningin með frumv. þessu er tekin af prestunum, sem vel getur verið rjett og heppilegt, þá vildi jeg að eptirliti því með bólusetningum, sem nefndin vill leggja á prestana, væri ljett af þeim líka. Jeg tók það fram við 1. umr., hve óþægilegt og ósamþýðanlegt stöðu þeirra það væri, að vera gerðir að njósnarmönnum og uppljóstarmönnum. Framsögum. sagði, að nefndin hefði álitið nauðsynlegt að eitthvert eptirlit væri með því, að menn væru bólusettir, en stjórnin hefði í frumv. sínu ekki gert neinar ráðstafanir til slíks eptirlits. En í 2. gr. frumv. stendur einmitt ákvörðun um, að prestar skuli líta eptir því, hvort börnin sjeu bólusett, þá er þau eru fermd, og þetta er þó eptirlit, sem líklega mætti nægja. Framsögum. sagði, að þegar prestar væru að húsvitja, yrðu þeir að tala við börnin og væri þá auðvelt að spyrja þau um, hvort þau væru bólusett. En sje betur að gætt, getur þó verið hængur á þessu. Börnin vita það, að spurningin, eða rjettara sagt svarið, getur gefið tilefni til kæru gegn foreldrunum, og mun enginn, sem þekkir mannlega náttúru, álíta það óeðlilegt að þetta geti orðið börnunum freisting til að segja ósatt. Ef prestarnir setja húsvitjunina í samband við sitt sálusorgarastarf, þá gefur hún þeim nóg annað að starfa, ekki sízt með því hún er samfara töluverðri bókfærslu. Eðlilegast hefði mjer virzt, að fela þetta heilbrigðisnefndinni í hverri sveit. Hins vegar vil jeg ekki fara svo strangt í málið, að hafa á móti að prestar líti eptir bólusetning við ferminguna. Enda hafa prestar samkvæmt fyrirmælum yfirboðara sinna vanizt því, að ganga ríkt eptir, að fermingarbörn sjeu bólusett; en af ástæðum þeim, sem jeg hef tekið fram, vona að jeg h. þingd. verði mjer samdóma um, að það sje óviðeigandi að leggja á prestana þetta húsvitjunareptirlit með bólusetningu. Mjer fyrir mitt leyti er áhugamál að vera alveg laus við það.

Þorlákur Guðmundsson: Í 6. grein stjórnarfrumv. eru sektarákvæði, sem nefndin og að nokkru leyti hefir tekið upp í sína 7. gr.; út af þeim vildi jeg benda á, að heppilegast mundi vera að gera húsbændum að skyldu að greiða þessar sektir fyrir hjú sín, því fremur sem húsbændurnir geta stundum verið valdir að því að þessi sekt falli á hjúin, með því að skipa þeim svo til verka, að þau geti ekki komið til skoðunar eins og frumv. fyrir mælir. En sje þrjózku eða óhlýðni hjúsins um að kenna, ætti húsbóndi aðgang að hjúinu um endurgjald sektarinnar. Mjer finnst að í framkvæmdinni hlyti þetta fyrirkomulag að vera hagkvæmt, alveg eins og hitt, að foreldrar greiði sekt fyrir hönd barna sinna. Þetta vil jeg mælast til að nefndin taki til íhugunar.

Framsögumaður (Þórður Thoroddsen): Jeg er þakklátur fyrir undirtektir h. landsh. og gleður það mig að heyra, að engin af breytingum nefndarinnar muni varða frumv. staðfestingarsynjun-

ar. Ekki get jeg sjeð neitt óviðfeldið í því að skylda fullorðna menn til að láta endurbólusetja sig, og það því síður sem heill almennings heimtar það, og jeg get ekki sjeð að slíkt skerði meir persónufrelsi en ýms önnur lög og lagasetningar, sem gilda hjer á landi. Vjer höfum á síðasta þingi t. d. sett þau lög um sóttvarnir, sem ganga nær persónufrelsi manna en þetta. Um slíkt er ekkert að fást, þegar almenningsheill gjörir það nauðsynlegt.

Að því er snertir bendingu h. 2. þm. Árn. (Þorl. G.), skal jeg geta þess, að jeg álít hana heppilega. Vilji þm. koma með breyt.till. í þessa átt til 3. umr., býst jeg við, þótt ekki hafi jeg heimild meðnefndarmanna minna til slíkrar yfirlýsingar, að nefndin muni ekki verða þeirri tillögu mótfallin.

ATKVÆÐAGR.: 1. breyt.till. nefnd. við 1. gr. (C. bls. 198) samþ. með 15 samhlj. atkv. 1. gr. frumv. (C. bls. 122) þar með fallin.

2. breyt.till. nefnd. (ný gr.) samþ. með 19 samhlj. atkv.

Breyt.till. við breyt.till. (C. bls. 242) felld með 12 : 11 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

Já:	*Nei:*
Einar Jónsson,	Klemens Jónsson,
Jens Pálsson,	Benidikt Sveinsson,
Jón Jensson,	Björn Sigfússon,
J. Jónss., þm. A-Sk.,	Eiríkur Gíslason,
J. Jónss., 2. þm. Eyf.	Guðjón Guðlaugss.,
Jón Þórarinsson,	Guðl. Guðmundss.,
Ólafur Briem,	Halldór Daníelsson,
Sigurður Gunnarss.,	Pjetur Jónsson,
Skúli Thoroddsen,	Sighv. Árnason,
Valtýr Guðmundss.,	Tryggvi Gunarsson,
Þórður Thoroddsen.	Þórður Guðmundss.,
	Þorl. Guðmundss.,

3. breyt.till. nefnd. (við 2. gr. frv., sem verður 3.) samþ. með 15 : 1 atkv. 2. gr. frumv. þar með fallin.

4. breyt.till. nefnd. (staflið b.) samþ. með 14 samhlj. atkv. Tölul. a, c, d, samþ. án atkvæða. 3. gr. frv. þannig breytt samþ. með 18 samhlj. atkv. 4. gr. frv. (sem verður 5. gr.) samþ. með 17 samhlj. atkv.

6. breyt.till. nefnd. samþ. með 15 samhlj. atkv. 5. gr. (nú 6.) þannig breytt samþ. með 18 samhlj. atkv.

7. breyt.till. nefnd. samþ. með 17 samhlj. atkv. 6. gr. frumv. þar með fallin.

8. breyt.till. nefnd. (tölul. a, b, c, d,) samþ. með 18 samhlj. atkv. 7. gr. frv. (nú 9.) þannig breytt samþ. án atkv.

9. breyt.till. nefnd. samþ. með 18 samhlj. atkv.

10. breyt.till. nefnd. samþ. án atkv. sem orðabreytingar.

Fyrirsögn frv. samþ. án atkv. Frv. vísað til 3. umr. með öllum samhlj. atkvæðum (21).

Frumv. til laga um að umsjón og fjárhald Bjarnanesskirkju í Austur-Skaptafellsprófastsdæmi skuli fengið hlutaðeigandi söfnuði í hendur (C. bls. 117, 219); frh. 1. umr.

Framsögumaður (*Guðlaugur Guðmundsson*): Nefndarálitið í máli þessu talar að jeg vona nægilega sínu máli sjálft; jeg býst við, að þm. hafi kynnt sjer bæði það og skjöl málsins. Þingið hefir hingað til látið sjer heldur annt um að losa landssjóðinn við kirkjur þær, sem á honum hvíla og fá söfnuðina til að taka þær að sjer. Kröfur safnaðanna fara óðum vaxandi um stærð, byggingarlag og útbúnað kirkna, og því lengur sem það dregst að landssjóður losi sig við þessar kirkjur, því dýrara mun honum verða það. 3 af kirkjum þeim, sem hjer um ræðir, þurfa endurbyggingar við innan fárra ára og það mun ráð fyrir landssjóð að losna við þessar kirkjur sem fyrst.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. með samhlj. 19 atkv.

Frumv. til laga um breyting á 6. gr. sveitarstjórnartilsk. 4. maí 1872 (C. bls. 225); 1. umr.

Flutningsmaður (*Skúli Thoroddsen*): Tilgangur þessa frumv. er sá, að gefa mörgum kjósendum til hreppsnefnda betra færi á að neyta kostningarrjettar síns en þeir eiga nú. Það hagar svo til víða á vesturlandi (og að líkindum víðar) að sjómenn fara til sjós svo snemma, að þeir eru fjarverandi á þeim tíma, sem kosningar nú fara fram á, og geta því eigi neytt kosningarrjettar síns, þar sem þeir koma ekki heim aptur fyr en í september. Geta þeir þannig eigi haft þau áhrif á kosningar, sem þeim ber eðlilegur rjettur til, og því er hjer farið fram á, að sýslunefndum sje veitt vald til þess, að leyfa, að kosningar fari fram á haust-hreppaskilum, þar sem það þykir hentara.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 17 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um mæling vega (C. 195, 202, 231, 242); frh. 2. umr.

Framsögumaður (Valtýr Guðmundsson): Samgöngumálanefndin hefir haft frumv. þetta til íhugunar; jeg segi fyrir mig, að jeg fagnaði framkomu þess. Fólk hefir hjer enga hugmynd um vegalengdirnar í landinu; allt er hjer talið, þegar bezt lætur, í óákveðnum stærðum, svo sem þingmannaleiðum.

Spyrji maður um, hve langt sje til næsta bæjar, þá er vanasvarið það, að það sje riðið á svo eða svo löngum tíma; en þegar spyrjandinn veit nú ekki hvað svarandi er vanur að ríða hart, þá verður þetta nokkuð óákveðið. Maður kemur á bæ og spyr stúlku, hve langt sje til annars tiltekins bæjar; hún svarar: þriggja tíma reið. Svo heldur maður áfram langa stund og mætir manni og spyr hann, hvað nú sje langt eptir til þessa sama bæjar; hann segir það fjögra tíma reið. Þetta kemur af því, að hvort þeirra miðar við þá reið, sem þau eru vön við.

Þegar útlendingur spyr mann um einhverjar vegalengdir hjer á landi, jafnvel í plássi þar sem maður er gagnkunnugur, stendur maður því eins og þvara og getur ekki gefið neitt ákveðið svar.

Allir eru vonandi samhuga á því, að það sje þarft að stika vegi, en hins vegar er því líka samfara talsverður kostnaður, sem sumir kunna að álíta varhugaverðan. En kostnaður þessi skiptist niður á hreppana, sýslurnar og landssjóð, og verður þá ekki eins tilfinnanlegur. Samt þótti nefndinni sem hann kynni að verða nokkuð þungur fyrir hreppana, ef mæla skyldi alla hreppavegi, en sumir þeirra eru ómerkilegar götuslóðir, sem ekki er þörf á að mæla. Því leggur nefndin til, að að eins skuli mæla helztu hreppavegi, og ákveði sýslunefnd hverja. Hins vegar athugaði nefndin, að kostnaðurinn er minnstur fólginn í sjálfri mælingunni, heldur í markasetningunni. Væri mörkunum fækkað, minnkaði kostnaðurinn talsvert. Nefndin áleit nú óþarft að setja vegamörk svo þjett, að markaður sje hver kilómetri. Annarsstaðar er heldur ekki títt, að hafa mörkin svo þjett; í Danmörku eru t. d. að eins mörkuð mílnamót. Því leggur nefndin til, að eigi sje mark sett nema við 5. hvern kílómetra, og verður það nokkuð áþekk vegalengd og mílnamót.

Þá þótti nokkru varða, að markið sýndi einnig stefnuna og getur það verið mjög áríðandi hjer á landi, ekki sízt í dimmviðrum á vetrardag. Einfaldasta áttamerkið er, að láta vegamarkið

ávallt snúa í sömu átt. Hitt er dýrara, að marka áttina með staf. Þetta er og nægt áttmark, því viti maður eina áttina, þá veit maður allar.

Nefndin leggur til, að í 2. gr. falli burtu orðin: »ef þörf gjörist«, því að hún telur sjálfsagt, að mæla og marka alla nýja vegi.

Þá þótti og nefndinni nokkuð óákveðið þar sem í 5. gr. er leyft að fresta mælingu vega, »ef sjerstakar ástæður þyki til«. Hver á að meta þær ástæður? Nefndin álítur heppilegast, að sýslunefnd meti það, er um hreppsvegi ræðir, en amtsráð, þegar um sýsluvegi er að gjöra; en um þjóðvegi yrði landsstjórnin sjálfsagt að meta þetta.

Jeg býst við, að breyt.till. á þskj. 96 megi skoða sem apturtekna, ef breyt.till. á þskj. 138 gengur fram. Það kom nú til tals í nefndinni að taka upp þessi orð »stika« og »röst«, en meiri hluti nefndarinnar var á því, að halda útlendu orðunum. Það er enginn efi á því, að það biður ekki mörg ár úr þessu, að metramálið verði leitt hjer í lög, og er þá allíklegt, að útlendu nöfnin verði öll lögleidd, en þá mundi það verða óþægilegt og valda ruglingi einum, ef þegar hefðu innleiðzt í praxis tvö einstök orð, sem ekki yrðu í samræmi við þau nöfn, sem þá yrðu lögleidd. Þessi útlendu nöfn eru og sameiginleg í öllum öðrum málum, og hver útlendingur, sem spyr til vegar, mundi óðara skilja þau.

Persónulega er jeg ekki á móti íslenzku orðunum, en er þó sannfærður um, að útlendu orðin mundu fremur almennt verða upptekin. Reynslan hefir sýnt oss, að orð eins og t. d. telegraf og telefón, hafa sigrað íslenzku þýðingarnöfnin í meðvitund manna og daglegu tali. Það er og samkvæmt fornri málvenju hjá oss, að taka upp útlend orð með nýjum útlendum hugmyndum; þannig höfum vjer tekið upp t. d.: kirkja, biskup, prófastur, prestur, prjedika etc. Slíkt veldur heldur ekki málinu neinum háska; það eru ekki slík einstök orð, heldur óíslenzkuleg setningaskipun, sem skemmir mál vort.

Landshöfðingi: Jeg er h. flutningsm. þessa frumv. (E. J.) og h. nefnd samdóma um það, að það væri skemmtilegt að vegir á Íslandi væru mældir, að minnsta kosti allir aðalvegirnir, og sett upp vegamörk. En svo get jeg ekki fylgzt lengur með. Jeg get ekki verið með því, að fyrirskipað sje, að þessar mælingar fari fram innan ákveðins tíma, hvort sem það nú ætti að vera innan þriggja ára eða innan fimm ára. Jeg veit ekki hvort h. nefnd hefir gjört sjer glögga grein fyrir, hvað öll þessi vegamæling mundi kosta. Þótt ekki sjeu nefndir til aðrir vegir en aðalvegirnir frá Reykjavík austur að Prestsbakka, frá Prestsbakka til Eskifjarðar, frá Reykjavík til Akureyrar og þaðan til Seyðisfjarðar, og loks frá Reykjavík til Ísafjarðar, þótt ekki sjeu teknir til aðrir vegir en þessir, þá er það auðsætt, að það mundi kosta stórmikið fje að mæla þá og setja mörkin við þá, hvað þá, þegar mæling allra annara vega bætist við. Jeg verð að telja það í raun rjettri hyggilegra, að fara fyrst um sinn hægara í vegamælinguna, en verja miklu af fje því, sem til hennar mundi ganga, til þess, að bæta vegina sjálfa. Jeg felli mig vel við það, sem tekið var fram hjer í salnum um daginn, að eigi skyldi hraða vegamælingunni meira en svo, að að eins skyldi mæla þá jafnóðum og þeir væru lagðir nú að nýju. Það er víða enn eigi búið að ákveða, hvar vegir þeir skuli liggja, sem ákveðið er með vegalögunum að leggja skuli; það hefir t. d. enn eigi verið ákveðið, hvar flutningabrautina upp Borgarfjörð skuli leggja, og svo er víðar, og það verður

eigi ákveðið nema með töluverðum undirbúningi, sem ekki er víst að lokið verði á þessum 3 árum, en eigi sýnist til neins að mæla vegi fyr en nokkurn vegin full vissa er fengin fyrir, hvar þeir eiga að liggja.

Jeg er samdóma h. nefnd um, að óheppilegt sje að taka upp orðið röst í staðinn fyrir kílometer, og það af sömu ástæðum, sem h. framsögum. (V. G.) tók fram. Það hefir optar en einu sinni komið til tals á ríkisþingi Dana, að innleiða metramálið í Danmörku, og einu sinni varð það málinu þar til falls að tilraun var gjörð að innleiða dönsk orð, í stað hinna útlendu, en menn gátu nú ekki komið sjer sáman um þessa nýgjörfinga. Það er hætt við, að líkt mundi fara fyrir oss, að oss mundi veita örðugt að finna aðgengileg íslenzk orð yfir önnur eins orð og gram, centigram o. s. frv.; en annaðhvort sýnist að halda skuli öllum útlendu orðunum yfir tugamálið og tugavigtina eða þá engum.

Að endingu skal jeg taka það fram, að jeg óska að vegamælingin væri látin bíða, þannig, að hún færi fram samhliða því sem þjóðvegir og flutningabrautir eru lagðar.

Sighvatur Árnason: Því meir sem jeg yfirvega frumv. þetta, því fráhverfari því verð jeg í huga mínum. Jeg er á sama máli og hæstv. landsh., að það sje of snemmt að fara nú þegar að mæla upp alla vegi, bæði þá sem búið er að leggja, og þá sem á að leggja einhvern tíma seint og síðarmeir; og víst er um það, að það mundi hafa mikinn kostnað í för með sjer. Jeg held, að oss sje meiri þörf á að verja því fje, sem til mælinganna mundi ganga, til þess að bæta einhvern vegarspottann hjá oss. En þó er það nú sök sjer með aðalvegina, flutningabrautir og þjóðvegina, en jeg er alveg mótfallinn því, að nú sje ákveðið með lögum, að bráðlega skuli mæla sýsluvegi alla og hreppavegi. Það er hvorttveggja, að þeir eru víða ekki fastákveðnir enn, og svo eru þeir ekki svo óvíða breytingum undirorpnir af náttúrunnar völdum, svo að hætt er við að mæling margra þeirra mundi ekki verða til frambúðarnota.

Jeg vil ekki heldur, að þingið taki fram fyrir hendurnar á sýslunefndunum með innanhjeraðsmál þeirra, þar sem um kostnað er að ræða fyrir sýslusjóðina; að minnsta kosti vil jeg, að leitað sje umsagna sýslunefnda um slík mál, áður en þau eru útkljáð hjer á þingi; og hjer liggur það í augum uppi, að þessi mæling mundi baka flestum sýslufjelögum mikinn kostnað, en vjer vitum, að þau eru ekki svo efnum búin, að þau megi missa stórfje frá öðr um framkvæmdum sínum, sem jeg verð að telja enn nauðsynlegri. Auk þessa er þetta mál, eins og jeg tók áðan fram, of snemma borið upp, að því er sýsluvegi og hreppavegi snertir, að minnsta kosti þar sem enn er svo óákveðið, hvar margir þeirra muni verða lagðir, þegar til kemur.

Jón Jónsson (þm. A.-Skf.): Jeg ætla ekki að tala langt mál fyrir breyt. till. minni á þingskj. 138 (C. bls. 242), enda ætla jeg að þess þurfi ekki, því að jeg vona að hún mæli bezt með sjer sjálf, hjá öllum þeim, sem unna íslenzkri tungu, og jeg veit ekki, hvar hún ætti að eiga sjer öruggara athvarf en á löggjafarþingi Íslendinga. Jeg skal að eins taka það fram, til viðbótar við það sem sagt var um orðið röst um daginn, að það mun vera sama orðið sem hið rússneska orð Werst, sem táknar þar einnig vegarmál, hjer um bil jafnt einum »kilometer«, og er það eflaust komið til Rússlands frá Norðurlöndum, fyrri á öldum. Jeg vil óska að orðið röst fái

að minnsta kosti að standa jafnhliða orðinu »kilometer«, og svo fáum vjer þá að sjá, hvort þeirra sigrar með tímanum.

Einar Jónsson: Jeg er h. nefnd þakklátur fyrir undirtektir hennar undir frv. þetta, og get jeg sagt, að yfir höfuð sje jeg ekki óánægður með breytingar hennar á því. Jeg skal gjöra grein fyrir, hvernig stóð á því að jeg setti í enda 2. gr. orðin: »ef þörf gjörist«; það gerði jeg af því, að vel getur það komið fyrir, að vegur sje fluttur ofurlítið án þess að mál hans haggist að nokkrum mun, en gæti þó haft töluverðan kostnað í för með sjer að mæla hann að nýju, og setja upp ný vegamerki. Til þess að fyrirbyggja þennan lítt þarfa kostnað, setti jeg orðin í enda greinarinnar, og því legg jeg heldur til, að þau fái að standa og að breyt.till. nefndarinnar sje ekki samþykkt. Það er sjálfsagt, að ef vegur verður lagður á alveg nýjum stað, fluttur talsvert til, þá muni hann og verða mældur.

Mjer komu á óvart undirtektir hæstv. landsh. undir málið nú, því að jeg hafði sýnt honum frumv. áður en jeg bar það fram, og þá hafði hann ekki á móti því, en líklega hefir hann athugað það betur síðan.

Jeg veit það, að það muni kosta töluvert, að mæla alla vegi nú á fremur stuttum tíma, en það hefir verið tekið fram áður, að það mundi nokkuð lengi mega bíða eptir því, að vegagjörð verði lokið hjer á landi; það er t. d. hætt við, að það verði seint fullgjör veguriun frá Prestsbakka yfir sandana í Skaptafellssýslu og alla leið austur á Eskifjörð. En það er einmitt í eyðibyggðum slíkum, sem söndunum í Skaptafellssýslu og Mývatnsöræfum, að mjög væri gott, að vegir væri mældir og vegamerki sett upp, enda hægt að gjöra það nú þegar, án þess að eiga á hættu að vegarstefna breyttist.

Jeg fæ ekki annað sjeð en að 5. gr. geri nægilega undantekning með alla þá vegi, sem gjöra má ráð fyrir, að lagðir verði annarsstaðar en þeir liggja nú; þar sem svo stendur á, að flytja þarf auðsjáanlega veg til, þar eru einmitt »sjerstakar ástæður« til að fresta mælingunni, þangað til ákveðið hefir verið, hvar vegurinn skuli liggja.

Jeg skal geta þess, að mjer stendur á sama, hvort ofan á verður, að mælingunni skuli lokið á þrem eða fimm árum, og það því fremur, sem jeg sjálfur var upphaflega að hugsa um, að nefna til fimm ár.

Jeg var ekki inni á meðan h. 1. þm. Rangv. (Sighv. Arn.) hjelt meginhluta ræðu sinnar; jeg kom að því, að hann var að tala um, að þingið mætti ekki að sýslunefndum fornspurðum gera þær fyrirskipanir, sem bökuðu sýslusjóðunum útgjöld. Jeg er hjer ekki sömu skoðunar, og hingað til hefir þeirri venju eigi verið fylgt, og ýmsar kvaðir verið lagðar á sýslunefndir án þess, að leita samþykktar þeirra, enda getur málinu verið svo háttað, að það sje ekki auðvelt, að koma því öðru vísi fyrir.

Jeg hygg því, að sú mótbára h. þm. Rangv. (Sighv. Árnas.), að sýslunefndir hefðu ekki átt kost á að fjalla um málið, ætti ekki að verða frumv. til falls.

Framsögumaður (Valtýr Guðmundsson): Jeg skal leyfa mjer að fara fám orðum um ræðu hæstv. landsh.; hann spurði, hvort nefndin hefði gert sjer ljóst, hve mikinn kostnað þetta frumv. mundi hafa í för með sjer. Auðvitað gat nú nefndin ekki gjört glöggt yfirlit yfir kostnaðinn, en henni var það full-ljóst, að hann mundi verða töluverður; en af annari hálfu þótti henni svo mikið

unnið við frumv., að henni þótti tilvinnandi, að lagt væri út í töluverðan kostnað til þess, að framkvæma ákvæði þess. Þótt kostnaðurinn muni verða þó nokkur, ætla jeg að hann muni þó ekki verða mjög tilfinnanlegur, þar sem hann skiptist milli svo margra, og auk þess hefir nefndin gjört þá undantekning um þá vegina, þar sem búast mátti við, að kostnaðurinn yrði tilfinnanlegastur, það er að segja hreppavegina, að það skuli liggja undir úrskurð sýslunefnda, hve nær þá skuli mæla, alstaðar þar sem eitthvað stendur sjerstaklega á, og sama vald hafa amtsráðin, að því er sýsluvegi snertir.

Hæstv. landshöfðingi tók það fram, að sumstaðar væri búið að ákvarða, hvar flutningabrautir skyldu lagðar, en þó ekki víst, að þær verði lagðar einmitt þar; það er auðvitað, að þar sem svo stendur á, þar verður ekki farið að mæla vegina fyr en búið er að leggja þá; allir slíkir vegir heyra að sjálfsögðu undir ákvæðið í 5. gr. »þar sem sjerstakar ástæður þykja vera til, að fresta þeim« o: mælingunum. Það mun því varla geta komið fyrir, að nokkurn veg þurfi að mæla fyr en fast ákveðið hefir verið, hvar hann skuli liggja. En það finnst mjer ekki ná nokkurri átt, að bíða með vegamælinguna, þangað til búið sje að ljúka vegagjörð hjer á landi; þá yrðum vjer að bíða að minnsta kosti 50—100 ár eptir henni. Vjer vitum, hvað líður vegagjörðinni miðar áfram, og ekkert útlit fyrir, að henni muni geta orðið hraðað svo, að ekki líði fjöldamörg ár, þangað til vjer höfum fengið lagða vegi um land allt.

Það var mikið rætt í nefndinni um tímatakmarkið fyrir því, að mælingunni skyldi lokið, og einn nefndarmanna hjelt því fast fram, að það væri of þröngt í frumv., en vildi taka til 5 ár, þó varð sú niðurstaðan hjá nefndinni, að halda sjer heldur við þriggja ára takmarkið. Auðvitað skiptir það ekki miklu, hvort takmarkið er sett, en þó fannst nefndinni það mundi geta orðið til þess, að flýta fyrir undirbúningi og framkvæmd mælinganna, að halla sjer heldur að styttra takmarkinu; hún sá heldur enga hættu við það, þar sem varnagli er sleginn í niðurlagi 5. gr. við því, að mælingin sje látin fara fram innan þess tíma, þar sem það mundi hafa einhver sjerstök óþægindi eða aukakostnað í för með sjer.

H. 1. þingm. Rangv. (Sighv. Á.) þótti það ekki eiga við, að alþingi gripi fram fyrir hendurnar á sýslunefndunum, þar sem um kostnað væri að ræða. Þessu til andsvars skal jeg taka það fram, að hjer er ekki um neina beina þvingun að ræða fyrir sýslunefndir. Ef sýslunefnd þykir ástæða til, að láta mæla vegi sína, þá gjörir hún það óþvinguð, en ef hún þykist hafa ástæðu til, að fresta mælingunni, þá leitar hún úrskurðar amtsráðs um það, að fresta mælingunni. Þetta er alveg í samræmi við það, að sýslunefnd hefir ekki fullnaðarúrskurðarvald í ýmsum öðrum málum, og það er hjer eðlilegt, að fá amtsráðinu það í hendur, sem næsta yfirráðanda sýslunefnda. Alþingi þvingar hjer alls eigi hjeraðavöldin, því að í hvert sinn, sem amtsráð er sammála sýslunefnd um að fresta vegamæling, þá er líka heimilt að fresta henni.

Jeg skal enn þá einu sinni biðja h. deild, að gá vel að ákvæðunum í niðurlagi 5. gr. frumv.; undir þau má jafnan færa það, þegar einhver fyrirstaða er á, að vegamæling fari fram, þó að sjálfsögðu því að eins, að sú fyrirstaða sje á verulegum rökum byggð.

Björn Sigfússon: Eins og sjá má af nefndarálitinu, gat jeg ekki fallizt á það í nefndinni, að gjöra það að aðalreglu,

að allri mæling vega skyldi lokið á þrem árum eptir að lögin hefðu öðlazt gildi. Það sem sjerstaklega vakti fyrir mjer var það, að tíminn til að fram kvæma verkið mundi verða of stuttur; því þess verður að gæta, að eptir að lögin hafa náð staðfestingu, þá hlýtur að ganga talsverður tími til undirbúnings áður en hægt er að byrja á því, að framkvæma mælingastarfið sjálft.

Jeg gæti bezt trúað því, að það mundi að minnsta kosti ganga eitt ár til samninga og nauðsynlegra ráðstafana milli landstjórnar, sýslunefnda og sveitarfjelaga, og á meðan yrði ekki tekið til starfa; og þá álít jeg, að þau tvö ár, sem þá yrðu eptir, sje allt of stuttur tími til að ljúka mælingunum á.

Mjer getur ekki betur skilizt, en að það sje afar-mikið verk, að mæla vegi um land allt, og setja upp vegamerki, og að það muni verða mjög kostnaðarsamt; því vil jeg alls ekki að því sje hraðað svo, að það þurfi að verða dýrara fyrir þá sök og máske óframkvæmanlegt. Það munar og töluverðu, hvort kostnaðinum er skipt niður á 5 ár eða 3 ár; hann verður ekki nærri eins tilfinnanlegur, ef tíminn er lengri.

Jeg held nærri því, að menn hafi ekki gjört sjer það full ljóst, hve mikinn tíma framkvæmd þessa frumv. tekur, og hve mikinn kostnað hún mun hafa í för með sjer. Það er svo fljótlegt að setja allar þessar fyrirskipanir á pappírinn, en framkvæmdin, hún getur reynzt og reynist einlægt erfiðari og seinlegri.

Það er svo margt, sem upp mætti telja, er sýnir, að framkvæmd þessa verks hlýtur að taka upp langan tíma, en jeg skal ekki tefja tímann á því, að vera að telja margt upp, heldur láta mjer nægja með, að nefna að eins eitt. Það hagar víða svo til, einkum þar sem mýrlent er, að marksteinana mun verða að flytja um all-langan veg. — Nú geri jeg ráð fyrir, að steinar þessir verði að vera all-stórir, svo að erfitt verði og kostnaðarsamt, að flytja þá öðru vísi en á ísum á vetrum, en vel getur það komið fyrir, að ekki verði hægt að koma því við á hinum stutta tíma, sem tekinn er til í frumv. Jeg nefni þetta sem eitt dæmi af mörgum, til þess að sýna, að óheppilegt sje, að hafa frestinn mjög stuttan.

Jeg vona að h. deild aðhyllist fremur lengra tímatakmarkið, og að jeg þurfi ekki að mæla meira með því.

Jeg skal að endingu geta þess, að mjer þykir hið styttra tímatakmark svo þröngt, að jeg held að jeg neyðist til að greiða atkvæði gegn frv., ef það verður samþykkt, og er jeg þó samþykkur stefnu frumv. í öllum höfuðatriðum þess og játa að það er engin mynd á því, að vjer skulum ekki geta nákvæmlega vitað um og sagt um vegalengdir vorar.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. á þingskj. 138 við 1. gr. felld með 12: 9 atkvæðum.

Breyt.till. á þgskj. 125 við 1. gr. samþ. með 16 samhl. atkv. 1. gr. frv. þannig fallin.

Breyt till. á þingskj. 125 við 2. gr. samþ með 12: 2 atkv.

2. gr. með áorðinni breytingu samþ. með 15 samhl. atkv.

Breyt.till. 3 á þingskj. 125 samþ. án atkvæðagreiðslu.

3. gr. samþykkt með 17 samhljóða atkvæðum.

4. gr. samþykkt með 15 samhljóða atkvæðum.

Breyt.till. á þingskj. 96 felld með 13: 10 atkvæðum að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	nei:
Ben. Sveinsson,	Einar Jónsson,
Guðl. Guðmundss,	Kl. Jónsson,
J. Jónss. þm. A. Sk.	Björn Sigfússon
Jón Jónss. þm. Eyf.	Eiríkur Gíslason,
Jón Þórarinsson,	Guðjón Guðlaugss.,
Sighv. Árnason,	Halldór Daníelsson,
Sigurður Gunnarss.,	Jens Pálsson,
Tryggvi Gunnarss.,	Jón Jensson,
Þórður Guðmundss.,	Ólafur Briem.
Þorl. Guðmundss.	Pjetur Jónsson,
	Skúli Thoroddsen
	Valtýr Guðmundss.
	Þórður Thoroddsen.

Breyt.till. frá minni hluta nefnd. á þgskj. 125 við 5 gr. samþ. með 14 samhljóða atkv.

5. gr. með áorðnum breytingum samþ. með 14 samhlj. atkv.

Breyt.till. 4 á þgskj. 125 samþ. með 16 samhlj. atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. með 14: 7 atkvæðum.

Frv. til laga um byggingarnefnd á Seyðisfirði (C. bls. 237); 1. umr.

ATKV.GR.: Málinu vísað umtalslaust til 2. umr. með 19 samhl. atkv.

Till. til þingsályktunar um lax- og selveiði (C. bls. 206); ein umr.

Benedikt Sveinsson: Tilefni til þessarar till. er þingsályktunartill., sem samþykkt var hjer í deildinni 1895; en með henni var skorað á landsstjórnina að safna skýrslum um þetta mál og hefir landshöfðinginn gert það og lagt þær fyrir þingið, eins og allir þingmenn hafa haft tækifæri til að sjá á lestrarsalnum. Oss uppástungumönnum þótti því óviðurkvæmilegt að þingdeildin leiddi nú alveg hjá sjer að taka þessar skýrslur til athugunar, því fremur sem málið í raun og veru er mikilsvert, og snertir atvinnuvegi landsins.

ATKV.GR.: Till. samþ. með 10 samhljóða atkv. — Nefnd kosin:

Bened. Sveinsson	með	16 atkv.
Eiríkur Gíslason	—	14 —
Þorlákur Guðmundsson	—	11 —
Björn Sigfússon	—	8 —
Jón Jónsson þm Eyf.	—	8 —

Frv. til laga um eyðing sels í laxám (C. bls. 230); 1 umr.

Flutningsmaður (Tryggvi Gunnarsson): Mál þetta er mikið áhugamál manna í mínu kjördæmi, því að þar er mikil laxveiði og mikið af sel. A síðasta þingi var sett nefnd í þetta mál, en þá var svo á liðið, að málið varð ekki útrætt, en þó hafði nefnd sú komið fram með álitsskjal og á því er þetta frv. byggt. Jeg fyrir mitt leyti álít nú helzt, að selur ætti að vera rjettdræpur allsstaðar, hvar sem hann finnst á sjó og í ám; en sakir ágreinings þess, sem um það hefir fram komið á fyrri þingum, hef jeg ekki árætt að ganga svo langt í þessu frumv., en að eins látið það ná til laxánna. Að eyða sel bótalaust fyrir eigendum selalátra, þótt í veiðiám sje, get jeg ekki fundið að sanngjarnt sje.

ATKV.GR.: Þegar ekki tóku aðrir til máls, stakk flutningsm. upp á, að málinu væri vísað til hinnar nýkosnu nefndar í hinu næsta máli á undan, og var það samþykkt með 19 samhl. atkv.

Frv. til laga um breytingu á lögum um lausafjártíund (C. bls. 182, 224); frh. 1. umr.

Framsögumaður (Guðjón Guðlaugsson): Með því að engin mótbára hefir komið móti frumv.; nefndin hefir ekki gert neinar stórvægilegar breytingar á því, aðeins einn þingmaður utan nefndar komið fram með breyt.till., sem ekki raskar stefnu frumv. í neinu; ekki er vel hægt að ræða málið á þessu stigi

án þess að fara út í einstök atriði, þá skal jeg ekki orðlengja um það að óþörfu að sinni, heldur bíða mótmæla.

Þorlákur Guðmundsson: Nefndin hefir ekki gert stórar efnisbreytingar á frumv., heldur miða breytingarnar mest til að gera lög þessi nákvæmari og skýrari, og hefði jeg gjarnan óskað, að hún hefði gengið feti lengra í því, einkum að því, er snertir sjávarútveginn, að jafna tíundarstofninn að því leyti, sem tíundbæra muni snertir.

Jeg vil sjerstaklega nefna til þilskipin, sem eru svo misstór, að það er eins mikill ójöfnuður í því að gera þau öll jöfn í tíund, eins og í mörgum þeim atriðum, sem nefndin hefir viljað lagfæra. Að meta þilskip,sem kosta frá 4—8000 kr., að eins 3 hundruð, og öll jöfn, bæði þau smæstu og stærstu, dýrustu og ódýrustu, það nær ekki nokkurri átt. Þilskip ætti að leggja í tíund eptir rúmmáli. Þessari bendingu vildi jeg hreyfa, ef deildin skyldi vilja sinna málinu eða nefndin sem hafði þetta frumvarp til meðferðar.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 18 samhl. atkv.

Átjándi fundur, miðvikudaginn 21. júlí kl. 12 á hád. Allir á fundi, nema þm. Vestm. (V. G.), sem hafði tilkynnt forföll sín.

Frumv. til laga um að stjórninni veitist heimild til að hafa skipti á 7 hundruðum, er landssjóður á í jörðinni Nesi í Norðfirði, og kirkjujörðinni Grænanesi samastaðar (C. bls. 113, 208); 2. umr.

Framsögumaður (*Ólafur Briem*): Af því að engar mótbárur hafa komið fram gegn frv. þessu, þá tel jeg engan vafa á því að það muni verða samþykkt af h. deild og því finn jeg enga ástæðu til að tala frekar um það.

ATKVÆÐAGR.: Frv.-greinin samþ. með 15 samhlj. atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir (C. bls. 209); 2. umr.

Framsögumaður (*Ólafur Briem*): Eins og h. deild er kunnugt þá kom h. þm. Strand. (Guðj. G.) fram með nokkur mótmæli gegn frumv. þessu við síðustu umræðu. Um þessar mótbárur hef jeg ekki mikið að segja. H. þm. (Guðj. G.) gat þess, að komið hefði fram nú upp á síðkastið töluverð mótspyrna gegn þjóðjarðasölunni bæði á þinginu 1895, og eins í ræðum og ritum. Jeg get ekki enn sem komið er gert mikið úr þessari mótspyrnu, því að hjer er varla um annað að ræða en raddir frá einstökum mönnum, og á þingmálafundunum voru þessar raddir mjög strjálar. Það komu helzt andmæli gegn þjóðjarðasölunni úr þeim kjördæmum, þar sem engar þjóðjarðir eru; þar er eðlilegt að menn geri sjer ekki eins glögga grein fyrir því, hvort hagur sje að þjóðjarðasölunni fyrir seljanda og kaupendur eða eigi. Auðvitað er það, að menn líta nokkuð misjöfnum augum á þetta mál, eptir því hvar þeir eru búsettir, því það er ærinn munur á því að eiga jörð í beztu sveitum landsins, svo sem í Árnessýslu og Borgarfjarðarsýslu, eða að eiga hana í áfellasveitum, eins og Skaptafellssýslu; það vitum vjer að lítill hagnaður hefir verið fyrir landssjóð að eiga ýmsar jarðir í Snæfellsnessýslu, svo treglega hefir gengið að byggja þær þar, og slíkur dráttur og vanhöld hefir orðið á jarðarafgjöldum þaðan. Það má geta þess því til styrkingar að enn muni sá flokkur ekki orðinn mjög sterkur sem vill hætta þjóðjarðasölunni,

að allar þær 10 sýslunefndir, sem um málið hafa fjallað til undirbúnings undir þetta þing, hafa eindregið mælt með því að halda sölunni áfram. Að öðru leyti má búast við að nú komi enn fram sömu mótbárur gegn þjóðjarðasölunni eins og á þinginu 1895, en þeim mótbárum var svarað þá, svo að eigi er ástæða til að fjölyrða um það nú.

Jeg skal geta þess að líklegt er að nefndin muni sameina sig við h. þm. Strand. (Guðj. G.) um að reyna að fá því til vegar komið, að ábúðarrjettur á þjóðjörðum gangi í erfðir til afkomenda í beina línu, á meðan einhver er til. Þetta kemur ekki í neina mótsögn við þjóðjarðasölufrumv., heldur miðar það til þess að tryggja ábúðarrjett þeirra sem ekki kaupa bújarðir sínar, og gæti óbeinlínis orðið til þess að nálgast takmark h. þm. Strand. (Guðj. G.). Viðvíkjandi verði því, sem nefndin hefir sett á jarðirnar, þá lítur svo út sem h. deild hafi ekkert við það að athuga, þar sem engin breyt.till. hefir komið fram um það.

Jeg skal geta þess, að eins og tekið er fram í nefndarálitinu, þá hefir nefndin yfir höfuð miðað söluverð jarðanna við 25-falda upphæð jarðarafgjaldanna, og getur h. deild athugað skýrslur þær, sem fyrir liggja um þetta; einstakar undantekningar hefir nefndin þó leyft sjer að gjöra frá aðalreglu sinni, og aðalupphæð alls söluverðsins er 3075 kr. hærri en eptirgjaldið 25-falt. Það getur nú verið að sumum í h. deild þyki það óþarfi af nefndinni, að hafa sett söluverðið samanlagt hærra en 25-falt eptirgjaldið, þar sem landssjóður á þann veg fær fulla vexti af fje sínu, og græðir þó það sem umboðslaunum og vanhöldum svarar. En þess er að gæta, að á flestum þjóðjörðum eru áskildar nokkrar jarðabætur, sem skoða má sem nokkurskonar viðbót við eptirgjaldið, án þess að hún sje þó reiknuð til peninga. Nú er það líklegt að þessar jarðabætur gjöri það að verkum, að jarðirnar fyrir þær hækki með tímanum í verði, og til þess verður nokkurt tillit að taka nú við sölu þeirra. Enn skal jeg taka það fram viðvíkjandi upphæðinni á söluverði þjóðjarða í heild sinni, að á landssjóði hvílir prestsmata af ýmsum þjóðeignum, er svarar til 67000 kr. höfuðstóls. Ef vjer nú setjum það dæmi, að allar þjóðjarðir yrðu seldar, þá hvílir þetta gjald á landssjóði eptir sem áður; til þessa er eðlilegt, að nokkurt tillit sje tekið við sölu þjóðjarðanna.

Jeg skal geta þess viðvíkjandi viðaukatillögu nefndarinnar, að hún hefir ekki í sjer fólgna neina efnisbreyting, heldur er hún að eins skýring á 31. tölulið frumv., og tekur fram með berum orðum, að jörðunni Hörgsdal *eigi* að fylgja hjáleigur þær, sem í henni eru nefndar, eins og líka til var ætlazt frá upphafi.

Að svo stöddu hef jeg ekki fleira að taka fram málinu til skýringar.

Björn Sigfússon: Jeg veit ekki betur en að hingað til hafi þingið jafnan fylgt þeirri reglu við sölu þjóðjarða, að mæla ekki með sölu þeirra jarða, þar sem væri löggiltur verzlunarstaður, en nú sje jeg, að í þessu frumv. er breytt út af þeirri reglu. Á síðasta þingi var löggiltur verzlunarstaður á Stakkhamri í Hnappadalssýslu, en nú hefir h. nefnd mælt með því, að sú jörð yrði seld. Mjer er það ekki ljóst, hvers vegna nefndin hefir mælt með sölu þessarar jarðar. Má vera, að nú þyki það auðsýnt orðið, að hjer hafi verið löggilt höfn, þar sem í raun rjettri sje engin höfn og aldrei muni koma þar upp verzlunarstaður. Ef svo skyldi vera, sem jeg gat hjer til, þá er þetta eitt dæmi þess, hve þingið er fljótfært í lög-

gildingum hafna. En sje höfn þar eins og henni var lýst á þinginu 1895, þá sýnist mjer ekki rjett, að víkja frá reglunni og selja þessa jörð.

Af hendingu hef jeg orðið þess áskynja nýlega, af áreiðanlegum manni og kunnugum í Hnappadalssýslu, að miklu betri höfn muni vera við Syðra-Skógarnes þar í sveit en við Stakkhamar, og þar mun brátt verða beðið um löggilding hafnar. Auk þess sem höfnin er góð við Syðra-Skógarnes, kvað hún og liggja einkarvel við verzlun í nærliggjandi sveitum. Ennfremur hefi jeg heyrt það, að ábúandinn á Syðra-Skógarnesi sje bláfátækur, og að hann muni að eins vera hafður fyrir strámann við kaup þau, sem farið er fram á á jörðunni, og að honum muni ekki detta í hug að kaupa jörðina handa sjálfum sjer, heldur hafi annar maður fengið hann til að fala hana fyrir sig. Jeg skal nú ekkert um það segja, hvort það sje rjett, að ábúandi Syðra-Skógarness sje hafður fyrir lepp eða ekki; en af því að jeg hafði orðið þessa áskynja, þótti mjer rjett að skýra frá því hjer í deildinni og vekja athygli á því. Jeg mun ekki geta gefið atkvæði með því, að þessar tvær jarðir sjeu seldar, nema mjer verði sýnt fram á, að það sje ekki á rökum byggt, sem jeg hef skýrt hjer frá.

Eiríkur Gíslason: Jeg skal geta þess út af áliti h. nefndar í þessu máli, að mjer finnst koma fram hjá henni nokkur ókunnugleiki; hún hefir lagt það til að 5 af þeim jörðum, sem falaðar hafa verið til kaups, verði ekki seldar; þar á meðal er Ólafsvík með Mjóadalsbletti. Af því að í Ólafsvík er löggiltur verzlunarstaður, þá álít jeg, að það sje einmitt rjett, að láta þá jörð eigi fala. En það er um hinn svo nefnda Mjóadalsblett, sem jeg vildi gefa upplýsingar, af því að jeg er kunnugur, hvernig hagar til með hann, um leið og jeg þó vísa til þess, að á lestrarsalnum hafa legið skýrslur um hann, sem jeg tel sjálfsagt, að h. nefnd hafi athugað.

Presturinn í yztu hreppum Snæfellsnessýslu er nú sem stendur búsettur í Ólafsvík; þar er lítið um grasnyt, en presturinn hefir fengið leigðan þennan litla blett, sem er rúmar 2 dagsláttur, til þess að koma sjer þar upp túni; voru þar óræktuð moldarflög og móar, þegar hann tók við blettinum, og mjög örðugt að koma upp túni, en hann hefir sýnt mikinn dugnað í því, og mun nú hafa kostað 7 - 800 kr. upp á blettinn, og er hann þó engan veginn orðinn gott tún enn.

Hjer finnst mjer nú standa svo sjerstaklega á, að eigi sje móti því, þótt vikið sje frá aðalreglunni með sölu þjóðjarða, og blettur þessi látinn falur, þar sem leigjandinn hefir lagt fram svo mikið fje til jarðabóta á blettinum, sem ekki hefði orðið að neinu verulegu gagni fyrir kauptúnið, ef hann hefði ekki verið tekinn til ræktunar.

H. 2. þm. Húnv. (B. Sigf.) gat þess að nefndin hefði vikið frá aðalreglunni við sölu þjóðjarða, með því að gefa kost á kaupi á jörð, þar sem löggiltur hefir verið verzlunarstaður. Það er með öllu rjett, að löggilt höfn er við Stakkhamar, en þess verð jeg að geta, að ummæli h. þm. Húnv. (B. Sigf.) um höfnina hljóta að vera sprottin af ókunnugleik. Að kunnugra manna sögn er höfn þar góð; en sá ókostur er við hana, að útfiri er þar mikið, og því erfitt að skipa upp um fjöru.

Mjer er það kunnugt, að sá sem jörðina falaði, fjekk hana til ábúðar síðastliðinn vetur; hann hefir rekið verzlun áður annarsstaðar; en jeg veit eigi, hvort hann nú muni byrja verzlun á Stakkhamri; tel það þó ekki ólíklegt.

Það er satt, að skip hafa komið að

Syðra-Skógarnesi; þangað hafa komið gufubátar hjeðan frá Faxaflóa; en ekki get jeg, að því sem mjer er kunnugt. lokið miklu lofsorði á höfnina þar, því að hún er mjög umgirt skerjum, og ekki liggur hún betur við verzlun en Stakkhamar, enda er mjög skammt á milli þeirra staða.

Satt er það, að búandinn á Syðra-Skógarnesi er fremur efnalítill, en þrátt fyrir það er mjer ókunnugt um, að hann kaupi jörðina fyrir annan mann en sjálfan sig, eins og h. 2. þm. Húnv. (B. Sigf.) þóttist hafa frjett.

Svo jeg víki aptur að Mjóadalsblettinum, þá skal jeg taka það fram, að bæði hreppsnefndin í Innra-Neshreppi og sýslunefndin í Snæfellsnessýslu hefir gefið beztu meðmæli sín með því að hann fengist keyptur, sjerstaklega af því, að þar hefir verið gerð hin fyrsta verulega tilraun, í yztu hreppum sýslunnar, til að koma á jarðabótum. Bæði hreppsnefnd og sýslunefnd álíta fyrirtæki þetta svo lofsvert, að það er ólíklegt, að h. nefnd taki ekki tillit til þess. Mjer finnst h. deild ætti því fremur að hlynna að jarðabótum á þessu svæði, og sýna, að hún kunni að meta þær, sem landssjóður á margar jarðir þar vestra, sem orð hefir leikið á, að væru fremur illa setnar. Þingið ætti því sannarlega að gjöra það, sem það gæti, til að glæða jarðabótaáhuga þar, en forðast að kefja hann.

Jeg man það, að 1887 lögðu 2 af þeim h. þm., sem nú sitja í nefndinni, það til, að sendir væru vestur undir Jökul búfræðingur og bóndi með honum, til þess að líta þar eptir landssjóðsjörðum, og gefa bendingar um, hvernig bætt yrði ábúð þeirra. Nú sýnist komin stefnubreyting, ef á að fara að fæla menn þar frá jarðabótum, með því að vilja ekki láta það á sjá í verkinu, að þingið kunni að meta það, að lagt sje fram stórfje til að bæta eign landsins, heldur vilji þannig hafa tögl og hagldir, að það hafi ráð á að stinga í vasa landssjóðs, þegar því þóknast, ávöxtunum af erfiði og fjárframlögum einstakra manna, sem hafa þjóðjarðir til ábúðar, og sýna eptirbreytnisverðan dugnað í framkvæmdum, hvað jarðabætur snertir.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg hef hvorki breytt skoðun minni í þessu máli nje heldur neitt nýtt að flytja; það var ræða h. 1. þingm. Skagf. (Ól. Br.), sem kom mjer til að standa upp; honum þótti lítt teljandi þær mörgu raddir, sem fram hafa komið gegn þjóðjarðasölu, enda væru þær allar komnar frá einstökum mönnum hjer og hvar um landið. En allar raddir um almenn mál, hvort heldur í ræðu eða riti, koma nú reyndar frá einstökum, og sjeu þær nógu margar og almennar, lýsa þær óneitanlega þjóðarviljanum. Það hafa líka fáir orðið til þess, að svara þessum röddum móti þjóðjarðasölunni og hrekja þær.

Sami h. þm. Skagf. (Ól. Br.) talaði líka um, að sumar af þessum röddum gegn þjóðjarðasölu hefðu komið frá sýslum, þar sem engar þjóðjarðir væru til. Þær sýslur hugði jeg annars að mundu vera fáar á landinu, og hlýtur það því að vera sjerstakleg undantekning, hafi einhverjar raddir komið úr þeim um þetta mál. Jeg hef byggt á því, sem fram kom á þingmálafundunum 1895; þá höfðu menn víða um land hugleitt þetta mál rækilega. Síðasta þing var mótfallið þjóðjarðasölu, en hallaðist að erfðafestunni. Þetta gaf mönnum út um land ástæðu til að ætla, að þingið mundi halda fast við sömu stefnu í ár, og því hefir mönnum þótt óþarft, að fara að ámálga þetta aptur á ný. Það kann að þykja kynlegt, að óskir um þjóðjarðasölu skuli hvað helzt

koma fram úr hörðustu hjeruðum landsins, en það kemur af því, að afgjaldið stendur þá í hlutfalli þar við. *(Guðl. Guðmundsson:* Ekki rjett). Jú, það er rjett, þar sem jeg þekki til. Jeg vildi heldur búa á hverri sem væri af vel flestum 12 hundraða jörðum í Strandasýslu en á 20 hundraða jörð í Dalasýslu.

Á því, sem sýslunefndir hafa lagt til, er lítið að byggja; jeg legg ekki mikið upp úr því. Vjer þekkjum allir bónþægni einstakra manna, þegar verið er að koma til þeirra og biðja þá um meðmæli til jarðakaupa. Auk þess miðar líka sýslunefnd í slíkum tilfellum við þá einstöku jörð eða jarðir, sem um er að tala í hvert skipti; en þar fyrir getur nefndin verið mótfallin þjóðjarðasölu almennt.

Jeg er þakklátur h. framsögum. (Ól. Br.) fyrir það, ef hann vildi taka tillit til þess, sem jeg hef sagt um erfðafestuna, og vil jeg fúslega gefa honum allar upplýsingar, sem jeg get í því efni. En ósamkvæmni virðist mjer þá vera í því, að vera einmitt nú sem óðast að selja þjóðjarðirnar, úr því þingið á annað borð er þó hlynnt erfðafestu; eða hugsa menn sjer kannske að fara að lögleiða hana þá fyrst, þegar búið er að selja allar þjóðjarðirnar?

Jeg fyrir mitt leyti mun greiða atkvæði móti frumv. þessu bæði lið fyrir lið og öllu í heild sinni.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg hef sjerstaka hvöt til, eins og ástatt er í mínu kjördæmi, að lýsa áliti og vilja kjósenda minna í þessu máli, sem fellur saman við það álit, sem mín 6 - 7 ára reynsla hefir gefið mjer. Þar hafa á þessu tímabili verið keyptar fleiri þjóðjarðir en nokkursstaðar annarsstaðar á landinu. Þar ætti því langskýrast að koma í ljós þeir gallar, sem sumir telja vera á þjóðjarðasölu, svo framarlega sem það álit annars er á rökum byggt. Í þessu kjördæmi voru allar jarðir upphaflega eign tveggja klaustra, Kirkjubæjarklausturs og Þykkvabæjarklausturs, og þannig komu þær í eign landssjóðs; á fyrri hlut þessarar aldar átti líka landssjóður hverja einustu jörð í Vestur-Skaptafellssýslu, að einum 8 undanteknum.

H. þm. Strand. (Guðj. G.) taldi það óráð fyrir landssjóð, að farga þjóðjörðum; jeg ímynda mjer, að hann hafi átt við peningalegan óhag. En nú eru jarðirnar nær ávallt seldar fyrir upphæð, sem nemur 25-földu afgjaldinu, það er með öðrum orðum, að fjögra hundraðshluta vextir af söluverðinu verða jafnir afgjaldinu. Þessa vexti fær landssjóður alla, þar sem hann fær aldrei eptirgjaldið allt, því að frá því dragast umboðslaun og ýms önnur útgjöld. Auk þess á landssjóður jafnan á hættu, að meira eða minna af eptirgjöldunum verði ófáanlegt eða tapist. Árið 1895 námu þannig jarðaeptirgjöld til landssjóðs brutto c. 35,500 krónum; en af þessari upphæð komu í landssjóðinn að eins c. 24,000.

Jeg skal sem sjerstakt dæmi taka Arnarstapaumboð; bruttó-tekjurnar af því voru um 6,000 krónur; en þar frá gengu fyrst umboðslaunin og svo »önnur útgjöld«, 2,600 kr., og áttu þannig að nafninu til að koma í landssjóð tæpar 3,000 kr., en þar var sá hanki á, að ógoldnar eptirstöðvar af þessari upphæð, alls rúmar 900 kr., voru útistandandi í mjög óvissum stöðum, svo að tæpur þriðjungur allrar aðal-upphæðarinnar kom í landssjóðinn. Með öðrum orðum: af 6000 kr., sem leiguliðar urðu að borga, náðu tæpar 2,000 kr. höfn í landssjóði eptir harða útivist.

Slíkt og þvílíkt sjá nú allir, að er ó-

hyggileg fjárstjórn; þegar ástandið er svona, þá er landssjóði stór peningahagur, að selja jarðirnar við verði, sem stendur í rjettu hlutfalli við eptirgjöldin. —

H. þm. Strand. (Guðj. Guðl.) tók enn fremur fram, að engin mótmæli hefðu komið fram gegn mörgum röddum, sem birzt hefðu í blöðunum andstæðar þjóðjarðasölu. Jeg verð nú að segja, að hver sem ætti að setjast niður og fara mótmæla öllu því botnleysis-bulli um opinber mál, sem borið er á borð fyrir langþjáða lesendur blaðanna, mætti bæði vera óvenjulegur viljamaður og ekki hafa mikið annað að gera; það mætti æra óstöðugan. Það sanna er, að sárfáir munu álíta slíkt svaravert.

Það er bersýnilegt, að þegar landsdrottinn flestra jarða eins hjeraðs er utan hjeraðs og áskilur, að sjer sjeu öll gjöld greidd í peningum, þá er það ekki lítill hnekkir fyrir hjeraðið, að verða að svara þessu peningagjaldi út frá sjer. Nú er landssjóður landsdrottinn flestra bænda í V.-Skaptafellssýslu og hann er þeim mun verri landsdrottinn, heldur en privatmenn gjörast; þeir taka þó venjulega eptirgjöld sín í landaurum; jeg fullyrði það, að því hjeraði sje tæplega viðreisnar von, sem landssjóður á mestallar jarðir í og dregur þetta peningagjald árlega út úr hjeraðinu.

Það hefir verið tekið fram, að það væri reyndar ekki mikils virði fyrir leiguliða, þótt landssjóður gjöri falar jarðir sínar; jarðir mundu opt partast meira sundur; og það væri engin trygging fyrir, að sjálfsábúð hjeldist á þeim, þó þær væru seldar; að matið á söluverðinu væri handahófsmat og loks að óráðlegt sje að selja nú, þar sem líkindi sje til, að jarðir muni hækka í verði.

Jeg skal nú játa, að engin ástæða sje til að selja þær þjóðjarðir, þar sem leiguliðinn, sem jörðina falar, er að eins annars manns leppur. Þar sem grunur er um slíkt, er ástæða til að vera varasamur. En af öllum þjóðjörðum, sem seldar hafa verið í V.-Skaptafellssýslu, munu slík tilfelli hafa verið í allra hæsta lagi tvö, og jeg má fullyrða í raun rjettri að eins eitt; og í þessum tilfellum keyptu þó efnamenn jarðirnar, til þess að komast að ábúð á þeim sjálfir.

Af jörðum þeim, sem fyrirliggjandi frumv. fer fram á að selja, má segja, að ein jörð í V.-Skaptafellssýslu, Dalshöfði í Fljótshverfi, sje leppuð. Það stendur svo á, að þar býr aldurhnigin ekkja, sem nú falar jörðina til kaups; en það er vitaskuld sonur hennar, sem ætlar að kaupa jörðina og fara að búa á henni; svo þetta er í rauninni engin leppmennska.

Jeg get því hiklaust fullyrt, að það má rjettmælt kalla, að í þessari sýslu hafi alls ekki átt sjer stað nein misbrúkun í þessu efni.

Það hefir verið fundið þjóðjarðasölunni til foráttu, að þær leiddu til þess, að jarðir pörtuðust í sundur, en þetta er ekki ástæða gegn sölu þjóðjarða sjerstaklega; það snertir allar sjálfseignir í landinu, snertir löggjöfina um alla eign og ábúð jarða í landinu, svo þó að það sje ef til vill ekki auðið undir núverandi löggjöf að fyrirbyggja það, að jarðir partist sundur, þá er það ekki ástæða sjerstaklega móti sölu þjóðjarða. Vegurinn til þess, að kippa þessu í lag, er ekki sá, að hætta að selja þjóðjarðir, heldur að gefa út almenn lög um, hvað býli eða ein ábúð megi hafa minnst hundraðatal, og ættu þau lög að gilda jafnt fyrir allar jarðir á landinu.

Þm. Strand. (Guðj. G.) hjelt því ennfremur fram, að afgjald þjóðjarða væri tiltölulega lægra í harðindahjeruðum en í árgæzku-hjeruðum, en þetta ekki

rjett; hitt mun satt, að matið til eptirgjalds mun vera ákaflega ólíkt í einstökum umboðum. Kirkjubæjar- og Þykkvabæjarklausturs-jarðir munu vera langafgjaldshæstar allra þjóðjarða á landinu. Ástæðan til þess er sú, að fyrir mörgum nokkuð árum var fundið upp á þeim úrræðum, að bjóða allar þjóðjarðir, sem losnuðu, upp til ábúðar á uppboði. Við þetta komst eptirgjaldið geipihátt, því að menn kappbuðu þar í vitleysu, eins og almennt gengur á uppboðsþingum. Þegar svo síðar var farið að meta allar jarðirnar almennt til eptirgjalds, var of mikið tillit tekið til þessarar uppboðsvitleysu.

Í þessu hjeraði eru nú fáeinar kirkjujarðir og nokkrar einstakra manna eignir. En það er ekki ofsagt, að af þessum er landssjóðurinn verstur landsdrottinn. (*Einn þingm.*: Nei). Jeg skal sanna það samstundis. Höfðabrekka, sem er bændaeign, er nærri 37 hundr. að dýrleika; afgjald 170 kr.; þetta er ágæt landkosta- og hlunninda-jörð, hefir fugltekju, fjöru, afrjett og liggur nærri kaupstað og útræði. Svo er aptur Hörgsdalur, þjóðjörð, 21 hundr. að dýrleika; afgjald 149 kr.; alveg hlunnindalaus jörð. Svo er Kálfafell á Síðu, kirkju- eða rjettara prestssetursjörð, einkar-góð bújörð; heimajörðin 20 hndr. eða einu hundraði minna en Hörgsdalur; eptirgjald að eins 60 kr. Og landssjóður tekur sín gjöld öll í peningum, en landsdrottnar hinna sitt í landaurum; og lífsábúð er á kirkjujörðunum alveg eins og þjóðjörðum.

Í Álptavers- og Leiðvallarhreppum á landssjóður flestar jarðir. Jarðirnar þar liggja undir skemmdum, bæði af sandgangi og vatna, og mega ábúendur verja árlega mikilli fyrirhöfn til að hreinsa þær, svo þær sjeu byggilegar; þeir eru tilneyddir, til að verja lífið. En ekkert endurgjald fá þeir fyrir þetta úr landssjóði. Einir tveir hafa, að því er mjer er frekast kunnugt, fengið lítilsháttar þóknun, að eins lítið brot af því, sem þeir í rauninni hafa til kostað og sem landssjóður yrði skyldaður til að borga, ef mennirnir hefðu kunnáttu og dugnað til að leita rjettar síns fyrir dómstólunum.

Það væri ástæða til fyrir þingið að fyrirskipa skoðun á öllum þessum affallsjörðum og láta meta þær, og reyna svo að losna við þær fyrir hvern mun. Hnignunin er svo mikil, að jarðir, sem 1861 voru metnar 10 hundruð, náðu við endurmatið 1895 ekki 1 hundraði fullu. Jeg vil segja, að eitt verulegt áfallsvor eða tvö vor með austanstormum, eins og í ár, eru nóg til að leggja sumar af þeim í eyði.

Eptir því, sem ástand landbúnaðarins er nú, þar sem vinnukrapturinn er orðinn geisidýr og jafnvel ófáanlegur, en markaðirnir fyrir afurðunum hins vegar að lokast, þá eru litlar líkur til, að jarðir muni hækka í verði, nema rjett umhverfis kaupstaði, sem geta veitt innlendan markað.

Út af athugasemd h. þm. Húnv. (B. Sigf.) skal jeg játa, að nefndin veitti því ekki athygli, að Stakkhamar var löggilt höfn; annars hefði hún sjálfsagt ekki lagt til að selja hana.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg þyrfti að svara mörgu af því, sem fram hefir verið borið í þessu máli, en hefi því miður ekki haft gáfur til að tína það allt saman. Sjerstaklega hefi jeg ýmislegt að athuga við ræðu h. þm. V.-Skaft. (Guðl. Guðm.). Hann sagði, að mest þjóðjarðasala ætti sjer stað í Skaptafellssýslu, og þar af leiðandi hlytu ókostirnir við þjóðjarðasöluna að koma þar ljósast fram. En þessu svara jeg þannig: Ókostir koma engir fram

meðan verið er að selja þjóðjarðirnar, en þeir koma fram síðar meir, kannske löngu seinna, þegar jarðirnar fara að partast og ganga úr eigu þeirra, er keyptu þær upphaflega. Það er því ekki að miða við það, þótt ókostirnir sjeu enn eigi komnir fram í Skaptafellssýslum, því þó byrjað hafi verið að selja þar þjóðjarðir 1848, þá eru það tiltölulega fáar jarðir, sem hafa verið keyptar þar fyrir svo löngu síðan. Hann sagði enn fremur, að það væri enginn óhagnaður fyrir landssjóðinn að selja þjóðjarðirnar, þar sem þær eigi væru seldar lægra en svo, að söluverðið samsvaraði 25 faldri upphæð afgjaldsins. Þetta er satt, ef miðað er við það augnablik, sem við lifum á; en við verðum að líta fram í tímann, og ekki hugsa einungis um augnablikshagnaðinn. Hann sagði, að það væri munur að eiga peninga á tryggum stað, en að eiga þá í öðrum eins vonarpeningi eins og jarðirnar væru. Hver er þá þessi tryggi staður? Peningum þeim, sem inn koma fyrir þjóðjarðir, er kastað inn í landssjóðinn, eins og öðru fje, er í hann rennur. Landssjóður hefir að vísu lengi staðið sig vel; en hann getur á hverju augnabliki orðið eyðslufje; en hingað til hefir það ekki verið talið hyggilegt, að gjöra fastan höfuðstól að eyðslufje, og ef menn mega gjöra sjer von um framtíð þessa lands, þá má ganga að því vísu, að vextir af jörðunum hækka.

H. sami þm. mótmælti því, að mikið væri að byggja á röddum þeim, sem fram hafa komið í blöðunum um að hætta við þjóðjarðasöluna og snúa sjer heldur að hinu, að selja jarðirnar á erfðafestu, og sagði, að það væri svo margt bull í blöðunum, sem ekki væri farandi eptir. Það er þó ekki allt jafnþýðingarlítið, sem birtist í blöðunum, en sjálfsagt er að greina bullið og hinar persónulegu deilur frá því, sem er þýðingarmikið, og snertir land allt, sjerstaklega þegar ræða er um raddir, sem eru í samhljóðan við það, sem fram hefir komið og fengið stuðning á alþingi. Hann mun sjálfur, þessi h. þm., hafa verið með þingsályktunartillögu þeirri, sem samþykkt var hjer í deildinni 1895 um að hætta við þjóðjarðasöluna, og jeg veit ekki til hvaða radda á að taka tillit, ef eigi til þeirra radda, sem koma fram bæði í blöðunum, á þingmálafundum og á sjálfu alþingi. Þá sagði sami h. þm., að sig furðaði ekki á því, þótt menn úr þeim hjeruðum, þar sem engar þjóðjarðir væru, væru ekki hörundssárir af því, þótt landssjóður sygi peninga út úr hinum hjeruðunum, þar sem fjöldi manna byggi á þjóðjörðum; en jeg skil ekki, hvernig hann fer að segja, að landssjóður sjúgi út peninga, þótt hann taki hæfilega rentu af sínu fje. Það er ekki verra, að landssjóður taki leigu af jörðum en einstakir menn. Jeg álít enda heppilegra og betra að skipta við landssjóð í þessu tilliti en aðra. Hann segist ekki vilja halda því ástandi við, að landssjóður sjúgi út úr einu hjeraði 6000 krónur á ári í afgjöldum. En sýgur hann ekki fje út úr hjeraðinu eins, ef hann selur hjeraðsbúum þjóðeignirnar? Þá þyrftu þeir þó að borga honum 37,500 kr. Jeg veit að mjer verður svarað því, að landssjóður skilji þar þá eptir jarðir sínar. En hann tekur líka í staðinn 31,500 kr. peningaupphæð á fyrsta ári, sem er jafngild og góð eign fyrir hjeraðsbúa, sem jarðirnar, eða betri eign eptir skoðun þm. V. Skapt. (Guðl. Guðm.), því sjeu peningar betri eign en jarðir fyrir landssjóð, þá er það eins fyrir hjeruðin. Þá minnti h. þm. V.-Skaft. (Guðl. Guðm.) á leppuð kaup, sagði þó, að þau mundu sjaldan koma fyrir, en þar sem hætt

væri við þeim, ætti að reyna, að koma í veg fyrir þau. En hvernig á að fara að því? Jeg sje engin ráð til þess, að þingið geti við það ráðið. Hann sagðist vita til þess, að móðir ætlaði að leppa jarðarkaup fyrir son sinn; en það finnst mjer ekkert á móti, þótt þingið eins ljeti jörð fala fyrir það, þegar t. d. sonurinn er í raun og veru búinn að búa á jörðinni um lengri tíma. En hvaða mun finnur hann t. d. á því, ef ábúandinn á Bjarnanesi í Strandasýslu, svo jeg taki það dæmi, leppar kaup á þeirri jörð fyrir nábúa sinn, sem svo lætur hann halda áfram að búa á jörðinni og vera leiguliða eptir sem áður, og á því, ef ábúandinn kaupir virkilega jörðina í ár, en eignast svo aðra jörð næsta ár, sem er miklu betri og sem hann vill heldur búa á, en leigir svo Bjarnanes öðrum, ef til vill fleirum en einum, og meira að segja hækkar afgjaldið? Með þessu lagi gæti hugsazt að þrír ábúendur gætu komið á þá jörð, sem umboðsmanni hefði aldrei dottið í hug að leigja nema einum manni. Nei, landssjóður er ekki slæmur landsdrottinn. Jeg þekki ekki verri landsdrottna en bændurna sjálfa.

H. sami þm. sagði, að það, sem helzt mætti hafa á móti þjóðjarðasölunni, það væri skipting jarðanna, en það væri ekki þjóðjarðasölunni að kenna, heldur lögunum um ábúð jarða. Þessu get jeg játað; en þingið á allra hægast með, að setja tryggari ákvæði um ábúð þjóðjarða. Ef landssjóður heldur áfram að eiga jarðir, þá á þingið hægt með að koma með heppileg lagaákvæði til að gjöra ábúðina á jörðum landssjóðs tryggari og betri en á öðrum jörðum. Jeg álít því að landssjóður ætti að byrja á því að selja sínar eigin jarðir á erfðafestu.

Þá sagði sami h. þingm., að í Kirkjubæjarklaustursumboði væru þjóðjarðir hæst leigðar á landinu. Það kemur þó nokkuð undarlega við, að þegar ábúendurnir vita, að afgjaldið er svo óhóflega hátt, og að söluverðið er einmitt miðað við afgjaldið, að þeir þá, eða þrátt fyrir það, skuli fala ábúðarjarðir sínar til kaups. Jeg skil ekki, hvers vegna þeir vilja heldur borga óforsvaranlega hátt bæði vexti og höfuðstól, en að eins hátt eptirgjald.

Hann sagði, að það væri undarlegt, að menn skyldu vilja að landssjóður hjeldi fast við jarðir, sem lægi undir áföllum og jafnvel væri háski að búa á. En ef þetta er undarlegt, þá er hitt ekki síður undarlegt, að ábúendurnir skuli vilja kaupa þessar jarðir. Það er þó verra, að eiga þá jörð, sem gengur til grunna, en að hafa hana að eins á leigu.

Hann sagði, að það væri gott fyrir landssjóð, að losast við þessar jarðir. Jú, jeg skal játa, að það gæti verið mikið gott fyrir landssjóð, ef þingið gæti vinzað úr verstu jarðirnar og skipað ábúendunum að kaupa þær. — En — skyldi ekki einmitt hið gagnstæða eiga sjer stað? Jú, það er auðvitað helzt beðið um þær jarðir, sem landssjóður sízt vill missa, og ábúendurnir þar af leiðandi helzt vilja kaupa. Þá væru ábúendur þjóðjarða heldur ekki með heilbrigðri skynsemi, ef þeir föluðust fyrst eptir ljelegustu jörðunum. Nei, það er einmitt svoleiðis, að það bezta gengur út, en landssjóður situr eptir með ruslið. Þetta er eitt aðalmeinið við þjóðjarðasöluna.

Það lýsir vonleysi h. þm. V. Skaptf. (Guðl. Guðm.) á framtíð landsins, að hann efast um, að sá tími geti komið, að þjóðjarðir eins og aðrar jarðir hækki í verði. Þetta sorglega vonleysi á framtíð landsins skil jeg ekki hvernig getur komið fram hjá honum í þessu máli, þar sem hann þó í ræðum sínum

um önnur mál hefir haft hinar beztu vonir um framtíð þessa lands.

Loks sagði hann, að hann sæi enga ósamkvæmni í því, þó þingið jafnframt frumv. um þjóðjarðasölu samþykkti þingsályktunartillögu um sölu þjóðjarða á erfðafestu. Þessu hef jeg svarað áður. Jeg álít það barnaskap að ætla, að slík tillaga hefði mikinn krapt hjá landsstjórninni, ef hún kæmi fram jafnhliða lögum um sölu þjóðjarða.

Björn Sigfússon: Jeg skal nú ekki blanda mjer inn í þessar almennu umræður um þetta mál, enda liggja þær, að mínu áliti, fyrir utan þessa umræðu. Jeg ætla að eins að halda mjer við þau einstöku atriði, sem jeg gat um áðan.

Skal jeg þá fyrst geta þess viðvíkjandi jörðinni Stakkhamri, að jeg skil ekki að rjett sje að selja hana. H. þm. Snæf. (Eir. G.) vildi ekki kannast við, að það hefði verið glappaskot, að löggilda þar verzlunarstað. Jæja—ef svo er, og sje þar allgóð höfn, svo að líklegt sje, að þar risi upp verzlun, þá er og heldur ekki rjett, að selja þessa jörð, eptir þeirri stefnu, sem þingið hefir hingað til fylgt í þjóðjarðasölumálinu.

Af því, sem h. þm. Snæf. (Eir. G.) sagði um jörðina Skógarnes, verð jeg að ráða það, að það sje rjett, sem jeg gizkaði á áðan, að það sje í raun og veru ekki ábúandinn, sem ætlar að kaupa jörðina. Hann sagði að vísu, að sjer væri ekki kunnugt um, að þar væri góð höfn, en innsigling væri talin slæm. Það mun rjett, að á aðra hlið við innsiglinguna munu vera blindsker, en höfnin sjálf all góð. Það má líka taka það sem sönnun fyrir því, að þarna sje betri höfn en hjá Stakkhamri, að gufubáturinn »Reykjavík« hefir Skógarnes en ekki Stakkhamar fyrir viðkomustað. Það hefir kunnugur maður sagt mjer, að helzti ókosturinn við innsiglinguna inn að Skógarnesi væri þessi blindsker, sem jeg gat um áðan; en hann gat þess líka, að hægt mundi að gjöra innsiglinguna hættulausa með því að setja »böju« út þeim megin, sem skerin væru. Það kvað líka vilja svo heppilega til, að þar ekki langt frá liggur böja, sem rekið hefir þangað inn. Jeg hef það fyrir satt, fyrst því er ekki mótmælt, að viss nafnkenndur maður hafi mikinn hug á, að fá Skógarnes keypt, líklega af því, að hann býst við, að hægt verði að fá þar löggilta höfn til verzlunar. Hann mun og hafa komið því til leiðar, að síðan gufubáturinn »Reykjavík« fór að fara þangað, hafa farþegar orðið þar fyrir töluvert þungum búsifjum með hesta, útskipun, uppskipun o. s. frv. Jeg held þess vegna að það yrði ferðamönnum og engu síður nærliggjandi sveitum til ógagns, ef þessi jörð yrði seld áður en þar yrði löggilt höfn.

Mjer finnst því rjettast, að selja hvoruga jörðina.

ATKV.GR.: 1.—3. liður 1. gr. samþ. með 13 : 2 atkv.

4. liður 1. gr. felldur með 13 atkv.

5. liður 1. gr. felldur með 13 : 8 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Klemens Jónsson,	Einar Jónsson,
Benidikt Sveinsson,	Björn Sigfússon,
Eiríkur Gíslason,	Guðjón Guðlaugss.,
Guðl. Guðmundss.,	Halld. Daníelsson,
Jón Þórarinsson,	Jens Pálsson,
Ólafur Briem,	Jón Jensson,
Sig. Gunnarsson,	J. Jónss., þm. A.-Sk.
Skúli Thoroddsen.	Pjetur Jónsson,
	Sighv. Árnason,
	Tr. Gunnarsson,
	Þórður Guðmundss.,
	Þórður Thoroddsen,
	Þorl. Guðmundsson.

6.—32. liður 1. gr. samþ. með 15 : 5 atkv.

33. liður 1. gr. samþ. með 13 : 7 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Einar Jónsson,	Guðjón Guðlaugss.,
Klemens Jónsson,	J. Jónss., þm. A.-Sk.,
Benid. Sveinsson,	Jón Þórarinsson,
Björn Sigfússon,	Pjetur Jónsson,
Eir. Gíslason,	Sighvatur Árnason,
Halld. Daníelsson,	Tr. Gunnarsson,
Jens Pálsson,	Þórður Thoroddsen.
Jón Jensson,	
Ólafur Briem,	
Sig. Gunnarsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Þórður Guðmundss.,	
Þorl. Guðmundsson.	

Jón Jónsson, þm. Eyf. var ekki viðstaddur, og Guðl. Guðmundsson greiddi ekki atkvæði af ástæðum, sem deildin tók gildar.

34.—35. liður 1. gr. samþ. með 14 : 4 atkv.

1. gr. frv. þannig breytt samþ. með 13 : 5 atkv.

2. gr. samþ. með 14 atkv. samhlj.

3. — — — 14 — —

4. — — — 12 — —

Fyrirsögn frumv. samþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umræðu með 16 : 4 atkv.

Frv. til laga um eptirlaun (C. bls 212); 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Umræðulaust gengið til atkvæða.

1. gr. samþykkt með 13 samhl. atkv.

2. — — — 16 — —

3. — — — 17 — —

4. — — — 17 — —

5. — — — 18 — —

6. — — — 18 — —

7. — — — 19 — —

8. — — — 19 — —

9. — — — 19 — —

10. — — — 18 — —

11. — — — 18 — —

Fyrirsögn frumv. samþykkt án atkvæðagreiðslu.

Málinu vísað til 3. umr. með 18 samhljóða atkvæðum.

Frumv. til laga um búsetu fastakaupmanna á Íslandi (C. bls. 201); 1. umr.

Flutningsmaður (*Benidikt Sveinsson*): Jeg er þakklátur h. deild fyrir fylgi það, er hún sýndi máli þessu við 1. umræðu.

Þrátt fyrir mótmæli nokkurra h. þm. gladdi það mig að sjá þingið gjöra sig líklegt að sýna sömu politisku staðfestu í þessu máli sem út lítur fyrir, að það vilji fylgja í öðrum málum, gagnvart hinum hóflausu lagasynjunum.

Mótbárum þeim, sem fram hafa komið við frumv., var að nokkru leyti svarað við 1. umr., en að nokkru leyti eru þær svo almenns eðlis, að umræður um þær eiga eiginlega ekki við, við þessa 2. umr., er ræða skal um hinar sjerstöku greinir, nema þá að svo miklu leyti sem einstakar greinir kynnu að gefa beint tilefni til þess.

Jeg skal aðeins geta þess lauslega viðvíkjandi fjártjóni því, er Ísland hefir beðið við verzlunarselstöðuna, sem 1 gr. frumvarpsins miðar til að afnema, að það nemur ekki einstökum milljónum króna, ekki tugum milljóna, ekki hundruðum milljóna króna, heldur jafnvel þúsundum milljóna, þegar yfir langan tíma er litið.

Viðvíkjandi 1. gr. skal jeg að öðru leyti taka það fram, að orðið »enginn« yfirgrípur eigi að eins allskonar útlendinga, heldur einnig Íslendinga sjálfa, og þar sem sumir hafa haldið að ákvæði þessa frumv. væri sprottin af einhverjum kala til vorra dönsku samþegna, þá nær slíkt engri átt, þar sem öllum er hjer gjört jafnt undir höfði, innlendum og útlendum undantekningarlaust.

Þá skal jeg minnast á orðið »fasta

verzlun« í sömu gr. H. þm. Rvík. (J. Jenss.). sem við 1. umr. þessa máls víst mælti öllu meira en hann getur vel staðið sig við, taldi það einn ókost þessa frumv., að það næði hvorki til umboðsverzlana nje lausakaupmanna. En þetta er nú eptir mínu áliti einmitt stór kostur. Við það skapast samkeppni milli umboðsverzlana og lausakaupmanna á aðra hlið, og fastakaupmanna á hina, svo að hinir fyrnefndu geta haldið fastakaupmönnum í skefjum á líkan hátt og kaupfjelögin gera nú; enda neitar því enginn, að kaupfjelögin geri þetta nú gagnvart þeim svo nefndu fasta- eða selstöðukaupmönnum, sem nú eru, og vinni með því hið mesta þarfaverk.

Það var einmitt þessi sami misskilningur, sem hjer kom fram hjá þm. Rvík., sem varð frumv. þessu að fótakefli í efri deild 1895. En hjer er ekki rjett skilið og rjett hermt að tala um nokkur bönd, sem grípi inn í »den frie og naturlige Udvikling«, sem Danir mundu kalla, eða hina frjálsu og eðlilegu viðskiptaþróun.

Orðin »nema hann sje hjer búsettur« þýða hið sama sem »haldi hjer dúk og disk«. Þm. V. Skaptf. (Guðl. G.) o. fl. álitu að þetta frumv. veitti enga tryggingu fyrir að það næðist, sem þó á að vera tilgangur þess, því að þegar menn hefðu grætt hjer nægt fje, gætu menn flutt burt. Þetta er mikill misskilningur. Að vísu skal jeg ekki neita því að ef vjer lítum til baka — jeg segi til baka, — þá staðfestir reynslan það, að Íslendingum, sem borið hafa gæfu til að safna hjer auð fjár, hefir jafnan verið hætt til að flytja sig hjeðan til Danmerkur. En það verður með engu móti með neinni skynsemi dregin sú ályktun af þessu, að svo muni fara hjer eptir, ef frv. þetta verður að lögum. Þeir sem áður fluttu sig þannig úr landi burt, gjörðu það þá í fullu lagaleyfi. (Einn þm.: alveg eins lagaleyfi, þrátt fyrir þetta frumv.). Það er ekki spursmálið hjer; hjer er aðeins spursmálið, hvort menn hafi meiri hvöt eptir en áður til að dvelja hjer í landi og meira að segja hana svo ríka, að hún sje skynsamleg hvöt til hinna nýju lagaskipunar. Með að halda hjer »dúk og disk« er hjer meint það, sem Rómverjar kölluðu domicilium; en þá hugmynd eða hugtak skilgreindu þeir svo, að það væri sá staður, þar sem maður vill vera að staðaldri, þegar maður er þar, í mótsetningu við að maður vilji hverfa þangað, þegar maður er annarsstaðar. Í hugmyndinni heimili, aðsetur, liggur það, að maður bindur starfsemi sína og allan áhuga við þann stað. Efnamaðurinn álítur það skyldu sína að láta þann stað bera sín merki, og því meir sem hann gerir í þá átt, því meir tengist hugur hans og hjarta við staðinn. Þetta vona jeg að allir sjái að er alveg eðlilegt. Og þá vil jeg spyrja, mundu ekki hin sömu bönd, sem binda aðra menn við ættjörð sína, ekki einnig hafa áhrif á Íslendinginn, þótt hann kaupmaður sje?

Lögin snúa sjer að skynsömum verum, sem hlýða almennum lögum mannlegs eðlis, og lengra er ekki hægt að komast í neinni löggjöf.

Þessi grein er þannig ekkert band eða ófrelsishapt. Vjer sjáum það bezt, ef vjer snúum henni við og orðum hana þannig: »Hjer á landi má sjerhver maður reka fasta verzlun, ef hann er hjer búsettur«. Þá verður greinin Invitation eða tilboð til allra þjóða manna í heimi til að vera velkomna hingað, og reka hjer verzlun, ef þeir að eins vilja búsetja sig hjer, en ekki draga árs árlega allan arðinn til annara landa.

Ef þetta er ófrelsi, hljótum vjer að skoða Ísland sem Síberíu eða eyðisker,

sem öllum mönnum sje óboðlegt nema að eins til þess, að hafa það fyrir fjeþúfu.

Nei, vjer verðum að vernda þá, sem hjer vilja hjá oss búa, gagnvart hinum, sem að eins vilja hafa landið fyrir fjeþúfu og gróðastöð.

Nú sný jeg mjer þá að 2. gr. Þar er synt svo milli skers og báru, sem ýtrast má verða, ef menn ekki vilja lögtryggja um aldur og æfi hið núverandi ástand, og það tel jeg óleyfilegt fyrir oss, og gagnstætt guðs og manna lögum. Hins vegar má ekki svipta þá menn rjetti sínum, sem löglega hafa fengið hann og nota hann í fullu lagaleyfi.

Þá er 3. gr. með sektarákvæðin; þau eru fram komin til að eyða þeirri mótbáru, sem alltaf hefir klingt við og fylgt þessu frumv., eins og skugginn líkamanum, að það yrði svo auðgefið hverjum manni, að fara í kringum ákvæði þess. Ákvæði þessarar greinar geta með engu móti talizt hörð, og eru alveg samkvæm því, sem algengt er í tolllögum; enda er óþarfi að taka með silkihönzkum á þessum selstöðukaupmönnum, sem eru oss hin sannnefndasta landplága; þeir eru oss botnverpingar á landi, sem raka frá oss gullinu úr landinu alveg eins og botnverpingar raka frá oss björginni úr sjónum. Það dugir ekki að vera að klifa ávallt á því, að það megi fara kringum lögin. Enginn maður getur búið þau lög til, sem ekki má fara í kringum. Mótbáran er því jafngild eða ógild gegn öllum lögum. Hún sannar of mikið og þess vegna ekki neitt, því samkvæmt henni ætti aldrei að búa til nokkur lög um nokkurn hlut, af því það mætti fara í kringum þau. En ef einhver kynni að óska, að ákvæði þessarar greinar væru skerpt, skal jeg ekki láta á því standa, og það svo, að aðalatriðum greinarinnar sje ekki raskað.

Jeg tek það enn fram, að þessi lög bæta úr hinni brýnustu nauðsyn þessa lands. Jeg skil ekki að h. þm. geti lokað augunum fyrir afleiðingum opins brjefs 1. júní 1792; það var gefið út beinlínis í því skyni, að draga merginn og aðalþýðinguna úr löggjöfinni 1786—1787, sem svo viturlega miðaði til þess að koma upp kaupstöðum og innlendum búsettum kaupmönnum í landinu. Þetta opna brjef er því einn angi af hinum fornu einokunarverzlunarákvæðum. Þótt ekkert væri annað gert en að nema þetta opna brjef úr lögum, þá væri það einkar-þýðingarmikil rjettarbót, sem hlyti að greiða fyrir fullum framgangi þessa frumv. síðar. Jeg skil því ekki, hvernig þetta frumv. getur orðið fellt, nema þingd. lýsi yfir stuðningi sínu við selstöðuverzlunina, sem alveg sjerstaklega nauðsynlega fyrir Ísland.

Og hvernig ætti jeg nú að skilja, hvers vegna h. þingd. skyldi eigi vilja uppræta þennan mosavaxna þröskuld fyrir framförum Íslands, sem felst í opt nefndu opnu brjefi? Það væri þá eins og deildin um aldur og æfi vildi breiða út faðminn móti öllum erlendum þjóðum, segjandi: Komið og sækið hingað til vor miljónir auðæfa; en það látum við oss engu skipta, þótt þjer flytjið þær jafnharðan burt til annara landa.

Mjer er satt að segja óskiljanlegt, hve bitur og kynleg mótmæli hafa getað komið fram gegn þessu frumv., frá menntuðum og skynsömum mönnum, sem maður þó sannarlega verður að gjöra ráð fyrir að vilji landi sínu allt hið bezta. Mjer er eigi unnt að skilja, hvernig heilbrigð skynsemi og góður vilji geti haldizt í hönd hjá mótmælendum þessa frumv.

En jeg skal svo ekki fjölyrða meira um málið að sinni, en skal við 3. umr. koma fram með nánari skýringar á málsins almennu hlið, sem hjer eiga ekki við á þessu stigi málsins.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. samþ. með 15:2 atkv.

2., 3., 4. og 5. gr. hver um sig samþ. með 14 smhlj. atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 15:3 atkv.

Frumv. til laga um rjett kaupmanna til að verzla með áfengi (C. bls. 172, 207); 2. umr.

Framsögumaður (*Skúli Thoroddsen*): Eins og nefndarálitið ber með sjer, eru það að eins óverulegar orðabreytingar, sem nefndin hefir leyft sjer að stinga upp á að gerðar væru við frumv. Jeg sje því ekki ástæðu til að bæta neinu við það, sem jeg tók fram um þetta mál við 1. umr., en óska að eins, að h. þingd. samþykki hinar einstöku greinar frumv. með breytingum nefndarinnar og vísi síðan málinu til 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. við 1. gr. samþ. án atkv.gr. sem orðabreyting, og 1. gr. þannig breytt samþ. með 17 samhlj. atkv.

Breytingartillagan við 2. grein samþykkt án atkv.gr. sem orðabreyting, og 2. gr. þannig breytt samþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögn frumv. samþ. án atkvæðagreiðslu.

Málinu vísað til 3. umr. með 18 atkvæðum.

Frumv. til laga um þóknun handa forstjórum og sýslunarmönnum Söfnunarsjóðs Íslands (C. bls. 196, 250); 2. umr.

Flutningsm. (*Jón Jensson*): Jeg er h. þingd.m. þakklátur fyrir undirtektir þeirra undir þetta frumv., þar sem þeir samþykktu það mótmælalaust við 2. umr. Jeg hefi nú leyft mjer að koma fram með breyt.till. á þingskj. 158, er fer í þá átt, að nema eitt orð, orðið »tiltölulega«, út úr frumv. Mjer hugkvæmdist seinna, að hlutfallið milli launa forstjóra og sýslunarmanna sjóðsins, eins og það er ákveðið í lögunum, mundi ef til vill ekki reynast heppilegt í framkvæmdinni síðar meir, og vildi jeg ekki að til lagabreytingar þyrfti að koma fyrir það, heldur mætti breyta hlutfallinu lagalaust, ef landshöfðingi veitir samþykki sitt til. Meiningin er þá sú, að hlutfallið milli launanna verði ekki fastbundið með lögum, og má þá með samþykki landshöfðingja, og án þess að að leita til löggjafarvaldsins, hækka, ef þörf gerist, t. d. laun bókara og fjehirðis, þó laun forstjóranna ekki hækki.

En ekki er tilætlunin með breyt.till. að slík breyting á hlutfallinu frá því sem lögin ákveða það, eigi að vera gerð að nauðsynjalausu eða án þess knýjandi ástæður þyki vera til þess.

Jeg leyfi mjer með þessum ummælum að óska þess, að þessi breyt.tillaga verði samþ.

ATKVÆÐAGR: Breyt.till (C. bls. 250) samþ. með 19 atkv. Frumvarpsgr. þannig breytt samþ. með 18 atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 19 atkv.

Frumv. til laga um einkarjett (C. bls. 233); 1. umr.

Flutningsmaður (*Jens Pálsson*): Það er kunnugt, að vjer Íslendingar erum ærið snauðir af hagkvæmum verkfærum oss til gagns og ljettis við búnað og iðnað, og er það bagalegt mjög. Mjer hefir því hugkvæmzt, að eitthvað þyrfti að gjöra frá hálfu löggjafarvaldsins, til þess að hvetja Íslendinga til að finna upp hagkvæm verkfæri handa þjóðinni. Jeg efast ekki um að Íslendingar hafi

eins góða uppfundningagáfu eins og aðr ar þjóðir, en að þeirrar gáfu gæti svo lítið, af því svo lítil hvöt er hjer fyrir menn til að beita henni.

Jeg mun ekki halda langa inngangsræðu nú, en að eins gefa stutt yfirlit yfir höfuðefni frumv. Það er þá fyrst, að farið er fram á að einkarjettur sje veittur fyrir uppgötvanir, sem sjeu til verulegrar nytsemdar fyrir búnað eða iðnað, þó eigi um lengri tíma en 15 ár. Fyrir einkarjett er ætlazt til að greidd sje lítilsháttar þóknun og til þess að tryggja það, að einkarjettarveitingin sje á góðum rökum byggð, er ætlazt til, að skipuð sje einkarjettarnefnd, sem á að skera úr um allar einkarjettar-beiðslur. Þá eru ennfremur ákvæði, sem eiga að fyrirbyggja það, að nokkrum sje órjettur gjör, og mælt fyrir um það, hvernig þeir eigi að leita rjettar síns, sem þess þykjast þurfa. Ennfremur eru í frumv. ákvæði um það, að engin skuli refsingarlaust geta gripið inn í einkarjett annars manns.

Jeg skal geta þess, að eptir að jeg sleppti handritinu í prentsmiðjuna, hefir mjer hugkvæmzt að rjett mundi vera, að taka það greinilega fram í lögunum, að hver, sem með rökum áliti sjer misboðið með einhverri einkarjettarveitingu, ætti hann að geta fengið þann einkarjett ó nýttan með dómi.

Jeg efast ekki um, að h. deild sje mjer samdóma um það, að frumv. þetta gengur í nytsemdaráttina, og vona að hún sje mjer einnig samdóma um það, að það sje ekki of snemma upp borið. Jeg veit sjálfur um eina uppgötvun, sem nýlega hefir verið gjörð, og hefi sjeð hlutinn, og ætla jeg að engum muni blandast hugur um að telja hann nytsaman; ennfremur veit jeg, að nú er verið að berjast við tvær nýjar uppfundningar, hvernig sem það nú kann að ganga. En nú sem stendur getur sá, sem eyðir fje og tíma til uppgötvana hjer á landi, ekki búizt við að fá neitt verulegt endurgjald, hversu vel sem honum kann að ganga uppgötvunin, þar sem aðrir geta að ósekju svo að segja hripsað hana út úr höndunum á honum og gjört sjer fje úr. Jeg vona eptir að mönnum skiljist, að það er miklu heppilegri aðferð, að hvetja menn til uppgötvana með því, að vernda gjörðar uppgötvanir, en sú aðferð að veita fyrir fram styrk úr landssjóði til að gjöra uppgötvanir, því að þar má segja, að mjög sje rennt blint í sjóinn.

Klemens Jónsson: Jeg skal ekki þreyta h. deild með langri ræðu, en geta skal jeg þess, að þegar einn merkur maður, sem þó ekki er þm., sá frv. þetta, kvað hann það hlægilegt, að fara að búa til lög um einkarjett í landi, þar sem engar uppgötvanir væru gjörðar. Það getur verið, að hann hafi tekið nokkuð djúpt í árinni; en ætti að mæla þetta frv. með sama mælikvarða og venja er að mæla önnur mál með, og spyrja að, hvort hjer væri um nytsemdarmál og þjóðvilja að ræða, þá er jeg hræddur um að frumv. yrði fremur ljett á metunum. En nú má, ef til vill, segja, að lög slík sem þessi mundu skapa nýjar uppfundningar, er menn sæju, að þeir gætu haft verulegan hagnað af þeim. Auðvitað er ekki hægt að neita þessu með öllu, en líklegt er það ekki, og ekki hef jeg orðið þess var, að nokkur hafi beðið sjerlegt tjón við vöntun einkarjettarlaga hjer á landi. Þessu máli er annars þannig háttað, að stjórnin hefði helzt átt að undirbúa það, og semja lagafrumv. um það. Það er vandi að semja einkarjettarlög, svo vel sje, og varla við að búast að þingið geti leyst það verk af hendi, allra helzt þar sem það mun ekki hafa kost á að hafa fyr-

ir sjer nema fátt eitt af einkarjettarlögum annara þjóða.

Það er ekki svo að skilja, að jeg vilji þó halda því fram, að frumv. þetta sje þegar fellt frá umr.; en jeg álít málið svo vandasamt, að sjálfsagt sje að skipa nefnd í það, og tel það þó vafasamt, að það geti orðið þannig úr garði gjört af þinginu nú, að það fái samþ. stjórninnar.

Landshöfðingi: Mjer hefir skilizt svo á báðum þeim h. þm., sem talað hafa í málinu, að eigi væri hægt eins og nú stendur að fá einkarjett á uppfundningum hjer á landi; en þetta er misskilningur; slíkt er alhægt fyrir þá sem vilja, og skal jeg í því efni skírskota til ráðherrabrjefs frá 21. maí 1878; þar er nákvæmlega skýrt frá, hvað þurfi að gjöra til þess að öðlast einkarjett, og það er einmitt hægra og umsvifaminna að fá einkarjett eptir fyrirmælum ráðherrabrjefsins en það mundi verða eptir ákvæðum þessara laga. Gjald það, sem hjer er ákveðið, er alls ekki svo lágt, og það er ekki svo lítill munur á, að þurfa að gjalda 400 kr. fyrir einkarjett eptir ákvæðum þessa frumv. eða 34 kr. eptir ákvæðum ráðherrabrjefsins. Jeg vil því biðja h. deild að íhuga, hvort nokkuð muni vera unnið við að frumv. þetta verði að lögum.

Þá er jeg og hræddur um, að hálferfitt verði að setja saman einkarjettarnefndina, og að það muni verða erfitt að fá 5 menn svo fjölfróða, að þeir geti dæmt um nytsemi hverrar uppgötvunar sem vera skal.

Flutningsmaður (*Jens Pálsson*): Út af orðum hæstv. landsh. skal jeg játa það, að mjer er ekki fullkunnugt um, hve auðvelt sje, að fara stjórnarveginn til að fá einkarjett hjer á landi fyrir uppgötvanir, sem hentugar eru fyrir oss og vor sjerstaklegu búnaðarstörf; en auðsætt er það, að áhöld, sem gagnleg eru fyrir oss, kunni að hafa lítið gildi til afnota í öðrum löndum, og mundi því erfiðara geta orðið að fá einkarjett á þeim í öðru landi. Fyrir þingunum 1875 og 1877 voru frv. um einkarjett; á þinginu 1877 voru samþykkt lög um einkarjett enn víðtækari en þessi, því að þar voru líka ákvæði um innflutta útlenda hluti. Þessi lög fengu þó eigi staðfesting konungs. Í Danmörku eru til lög um einkarjett frá 13. apríl 1894. Jeg hef haft þau til fyrirmyndar við samning frumv. þessa, og sniðið þau mjög eptir þeim.

Ekki get jeg í öðru skilið, en að vjer höfum svo mönnum á að skipa, að hægt sje að skipa dómnefndina hæfum mönnum, þannig að lögin geti þess vegna náð tilgangi sínum, og að rjettur einstaklinganna þurfi eigi að verða fyrir borð borinn fyrir óheppilega skipun hennar.

Það er einmitt samskonar nefnd í Danmörku, sem sker úr um einkarjettarveitingar, og ákvæðin síðar í frumv., að nefndinni sje heimilt að bæta við 2 mönnum, þegar henni þykir þörf á vera, tryggja það enn betur, að jafnan muni nokkrir nefndarmenn bera skyn á hlutinn, sem þeir eiga að dæma um.

Jeg get ekki horfið frá þeirri sannfæringu, að svo framarlega sem það liggur ekki nú opið og öndvert fyrir hverjum íslenzkum manni að geta fengið einkarjett, þá sjeu lög um það efni nauðsynleg, og að þau sjeu ekki of snemma upp borin, þótt h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) teldi ekki mikið um uppgötvanir hjer. En þess er vel að gæta, að á meðan engin hvöt er til að beita hugviti sínu til uppgötvana eða koma opinberlega fram með uppgötvanir, á meðan er ekki von á miklum uppgötvunum; jeg vona að þetta sje svo auðsætt, að eigi sje þörf á að færa rök fyrir því.

Jeg tek það enn upp, að mjer er einmitt kunnugt um uppgötvun eins hlutar, sem þarflegur er fyrir hvert heimili, og sem á að geta komizt inn á hvert heimili; en uppgötvarinn hefir ekki gert sjer far um að gera uppfundningu sínu kunna, því að þá veit hann að hann mundi þegar missa þann hagnað, sem hann gæti haft af henni, ef hann gæti tryggt hana með einkarjetti.

Skal jeg svo ekki orðlengja um þetta, en legg til að 5 manna nefnd sje kosin í málið.

ATKV.GR.: Nefndarkosning samþ. með 12 atkv. Kosningu hlutu:

Jens Pálsson	með	19 atkv.
Jón Jensson	—	12 —
Skúli Thoroddsen	—	9 —
Klemens Jónsson	—	8 —

Benidikt Sveinsson við endurkosning með 7 atkv.

Fyrstu umr. frestað.

Tillaga til þingsályktunar um skilyrði fyrir landssjóðs-styrk til barnakennslu (C. bls. 242); hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á tveim umræðum og var það samþ. í einu hljóði.

Nítjándi fundur, fimmtudag 22. júlí kl. 12 á hád. Allir á fundi nema þm. N.-Þing. (Ben. Sv.), er hafði tjáð forföll.

Forseti gat þess, að til sín væri komin og yrði framlögð á lestrarsalinn beiðni frá sýslunefndinni í Dalasýslu, um 6000 kr. styrk fyrir næsta fjárhagstímabil til gufubátsferða á Breiðafirði.

Frumv. til laga um breyting á 1. gr. og viðauka við lög nr. 3, 2. febrúar 1894 um breytingu á tilskipun um lausamenn og húsmenn á Íslandi 26. maí 1863 (C. bls. 181, 201, 246); 2. umr.

Framsögumaður (*Guðjón Guðlaugsson*): Við 1. umr. þessa máls gerði jeg grein fyrir tilgangi frumv.; skal jeg því hjer að eins minnast á einstakar greinir og breyt.till.

Í 1. gr. fer frumv. fram á, að færa aldurstakmarkið fyrir lausamennskuleyfi úr 22 árum niður í 20. Aðalástæðan til þessa er, að á þessu aldurstímabili eru brot gegn lausamannalögunum tíðari en ella. Af því nefndarmenn voru eigi allir sömu skoðunar um þetta, varð það að samkomulagi í nefndinni, að setja takmarkið 21 ár. Með því er farið miðvega milli hinna ólíku skoðana, og get jeg fyrir mitt leyti fellt mig betur við það en ekkert, því það mundi og fækka brotum nokkuð. Sumir nefndarmenn munu og hafa haft nokkra hliðsjón af því, að í þinginu er fram komið frumv. um að færa lögaldurstakmark niður til 21 árs.

Í 2. gr. hefir nefndin ekki fundið ástæður til efnisbreytinga, en að eins farið fram á dálitinn viðauka. Hún sá nefnilega, að ákvæði frv. leyfðu lausamönnum enn eitt hugsanlegt undanfæri, nefnilega að gefa sig út fyrir hjú. Bætti hún því við ákvæðum um, að skylda húsbændur til, þegar svo ber undir, að gefa hjúum sínum skírteini, sem þau sjeu skyld að hafa, er þau stunda atvinnu utan sveitar. Með þessu mun vera loku skotið fyrir öll undanbrögð. Væri slíkt skírteini eigi lögboðið, gæti það opt orðið umsvifasamt og seinlegt, hvort heldur fyrir hreppsnefnd eða fyrir hlutaðeigandi hjú, að þurfa að skrifa í aðrar sveitir og fá svar. Hins vegar er það ekki stórvægilegt ómak fyrir húsbóndann, að gefa hjúi sínu þetta skírteini sem eins konar passa, t. d. ef það fer til sjávar. Sektirnar er eðlilega ákveðið að skuli lenda á hjúinu; en segi það satt um, að það sje hjú og húsbóndanum sje um að kenna

skírteinisskortinn, verður húsbóndi að endurgjalda því sekt og málskostnað.

Þá kom nefndinni saman um að bæta við ákvörðun um fólk, sem er við nám og þó ekki á neinum skóla; að vísu mun það nú vera ólöglegt að slíkt fólk sje í lausamennsku án leyfisbrjefs; en nefndinni þótti þó rjettara að setja þessi ákvæði til frekari skýringar.

Sömuleiðis kom nefndinni saman um, að rjettara væri að breyta lægra sektartakmarkinu úr 4 kr. í 5 kr.

Við 3. gr. eru engar breytingar og við hana reyndar ekkert að athuga. Það hefir þótt sjálfsagt að hjú lausamanna hlyti að álíta sem lausamenn. Sumir kunna að álíta að orðið »hjú« sje eigi sem bezt valið í þessu sambandi, en jeg verð þó að álíta það rjett valið, þegar ræða er um mann, sem bindur sig árs samningi um að vinna fyrir lausamann.

Þá er að minnast á 1. breyt.till. þm. Dal. (J. P.) (C. bls. 246); hann vill banna lausamönnum algerlega að halda hjú. Jeg skal nú játa, að það sje óeðlilegt að lausamenn geti keppt við bændur um hjúahald; en þó geta komið fyrir tilfelli, þar sem það væri hart af löggjafarvaldinu að fara að sletta sjer inn í slíkt samningsfrelsi privat manna. Jeg þekki til þess, að í Ísafjarðarsýslu eru jafnvel vinnumenn, sem halda vinnumenn. Því skyldi þá ekki lausamannstetrið hafa sama rjett þegar hann hefir leyst sig löglega undan vistarskyldunni, t. d. að hafa þannig yngri bróður sinn, sem hann kynni að vilja hafa eptirlit með og umsjón yfir? Jeg verð því heldur að aðhyllast tillögu nefndarinnar heldur en þessa breyt.till.

Aptur vil jeg fallast á 2. breyt.till. sama þm., um sekt fyrir brot gegn 1. gr., því að slík ákvæði eru nauðsynleg í frumv. og galli að þau skyldi vanta.

Landshöfðingi: Jeg skal láta uppi það álit mitt, að frumv. þetta sje að ýmsu leyti til bóta og nefndarálitið að mestu leyti líka. Þó er í því eitt það atriði, sem jeg felli mig ekki við, en það er ákvæðið um nemendur, sem ekki eru á neinum skóla. Með þessu ákvæði er sýnilega gengið að því vísu, að hver sá, sem er í einhverjum skóla, sje að sjálfsögðu undanþeginn vistarskyldu. Sú spurning mun æði-opt koma fyrir og munu lagaákvæði þau, er að þessu lúta, vera skilin á ýmsan hátt í praxis; en mjer virðist það nokkuð ísjárvert að gjöra í þessum lögum ráð fyrir lagaskilningi, sem ekki hefir fengið neina festu. Ef kvennmaður segir t. d: »Jeg var á kvennaskóla í vetur«, þá mundi hún eptir þessu frumv. hafa ástæðu til að þykjast laus við vistarskyldu næstkomandi sumar. Þetta atriði vildi jeg ráðleggja h. nefnd að íhuga betur.

Sá námssamningur, sem nefndarálitið talar um, mun sjálfsagt eiga við samning um að læra handverk.

Það er auðvitað, að lagaákvæði um vistarskyldu eru nokkuð ónákvæm og torskilin, en þó sje jeg ekki neina ástæðu til að fara að gefa slíka »autentisk Fortolkning« á þessum lögum.

Jeg álít það mikið gott að nemendur gangi á gagnfræðaskóla og kvennaskóla, en jeg þekki enga skýlausa lagaheimild fyrir því, að hlutaðeigendur sje lausir undan vistarskyldu fyrir það.

Jón Þórarinsson: Einmitt þetta ákvæði, sem hinn hæstv. landsh. hafði á móti, er það sem mjer þykir vænst um í öllu frumvarpinu. Þeir sem stunda nám í skóla allan veturinn, þurfa þess hvað helzt með að mega vera lausir, til að geta að sumrinu unnið sjer fyrir námskostnaði sínum, og væri það þeim tilfinnanlegt að bæta á þá þeim kostnaði, að þurfa að kaupa sjer lausamennskuleyfi. Það er auðvitað að jeg

ætlast ekki til, að þeir sje lausir nema þau ár, sem þeir eru við nám á skóla.

Nefndin hefir auðsjáanlega viljað leyfa þeim þetta, til þess að koma í veg fyrir málamyndarvistráð og samningsflækjur að óþörfu.

Jeg mæli með því, að þessum ákvæðum sje lofað að standa.

Landshöfðingi: Jeg skal taka það fram út af orðum h. 2. þm. Kj.-Gullbr. (J. Þ.), að jeg hefi ekkert á móti því, að fólk, sem vill mennta sig á skólum, sje undanþegið vistarskyldunni meðan á náminu stendur, en jeg vil að það sje þá tekið beint fram í lögum, en ekki eins og hjer er gjört ráð fyrir, að þetta fólk sje undanþegið vistarskyldunni, þótt það sje það ekki í raun og veru. Jeg hefi, sem sagt, alls ekkert á móti því, að þetta fólk sje undanþegið vistarskyldunni, en þá verður að vera einhver trygging fyrir því, að sú undanþága verði ekki misbrúkuð, en það gæti auðveldlega átt sjer stað, þar sem nám á þessum skólum er ekki svo fast sem skyldi. Því þó maður sje 1 vetur á slíkum skóla, þá getur slíkt varla kallast reglubundið nám; til þess þyrfti námstíminn að vera 2—3 ár. Það er þess vegna meira »formelt« en »reelt«, sem jeg hefi á móti tillögu nefndarinnar, og því getur okkur h. 2. þingm. K.-G. (J. Þ.) komið vel saman í aðalatriðinu.

Jens Pálsson: Jeg vildi leyfa mjer að mæla nokkur orð fyrir breyt.tillögu minni (C. bls. 246) við 3. gr. frumv. — Jeg get ekki skilið, að ákvæði þeirrar greinar geti staðizt. Mjer hefir æfinlega skilizt, að lausamenn og lausakonur væri, eptir gildandi lögum, persónur í þjóðfjelaginu, sem hefðu fengið rjettindi til að verja kröptum sínum í sínar eigin og fjelagsins þarfir, hvar sem þær vildu og svo lengi á hverjum stað, sem þær vildu, án þess að þurfa að gegna öðrum skyldum en þeim, sem tilteknar eru í lausamannalögunum. Jeg get þess vegna ekki skilið, að það sje rjett álitið, að lausamenn hafi rjett til að halda hjú, því ef þessar persónur hafa rjett til þess, þá eru þær eitthvað annað en lausamenn. Þeir, sem hafa fast heimili, hvort sem þeir eru bændur, handiðnamenn eða annað, þeir hafa rjett til að halda hjú, en þeir sem ekki hafa fast heimili, heldur eru lausamenn, þeir geta ekki haft rjett til að halda hjú.

Þessari skoðun minni til stuðnings skal jeg benda á, að við það að halda hjú eru bundin viss gjöld; þurrabúðarmaður t. d. verður, ef hann heldur hjú, að gjalda heilan ljóstoll, en að eins halfan ljóstoll, ef hann heldur ekkert hjú. Lausamaður geldur fyrir sig sjálfan 50 aura kirkjugjald, en ef hann heldur hjú, þá veit jeg ekki hvað mikið hann á að borga. Jeg hefi aldrei skilið lausamennskulögin þannig, að þau gæfu lausamanninum rjett til að halda hjú. Vinnuhjúin eru ákveðin stjett, sem, eptir gildandi hjúalögum, njóta vissra rjettinda, t. d. rjettar til að njóta hjúkrunar um vissan tíma hjá þeim húsbónda, er þau sýkjast hjá, o. s. frv. — Et lausamenn fá rjett til þess að halda hjú, þá er jeg hræddur um, að þeir geti orðið hættulegir keppinautar bændanna, sem eiga í nægri þröng um vinnukrapt nú þegar.

Eptir 3. gr. frumv. á lausamanni að vera heimilt að taka þann mann sem hjú, er hefir leyst sig undan vistarskyldunni með leyfisbrjefi, en ekki þá, sem ekki hafa leyst sig undan henni með leyfisbrjefi. Sá, sem hefir leyst sig undan vistarskyldunni, hann er lausamaður. Þetta getur ekki staðizt, því sá, sem hefir leyst sig undan vistarskyldunni, hann er ekki hjú. Lausamaðurinn verður þá eptir þessu að fá

mann, sem hefir verið eða er lausamaður, til þess að hætta að vera lausamaður og gjörast hjú.

Ef svo lausamaður fær einhvern lausamann eða lausakonu til þess, að verða hjú hjá sjer, hvernig verða þá þessi lausahjú? Þau verða í reyndinni lausamenn, því þau vinna ekki á einum og sama stað, heldur til og frá. — En hvar hafa þá þessi hjú lausamannsins ársheimili? Mjer finnst þurfa að ákveða jafnframt, að þau skuli hafa ársheimili á þeim stað, þar sem lausahúsbóndinn hefir ársheimili.

Jeg get ekki fellt mig við þessa ákvörðun, sem haggar grundvellinum undir lausamennskulögunum, haggar hugmynd þeirra laga. Ef lausamaður ætti endilega að fá þann rjett að halda hjú, þá ætti honum að vera heimilt að vista til sín hvern þann, sem hann vill og getur fengið, en ekki binda hann einungis við það fólk, sem orðið er laust.

Framsögumaður (Guðjón Guðlaugsson): Jeg er þakklátur hæstv. landshöfðingja fyrir bendingar þær, sem hann gaf nefndinni, og fyrir undirtektir hans undir frumv. í heild sinni. Þessi breyt.till. nefndarinnar um fólk, sem stundar nám, var auðvitað á hinum knappa tíma, sem menn hafa til að íhuga málin, sett inn án nægilegrar yfirvegunar. Bending hæstv. landsh. er, að því er þetta atriði snertir, á rökum byggð, og mun jeg stuðla til þess, að það verði íhugað rækilegar í nefndinni til næstu umr.

Jeg er líka þakklátur h. 2. þingm. Kj.-G. (J. Þ.) fyrir athugasemdir hans, því það getur líka verið ástæða til, að íhuga málið frá þeirri hlið, sem hann benti á.

Jeg álít ekki rjett, að útiloka menn frá skólanámi, þó menn geti ekki verið nema part úr árinu á skóla, með því, að leyfa þeim ekki að vera lausir það árið. Það er rjett, sem hæstv. landsh. sagði, að það þarf að hafa ákvæði, sem tiltaka, hvað námstíminn skuli vera langur.

Það er líka rjett, sem hæstv. landsh. gizkaði á, að þar sem talað er um námssamning í breytingartillögu nefndarinnar, þá er átt við iðnaðarmannasamninga. Jeg vissi, sem sagt, allt þetta, sem hæstv. landsh. hefir athugað, en sökum hins nauma tíma, en mikla starfa, hefi jeg ekki yfirvegað það fyr en nú, er hæstv. landshöfðingi tók það fram.

H. þm. Dal. (Jens P.) færði nokkrar ástæður fyrir þeirri breyt.till. sinni, að lausamenn mættu ekki halda hjú. — Fyrsta ástæða hans var sú, að ef lausamaður tæki til sín hjú, þá væri hann orðinn annað en lausamaður. Ef þetta ákvæði gjörði það að verkum, þá held jeg að ekki væri vert að halda því fram. Því ef lausamaður yrði húsráðandi við að taka hjú, þá yrði hann laus við að kaupa lausamannabrjef; en að því vildi jeg með engu móti styðja. En jeg get alls ekki fallizt á skoðun h. þm. Dal. (Jens P.) í þessu efni, því að lausamaður, sem heldur hjú, vinnur eptir sem áður á ýmsum stöðum, og sama gjörir hjú hans. — Þess vegna get jeg ekki sjeð, að lausamennskan í eðli sínu raskist nokkuð við það, að lausamaður heldur hjú. — Jeg held þess vegna að breyt.till. h. þm. Dal. (J. P.) sje alveg óþörf. Jeg lít svo á, að ef jeg geng inn á samning við lausamann, að vinna fyrir hann, þá segi jeg við hann: þú skalt hafa vinnu mína yfir árið fyrir ákveðið verð, og þú verður að hafa skaðann, ef þú fær ekki það upp úr vinnunni, sem þú hefir samið um að borga fyrir hana, en þú hefir líka allan ábatann, ef hann

verður nokkur. Þetta finnst mjer annað en vistráðning til húsbónda, sem ræður hjúið til að vinna ákveðin verk.

Jeg held það sje misskilningur hjá h. þingm. Dal. (J. P.), að enginn lausamaður, sem hefir leyst sig undan vistarskyldunni, sje bær um að vista sig eptir sem áður sem hjú, enda get jeg upplýst hann um, að jeg hefi haft slíkt hjú. Það væri líka mesta ófrelsi, ef maður, sem hefði leyst sig undan vistarskyldunni, mætti ekki alveg eins vel vista sig síðar hjá lausamanni eins og bónda eða hverjum öðrum. Mjer finnst þá þetta ákvæði, sem h. þingm. Dal. (J P.) heldur fram, vera jafn óeðlilegt, hvort sem litið er til lausamannsins, sem gjörist hjú, eða hins, sem telst húsbóndi.

Þá sagði sami h. þingm. Dal. (J. P.), að rjettara væri, að lausamaður mætti vista til sín hvern, sem vera skyldi. En jeg sýndi fram á við 1. umr., að það yrði til þess, að hver, sem vildi, gæti skotið sjer undan að kaupa lausamennskuleyfi; jeg sýndi fram á, að 15 eða jafnvel fleiri gætu, ef þeir vildu, hafa sig til þess, notað sama lausamennskuleyfið.

Þá sagði hann, að lausamaður gæti ekki vistað hjá sjer mann, sem væri hjú annarsstaðar. Þetta er misskilningur; en auðvitað getur hann ekki framfylgt vistarsamningnum fyr en sá, sem ráðinn er, hefir keypt lausamennskuleyfi.

Jeg held og er jafnvel sannfærður um, að þetta ákvæði, sem h. þm. Dal. (J. P.) heldur fram, er svo gallað og vandræðalegt, að það kemst ekki í samræmi við nokkurt frelsi eða eðlileg mannrjettindi.

Jens Pálsson:. Jeg vil svara h. framsögum. (Guðj. Guðls.) fáum orðum, að svo miklu leyti sem ræða hans var mótmæli gegu breyt.till. minni. Hann sagðist skilja ákvæði frumv. svo, að lausamaður hefði rjett til að gjöra við annan mann ákveðinn vinnusamning, sem gæti orðið árssamningur. Jeg neita því alls ekki, að lausamaður eigi að hafa og hafi án nýrra lagaákvæða rjett til þessa, en það er allt annað, að gjöra slíka vinnusamninga við menn, eða taka mann til sín fyrir hjú. Hjú eru ekki aðrir en þeir, sem tilsk. 26. jan. 1866 hljóðar um. Þeir, sem ekki geta komizt undir ákvæði þeirra laga, eru ekki hjú. Ef á að skilja 3. gr. frumv. svo, að lausamönnum sje með henni gefinn rjettur til að halda verkamenn, þá er hún óþörf, því þann rjett hafa þessir menn eptir gildandi lögum, en það er allt annað en rjettur til að gjöra hjúasamninga og framfylgja þeim. H. framsögum. hafði það eptir mjer, að lausamenn gætu ekki orðið hjú. Jeg hefi aldrei sagt, að lausamenn gætu ekki orðið hjú, en jeg hef sagt, að þeir gætu ekki verið hjú. Þetta tvennt, lausamaður og hjú, getur ekki sameinazt í einni persónu. Hann sagði ennfremur að lausamanni væri ekki bannað, að vista til sín manneskju, sem væri hjú, en að hún yrði að leysa sig undan vistarskyldunni áður en hún gæti gengið í vistina til hans. Þessi manneskja verður þá að leysa sig undan þeirri skyldu, að vera hjú, til þess að geta orðið hjú. Af þessu er bert, að þetta ákvæði frumvarpsins er ekki að eins kynlegt og óeðlilegt, heldur fráleitt, fullkomin fjarstæða. — Hugmyndirnar: húsbóndi, hjú, og lausamaður eru afmarkaðar og standa hver fyrir sig, og hver útilokar aðra. Sami maður getur ekki á sama tíma verið húsbóndi og lausamaður; ekki heldur lausamaður og hjú.

Í hjúalögunum er gjört ráð fyrir því,

að hjúið hafi fast heimili, sje meðlimur viss heimilis. Þar er tekið fram, hvernig breytni þess eigi að vera á heimilinu, um burtvísun af heimili o. s. frv. Það segir sig sjálft að þessi ákvæði hjúalaganna eru óheimfæranleg upp á þau lausamannahjú, sem búa á til með frv. þessu.

Guðlaugur Guðmundsson: Það eru orðnar langar umræður um ekki merkilegra mál en þetta er, en jeg vil þó leyfa mjer að bæta hjer enn við fáum orðum og gjöra grein fyrir því, hvernig jeg ætla að greiða atkvæði í málinu.

Jeg mun greiða atkvæði á móti 1. gr. frumv. Aldurstakmarkið, eins og það er sett í hinum gildandi lausamennskulögum, er fram komið fyrir samkomulag milli þingdeildanna, er lögin voru samin. Hjer í neðri deild var upphaflega samþykkt aldurstakmarkið »fullveðja aldur«, en E. d. breytt því í 22 ára aldurstakmark, svo að það varð að samkomulagi milli deildanna, að ákveða 22 ára aldurstakmark. Nú er í frumv. hjer stungið upp á, að aldurstakmarkið verði 20 ára aldur, en það vill h. nefndin svo aptur færa upp í 21 árs aldur. Það má segja, að þetta sje að breyta til þess að breyta. Að ætla sjer að sanna að það sje hættara við því, að lögin verði brotin, ef aldurstakmarkið er einu ári hærra, það er að sanna of mikið, en sá sem sannar of mikið, sannar ekki neitt. Að vitna til laga um lögaldur, sem verið er að bera upp hjer í deildinni og sem áður hefir verið neitað staðfestingar, það sje jeg ekki, hvernig getur til sanns vegar færzt. Frumv. eins og þetta ætti að miðast við gildandi lög, en ekki við það, sem ekki verður gjört að lögum. 1. gr. frumv. vil jeg þess vegna fella burtu. Sama verð jeg að segja um 3. gr. í heild sinni, því það er enginn vafi á því, að eptir gildandi lögum geta lausamenn ekki haldið hjú, og þarf ekki annað en að vísa til tilskipunarinnar frá 1866 því til sönnunar. Því enginn lausamaður getur tullnægt þeim skilyrðum, sem húsbónda er ætlað að fullnægja gagnvart hjúi samkvæmt þeim lögum. Að kalla vinnusamning hjúasamning, það getur maður kannske komið sjer saman um, því það má koma sjer saman um, að kalla einhverja steinhrúgu »Trójuborg», en steinhrúgan verður ekki Trójuborg fyrir það. Breyt.till. h. þm. Dal. (Jens P.) getur skoðazt sem millivegur, en jeg sje ekki, að það hafi neina praktiska þýðingu að samþykkja hana.

Að því er snertir 2. gr. frumv., skal jeg taka það fram, að í gildandi lögum eru til fulltrygg ákvæði um það, að lausamenn skuli hafa fast heimili, og er óþarfi eptir þeim lögum, að láta lausamenn flakka heimilislausa um allt land. En jeg veit hins vegar, að þessum ákvæðum er ekki beitt eins og vera ber. Jeg veit af eigin reynslu, að það eru til þeir hreppstjórar, sem ekki heimta skrifleg skírteini af lausamanni fyrir því, að hann hafi fast heimili. Það er kannske hrein undantekning, ef það er gjört. Jeg get greitt atkvæði með 2. gr. frumv., því að ákvæðin eru þar skýrari en í gildandi lögum, þó að ekki sje víst að þeim verði betur fylgt en gjört hefur verið að því hin gildandi lög snertir.

Að því er snertir viðaukatill. nefndarinnar við 2. gr., þá getur verið ástæða til, að láta hjú, sem stundar atvinnu í annari sveit, hafa með sjer skírteini um stöðu þess og heimili, en aptur er jeg á móti ákvæðinu, er leggur sömu skyldu á hendur námsmönnum, og vildi jeg því skjóta því til h. forseta, hvort ekki mætti skipta at-

kvæðagreiðslunni um þessa viðaukatillögu nefndarinnar.

Loks vil jeg segja, að ef á að lögleiða það, að lausamenn hafi hjú, þá verða svo hál og hæpin takmörkin milli lausamennskulaganna og þurrabúðarlaganna, að hægt yrði að fara í kringum þau. Lausamaður og lausakona gæti þá hæglega skotið sjer undan þurrabúðarlögunum og undir lausamannalögin, og mundi það verða til þess að kippa burtu mismuninum á lausamönnum og þurrabúðarmönnum í framkvæmdinni.

Framsögumaður (Guðjón Guðlaugsson): H. þm. Dal. (Jens. P.) fóru svo orð, sem óhugsanlegt væri að hjú og lausamaður gæti verið sameinað í einni og sömu persónu. Nú kemur það vitanlega fyrir, að lausamaður vistar sig að hálfu sem hjú, stundum að 1/3. Þegar svo stendur á, hugsa jeg að h. þm. Dal. (J. P.) kunni að verða skotaskuld úr því að hluta persónuna í tvennt eða þrennt, helming eða þriðjung hjú, og hinn partinn lausamann.

Þetta hygg jeg sje nóg til að hrekja þessa fjarstæðu.

Að segja að það geti ekki átt sjer stað, að lausamenn haldi hjú, sýnist vera býsna hártogunarkennt, þegar menn vita að það á sjer margfaldlega stað, að menn eru ársamningum bundnir í þjónustu lausamanna. Því það veit þó hinn h. þm. (J. P.), að þegar einhver hlutur er, þá getur hann verið. Merkilegt er að þm. áleit þó að lausamenn gætu haldið daglaunamenn. Skyldi það nú verða mikið notalegri samkeppni við hjúahald bænda?

Þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) hafði nú margar ástæður móti þessu trumv., og kvaðst ekki mundi gefa því atkv. sitt. Jeg er nú ekki svo hugsjúkur út af því, því að hann hefir nú sem betur fer að eins eitt atkv., og ætti reyndar í þessu máli helzt ekki að hafa neitt atkv. Allir helztu gallarnir á þessum lögum eru hans verk, og því er það, að jeg óskaði að hans atkv. í þessu máli væri ekki neitt. H þm. var að tala um samninga milli efri og neðri deildar 1893, sem ótært ætti að vera að rjúfa. Jeg sat þá í efri deild, og var þá sömu skoðunar í þessu máli sem jeg er nú. En ætti slíkt samkomulag að binda hendur þm. um ókomin ár, væri slíkt með öllu ópolandi. Þetta ár komst mál þetta í neðri deild í nefnd, sem h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) því miður var í, og glæptist meiri hluti efri deildar á að samþykkja niðurstöðu þeirrar nefndar. H. þm. var mjög á móti því að færa aldurstakmarkið niður um eitt ár, en það er bágt að sjá, að hverju leyti það getur verið svo miklu ísjárverðara, að veita 21 árs gömlum manni fremur en 22 ára gömlum manni leyfi til »að fjefletta bændur og flækjast landshornanna á milli«, eins og h. þm. (Guðl. G.) komst að orði. Skyldi hann álíta, að unglingarnir sjeu þeim mun ásælnari og kænni að fjefletta menn, sem þeir eru yngri?

Það kalla jeg nú ófrelsi og það í meira lagi, að vilja ekki einu sinni leyfa mönnum að kaupa sjer fyrir peninga það frelsi, sem þeir ættu eðlilegan rjett á að hafa leyfisbrjefslaust.

H. þm. (Guðl. G.) sagði enn fremur, að hreppstjórar heimtuðu sjaldan lausamennskuskírteini af mönnum, og væru mjög vanrækslusamir í því efni. Já, það er víst mála sannast, að svo er. En eptir þessum lögum á hjúið sjálfkrafa að sýna skírteini sitt eða sæta sekt ella. Það eru því miklu meiri líkindi til, að þessum lögum verði fremur framfylgt en hinum núgildandi lögum, sem að eins heimila hreppstjóra að

krefjast skírteinisins. Hin núverandi vanrækt er því engin mótbára móti þessu frumv.

Loks vildi hinn sami h. þm. reyna að hjálpa þm. Dal. (J. P.); hann hjelt því fram, að lausamaður gæti eigi löglega haldið mann sem hjú. En hvað sem hann um það segir, þá er það víst og vitanlegt, að það á sjer stað, að lausamenn ráða menn til ársvistar í sína þjónustu.

Það tjáir lítið að vera að vitna í hjúalögin, því að fyrst er nú ekki víst að allir skilji þau eins og þm. V.-Sk. (Guðj. G.), þótt hann lagamaður sje, og í annan stað verður á það að líta, hvernig venja er orðin að beita þessum lögum í framkvæmdinni. Annars get jeg ekki verið að taka það svo mikið til greina, þótt h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) sje lagamaður, eða leggja sjerstaklega mikið upp úr umræðum hans fyrir það; það eru fleiri lagamenn hjer í deildinni en hann, þar á meðal hæstv. landshöfðingi, sem ekki fann þessari ákvörðun neitt til foráttu, og tek jeg mjer því ljett, þótt þm. V.-Sk. (Guðl. G.) sje á öðru máli.

Einar Jónsson: Jeg verð að vera samdóma h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) um 2. gr., og vera henni alveg mótfallinn, og það því fremur sem lausamannalögin eru almennt illa látin í mínu kjördæmi, eptir því sem jeg hef heyrt á þau minnzt, og hafa allir þeir bændur, er talað hafa um þau við mig — jeg held mjer sje óhætt að segja það — talið þau hin mestu óhappalög. Svo lengi sem kjósendur mínir eru almennt á þeirri skoðun, og jeg er þeim samþykkur í því, get jeg ekki vel verið með að samþykkja þessa breytingu. Þó skal jeg reyndar játa, að verði löggaldurstakmarkinu breytt, yrði eðlilega nokkuð öðru máli að gegna um þetta; en það er nú ekki orðið enn.

Guðlaugur Guðmundsson: Mjer dettur ekki í hug að fara að svara einu orði hnútum og hnýflingum h. þm. Strand. (Guðj. Guðl.),; hann hrakti ekki eitt einasta atriði í röksemdum mínum, og hann bar ekki einu sinni við að reyna það, en ljet sjer nægja að tala almennum orðum á víð og dreif.

1893 stóð í frumv. neðri deildar að menn yrðu að vera fullveðja til að fá lausamennskuleyfi. Þm. sá, sem flutti þetta mál þá í efri deild, komst meðal annars svo að orði í einni ræðu sinni þá: »Jeg veit fyrir mig, að þótt jeg í þingbyrjun flytti ákvæði um 20 ára löggaldur, þá mundi jeg greiða atkvæði móti því, ef þetta frumv. nær fram að ganga, því þótt mjer þætti eðlilegast, að 20 ára aldur væri nægur til þess, að menn fengju að verða fjár síns ráðandi, þá mundi jeg nú ekki vilja vinna þá rjettarbót fyrir það, að allir fengju að vera lausir skilyrðislaust 20 ára gamlir, því 10 kr. gjald tel jeg að engu í því tilliti«. (Alþt. 1893 A. 497).

Vitaskuld fór hann þá fram á hærra gjald fyrir lausamennskuleyfið, svo sem 20 kr., en hjer eru ákveðnar 15 kr., og sjá nú allir að það er bitamunur en ekki fjár, og í því felst engin principmunur.

Sami h. þm. sagði þá einnig í efri deild: »Svo hefir verið sagt, að ef vistarbandið yrði leyst, mundu menn læra betur vinnu. Það held jeg sje þó fjarstæðast af öllu. Það getur verið að einstaka vinnu megi læra eins vel, en fáa betur. Jeg hef eigin reynslu fyrir mjer í þessum efnum, að það er skaði einn að því að vera ekki í vist á ungdómsárum, ef maður á kost á góðum stað, einkum í tilliti til lærdómsins í algengum nauðsynjaverkum. . . . .

. . . Vankunnátta vex meir og meir eptir því sem lausamönnum fjölgar«. (Alþt. 1893, A. 495).

»Jeg er á skoðun neðri deildar að því leyti, að gott er að hamla því að ungir menn komist í lausamennsku, enda þótt jeg vilji ekki taka fyrir það með öllu«. (Alþt. 1893, A. 495).

Jeg skal benda á það, að sá þm., sem svona talaði, sagðist tala af eiginni reynslu. En sje það, eins og hann svo skýlaust hefir sagt, skaði, að menn fari ungir í lausamennsku, þá verður bersýnilega skaðinn þó því meiri, sem aldurstakmarkið er fært lengra niður.

Jeg veit ekki hvort jeg þarf að taka það fram, að sá þm., sem á alþingi 1893 talaði þau orð, sem jeg nú hef lesið upp, var enginn annar en h. þm. Strand. (Guðj. G.). Jeg vona að h. þm. sjái, hjá hvorum okkar hefir verið meiri samkvæmni í framkomu okkar í þessu máli, mjer eða h. þm. Strand.

Þm. Strand. (Guðj. G.) 1897 er allt annar maður í þessu máli heldur en hann var 1893, og gengur meira að segja í alveg gagnstæða átt.

Það er varla ofsagt, að slíkt frumv. sem þetta er að eins til að tefja tíma þingsins frá meira áríðandi málum, og vekja glundroða í nýrri löggjöf, sem enn er ekki búið að fá neina fullnægjandi reynd af.

Annari grein frv. þessa er jeg ekki mótfallinn.

Kurteisisorðum h. þm. um, að jeg ætti að vera sviptur atkvæðisrjetti, og slettum hans um lagavit mitt álít jeg fyrir neðan mig að svara.

Guðjón Guðlaugsson: Orð mín lutu ekki á þann veg, að jeg vildi svipta h. þm. V.-Skf. (Guðl. G.) atkvæðisrjetti; jeg taldi að eins æskilegra, að hann hefði engan atkvæðisrjett haft í þessu eina máli.

Jeg hef ekki hjer við hönd mjer alþingistíðindin frá 1893, og hef ekki lesið nýlega þá ræðu mína, sem hann vitnaði til, svo jeg man ekki glöggt hvernig orð hafa þar til legið; en um það er jeg viss, að orðin hljóta að vera slitin út úr rjettu sambandi. En það var víst aðalatriðið hjá mjer þá, að gjaldið var að eins 10 kr., og jeg er og var á móti lágu gjaldi. Annars er það býsna þýðingarlítið, að lesa upp kafla úr gamalli ræðu, slitna út úr öllu samhengi. Það er annars býsna mikil ósamkvæmni að meina mönnum 21 árs gömlum lausamennskurjett, þar sem þó núgildandi lög leyfa yngri mönnum að ráða sig í vist og jafnvel að byrja búskap.

Það álít jeg satt, að menn læri ver nauðsynleg verk í lausamennsku en í hjúastjett, og því þætti mjer æskilegt, að sem fæstir færu mjög ungir í lausamennsku. En bezta aðhaldið gegn því er vafalaust að hafa leyfisgjaldið nógu hátt. Þau ummæli, sem h. þm. hafði eptir mjer, standa því alveg óhögguð. Minn tilgangur var að draga úr öllum lausamennskuýsnina með nógu háu gjaldi, en ekki að binda mönnum misrjetti á herðar með aldurstakmörkum.

Viðvíkjandi 1. breyt.till. þm. Dalam. (J. P.) og ummælum hans um, að einn og sami maður gæti ekki verið lausamaður og þó vistráðið hjú jafnframt, skal jeg leyfa mjer að benda á, hvernig 3. gr. tekur sig út, ef breyt.till. þm. verður samþykkt. Þá hljóðar hún þannig: »Engum lausamanni skal heimilt að taka nokkurn mann sem hjú«. Þykir h. þm. ekkert óviðfeldið í því, að vera að gefa út lög til að banna mönnum það, sem eptir hans eigin orðum er ómögulegt, og getur ekki átt sjer stað?

Pjetur Jónsson: Jeg vil leyfa mjer að benda á, að í stað þess að samþ. 1. breyt.till. þm. Dalam., færi miklu betur á að fella blátt áfram 3. gr., og það vil jeg leggja til að menn geri.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. nefndarinnar við 1. gr. felld með 11 : 7 atkv.

1. gr. frumv. óbreytt felld með 16:6 atkv.

Breyt.till. nefndarinnar við 2. gr.:
1. málsgr. samþ. með 16 smhlj. atkv.
2. — — felld — 12:8 atkv.
3. —— samþ. — 16 smhlj. atkv.

2. gr. frumv. svo breytt samþ. með 17 samhlj. atkv.

1. breyt.till. á þingskj. 147 samþ. með 12:3 atkv.

2. breyt till. á þingskj. 147 samþ. með 12 samhlj. atkv.

3. gr. frv. þannig breytt samþ. með 12:4 atkv.

Fyrirsögn frv. samþ. án atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 14 smhlj. atkv.

Frumv. til laga um að umsjón og fjárhald Bjarnaneskirkju í Austur-Skaptafellsprófastsdæmi skuli fengið hlutaðeigandi söfnuði í hendur (C. bls. 117, 219); frh. 2. umr.

Framsögumaður (*Guðlaugur Guðmundsson*): Jeg vona að h. deild hafi bæði kynnt sjer frv. stjórnarinnar og tilögur nefndarinnar, svo að ekki sje þörf á að rekja það hjer; mál þetta er svo umfangsmikið og margbrotið, að það mundi taka langan tíma, ef fara ætti vandlega út í öll einstök atriði þess, enda er þess ekki þörf, því að nefndin hefir gjört grein fyrir stefnu málsins í inngangi álits síns og síðan ýtarlega skýrt frá hvernig sakir stæðu með hverja einstaka af kirkjum þeim, sem um er að ræða, og að öðru leyti er hægt að kynna sjer málið af skjölum þeim, sem um það hafa komið hjer inn á þing. Jeg skal taka það fram, að það virðist nokkuð undarlegt um Bjarnaneskirkju, að þegar prófastur vísiteraði hana fyrir tæpum 3 árum síðan, þá var hún talin í allgóðu lagi; en nú segir svo í skýrslunni um hana, að hún sje lek, tekin að fúna, og sje allmikið farin að hallast. Mjer er persónulega kunnugt um það, að skoðunarmenn kirkjunnar álíta, að þessar skemmdir hennar sjeu af því sprottnar, að grundvöllurinn undir henni sje misþjettur og missigi fyrir þá sök, og af því hafi hún tekið að hallast, en af hallanum leiði svo lekann og fúann. Það er tekið fram í skoðunargjörðinni, að kirkjunni sje bráð hætta búin af leka og innfoki, svo að eigi verði annað sjeð, en að hún muni eyðileggjast af fúa á fáum árum, ef ekki sje mjög bráðlega aðgjört.

Þá kemur Þykkvabæjarklausturskirkja; hún er talin í laklegu ástandi og í prófastsvisitatíuskýrslu frá 25. okt. 1896 segir svo um kirkjuna, að hún álítist í laklegu standi, þar eð naumast sje hægt að messa í henni, nema í bezta veðri. Enn fremur segir, að kirkjan sje öll mjög gisin orði, og að ytri hurð vanti fyrir hana, og að bráða nauðsyn beri til að reka saman þiljur allar í kirkjunni, þar eð hún sje ekki fokheld.

Um Munkaþverárkirkju er það að segja, að henni er þannig lýst, að hún sje 53 ára gömul, og að mörgu leyti orðin mjög ljeleg og mikið fúin, og að hún sje langt frá því að fullnægja kröfum og þörfum tímans sem viðunanlegt guðshús, eins og ótalmargar skoðunargjörðir viðkomandi prófasta geti sýnt. Það er skýrt svo frá, að inn um veggina fjúki bæði mold og snjór, og þótt reynt sje að troða einhverju í rifurnar, vilji það lítið stoða, og að frágangssök sje að embætta í henni á vetrum nema í beztu tíð, og að óumflýjanlegt sje að kirkjan sje byggð upp hið fyrsta. Að því er þessar þrjár kirkjur snertir, sýnist eigi nema um það tvennt að gjöra: annaðhvort að láta brátt framfara aðal viðgerð á þeim, eða þá byggja þær alveg upp að nýju, að minnsta kosti að því er tvær þeirra snertir.

Viðvíkjandi Prestbakkakirkju skal jeg taka það fram, að hún er 40 ára gömul, og hefir orðið vart við fúa í henni. Fyrir 4 árum síðan lá við að kirkjan yrði í veði í ofviðri einu, undirstokkarnir voru orðnir svo fúnir, að þeir hjeldu þiljunum eigi föstum, og er ekkert líklegra, en að þær hefðu algjörlega fokið, ef veðrið hefði staðið lengur. Þessar fjórar kirkjur, sem jeg hefi nefnt, þurfa auðsjáanlega mikillar aðgjörðar við, ef þær eiga ekki að eyðileggjast. Það er ekki efamál, að þessar viðgjörðir mundu verða landssjóði dýrar, og að hann innan fárra ára yrði að leggja fram mikið fje til þeirra. Þetta hafði nefndin fyrir sjer, er hún komst að þeirri niðurstöðu, að ráða h. þingi til að selja hlutaðeigandi söfnuðum í hendur fjárhald þeirra 6 kirkna, sem taldar eru upp í nefndarálitinu, með þeim kostum, sem þar eru tilgreindir.

Í fljótu bragði sýnast kröfur safnaðanna fremur ósanngjarnar, en sje þess gætt, að bráðlega þurfa að fara fram stórviðgjörðir á flestum af kirkjum þessum, eða jafnvel þörf á að byggja þær með öllu, og þegar þess er enn fremur gætt, hve dýr öll þess konar vinna vill verða landssjóði, sjálfsagt miklu dýrari en ef söfnuðirnir ynnu hana fyrir sjálfa sig, þegar alls þessa er gætt, þótti nefndinni ástæða til, að fara liðlega í sakirnar.

Nefndin hafði ekkert að athuga við afsal Þykkvabæjar, Prestsbakka og Möðruvallaklausturskirkna; en aptur var hún í nokkrum vafa um, hvort ganga skyldi að þeim kostum, sem boðnir voru fram viðvíkjandi Bjarnaneskirkju, en með því bæði landshöfðingi og stjórnin höfðu gengið að þeim fyrir sitt leyti, þótti nefndinni þó rjettast, að ráða h. deild, til að gjöra hið sama.

Langholtskirkjusöfnuður vill helzt vera laus við, að taka við fjárhaldi kirkju sinnar, en hefir þó lýst því yfir, að ef hann »með nýrri löggjöf« yrði skyldaður til þess, þá mundi hann krefjast þess, að landssjóður legði með henni 2500 kr. Nefndin er á því, að verið geti, að söfnuðurinn taki góðfúslega að sjer fjárhald kirkjunnar, og hún er í engum vafa um það, að landssjóður standi sig vel við það, að leggja með henni 2500 kr., þar sem bæði sveitin, sem kirkjan er í, og sjerstaklega jörð sú, sem hún stendur á, er svo mjög undirorpin eyðingu af sandfoki.

Að því er Munkaþverárkirkju snertir, þá er hún eina kirkjan, sem nefndin hefir farið fram á, að kröfur safnaðarins um fúlgu með henni yrðu færðar niður. Það er bent á það í ástæðum nefndarinnar, að bæði sje söfnuðurinn fremur fámennur, og að þar eð ástand kirkjunnar sje eptir visitatíum talið »gott«, þá megi búast við, að hún geti staðið fram undir 10 ár enn. Nú er það álit nefndarinnar, að ekki þurfi að kosta meir en 5—6000 kr. að byggja kirkju handa ekki stærra söfnuði en Munkaþverársöfnuði, og það fje gæti söfnuðurinn átt í sjóði og meira til eptir 10 ár, ef hann tær nú 4000 kr. úr landssjóði.

Eitt er það, sem nefndin hefir ekki getað athugað, og sem þó hefði verið fróðlegt að rannsaka þessu máli til skýringar, og það er það, hve mikið fje veitt hefir verið til aðgjörðar þessum landssjóðskirkjum á síðari árum, og veitt hefir verið á fjárlögum, svo að eigi er hægt að sjá það í kirkjureikningunum. Þetta hefir nefndin enn ekki haft tíma til að rannsaka, en grunur minn er það, að tekju-afgangur landssjóðskirknanna yrði harla lítill, máske ekki meiri en núll, ef þessi útgjöld til þeirra á fjárlögunum væru reiknuð með öðrum útgjöldum landssjóðskirknanna.

Yfir höfuð hygg jeg, að tekjur af landssjóðskirkjum sje ærið óviss tekjugrein fyrir landssjóð, og frá því einu sjónarmiði, og þótt eigi væri á annað að líta, sje það lang-heppilegast fyrir landssjóð, að losast við kirkjur sínar, jafnvel þótt hann þurfi að greiða töluvert fje með þeim.

Klemens Jónsson: Jeg get ekki stillt mig um, að fara fám orðum um þær tvær kirkjur í mínu kjördæmi, sem hjer er um að ræða.

Að því er snertir Möðruvallaklausturskirkju, þá er jeg samdóma h. nefnd um, að það sje rjett, að gefa söfnuðinum kost á að taka hana að sjer með þeim kostum, sem nefndin býður, og að það sjeu allar líkur til, að það tilboð verði þegið af söfnuðinum. En allt öðru máli er að gegna um skoðun mína á aðgjörðum nefndarinnar viðvíkjandi Munkaþverárkirkju. Fyrst og fremst er þessi kirkja elzt af öllum þessum kirkjum, sem hjer ræðir um, þegar orðin 53 ára gömul, og auk þess eptir lýsingunni á henni orðin mjög fúin, og svo gisnaðir veggir, að inn um þá fjúki, og yfir höfuð svo hrörleg, að eigi verði messað í henni, nema í bezta veðri. — Undir þessa lýsingu get jeg skrifað, að svo miklu leyti sem mín persónulega þekking nær, og þó álítur h. nefnd að með lítilli viðgjörð megi enn í 10 ár una við kirkju þessa; það getur að vísu verið, að hún geti hangið uppi í 10 ár enn, einkanlega af því, að hún er á Norðurlandi, þar sem svo þurrviðrasamt er, en hitt er annað mál, hvort hún getur álitizt forsvaranlegt guðsþjónustuhús fyrir það, og það veit jeg, að söfnuðinum dettur ekki hug, að taka kirkjuna að sjer með þeim kjörum, sem hjer eru boðin. Jeg átti einmitt tal um þetta í vor við nokkra af merkustu mönnunum í Munkaþverársókn, og þá lýstu þeir því yfir, að þeir mundu ekki geta tekið að sjer kirkjuna fyrir minna fje en þeir hefðu farið fram á.

Þó hef jeg ekki komið fram með breyt.till. við tillögu h. nefndar, því að jeg var hræddur um, að það mundi ekki bera nokkurn árangur. En leyfa skal jeg mjer að skjóta því til háttv. nefndar, að yfirvega það, hvort henni finnist ekki ástæða til, að hækka nokkuð tilboðið, því að hugsazt gæti það þó, að söfnuðurinn gengi inn á eitthvað lægra en hann hefir farið fram á; þó er það ekki svo, að jeg viti um það, og því síður að jeg hafi nokkurt umboð fyrir hann, að semja um nokkuð slíkt; en miðlunarvegur sýnist það, sem reynandi væri að ganga, að fara meðalveg milli þess, sem söfnuðurinn hefir farið fram á, og þess, sem nefndin hefir stungið upp á.

Þetta vil jeg biðja h. nefnd að íhuga, því að jeg álít það heppilegast, ef söfnuðurinn fengist til þess að taka að sjer fjárhald kirkju sinnar.

Einar Jónsson: Hjer er að tala um talsverð gjöld úr landssjóði, gjöld, sem þannig eru vaxin, að ekkert rennur í hann í þeirra stað, og því er rjett að íhuga, hvort vert sje að leggja svo mikið fje út, samanborið við það, hvernig sakir standa. Til að geta gert mjer nokkuð gleggri grein fyrir þessu, hef jeg litið reikningslega yfir málið 20 ár aptur í tímann, og 20 ár fram í hann. Það sem stungið er upp á, að lagt sje úr landssjóði til hinna 6 kirkna, sem hjer ræðir um, eru 17550 kr.

Árlegir 4% vextir af þessari upphæð eru . . . . . 702 kr.

Beint misst fje í 20 ár
eru þá vextirnir $702 \times 20 = 14040$ kr.
enn fremur einfaldir vextir af
þeim vöxtum . . . . . 5320 kr.
alls 19360 kr.

Með nánari reikningi á vaxtavöxtum, má þó telja þetta alls 21,000 kr.; það jafngildir því að greiddar sjeu til hverrar kirkju að meðaltali beinlínis úr landssjóði á næstu 20 árum 3500 kr. Nettotekjur af kirkjunum hafa á síðustu 20 árum verið 8160 kr. eða að meðaltali af öllum kirkjunum árlega 408 krónur. Ef nú er gjört ráð fyrir, að landssjóður missi þessar tekjur árlega í 20 ár að meðaltali eða alls 8160 kr., þá kemur á hverja af þeim 6 kirkjum, sem um er að ræða, fyrir öll árin kr. 1,360. — Og þegar þessum tekjumissi landssjóðs er bætt við vextina af því fje, sem landssjóður á nú að leggja fram til að gjöra kirkjurnar úr garði, sem jeg hef bent á, að linlega reiknað nemi 3,500 kr. á hverja kirkju á næstu 20 árum, þá missir landssjóður fyrir utan höfuðstólinn sjálfan, sem nú á að greiða með kirkjunum (nefnil. 17550 kr.), samtals 4860 kr. á hverja kirkju á næstu 20 árum, sem er nægilegt fje til að byggja fyrir góða meðalkirkju; jeg veit t. d. að Valþjófsstaðarkirkja kostaði þegar hún var byggð síðast ekki nema 4400 kr., og er hún þó fögur og vönduð í alla staði, og mjög erfitt með aðflutninga að henni. Með þessu fje, sem hjer er gjört ráð fyrir að leggja fram, er því hægt að byggja allar kirkjurnar upp á næstu 20 árum, ef haganlega er að farið og engri ósæmilegri ósanngirni beitt.

Jeg hef að vísu ekki getað rannsakað fullkomlega, hve miklu hefir verið varið kirkjunum til viðhalds á síðustu 20 árum, en jeg held sjálfsagt að allar smáviðgjörðir sjeu taldar í kirkjureikningunum, svo að jeg sje búinn að taka tillit til þeirra, þar sem jeg hef aðeins talið nettotekjurnar, svo að ekki sje nema um stærri viðgerðir að ræða. Nú sem stendur get jeg ekki sagt, hve miklu þær nema, man þó að nýlega var veitt til aðgjörða á Prestsbakkakirkju 750 kr.

Þegar meta skal, hvort rjett sje að að leggja svo háa meðgjöf með kirkjunum eins og h. nefnd leggur til, þá vil jeg skjóta því til hennar, hvort hún vilji ekki rannsaka málið enn að nýju, og reyna að finna út reikningslega, hvort það muni verulegur hagur eða óhagur að sleppa kirkjunum á þennan þátt. Þess er að gæta, að kirkjur þessar eru allar nema ein 30 ára og þar yfir, og geta þó sjálfsagt staðið nokkuð enn; þegar þessa er gætt, þá sýnist það nokkuð mikið, að leggja svo mikið fje með þeim úr landssjóði, að hægt sje að endurbyggja þær á hverjum 18—20 árum; þó vil jeg ekki gjöra þetta að neinu kappsmáli, því að jeg kýs langhelzt, að söfnuðirnir taki að sjer umsjón kirkna sinna, því að jeg býst við því, að þeir sjái betur um þær, þegar þær eru orðnar þeirra eigin handbendi, þótt undarlegt megi virðast, að umsjón með landssjóðskirkjum skuli þurfa að vera ver eða óhappalegar af hendi leyst.

Það er annars ólíklegt, að viðhald landssjóðskirkna geti orðið stórum dýrara en annara kirkna, þar sem reikningar þeirra liggja undir úrskurð hjeraðsfundar og honum á að geta verið kunnugt um, ef reikningar þessir eru að einhverju leyti ósanngjarnir, og hann að geta fengið það leiðrjett, ef slíkt kynni að koma fyrir.

Að endingu skal jeg enn taka það fram, að jeg óska þess, að h. nefnd vildi rannsaka mál þetta enn að nýju áður en 3. umræða þess fer fram, og gæti jeg gefið henni einhverjar upplýsingar, þá er jeg fús til þess.

Framsögumaður (Guðl. Guðmundsson): Jeg skal taka það fram, að mál þetta

hefir verið mjög ýtarlega íhugað af nefndinni og hvað Munkaþverárkirkju sjerstaklega snertir, þá er ástand kirkjunnar talið »gott«, og áleit nefndin því að 4000 kr. mundi nægja með henni, þar sem söfnuðurinn er fámennur og kirkjan því lítil. Hinsvegar álít jeg ástæðu til, að nefndin taki til íhugunar álit kunnugs þm., sem er jafn-kunnugur kirkjunni og h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) er. Þess má einnig geta og taka tillit til, að umboðsmaðurinn, reikningshaldari kirkjunnar, hefir með brjefi 17. júlí tekið fram, að honum sýnist ráðlegt að þingið gengi að tilboði safnaðarins um að taka kirkjuna með 5500 kr. álagi, og álít jeg því, eins og jeg tók fram, ástæðu til að nefndin taki þetta atriði til nánari yfirvegunar.

Gagnvart útreikningi þm. N.-Múl. (E. J.) skal jeg taka fram, að vera kann að reikningur þessi sje rjettur, ef að eins er litið á kirkjureikninga síðustu 18 ára, en til þess að komast að rjettri niðurstöðu í þessu efni, verður að ganga í gegnum landsreikningana um lengri tíma og einnig gæta að útgjöldum til kirknanna, sem talin eru í landsreikn. undir öðrum liðum. Þetta hefir nefndin ekki gjört, þar eð hún hafði ekki tíma til þess. H. þm. heldur að landssj. mundi hafa 20—30 þús. tap á næstu 20 árum við það að sleppa landssjóðskirkjunum. Þennan útreikning álít jeg á lausum grundvelli. Sem rök fyrir því skal jeg nefna nokkra pósta viðvíkjandi útgjöldum kirkna um síðustu 18 ár, sem jeg man utan að:

Til dómkirkjunnar í Reykjavík hafa verið lagðar 16 þús. kr., til byggingar Bjarnaneskirkju 4 þús. kr. og til Prestbakkakirkju 750 kr.; svo má gjöra ráð fyrir að byggja þurfi 1—2 nýjar kirkjur á hverjum 16 árum; þannig þarf bráðum að fara að byggja Munkaþverárkirkju, Þykkvabæjarkl.kirkja er komin á fallandi fót, og þó Bjarnaneskirkja sje ekki nema 10 ára gömul, þá er þó grundvöllurinn siginn undir henni, svo ekki líður á löngu áður þarf að byggja hana aptur upp.

Mín skoðun er því sú, að landssjóður hafi engan skaða af að sleppa fjárhaldi kirknanna, þar sem kröfur safnaðanna einnig vaxa meir og meir um að fá sem tegurstar kirkjur og að viðhald þeirra sje sem bezt. Þannig kveðst söfnuður Munkaþverárkl.kirkju ekki geta byggt upp þá kirkju fyrir minna en 7000 kr. Það getur því verið skoðunarmál, hvort hyggilegt sje að hafna tilboði safnaðarins um að taka við kirkju þessari, þótt dýrt kunni að þykja. Það má búast við, að byggja þurfi upp Munkaþverárkl.kirkju innan 10 ára og Möðruvallakl.kirkju innan 18 ára, svo þarf að gjöra við Bjarnaneskirkju og Þykkvabæarkl.kirkju eða jafnvel byggja þær upp bráðlega, og álít jeg því fjárhagslega betra fyrir landssjóð að losna við kirkjur þessar en halda þeim; því búast má við að kröfurnar verði hærri og hærri um viðhald þeirra, og kirkjustjórnin mun, sem eðlilegt er, fylgja því máli fastlega fram. Það má auðvitað fá háar upphæðir, þegar reiknaðar eru tekjur kirknanna með vöxtum og vaxtavöxtum um 20 ár, ef gjört er ráð fyrir að kirkjurnar sjeu látnar fúna niður aðgjörðalaust; en sje það gjört, er jeg hræddur um, að það valdi óþægilegum eptirköstum og að þessar 20 þús. fari æði að skerast í viðgjörð og byggingu þeirra, þegar þessi 20 ár eru liðin.

Halldór Daníelsson: Jeg kom með þingsályktunartill. árið 1895 í þá átt, að leita skyldi álits safnaðarins um að taka að sjer fjárhald og umsjón landssjóðskirkna, og er jeg í engum efa um, að þó söfnuðir kunni sumstaðar að krefjast töluverðs álags á kirkjurnar,

þá sje landssjóði margfalt betra að losna við þær en halda þeim, þegar tekið er tillit til þess, hve mikið þær kosta hann. Jeg skal aðeins taka fram, hvað lagt hefir verið af landssjóðs hálfu til þeirra á síðustu 12—15 árum: Bjarnaneskirkja var byggð 1886 og voru henni lagðar rúmar 4000 kr. til byggingarinnar, til aðgjörðar Vestmanneyjakirkju voru lagðar 1200 kr. og síðar til að járnklæða turninn 500 kr., til að járnklæða Prestbakkakirkju voru lagðar 750 kr., fyrir 3 orgel 600 kr., fyrir að járnklæða Munkaþverárkirkju 500 kr., og fyrir að járnklæða Þykkvabæjarkl. og Langholtskirkjur 800 kr.; þetta er samtals 8350 kr., og auk þess hafa verið borgaðar 300 kr. fyrir altarisklæði handa Munkaþverárkirkju. Tekjur allra þessara kirkna á ári mun vera rúmar 300 kr. Nú vilja Vestmanneyingar fá 5—600 kr. til að kaupa orgel handa kirkjunni, og kröfur safnaðanna um skraut handa kirkjunum fara sífellt vaxandi. Jeg er því í engum vafa um, að aðhyllast nefndarálitið og það jafnvel þó upphæð sú, sem ætluð er Munkaþverárkirkju, væri hækkuð að töluverðum mun.

Einar Jónsson: Mjer var ekki unnt að rannsaka landsreikningana nákvæmlega hvað þau útgjöld til landssjóðskirknanna snertir, sem beinlínis hafa verið greidd úr landssjóði á síðustu 20 árum, en það skal jeg taka fram, að það, sem landssjóður hefir lagt kirkjunum, hefir ekki ætíð verið bein útgjöld fyrir hann, því það er vanalega borgað landssjóði aptur af sjóði kirknanna. Þannig var skuld Möðruvallaklausturskirkju 31. des. 1881, 2354 kr. 53 au., en 31. des. 1891, 871 kr. 33 au. og 31. des. 1895 að eins 352 kr. 11 au., og Reykjavíkurkirkju var veitt 16000 kr. lán, sem hún endurborgar með 960 kr. á ári, á 28 árum, og er sú skuld hjerumbil hálfborguð. Þannig sjáum vjer að útgjöld þessi koma aptur. (*Guðl. Guðm.*: Ekki öll). Satt er það, en flest þeirra koma þó aptur í landssjóð. Mjer er mál þetta ekki neitt kappsmál, en jeg vildi að eins sýna fram á, að með því að sleppa fjárhaldi og umsjón landssjóðskirknanna er sama sem landssjóður leggi hverri þeirra að meðaltali á næstu 20 árum auk sjálfs meðlagsins 4860 kr., svo framarlega sem vextirnir eru reiknaðir 4%, án þess nákvæmlega sje farið út í vaxtavexti; en fyrir þessa upphæð væri hægt að byggja hverja kirkju upp sómasamlega 18. hvert ár, sem sjá má af því, að Valþjófsstaðarkirkja, sem fengin var tilbúin frá Noregi, kostaði með flutningi þaðan og byggingu eigi nema 4400 kr. Einnig hef jeg sjálfur látið byggja kirkju fyrir 180—190 manns, sem kostaði að eins um 2300 kr. Að eigi sje hægt að byggja Munkaþverárklausturskirkju í Eyjafirði fyrir minna en 7000 kr., nær engri átt, í samanburði við Valþjófsstaðarkirkju, þar sem hún þarf varla að vera stærri og flutningur til hennar hlyti að verða miklu hægri og ódýrari. Jeg hefi þekkt margar kirkjur, sem hafa staðið í 30 ár, án þess þyrfti að endurbyggja þær, en nú vilja menn leggja svo mikið fje til landssjóðs-kirknanna, að hægt sje að byggja þær upp 18. hvert ár. Þetta er töluvert tap fyrir landssjóð; en hver h. þm. er sjálfráður um, hvort hann álítur æskilegt, að landssjóður tapi þessu fje og losist svo við allt vafs og umstang við kirkjur þessar, eða haldi þeim eins og verið hefir. Jeg hef að eins viljað vekja nánara athygli á því, hverju sleppt er.

Framsögumaður (*Guðlaugur Guðmundsson*): Jeg hef sjerstaklega að athuga tvennt í ræðu h. 1. þm. N.-Múl. (E. J.).

Annað það, sem hann sagði, að kirkjurnar endurborguðu fje það, er þær fengju úr landssjóði, þá er það ekki rjett, því það er alls ekki regla, að landssjóður telji slíka fjárveiting kirkjunum til skuldar, heldur er fjárveitingin veitt sem endileg, og lán Reykjavíkurkirkju er undantekning í þessu tilliti. Hitt var það, sem hann sagði, að hægt væri að byggja Munkaþverárklausturskirkju í Eyjafirði ódýrari en aðrar kirkjur, sem lægju langt frá sjó, og er þetta heldur ekki rjett, þar sem h. þm. sem prófasti hlýtur að vera kunnugt, að söfnuðirnir flytja allan við til kirkjunnar ókeypis. (*Ein. Jóns.*: Efnið skemmist meira þar, sem langt og illt er að flytja.). Að öðru leyti sje jeg ekki ástæðu til að svara fleiru, en jeg skal taka það aptur fram, að jeg álít að landssjóður tapi engu, þó hann sleppi fjárhaldi þessara kirkna, enda álít jeg þinginu skylt að styðja að því, að söfnuðirnir taki kirkjurnar að sjer, því það hlýtur að hafa góð áhrif á kirkjulegt líf í landinu, enda er eptirlit umsjónarmanna landssjóðs með kirkjunum alls ekkert, mjer liggur við að segja verra en ekkert, og eru því margar þeirra ver hirtar en hesthús, og það jafnvel hesthús, sem jeg hefi sjeð hjer á landi. Er því ekki furða þó söfnuðurnir sjeu óánægðir með að borga skatta til kirknanna, meðan þær eru í slíku ástandi.

H. sami þm. (E. J.) tók fram, að hægt væri að byggja allar þessar kirkjur upp, sem hjer er um að ræða, hverja fyrir 6000 kr., en jeg held sá reikningur sje ekki á gildum rökum bygður. þar sem t. d. bygging Prestsbakkakirkju kostaði 11000 kr., þegar hún var byggð 1859, Möðruvallakirkja mundi kosta 10000 kr. og Munkaþverárklausturskirkja 7000 kr.; það eru alls 28000 kr., svo upphæðin mundi tæplega nægja þó hinar kirkjurnar kostuðu ekki nema 5—6000 kr. hver, að því ótöldu, að lappa þyrfti við margar kirkjurnar áður, en fullkomin endurbygging færi fram og mundi það nema ef til vill mörg þúsund krónum.

ATKVÆÐAGR.: Till. nefnd. (C. bls. 219) 1. tölul. samþ. með 16 samhlj. atkv.

Frumv. (C. bls. 117) þannig fallið.

Till. n. 2. tölul. sþ. með 16 shlj. atkv.
— — 3. — — — 18 — —
— — 4. — — — 16 — —
— — 5. — — — 15 — —
— — 6. — — — 16 — —

Frumvarpsgreinin í heild sinni samþ. með 17 atkv.

Fyrirsögn frv. samþ. án atkvgr.

Málinu visað til 3. umr. með 21 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um breyting á 6. gr. tilskipunar 4. maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi (C. bls. 225); 2. umr.

Futningsmaður (*Skúli Thoroddsen*): Jeg finn eigi ástæðu til að bæta neinu við það, er jeg sagði um frumv. þetta við 1. umr. Það hefir enginn mælt neitt á móti því og engar breyt.till. komið við það; jeg vil því leyfa mjer að óska, að það fái að ganga til 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. með 18 atkv. Málinu vísað til 3. umr. með 18 atkv.

Frumv. til laga um byggingarnefnd í Seyðisfjarðarkaupstað (C. 114, 237, 249); 2. umr.

Þórður Thoroddsen: Jeg hef leyft mjer að koma fram með breyt.till. við frumv. þetta, við 4. gr. þess. Í frumv. er sem sje bannað að byggja öðruvísi en svo, að hús nái hvergi saman, heldur sje ávallt 10 álna autt svið frá einu húsi til annars. Breyt.till. mín fer fram á það, að heimilt skuli vera, að byggja húsin þannig, að þau nái saman, ef eld-

traustur veggur er í milli þeirra. Þessa breyting álít jeg nauðsynlega; mjer virðist það óheppilegt að skylda menn til að teygja bæinn svo mjög út á við. Þessi ákvörðun mun vera sett í frumv. sakir brunahættu, að hætt sje við að önnur hús í kring brenni, ef í einu kviknar; en þessa hættu má forðast á þann hátt, að hafa eldtraustan vegg milli húsanna. Það stafa ýms óþægindi af því, að skylda menn til að byggja svo gisið; bæði tapast og ódrýgjast allar lóðir mjög til bygginga, og einnig bakar það bændum sjálfum ýmsan óþarfakostnað, að bæirnir verði svo ónauðsynlega stór ummáls. Jeg vil þó ekki fara svo langt, að gjöra mönnum að skyldu, að byggja húsin saman í röðum, heldur að eins leyfa byggingarnefnd. ef hún finnur ástæðu til og hlutaðeigendur vilja, að hafa húsin saman, sje eldtraustur veggur settur milli þeirra.

Jeg vona að h. þingd. samþ. þessa breyt.till.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. samþ. með 17 atkv.; 2. gr. samþ. með 15 atkv.; 3. gr. samþ. með 17 atkv.; breyt.till. (C. bls. 249) við 4. gr. samþ. með 17 atkv.; 4. gr. með áorðinni breyt. og 5.—6. gr. óbreyttar samþ. hver um sig með 16 atkv. Frumv. vísað til 3. umr. með 18 atkv.

Frumv. til laga um breyting á lögum um lausafjártiund 12. júlí 1878 (C. bls. 182, 224, 243, 259); 2. umr.

Framsögumaður (Guðjón Guðlaugsson): Tilgangur minn með frumv. þessu var sá, að gjöra ýms ákvæði hinna eldri laga, tíundarlaga, ljósari og skýrari, til þess að fyrirbyggja það, að þau yrðu misskilin og að þau yrðu framkvæmd á mismunandi hátt á ýmsum stöðum í landinu, eins og átt hefir sjer stað hingað til. Að vísu er í frumv. nokkrar smábreytingar á lögunum, en þær eru engar stórvægilegar, en verða þó, eptir mínu áliti, að teljast nauðsynlegar.

Nefndin hefir nú komizt að þeirri niðurstöðu, að rjettast sje að breyta tíundarlögunum sem minnst, en hugsa mest um það, að gjöra ákvæði þeirra ljósari og skýrari, og hefir nefndin því farið fram á að færa ýmislegt í frumv. aptur í sama horf og nú er í tíundarlögunum.

Breyt.till. nefndarinnar við 3. lið frv. er að eins orðabreyting: »eða« fyrir »og«. Önnur breyt.till. nefndarinnar er við 6. lið, og fer hún fram á, að tala lambsgota sje aptur sett upp í 15 í stað 12 í hverju hundraði í frumv. Nefndin vildi ekki aðhyllast þá breytingu á tíundarlögunum. Mín skoðun hefir verið sú, að talan 15 sje of há, því að jeg álít að það sje ekki rjett hlutfall við það, hvernig aðrar tegundir búpenings eru lagðar í hundruð. Í öðru lagi virðist mjer ekki rjett að hafa þessa tölu of lága, svo að menn leiðist ekki í freistni til að telja ofmargt af fje sínu undir þennan lið. Það hefir verið þjóð vorri til vanvirðu, hve há sú tala hefir verið hingað til.

Nefndin sá nú, að með ákvæðum 2. gr. er bót á þessu ráðin, þar sem tekið er fram með berum orðum, hverjar ær skuli teljast með geldum ám, sem sje þær, er ekki eru bornar í fardögum, og sömuleiðis ær, sem lömb farast undan milli hreppaskila. Það er enginn efi á því, að þetta hlýtur að gera mikla breyting á framkvæmdum laganna í ýmsum hreppum; og skýring þessi er því nauðsynlegri, þar sem ólögfróðir menn eiga að framkvæma lögin. Afleiðing tíundarlaganna hefir verið sú, að sumir hreppar hafa gert það í stórum stíl, að láta ær sínar eigi bera fyrri en eptir fardaga, svo að þær gætu talizt í flokki lambsgotanna. En

með skýringu þessari í 2. gr. verða ákvæði laganna svo glögg, að fyrir þetta verður byggt, og af þeim ástæðum er það, að jeg gat sætt mig vel við þessa breyt.till. nefndarinnar. Næsta breyting nefndarinnar er við 7. lið. Nefndin stingur þar upp á að sauðum sje eins og áður skipt í 2 flokka, og að sett sje inn ákvæði um að hrúta skuli einnig tíunda. Það er ekki tekið fram í tíundarlögunum, og fyrir því hafa sumir skilið svo tíundarlögin, að hrúta þurfi ekki að tíunda. Að vísu er hjer ekki um mikið að ræða, en það er ekki fremur ástæða til að sleppa hrútum úr tíund en t. d. graðneytum; not hrútanna eru auk þess fullt eins mikil sem sauða, svo að þeir eru opt meiri eign.

Svo vill nefndin einnig gjöra þá breytingu við 8. lið, að tala gemlinga færist aptur úr 20, sem í frv. stendur, upp í 24, eins og ákveðið er í tíundarlögunum. Hjer álít jeg vera hinn mesta ójöfnuð í tíundarlögunum; allt of lágt að meta gemling eða veturgamlan sauð að eins 5 álnir, í samanburði við tryppi og sauði. Í mörgum sveitum mun það vera svo, að veturgamlir sauðir gefi jafn-mikinn arð og tvævetrir sauðir, og fyrir því er það enginn jöfnuður, að gera 24 veturgamla sauði jafngilda 12 sauðum tvævetrum.

Jeg hef nú samt fylgzt með nefndinni í þessu, enda þótt jeg áliti, að það ætti að breyta því; en úr því að engar breytingar eru gerðar á því, hvernig leggja eigi sauðfje í tíund, vildi jeg fylgjast með samnefndarmönnum mínum.

Þá er breytingin við 9. lið. Hún stendur í nánu sambandi við þá tillögu nefndarinnar, að fella burtu 3. gr. frv. Það var skorað á mig á þingmálafundi í vor, að fara fram á það á alþingi, að hross væru alveg numin úr tíund. Jeg hafði þá ekki tíma til að mótmæla þessu, en lofaði að hugleiða það. Jeg hef nú sjeð, að ýmsir vegir eru til þess, að fullnægja þessum kröfum. Einn vegurinn er sá, að nema öll hross úr tíund; en það er afar-torsóttur vegur. Meiningin er sem sje sú, að þar sem hross eru nauðsynleg við ábúð jarða, er þau að skoða einungis sem dýr verkfæri, ómaga og byrði fyrir bóndann, arðlaus og ekki notuð til annars en við sjálfa ábúð jarðarinnar. Á þessari skoðun er sú krafa byggð, að nema hross alveg úr tíund. En nú ber á það að líta, að til eru ýmsir aðrir hestar, svo sem hestar í kaupstöðum, er hafðir eru til að leigja út, og ekki þarf við jarðarábúð, og bera því arð sem mjólkurkýr. Sama er að segja um hesta lausamanna og vinnumanna. Jeg sá því, að sá vegur var ekki farandi, að nema öll hross úr tíund.

Annar vegur er sá, að fara eins að og gjört var í hundalögunum, að láta hreppsnefndir meta það, hve mörg hross væru nauðsynleg verkfæri við ábúð hverrar jarðar; það mundi vera sanngjarnast og greiðasti vegur til rjettlætis. En hvernig er grundvöllur þess vegar? Jeg verð að játa, að hann er slæmur. Reynslan hefir sýnt það, að ef byggja á á mati einstakra manna, getur úr því orðið hið mesta ranglæti. Þessi vegur er því heldur ekki greiður. Þá er enn sá vegur, að undanfella hross úr tíund í hlutfalli við jarðarhundraðafjöldann. Þennan veg gat nefndin heldur ekki aðhyllzt.

Því verður sem sje eigi neitað, að sumar jarðir, sem ekki eru hundraðamargar, eru erfiðar og því hrossafrekar, og aptur aðrar hægar, en hundraðamargar. Þetta eru agnúar, sem ekki verður hjá sneitt, ef þessi vegur væri farinn, og sætti jeg mig því við þessa tillögu nefndarinnar, að í hundruð skuli

telja 4 hross í stað 3 eptir tíundarlögunum, og vona jeg, að háttv. þingdeild samþykki þá breyt.till.

Um tryppi væri það rjettlátt, að fella þau alveg úr tíund, því að af þeim er enginn arður. (*Einhver*: Seld til útlanda). Þá ætti að eins að vera útflutningsgjald af þeim. Þau eru helzt að skoða sem dýr verkfæri í smíðum, og það er hart, að leggja toll á það. En nefndin varð að viðurkenna, að sumar sveitir hafa talsverðan hag af því, að ala upp tryppi, og fyrir því verður að leggja þau í tíund, og nefndin hefir því látið sjer nægja, að halda við frumvarpið í þessu efni, hafa 6 í hundrað í stað fjögra.

Við 1. tölulið 2. gr. fann nefndin ekki ástæðu til, að gjöra neinar breytingar. En 2 þm., nefnil. þm. S.-Þing. (P. J.) og þm. Snæf. (Eir. Gísl.) hafa komið fram með breytingartillögu við 2. gr. frumv. nefnil. að í staðinn fyrir »miðjum október« komi »miðjum júní«. Í frumv. stendur, að kýr teljist leigufær, sem er ófötluð og á að bera á tímabilinu frá miðjum október til loka febrúarmánaðar, en hinir h. þm. hafa farið fram á, að breyta þessu ákvæði þannig, að kýr teljist leigufær, sem á að bera á tímabilinu frá miðjum júní til loka febrúar mánaðar. Jeg finn nú vel, hvað vakað hefir fyrir þessum h. þingm., sem hafa komið fram með þessa breytingartillögu. Þeir álíta, að kýr, sem eru »grasbærar«, sjeu eins góðar eins og snemmbærar.

En jeg vil benda háttv. þingm. á, að þegar kýr bera í september, síðast í ágúst og fyrir miðjan október, þá er það sá versti burður. Það er það, sem vakti fyrir mjer, er jeg áleit eigi hægt, að setja það takmark, sem h. 2 þingm. hafa sett fyrir leigufærum kúm. Frá febrúarmánaðarlokum til júní áleit jeg óheppilegan burð, og frá júní til miðs október líka; þess vegna áleit jeg að taka skyldi það tímabil, sem farið er fram á í frumv., en alls ekki það tímabil, sem farið er fram á í breytingartillögu h. þingm. Ákvæðin um leigufærar kýr eru tíundinni til aukningar; það eru því framfarir að því leyti sem fleiri kýr komast í tíund nú en áður.

Einn nefndarmaður sagði, að sýslumaður einn hefði úrskurðað, að engin kýr væri leigufær, er ber eptir nóvembermánuð Afleiðingin af því er sú, að nær allar kýr falla úr tíund; en úr því að sýslumenn úrskurða þannig, þá er von að hreppsstjórar felli sama úrskurð; enda er talan í 2. flokki gegndarlaust há; jeg álít því heppilegt, eins og stendur í frumv., og vona jeg því, að menn skoði þau takmörk hæfileg, sem þar eru sett.

Fleiri breytingartillögur nefndarinnar eru að eins orðabreytingar.

Þar sem nefndin hefir breytt 12. júní í 11. júní í 2. gr. frumv., þá er það að eins orðabreyting, en ekki efnisbreyting, og þarf því ekki að færa rök fyrir því.

H. þm. Skagf. (Ól. Br.) hefir komið fram með þrjár breytingartillögur við breytingartillögur nefndarinnar. 1.—2. breytingin er ekki annað en breyting á framsetningunni í nefndarálitinu. — Þetta virðist mjer vera þýðingarlítið atriði, en jeg álít ekki vert, að greina 7. lið í sundur, þegar um svo fátt er að ræða. En, sem sagt, legg jeg ekki svo mikla áherzlu á það. Að því er snertir breytingartillöguna við 2. gr. »ær með lambi telst leigufær sje hún ófötluð og borin 11. júní«, þá vil jeg spyrja, hvort þessi breytingartillaga sje nauðsynleg. Jeg er hræddur um, að þessi breyting mundi valda enn þá meiri misskilningi. Jeg er hræddur um, að menn muni teygja þetta ákvæði og setja eitthvað, sem þeim dettur í hug, og aðrir að eins geldar ær. Enn fremur

er jeg hræddur um, að menn muni skipa í 2. flokk öllum ám, sem ekki eru í gildu standi (sjeu rýrar).

En viðaukatillöguna frá sama þingm. á þingskj. 141 um að eptir 2. gr. komi ný grein um það, hvernig reikna skuli lausafjárupphæð hvers framteljanda, gengur nefndin inn á. Þessu atriði gef jeg atkvæði mitt, en ekki hinu fyrra; jeg álít breytingu nefndarinnar rjettari.

Loks eru viðaukatillögur við breytingartillögur nefndarinnar frá h. 2. þm. Árnes. um að leggja þilskip og báta í tíund. Þessa tillögu hefir nefndin ekki tekið til greina.

Samt sem áður finnst mjer breytingartillaga þessi á rökum byggð, og get jeg því greitt atkvæði með henni.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg ætla mjer ekki að vera langorður um viðaukatill. mínar, enda er það að bera í bakkafullan lækinn, að lengja þessar umræður. Jeg skal að eins leyfa mjer að taka það fram, að úr því að framsögumaður hefir tekið þeim vel og enginn andmælir þeim, þá álíti menn þær til bóta og á góðum rökum byggðar.

Pjetur Jónsson: Jeg skal leyfa mjer að fara að eins fáum orðum um breyt. tillögurnar.

Jeg álít rjett, að úr því að tíundarlögunum er breytt á annað borð, að undanskilja þá ekki sumarbærar kýr. Menn hafa ekki kýr sumarbærar sjer í óhag, heldur í hag, og er það því almenn búmannsregla.

Viðvíkjandi því sem h. þm. Strandam. (Guðjón G.) tók fram, að það væri óhaganlegt, að kýr bæri seint í ágúst eða í september, þá er þess að geta, að hjá því má venjulegast komast. Ef burðurinn færist, þá færist hann aptur, en ekki fram, nema talið verði að kýrin hafi fatlazt.

ATKV.GR.: 1. gr. 1. liður samþ. með 16 atkv.

1. gr. 2. liður samþ. með 15 atkv.
— — 3. — —— — 14 atkv.
— — 4. — —— — 14 atkv.
— — 5. — —— — 13 atkv.

Breyt.till. 1. gr. 6. liður á þingskj. 141 samþ. með 11:6 atkv.

Breyt.till. 1. gr. 6. lið. á þingskj. 113 þarmeð fallin.

Breyt.till. 1. gr. 7. lið. á þingskj. 141 samþ. með 11:3 atkv.

Breyt.till. 1. gr. 8. lið á þingskj. 141 samþ. með 12 samhlj. atkv.

Þar með fallin breyt.till. við 7. og 8. lið á þingskj. 113.

Breyt.till. við 1. gr. 8. lið, sem er orðinn 9. liður, á þingskj. 113, samþ. með 14 samhlj. atkv.

Breyt.till. við 1. gr. 9. lið, sem er orðinn 10. liður á þingskj. 113 samþ. með 11:3 atkv.

1. gr. 10. lið, sem er orðinn 11. liður, samþ. með 12:1 atkv.

1. gr. með áorðnum breytingum samþykkt með 13 smhlj. atkv.

Breyt.till við 2. gr. á þskj. 172 felld með 12:7 atkv.

Breyt.till. við 2. gr. á þskj. 141 samþ. með 13 samhlj. atkv.

Breyt.till. við 2. gr. á þingskj. 113 samþ. með 17 samhlj. atkv.

2. gr. með áorðnum breyt. samþ. með 19 samhlj. atkv.

Breyt.till um nýja grein á þskj. 141 samþ. með 17 samhlj. atkv.

Breyt.till. við 3. gr. á þskj. 113 samþ. með 16:2 atkv.

Breyt.till. við 3. gr. á þskj. 173 samþ. með 19:2 atkv.

Breyt.till. við 4. gr. á þskj. 173 sþ. án atkv.gr.

4. gr. sem verður 5. gr. samþ. með 16 samhlj. atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3 umr. með 19 shlj. atkvæðum.

Tuttugasti fundur, föstudag 23. júlí, kl. 12 á hád. Allir á fundi nema Jón Jónsson þm. Eyf., er hafði tjáð forföll.

Forseti gat þess að til sín væri komin og yrði lögð fram á lestrarsalinn:

Þingmálafundargjörð úr Norður-Þingeyjarsýslu.

Frumv. til laga um aðgreining holdsveikra frá öðrum mönnum og flutning þeirra á opinberan spítala (C. bls. 247, 249); 3. umr.

Framsögumaður (Þórður Thoroddsen): Hjer liggja fyrir 4 breyt.till (C. bls. 249) og er nafn mitt á þeim ásamt nöfnum nokkurra annara þingm. Tvær af br.-till. eru að eins orðabreytingar, en tvær eru efnisbreytingar, sem sje þær, að borgun fyrir bækur yfir holdsveika, og eins fyrir hreinsanir á húsum og munum, eptir að holdsveikir hafa flutt burt eða dáið, skuli greidd úr landssjóði. Mjer finnst eðlilegt, úr því landssjóður tekur að sjer allt annað, sem holdsveikum viðkemur, að vera þá ekki að slengja upp á jafnaðarsjóð kostnaðinum við þetta tvennt eitt.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. (C. bls. 249) við 1. gr. frv. samþ. með 17 : 3 atkv.

2. br.till. (C. bls. 249) við 1. gr. frv. samþ. án atkv.gr.

3. breyt.till. (C. bls. 249) við 3. gr. frv. samþ. með 14 samhlj. atkv.

4. br.till. (C. bls. 249) við 11. gr. frv. samþ. með 12 : 2 atkv.

Frumv. í heild samþ. með 16 samhlj. atkv.

Frumv. afgreitt til efri deildar.

Frumv. til laga um bólusetningar (C. bls. 254, 249); 3. umr.

Framsögumaður (Þórður Thoroddsen): Breyt.till. sú, sem hjer liggur fyrir (C. bls. 249), er í rauninni ekki annað en það sama, sem fellt var hjer við 2. umr., þess efnis nefnil., að fela umsjón þá með bólusetningum, sem prestum er ætluð, hreppsnefndum og bæjarstjórnum á hendur. En við 2. umr. var farið fram á, að ljetta þessu af prestum, án þess að setja nokkuð í staðinn um eptirlit með bólusetjurunum sjálfum. Breyt.till. þessi er að því leyti betri, að hún flytur eptirlitið með bólusetjurum og aðstoðarbólusetjurum yfir á þessar nefndir. Þótt jeg álíti nú ákvörðun frumv. betri, þá er jeg þó ekkert mótfallinn þessari br.-till., enda sje jeg á þingskjalinu, að það eru margir deildarmenn með henni, svo að hún mun ná fram að ganga.

Jens Pálsson: Eins og h. framsögumaður tók fram, er í þessari breyt.till. bætt úr eptirlitsbrestinum, sem orðið hefði, ef br.till. mín við 2. umr. hefði verið samþykkt. Jeg hef áður tekið fram ástæður mínar móti því, að leggja þetta eptirlit á prestana. Vona jeg að h. deild fallist á þá skoðun og fallist á breyt.till., einkum þar sem hún fullnægir eins vel tilgangi laganna eins og ákvæði frv.

Þorlákur Guðmundsson: Það eptirlit, sem breyt.till. vill fela hreppsnefndum og bæjarstjórn, hlýtur að vera eptirlit með aðstoðarbólusetjurum að eins. Því ekki munu læknar fara að biðja um að láta líta eptir sjálfum sjer. Eptirlitsverkahringur nefndanna hlýtur því að takmarkast eingöngu við aðstoðarbólusetjarana. En með því, að þeir eiga að gefa lækni skýrslu árlega, virðist mjer breyt.till. vera nokkuð óþörf.

Jens Pálsson: Jeg verð að vera ósamdóma h. 2. þm. Árn. (Þorl. G.) um það, að hjer sje að eins að ræða um eptirlit með aðstoðarbólusetjurum. Eptirlitið á ekki að eins að vera með bólusetjurunum og aðstoðarbólusetjurunum, heldur einnig með því, að foreldrar láti

börn sín sækja á bólusetningarstaðina, þegar fólk er þangað boðað; hitt er annað atriði, eptirlitið með að bólusetjarar geri skyldu sína. Aðalatriðið er að líta eptir, að ekki geti skotizt undan fólk óbólusett.

Þórður Guðmundsson: Jeg er hræddur um að hreppsnefndir og bæjarstjórnir sjeu ekki eins vel fallnar til að hafa eptirlit með bólusetningu í hreppunum, eins og prestarnir, enda hafa þær aldrei eins gott færi á að framkvæma eptirlit þetta, ómaksl'tið, eins og prestarnir hafa við húsvitjun; er því hætt við að eptirlit þeirra verði ekki eins gott. Jeg get ómögulega vorkennt prestunum þetta, því það þarf ekki að valda þeim neinu ómaki, að eins tala fáein orð. Þeir þurfa engar njósnir að hafa, eins og sumir hafa sagt, ekkert nema blátt fram spyrja eptir bólusetningarvottorði, og gefa skýrslu um, hverjir ekki hafi það. Þetta er allt og sumt, og er ekki margbrotið verk fyrir þann, sem þarf að heimsækja hvert heimili hvort sem er; jeg get því ekki gefið breyt.till. atkvæði mitt.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg verð að vera samdóma því, að það sje miklu hægara fyrir prestinn en hreppsnefndina að framkvæma þetta eptirlit, enda taka menn optast betur til greina orð prests en orð hreppsnefndarmanns. Prestar vorir hafa hingað til verið svo að segja einu bólusetjararnir í landinu, og það er satt, að þeir við þetta frv. missa dálitla, rjett notalega tekjugrein, en jeg vona að það bætist þeim að nokkru leyti upp, við það, að prestar verði víðast hvar skipaðir aðstoðarbólusetjarar; því að þótt læknum fari nú sjálfsagt töluvert að fjölga, þá verða þó umdæmi þeirra stærri en svo, að þeir geti komizt yfir að bólusetja alla sjálfir. Til þess að sjá um að engir leppi undan eptirliti, eru sjálfsagt engir eins vel fallnir, fyrir kunnugleika sakir, eins og prestarnir.

Sigurður Gunnarsson: Jeg get ekki verið samdóma þeim tveimur h. þm., er mæltu á móti breyt.till. Eins og kunnugt er, þá eru hreppsnefndir skipaðar frá þrem til tíu mönnum eptir stærð hreppanna. Starfi þeirra er svo háttað, að þeir þurfa af og til að eiga erindi hjer og hvar um alla sveitina; svo geta þeir líka skipt sveitinni milli sín til eptirlits og kæmi þá ekki svo ýkjamikið á hvern. Það verð jeg að ætla, að fólk mundi í þessu efni gefa fullt svo mikið gaum þeirra orðum sem prestsins, því það mundi ætla honum það, að hann mundi tregur til að fara að kæra menn fyr en í síðustu lög.

H. 2. þm. Árn. (Þorl. G.) taldi mjög líklegt, að prestar yrðu almennt skipaðir aðstoðarbólusetjarar. Jeg vona að hann við nánari íhugun sjái, að það yrði ekki ástæða með, heldur móti því, að fela prestunum eptirlitið, því það væri sama sem að bjóða þeim að hafa eptirlit með gjörðum sjálfra sín. Jeg sje ekki betur, en að eptirlitið eptir breyt.till. verði nægilega tryggt.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. (C. bls. 249) var að viðhöfðu nafnakalli samþ. með 12 : 10 atkv. og sögðu

Já:	*Nei:*
Einar Jónsson,	Klemens Jónsson,
Benidikt Sveinsson,	Björn Sigfússon,
Eiríkur Gíslason,	Halldór Daníelsson,
Guðl. Guðmundss.,	Jón Jensson,
Jens Pálsson,	Ólafur Briem,
J. Jónss., þm. A-Sk.,	Sighv. Árnason,
J. Jónss., þm. Eyf.,	Skúli Thoroddsen,
Jón Þórarinsson,	Tryggvi Gunnarss,
Pjetur Jónsson,	Þórður Guðmundss.,
Sigurður Gunnarss.,	Þorl. Guðmundss.
Valtýr Guðmundss.,	
Þórður Thoroddsen.	

3. gr. frumv. þar með fallin. Frv.

svo breytt samþ. með 17 samhlj. atkv. og afgreitt til efri deildar.

Frumv. til laga um ráðstafanir til að eyða refum með eitri (C. bls. 229, 256, 280); 3. umr.

Framsögumaður (Guðlaugur Guðmundsson): Nefndin hefir komið fram með tillögu (163) um, að bæta við frv. nýrri gr. í staðinn fyrir 2. gr., er fjell við 2. umr. úr frumv. Tillaga nefndarinnar fer fram á, að setja inn aptur meðal annars eitt nýtt atriði, sem fjell við 2. umr., en nefndin þó áleit, að menn í raun og veru vildu ganga að, það nefnilega, að andvirði fyrir eitrið greiðist úr einhverjum opinberum sjóði. Þetta nýja atriði, sem tekið er upp aptur, er það, að andvirði fyrir eitrið greiðist úr jafnaðarsjóði amtsins, sem áður var farið fram á, að greiddist úr landssjóði. Að öðru leyti hefir nefndin ekki fundið ástæðu til að taka til greina raddir, sem heyrðust við 2. umr., um að færa fæðispeninga starfsmanna úr 2 kr. upp í 3 kr., því að þessi starfi fellur á þann tíma, þegar engri vinnu er slökkt niður við að gegna honum, og, eptir því sem venja er til, munu þeir heldur ekki þurfa að borga neinstaðar neitt fyrir fæði.

Við breyt.till. á þingskjali 195 hef jeg ekkert að athuga, en þó hefði jeg kunnað betur við, að breytingin hefði orðið á þessa leið: og er eigi öðrum háður »sem hjú«, en þetta liggur kannske í orðunum og verður skilið þannig.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. 195 samþ. með 18 atkv. samhlj.

Breyt.till. n. 163 samþ. með 14 atkv. samhlj.

Frumv. þannig breytt samþ. með 13 : 5 atkv. og afgr. til forseta Ed.

Frumv. til laga um að stjórninni veitist heimild til að hafa skipti á 7 hundruðum, er landssjóður á í jörðinni Nesi í Norðfirði, og kirkjujörðinni Grænanesi samastaðar (C. bls. 113); 3. umr.

ATKVÆÐAGR: Frumv. samþ. með 19 atkv. og sent Ed.

Frumv. til laga um eptirlaun (C. bls. 212); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. með 19 atkv. og sent landsh. sem *lög frá alþingi.*

Frumv. til laga um búsetu fastakaupmanna á Islandi (C. bls. 201, 281); 3. umr.

Flutningsmaður (Benedikt Sveinsson): Jeg og fleiri h. þingdm. höfum komið fram með breyt.till. á þingskj. 196 (C. bls. 281). En jeg skal geta þess, að í sjálfu sjer álít jeg ekki nauðsynlegt að koma fram með þessar breyt.till. við 3. gr. frumv., af þeirri ástæðu, eins og jeg hef áður tekið fram, að þetta sje svo óaðgengilegt lagafrumv., að hægt sje að fara í kring um það. Sá galli á við flest mannleg lagasmíði og alls ekki sjerstaklega við þetta frumv. En af því að þessi kenning hefir komið fram, þá er þessi breyt.till. byggð á þeim ótta, sem hefir gripið suma menn fyrir því, að svo auðvelt mundi að fara í kringum þessi lög. Með öðrum orðum: jeg vil sýna með þessari breyt.till., að jeg vil mæta öllum mótstöðumönnum á miðri leið, til þess að fyrirbyggja allan misskilning og sýna, að engin hugsanleg mótbára getur kollkastað þeim grundvelli, sem þetta mál er byggt á. Breyt.till. gefur mönnum almenna hvöt til að fyrirbyggja, að þessi lög verði brotin, því að það stendur í henni, að sektir fyrir brot gegn þeim skuli renna í landssjóð að tveimur þriðju hlutum, en að einum þriðja hluta til uppljóstrarmanns.

Þetta er ákvæði, sem allir kannast við, að er samkynja ákvæðum annara laga, þar sem áríðandi er að koma brotum upp, er eptirlitið hvílir á herðum hins opinbera, en freistingin sterk á hinn bóginn til að fremja þau, t. d. tollsvik o. fl

Jeg hefi getið þess áður, að hjer væri ekki um smáræði að ræða, að því er hagsmuni Íslands snertir, en jeg skal játa, að jeg hef ekki haft tíma til að kynna mjer allt hjer að lútandi svo rækilega, að jeg geti gefið um það ýtarlega skýrslu hjer í þinginu, enda er þetta umfangsmikið mál. Til þess þarf margt að kynna sjer og lengri tíma og betra tækifæri en þingtíminn leyfir. En til þess að gefa h. þingd. nokkra bendingu í þessa átt, skal jeg með leyfi h. forseta lesa nokkur orð úr bænarskrá til konungs um þetta sama mál frá alþingi 1869, sem er að finna í alþingistíð. 1869 bls. 407. Þar stendur: »Þing»ið skal að eins benda á eitt dæmi upp »á það, hversu mikils hags landið hafi »farið á mis við verzlunarfyrirkomulag »vort, að tollkammerið sjálft í Dan»mörku hefir 1845 reiknað ágóðann af »íslenzku verzluninni hjer um bil 467»000 rd. árlega«.

»Þar á móti finnur þingið sjer skylt »að benda á undirrót þá í löggjöf vorri, »sem það ætlar að hafi valdið þessu á»standi og fjarskalega tjóni, sem Ísland »hefir orðið fyrir um langan aldur«.

»Þingið ætlar, að þessi undirrót sje »að finna í rentukammersbrjefi 1. júní »1792, og löggjöf þeirri, sem stendur »þar í sambandi við, þar sem svo er á»kveðið, að nóg sje til þess, að hafa »rjettindi fastakaupmanna á Íslandi, að »kaupmenn hafi þar að eins verzlunar»stjóra til að verzla fyrir sína hönd »(handle ved deres declarerede Facto»rer), án þess þeir þurfi sjálfir, að hafa »þar fast heimili (holde Dug og Disk«.)

Að rengja skýrslu tollkammersins held jeg að eigi ekki við, þar sem því hlýtur að vera bezt til þess trúandi að hafa getað gefið rjetta skýrslu í þessu efni. En hafi tollkammerið 1845 reiknað nálægt því rjetta, þá held jeg að h. þingdeildarm. sje gefinn mjög greiður aðgangur að þeirri hugvekju, er menn ættu að hafa fyrir augum, er greiða skal atkvæði um þetta mál. Þó eigi hefði verið að ræða um annað fje, en þessa einu upphæð, 467,000 rd., þetta ár, þá vil jeg biðja h. þingd.m. að gæta þess, hvað sú upphæð væri orðin nú eptir heila öld, eða frá 1792 til 1897, svo jeg leggi 5 ár ofan á. — Mjer reiknast svo, að ef að eins 900,000 kr. af nefndri upphæð hefði verið sett í sjóð með 4% vöxtum og vaxtavöxtum, þá hefði hún verið orðin 1892 um 46 miljónir króna, eða nákvæmlega talið 45,419,000, segi og skrifa fjörutíu og fimm miljónir, fjögur hundruð og nítján þúsundir króna. Beri maður nú þessa einu upphæð saman við alla þjóðeign Íslands, eins og hún er í dag, þá, drottinn minn, er hún miklu meiri; hún mundi nálgast tvöfalda þjóðeign Íslands, þó litið sje yfir allt landið. En gjöri maður ráð fyrir, að sama upphæð væri nærhæfis rjett meðalupphæð af verzlunarágóðanum þennan tíma allan eða heila öld, svo eigi sje oftalið, og að hún hefði árs árslega samfleytt í 100 ár verið lögð í sjóð með vöxtum og vaxtavöxtum, að eins 4% reiknað, þá telst mjer að hún væri nú orðin langt yfir »milliard«, eða nákvæmlega talið 1112,950,000 krónur, eða ellefu hundruð og tólf miljónir, níu hundruð og fimmtíu þúsundir króna. Gagnvart þeirri upphæð mundi maður ekki mega nefna minna en þrítugfalda þjóðeign Íslands, eins og hún er nú metin að minnsta kosti.

Að öðru leyti skal jeg geta þess, að

jeg byggi þetta, sem jeg segi um þjóðeign landsins, á lauslegum upplýsingum eða ágizkuðum frá hinum umboðslega endurskoðara Indriða Einarssyni, og legg því litla áherzlu á það. Jeg staðhæfi ekki að þessar tölur sjeu alveg nákvæmar, en jeg hygg, að þær sjeu þó nærhæfis rjettar, enda er hverjum innan handar, að gjöra sjer nákvæmari grein fyrir því. En þó menn nú taki hálfu minni upphæð en tollkammerið byggir á 1845, þá er það samt svo stór upphæð, sem runnið hefir út úr landinu, að eðlilegt er, að landið er eins og það nú er, órækt að og ónotað að miklu leyti, þó það sje byggt mönnum, sem eru eins vel úr garði gjörðir frá guðs hendi eins og annara þjóða menn. Það er þetta ástand, sem ekki hvað sízt hefir gjört íbúa þessa lands kjarklausa og óþolinmóða, svo að þeim þykir óverandi hjer, sem hefir gjört það að verkum, að á öllu þessu landi lifa einar 70,000 manna.

Hefði þessi mikla upphæð haldizt í landinu og komið því til góða, þá liti hjer öðru vísi út en nú gjörir. Þá þyrftu menn ekki að óttast, að vorhretin steyptu þeim í eymd og voða, svo að þeir þyrftu að horfa á konur sínar og börn standa nötrandi af kulda og grátandi af hungri.

Jeg tek það fram að síðustu, að jeg vona, að h. neðri deild samþykki þetta frumv. nú eins fyrir það, þótt hún óttist, að það verði lagt við trogið í efri deildinni. Ef það verður, þá er það af því, að h. efri deild vill 1897 gjörast eins konar fjárhaldsmaður neðri deildar, en þá segi jeg, að málið með öllum þess afleiðingum sje á ábyrgð þeirrar deildar, en ekki okkar.

Tryggvi Gunnarsson: Mjer datt í hug um daginn, þegar mál þetta var síðast til atkvæðagreiðslu, að það væri eins og menn væru að leika sjer með tíma þingsins og neitunarvald stjórnarinnar að vera að samþykkja þetta mál, sem auðsjeð er, að ekki getur orðið að lögum óbreytt. Íslendingar hafa rjett til að selja allar sínar vörur í Danmörku án þess að borga þar nokkkurn innflutningstoll, þó þeir sjeu ekki búsettir þar, en maður frá Svíþjóð, Noregi og öðrum löndum verður að borga innflutningstoll, ef hann vill verzla þar með einhverja vöru. Er nú líklegt að Íslendingar geti haft þennan mikilsverða rjett óskertan í Danmörku, ef Danir eiga aptur að vera útilokaðir frá því að verzla hjer á landi, eða á annan hátt njóta sams konar rjettar hjer? Það væri skrítið rjettlæti. Nei, jeg get ómögulega sjeð, að stjórnin sje ámælisverð fyrir það, þó hún hjálpi ekki til að innleiða þetta misrjetti milli samþegna konungsins. Jeg tók þetta fram á þinginu 1895 og tek það fram enn.

Jeg minnist þess nú, að h. þm. Dal. (Jens P.) spurði flutningsmann þessa máls (B. Sv.), þegar málið var síðast til umræðu, að því, hvort sams konar lög og hjer er um að ræða væru gildandi í nokkru öðru landi. H. flutningsm. svaraði þá ekki spurningunni, en ljet sjer aðeins nægja að vitna til 100 ára gamalla laga og kansellíbrjefa og umsagna um verzlunina í þá tíð, eins og verzlunarástandið sje ekki allt öðruvísi nú en þá. Þessi hliðsvör, sem ekkert sanna, sýna að, fullnægjandi svar er eigi til á reiðum höndum. Jeg er ekki lögfróður maður, en jeg þekki mörg dæmi þess, að útlendingar, t. d. frá Hollandi, Þýzkalandi o. v., hafa verzlunarhús í Danmörku, þó þeir sjeu þar ekki búsettir, og Seidelin, sem fyrir mörgum árum mun hafa selt $^2/_3$ af allri vefnaðarvöru, sem þá fluttist til Íslands, hafði verksmiðju í Manchester á Englandi og útsölu, þar undir forstöðu hr. Zöllners, sem allir hjer kann-

ast við frá pöntunarfjelögunum, en sjálfur var Seidelin búsettur í Danmörku. Þetta sýnir, að útlendingar hafa rjett til að verzla á Englandi og í Danmörku, þó eigi sjeu þar búsettir. Jeg heyrði ekki, að h. flutningsm. (B. Sv.) svaraði eiginlega neinu verulegu upp á spurningu h. þm. Dal. (Jens. P.), og þess vegna hefi jeg tekið þetta fram.

Mjer fannst h. þm. Rvík. (J. Jenss.) taka það svo ljóslega og rjett fram á dögunum, að þetta frumv. færi í alveg gagnstæða átt við það, sem þjóðin vill í verzlunarmáli landsins. Þjóðin öll vill, eins og eðlilegt er, að samkeppnin verði sem mest í verzluninni, því við það batnar vöruverðið, innlenda varan hækkar í verði og útlenda varan lækkar í verði.

Þetta frumv. miðar nú einmitt til þess að leggja hapt á verzlunina, byggja samkeppninni út úr landinu og hækka vöruverðið útlenda. Hvernig geta menn hugsað sjer, að stórríkir menn í útlöndum mundu vilja taka sig upp með allt sitt skyldulið og flytja sig hingað, þó þeir hins vegar ekki hefðu neitt á móti því að reka hjer verzlun? Nei þessi lög gætu aldrei orðið landinu til góðs, heldur þvert á móti til skaða, eins og jeg benti á um daginn, þegar jeg tók dæmi af einni verzlun hjer, sem er eign stórkaupmanns í Skotlandi, og sem hefir tekið upp hið eina rjetta, eina heillavænlega verzlunarfyrirkomulag: það, að verzla skuldlaust og eingöngu fyrir peninga.

Það er þannig ljóst, að það ástand er ekki vilji þjóðarinnar, sem svona löguð lög hljóta að hafa í för með sjer. Auk þess er það, að landið hefir ekki það »kapital« eða fjármagn, sem geti fullnægt verzlun landsins. Við verðum því að hafa útlent kapital til að auka verzlanina með.

Þó nú þetta frumv. gæti leitt til þess að við fengjum nokkra auðmenn búsetta í landinu, þá vantar þó eitt höfuðatriðið inn í frumv. Þar vantar ákvæði um það, að þeir sem hjer safna auði megi eigi flytja úr landinu, heldur sjeu þeir skyldir til að deyja í landinum. Því eptir frumv. eins og það er geta þeir að vísu safnað auði í landinu, en þeir geta líka á endanum farið með hann allan út úr landinu og eytt honum annarsstaðar.

H. flutningsm. (B. Sv.) hefir tekið það fram sem meðmæli, að þetta mál væri ekki nýtt á dagskrá þingsins, það hefði verið þar síðan 1869. Hvernig stendur á því, að menn hafa verið svo blindir að hindra framgang frumv. í svo mörg ár, ef það er og hefir verið annað eins framúrskarandi nauðsynjamál eins og h. flutningsmaður heldur fram? Mjer sýnist það miklu fremur vera sönnun gegn frumv., en ekki meðmæli, hvað það hefir verið lengi á leiðinni.

Flutn.m. (*Ben. Sveinss.*): H. 1. þm. Árn. (Tr. G.) hafði margt og mikið á móti þessu frumv. Jeg veit að hann talar þetta allt saman eptir sinni beztu sannfæringu; en það er jeg viss um, að hvort sem mjer tekst eða ekki að sannfæra hann hjer í dag, þá er þó annar mjer sterkari, sem jeg vona að takist að sannfæra hann, þó síðar verði, en það er tíminn, og er reyndar furða, að honum skuli enn ekki hafa tekizt það, að snúa þingmanninum frá því, sem er svo auðsjáanlega rangt, til þess, sem er svo áþreifanlega rjett í þessu máli.

Jeg verð strax að geta þess, að það heyrist ekki svo vel í þessum sal, að jeg gæti heyrt vel öll orð h. þingm. En mjer gat ekki betur heyrzt, en að hann hjeldi því fram og legði áherzlu á, að farið yrði í Danmörku að leggja toll á íslenzkar vörur. En jeg sje ekki, hvernig það getur verið, því að hver

útlendingur, sem sezt hjer að, verður við það Íslendingur, sem alls ekki þyrfti að skipta neitt við Danmörku. *(Tryggvi Gunnarsson*: Jeg talaði um jafnrjetti en ekki toll). Jafnrjetti kemur þessu máli ekkert við, heldur hitt, að Ísland stæði jafnrjett eptir, hvað sem tollum í Danmörku liði. Þegar telegrafinn er kominn, þá verða hjerlendum kaupmönnum engin vandræði úr, að fá að vita, hvort ekki væru tök á, að senda vörur sínar hjeðan til annara landa en Danmerkur, ef þar er afar-kostum að sæta.

Því hefir verið haldið fram, að slík lög sem þetta væru ekki til í Danmörku, en það er alveg rangt, því að sams konar ákvæði eru í dönskum lögum Kristjáns 5.

Jeg get eigi svarað spurningu h. þm. Dal. (Jens P.) um það, hversu löggjöfin sje í þessu efni um allan heim. Mig varðar ekkert um það og þingm. ekki heldur. Hvernig sem lög eru í öllum öðrum löndum, þá höfum vjer enga — alls enga — heimild til að hlaupa eptir dæmum þeirra, í staðinn fyrir að líta á ásigkomulag og nauðsyn vors eigin lands.

Ísland er í framfaralegu tilliti svo langt á eptir í lestinni, að vjer getum ekki í öllu tekið oss til fyrirmyndar lög annara þjóða, sem lengra eru á veg komnar.

Mig furðaði á að heyra einn h. þm. segja, að þetta frumv. væri gagnstætt þjóðviljanum. Nei, þjóðina vantar hvorki áhuga nje vilja; en fulltrúa þjóðarinnar hjer á þingi hefir vantað bæði þekkingu og þrek til að framfylgja vilja þjóðarinnar.

Þingið á að leiða þjóðina og vera hennar andlegur leiðtogi; en vjer þingmenn eigum ekki að vera börn, sem þurfum að láta hana segja oss, hvað rjett er eða rangt.

II. 1. þm. Árn. (Tr. G.) er fremstur í flokki í andróðrinum gegn þessu máli, og jeg skal játa, að hann er virðingarverðastur í öllum þess andstæðingaflokki fyrir það, að hann hefir þó reynt, að draga fram öll þau rök gegn málinu, sem honum gátu hugkvæmzt.

En það er sorglegt, að þingm. skuli hafa þurft öll þessi mörgu ár, sem lífsreynsla hans nær yfir, til að hugsa þetta mál, en aldrei enn þá skilið neitt í því.

H. 1. þingm. Árn. (Tr. G.) talaði um, að það vantaði inn í frumv. grein um, að skylda menn til að deyja í landinu. Jeg er nú myrkfælinn maður og kæri mig því ekki mikið um drauga og dauða menn. En hitt vil jeg: láta þessa menn lifa, hugsa og starfa í landinu, eins og h. 1. þingm. Árn. (Tr. G.) hefir gjört. Með því móti verða eignir hinna látnu eign landsins, og það er það, sem gerir, að þeir deyja landinu, þó þeir ekki deyi í því sjálfir, þegar svo ber undir, að dauðinn hittir þá annarsstaðar. Hjer vantar því ekkert í frumv. hvað dauðann snertir, en þingmaðurinn þarf að skilja það, áður en hann deyr.

Jeg tók það að öðru leyti fram við 2. umræðu þessa máls, hvernig þeim, sem vinna lífsstarf sitt á einhverjum stað, verður bletturinn kær, þar sem þeir vinna, og sú ást til landsins, sem við það vaknar, mun einnig framleiða hjá þeim óskina um, að bera þar beinin. Í þessu er *næg trygging fólgin* fyrir, að hinir innlendu kaupmenn vorir muni einnig vilja deyja hjer í landinu.

Jeg er þakklátur h. 1. þingm. Árn. (Tr. G.) fyrir, að hann hefir gefið mjer tilefni til, að sýna fram á, að mótbárur hans eru, rjett skildar, ekki ástæður á móti frumv., heldur með því.

Jens Pálsson: Jeg vildi gera grein fyrir atkvæði mínu í máli þessu og

hvers vegna það verður á móti frumv. Það var eitt sinn sá tími, að jeg var ákafur fylgismaður þessa máls; jeg fagnaði því þá, að ef slík lög kæmust á, þá mundi glæsilegt og ljómandi ástand í landinu verða sú afleiðing, sem fylgdi þeim eins öruggt eins og skuggi fylgir líkama. Síðan hef jeg eptir því, sem tímar liðu, hugsað opt og rækilega um þetta mál; en við það að hugsa málið rækilegar, hef jeg komizt að þeirri niðurstöðu, að jeg get ekki lengur trúað á þá glæsilegu gullöld, sem h. flutningsm. þessa frumv. segir oss, að það hljóti að bera í skauti sínu.

Jeg spurði h. flutningsm. (Ben. Sv.) hvernig löggjöf hagaði um þetta efni í öðrum löndum, og jeg spurði ekki af tómri forvitni, heldur af því, að jeg áleit, að ef frumv. þetta ætti stoð í almennt gildandi verzlunarlögmáli eða almennt gildandi verzlunarreglum, þá hlytu einnig aðrar fleiri þjóðir að hafa fundið nauðsyn hjá sjer til slíkra laga, og gæti þá hjá þeim verið fengin reynsla fyrir ágæti þeirra, og gæti það orðið oss til leiðbeiningar.

En ef engin önnur þjóð hefði á síðari tímum leitt slíkt í lög hjá sjer eða hefði nú slíkt í lögum, þá hlyti að vera undarlega sjerstaklegar ástæður hjá oss, er gætu valdið því, að oss yrði þetta gott eða gagnlegt. Jeg fjekk ekkert svar hjá h. flutningsm. (Ben. Sv.). — En svo hef jeg spurt um þetta ýmsa margfróða menn, er jeg hugsaði, að helzt væru kunnugir því, hversu tilhagar með þetta í öðrum löndum; en að svo miklu leyti, sem jeg hef fengið svar, hefir það verið það, að slíkt mundi nú mjög óvíða eða jafnvel hvergi vera lög í siðuðum löndum í heimi. Þetta hefir stutt mikið að því, að gera mig tortrygginn á töfrakrapt þessa frumv.

H. flutningsm. (Ben. Sv.) spurði um daginn, hvort Ísland mundi ekki vera betur statt, ef einir 10 menn, sem hver ætti miljón, væru búsettir hjer í landinu, heldur með því, eins og nú, að hafa engan slíkan auðmann. Jeg gæti eins vel snúið spurningunni við, og spurt h. flutningsm., hvort hann áliti ekki landinu eins vel borgið með því að hafa 1 tíumiljóna-eiganda, eins og 10 einnar miljónareigendur. Hann miðar hvort sem er allt við kapítalið.

En er nú hamingja Íslands undir því komin, að hrúga saman kapítali á fáar hendur? Sannarlega held jeg það sje betra, að kapítalið dreifist í smærri skömtum á margar hendur. Því þegar jeg tala um hagsmuni Íslands, þá er mjer Ísland sama sem hin íslenzka þjóð, allt fólkið í landinu.

Mundi hún sælli fyrir það, þótt hjer efidust nokkrir auðkýfingar? Jeg get ekki varizt þess, að mjer rennur í hug allt það böl og vandræði, sem reynsla heimsins sýnir að jafnan verður samfara slíkri misskiptingu auðsins.

Að trúa á stór auðsöfn, í fárra manna höndum, sem landsins lán og gæfu, það er jeg hræddur um að sje trú á gullkálfinn, og jeg fyrir mitt leyti hef enga löngun til að vera með að stíga dansinn kringum hann.

Auðvaldið er ekki að eins sterkt afl til framkvæmda, en það birtist líka sem skrímsli, sem gleypir í sig margt það, sem er mannkyninu ómetanlegt hnoss. Þannig birtist það, meðal annars, þegar það kaupir atkvæði kjósendanna og atkvæði fulltrúaþinganna, tekur fyrir kverkar blaðanna og dregur belg yfir höfuð dómstólanna og blindar þá. Vjer þekkjum þjáningar þær, sem fjölmennur fátækur landslýður verður að sæta af ofurefli auðvaldsins í öðrum löndum.

Kæmi fram hjer á landi magnað auð-

vald á fám höndum, þá kæmi og án efa fram svipaðar afleiðingar hjer sem annarsstaðar. Því kýs jeg heldur að hafa hjer í landi hundrað menn, sem hver eigi 10,000 kr., heldur en einn, sem á miljón.

Auk þess hef jeg sannfærzt um, að frumv. þetta nær aldrei tilgangi sínum; það leggur á þau höpt, sem einmitt munu hindra tilgang þess. Haptið mundi einmitt bola þá menn burtu frá landinu, sem það ætlar sjer að draga að því.

Svo mundi frumv. og, ef það yrði að lögum og yrði kunnugt í öðrum löndum, kasta stórri rýrð og skugga á þetta land. Þetta hlýtur — mega útlendingar hugsa — að vera ljóta landið, sem enginn maður vill vinna til að búa og lifa í nema lögþvingaður. Því óneitanlega bendir frumv. á það, að enginn maður, sem nokkurt bein hefur í hendi, muni af frjálsum vilja kjósa sjer hjer búsetu. H. flutningsmaður segir sjálfur, að enginn innlendur auðmaður sje hjer til; en dettur honum þá í hug, að nokkur útlendur auðmaður muni vilja vinna til að leggja sig undir þetta átthagatjóðurband fyrir ekki neitt? Jeg segi fyrir ekki neitt, af því að það eina, sem hann ætti að slæðast eptir, nefnil. að reka hjer verzlun sjer til arðs, það getur hann, þótt frumv. þetta verði að lögum, eptir sem áður gjört án þess að að búsetja sig; hann getur verzlað hjer sem lausakaupmaður, og hann getur haft hjer umboðsverzlun. Auð mennirnir stæðu því jafnvel að vígi, að keppa hjer við innlenda kaupmenn eptir sem áður, og innlendir auðmenn kæmu ekki hóti fremur upp heldur en nú, þótt frumv. þetta yrði að lögum. Hvernig sem jeg lít á þetta mál, verð jeg jafn-sannfærður um, að frv. þetta mundi gera stórt tjón, en ekkert gagn, ef það yrði lögleitt, og því get jeg ekki með góðri samvizku greitt því atkvæði mitt.

Flutningsmaður (*Benedikt Sveinsson*): Jeg lýsi því yfir að jeg tek sárnauðugur til máls, til þess að svara h. þm. Dalam. (J. P.), af því að mjer finnst hart, að þurfa að eyða hinum dýra tíma þingsins til þess, hvað ofan í annað, að taka upp sömu atriðin, og hrekja sömu mótbárurnar; það er sárgrætilegt, segi jeg, þegar svo lítur út sem h. andmælendur frumv. loki augum og eyrum fyrir öllum þeim ástæðum fyrir þessu máli, sem frambærilegar eru fyrir nokkurn veginn heilbrigða skynsemi!

H. þm. Dalam. (J. P.) kvartaði yfir því, að jeg hefði ekki svarað því, hvort slík lög sem þessi væru til hjá öðrum þjóðum, og hann komst að þeirri niðurstöðu, að ef þau væru hvergi annarsstaðar til, þá þyrfti að standa alveg sjerstaklega á hjer á Íslandi, ef fremur væri þörf á þeim hjer en annarsstaðar. Já, þetta er með öllu satt, hjer stendur alveg sjerstaklega á; vjer megum ekki einskorða oss við ástandið hjá öðrum þjóðum, heldur líta til ástandsins á voru landi, og vjer megum ekki einungis einskorða oss við ástandið eins og það er í dag, heldur bæði líta fram í tímann og horfa aptur á bak, og gæta þess, hvernig nútíðarástandið hefir skapazt gegnum veraldarsöguna, að því er Ísland snertir. Með þetta fyrir sjónum vil jeg spyrja, og það einmitt þingm. Dalamanna, hvaða þjóð í heiminum hafi sömu ástæðu sem vjer Íslendingar til að berjast fyrir lögum, slíkum sem þessum? Jeg spyr hann: Hvaða þjóð er það önnur en Íslendingar, sem alla tíð síðan 1792 hefir orðið að lifa undir selstöðuverzlun útlendra auðmanna? Svari h. þm. Dalam. (J. P.) þessu. Jeg tók það fram áður, að löggjöfin 1792 er

ekki annað en angi af einokunarverzluninni, og jeg tek það fram nú, að einokunarverzlun hefir ekki komið fram á sama hátt við nokkra aðra þjóð, að minnsta kosti á Norðurlöndum, sem oss. Það er því ekki hægt við það að miða, þótt aðrar þjóðir gangi ekki alveg sömu vegi til þess að vernda verzlun sína sem vjer.

En þær hafa gripið til annara ráða, sem þeim hafa fundizt eiga betur við hjá sjer; þær hafa innleitt verndartollana, og nægir mjer í því tilliti að vísa til Ameríku og Svíþjóðar; þessar þjóðir hafa álitið það skyldu sína, að beita sjálfsvarnarmeðulum gegn yfirgangi útlendra verzlunarmanna, og kemur auðsjáanlega hjá þeim fram sama princíp ið í því eins og í frumv. þessu. Af því að Íslendingar hafa svo lengi búið undir þessari einokunar- og selstöðuverzlunarlöggjöf, af því er það sjerstaklega nauðsynlegt fyrir þá að ryðja úr veginum þessum mosavaxna þrepskildi allra sannra þjóðframfara, sem hún hefir reist upp gegn oss. Vjer erum skyldir til að líta í þessu máli, eins og í hverju öðru máli, ekki einungis yfir liðna tíð og daginn í dag, heldur líka yfir framtíðina, og vjer megum ekki láta þá óhæfu viðgangast hjer eptir, að auðmagnið dragist út úr landinu gegnum verzlunina, eins og hingað til hefir við gengizt. Jeg þykist þess sannfærður, að þegar h. þm. Dalam. (J. P.) áttar sig á málinu við rólega yfirvegun, þá muni hann ekki að eins finna eina ástæðu til þess að styðja það heldur 10 sinnum 10 ástæður. H. þm. (J. P.) andæfði mjög á móti dæmi því, sem jeg tók um gagnsemi 10 miljóneiganda í landi voru, en h. þm. Dalam. (J. P.) gætti þess ekki eins og honum einlægt hættir við, að jeg gjörði ráð fyrir, að þeir væru ordnir til á allt annan, já, einmitt gagnstæðum veg þeim vegi, er hann hugsaði sjer. Jeg tók það þá skýlaust fram, að auðsafn þessara 10 manna myndaðist einmitt fyrir þessi lög, af því fje, sem annars mundi hafa gengið út úr landinu, en eigi af því fje, sem kyrt gæti haldizt í landinu undir núverandi ástandi. Jeg spyr h. þm. Dalam. (J. P.), hvort honum þætti skaði skeður, þótt þetta fje varðveittist í landinu, og jeg skora á hann að gjöra mjer það skiljanlegt, hvernig hann hugsar sjer að geta deilt miljónunum eptir sem áður, sem út úr landinu flytjast, milli þeirra 70000, sem í landinu búa. Jeg var að tala um tapað fje fyrir Ísland, en ekki um það fje, sem að öðrum kosti mundi geta orðið skipt milli Íslendinga.

Jeg get verið h. þm. Dalam. (J. P.) samdóma um, að eigi sje það æskilegt að of stór auðsöfn myndist á fáar hendur í landinu; en það er ekki tilgangur þessa frumv. að skipta sjer af því spursmáli eða fyrirbyggja það; til þess eru öll önnur ráð. Ef h. þm. Dalam. (J. P.) ætlar að deyja úr hræðslu yfir því, að hjer muni þjóta upp miljónerar í landinu, þá er ekkert annað fyrir hann en að fá það lögfest, að lagður sje progressiv tekjuskattur á auðmennina; með því getur hann tamið fjeð og dreift því að vild sinni.

Með allri virðingu fyrir hyggindum og stjórnvizku Ameríkumanna fæ jeg ekki betur sjeð, en að þeir hafi ekki kunnað að hafa rjett taumhald á auðsöfnum einstakra manna, og að þeir sjeu þar búnir að vekja upp þann draug, sem þeir muni eiga örðugt með að kveða niður; en vjer ættum að geta látið þeirra víti oss að varnaði verða, og jeg held það sje alveg óþarfi að óttast fyrir fram bölvunina af ofmiklum auðsöfnum einstakra manna hjer í landi; það yrði oss sjálfum að kenna, ef vjer gætum ekki, þegar þess yrði þörf, snúið þeirri bölvun í blessun.

Jeg get ómögulega samrýmt ótta h. þm. (J. P.) fyrir auðsöfnum hjer í landi, er þannig ættu að verða notuð, að dómarar fyrir þau halli rjettu máli, löggjafarnir láti blindast, og prestarnir ef til vill líka leiðast til þess að prjedika annað en rjett guðsorð á prjedikunarstólunum, jeg fæ ekki samrýmt þetta við það, að annað veifið, já í sömu andránni, er h. þm. (J. P.) að fárast um það, að frumv. þetta verði til að fæla auðmenn frá landinu. Jeg gæti jafnvel bezt trúað því, að jafnvel h. þm. (J. P.) sjálfum fyndist hjer koma fram dálítil mótsögn, eða hvernig á sama frv. að geta orðið valdandi þess tvenns, að auður hrúgist saman í landinu, og að auðmennirnir flýi landið? Jeg gæti skilið það, að h. þm. (J. P) væri móthverfur frumv. þessu, ef hann vildi allt af halda Íslendingum í sömu örbirgðarklemmunni, og hann álíti auðsafn í landinu til ills eins fyrir það. En nú held jeg h. þm. (J. P.) hafi tekið að sjer að sanna meira en sannað verður, þar sem hann er að leitast við að sýna, að frumv. þetta miði til þess, að hrinda auð frá landinu, og þó sje hætt við því, að það verði til þess að ofmikill auður dragist saman í landinu. Jeg get ekki skilið þessa mótsögn hjá h. þm. (J. P.), sem þó vill sjálfsagt heita svo skarpur maður, öðruvísi en stafandi af því, að hann langi til að koma fram með mótbárur gegn frumv. en eigi, eins og eðlilegt er, ómögulegt með að finna aðrar en þær, sem verða honum sjálfum að fótakefli. Að öðru leyti er jeg viss um, að það er röng tilgáta, að eigi mundu margir útlendir auðmenn verða til að setjast hjer að, og verja auð sínum í landsins þarfir, undir eins og þeir sæju, að þeir fengju einhver rjettindi fram yfir farfuglana, sem hingað koma að eins til að sjúga merginn úr landinu.

Til dæmis þess, hve miklu auðugir innlendir kaupmenn geta til leiðar komið, skal jeg á Austurlandi nefna Otto Wathne. Það er óhætt að segja það, að enginn maður hefir umskapað Austurland til hins betra nándarnærri eins og hann, þó hann fái litlar þakkir fyrir hjá þessari skammsýnu og ranglátu kynslóð. Hjer í Reykjavík get jeg nefnt Geir Zoëga; jeg held að allir verði að játa, að hann hefir gjört mikið fyrir Reykjavík, og veitt þar fjöldamörgum fátækum mönnum atvinnu, jafnframt og hann hefir knúð aðra til atorku og dugnaðar, framtakssemi og fyrirhyggju. Jeg get ennfremur nefnt til kaupmann einn á Vesturlandi, sem að verzlunarþekkingu stendur sjálfsagt framar en h. þm. Dal. (J. P.). Það er Björn kaupmaður Sigurðsson; hann var sá af Íslands kaupmönnum í Höfn, sem ekki vildi skrifa undir beiðni til stjórnarinnar um, að staðfesta ekki samskonar frumv. og þetta 1894; slíkt tel jeg honum til hins mesta sóma; ber það vott um, að, þótt hann sje verzlunarfróður maður, eða líklega heldur af því, að hann er verzlunarfróður maður, þá hefir hann aðra skoðun á þessu máli, en h. þm. Dal. (J. P.). Vjer þurfum annars í raun og veru ekki að vera að leita að áliti verzlunarfróðra manna; hjer er um svo augljóst mál að ræða, að það sem vjer höfum fyrir augum, er ekki annað en að hlynna að velmegun Íslendinga og gæta rjettinda þeirra gagnvart öðrum þjóðum, svo að þær dragi eigi um of úr höndum vorum það sem vjer að rjettu lagi eigum að njóta sjálfir. Jeg álít það heilaga skyldu vora, að hafa opin augu fyrir þessu máli. Ísland er ekki skapað til að vera skarfaklettur eða skarfaströnd útlendinga, eins og h. þm. Strand. (Guðj. G.) komst að orði í öðru máli.

Vjer erum ekki hingað komnir til þess að búa til lög er tryggi það, að hver útlendingur, sem vera skal, geti sezt hjer niður eins og kría á stein, heldur til að tryggja það að Ísland geti orðið vel menntað og vel mannað land, er sýnt geti andlegar og líkamlegar framfarir, hlutfallslega eins miklar eins og hver önnur þjóð. Jeg er viss um, að engin þjóð í Norðurálfunni muni sú vera, að ef hún hefði orðið fyrir sömu verzlunarókjörum og vjer, að hún mundi ekki hafa barizt miklu drengilegar og snarplegar fyrir því en vjer, að fá okinu varpað af sjer. En af hverju kemur hugleysi vort að brjótast undan farginu? Af hverju öðru en fátæktinni, kúguninni, ranglætinu, sem blindar augu vor, og dregur úr oss allan staðfestulegan kjark, þor og þrek. Hvað á nú þetta lengi að ganga?

Jens Pálsson: Af ræðum h. flutningsm. (B. Sv.) og framkomu hans í þessu máli, er jeg orðinn sannfærður um, að hann er að berjast á móti einokunarverzluninni, sem fyrir löngu er liðin undir lok. Við höfum frjálsa verzlun, en hann vill leggja bönd á hana. Getur hann með þessum lögum kyrsett hjer í landinu allar þær miljónir, sem hugsazt getur að þessir stórkaupmenn dragi hjer saman? Það get jeg ekki skilið. Við verðum þá að heimta ný lög, er fastsetji kapítölin í landinu. Mjer er, eins og jeg sagði áðan, ekki mikið um þessa miljónamenn. Mjer þykir vænna um eðlilega framþróun atvinnuveganna en stórkostleg kapitalsöfn eða upphrúgun auðæfa á fáar hendur. Það hafa verið nefnd hjer nöfn manna, er hafi grætt hjer fje og veitt mörgum mönnum atvinnu. Jeg vil engin nöfn nefna; en jeg vil taka það fram, að það er sitt hvað, að veita mikla atvinnu, og að veita góða atvinnu. Það er lofsvert að veita góða atvinnu; en það gjöra ekki allir, sem veita atvinnu. Jeg veit það með áreiðanlegri vissu, að einn stórefnaður kaupmaður og mikill útgjörðarmaður á Vesturlandi hefir haft þann sið, nokkur umliðin sumur, að vigta vinnumönnum sínum út til vikunnar þann skammt, sem jeg vil ekki lýsa hjer, — hann hefir nefnilega fætt verkafólk sitt sjálfur —, en jeg vildi óska þess, að enginn Íslendingur þyrfti nokkru sinni undir slíkum hungurkjörum að búa. Kaupgjaldið hefir að sama skapi verið rýrt. Önnur eins vandræða-atvinna er neyðarkostur og allt annað en holl verkmannalýðnum. Þó eru vandkvæði þau, sem verkmenn vorir nú eiga á ýmsum stöðum við að búa, ekkert að reikna móts við þau ókjör, er þeir mundu sæta, ef auðvaldið næði sjer fyllilega niðri hjer á landi.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. 196 samþ. með 12 atkv. samhlj.

Frumv. þannig breytt samþ. með 12 gegn 5 atkv. og sent Ed.

Frumv. til laga um mæling vega (C. 253, 256); 3. umr.

Jón Jónsson (þm. A.-Skf.): Jeg hefi leyft mjer, ásamt fleirum h. þingdm., að koma fram með breyt.till. við frumv. í þá átt, að ekki verði mældir allir þeir vegir, sem nefndir eru í frumv., heldur að eins þær flutningabrautir og þjóðvegir, sem búið er að leggja, og að því verði svo haldið áfram jafnótt og slíkir vegir eru lagðir. Mjer fannst það rjettilega tekið fram af hæstv. landsh. á dögunum, að heppilegra væri að verja því, sem gengi til að mæla órudda vegi víðsvegar um land, til þess að ryðja eða bæta einhvern vegarspottann í landinu, sem enn er ófær mönnum og skepnum.

Þá höfum vjer og stungið upp á því, að orðinu »röstum« væri bætt aptan við orðið »kílómetrum« í frumv. Það

vakti fyrir mjer, er jeg samdi þessa breyt.till., að þingið væri búið að taka nægilegt tillit til útlendinga, er það setti útlenda orðið fremst, og gæti nú líka tekið nokkurt tillit til þeirra Íslendinga, er heldur vildu nota innlent orð. Því hvað sem líður upptöku útlendra orða, þá getur það ekki verið hlutverk alþingis, að útrýma íslenzkum orðum.

Einar Jónsson: Þar sem breyt.till. á þingskj. 165 fer fram á það eitt, að vegir verði að eins mældir smátt og smátt, eptir því, sem þeir verða lagðir, þá álít jeg að frumv. þannig breytt yrði alveg óþarft. Það mætti þá fá hið sama fram með einfaldri þingsályktun, þar sem skorað væri á landsstjórnina að láta mæla vegina jafnóðum og þeir væru lagðir, því hjer í breyt.till. er ekki átt við aðra vegi en þá, sem landssjóður annast um.

Þeir álíta, tillögumennirnir, enga þörf að mæla sýsluvegi og hreppavegi, og get jeg þess vegna ekki verið með breyt.-till. þeirra. Jeg álít þarflegt að mæla alla vegi, þó það verði ekki gjört strax. En frumv. er, eins og það var samþ. við 2. umr., þannig úr garði gjört, að það má fresta mælingu ýmsstaðar þar, sem þörf þykir. Það er ákvæðið í 5. gr., sem ætti að geta gjört frumv. að gengilegt fyrir alla þá, sem annt er um, að mæling vega komist á, jafnvel fyrir þá, sem ekki vilja láta mæla vegina nema smátt og smátt, eptir því sem þeir fá ákveðna og fasta stefnu. Ef breyt.till. yrði samþykkt, þá yrðu líka margir og langir vegir, sem aldrei yrðu mældir. Það eru þeir vegir, sem aldrei verða gjörðir öðru vísi en þeir eru af náttúrunni, svo sem vegirnir yfir sandana í Skaptafellssýslum og yfir öræfin á Norður- og Austurlandi.

Sighvatur Árnason: Jeg er einn af þeim, sem hafa komið fram með breyt. till. á þingskj. 165, og er hún sprottin af því, að okkur þykir ekki ráðlegt að leggja fram stórfje til þess að mæla alla vegi á landinu nú þegar. Þar sem eptir 5. gr. frv. á að mæla allar flutningabrautir, þjóðvegi, fjallvegi og sýsluvegi í landinu á næstu 5 árum, eptir að lögin öðlast gildi, þá væri ráðlegt að sjá skýrslu um það, hvað slík mæling mundi kosta. Jeg hefi hugmynd um, að það mundi verða ærið fje, og jeg held að ráðlegra væri að verja því til vegagjörðar einhversstaðar þar, sem lítt er fært mönnum eða skepnum. Þar sem h. flutningsm. tók það fram, að sumir af þessum vegum mundu aldrei verða lagðir, þá er því fremur tími til stefnu síðar að ákveða, að þeir skuli mældir.

Það er líka athugavert, að enn er óákveðið, hvar margir af þessum vegum verða lagðir, og þarf ekki lítinn undirbúning til að ákveða það. Jeg sje þess vega ekki betur en að það yrði ærinn tvíverknaður, ef farið væri að mæla vegina áður en þeir yrðu lagðir. Að fara að mæla alla vegi og setja upp marksteina áður en búið er að fastákveða, hvar þeir skuli lagðir, hefir eflaust þann tvíverknað í för með sjer, að hreifa verði marksteinana aptur og færa þá svo og svo langt til á mörgum stöðum, þegar farið verður að leggja veginn. Þetta yrði, sem sagt, ærinn tvíverknaður og kostnaðarauki. Af þessum ástæðum var það, að vjer flutningsmenn breyt.till. tókum það fyrir, að ráða h. þingd. til að koma frv. í það horf, að einungis yrðu mældir þeir vegir, sem búið er að leggja, og merki sett á þá, og að mæling færi fram jafnóðum og nýir vegir yrðu lagðir. Af þessari breytingu við 1. gr. frumv. leiðir það, að 2. gr. falli burt. Hinar breyt till. eru í samræmi við frv.

sjálft. Að 5. gr. falli burtu leiðir líka af sjálfu sjer, ef breyt.till. við 1. gr. verður samþykkt.

Eins og h. þm. A. Sk. (J. J.) tók fram, eru tillögur þessar í samræmi við orð hæstv. landsh. um þetta mál, og er því heldur gefið, að frumv. yrði staðfest, ef þessar tillögur yrðu samþykktar, þar sem það, eptir orðum hæstv. landsh., er efasamt, ef það verður samþykkt óbreytt. Því, eins og hæstv. landsh. tók fram, yrði það ærinn kostnaður, sem svona lög hefðu í för með sjer, og honum að miklu leyti ekki vel varið, og þess vegna mundi hann ráða frá staðfestingu frumv. Þá er eitt athugavert enn, sem jeg nú skal benda á. Ef ætti að fara að mæla alla þessa vegi, og eins t. d. þar, sem þeir liggja yfir fen og foræði, fjöll og firrnindi, sem víða á sjer stað, þá er ekki að hugsa til að menn nái alveg þeirri línu, sem vegurinn mundi lagður eptir, nema með því móti að vegfræðingur ákvæði veginn jafnóðum og hann yrði mældur, og merki sett niður; en það yrði þá ekki lítill kostnaður, og alls ekki heppilegt að leggja út í þann kostnað kannske löngu fyr en þörf er á, og hugsanlegt var að vegurinn yrði lagður. Sama er að segja um það, ef merki yrði sett upp eptir einhverri stefnu, sem menn ímynduðu sjer að vegurinn yrði lagður eptir, að þá er hætt við að talsverðu fje yrði að kosta til þess að flytja merkin aptur til síðar við vegarlagninguna, til að koma þeim á veginn. Mjer sýnist það liggja opið fyrir, að eptir frv. yrði kostnaðurinn ákaflega mikill, og það, sem verst er, víða tvöfaldur, og því að sumu leyti til ónýtis.

Framsögumaður (Valtýr Guðmundsson): Jeg vona að það sje óþarfi að fara að færa rök gegn breyt.tillögunum, af því að ekki hefir verið borið við að færa nein rök fyrir þeim, utan þau, sem hrakin voru þegar við 2. umr. þessa máls. Menn hafa talað um, að það yrði bæði erfitt og dýrt að mæla alla vegi innan 5 ára, einkum með því vegir væru víða ólagðir enn og vegarstefna því óákveðin. En það er svo sem auðvitað, að það kemur ekki til mála, að fara að setja upp marksteina á ímynduðum vegum, sem ekki væru enn til, heldur yrði það auðvitað geymt þangað til vegurinn væri fullger. 5. gr. frumv. gefur mönnum beina heimild til að fresta þessu verki þegar ástæður eru til þess. Breyt.till. þær, sem nú liggja fyrir, ganga miklu lengra heldur en breyt.till. þær, sem hraktar voru og felldar við 2. umr. Nú fara þær fram á, að mæla að eins flutningabrautir og þjóðvegu, en sleppa öllum fjallvegum, sýsluvegum og hreppavegum. En þá er hætt við að þess yrði langt að bíða, að sýsluvegir og hreppa yrðu mældir. Margir sýsluvegir og ýmsir helztu hreppavegir eru þó svo þýðingarmiklir, að það er engu minna áríðandi að mæla þá en þjóðvegi, svo það er ekki sýnilegt, hvers vegna tillögumenn hafa tekið þjóðvegina eina til að láta mæla þá og marka, nema það sje af þessari gömlu hugsun, að það geri ekkert til, þó nokkru sje til kostað, þar sem landssjóður á að borga, ef menn að eins geti hlíft sínu hjeraði og sinni sveit við útgjöldum. Þessi hugsun kemur helzt of opt og helzt of víða fram hjer á þingi, eins og víðar í landinu.

Óþarfi er að ögra með því, að frv. þetta muni ekki fá staðfestingu, ef það verður samþykkt; um það er jeg alls óhræddur. Þetta er mál, sem stjórnin skilur vel í, því þessi skrælingjaháttur, sem er hjá oss, að hafa alla vegi ómælda og ómarkaða, er alls óþekktur í öðrum löndum. Þess vegna skilur stjórnin það svo ofurvel, að það muni

vera nytsemd hjer sem annarsstaðar, að þekkja vegafjarlagðir í landinu.

Þar sem næsta yfirvald getur úrskurðað frestun á framkvæmd laganna hvervetna þar, sem gildar ástæður mæla með, þá er engin hætta á, að oflangt verði gengið í að framkvæma frumv.

Jeg mæli því á móti öllum breyt.till., nema 2. tölulið, því hann er alveg meinlaus.

Sje breyt.till. samþykktar, þá er frv. með því gert að engu; það verður þá óþarft, því að það, sem þá verður eptir af því, má eins vel fá fram með einfaldri þingsályktunartillögu um áskorun til landssjórnarinnar; og enda þingsályktunartillaga væri alveg óþörf, þar sem landsstjórnin hefir sýnt í verkinu að hún vill gjöra það ótilkvödd, og hefir þegar gjört það á þeim þjóðvegum, sem síðast hafa verið lagðir.

Ólafur Briem: Framsögum. tók það fram, að tilgangur þeirra, sem flytja þessa breyt.till., væri, að hlífa hreppa- og sýsluvegasjóðunum, en baka landssjóði einum útgjöld. En þetta er ekki rjett, með því í frumv. er ekki farið fram á að hækka gjöldin til þessara sjóða. En nú eru gjöldin til sýsluvega og hreppsvegasjóða svo lág, að þeir hafa ekkert fje aflögu til að kosta þessar mælingar, nema með því að vanrækja algerlega óhjákvæmilegar umbætur á vegunum. Og að þetta er þannig, er ekki sveitarstjórnunum að kenna, heldur alþingi. Nefndirnar hafa engin ráð á að veita það fje, sem með þarf; en alþingi, sem eitt hefir hjer fjárveitingarrjettinn, hefir hingað til ekki viljað hækka vegagjaldið eða veita sveitarstjórnunum vald til þess. Hið lögákveðna vegagjald hrekkur tæplega til nauðsynlegustu aðgerða á vegunum.

Hjer er heldur ekki að eins að ræða um að mæla vegi, heldur jafnvel vegastefnur, meðan vegir eru ólagðir. Þörfin á þessu er ekki svo bráð, að ekki sje óhætt að fresta þeim framkvæmdum, að því er snertir hreppavegi og sýsluvegi, og láta sjer nægja í þetta sinn að byrja á mælingu þjóðvega, fjallvega og flutningabrauta.

Þórður Guðmundsson: Það var alveg rjett hjá flutningsm., að frumv. þetta verður alls óþarft, ef breyt.till. eru samþykktar; á sama máli var jeg þegar við 2. umr., að þingsályktunartill. ein hefði getað nægt í þessu máli, og með hana hefði líka verið komið fram, hefði frumv. þetta ekki orðið fyrra til að komast inn á þingið.

Flutningsm. var að tala um sjerhlífni hreppsnefnda og sýslunefnda í þessu máli. Á þessu furðar mig hjá jafn-fróðum manni, því jeg verð að telja víst, að hann hafi þó kynnt sjer eitthvað reikninga þessara nefnda. Skýrslur þeirra bera með sjer, að þær verja til vegagerða öllum þeim dagsverkum og öllu því fje, sem þær hafa ráð á. Jeg játa fúslega, að sýslu- og einkum hreppavegum sje að mörgu ábótavant, en það er fjárskorti að kenna, en ekki viljaleysi. Það er óþarft að ámæla sýslunefndunum fyrir, að þær vilji ekki hlynna að vegum. Það, sem breyt.till. þessar eru sprottnar af, er það, að vjer viljum einmitt fyrst verja fjenu til að gjöra vegi og bæta þá, áður en farið er að kosta upp á að mæla þá; því sú nauðsynin er þó brýnni, þó hvorttveggja sje í sjálfu sjer þarft.

Það þykir mjer og skorta á undirbúning þessa máls, að flutningsm. þess og formælendur hafa enga áætlun að sýna um kostnaðinn. Jeg hef heyrt suma menn láta í ljósi, að hver merkissteinn, höggvinn og fluttur á staðinn, mundi kosta allt að 10 kr. Sje svo, yrði þetta býsna-tilfinnanlegur skattur að leggja á þjóðina, henni að fornspurðu og að óvörum, og verð því að

halda fast fram, að breyt.till. mín sje tekin til greina.

Guðjón Guðlaugsson: Það er mín skoðun, að þingsályktunartillaga hefði mátt nægja í þessu máli. En úr því frumv. þetta er þó komið inn, sje jeg ekki ástæðu til að fella það, þ. e. a. s. ef breyt.till. verða samþykktar, en án þeirra þykir mjer illa gjörlegt, að samþykkja það.

Flutningsm. taldi breytingartillögur óþarfar sakir undantekninga þeirra, er heimilaðar eru í 5. gr. frumv. En mjer þykir það óviðkunnanlegt, að fyrirskipa í lögum, að framkvæma það á 5 árum, sem fyrirsjáanlegt er, að seint eða aldrei verður framkvæmt, því verði undantekningum frumv. beitt, verða fyrirskipanir þess ekki að eins óframkvæmdar á 5, heldur á 500 árum. En að útvega þessar undantekningar samkvæmt frumv. veldur þó bæði kostnaði og ómaki. Sýsluvegir og hreppavegir eru mjög víða að eins nafnið eitt, þá yrði mæling þessi einatt mæling á vegum, sem engir eru til; troðningar á þeim liggja opt svo dreift og óljóst, að ferðamönnum yrði opt leit úr að finna mörkin. Og það er þó óneitanlega brýnni þörf, að gera virkilega vegi, en að mæla ímyndaða vegi. Umtal h. flutningsm. um sjerhlífni sýslunefnda og hreppsnefnda hlýtur að spretta af ókunnugleik hans. Þæi nefndir óska ekki að hlífa sjer við neinum útgjöldum, þær óska að eins að fá að verja þeim litlu tekjum, sem þær hafa, til að bæta vegina, og þykir illt að seinka því nauðsynjaverki með því, að taka fjeð frá því til mælingakostnaðar.

Þar að auki mundu menn baka sjer margan óþarfa-kostnað með því að byrja nú þegar á mælingum þessara vega, því að lagning þeirra og stefna er víða hætt við að breytist, ef til vill innan rjett margra ára. Jeg tek t. d. þar sem vegur liggur í skeifu í kring um hálsenda; hann skyldi verða mældur nú og markaður. Síðar leggja menn svo veg yfir hálsinn, beinan veg milli skeifuhælanna; þá er allt breytt og fyrri mælingin með öllu ónýt.

Mjer virðist sjálfsagt að samþykkja allar breytingartill., og þá fyrst tel jeg frumv. samþykktarvert.

Framsögumaður (*Valtýr Guðmundsson*): H. þm. Strand. (Guðj. G.) og fleiri h. þingm. hafa talað um, að vegagjaldið væri svo lítið og það mætti ekki skerða það með kostnaði til mælinga. En eins og jeg áður hef tekið fram, mundi það atriði, að nægt fje er ekki til, verða álitin næg ástæða til að gera undantekning samkvæmt 5. gr. frumvarpsins. (*Ólafur Briem:* Nei). Ekki get jeg annað skilið.

H. 2. þm. Rangv. (Þórður G.) taldi það rangt sagt af mjer, að sýslunefndir og hreppsnefndir vildu koma sjer undan gjaldi til vegabóta. En þetta sagði jeg ekki; jeg talaði að eins í almennum orðum um þá stefnu, sem farin er að gerast býsna-algeng, að vilja velta sem mestum kostnaði af þessum og öðrum sjóðum yfir á landssjóð. Þetta hefir komið fram í ekki fáum málum hjer á þingi; jeg skal taka til dæmis bólusetningarnar. (*Klemens Jónsson*: Sá kostnaður hvílir á landssjóði). Jú, síðan í hitt eð fyrra, er honum var velt yfir á landssjóð. Sama kom fram í málinu um refaeyðingar. (*Ýmsir þingmenn*: Var fellt). Það var reynt fyrir því, þótt það tækist ekki. Næst var að demba yfirsetukonunum á landssjóð. (*Ýmsir þingmenn*: Það fjell). Það gerir ekkert til; tilraunirnar bera eins fyrir það vott um tilhneiginguna í þessa átt. Ef vjer lítum á tillögur þingmálafundanna, þá sjáum vjer, að þær fara í

sumum sýslum fram á, að leggja á landssjóð allan kostnaðinn við að styrkja gufubáta, og fría sýslurnar við að taka nokkurn þátt í því.

Breyt.till. í þessu máli ganga svo langt, að eptir þeim á ekki að eins að sleppa að mæla gamla vegi, heldur á einnig að sleppa að mæla nýja vegi, sem lagðir eru. Eptir breyt.till. á þá vegi aldrei að mæla. *(Þorl. Guðmundsson*: Það má lögbjóða það síðar). — Ekki væri það þessum breytingartill. að þakka, ef það yrði nokkurn tíma gjört. Verði þessar breytingartill. samþykktar, tel jeg frumv. því nær þýðingarlaust, og mætti þá í rauninni eins gjarnan fella það alveg.

Jeg vona að háttv. deild haldi í dag fast við þá stefnu, sem hún fylgdi við 2. umr. þessa máls.

Þótt frumv. samkvæmt 5. gr. yrði ekki framkvæmt að öllu, þá er það þó nokkuð betra en ekki neitt. Það mætti t. d. mæla þá vegi, sem þegar eru til, og nokkurn veginn góðir; þó að ekki verði nema nokkrir vegir mældir, þá hjálpar það þó mönnum til að fá betri hugmynd um vegalengdir, einnig þar sem ómælt er.

Áætlun sú, er h. 2. þingm. Rangv. (Þórður G.) hreyfði, að hver marksteinn mundi kosta 10 kr., hygg jeg að nái engri átt. Auk þess talar frumv. ekkert um steina, heldur um mörk, og geta þau eins vel verið úr trje. Það má auðvitað nota steina, þar sem það verður gjört með hægu móti, en fyrir það þarf ekki endilega að höggva mark á þá, en það má líka mála á þá markið, og þá er kostnaðurinn mjög lítill. Í Danmörku og annarsstaðar í útlöndum er altíðast að nota trjestaura sem vegamörk og er torvelt að sjá, hví það mætti ekki eins nægja hjer.

Guðjón Guðlaugsson: Mjer finnst það sem h. framsögum. (Valt. G.) talaði um viðleitni hreppa og sýslunefnda að koma gjöldum af sjer og yfir á landssjóð, ekki koma þessu máli við. Hjer er ekki farið fram á, að leggja nein ný gjöld á sveitirnar, og því getur breytingartill. á þingskjali 165 ekki miðað til þess, að ljetta neinum sköttum af þeim. Það er auðvitað, að hreppssjóðir, sýsluvegasjóðir o. s. frv. eiga að standast kostnaðinn af vegamælingunni; en fyrir það verður þó hvorki lagt meira nje minna á gjaldendur sýsluvega eða hreppavegasjóða en ella, því að þar er um fastákveðið gjald að ræða, 1 kr. 25 aura á hvern verkfæran mann.

Frumv. fer að eins fram á, að verja því sem þarf af þessu fastákveðna gjaldi til að mæla vegi fyrir, en ekki til að bæta þá eingöngu, eins og hingað til hefir tíðkazt, svo að spursmálið verður að eins um það, hvort þetta sje heppileg ráðstöfun eða ekki. Það var því allsendis óþarft af h. framsögum. (V. G.), að vera að telja upp þau frv., sem fara fram á það, að ljetta gjöldum af sýslusjóðum og færa þau yfir á landssjóð. En þó skal jeg taka það fram, að sú viðleitni er alveg eðlileg frá því sjónarmiði skoðað, að landssjóður er samlagsfje allra landsbúa.

Svo jeg snúi mjer að sjálfu málinu, þá skal jeg taka það fram, að jeg er í engum efa um, að það er óhyggilegt, að fara að verja nú þegar fje til að mæla upp hreppavegi og sýsluvegi, og ekki sízt þar, sem þeir eru langir. — Jeg verð að játa það, að mjer er ekki fullkunnugt um, hve langir allir sýsluvegir eru í Strandasýslu, en ráð gjöri jeg fyrir, að þeir sjeu að minnsta kosti 26—30 mílur. Nú hefir sýsluvegagjald þar aldrei orðið hærra en tæpt hálft fjórða hundrað krónur á ári, og kæmu því ekki nema 10—13 kr. á míluna. —

En þótt því yrði öllu varið eitt ár til mælingarinnar, og það verð jeg að segja, að mjer þykir óhyggilega gjört, að skipa fyrir, að verja því þannig, þá yrði þó enginn nýr skattur lagður á sýslubúa fyrir það.

Jeg vissi vel það, sem h. framsögum. (Valt. G.) tók fram, að eins vel mætti hafa staura eins og steina í vegamörkin. En ætli að það verði ekki sama kostnaðarhlutfallið milli vegamarka úr trje og steini, eins og milli steinhúss og timburhúss, þannig, að þótt trjemörkin kosti minna í bráðina, þá verði þau þeim mun endingarminni, að allt jafni sig eða meira en það, og að hjer sje um einungis augnablikssparnað að ræða, en engan framtíðarsparnað?

Jeg held, að komist breytingartill. á þingskj. 165 að, þá nái frumv. fyrst tilgangi sínum.

Sighvatur Árnason: Jeg skal að eins benda h. framsögum. (V. G.) á, að þar sem hann var að gefa oss bændunum ákúrur fyrir, að vjer vildum ekki leggja fram fje sjálfir til nytsemdarfyrirtækja, þá hefði hann þó átt að minnast þess, að bæði Árnesingar og Rangvellingar buðust til að leggja á sig töluverðan skatt til þess að fá Ölfusárbrúna, með því líka að þau hjeruð fá að bera sinn skerf af því, sem lagt var á Suðuramtið til Ölfusárbrúarinnar. Að öðru leyti eru þau orð h. þm. Vestm. (V. G.) í samræmi við það, sem hann hefir sagt á prenti um okkur bændurna á þinginu, þar sem hann bregður okkur um heigulshátt.

Einar Jónsson: Áður en jeg bar frumv. þetta upp, hafði jeg talað við nokkra af þingm. um það, og þeir tekið fremur vel í það; sömuleiðis hafði hæstv. landsh. þá ekki á móti því; og það er helzt nú við 3. umr., að veru legar mótbárur koma gegn því. En mótbárurnar eru flestar byggðar á því, sem frumv. í raun og veru gefur ekki tilefni til, á því, að það muni verða svo afarkostnaðarsamt að mæla vegina; en undantekningin í 5. gr. gefur einmitt tryggingu fyrir því, að þessi kostnaður þurfi eigi að verða ónýtis-kostnaður eða mjög tilfinnanlegur. Jeg veit það muni vera kostnaðurinn einn, sem fælir menn frá því, að taka frumv. þessu vel, því að í raun og veru munu allir vilja, að vegir hjer á landi sjeu mældir. En fyrst nú ganga má að því vísu, að menn vilji fá vegina mælda, þá er það auðvitað, að það verður aldrei gjört kostnaðarlaust. Þar sem nú 5. gr. er þannig orðuð, að eigi þarf að mæla vegina nema þar, sem búið er að leggja þá eða fastákveða hvar þeir skuli liggja, þá er ekki gott að sjá, hvað mönnum getur gengið til að vilja ekki leggja í þann kostnað eins vel dálitlu fyr, eins og hóti síðar; hann er hvort sem er ekki svo mikill, því að enn sem komið er eru flutningabrautir vorar ærið stuttar, og þar að auki mun þegar farið að mæla þær; sama er að segja um þjóðvegina; það hafa enn ekki verið lagðir samanhangandi vegir nema yfir fremur stutt svæði. Reyndar hafði jeg hugsað mjer, að vegamælingin yrði þegar nokkuð viðtækari en yfir lagða vegi; jeg hafði hugsað mjer að einnig yrði mælt upp þar, sem vegarstefnan hefir þegar verið ákveðin. En það vona jeg að menn sjái, að það munar minnstu með kostnaðinn, hvort vegur er mældur um leið og hann er lagður, eptir að að hann er lagður, eða áður en hann er lagður. Það verður sjerstakur kostnaður við það, hvenær sem það er gjört.

Mjer er mál þetta að vísu ekkert kappsmál, en æskilegt þætti mjer þó, að vegir vorir væri mældir, að minnsta kosti hinir helztu þeirra; og þar sem jeg hef töluvert heyrt kvartað yfir að það væri óþægilegt og leitt, að vita ekki

um vegalengdir með neinni vissu hjer á landi, þá vonaði jeg að málið mundi fá góðar undirtektir.

Um hreppavegi og sýsluvegi hafði jeg hugsað mjer, að mæling skyldi fram fara á þeim einum af þeim, sem menn þættust hafa nokkurn veginn vissu fyrir, hvar þeir ættu að liggja; hinum ekki.

Það munu líða mörg herrans ár, þangað til vjer höfum fengið samfelda brúaða vegi um land allt, og ef vjer ætlum að bíða eptir því með vegamælinguna, þá megum vjer sannlega lengi bíða eptir henni.

Jeg hef enn eitt að athuga, að því er kostnaðinn snertir, að það verður víst aldrei farið að mæla, hvorki hreppavegi, sýsluvegi eða þjóðvegi, eptir öllum hinum núverandi krókleiðum þeirra; slíkt gæti þá fyrst komið til tals, þegar búið væri að brúa þá, að mæla þá eptir krókum þeim, sem á brúnum kunna að verða, en það mun seint verða í þessu landi. Nú yrði ekki um annað að tala en mæla vegina eptir höfuðstefnu þeirra, en taka af alla smákróka við mælinguna, og þá hverfur um leið að miklu leyti sú grýla, að það muni þurfa að mæla vegina að nýju og setja upp ný vegamerki, jafnskjótt og veginum yrði breytt hið minnsta. Helzt hef jeg hugsað, að vegamerkin skyldi vera úr steini, en að eigi að síður má vel hafa vegamörkin úr trje þar, sem hin þætti of dýr. Vegamerki úr trje geta verið allgóð, og staðið lengi í þurkasömum sveitum; þannig stóð trjekross æfalengi í Njarðvíkurskriðu fyrir austan, jeg hygg helzt að hann hafi staðið þar fram undir heila öld.

Jeg get engan veginn fallizt á það, að ekki sje rjett að gjöra ráð fyrir, að hreppavegir, sýsluvegir og fjallvegir sjeu mældir. Þegar jeg fór síðast yfir Grímstunguheiði, sá jeg, að þar höfðu verið reistir upp mílusteinar, þegar vegurinn var lagður þar síðast. Þetta sýnir, að eigi hefir þeim, sem þann veg lagði, þótt óþarft að mæla hann og setja upp vegamörk. Mjer finnst það ekki mega minna vera, en að gjört sje ráð fyrir, að einhvern tíma verði þó allir vegir á landinu mældir, og að því leyti get jeg meðal annars alls eigi fellt mig við breyt.till. á þingskj. 165, sem hún gjörir ekki ráð fyrir því.

Jeg óska helzt að frumv. verði samþ. eins og það er, en læt mig þó ekki taka mjög sárt, þótt einhverjar breytingar komi á það, því að jeg treysti því, að síðar verði bætt úr ófullkomleg-leikunum.

Jón Jensson: Mjer hefir allt af verið illa við frumv. þetta frá því það kom fyrst fram, og jeg verð að segja það, að mjer brugðust illa vonir mínar, þegar það kom því nær í sömu mynd frá h. samgöngunefnd, eins og það var í, þegar hún tók við því, og jeg get því ekki að því gjört, að jeg hef misst álit á henni við aðgjörðir hennar í þessu máli, og býst ekki við góðu af henni hjeðan af.

Það er þegar búið að taka allrækilega fram ókosti frumv. þessa og sýna fram á, að það muni hafa ærinn kostnað í för með sjer; auk þess er það tilgangslaust. Hin eina ástæða sem borin hefir verið fram fyrir nytsemi frv. er sú, að vjer getum, þegar búið er að mæla vegina, svarað ferðamönnum upp á þessa spurningu: Hvað á jeg langt til þessa og þessa bæjar? En þegar á að kaupa þá framför með öllu því fje sem framkvæmd þessara laga hlýtur að hafa í för með sjer, þá þarf sannlega áræði til að samþykkja þau. Önnur ástæða hefir vísu að verið nefnd, en það er hreinasta yfirvarps-ástæða; það er að segja sú ástæða, að vegamælingin

geti verið undirbúningur undir vegalagning. En nú fer frumv. alls eigi fram á það, að mæla skuli vegastæði, heldur lagða vegi, svo að það sjest fljótt, hvers virði þessi ástæða er.

Það kom mjer á óvart, en gladdi mig þó, þegar jeg heyrði að sjálfur flutningsmaður frumv. (E. J.) vildi falla frá því, þar sem hann tók það fram, að breyt.till. við frumv. mætti gjarna fara í þá átt, að mæla skyldi alla vegi jafnóðum og þeir væru lagðir. Það gladdi mig að heyra þetta, því að það er þá ekki að fara í neinar ógöngur, þótt haldið sje í þá átt.

Um breyttill. skal jeg geta þess, að þær eru í raun rjettri ekki nauðsynlegar, því að einfaldasti vegurinn væri að fella frumv. í heild sinni, og koma í þess stað fram með þingsályktunartillögu í þá átt, einsog h. 2. þm. Rangv. (Þórður Guðm.) lagði til við 1. umr. málsins. Með þingsályktunarleiðinni væri reyndar að eins hægt að koma á mælingu þjóðvega, flutningabrauta og fjallvega (því fjallvegi vil jeg líka hafa með); en aptur á móti þyrfti nýrra laga hvað sýsluvegi snertir, og væri eptir minni meiningu sama ástæða til að sýsluvegir yrðu mældir sem vegir þeir, er landssjóður kostar, en auðvitað þó ekki fyr en jafnótt og þeir eru gjörðir af nýju með nýja laginu.

Eins og mál þetta liggur nú fyrir greiði jeg sjálfsagt atkvæði með breyt. till., af því að hún er óskaðleg, en ekki með frumv., af því að það er skaðlegt.

ATKV.GR.: Þegar hjer var komið báðu þessir 8 þm. um að umræðunum væri hætt: Pjetur Jónsson, Eir. Gíslason, Guðjón Guðlaugsson, Jens Pálsson, Þ. Thoroddsen, Sk. Thoroddsen, Klemens Jónsson og Einar Jónsson, og var það samþ. með 15 samhlj. atkv.

Þá var gengið til atkv. um breyt.till. á þgskj. 165, er allar voru samþ., hin 1. með 12:4 atkv., 2. og 3. með 15 atkv. hvor samhlj., 4. með 12 atkv., 5. með 11: 2 atkv., 6. með 13 atkv. samhljóða.

Síðan var frumv. í heild sinni með áorðnum breyt. samþ. með 12: 6 atkv. og eptir það afgr. til Ed.

Frv. til laga um stofnun kennaraskóla í Flensborg (C. bls. 240); 1. umr.

Flutningsmaður (*Jens Pálsson*): Með því fundur er orðinn svo langur skal jeg verða sem fáorðastur, því fremur sem um nauðsyn og nytsemd þessa máls var mjög ýtarlega rætt á síðasta þingi. Þótt málið fjelli þá með jöfnum atkvæðum, var það ekki fyrir það, að deildin viðurkenndi ekki fyllilega nauðsyn slíkrar stofnunar, heldur af því, að það mundi ekki fyllilega samkvæmt stofnskrá eður gjafabrjefi stofnenda Flensborgarskólans, að gjöra hann að kennaraskóla með því fyrirkomulagi, er þá var fyrirhugað, nl. að eins 2 kennurum.

En nú hefir einn nefndarmanna fyrir nefndarinnar hönd borið sig saman við hæstv. landshöfðingja, og vjer samið frumv. svo, að það strandi ekki aptur á þessari sömu mótbáru. Þess skal þakklátlega minnzt, að síðasta þing bætti dálítið úr allra brýnustu þörfinni, með því að veita á fjárlögunum styrk til kennarakennslu. Samkvæmt því hefur regluleg kennarakennsla farið fram síðastliðinn vetur í 7½ mánuð. Og jeg, sem var prófdómandi þar við prófið í vor, get vottað það, að sú kennsla bar mjög ánægjulegan árangur. Jeg fjölyrði ekki meira um þetta, en óska aðeins að frumv. fái að ganga til 2. umr.

Jón Jónsson, þm. A.-Skptf.: Sakir afstöðu minnar við aðra nefndarmenn í menntamálanefndinni verð jeg að segja nokkur orð.

Það munu allir samdóma um það, að tilgangur þessa frumv. sje mjög nauðsynlegur, en mun hann nást með þessu frumv?

Tilgangur kennaramenntunar á að vera sá að hægra veiti að mennta alþýðuna. En hvað er alþýðumenntun? Það hefir nú verið tíðrætt um það hjer í landi í 20 ár eða lengur; en allt um það virðist málið mörgum harla óljóst enn. Að mennta fólkið er ekki í því fólgið, að kenna mönnum eitthvað meira en þeir kunnu áður, heldur í því, að gera menn að meiri, duglegri og betri mönnum. Hefir sá orðið árangurinn af viðleitni vorri til þessa? Mjer virðist það vafasamt eða nokkuð örðugt að svara því með vissu. Þekking almennings hefir að öllum líkindum aukizt, en hafa menn orðið færari en áður til að bjarga sjer, færari til að heyja hina örðugu baráttu fyrir tilverunni? Hafa menn í sannleika orðið meiri og betri menn?

Jeg sá nýlega í einu blaði hjer í í Reykjavík, að margir álitu að andleg menntun og líkamleg vinna ætti helzt ekki að fara saman. Slíka skoðun á lít jeg mjög svo skaðsamlega, en því miður hætt við að nokkuð víða bryddi á henni hjer, þótt hún komi sjaldan fram í berum orðum. Helzt mun hún hafa náð rótum hjá þeim, sem eru hálfmenntaðir eða þaðan af minna.

Jeg vil nú engan veginn kenna kennurunum um þessa stefnu, en hins get jeg ekki dulizt, að hún hefir heldur farið í vöxt, og það er almenn umkvörtun víða um land, að margir þeirra, sem gengið hafa á einhvern skóla, verði frábitnari líkamlegri vinnu en áður, og ætlist til, að hinn bóklegi lærdómur eigi að nægja til að afla sjer lífsuppeldis.

Ef kennaraskólar kippa nú þessu í lag, innræta mönnum virðingu fyrir vinnunni og gera menn þannig nýtari menn, þá verða þeir einhverjar þörfustu stofnanir; en höfum vjer nokkra tryggingu fyrir, að þeir gjöri það?

Höfundur nokkur í einu austfirzku blaði hefir látið í ljósi, að þegar vjer fyrir 20 árum fórum að sýna viðleitni á að mennta alþýðu, þá hefðum vjer byrjað allt saman öfugt; vjer hefðum átt að byrja á að kenna þjóðinni undirstöðuatriðin í hagfræði, og þá hefði allt farið betur en nú fer fyrir henni.

Jeg get þessa svona rjett til að sýna, hve ólíkar skoðanir manna eru og álit manna á reiki.

Einn vor fjölhæfasti stjórnmálagarpur á þessu tímabili hefir sagt um oss, að vjer værum á fálmandi þroskaleysis- og gelgjuskeiði. Og það er víst, að margt er hjá oss fálmandi og stefnulitið enn, og má vera, að jeg festi heldur mikið hugann við það, hversu ýmsar skólatilraunir vorar hafa gefizt. — Jeg þekki ekki nógu vel þennan skóla, sem hjer um ræðir, þ. e. stofnun þá til kennarafræðslu, er landssjóður hefir styrkt í nokkur ár, og hef ekki kynnzt neinum, sem frá þeim skóla hafa komið. Kennarana þekki jeg að góðu, það lítið jeg þekki þá, en það eitt er þó ekki næg trygging fyrir því, að frá þeim komi svo góð kennaraefni, sem þarf til að hrinda alþýðumenntuninni í rjett horf. Hugmynd mín er, að vjer getum lofað kennarakennslunni, sem nú fer fram eptir fjárlögunum, að sýna sig 2 ár til, og látum því málið bíða næsta þings.

Flutningsmaður (*Jens Pálsson*): Þegar h. þingm. A. Skaptf. (Jón Jónss.) var að lýsa tilgangi kennaraskólanna, þá fannst mjer, að honum hafi opt tekizt betur. Tilgangi kennaraskólanna er auðlýst. Hann er sá, að gera menn að hæfum barnakennurum, gera menn

færa um, að vinna betur sitt kennslustarf. Og úr því vjer styrkjum barnakennslu, þá er auðsætt að eitthvað þarf að gera til þess, að gera kennaraefnum auðið, að verða hæfir til starfs síns. Ef menn vilja synda hjá því skeri, að hálfmenntun veki óbeit á vinnu, þá verður því bezt framgengt með því, að kennaraefnin nemi hjá þeim mönnum, sem láta sjer annt um að útrýma þessum háskalega hleypidómi. Jeg veit af eiginni reynslu og þekkingu, að í Flensborg er kennslan einmitt í höndum slíkra manna. Þeir eru sjerlega vel fallnir til hennar, og hafa gjört sjer allt far um, að gera sig sem hæfasta til hennar; en það er mjög óþægilegt fyrir þá að starfa þannig ár frá ári án nokkurrar vissu um festu í stöðu sinni.

Við lengri drátt en orðinn er eiga menn það á hættu, að missa af þeirra æfðu kröptum, ef svo ber undir. Það er ekki von að þeir vilji sitja sig til lengdar úr færi að taka einhverri annari vissari stöðu, ef hún býðst, og að þeir bindi ekki framtíðarbústað sinn við svo óvissa stöðu.

Fje þetta þarf nauðsynlega að veita; kennaraskóla þurfum vjer óumflýjanlega að hafa; það er nú einn hlutur alveg vís. Og hvar höfum vjer annan betri stofn að yrkja upp á í þessu efni en Flensborgarskólann?

Það lýsti sjer í svörunum upp á fyrirspurnir kennarafjelagsins, að í öllum sveitum þessa lands var það álitið nauðsynlegasta og fyrsta skilyrðið fyrir viðunanlegri barnafræðslu í landinu, að til væri góður kennaraskóli.

Biðin gæti leitt til þess, að vjer misstum frá þessu starfi þá einkar-færu og til þessa starfs sjer í lagi menntuðu menn, sem nú er kostur á.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 12 : 2 atkv.

Frumv. til laga um dýraverndun (C. bls. 241); 1. umr.

Flutningsmaður (*Jón Þórarinsson*): Það er af mörgum ástæðum óþarft, að tala langt um þetta mál í dag, enda kynni það að geta talizt til illrar meðferðar á skepnum, að halda þingm. lengur sitjandi á fundi í dag.

Það er al-kunnugt, hve illa er farið með skepnur víða á landi hjer, og vona jeg því, að menn taki vel undir þetta mál, og íhugi það rækilega. Verði, sem jeg vona, nefnd sett í málið, þá má tímans vegna eins vel geyma umræður um það, þangað til nefndin hefir lokið störfum sínum.

Legg jeg því til, að skipuð sje 3 manna nefnd.

ATKV.GR.: 3 manna nefnd samþ. með 17 samhlj. atkv., og kosnir:

Jón Þórarinsson	með	17 atkv.
Tryggvi Gunnarsson	—	9 —
Eiríkur Gíslason	—	8 —

Frumv. til laga um bann gegn botnvörpuveiðum (C. bls. 245); 1. umr.

ATKV.GR.: Samþykkt umræðulaust með 16 samhlj. atkv. að setja 5 manna nefnd, og kosnir:

Benedikt Sveinsson	með	13 atkv.
Skúli Thoroddsen	—	13 —
Klemens Jónsson	—	10 —
Jens Pálsson	—	10 —

Þeir Guðlaugur Guðmundsson og Jón Jensson fengu 9 atkv. hvor; var varpað hlutkesti og kom upp hlutur Guðlaugs, sem þannig varð nefndarmaður.

Tuttugasti og fyrsti fundur, laugardag 24. júlí kl. 12 á hád. Allir á fundi nema 2. þm. Árn. (Þorl. Guðmundsson), er hafði tjáð forföll, og 2. þm. Rangv. (Þórður Guðm.), er hafði burtfararleyfi.

Forseti gat þess, að hann hefði fengið tilkynning um, að í nefndinni um frv. til laga um botnvörpuveiðar væri kosinn formaður Ben. Sveinsson og skrifari Guðl. Guðmundsson. Og í nefndinni um frumv. til laga um dýraverndun væri kosinn formaður Tr. Gunnarsson og skrifari Jón Þórarinsson.

Frumv. til laga um að umsjón og fjárhald nokkurra landssjóðskirkna skuli fengið hlutaðeigandi söfnuðum í hendur (C. bls. 273, 281, 289); 3. umr.

Framsögumaður (*Guðlaugur Guðmundsson*): Hjer liggur fyrir breyt.tillaga frá nefndinni (C. bls. 281), að álag á Munkaþverárklausturskirkju verði fært upp í 4750 kr. í stað 4000 kr. Tillagan er byggð á því, að 1. þm. Eyf. (Kl. J.) gat þess við 2. umræðu, að hann ætlaði, að söfnuðurinn mundi ganga að því, en eigi að hinni upphaflegu tillögu nefndarinnar. Hjer er enn fremur fram komin breyt.till. við þessa breyt.till. nefndarinnar, sem fer fram á, að tillagið verði fært niður í 4500 krónur (C. bls. 289). En af því búast má við, að söfnuðurinn gangi síður að því, þá vildi jeg heldur ráða h. þingd. til að samþykkja breytingartill. nefndarinnar. Hjer er hvort sem er ekki um neinn verulegan mismun að ræða fyrir landssjóð, en mikil ástæða fyrir þingið til að reyna að losa landssjóð sem fyrst undan ábyrgð á þessari kirkju. Hjer á þinginu hefir einnig opt komið fram sú skoðun, að rjett væri að styðja að því, að söfnuðirnir tækju að sjer kirkjurnar, og er því síður ástæða til fyrir þetta þing, að nema tillagið til þeirra svo mjög við neglur sjer.

Jeg vona að háttv. deild taki greiðlega í málið við þessa 3. umræðu, og finn því ekki ástæðu til, að fara frekari orðum um það.

ATKV.GR.: Breyt.till. á þingskjali 211 samþ. með 11 : 5 atkv.

Breyt.till. á þingskjali 197 þar með fallin.

Frumv. með áorðinni breytingu samþykkt með 17 samhlj. atkv., og afgreitt til efri deildar.

Frumv. til laga um breytingu á 6. gr. tilskipunar 4. maí 1872, um sveitarstjórn á Íslandi (C. bls. 225); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. í heild sinni samþ. orðalaust með 15 samhlj. atkv. og afgr. til Ed.

Frumv. til laga um að stofna byggingarnefnd í Seyðisfjarðarkaupstað (C. bls. 271); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. í heild sinni samþ. með 15 samhlj. atkv. og afgreitt til Ed.

Frumv. til laga um rjett kaupmanna til að verzla með áfengi (C. bls. 261); 3. umr.

Framsögumaður (*Skúli Thoroddsen*): Þetta frumv. hefir fengið svo góðar undirtektir, að jeg sje ekki ástæðu til að tala margt um það frekara en jeg gjörði við 1. umr. Að eins skal jeg taka það fram, að því hefir opt verið beitt sem mótbáru gegn löggilding nýrra verzlunarstaða, að þar með væri opnaður aðgangur til að verzla með áfengi, en ef þetta frumv. yrði að lögum, þá hverfur sú mótbára, þar sem almenningi er þá í sjálfsvald sett, að leyfa vínsöluna eða banna. Og þar sem almenningur á sumum stöðum, þar sem þörf er á löggildingu, mun einmitt hafa haldið sjer frá að æskja hennar af hræðslu við áfengisstraumanna, sem veitt yrði inn í hjeraðið, þá er með frumv. þessu girt fyrir það. Jeg vona því, að h. deild virðist svo margt mæla með þessu frv.,

að jeg finn ekki ástæðu að fara fleirum orðum um það í þetta sinn, ef ekki koma fram mótmæli gegn því.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg veit að mönnum mundi finnast undarlegt, ef jeg færi ekki nokkrum orðum um þetta frv. þar sem það snertir mál, sem jeg opt hefi hreyft, og til þess, að menn ekki misskilji þögn mína, þá ætla jeg að fara um það nokkrum orðum.

Á síðasta þingi kom fram svipuð tillaga, og jeg tók það þá skýrt fram, að jeg gæti með engu móti aðhyllzt þá stefnu, vegna þess, að hún kæmi á misrjetti kaupmanna á milli. Þetta frumv. fer, að því er mjer virðist, í mjög svipaða átt, en er þó frábrugðið að því leyti, að meiri hluti hreppsbúa og hreppsnefnda ræður, hvort leyfið fæst eður eigi, og svo það, að leyfið nær að eins til eins árs í senn. Þessar breytingar eru ekki svo stórvægilegar, að jeg geti fyrir þær einar gefið frumv. atkv. mitt. Jeg álít, eins og áður, að slíkt sje frá sjónarmiði bindindismálsins að eins kák. Jeg er sannfærður um, að meiri hluti atkvæðisbærra manna á landinu vill nú þegar, að farið sje lengra en þetta.

En þó að jeg álíti, að þetta frv. sje til lítilla bóta, þá hefi jeg samt ekki viljað setja mig á móti því, vegna þess, að flutningsm. þess hafa skýrt mjer frá, að þar sem þeir þekki til, þá kaupi efnalitlir menn borgarabrjef til þess að geta selt nokkrar tunnur af brennivíni.

Hjer eru í einstöku kaupstöðum einnig komin á samtök meðal kaupmanna um að selja ekki áfengi, en svo þegar þeir eru búnir að koma á samtökum, kemur einhver aðvífandi brennivínsdóni, leysir borgarabrjef og fer að verzla með áfengi, til þess að eyðileggja samtök þeirra, sem fyrir eru, og gjöra sjer heimsku landsmanna að fjeþúfu, því alltaf eru menn nógu vitlausir til að láta ginnast af slíkum brennivíns-kumpánum. Þetta frumv. byggir að miklu leyti fyrir slíkt, og getur að því leyti gjört talsvert gagn, og þess vegna hefi jeg ekki viljað setja mig á móti því, enda þótt jeg álíti að það að öðru leyti vinni bindindismálinu í heild sinni vafasamt gagn.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. í heild sinni samþ. með 16 samhlj. atkv. og afgr. til efra deildar.

Frumv. til laga um þóknun handa forstjórum og sýslunarmönnum Söfnunarsjóðs Íslands (C. bls. 261, 262); 3. umr.

Flutningsm. (Jón Jensson): Jeg þarf ekki að fara mörgum orðum um eða mæla með breytingartillögunni; hún snertir að eins form frumv., þar sem hún fer ekki fram á annað en að skipta frumv. í 2 greinar, og má því eiginlega skoðast sem orðabreyting. Jeg vonast því til, að úr því að frumv. hefir komizt greiðlega í gegnum deildina hingað til, að það þá fái að taka seinasta áfangann hindrunarlaust.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. (C. bls. 262) samþ. með 17 samhlj. atkv.

Frv. með áorðinni breyt. samþ. í e. hlj. og afgr. til Ed.

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar á Hirði í Múlahreppi í Barðastrandarsýslu (C. bls. 258); 1. umr.

ATKVÆÐAGR.: Tillaga um að vísa málinu til löggildingarnefndarinnar sþ. með 15 samhlj. atkv.

Frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands 5. jan. 1874 (C. bls. 171); framh. 1. umr.

Flutningsmaður (Valtýr Guðmundsson): Eins og nefndarálitið ber með sjer, varð það að samkomulagi milli mín og samnefndarmanna minna, að jeg tæki frv.

mitt aptur. Álitu sumir þeirra heppilegra að nefndin bæri upp frumv. í heilu lagi, byggt á sama grundvelli, heldur en að gera breytingar við mitt frumv., og af þeim ástæðum lýsi jeg því yfir, að jeg tek frumv. aptur.

Benidikt Sveinsson: Samkvæmt þeirri heimild, sem mjer og hverjum þingm. er gefin í 25. gr. þingskapanna, lýsi jeg yfir því, að jeg tek frumv. upp aptur, ekki til þess, að tala eitt orð um málið, heldur til þess, að deildin greiði atkv. um það, hvort frumv. skuli ganga til 2. umræðu.

Forseti: Frumv. þetta er þá áfram til umr. í deildinni.

Fyrst enginn tekur til máls, er umr. lokið, og ber jeg undir atkvæði, hvort málinu skuli vísað til 2. umr., og skal um leið geta þess, að mjer hefir verið afhent beiðni um að viðhafa nafnakall, frá þessum 6 þingm.:

Benedikt Sveinssyni,
Sighvati Árnasyni,
Jóni Jónssyni, þingm. Eyf.
Eiríki Gíslasyni,
Guðjóni Guðlaugssyni og
Tryggva Gunnarssyni.

Valtýr Guðmundsson: Jeg leyfi mjer að skjóta því til h. forseta, hvort hann vill ekki taka þetta frv. út af dagskrá og taka fyrir næsta mál á dagskránni, frv. nefndarinnar, því jeg hygg, að h. þdm. muni ef til vill óljóst, hvernig þeir eigi að greiða atkv. um þetta mál, meðan hitt er órætt.

Benedikt Sveinsson: Forseti hefir auðvitað leyfi til að breyta um röð málanna á dagskrá, en úr því frumv. er þegar borið upp til umræðu og atkvæðagreiðslu, hefir hann ekki leyfi eða heimild til þess. Og þess vegna mótmæli jeg því.

Forseti: Þessi áskorun um að taka málið út af dagskrá kemur of seint, er jeg hefi vísað málinu til atkvæða deildarinnar, verður atkvæðagreiðslan að fara fram.

ATKVÆÐAGR. um, hvort frumvarpið skuli ganga til 2. umr. Þessir 12 þm. sögðu *nei*:

Einar Jónsson,
Klemens Jónsson,
Benedikt Sveinsson,
Björn Sigfússon,
Eiríkur Gíslason,
Guðjón Guðlaugsson,
Halldór Daníelsson,
Ólafur Briem,
Pjetur Jónsson,
Sighvatur Árnason,
Sigurður Gunnarsson og
Skúli Thoroddsen.

Þessir 9 þm. greiddu eigi atkvæði af tilgreindum ástæðum:

Guðlaugur Guðmundsson,
Jens Pálsson,
Jón Jensson,
Jón Jónsson, þm. A.-Skf.
Jón Jónsson, 2. þm. Eyf.
Jón Þórarinsson,
Tryggvi Gunnnarsson,
Valtýr Guðmundsson og
Þórður Thoroddsen.

Guðlaugur Guðmundsson rökstuddi undanfærslu sína að greiða atkvæði á þessa leið:

Jeg finn ekki ástæðu til að greiða atkvæði, af því jeg fæ ekki betur sjeð, en að hjer sje verið af hálfu þessa nýja flutningsm. frumv. (B. Sv.) að gjöra hreint og beint gabb að þingdeildinni. Hinn upphaflegi flutningsm. (V. G.) hefir tekið frumv. aptur, og þegar nú sá, er síðan hefir gjörzt flutningsm. þess, greiðir sjáltur atkvæði móti því, að það gangi til 2. umræðu, þá er það ljóst, að hjer er verið að leika sjer að atkv. þingdeildarmanna. En jeg álít, að mitt þingmannsatkvæði sje meira virði, og

að því fylgi meiri ábyrgð en svo, að jeg láti hafa það þannig að leiksoppi.

Jens Pálsson, Jón Jensson, Jón Jónsson, þm. A.-Skaptf., Jón Þórarinsson, Valtýr Guðmundsson og Þórður Thoroddsen tjáðu sig allir sammála Guðlaugi Guðmundssyni.

Jón Jónsson, þm. Eyf., mælti: Jeg greiði ekki atkvæði sökum þess, að jeg ritaði nafn mitt undir nafnakallsbeiðnina í allt öðrum tilgangi en komið hefir fram, og álít að jeg hafi verið blekktur með því að nota það þannig.

Tryggvi Gunnarsson kvaðst neita að greiða atkv. af sömu ástæðu sem Jón Jónsson, þm. Eyf.

Forseti lýsti því yfir, að frumv. væri fellt frá 2. umr. með 12 atkv.

Frv. til stjórnarskipunarlaga um breytingar á stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands 5. janúar 1874, 1. gr., 2. gr., 3. gr., 25. gr., 34. gr. og 2. ákvæði um stundarsakir (C. bls. 269, 259); 1. umr.

Framsögumaður (*Klemens Jónsson*): Jeg skal byrja með því að taka það fram, að fyrirsögn frv. þessa er heldur ónákvæmlega orðuð, að því leyti sem þar stendur »ákvæði« um stundarsakir, þar sem í stjórnarskránni standa »ákarðanir« um stundarsakir; en þessa ónákvæmni má leiðrjetta til 2. umr.

Það er í raun og veru ekki þörf fyrir mig að halda langa inngangsræðu nú við 1. umr. þessa máls, því að flestar hinar almennu athugasemdir, er það snerta, hafa þegar verið teknar fram, bæði við 1. umr. frumv. þess, sem nú er nýbúið að fella, og í áliti nefndarinnar, og skal jeg leyfa mjer að skírskota til þessa hvorutveggja. Jeg skal þá fyrst geta þess í tilefni af orðum h. þm. Vestm. (V. G.), er hann kvaðst hafa tekið frumv. sitt aptur eptir samkomulagi við nefndina, að þessu verð jeg, fyrir hönd meiri hluta nefndarinnar, algjörlega að neita. Sömuleiðis verð jeg að neita því, að vjer álítum, að þetta frumv. sje byggt á sama grundvelli og frumv. h. þm. Vestm. (V. G.). Þegar vjer fórum að ræða frumv. h. þm. (V. G.) í nefndinni, varð það þegar einhuga álit okkar, að hafna því; því við sáum ekki, að sú rjettarbót væri í því fólgin, að tilvinnandi væri að ganga að því, einkum þegar jafnframt var í því fólgin töluverð uppgjöf á rjettindum vorum. Þegar svo var komið, lágu ekki nema þrír vegir fyrir nefndinni. Fyrsti vegurinn var sá, að halda sömu leiðina og áður hefir verið farin, að halla sjer að hinu gamla frv., sem hvað eptir annað hefir verið samþykkt af þjóðinni, tvisvar samþykkt af alþingi til fullnaðar á reglulegan hátt, og jafnharðan neitað staðfestingar af stjórninni. Þennan veg, sem meiri hluta nefndarinnar og einkum mjer persónulega þó hefði verið langkærast að fara, sá hún sjer ekki fært að leggja út á, eins og sakir standa, og þarf jeg hjer ekki að færa rök fyrir, hvers vegna henni þótti það óráðlegt, því að það er á allra þingmanna vitorði, að það hefði eigi að þessu sinni náð samþykki þingsins, já, meira að segja, ekki einu sinni neðri deildar.

Annar vegurinn var sá, að leggja árar í bát á þessu þingi, og bera eigi fram neitt frumv. á þessu þingi, en velja annaðhvort ávarpsleiðina eða slá öllu á frest til síðari tíma. Þessa leið þótti nefndinni ekki heldur ráðlegt að fara, af ástæðum, sem verða auðsæjar af því, sem síðar skal tekið fram.

Þriðji vegurinn var sá, að velja miðlunarleið, er leitt kynni að geta til samkomulags milli þings og stjórnar. Þennan kost tók nefndin, og var það margt, sem knúði hana til þess. Í fyrsta lagi var það, að þó stjórnin tæki ekki bein-

línis tillit til þingsályktunartill. frá 1895, eða að minnsta kosti ekki á þann hátt, sem var sá eðlilegi og rjetti, að hún legði fyrir þingið frumv., er innihjeldi þau tilboð, er hún sæi sjer frekast fært að gjöra, þá hefir hún þó að þessu sinni gengið nokkuð lengra í samkomulagsáttina en nokkru sinni fyr, þar sem hún fyrir munn fulltrúa síns hefir lýst því yfir, að hverju hún gæti gengið. Nefndinni þótt vert að sýna það, að hún kynni að meta það, að stjórnin þó virti þingið viðtals, þó á óreglulegan hátt væri. Í öðru lagi bætist það við, sem jeg þó fyrir mitt leyti legg ekki svo mikla áherzlu á, að komið hafa fram yfirlýsingar með almennum orðum um það frá þjóðinni, að hún æski þess, að þingið hafnaði eigi þegar tilboðum, er koma kynnu frá stjórninni, heldur tæki þau til yfirvegunar. Þó skal jeg taka það fram, að þessar yfirlýsingar eru engin sönnun fyrir því, að þjóðin mundi gjöra sig ánægða með frumv. h. þm. Vestm. (V. G.), heldur fyrir hinu, að hún sje eigi ófús til samkomulags við stjórnina. Í þriðja lagi, og á það legg jeg aðaláherzluna, að með því að ræða málið á þennan hátt sýnum við stjórninni það áþreifanlega, að það sje eigi meining vor að vilja berja allt af höfðinu við steininn, og í engu slaka til, heldur að það er alvarlegur vilji þingsins að vinna saman við stjórnina.

Af því allt þetta vakti fyrir meira hluta nefndarinnar, áleit hún rjett að koma fram með frumv. þannig lagað, er ætla mætti að stjórnin gæti aðhyllzt, en sem þó eigi innihjeldi meiri uppgjöf rjettinda vorra, eða hindraði oss frá, að halda baráttunni áfram til þess að öðlast innlenda stjórn. Samkvæmt þessu er frumv. meiri hlutans á þingskj. 181 komið fram. Hjer verður ekki annað sagt, en að farið sje fram á miðlun; en tíminn krefst þess, að gamla stefnan sje yfirgefin að þessu sinni. Jeg segi þetta til þess, að aðrir þurfi ekki að koma með það, og jeg lýsi því yfir, að oss er það full-ljóst, hvað skref vjer höfum stigið í málinu. En þótt oss væri það ljóst, að heppilegt væri að fara miðlunar- eða samkomulagsveg, þá var eigi fyrir það fenginn grundvöllur til að byggja á. Vjer sáum það reyndar strax, að frumv. h. þm. Vestm. (V. G.) var enginn grundvöllur fyrir oss að byggja á. Aptur á móti var grundvöllurinn gefinn í tillögum hæstv. landsh., eins og þær koma fram í brjefi hans til ráðherrans frá 20. desember 1895. Við þær vildi meiri hluti nefndarinnar eingöngu binda sig. Reyndar vakti það fyrir honum, að úr því farið væri að breyta sumum atriðum í stjórnarskránni, þá væri það í raun og veru fleira en þau atriði, sem till. hæstv. landsh. ná til, sem breyta þyrfti. En við nánari yfirvegun hvarf hann frá yfirgripsmeiri breytingum, af því honum þótti rjettast að fara ekki út fyrir þær till. landsh., sem líklegt væri að stjórnin gengi að. Þegar þetta væri fengið, þá þótti meiri hlutanum sem fenginn væri sá grundvöllur, sem síðar væri hægt að byggja ofan á, og þá er líka útkljáð sú spurning, sem hlýtur að vera grundvöllur undir allri samvinnu milli stjórnar og þings, spurningin um setu Íslandsráðgjafans í ríkisráðinu, en hvað það atriði snertir hefir nefndin að vísu farið út fyrir till. landsh., þar sem hann álítur eigi þörf á breytingu á stjórnarskránni í þessu efni; en meiri hlutanum þótti þetta atriði svo mikilvægt, að nauðsynlegt væri að taka það fram með berum orðum í sjálfri stjórnarskránni, að ráðgjafinn eigi ekki sæti í ríkisráði Dana, úr því stjórnarskráin faktisk hefir verið skilin á annan veg, einmitt af

Dönum, eins og nú greinilega sjest af brjefi ráðgjafans 29. maí þ. á.

Allir eru hjer sammála um það, og einnig þm. Vestm. (V. G.), að það sje vafalaust, að eptir stjórnarlögunum eigi ráðgjafi vor eigi að bera hin sjerstöku málefni vor upp í ríkisráðinu. Jeg þarf ekki að færa ástæður fyrir þessu, þar sem öll hin heiðraða deild er mjer sammála um það, að grundvallarlög Dana 5. júní 1849 sjeu eigi gildandi hjer á landi, og hafi eigi átt að vera það, þótt stjórnin haldi því fram. En af því að stjórnin hefir haldið þessu svo sterklega fram bæði gagnvart þinginu og landsh., þá er full nauðsyn á, að fá það mál útkljáð, og meiri hlutinn sá ekki annan veg til þess, en að taka það skýrt fram í frumv., að ráðgjafi Íslands skyldi ekki eiga sæti í ríkisráði Dana.

H. þm. Vestm. (V. G.) tekur það sjerstaklega fram í áliti sínu, að þetta sje rjettarspursmál, sem eigi að útkljá á annan veg en með stjórnarskrárákvæðum. En hvernig á þá að fara að því? Jeg býst við að mjer verði svarað því, að það skuli gjört með því, að höfða mál gegn ráðgjafanum fyrir hæstarjetti, samkvæmt 2. ákvörðun um stundarsakir, fyrir brot á móti 3. gr. stjórnarskrárinnar. En heldur h. þm. Vestm. (V.G.), að slíkt mundi leiða til heppilegra úrslita fyrir oss? Meiri hlutanum duldist ekki fyrir sitt leyti, að slík málshöfðun gæti verið í meira lagi varhugaverð. Þess vegna leizt nefndinni ráðlegast, að því væri slegið föstu í frumv., að ráðgjafinn skyldi eigi bera upp í ríkisráði Dana hin sjerstöku mál Islands. Honum þótti nauðsynlegt að taka þetta fram í frumv. á þann hátt, að það komi eigi fram eins og nýtt ákvæði, því að það hefði óneitanlega bent á, að ríkisráðssetan í sjermálunum væri eigi bönnuð í stjórnarskránni, heldur sem authentiska lagaskýringu, og þessa nauðsyn byggir hann á sögulegum grundvelli, á því, hvernig Danir hafa í verkinu sýnt, að þeir skildu ákvæði stjórnarskrárinnar í þessari grein. Það er eigi óeðlilegt eða eins dæmi, að slíkar authentiskar lagaskýringar komi fram. Þær voru alltíðar á einveldistímunum, allt til 1849. Síðan hefir þeirra eigi verið eins mikil þörf, eptir því sem löggjafarfaktorunum hefir fjölgað. Ákvæðið er því sett nú eigi til þess að koma fram með neitt nýtt, heldur til að taka af allan vafa í þessu efni.

Jeg get ekki við þessa 1. umr. málsins farið út í einstök atrið málsins, en verð að geyma það til 2. umr., en jeg þykist hafa tekið það fullljóst fram, hver hafi verið tilgangur meiri hluta nefndarinnar með því, að koma fram með frumv. þetta.

Ef þetta frumv. nær samþ. alþingis og staðfestingu konungs án verulegra breytinga, þá höfum vjer fengið fulla viðurkenningu fyrir því, að vjer skulum hafa löggjöf og stjórn út af fyrir oss samkvæmt 1. gr. stjórnarskrárinnar, og fyrir því, að vjer eigum að hafa sjerstakan ráðgjafa, sem eigi er öðrum stjórnarstörfum bundinn, skilur íslenzka tungu, situr á alþingi og semur við það. Með þessu álít jeg svo mikið unnið, að varúðarvert sje að kasta því frá sjer, ef kostur er á að fá það.

En hins vegar skal jeg taka það fram, að jeg vona, að h. þingd. sjái, að þetta frumv. er á allt öðrum grundvelli byggt en frumv. h. þm. Vestm. (V. G.), sem nú er nýbúið að fella.

ATKVÆÐAGR.: Vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Frumv. til laga um breyting á lögum um styrktarsjóði handa alþýðufólki (C. bls. 246); 1. umr.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg álít eiginlega óþarft að fara mörgum orðum

um ekki merkilegra mál en þetta er. Jeg vil að eins drepa stuttlega á eitt atriði.

Það er, að sýslumönnum er í frumv. þessu falið á hendur að innheimta þessi gjöld. Jeg hefi persónulega ekkert á móti þessu. En jeg álít að þetta ákvæði gangi í algjörlega öfuga stefnu. Það hefir verið, og er, að jeg ætla, almenn ósk almennings, að fækka embættismönnum í landinu. Þegar svo er, þá er það algjörlega rangt, að vera að hlaða nýjum ómerkilegum störfum á hendur dómaranna; því að með því gjöra menn erfiðara fyrir síðar að aðskilja dómarastörfin frá þeim öðrum störfum, sem undirdómarar nú gegna, og fækka síðan dómurum. Störf þessi eru harla óbrotin og ómerkilegt verk, sem ekki þarf dýra og lærða embættismenn til að leysa af hendi. Þau eru engum leikmanni ofvaxin.

En sje menn nú horfnir frá þessari stefnu, að hafa í hug að fækka embættismönnum, þá hefi jeg fyrir mitt leyti ekkert um það að segja.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 17:2 atkv.

Frumv. til laga um lögaldur (C. bls. 242); 1. umr.

Flutningsmaður (*Skúli Thoroddsen*): Þetta er ekkert nýtt mál. Samskonar frumv. var borið hjer upp á þingi 1889 og samþykkt í báðum deildum; en stjórnin synjaði því staðfestingar af þeirri einni ástæðu, að henni þótti það koma löggjöf vorri í óþægilega ósamkvæmni við löggjöfina í öðrum löndum ríkisins; 1891 kom það aptur fram hjer á þingi, en vannst þá ekki tími til framgangs.

Það er nú ekkert fátítt hjer á landi, að menn reisi bú rjett eptir tvítugsaldur; en eptir landslögum er enginn maður, sem ekki hefir 5 um tvítugt, fullráði fjár síns, og getur þannig ekki gert bindandi samninga án ráði meðráðamanns, og þetta er opt mjög óhagkvæmt. Öll rjettarmeðvitund þjóðarinnar er og gagnstæð þessu. Þegar menn í daglegu lífi eiga skipti við mann yfir tvítugt, mun það sjaldan fyrir koma, að nokkrum detti í hug, að spyrja eptir aldri, og því geta óvandaðir hrekkjamenn notað sjer þetta. Tilgangur frv. er að gera 21 árs aldurinn að fullræðisaldri, og er það í samræmi við það, sem almennast tíðkast í öðrum löndum, hvað sem Danmörku líður. —

Jeg vona að þingið taki málinu enn sem fyrri; það er svo óbrotið, að jeg sje enga þörf á nefnd í því, en óska að eins, að málið megi ganga til 2. umr.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 17 samhlj. atkv.

Tuttugasti og annar fundur, mánudag 26. júlí kl. 12 á hád. Allir á fundi nema 2. þm. Rangv. (Þórður Guðmundsson), er var fjarverandi með fararleyfi. — Þegar gjörðabók frá síðasta fundi var lesin upp, hreyfði þm. Vestur-Skaptfellinga (Guðl. Guðmundss.) því, að hann teldi það hæpið, að rjett væri bókað um málið nr. 6 (stjórnarskrárfrumv. Valtýs Guðmundss.) á dagskránni, að frumv. væri endilega fallið samkvæmt 36. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem eigi hefði fleiri en 12 greitt atkvæði. Spunnust dálitlar umræður út af því, og var gjörðabókin því næst samþykkt óbreytt.

Frumv. til laga um breyting á 1. gr. og viðauka við lög nr. 3, 2. febrúar 1894 um breytingu á tilskipun um lausamenn og húsmenn á Íslandi 26. maí 1863 (C. bls. 272, 299); 3. umr.

Framsögumaður (Guðjón Guðlaugsson): Það er að eins lítið, sem jeg þarf að athuga við frumv. nú, þar sem h. deild er búin að gera þær breytingar við það, sem henni þótti nauðsynlegar. — Frumv. er nú í rauninni ekki annað en viðauki við lögin frá 2. febr. 1894, sem miðar til þess, að gera nokkur ákvæði þeirra greinilegri, svo óhægra verði að skjóta sjer undan þeim eða fara í kringum þær, og vona jeg, að h. deild sje samþykk því, að frumv., sem gerir gildandi lög glöggvari og ljósari, sje nauðsynlegt. —

Hjer er fyrir ein breyt.till., sem er samhljóða tillögum hæstv. landshöfðingja og líst mjer því ekki þurfi að ræða hana.

Jeg vona nú að frumv. verði samþ. og breytingartill. komist að.

ATKV.GR.: 1. viðaukatill. á þingskjali 214 (C. bls. 299) samþ. með 16 samhlj. atkv.

2. viðaukatill. á þingskjali 214 samþ. með 16 samhlj. atkv.

3. viðaukatill. á þingskjali 214 samþ. án atkvæðagr.

Frumv. í heild sinni með áorðnum breytingum samþykkt með 16 samhlj. atkv., og afgreitt til efri deildar.

Frumv. til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir (C. bls. 260, 256, 271, 288, 306); 3. umr.

Jón Jónsson, þingm. A.-Skaptf.: Jeg hefi lagt fátt til þessa máls hingað til, þótt þjóðjarðasala hafi legið fyrir flestum þeim þingum, er jeg hefi setið á, en eptir því sem jeg hefi athugað málið betur, eptir því hefi jeg fundið fleiri annmarka á þjóðjarðasölunni. Þess vegna finnst mjer að jeg megi nú ekki þegja lengur, heldur verði að tala eins og sannfæring mín býður.

H. þm. V.-Skaptf. (Guðl. Guðm.) talaði við 2. umr. þessa máls frá sjónarmiði kjósenda sinna, en mjer fannst ræða hans ekki eins sannfærandi, eins og hún var snjöll, og jeg vona að hann taki það ekki illa upp, þótt jeg reyni að skýra þetta mál frá nokkuð annari hlið. Hann tók það fram, að með því að margar jarðir hefði verið seldar í sínu kjördæmi, hefði þar átt sjerstaklega að koma í ljós annmarkar þeir, sem taldir væri á þjóðjarðasölunni, eins og hún hefir tíðkazt að undanförnu. — En þess er að gæta, að það er ekki langur tími liðinn, síðan farið var almennt að kaupa þjóðjarðir í Vestur-Skaptafellssýslu, og er því ekki von á, að sá galli sje kominn fram, að margar jarðir hafi gengið úr ábúð eiganda, en þó játaði h. þingm. V.-Skaptf. (Guðl. Guðm.) sjálfur, að kaupin á einni jörð hefði verið leppuð, og nú hefi jeg heyrt, að hinn sami gróðamaður, sem þá jörð keypti, stæði nú á bak við kaupin á Hörgslandi, og sje enga ástæðu til, að ímynda mjer, að hann muni reynast betri landsdrottinn en landssjóður. En svo er annar galli, sem einmitt hefir komið mjög berlega fram í kjördæmi h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. Guðm.), og hann er sá, að landssjóður getur beðið stórskaða af sölu einstakra jarða vegna ókunnugleika þingsins og ónógra skýrslna. Á hinu fyrsta þingi, þar sem jeg átti sæti (1885), var gefin heimild til að selja Vík í Mýrdal fyrir 6000 kr., en þingið 1883 hafði sett verðið 7370 kr., og það hefir vist ekki verið of mikið, því að nú heyri jeg sagt, að hún muni vera yfir 30,000 kr. virði.

H. þm. Strand. (Guðj. G.) minntist í hitt eð fyrra á Eyjar í Strandasýslu, hlunnindajörð mikla, sem seld hefir verið fyrir einar 1500 krón., og síðan hefir verið seld Litla-Breiðavík í Suðurmúlasýslu fyrir 1600 kr., en nú hefir nákunnugur maður skýrt mjer frá, að

hún mundi vera 4000—5000 kr. virði, með því að ábúandinn hafi haft í fyrra sumar 300 kr. fyrir skipsuppsátur, og nú sje verið að byggja þar hvert þurrabúðarhúsið á fætur öðru. Sje þetta satt, hefir hjer verið haft stórfje af landssjóði, og líkt kann víðar að vera. — Mjer sýnist því knýjandi hvöt fyrir þingið, að gæta varúðar með sölu þjóðjarða, því að það er skyldugt, að gæta hagsmuna landssjóðs, og má ekki sleppa beztu jörðunum fyrir hálfvirði, og sitja svo uppi með eintóm kot og áfallajarðir, sem enginn kaupandi býðst að. Jeg hefi ásamt fleirum h. þingdeildarmönnum komið fram með breytingartill., sem lúta fyrst og fremst að því, að fresta sölu nokkurra sjávarjarða í Suður-Múlasýslu, sem jeg er hræddur um að verðið sje sett of lágt á, af því að virðingarverð umboðsmanns vantar, og mjer finnast skýrslurnar ekki fullnægj andi, hvort sem það stafar af umboðsmanna skiptunum, lasleika hins fyrverandi umboðsmanns og fjarveru hins nýja, eða öðru með fram.

Svo kemur ein sjávarjörð til: Syðri-Bakki í Eyjafjarðarsýslu, og nokkrar jarðir í Vestur-Skaptafellssýslu, sem jeg hefi fátt um að segja, með því að mjer eru þær ekki nægilega kunnar, enda hefir verð Hörgsdals færzt upp síðan 1891, og Kirkjubæjarklaustur er sett hærra en hjá umboðsmanni. Um Hörgsland er það aptur á móti að athuga, að það er sett 200 kr. minna en umboðsmaður hefir metið, en mjer finnst að þingið ætti að taka tillögur hans til greina. Að því er snertir Páfastaði í Skagafirði, þá hefir aptur og aptur verið farið fram á, að selja þá jörð, og hefir hún tvívegis verið gjörð föl áður, en verðið hefir jafnframt verið sett niður, og sýnist mjer þá nóg komið, og þingið ekki þurfa að bjóða hana optar.

Aðgjörðir þingsins í þessu máli 1895 fóru í þá átt, að það ætti nú ekki að flýta sjer að fleygja burtu mörgum góðum jörðum. — Jeg er því á móti frumvarpinu í heild sinni, og finnst að þingið ætti nú að fara að gera hlje á þjóðjarðasölunni, meðan andvirði jarðanna verður að eyðslufje, meðan engin trygging er fyrir því, að þær haldist í ábúð eigenda, og meðan þingið hefir ekki betri tök á, að dæma um hið sanna verðgildi jarðanna, en það hefir hingað til haft.

Framsögumaður (*Ólafur Briem*): Nefndin hefir leyft sjer að koma fram með viðaukatillögu, sem raunar ekki er efnisbreyting; hún er á þingskjali 164 (C. bls. 256), og gengur að eins út á að taka fram með berum orðum, að Hörgsland skuli selt með 3 hjáleigum.

Þá skal eg geta þess, að hjer liggur fyrir viðaukatillaga frá h. þm. Snæf. (Eir. G.), er fer fram á að selja svo nefndan Mjóadalsblett, sem er landskiki 2025 □ faðmar á stærð, útmældur til túnræktunar í Ólafsvíkurlandi í Snæfellsnessýslu, og er hún komin fram eptir samráði við nefndina. Nefndin var því fyrst mótfallin, að bletturinn væri seldur, en eptir að hún hefir kynnt sjer málavöxtu nákvæmlega, þá er hún ekki lengur mótfallin sölunni. Annars hefir það verið regla að slíkir blettir hafa verið leigðir, en ekki seldir; í þessu tilfelli álítur nefndin rjett að gefa blettinn falan, af því, að hann liggur í fjarlægð og töluverðum kostnaði bundið að koma honum í rækt. Þegar óræktað land er selt á leigu, verður leigutíminn að vera langur og afgjaldið vægt eða jafnvel ekkert um víst tímabil. Þetta er ennfremur, eptir þeim upplýsingum, sem nefndin hefir fengið, fyrsti bletturinn, sem þannig hefir verið tekinn til ræktunar þar

vestra, og gæti það ef til vill mælt með því, að leiguliðinn fengi blettinn keyptan.

Viðvíkjandi breyt.till. á þingskj. 210 og 222 (C. bls. 288, 306), þá eru þær svo yfirgripsmiklar, að það er ekki gott að átta sig á þeim.

Þm. A.-Skaptf. (Jón Jónss.) tók ýmislegt fram í ræðu sinni, en athugasemdir hans lutu meir að því, að mótmæla þjóðjarðasölunni í heild sinni, en að því að styðja breyt.till. Ýmsar af mótbárum hans snertu það, að þjóðjarðasalan hefði mislukkazt á fyrri þingum, og því til sönnunar benti hann á nokkrar þjóðjarðir, er hefðu hækkað stórkostlega í verði frá því þær voru seldar. En sumpart komu mótbárur hans fram að eins sem spádómur um, hvernig afleiðingarnar mundu verða af þjóðjarðasölunni framvegis. Jeg get nú ekki sjeð, að það sje nein ástæða til að sjá ofsjónum yfir því, þótt einstakir menn, er kaupa jarðirnar, geti gert sjer þær meira arðberandi en landssjóður. Landssjóður sem eigandi jarða á óhægra með að koma þeim upp heldur en prívatmenn. Þar við bætist að jarðirnar verða stundum fyrir skemmdum, er landssjóður verður að bæta, og það kemur jafnvel fyrir, að eptirgjöldin reynast ófáanleg.

Viðvíkjandi jörðinni Páfastöðum í Skagafirði, sem h. þm. A.-Skaptf. (J. J.) minntist á, að hefði verið látin föl tvívegis áður, og notaði það sem ástæðu gegn sölu þeirrar jarðar nú, þá get jeg ekki lagt mikið upp úr því, því að í fyrsta sinn, sem hún var á boðstólum, þá var það viðurkennt af öllum hlutaðeigendum, að verðið var allt of hátt, en í síðara skiptið fórust kaupin fyrir af tilviljun, þar sem leiguliði ekki aðgætti frestinn, sem var gefinn fyrir kaupunum, og vona jeg að hin h. þingdeild líti svo á, að ekki sje ástæða til að svipta hlutaðeigandi leiguliða þeim rjetti, sem þingið var búið að veita honum til þess að fá keypta ábúðarjörð sína.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg ætla ekki að svara h. þm. A.-Skaptf. (J. J.) mörgu að þessu sinni, því að það sem hann kom með nú, var ekki annað en það sem jeg hafði allýtarlega talað um og hrakið við 2. umr., og enn hef jeg ekki heyrt komið fram með neitt það gegn þjóðjarðasölunni, sem jeg ætla að geti hnekkt henni. Bæði h. þm. A.-Skaptf. (J. J.), og h. þm. Strand. (Guðj. G.) kváðu gallana við þjóðjarðasöluna eigi hafa komið fram í Skaptafellssýslu enn, af því að hún væri svo ung til þess að gjöra. Þetta er að því leyti rjett, sem flestar af þjóðjörðunum, er seldar hafa verið þar, hafa verið seldar fyrir skömmu síðan, en þó eru þar og til þjóðjarðir, er seldar hafa verið fyrir einum 60–70 árum, jarðir, sem enn eru í sjálfseignarábúð, og eigi hafa verið partaðar sundur. Flestar af jörðunum, sem seldar hafa verið síðan 1880 í Vestur-Skaptafellssýslu, eru í ábúð kaupanda. Nokkrar þeirra eru að vísu orðnar annara eign, en yfir höfuð hafa þær alls eigi verið bútaðar í sundur. Þannig er að minni vitund þessu háttað, en máske er h. þm. A.-Skaptf. (J. J.) kunnugri í Vestur-Skaptafellssýslu, þótt nokkuð sje það ólíklegt, og hafi þaðan aðrar sögur að segja.

H. þm. A.-Skaptf. (J. J.) kvað Vík í Mýrdal mundu nú vera þrefalt meira virði en þegar landssjóður seldi hana. Það getur vel verið að svo sje, en jeg býst við að landssjóður hafi þó fengið sinn höfuðstól borgaðan, og að jörðin hafi ekki verið meira virði, þegar hún var seld, en fyrir hana var gefið. En það stendur nokkuð sjerstaklega á með þessa jörð; hinir núverandi eigendur hennar hafa bætt hana á allar lundir

bæði að húsum og tún hennar, og varið til þess stórfje; og jeg er viss um það, að ef hún hefði haldið áfram að vera landssjóðseign, þá mundi svo fjarri því að hún væri þreföld í verði nú, að óvíst er, hvort hún mundi einu sinni vera nokkurs meira virði. Þótt einhver kaupandi landssjóðsjarðar græði fyrir dugnað sinn og framlög til jarðabóta fje við það, að hafa keypt jörð sína, þá á það lítt við að sjá ofsjónum yfir þeim gróða hans; það ætti fremur að vera gleðiefni; hitt ber keim af öfundsýkis-hugsunarhætti. Mjer finnst mega vel við una fyrir landssjóð, ef hann fær af andvirðinu rentur, sem svara eptirgjaldi jarðarinnar.

Jeg er hræddur um að hinir nákunnugu sögumenn h. þm. A.-Skaptf. (J. J.) leiði hann út á glapstigu, þegar þeir eru að fræða hann um gæði landssjóðsjarða, og það mundi vera nauðsynlegt fyrir hann, að leggja á stað og kynna sjer jarðirnar með eiginni sjón, fyrst honum þykir svo varúðarvert að trúa umsögn umboðsmanna og sýslunefnda um þær, að hann kýs heldur að styðja sig við sögusagnir einhverra »nákunnugra«. H. þm. A.-Skaptf. (J. J.) þuldi það aptur upp hjer í þingsalnum, að sjálfeign mundi ekki aukast í landinu, þótt þjóðjarðir væru seldar. Jeg hef áður sýnt með rökum fram á hið gagnstæða, og finn því eigi ástæðu til að gjöra það nú aptur. Hvað því viðvíkur að eigi sjeu tök á að meta söluverð jarðanna rjett, þá er þess að gæta, að ekkert er hægra en að gæta þess, að renturnar af söluverðinu svari til jarðarafgjaldanna, en jeg hjelt að enginn maður með viti hjeldi því fram, að landssjóður skyldi gjörast að prangara gagnvart landsmönnum sjálfum.

Mjer þykir breyt.till. á þingskjali 210 kenna nokkuð undarlegs keims, þar sem sjerstaklega er beinzt að tveimur sýslum, Suður-Múlasýslu og Vestur-Skaptafellssýslu með þeim, en máske eru þær komnar fram sem tilraun til að skjóta fleyg inn í þjóðjarðasölumálið; en jeg vona að h. deild kunni að meta þá aðferð eins og hún á skilið.

Sigurður Gunnarsson: Eins og þegar hefir verið tekið fram, stefndi ræða h. þm. A. Skf. (J. J.) fremur gegn þjóðjarðasölu yfir höfuð, en gegn sölu einstakra jarða. Þó er í breyt.till. hans o. fl. h. þm. sjerstaklega beinzt að jörðum í Suður-Múlasýslu, þar sem breyt.till. fer fram á, að af 7 jörðum, sem um er beðið til kaups, sje að eins ein gefin föl. En eigi heyrði jeg h. þm. A.Skf. (J. J.) færa ástæður fyrir því, hvers vegna hann vildi heldur láta neita um sölu þessara jarða en annara jarða, sem um hefir verið beðið. Mjer finnst að þurft hefði að sýna fram á að virðingarmönnum þessara jarða og sýslunefnd í Suður-Múlasýslu hefði verið mislagðari höndur en öðrum, sem hafa átt að starfa að undirbúningi þjóðjarðasölunnar.

Reyndar skal jeg játa það, að jeg heyrði h. þm. A.-Skaptf. (J. J.) nefna það, að Litla-Breiðavík í Suður-Múlasýslu hefði aukizt svo mjög í verði síðan hún var seld. Það skyldi vera af því, að h. þm. A.-Skaptf. (J. J.) væri svo sárt um að jarðir í Suður-Múlasýslu sjeu seldar. Þessu hafa þeir þegar svarað h. 1. þm. Skagf. (Ól. Br.) og h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) á þann veg, að það virðist ekki eiga vel við að sjá ofsjónum yfir því, þótt kaupandi græddi síðar meir nokkuð á kaupi sínu, en landssjóður bæri þó sitt úr býtum.

Mjer finnst mega vel við það una, að bændur taki framförum og bæti jarðir sínar, þó þær aldrei nema hækki í verði við það. Vjer verðum að gæta

þess, að líði búendum í landi voru vel og komist þeir í álnir, þá leiðir af því að landssjóði líður líka vel. Þetta vona jeg að h. deild taki til greina, og hallist eigi að breyt.till.

Sighvatur Árnason: Jeg get tekið undir með h. þm. A.-Skaptf. (J. J.), að þjóðjarðasalan eins og hún gengur nú sje nokkuð athugaverð. Síðan þjóðjarðasalan fór að verða svona óð og ör, hef jeg lítilsháttar kynnt mjer jarðir í Vestur-Skaptafellssýslu, og vil gera þá athugasemd um þær, að jeg hygg, að eigi hafi verið gætt sem bezt hagsmuna landssjóðs að undanförnu við sölu sumra þjóðjarða þar. Þetta mun stafa af því, að leigumáli á ýmsum jörðum þar er fremur lágur, (*Guðl. G.:* Þvert á móti!), jeg tek það upp aptur, að leigumáli á mörgum jörðum þar er lægri en almennt gjörist í Rangárvallasýslu; en nú vitum vjer að jarðarafgjöldin eru lögð til grundvallar fyrir söluverðinu, og verður því söluverðið lágt þar, sem jarðarafgjaldið er lágt. Jeg álít, að rjett sje að fara hægt í þjóðjarðasöluna eins og nú stendur, og því er jeg ekki hlynntur þessu frumv.; jeg ætla, að með því sje ekki sjeð vel fyrir landssjóði. Jeg játa því gjarnan að vjer ættum ekki að sjá svo mjög eptir því, þótt einhver bóndi í landinu hefði gott af þjóðjarðasölu; en jeg álít það þó skyldu þingsins að skaða ekki landssjóð með gjörðum sínum. Af því að jeg er einn af flytjendum breyt.till., skal jeg taka það fram í sambandi við það sem jeg sagði áðan, að jeg er hræddur um að jarðirnar í Vestur-Skaptafellssýslu, sem nú hafa verið falaðar, sjeu yfir höfuð fremur lágt metnar, sjerstaklega virðist mat sýslunefndarinnar á þeim vera lágt sett, þar sem hún er töluvert fyrir neðan umboðsmanns. Jeg vil leggja það svo út, að þetta komi til af því, að hún þekki jarðirnar betur en umboðsmaður, þótt undarlegt megi virðast.

Þegar vjer þá lítum á hinar einstöku jarðir, þá verður fyrst fyrir Hörgsland; það er stóreflisjörð, ekki sízt þegar teknar eru með hjáleigurnar þrjár, sem fylgja eiga, nefnilega Hörgslandskot, Mosakot og Múlakot. Hið núverandi afgjald þar er talið 224 kr. Þessa jörð hefir umboðsmaður metið 5800 kr., en sýslunefnd ekki meira en 5000 kr. eða 800 kr. lægra en umboðsmaður, og 600 kr. lægra en 25-falt afgjaldið. Þingnefndin hefir aptur fært hana upp í 5600 kr., sem svarar til 25-falds afgjaldsins. Þessi jörð er kostajörð og framfleytir fjölda fjár.

Þá kemur Hörgsdalur; afgjaldið er 149 kr.; umboðsmaður metur hann 3100 kr., en sýslunefnd 3000 kr., og er það 725 kr. lægra en svarar til 25-falds eptirgjaldsins; söluverð nefndarinnar er 3200 kr., sem þó er 525 kr. lægra en svo, að það svari til 25 falds eptirgjaldsins. Nefndin segir að vísu sjálf, að hún hafi fundið ástæðu til að breyta út af meginreglu sinni með þessa jörð. Eigi að síður framfleytir hún miklum fjenaði, eins og sjá má af lýsing umboðsmanns á henni.

Þá er Kirkjubæjarklaustur; afgjaldið er 150 kr. Umboðsmaður hefir metið það 3400 kr., en sýslunefnd 2800 kr. eða 950 kr. lægra en svo, að svari 25 földu eptirgjaldinu. Nefndin hjer á þingi hefir aptur fært jörðina upp í 3750 kr., sem svarar til 25-falds afgjalds. Þessi jörð hefir jafnan verið álitin að fram fleyta mjög miklum fjenaði, enda lýsir umboðsmaður henni á þá leið.

Enn er að nefna Skálmarbæ. Afgjaldið er 75 kr. Umboðsmaður hefir metið þá jörð 1770 kr., en sýslunefnd ekki nema 1200 kr. eða 570 kr. lægra en umboðsmaður, og 675 kr. lægra en svo, að svari til 25-falds afgjalds.

Nefndin hjer hefir metið hana 1600 kr. og þó 275 kr. lægra en 25-falt afgjald. Þessi mikla niðurfærsla nefndarinnar á þessari jörð er máske sprottin af því að umboðsmaður getur þess, að hún sje ekki vel setin, en sje svo, þá stendur hún líka til bóta.

Þegar maður nú virðir fyrir sjer, hvernig þetta mat tekur sig út, þá lít jeg svo á, að eigi sje fjarri vegi, þótt jarðirnar sjeu látnar óseldar að þessu sinni; það má taka málið til nýrrar rannsóknar og yfirvegunar, og koma fram með frumv. um sölu þeirra á þing 1899, ef þess verður óskað. Það eru fæstir þm., sem þekkja hverja einstaka jörð, sem föluð er, ekki sízt í Skaptafellssýslum, og því er ráðlegast að fara hægt og gætilega í söluna. Ef hvatvíslega er að farið, þá er hætt við að þjóðjarðasalan misheppnist, bæði að því er landssjóð snertir, og jafnvel líka kaupendurna sjálfa, ef farið væri að setja verðið hærra út í bláinn.

Jón Jensson: Jeg er á því, að eins og þetta frumv. liggur nú fyrir, þá sje rjettast að fella það, ekki þó af því, að jeg álíti það beint óhapp fyrir landssjóð eða landið í heild sinni, að landssjóðsjarðirnar gangi úr eign landssjóðs yfir í sjálfseign, því að hvað sem sagt er um málamyndasölu þjóðjarða, þá fer þjóðjarðasalan yfirleitt í þá áttina, að efla sjálfseign í landinu. Ekki get jeg heldur viðurkennt það, að ástæða sje til að selja þjóðjarðir af því, að landssjóður sje hinn versti landsdrottinn; almenn reynsla sannar það alls eigi. Má vera að svo sje í Skaptafellssýslu, eins og h. þm. V.-Skaptf. (G. G.) hefir viljað gefa í skyn, en eigi að síður er það allólíklegt, því að hvergi er meiri eptirsókn eptir ábúð á þjóðjörðum en einmitt þar.

Jeg tek það aptur fram, að jeg er ekki á móti sölu þjóðjarða af því, að jeg telji hana í sjálfu sjer óhapp; það eru aðrar ástæður, sem jeg hef fyrir augum. Á þinginu 1895 var það efst í mönnum, að nú væri rjettast að fara að breyta til með þjóðjarðasöluna, haga henni eigi lengur svo, að landsjóður afsalaði sjer með öllu jörðum sínum, heldur selja þær á erfðafestu eða á annan veg tryggja ábúendum sem bezt ábúð og arð af jarðabótum, án þess þó með öllu að sleppa jörðunum við þá. Þingið í ár hefir aptur tekið upp þessa hugsun, og falið þjóðjarðasölunefndinni á hendur að íhuga, hver meðferð á þjóðjörðunum mundi heppilegust fyrir landið. Þetta var að mínu áliti aðalverkefni nefndarinnar; hún átti að leitast við að leysa úr þessari spurningu; en í stað þess að gjöra það, kemur hún fram með frumv. um sölu á 35 þjóðjörðum og vill láta þingið samþykkja það, áður en að nokkurri fastri niðurstöðu sje komið um það, hvernig rjettast muni að haga meðferð þjóðjarða eptirleiðis; mjer finnst aðferð h. nefndar í þessu ekki ólík því, að vilja framkvæma á undan því að hugsa. Meining þingsins var óefað sú, að h. nefnd skyldi koma fram með ákveðnar tillögur í þjóðjarðasölumálinu. En svo segir hún: Jeg ætla að geyma mjer að koma fram með nokkrar almennar tillögur um málið; látum oss enn selja þessar 35 jarðir áður en vjer förum að ákveða nokkuð um, hvernig vjer skulum haga þjóðjarðasölu framvegis.

Í frumv. er farið fram á, að selja jarðir fyrir hjer um bil 70,000 kr., og mun þetta vera eitt af hinum stærri þjóðjarðasölufrumv., sem fyrir þingi hefir legið; eptir því að dæma lítur út fyrir, að ekki sje hik á þinginu með þjóðjarðasölu, og að það sje ekki að hugsa um, að beita annari aðferð þar

framvegis. Þessi ósamkvæmni í gjörðum þingsins í þessu máli ætti ein út af fyrir sig, að vera næg ástæða til að greiða atkvæði móti frumv. að svo stöddu; mjer finnst það vera næg ástæða fyrir þingið, að hafna þessu frv. nú, þar sem það hefir ekki fengið tækifæri til að svara þeirri spurningu, sem á undan átti að ganga. Auk þessa finnst mjer það einn aðalgalli bæði á þessu frumv. og öðrum samskonar frv., að engar ráðstafanir eru gjörðar til þess, að af fje því, sem inn kemur fyrir sölu þjóðjarðanna, sje stofnaður sjerstakur sjóður, sem ekki verði eyðslufje. Því miður hefir það verið reglan, að það fje, sem hingað til hefir komið inn fyrir þjóðjarðir, hefir verið látið renna saman við annað eyðslufje landsins, í stað þess að láta andvirðið halda áfram að vera fastur höfuðstóll landsins.

Af þeim ástæðum, sem jeg hef tilgreint, mun jeg greiða atkv. gegn frv. í heild sinni.

Jón Jónsson, 2. þm. Eyf.: Þótt jeg hefði ekki ætlað mjer að taka til máls, get jeg ekki bundizt þess að segja fáein orð, af því mjer finnst meðmælis menn þessa frumvarps ekki hafa lýst ástæðum rjett.

Því hefir t. d. verið haldið fram, að landsjóður fengi óefað sitt fyllilega, þegar hann fengi það andvirði fyrir jörð, að vextirnir af andvirðisupphæðinni jafnist við eptirgjald jarðarinnar. En þetta sýnist mjer þurfi engan veginn að vera víst. Því þegar seljandi selur jörð, ber honum að líta eigi að eins á eignina, sem hann selur, eins og hún þá er, heldur og á það, hvort líkindi sje til að hún hækki, þ. e. á framtíðar-gildi eignarinnar jafnframt nútíðargildi hennar. Það verður að líta á þá mögulegleika, sem eignin í sjer felur, og þeir geta stundum verið enda talsvert meira virði heldur en nútíðargildi hennar. Má vel vera að þetta geti stundum verið örðugt, en setningin er eins rjett fyrir því í sjálfu sjer.

Sumir segja nú, að þetta geri ekkert til, því eignin sje þó kyr í landinu, þótt hún hafi verið seld of lágt. En ef það gerir ekkert til, hvort landssjóður fær mikið eða lítið fyrir eign sína, er hann selur hana, þá gerir að sjálfsögðu heldur ekkert til, eptir sömu hugsun, hvort hann fær fyrir hana nokkuð eða ekkert. En því má þá ekki eins vel spara allt ómak og kostnað við virðingar og alt þrátt um verðið hjer á þingi, og blátt áfram gefa burt jarðir landssjóðs?

Þá hefir því verið haldið fram, að landssjóður væri allra landsdrottna harðastur og verstur í viðskiptum. Þessu verð jeg alvarlega að mótmæla. *(Guðl. Guðm.*: Það er satt!) Eptir því sem jeg til þekki, er því alveg gagnstætt háttað. Það má vera alveg sjerstaklega háttað í Vestur-Skaptafellssýslu, að líkindum allt öðruvísi en annarstaðar á landinu. Þar sem jeg þekki til, eru landssjóðsjarðir vægast leigðar og bezt setnar að tiltölu af öllum jörðum; þar til er æfi-ábúð, miklu óvaltari en á kirkjujörðum, enda fá niðjar forgangsrjett eptir foreldra að jörðinni. Á landssjóðsjörðum eru jafnan áskildar nokkrar jarðabætur árlega, auk eptirgjalds. Þótt þeirri kvöð sje á bætt, er leigumálinn samt sanngjarn. En allir sjá, hve mikilsvert hitt er fyrir landið og framtíðina, að gengið sje eptir að menn geri jörðunum eitthvað til góða.

Grundvallar-atriði þessa máls er: að líta á sannan hag þjóðfjelagsins í bráð og lengd; en hann virðist mjer í þessu efni vera sá, að ábúendur hafi sem sterkasta hvöt til að bæta býli sín, svo að jarðirnar í landinu fari batnandi. Menn halda nú því fram, að sjálfseignarbóndinn hafi meiri hvöt en leigulið-

inn til að bæta jörð sína, og svo ætti það nú að vera. En er það nú svo í framkvæmdinni, að jarðir þær, sem eru í privat-eign, jafnvel í sjálfsábúð, sje yfirleitt bezt setnar? Þar sem jeg þekki til, staðfestir reynslan þetta ekki. Og það má skilja ýmsar orsakir til þess.

Það má líka með lögum gefa leiguliðanum fulla hvöt til umbóta, með því að ákveða, að leiguliði skuli eignast umbótaverk sín á jörðunni. Með því fær leiguliðinn eins mikla hvöt eins og sjálfseignarbóndinn til að bæta jörðina; en jafnframt fær hann, að öðru jöfnu, meira magn til þess. Því að það sjer hver maður, að ekki eykst ábúanda á landssjóðsjörð efnamagn til umbóta við það, að hann leggur sjer þá byrði á herðar að kaupa jörð sína og afborga hana, í stað þess að verja sama stofnfje til jarðabóta.

Ef ábúandi undir slíkum kringumstæðum kaupir jörð sína, þá seinkar jarðabótum á henni að sama skapi, sem hann með kaupverðinu rýrir stofnfje sitt.

En eigi mun því verða neitað, að hægt sje að lögtryggja það, að leiguliði eignist umbótaverk sín á jörð. *(B. Sv.*: Hvernig?). Það er alhægt. *(Guðl. Guðm.*: Koma með frumv. um það). Það átti nefndin í þessu máli einmitt að gera. Ef hver leiguliði gerði umbætur á jörð sinni sem svaraði kaupverði hennar, þá er jörðin orðin helmingi meira virði, helmingi betri.

Tryggvi Gunnarsson: Jeg álít nú réttast að þetta frumv. væri fellt eins og það er langt til, en að minnsta kosti sjálfsagt að samþykkja breyt till. á þgskj. 210, því að það dregur þó drjúgum úr tölu þeirra jarða, sem á að selja.

Þessi gífurlega þjóðjarðasala gengur alveg í öfuga átt við umræður á síðasta þingi. Það er líka þvert ofan í þá skoðun, sem sýnist ætla að verða ofan á hjá þjóðinni eptir því, sem dæmt verður af röddum frá almenningi bæði í blöðunum og á þingmálafundum. Úr ýmsum kjördæmum hefir komið fram beiðni um, að selja ekki þjóðjarðir, og í mínu kjördæmi t. d. gengu umræðurnar það lengra, að sumir vildu ekki að eins að landssjóður enga þjóðjörð seldi, heldur að hann keypti hverja jörð, sem föl væri. Svona eru nú skoðanir manna að breytast í þessu máli. Þvert ofan í þetta ætlar svo þingið að hlaupa til og selja á einu ári 35 þjóðjarðir og nokkrar af þeim með beztu jörðum landssjóðs.

Ef menn vilja tryggja það með þessari miklu jarðasölu, að jarðir sjeu bættar og betur setnar, þá held jeg menn ættu að finna eitthvert betra ráð, því að það er sjón sögu ríkari hverjum þeim, sem ferðast um landið með opnum augum, að sjálfseignir eru ekki betur setnar yfirleitt heldur en jarðir landssjóðs. Ókunnugur ferðamaður, sem fer hjer um landið, skal ekki geta þekkt úr, hverjar jarðir eru í sjálfsábúð, nje geta sagt: þarna býr leiguliði, en þarna býr sjálfseignarbóndi. Landssjóðsjarðirnar og leiguliðajarðir eru enda sumstaðar betur setnar en þær, sem eigandinn býr á.

H. 2. þm. Eyf. (J. J.) vildi láta lögtryggja það, að leiguliðar eignuðust umbætur sínar á jörðum á þann hátt, að þeir eignuðust jafnmikið í jörðinni, eins og svaraði því, sem hún hækkaði í verði við umbæturnar. Þetta er alveg rjett hugsun. En sá galli er á því, að þá þarf leiguliðinn að leggja fjeð út sjálfur fyrir fram, og eignast fyrst borgun verka sinna, þegar ágóðinn er fengin, en þetta getur komið sjer bagalega, þegar leiguliðinn er fátækur. —

Jeg álít heppilegra, að landssjóður og landeigendur borgi strax að helmingi eða þriðjungi skynsamlega unnin verk

við jarðabætur með því, að gefa leiguliða eptir heilt eða hálft eptirgjald um nokkur ár; með því móti eignaðist landssjóður og landeigendur umbæturnar, en leiguliði fær að nokkru leyti endurgjald verka sinna, einkum ef hann um mörg ár nýtur jarðabótanna. Þetta væri æskilegt, að allir landsdrottnar gerðu, þar sem fátækir leiguliðar eiga hlut að máli, og væri fallegt fyrir landssjóð, að ganga þar á undan með góðu eptirdæmi.

Jeg skal játa, að sú hugsun er eðlileg, að eigandi jarðar gjöri meiri jarða- og húsabætur en leiguliði, en framfarir í búnaðinum eru ekki komnar lengra hjer enn þá en svo, að ef maður hefir sparað saman nokkur hundruð króna, þá kemur honum ekki í hug að verja þeim til að bæta eignarjörð sína, heldur kaupa annað kot, og halda því í sama eymdar-ástandi, sem hans eigin jörð er í; hann hugsar meira um, að hafa sem mest upp úr kotinu í afgjaldi um sína tíð, en um bætur á því til hagsmuna fyrir komandi kynslóð. Mjer sýnist þó auðsætt, að betra væri fyrir land og lýð, að þessum krónum væri varið til umbóta á hans ábúðarjörð.

Gæti landssjóður gert sitt til að breyta hugsunarhættinum í þessa átt, þá væri það þarft verk.

Menn hafa talað mikið hjer um erfðafestu; en í þessu tilliti finnst mjer vera nokkuð svipuðu máli að gegna um erfðafestu og fullgjörða sölu, því að í báðum tilfellum missir landssjóður umráðin yfir jörðunum.

Mjer virðist bezt að landssjóður eigi sínar fasteignir óseldar í bráð. Það er ekkert glæsilegt að sjá beztu jarðirnar tíndar úr til sölu á hverju þingi. Eptir ein 20 ár verða líklega ekki annað eptir en ljelegustu kotin, ef þessu fer lengur svo fram.

Ekki sje jeg ofsjónum yfir því þótt jarðeigandi græði við það, er jörð batnar við framtakssemi hans og dugnað. En þær eru býsna margar, jarðirnar sem landssjóður hefir selt og ekki hafa batnað síðan; og af þeim, sem hækkað hafa í verði, hafa sumar gert það af breyttum ytri ástæðum, en ekki fyrir nein mannvirki. Þegar jeg nú horfi hjerna út um gluggann á blettinn, sem hjer blasir við og yfir höfuð allan miðpartinn hjer úr bænum, þá verður mjer ósjálfrátt að spyrja: Hvað skyldu lóðir þær, sem nú fást ekki keyptar fyrir 2 - 4000 kr., hafa kostað mikið fyrir einum 50 árum? og svarið verður: ekki fjórðapart, og sama vona jeg að verði að 50 árum liðnum með þær jarðir landssjóðs, sem nú á að selja; jeg vona að framfarir landbúnaðarins verði svo miklar, að jarðir verði helmingi meira virði að 50 árum liðnum.

Jeg held að h. þingd. gerði rjettast í að slá striki yfir frumv. þetta og fella það, en gera heldur eitthvað í þá átt að láta landssjóð ganga undan öðrum landeigendum með góðu eptirdæmi.

Pjetur Jónsson: Frá því jeg fór fyrst að bera skyn á þetta mál, hefi jeg jafnan verið mótfallinn þjóðjarðasölu, ekki svo fyrir það, hver skaði hún kynni að vera fyrir landssjóð (þótt hún, ef til vill, kunni að vera það líka), heldur fyrir það, að mér hefir virzt hún skaði fyrir landið. Jeg óttast, að með sölu þjóðjarðanna búi maður ver í hendur eptirkomendanna, sem jeg vona að verði oss fremri og vitrari. Það er langt síðan menn fóru að finna til þess að þörf væri á umbótum í ábúðarlöggjöf vorri eða landsleigubálki. En þessi þörf hverfur ekki við sölu þjóðjarðanna. Það verða eptir margir leiguliðar samt, og ef til vill ekki færri en áður. Þeirra kjör þarf að bæta og tryggja með lögum. Að því afstöðnu

er betri tími til að fara að íhuga þjóðjarðasölu og sjá þá, hvar hagurinn af henni lendir.

Erfðafestuhugmyndin, sem sumir halda fram, eru enn of lítt hugleitt mál; það ætti betur að skoðast, áður en menn hrapa að því að láta landssjóð fleygja jörðum sínum frá sjer.

Það eru talsvert skiptar skoðanir um það, hvort æskilegra sje, að jarðir sjeu einstaklinga eign eður hins opinbera. Sú breyting er uppi víðsvegar í heiminum og hefir jafnvel náð til vor, að jarðeignarrjettinum sje fullt eins vel komið í höndum hins opinbera. Þetta þarf og að grannskoða. En verði haldið áfram taumlausri þjóðjarðasölu á meðan, þá getur orðið erfiðara að kippa þessu máli í lag síðar. Jeg fyrir mitt leyti álít jörðum betur komið í eigu landssjóðs en einstakra manna, ef löggjöfin um ábúð er færð í hyggilegra horf. Þess vegna álít jeg betra að fresta þjóðjarðasölu að sinni, og annað en það liggur ekki í því, þótt frumv. þetta verði felt nú.

Jeg álít, eptir því að dæma, sem jeg þekki til í mínu hjeraði að landssjóðjarðir sjeu yfirleitt allra jarða bezt og sanngjarnlegast leigðar, og kjör leiguliða landssjóðs hygg jeg megi telja betri að mun almennt en kjör leiguliða á eignarjörðum einstakra manna og kirkjujarða, og enda betri en margra sjálfseignarbænda, ekki síst þeirra, sem sitja skuldum hlaðnir sakir jarðakaupanna.

En sje landssjóðsjarðir seldar á annað borð, þá er jeg samdóma h. þm. Rvík. um, að andvirðið ætti að leggjast í fastan sjóð, sem svo mætti verja til jarðabóta til að græða landið. Í hinu sýnist mjer lítið ráð, að landssjóður sje árlega að selja fasteign sína til að jeta hana upp jafnóðum.

Þórður Thoroddsen: Af því að jeg hefi skrifað nafn mitt á br.till. 210, skal jeg segja fá ein orð. Jeg hefi verið meðmæltur þjóðjarðasölu almennt og tel það yfirleitt hag fyrir landssjóð, að verða af með jarðir sínar fyrir sennilegt verð. En fyrir það verð jeg ekki með því, að selja jarðirnar fyrir hálfvirði eða langt undir sannvirði. Að vísu þekki jeg ekki sjálfur að eiginni sjón nje raun jarðir þessar, sem hjer er um að ræða, en hefi þó haft afspurn af sumum þeirra, og sjerstaklega skal jeg taka það fram, að jeg hefi ávallt heyrt talað um jarðirnar í Suður-Múlasýslu sem mjög góðar bæði til lands og sjáfar, og skjölin þeim viðvíkjandi hefi jeg kynnt mjer. Jeg hefi þannig sannfærzt um, að flestar jarðirnar í Suður-Múlasýslu sjeu of lágt metnar.

Þannig er t. d. Eyri í Reyðarfirði gjörð föl fyrir 1400 kr.; hún er að dýrleika 11,8 hndr. og því verðlögð á rúmar 100 kr. hundraðið; af henni er þó 60 álna landsskuld og leiga af tveimur kúgildum 40 álnir. Túnið gefur af sjer 60 hesta, útengi 80 hesta; auk þess hefir tómthúsmaður ræktað sjer upp blett, sem gefur af sjer allt að kýrfóðri. Eptir þessum afrakstri virðist mjer hundraðið í þessari jörð hljóta að vera miklu meira en hundrað kr. virði, því fremur sem þar kvað vera síldarafli og jörðin hæg og góð sjávarjörð.

Nefndin hefir hjer auðsjáanlega farið eptir eptirgjaldinu, en það er auðsjáanlega of lágt; og hygg jeg að fáar jarðir jafn-góðar muni vera svo lágt seldar.

Þá er hálft Vattarnes gert falt fyrir 4000 kr.; það er matið 9,4 hndr. og eptirgjaldið er 140 álnir, auk eptirgjalds eptir 2 kúgildi: 40 álnir. 1894 var í þessa jörð bætt 180 kr. landsskuld, og ætti hún eptir því að seljast ekki minna en 4500 kr. Jörðin er hlunnindajörð; þar ganga 10—15 skip

afbæjarmanna til vers, og gelst ábúanda 9—18 kr. vertollur af hverju; 50 fjár má hafa þar í Skrúð til vetrargöngu; túni er svo lýst, að það megi mjög mikið stækka með lítilli fyrirhöfn. Yfirleitt hygg jeg að allar Suður-Múlasýslujarðir sjeu of lágt virtar; mundi því ráð að bíða með sölu þeirra í þetta sinn og fá sjer betri upplýsingar.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg ímynda mjer að h. þingm. furði sig ekki á því, að jeg hef skrifað nafn mitt undir br.-till. á þingskj. 210 og 214, því úr því jeg vil enga þjóðjarðasölu, þá vil jeg náttúrlega þar af leiðandi, að sem fæstar sjeu seldar. Þær upplýsingar, sem h. þm. A.-Skf. (J. J.), h. 1. þm. Rangv. (Sighv. Á.) og h. 1. þm. KG. (Þ. Th.) gáfu h. deild um ýmsa liði á þskj. 174, sanna ekki annað en að slíkar misfellur eigi sjer stað hvenær sem þjóðjarðir eru seldar. En jeg ímynda mjer þó að þessar misfellur sjeu minni nú en nokkru sinni áður, því að á þessu þingi hefir komið fram mótspyrna gegn þjóðjarðasölunni, sem aldrei hefir sýnt sig áður, og vegna þess hefir nefndin auðvitað viðhaft meiri nákvæmni.

H. þm. A. Skf. (J. J.) nefndi eitt dæmi frá þinginu 1893 og bar mig fyrir, og það er satt að það átti sjer stað, að jörð var seld á 1500 kr. og veit jeg þó fyrir víst, að þar var töluvert æðarvarp, selveiði og útræði mjög hægt, einnig nokkur viðarreki, og árið eptir að jörðin var seld, rak þar tvítugan eða þrítugan hval, og þessar upplýsingar allar, sem hjer eru framkomnar, sýna þó, að þjóðjarðasalan er varhugaverð. Jeg skal ennfremur í eitt skipti fyrir öll taka fram einn galla á þessari sölu: að hún virðist geta orðið til þess, að leiða sýslunefndir og hreppstjóra í þeim hjeruðum, þar sem enginn umboðsmaður er, í freistingu, sem kastar skugga á þá, og sem annars hefði ekki átt sjer stað.

Þessi jörð, sem jeg áðan gat um, var metin af hreppstjóra, því umboðsmaður var enginn, á 1000 kr., sýslunefndin mat hana á 1300 kr., þjóðjarðasölunefndin sömuleiðis, en einn h. þingmaður, og það var h. þm. Dalam. (J. P.), færði hana upp, hann kom með breyt.till. um að selja hana á 1500 kr. og það gekk fram.

H. þm. V.-Skf. (Guðl. G.) sagði um ræðu h. þm. A.-Skf. (J. J.), að hún hefði verið ónýt og ekkert nýtt flutt, vegna þess, að hann hefði verið búinn að færa fullnægjandi rök gegn því, sem h. þm. A.-Skf. (J. J.) fann þjóðjarðasölunni til foráttu. En nú er jeg móti þjóðjarðasölunni og þykist hafa fært fullnæg rök fyrir mínum málstað. Þar stendur jeg á móti jeg — jeg, þm. Str.m. á móti jeg, þm. V.-Skf., — og verða þar aðrir úr að skera. Eitt var það, sem h. þm. (Guðl. G.) tók fram við 2. umr., og það var, að í hans kjördæmi væri landssjóður versti lánardrottinn, sem til væri; jeg vil ekki bera það til baka, mjer dettur það ekki í hug, en þetta getur verið undantekning og ekki á því að byggja um landssjóð sem lánardrottinn annarsstaðar. Það getur líka sannað það, að landsdrottnar í Skaptafellssýslu úr bændastjett sjeu betri en annarsstaðar á landinu. Og annað það, að það er á þingsins valdi að bæta kjör leiguliða sinna, og ekki eingöngu vegur, heldur skylda þingsins að bæta kjör landseta sinna, svo þau verði eins og annarsstaðar á landinu. H. þm. V. Skf. (Guðl. G.) tók það fram, að ein jörð í hans kjördæmi, nfl. Vík, hefði batnað svo mjög, vegna þess, að sá sem keypti, hefði bætt hana svo mikið eptir að hann hafði eignazt hana. Þetta er því miður fátítt, en getur átt sjer stað, og það er sá eini tilgangur

sem landssjóður getur haft með sölu þjóðjarða, og ef sá tilgangur næst, þá skal jeg játa, að það er mikið unnið við að selja jarðirnar. En þetta er sem sagt fágætt.

Látum nú samt það vera fágætt eða títt, hvort sem heldur er, — en hitt er ekki neitt reynt, að landssjóður gefi landsetum svo góð kjör, að þau líkist hjá leiguliðum meira eign en umráðum, svo þeir fái jafnmikla hvöt til þess að bæta jarðirnar, sem þær væru þeirra eigin eign. Og þetta er þó þinginu í lófa lagið, en ef seldar eru jarðirnar, þá er með teningnum kastað, hvort þeir sem kaupa bæta jarðirnar nokkuð eða ekki neitt.

Nefndin hefir tekið það fram í nefndarálitinu, að hún hafi fylgt þeirri meginreglu, að selja ekki neina jörð fyrir minna en það, sem samsvaraði 25 faldri upphæð afgjaldsins eptir 5 ára meðaltali, og að það sje undantekning, ef jörð er seld fyrir minna. Það er óhætt að segja, að nefndinni hefur farið samvizkusamlega í þessu, en af þessu leiðir, að þær jarðir, sem afgjaldið af er minna en þær eru verðar, þær seljast, en hinar situr landssjóður uppi með. Og þó að þingið breyti samvizkusamlega í þessu þjóðjarðasölumáli, þá eru engin tök fyrir þingið að gera eins rjett látlega, eins og það hefir vilja til, vegna ókunnugleika; hjer er vanalega að eins einn maður, sem þekkir jarðirnar, hver í sínu kjördæmi, og ef til vill getur sá sem kaupir verið vinur hans, og hafa beðið hann að sjá til að færa gjaldið niður, og þar af leiðir að maður getur ekki búizt við, að hlutdrægni komist ekki að. En þetta, að selja ekki jörð minna en sem samsvari 25 földu afgjaldi eptir 5 ára meðaltali, leiðir til þess, að við seljum þær beztu, en sitjum uppi með lökustu jarðirnar, í hlutfalli við eptirgjald þeirra. H. þingm. Rvík. (J. Jenss.) og h. þm. S.-Þing. (P. J.) tóku fram, að jarða-andvirðin yrðu eyðslueyrir, og lögðu til, að ef jarðir yrðu seldar, skyldi fjeð lagt í sjóð. Jeg er á því, að þingið eigi ekki að eyða þessu fje, ef unnt væri að komast hjá því. Ef þetta kapítal er í jarðagózi, þá er ekki auðvelt að grípa til þess, en ef það er í sjóði, þá er hægt að grípa til þess hvenær sem vill, og getur því orðið eyðslufje, þó í sjóði sje, því þingið þarf aldrei nema með lagaákvæði að ákveða, að það skuli brúkast, þó í föstum sjóði sje, og er því alveg þýðingarlaust að setja það í sjerstakan sjóð.

Framsögumaður (Ólafur Briem): H. þm. V.-Skf. (Guðl. G.) ámælti nefndinni fyrir tillögur sínar, og hann hjelt því fram, að henni hefði verið falið á hendur að athuga ekki að eins þjóðjarðasölumálið, heldur einnig erfðafestuspurninguna og alla meðferð þjóðjarða í heild sinni, hvernig henni yrði bezt hagað, og hjelt hann því fram, að nefndin hefði átt að vera svo fljótt búin að ljúka því starfi, að álit hennar hefði átt að vera komið fram, áður en þetta væri rætt. Þessu verð jeg að neita; nefndin var upphaflega að eins kosin til að athuga stjórnarfrumv. um afsölun einnar þjóðjarðar í skiptum fyrir kirkjujörð, og því næst var vísað til nefndarinnar öllum umsóknum frá leiguliðum þjóðjarða um að fá ábúðarjarðir sínar keyptar. Annað var það, sem h. þm. Rvík. (J. Jenss.) fann að, að nefndin hefði ekki í frumv. komið fram með ákvæði um, hvað við andvirði jarðanna skyldi gera, en jeg ímynda mjer, að h. þm. Rvík. (J. Jenss.) sem góður lagamaður mundi ekki álíta það fullnægjandi eða eiga vel við, að í þetta sjerstaka frumv., sem að eins hljóðar um sölu nokkurra tiltek-

inna jarða á vissu árabili, væru settar almennar reglur um þann hluta viðlagasjóðsins, er saman stendur af andvirði seldra þjóðjarða yfirleitt. Aðalmótbáran gegn frumv. hefir komið fram frá h. 2. þm. Eyf. (J. J.), þar sem hann hjelt því fram, að mælikvarðinn, sem nefndin hefir viðhaft í tillögum sínum um söluverðið, væri rangur: það bæri ekki eingöngu að líta á gildi jarðanna eins og það er nú, heldur líka á framtíðargildi þeirra jafnframt, á þá mögulegleika, sem eignin kann að hafa í sjer til endurbóta og þar af leiðandi verðhækkunar.

En þá verður að taka tillit til þess, hvort meiri eru líkur til, að jarðirnar taki þeim bótum, sem þær geta tekið, meðan þær eru eign landssjóðs, eða eptir að þær eru orðnar eign ábúenda. Jeg fyrir mitt leyti verð nú að álíta miklu meiri líkur til þess, að eigandi bæti jörð sína en leiguliði, ekki sízt meðan engin breyting verður á þeim ábúðarlögum, sem nú gilda.

H. þm. S.-Þing. (P. J.) lagði áherzlu á það, að þetta væri ekki hinn rjetti tími til að selja jarðir landssjóðs, en því má svara svo, að það gæti varað lengi, eins í þessu máli og svo mörgum öðrum, þangað til öllum kæmi saman um, að sá hentugi tími væri kominn.

En þar sem h. þingm. S.-Þing. (P. J.) tók það fram, að það gæti vel verið, að þeir sem keyptu jarðirnar eyddu því fje í afborgun jarðarverðsins, sem þeir annars hefðu varið til jarðabóta, þá hefir það kannske nokkuð til síns máls. En nú veit maður, að hjá mörgum gengur mikið fje í eyðslu, og sá sem kaupir jörð í skuld og hefir áhuga á að borga hana, honum reynist þetta eins og nokkurs konar sparisjóður. —

Það var eitt sem h. þingm. S.-Þing. (P. J.) tók fram í sambandi við þetta mál, að það þyrfti að endurbæta ábúðarlögin, og vildi þess vegna láta fresta þessu frumv., en jeg sje ekki, hvernig það, að ábúðarlögin væru endurskoðuð, geti komið í allra minnsta bága við þetta frumv., því bót á ábúðarlögunum kæmi engu síður fram við þessar jarðir fyrir það, þó þær sjeu seldar.

Viðvíkjandi því, að jarðirnar sjeu of lágt metnar, þá skal jeg ekki deila um það; að eins skal jeg taka það fram, að þar sem h. 1. þm. Gullbr. og Kjós. (Þ. Th.) skýrði frá kappboði í Vattarnes, þá er ekki hægt að ganga út frá því, heldur verður þingið að kosta kapps um, að selja jarðirnar með sem sanngjörnustu verði.

H. þm. Strand. (Guðj. G.) tók það enn þá einu sinni fram, að nokkrar þjóðjarðir hefðu áður verið seldar of lágu verði, og þar á meðal sjerstaklega ein jörð, Eyjar í Strandasýslu, sem gefin var föl á þinginu 1893 fyrir 1500 krónur, sbr. lög 26. október sama ár. Eptir þeim upplýsingum, sem h. þingm. hefir komið fram með, þá er það töluverð hlunnindajörð. En mig undrar eitt, og það er, að h. þingm. Strand. (Guðj. G.) skyldi ekki koma með breytingartill. við söluverðið, þar sem hann var þá á þingi, er jörðin var seld. — Það var á hans valdi þá, að koma fram með breytingartill. um hækkun söluverðsins, en nú tjáir ekki að sakast um orðinn hlut.

Þar sem sami h. þm. Strand. (Guðj. G.) spáði, að landssjóður mundi sitja uppi með allar lökustu jarðirnar, en hinar mundu ganga út, þá eru litlar líkur til, að svo verði, því að bæði er venjulega gjörður fullkominn verðmunur á jörðunum eptir gæðum þeirra, og í annan stað eru stórar og erfiðar jarðir, þó góðar sjeu, alls ekki útgengilegri eða eptirsóknarverðari en smá-jarðir,

þó kostaminni sjeu, eins og nú stendur, af ýmsum orsökum, vinnufólkseklu og fleiru.

Þorlákur Guðmundsson: Eins og kunnugt er mætti þjóðjarðasalan allmiklum mótmælum á fyrstu löggjafarþingunum, en svo breyttist brátt skoðun manna á því máli, með fram af því, að breyting varð á mönnum á þinginu, sem þá virtist rjett að taka greiðlega í söluna. Nú á þessu þingi mætir málið aptur óvanalega mikilli mótstöðu. — Að þetta sje rangt dettur mjer ekki í hug að segja; það getur verið rjett, að rannsaka málið frá fleiri hliðum. Það getur verið eins um þetta mál eins og um hina ýmsu trúarflokka. Þó vjer segjum að sumir þeirra hafi rangar skoðanir, þá geta þeir þó allir haft eitthvað til síns máls, og margir byggt sínar skoðanir á ritningunni. Það hafa sem sagt, komið fram mikil mótmæli á móti þjóðjarðasölunni nú. Sjerstaklega vilja margir ekki láta flýta henni nú, heldur fresta henni til næsta þings fyrst um sinn.

H. þm. A.-Skaptf. (J. J.) tók greinilega fram sína skoðun í þessa átt, eins og hann á vanda til, og nefndi ýms dæmi þess, að jarðir hefðu verið seldar of lágu verði.

H. þm. Strand. (Guðj. Guðl.) tilfærði líka dæmi í sömu átt. Það er sjálfsagt satt, þetta, sem þeir segja, um þessar einstöku jarðir; en hins vegar er ekki mikið að byggja á einstökum dæmum. Það geta komið fyrir óvænt höpp, sem gera það að verkum, að landssjóðsjarðir, eins og aðrar jarðir, geta hækkað að mun í verði; að jeg ekki tali um, ef náma skyldi finnast eða eitthvert dýrmætt efni í landi einhverrar jarðar, gróið upp engi, vaxið æðarvarp, komið upp verstöð á jörðum, sem liggja að sjó. Á hinn bóginn geta líka þau óhöpp komið fyrir, er fella jarðir mjög í verði eða jafnvel gjöra þær óbyggilegar, svo sem ef skriður falla á land jarðar eða vatn flóir yfir það og brjóti af landinu. — Þannig jafnar þetta sig á báðar hliðar. Landssjóður á engan rjett á, að fá neina uppbót, þó jörð, er hann hefir selt, hækki í verði fyrir einhver höpp eða breyttar kringumstæður, og kaupandi á engan rjett til skaðabóta, þó jörð, er landssjóður hefir selt honum, lækki í verði fyrir óhöpp eða skemmdir. — Þannig vegur þetta sig upp hvað á móti öðru. Ef þingið selur einhverjar sjerlegar hlunninda-jarðir of lágu verði, þá hvílir ábyrgðin mest á þingmönnunum úr því hjeraði, þar sem slíkar jarðir eru. — Því þeir einir eiga að hafa nógan kunnugleika til að geta leiðbeint þinginu við söluna, að hlunnindi jarðanna sjeu til greina tekin, þegar verð er á þær sett. Ef þeir ekki gjöra það, þá vanrækja þeir skyldu sína gagnvart landssjóði, en hugsa of mjög um hag einstakra manna í þeirra kjördæmum.

H. 1. þm. Rangv. (Sighv. Á.) minntist á jarðir í Skaptafellssýslu, sem voru of lágt metnar. Hann er sjálfsagt kunnugri því en jeg, enda skal jeg ekki rengja hann svo mjög, en muna verður hann eptir því, sem sagt hefir verið hjer um þá þingm., sem eru úr þeim kjördæmum, þar sem fáar eða engar þjóðjarðir eru, og það er, eins og menn vita, lítið um þjóðjarðir í Rangárvallasýslu, enda þarf líka að líta á, í hvaða hjeraði að jarðirnar liggja. Það kom líka fram á þjóðmálafundi í Árnessýslu sú skoðun, að rjett væri að hætta við þjóðjarðasöluna; en það er sama að segja um þá sýslu, að þar eru fáar þjóðjarðir. Það var þó sjerstaklega einn maður, sem talaði þar á móti þjóðjarðasölunni. Það var búfræðingur. Hann vildi láta landssjóð selja jarðirn-

ar á erfðafestu, og hann vildi láta landssjóð kaupa jarðir. En við vitum, hvernig stjórnin hefir tekið í það mál. Það hefir ekki hafzt mikið upp úr þings ályktun þessarar deildar 1895 í því máli. Nefndinni hefir verið lág, að hún hefir ekki tekið málið upp aptur; en mundi það ekki vera að slá höfðinu við steininn, eins og nú stendur? Stjórnin hefir heldur ekki verið því meðmælt, að safna sölufjenu í sjerstakan sjóð, enda er óvíst, hvernig sá sjóður yrði geymdur. Ætli yrði ekki tekið til hans, ef í hart ræki og á lægi? Þó er jeg í sjálfu sjer með því, að slíkur sjóður yrði myndaður.

H. 2. þm. Eyf. (J. J.) tók það fram, að ekki væri nóg, að taka að eins tillit til afgjalds jarðanna, er verð þeirra væri ákveðið, heldur yrði einnig að taka tillit til þess, hvað kynni frekar að mega hata upp úr þeim. Þetta kann að vera rjett að nokkru leyti; en þó finnst mjer hart, að fara að selja óræktaða moldina eða svitadropa þá, sem falla á jörðina, þegar bændur eru að vinna að því að bæta jarðirnar og koma þeim upp, því moldin ræktar sig ekki sjálf hjer á landi fremur en annarsstaðar, nema síður sje, og ekki komum við landinu upp með því; það er jafnvel einnig sú jörð til, að mannshöndin geti ekki bætt jörðina, en að selja slíkt er að mínu áliti okur.

Það má segja, að sjálfsábúðin gangi eigi jafnan í 9. lið á jörðum þeim, sem landssjóður selur; en sama má segja um aðrar jarðir, sem seldar eru. — Það er ekki hægt að tryggja sjálfsábúðina með svona lögum. Það má kannske gjöra það með erfðalögum og ábúðarlögum.

Það hefir verið tekið fram, að jörðin Vík í Mýrdal, sem mun hafa verið seld fyrir 6000 krónur, muni nú vera orðin 30,000 kr. virði.

H. þm. V.-Skaptf. (Guðl. Guðm.) tók það fram, að það mikla verð, sem jörðin væri komin í, lægi mikið í því, að eigendurnir hefðu lagt mikið kapp á, að bæta jörðina, og jeg get líka hugsað, að verðið liggi nokkuð í því, að þar er nú komin upp verzlun. Það má nefna aðra jörð, sem mikið hefir hækkað í verði. Það er Rauðará, sem öllum þingheimi er kunnug. Hún liggur hvorki í V. Skaptafellssýslu, Suður-Múlasýslu nje Strandasýslu, og þó hefir hún tekið stakkaskiptum. Hún var seld fyrir 2400 kr. En hvers virði er hún nú? Erfðafestan er seld fyrir mörg þúsund krónur. En af hverju? Af því, að í hana hefir verið lagt stórfje, miklu meira en landssjóður hefði gjört, sem ekki hefði neitt gjört, ef hann hefði átt jörðina áfram.

Mjer skildist h. þm. A.-Skaptf. (J. J.) ekki vera mjög mikið á móti þjóðjarðasölunni yfir höfuð, heldur á móti því, að selja jarðirnar í Suðurmúlasýslu eins lágu verði og hjer er til tekið; en þá finnst mjer að hann hefði ekki átt að koma með breytingartill. um að fella þessar jarðir úr frumv., heldur í þá átt, að hækka söluverð þeirra hæfilega móts við gæði þeirra.

Guðjón Guðlaugsson: H. framsögum. (Ól. Br.) sagði, að jeg hefði átt að leiðbeina nefnd þeirri, sem hafði til meðferðar jörðina Eyjar í Strandasýslu, með að færa verð þeirrar jarðar upp. Jeg skal geta þess, að jeg er ekki innfæddur í Strandasýslu, og var ekki búinn að vera þar nema fá ár, þegar þessi landsjörð var föluð. Auk þess er jörðin nærri því á öðrum enda sýslunnar, 10—12 mílur frá bæ mínum. Jeg var þá ekki eins kunnugur jörð þessari eins og jeg er nú, því þá þekkti jeg hana varla nema af afspurn. Loks skal jeg taka það fram, að nefndin, sem þá fjallaði um málið, leitaði aldrei neinna

upplýsinga hjá mjer, og jeg sat þá í annari deild en þeirri, sem nefndin var kosin í. Nefndin fór eingöngu eptir mati og tillögum sýslunefndarinnar. Áður en jeg fór á þing það ár, voru þar að auki dregnir fram fyrir mjer nærri allir gallar á jörðinni, en engir kostir; þá var ekki að búast við því, að jeg, sízt ótilkvaddur, færi að gjöra mjer far um að fá verð jarðarinnar hækkað, og því síður, sem jeg bjóst við, að slíkar misfellur væru ekki einstakar fyrir Strandasýslu. Þar að auki gat nefndin farið til h. þm. Dal. (J. P.), sem þá kom með breyt.till. um að hækka söluverðið, og spurt hann, hvað hann hefði fyrir sjer í því. Þannig var þá ekki ástæða fyrir mig, að leggja það til, að verðið yrði hækkað. Auk þess bar mjer að líta á það, að jeg var þm. þessa kjördæmis, og því hefðu sjerstakar ástæður átt að vera til, ef jeg hefði átt að setja mig upp á móti áliti sýslunefndarinnar, æðsta stjórnarvalds þessa kjördæmis.

Það má segja, að það hafi ekki verið rjett að leiða þetta dæmi fram nú; en það var ekki jeg, sem gjörði það fyrst, heldur h. þm. A.-Skaptf. (J. J.), sem er innfæddur í Strandasýslu og því kunnugur þar.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg get verið stuttorður að þessu sinni; en skal taka það fram, að »jeg« h. þm. Strand. (Guðj. Guðls.) gildir ekki meira í þessu máli en mitt »jeg«. Hann þekkir ekki ábúð eins margra þjóðjarða eins og jeg. Hann þekkir ekki, hvílík landplága það er, þar sem landssjóðsjarðir taka upp heil hjeruð. Sandfok og vatnaágangur eru alþekktar plágur; en þó er landssjóður sem landsdrottinn í heilu hjeraði margfalt verri landplága en báðar þessar plágur til samans. Jeg hefi sagt það áður, og segi það enn: landssjóður er sá versti landsdrottinn sem til er. Mjer þykir vænt um að heyra, að h. þm. Strand. (Guðj. Guðl.) vill bera upp frumv. um að bæta kjör landseta. En það er ómögulegt, að útvega þeim það endurgjald fyrir jarða- og húsabætur, sem þeir eiga, eins og nú hagar til. Biðji einhver landseti um skaðabætur, ber umboðsmaður beiðnina upp fyrir sýslumanni, hann aptur fyrir amtmanni, amtmaður fyrir landshöfðingja, en landshöfðingi þorir ekkert að gjöra fyrir þinginu. Þannig endar svo rekistefnan, að enginn vill eða þorir að gjöra neitt fyrir landsetann. Það væri því engin vanþörf á því, að fá lög, sem bættu úr því ranglæti, sem landsetar verða fyrir, en eins og nú stendur á, er ekkert útlit fyrir, að nokkuð verði gjört í þessa átt.

Viðvíkjandi Hörgsdal, sem h. þm. Rangv. (Sighv. Árn.) áleit of lágt virtan, skal jeg geta þess, að sú jörð var metin upp til dýrleika 1896, og er nú talin 21 hundrað; en fyrir nokkrum árum, 1892, varð jörðin fyrir skriðu, sem eyðilagði mikið af beitilandi jarðarinnar, og auk þess hefir hún orðið fyrir ágangi af Hörgsá.

Þar sem sami þingdm. sletti því að mjer, að ein jörð, sem hann nefndi, væri líka of lágt metin, þá tek jeg það ekki nærri mjer, því jeg hefi ekki haft neitt atkvæði um mat þeirrar jarðar, hvorki í sýslunefndinni nje í nefndinni hjer í deildinni.

H. 2. þm. Eyf. (J. J.) gat þess, að það gæti hugsazt ráð til þess að endgjalda leiguliðum þær jarðabætur, er þeir gjörðu. En hvernig á að fara að því? Jeg hygg að það mundi verða mjög ópraktiskt í framkvæmdinni, því þá mundu komast að þær jarðabætur, sem væru lítils virði, og flestu mundi þá tjaldað, sem jarðabætur gætu kallast. Jeg ímynda mjer líka, að landssjóður mundi hækka afgjöldin um 4% af

þeirri upphæð, er hann gyldi í uppbót fyrir hinar unnu jarðabætur.

Hitt allt, sem komið hefir fram í málinu, er svo margrætt, að jeg sje ekki ástæðu til að fara út í það.

Veðrabrigði þau, sem orðið hafa hjer á þinginu í þessu máli, sýna, hvað menn hjer á landi eru lausir í rásinni, og fljótir að snúast fyrir hvaða þyti, sem heyrist. Það þarf jafnvel ekki nema tvær eða þrjár blaðagreinir til þess að umhverfa öllu, jafnvel þótt þær sjeu á lítilli þekkingu byggðar, og skrifaðar af mönnum, sem langar til að gjöra sig gildandi, þó þeir hafi lítið vit á því, sem þeir eru að fara með. Það er leiðinlegt, þegar ástæðulaus hugmyndareykur snýr mönnum í hring, og gjörir menn fráhverfa jafn þýðingarmiklu máli eins og þjóðjarðasölumálið er. Því sannarlega miðar þjóðjarðasalan til góðs eins fyrir landið, þar sem hún hlýtur að efla velmegun og sjálfstæði bændastjettarinnar, og, eins og h. framsögum. (Ól. Br.) tók fram, eru bættar jarðir hinn þægilegasti og bezti sparisjóður, er bændur geta lagt fje sitt í.

Jón Jónsson (2. þm. Eyf.): Jeg bað um orðið af því, að h. 2. þm. Árn. (Þorl. Guðm.) lagði það í orð mín, að jeg vildi að landssjóður okraði á svitadropum eða jafnvel blóðdropum framtíðarinnar. Þessum áburði verð jeg að mótmæla sem gjörsamlega ástæðulaus um. Það hefir enginn fremur en jeg vilja á því, að bæta kjör landssjóðsleiguliða. Hafi hann meint þetta, sem hann sagði, þá hefir hann misskilið mig; en það hefir kannske að eins átt að vera gamanyrði þetta hjá h. þingdm.

H. þm. V.-Skaptf. (Guðl. Guðm.) hjelt því enn fram, að landssjóður væri þessi vondi landsdrottinn í Skaptafellssýslu, sem væri jafnvel verri en verstu landplágur, eins og sandfok og vatnaágangur. Þessi framburður hefir, satt að segja, ekki minnstu áhrif á skoðun mína á þessu máli, og það af því, að jeg get ekki trúað honum. Sama h. þingdm. þótti það leitt, hvað fljótt yrðu veðrabrigði hjer á þinginu, og tók til dæmis upp á lausleik í stefnu manna það, að menn nú vildu breyta ábúð í erfðafestuleigu. Honum þótti þetta byggt á hugmyndareyk, og sagði, að það væri búið að sýna sig sem ómögulegt, en jeg trúi því ekki, að það sje ómögulegt. Hann sagði, að þar sem jeg hefði haldið því fram, að leiguliðar ættu að fá borgun fyrir jarðabætur, þá væri það ekki hægt öðru vísi en með því, að borga þeim jarðabæturnar jafnóðum; en jeg sje ekki betur en að það sje hægt með öðru móti. Það má t. d. gjöra það með erfðafestuleigu. Ef við setjum, að landssjóðsjörð sje leigð út nú á erfðafestu fyrir ákveðna leigu, sem allt af verður hin sama, þá verður borgun sú, er leiguliðinn fær fyrir jarðabætur, er hann hefir unnið, fólgin í því, að hann og erfingjar hans njóta hennar að fullu, því afgjaldið hækkar ekki, heldur verður allt af hið sama; og vilji hann sleppa ábúðinni, getur hann selt öðrum það, sem jörðin hefir hækkað við jarðabótina. Það er rjett hjá h. framsögum. (Ól. Br.) og h. þm. V.-Sk. (Guðl. Guðm.), að það, að verja fje sínu til jarðakaupa, getur opt verið sama sem að leggja það í sparisjóð. Það væri líka eins og að leggja fje sitt í sparisjóð, ef leiguliði ver því í jarðabætur og fulltryggt er með lögum, að hann eigi jarðabæturnar. En það er meira í það varið, að auka undirstöðueign þjóðarinnar, og miklu fallegra hlutverk að búa til nýtt land, en að verja fje sínu til að kaupa hið gamla.

Jón Jensson: Jeg ætla að eins að mómæla því, að þjóðjarðasölunefndinni hafi ekki verið falið allt þjóðjarðasölumálið til íhugunar, og þá einnig það,

nvernig haga skuli sjer í því máli framvegis, hvort halda skuli þjóðjarðarsölunni áfram, eins og að undanförnu, eða taka upp þá aðferð, að selja jarðirnar á erfðafestu, eða fara með þær á annan hátt. Það kom greinilega fram í umræðunum, áður en nefndin var kosin, að þetta væri hlutverk hennar, og sönnunin fyrir því liggur í nefndarálitinu sjálfu, þar sem nefndin afsakar það, að hú geti ekki látið álit sitt í ljósi um erfðafestumálið. Það sem nefndin ber fram sem ástæðu fyrir því, að hún hafi ekki látið þetta álit sitt í ljósi, er vandræðaástæða, borin fram af því, að nefndin hafði ekki aðra ástæðu. Jeg gat þess líka, að jeg hefði viljað, að nefndin hefði komið með uppástungu um það, hvernig verja skyldi því fje, sem kæmi inn fyrir þjóðjarðir. Jeg vildi, að hún hefði lagt það til, að það skyldi lagt í sjerstakan sjóð, en að það yrði ekki eyðslufje. Þetta sagði h. framsögum. (Ól. Br.), að ekki hefði heyrt undir nefndina. Þetta spursmál getur vel heyrt undir nefndina, þótt það sje ekki sett inn í þjóðjarðasölufrumv. Nefndin átti að taka allt málið um þjóðjarðasöluna til íhugunar, og bæði gat og átti þess vegna að koma með sjerstakt frumv. um stofnun slíks sjóðs, sem jeg nefndi, ef hún áleit það nokkurs um vert. Hjer er þá aptur ekki um annað að ræða en vandræðaástæðu af hendi h. framsögum. (Ól. Br.).

Pjetur Jónsson: Mjer fannst á ræðu h. þm. V.-Skapt. (Guðl. G.), að hann áliti það eins þýðingarmikið atriði, að fresta sölu þjóðjarða, eins og að selja þær; en það er sitt hvað, að selja og fresta sölu; því að það er ómögulegt að taka aptur söluna; en þótt vjer fellum eina eða fleiri jarðir úr frumv., þá er það að eins frestun til næsta alþingis.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. á þingskj. 222: að 11. tölul. frumv. falli burt, var að viðhöfðu nafnakalli felld með 10:10 atkv. og sögðu

já:	*nei*:
Björn Sigfússon,	Kl. Jónsson,
Guðjón Guðlaugss.,	Ben. Sveinsson,
Jón Jensson,	Eiríkur Gíslason,
J. Jónss. þm. A. Sk.	Guðl. Guðmundss,
Pjetur Jónsson,	Halldór Daníelsson,
Sighv. Árnason,	Jens Pálsson,
Skúli Thoroddsen,	Jón Jónss. þm. Eyf.,
Tryggvi Gunnarss.,	Ólafur Briem,
Valtýr Guðmundss.,	Sigurður Gunnarss.,
Þórður Thoroddsen.	Þorl. Guðmundss.

Að 18. töluliður falli burt, var að viðhöfðu nafnakalli felt með 10 : 10 atkv. og sögðu

já:	*nei*:
Björn Sigfússon,	Klemens Jónsson,
Guðjón Guðlaugss.,	Benedikt Sveinss.,
Jón Jensson,	Eiríkur Gíslason,
J. Jónss., þm. A.-Sk.,	Guðl. Guðmundss.,
Pjetur Jónsson,	Halldór Daníelss..
Sighv. Árnason,	Jens Pálsson,
Skúli Thoroddsen,	J. Jónss., þm. Eyf.,
Tryggvi Gunnarss,	Ólafur Briem,
Valtýr Guðmundss.,	Sigurður Gunnarss.,
Þórð. Thoroddsen.	Þorl. Guðmundss.

Breyt.till. á þingskj. 210: töluliður 22 falli burt, samþykkt að viðhöfðu nafnakalli með 11 : 10 atkv. og sögðu

já:	*nei*:
Björn Sigfússon,	Klemens Jónsson,
Guðjón Guðlaugss.,	Benedikt Sveinsson,
Jón Jensson,	Eiríkur Gíslason,
J. Jónss., þm. A-Sk.,	Guðl. Guðmundss.,
J. Jónss., þm. Eyf.,	Halldór Daníelsson,
Pjetur Jónsson,	Jens Pálsson,
Sighv. Árnason,	Jón Þórarinsson,
Skúli Thoroddsen,	Ólafur Briem,
Tryggvi Gunnarss,	Sigurður Gunnarss.,
Valtýr Guðmundss.,	Þorl. Guðmundss.
Þórður Thoroddsen.	

Töluliður 23 falli burt, felt með 11:10 atkv.; töluliður 24 falli burt, felt með 1 10 atkv.; töluliður 25 falli burt,

fellt með 12 : 9 atkv.; töluliður 26 falli burt, fellt með 11 : 10 atkv.; töluliður 27 falli burt, fellt með 11 : 10 atkv.; töluliður 29 falli burt, fellt með 11 : 9 atkv.

Viðaukatill. á þingskj. 164 samþ. með 13 : 1 atkv.

Breyt.till. á þingskj. 210:

Töluliður 30 falli burt, fellt með 11 : 9 atkv.

Töluliður 31 falli burt, fellt með 10 : 7 atkv. (1 þm. greiddi ekki atkv.).

Töluliður 33 falli burt, fellt með 11 : 7 atkv.

Viðaukatill. á þingskj. 182 samþykkt með 15 : 1 atkv.

Frumv. með áorðinni breytingu samþ. með 11 : 9 atkv., og afgreitt til forseta efri deildar.

Frumv. til laga um sjerstaka heimild til að afmá veðskuldbindingar úr veðmálabókunum (C. bls. 258, 284); ein umr.

Landshöfðingi: H. þingdm. skilja hvernig á breyt.till. (C. bls. 284) stendur; meiningin með henni er, að setja frumv. í hið sama form sem það var í, þegar það fór hjeðan frá deildinni; þá samþykkti deild þessi, að stefnurnar skyldu birtar í því opinberu blaði, sem flytur opinberar auglýsingar. Breyt.till. fer fram á hið sama.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. (á þingskj. 200): 1. liður samþ. með 14 samhlj. atkv.; 2. liður samþ. án atkv.gr.

Frumv. í heild sinni samþ. með 17 samhlj. atkv., og afgreitt til forseta sameinaðs þings.

Frumv. til laga um samþykkt á landsreikningnum 1894—1895 (C. bls. 53,277); frh. 1. umr.

ATKVÆÐAGR.: Málinu var orðalaust vísað til 2. umr. í einu hlj.

Frumv. til fjáraukalaga fyrir árin 1894 og 1895 (C. bls. 88, 276); framh. 1. umr.

ATKVÆÐAGR.: Málinu var orðalaust vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um horfelli á skepnum (C. bls. 257); 1. umr.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg leyfi mjer að stinga upp á, að málinu sje vísað til landbúnaðarnefndarinnar.

Landshöfðingi: Mjer virðist rjettast að vísa því til dýraverndunarnefndarinnar. (*Guðl. G.*: Jeg er því samþ.).

ATKV.GR.: Málinu var vísað til dýraverndunarnefndarinnar með 13:2 atkvæðum.

Frumv. til laga um að nema dómsvald hæstarjettar í Kaupmannahöfn, sem æðsta dóms í íslenzkum málum, úr lögum (C. bls. 247); 1. umr.

Flutningsmaður (Benedikt Sveinsson): Jeg sje enga ástæðu til að ræða margt um frv. þetta á þessu stigi málsins; það er alveg samhljóða frumv. því, sem borið var upp og samþykkt hjer á þingi 1895. Eini munurinn er sá, að frumv. er nú skipt í tvennt, og það af þeirri ástæðu, að ekki þykir eiga við, að taka upp í frumv. annað en það, sem snertir hæstarjett, því að það eitt getur orðið lagt fyrir ríkisþingið.

Jeg óska, að málið fái að ganga til 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 14:3 atkv.

Frumv. til laga um að gjöra landsyfirdóminn í Reykjavík að æðsta dómi í íslenzkum málum (C. bls. 247); 1. umr.

Flutningsmaður (Benedikt Sveinsson): Jeg get sagt hið sama um þetta frumv.; það er ekki ástæða til að orðlengja um það. Jeg vil að eins vekja athygli

manna á því, að það er ekki gert ráð fyrir að frumv. verði gert að lögum nema því að eins, að frumv. á þingskj. 152 nái staðfestingu. Það er því óhætt að samþykkja þetta frumv., því svo framarlega sem dómsvald hæstarjettar verður numið úr lögum, er það auðsætt, að þörf er á þessu frumv., til að fylla skarðið. Jeg veit að þetta mál snertir beztu og viðkvæmustu strengina í brjósti hvers góðs Íslendings, og vona að h. fulltrúar hafi hugfest og sjeu mjer samdóma um, að sú skoðun er nú orðin almenn og mun verða enn öflugri, að til geti verið menn á Íslandi, sem þekki lög vor og sje trúandi til að beita þeim. — Vona jeg því, að málið fái að ganga til 2. umr.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg sting upp á 5 manna nefnd.

ATKVÆÐAGR.: Að viðhöfðu nafnakalli var nefnd felld með 11 : 11 atkv. og sögðu

já:	*nei*:
Klemens Jónsson,	Einar Jónsson,
Björn Sigfússon,	Bened. Sveinsson,
Guðjón Guðlaugss,	Eiríkur Gíslason,
Guðl. Guðmundss.,	Jón Jensson,
Halldór Daníelsson,	J. J. 2. þm. Eyf.
Jens Pálsson,	Jón Þórarinsson,
J. J., þm. A.-Skf.,	Pjetur Jónsson,
Ólafur Briem,	Sigh. Árnason,
Skúli Thoroddsen,	Sig. Gunnarsson,
Valtýr Guðmundss.,	Tr. Gunnarsson,
Þorl. Guðmundsson.	Þórður Thoroddsen,

Málinu vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv.

Frumv. til laga um rjett þeirra manna, sem eru í þjóðkirkjunni, til að ganga í borgaralegt hjónaband (C. bls. 257); 1. umr.

Flutningsmaður (Klemens Jónsson): Þar eð fundur er orðinn svo langur, sje jeg ekki ástæðu til að tala mikið að sinni, en mun gera það nánar við 2. umr. Frv. er auk þess, eins og menn sjá, alveg óbreytt frá því sem það var á síðasta þingi. Jeg skal þó geta þess, að jeg hefi mikið verið að hugsa um að breyta frv. í þá átt, að gjöra borgaralegt hjónaband obligatoriskt í staðinn fyrir facultativt, eins og frv. heimilar, og af því að jeg hef heyrt ýmsa þm. segja, að þeir gæti heldur verið með því frumv., mun jeg taka til íhugunar, að breyta því í þá átt til 2. umr.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 15 : 2 atkv.

Frumv. til laga um stofnun lagaskóla (C. bls. 257); 1. umr.

Flutningsmaður (Klemens Jónsson): Það er því síður ástæða til að tala nokkuð um þetta mál, þar sem það hefir verið fyrir á mörgum þingum áður og þá ýtarlega rætt. Frumv. er og óbreytt frá því, sem það var á síðasta þingi. Jeg óska að eins, að málið fái að ganga til 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 13 samhlj. atkv.

Tuttugasti og þriðji fundur, þriðjudag 27. júlí kl. 12 á hád. — Allir á fundi.

Frumv. til fjárlag fyrir árin 1898 og 1899 (C. bls. 1, 289, 306, 310); frh. 1. umr.

Framsögumaður (Jón Jónsson, 2. þm. Eyf.): Það er hvorttveggja, að jeg gjöri ráð fyrir að ekki sje ástæða til að halda langa ræðu á þessu stigi málsins, enda er jeg ekki vel undir það búinn. Jeg hef ekki haft tíma til að draga saman yfirlit yfir breyt. nefndarinnar við hina ýmsu kafla og bera þá saman hlutfallslega, og get því ekki að svo stöddu

farið eins ýtarlega út í það og jeg hefði viljað.

Fyrst skal jeg leyfa mjer að athuga lítið eitt formið á fjárlögunum.

Á síðasta þingi vakti h. framsögum. hinnar þáverandi fjárlaganefndar máls á því, að formið á fjárlögunum bæði væri óhentugt og óaðgengilegt, og sýndi með dæmum, að það væri óheppilegt að ýmsu leyti, og sjerstaklega að því, er snerti niðurröðun. Þetta er líka eðlilegt, þar sem margt hefir komizt inn á fjárlögin síðan form þetta var fundið. Hann gat þess þá líka, að nefndin hefði ekki sjeð sjer fært að kippa því í lag, og sömuleiðis að stjórnin mundi sjá fyrir því til næsta þings, og skaut því til hins hæstv. landsh. En eins og menn sjá, hefir það ekki verið gjört. Fjárlaganefndin á þinginu 1895 hafði ekki tíma til að fást við þetta, og svo var enn, en jeg vil lýsa því yfir, að það væri æskilegt, að stjórnin fyrir næsta þing hafi tekið til íhugunar, hvort ekki væri heppilegt að laga formið á fjárlögunum.

Því næst skal jeg leyfa mjer að tala dálítið um aðgjörðir nefndarinnar, að svo miklu leyti, sem hún hefir breytt mikið út af áætlunum frumv., að því er snertir tekjur og útgjöld. Eins og sjest á nefndarálitinu og breyt.till. nefndarinnar, er farið fram á, að 7 tekjuliðir sjeu settir hærra en frumv. gjörir. Þessi hækkun nemur 42000 kr. Sú tillaga er byggð á reynslu undanfarandi ára, því að fyrst og fremst hafa tekjurnar í heild sinni reynzt hærri en áætlað var, og í öðru lagi hafa þessir liðir allir reynzt nokkuð hærri, sumir langt um hærri, en gjört var ráð fyrir.

Þessir tekjuliðir hafa árin 1894 og 95 verið hjer um bil 38000 kr. hærri en nefndin áætlaði, eða um 80000 kr. hærri en stjórnin áætlar. Þetta virðist benda á, að till. nefndarinnar fari í rjetta stefnu, en annars vegar vakti fyrir nefndinni, að fara ekki lengra en svo, að hinar áætluðu tekjur vel hrykkju til; það er auðvitað bezt, að áætlunin fari sem næst tekjunum, eins og þær eru í raun og veru, en betra er að áætlunin sje of lág en of há.

Ef miðað er við árið 1896, þá hafa tekjur af þeim liðum, sem farið er fram á að hækka, verið 503,000 kr. Sú upphæð tvöfölduð gjörir 1,006,000 kr., en eptir till. nefndarinnar eru tekjurnar á þessum liðum áætlaðar að eins 868000 kr., og eru þá till. nefndarinnar 138000 kr. lægri en ef miðað er við síðasta ár. Á þessu virðist mega byggja, að áætlanir nefndarinnar sjeu þó ekki of háar.

Þá er að tala um breytingarnar á útgjaldabálkinum, sem nefndin hefir farið fram á, og er fyrst að geta þess, að ef till. nefndarinnar verða samþ., vex tekjuhallinn um 14000 kr., og þar sem hún áætlar að tekjurnar hækki um 42000 kr., þá er auðsætt, að útgjöldin vaxa um 56000 kr.

Jeg skal þá í stuttu máli sýna, í hverju þessi auknu útgjöld eru fólgin:

1. Til framleiðandi atvinnuvega:		
a. Sjávarútvegur . . .	14950	
b. Landbúnaður . . .	11200	
c. Iðnaður	2000	28150
2. Til samgangna		7000
3. Til alþýðumenntunar:		
a. Kvennmenntun . . .	12400	
b. Barnaskólar	2000	
c. Amtsbókasöfn . . .	600	15000
4. Til lækna og sjúkrahúsa:		
a. Ferðastyrkur . . .	1200	
b. Spítali á Akureyri .	5000	
c. — - Seyðisfirði .	1600	
	7800	
frá dregst: Eyjalæknir 400 + tannlæknir 500 = .	900	6900
Þetta allt til samans verður þá		57050

kr. eða dálítið meira en öll sú útgjalda-

hækkun, er nefndin leggur til að gjörð sje. Af þessu er ljóst, hver aðalstefna nefndarinnar hefir verið: að hækka útgjöldin til hinna helztu atvinnuvega og þess, sem hefir mikla þýðingu fyrir allt landið, svo sem eru samgöngur og alþýðumenntun, en ekki til neins annars.

Jeg skal að eins geta þess enn, að nefndin gjörir ráð fyrir að verða síðar að koma að breyt.till. um gufuskipamálið; það hefir enn ekki verið hægt, af því að maður sá, er gufuskipafjelagið ætlar að senda, er enn ekki kominn. Þær till. hafa að líkindum áhrif á tekjuhallann, annaðhvort til að hækka hann eða lækka. Nefndin lítur nú svo á, að þessi áætlaði tekjuhalli sje ekki svo voðalegur, þar sem fjárhagur landsins er nú mjög góður, og auk þess líklegt, að tekjurnar reynist talsvert hærri en nefndin vill áætla þær, jafnvel þó hún leggi til að þær sje settar nokkru hærri en í frv.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg stend ekki upp til að tala beinlínis um hið fyrirliggjandi frv., en jeg vona að forseti verði »liberal« við mig, þó jeg minnist á atriði, sem ekki beinlínis koma þessu frv. við, en sem þó eru því ekki alveg óviðkomandi.

Það er óhentugt, að menn eigi hvergi kost á almennt að minnast á framkomu stjórnarinnar á undanförnu fjárhagstímabili, og finnst mjer heppilegt að ráð rúm gefist til að sýna fram á, hvernig afskipti stjórnarinnar af landsmálum hafa verið, og virðist mjer heppilegast að það sje gjört einmitt við frh. 1. umr. um fjárlögin.

Það var sjerstaklega eitt atriði, sem jeg vildi minnast á, og það er viðvíkjandi botnvörpuflotanum, sem hjer hefir legið við land á síðustu árum og vakið hefir megna óánægju hjá öllum almenningi, og einkum um það atriði, að nokkrir skipstjórar, sem höfðu verið sektaðir fyrir lagabrot, voru leystir undan hegningu; að náðunarrrjettinum var beitt til þess að losa þessa menn við sekt, hefir valdið ákafri óánægju um allt land. Það var haldið, að annaðhvort hefði danska stjórnin ekki kært sig um að verja rjett landsmanna, ófyrirsynju gefið upp hegninguna, og að náðunarrjettinum hafi verið óviðurkvæmilega beitt í þessu tilfelli, eða hins vegar — og það hefir verið margra manna skoðun, — að enska stjórnin hafi borið sig svo freklega að, haft í alvarlegum hótunum, svo að danska stjórnin hafi ekki þorað annað en að gefa þessum mönnum upp sakir, hafi neyðzt til að gjöra það af hótunum frá ensku stjórninni. Og þessi óánægja hefir magnazt við það, að skipstjórinn á varðskipinu Heimdalli mun hafa eptir þetta og af þessari ástæðu jafnvel farið linlegar í eptirlitið en áður og jafnvel sjeð í gegnum fingur með lagabrjótunum.

Jeg hef nú heyrt, að sumar af þessum sektum hafi verið gefnar upp vegna þess, að það ákvæði í botnvörpulögunum, sem þessir menn brutu, fari í bága við almenn landhelgilög, sem sje það ákvæði, er bannar botnvörpuskipum að fara almenna skipaleið milli Vestmannaeyja og lands og Eldeyjar og Reykjaness; sje svo, og fari þessi ákvæði í bága við almennan þjóðarjett, þá er það auðvitað afsakanlegt, að sektirnar fyrir þessi brot hafa verið gefnar upp. Jeg hef líka heyrt, að sum af botnvörpuskipunum hafi fengið uppgjöf sekta fyrir brot gegn því ákvæði botnvörpulaganna, sem bannar þessum skipum að leita hafna hjer á landi nema í neyð, og það af sömu ástæðu og hin, að það ákvæði fari í bága við þjóðarjettinn; jeg hef heyrt þetta, jeg veit ekki með

vissu, hvort það er satt, en jeg efast um það, vegna þess, að eptir því, sem jeg þekki til, mun þetta síðarnefnda ákvæði laganna ekki fara í bága við almennan þjóðarjett.

Jeg hreyfi þessu hjer til þess, að landshöfðinginn geti gefið upplýsingar, sem jeg efast ekki um, að verði fullnægjandi, og álít jeg heppilegra að hreyfa því á þennan veg, heldur en með sjerstakri fyrirspurn eða með því, að skipa rannsóknarnefnd. Það yrði of umsvifamikið; sú nefnd þyrfti að fá að sjá brjef þau, sem farið hafa milli stjórnanna, en það væri óvíst, hvort hún gæti fengið að sjá þau.

Jeg vona, að hinn hæstv. landshöfðingi gefi fullnægjandi upplýsingar þessu viðvíkjandi.

Jeg skal enn geta þess, að því var hreyft hjer við 1. umr. stjórnarskrármálsins, af h. þm. Vestm. (V. G.), að það væri á ferðinni mál svipað Fensmarksmálinu, og landsstjórninni stæði mikill stuggur af. Mjer var ljóst þá, hvert hann stefndi. Hann átti við, að bú Finsens sál. póstmeistara yrði þrotabú og landssjóður mundi bíða skaða við það; jeg fór þess vegna til skiptaráðandans í því búi og leitaði upplýsinga hjá honum um þetta, og hann gaf mjer heimild til að segja frá því hjer, að landssjóður mundi ekki tapa þar einum eyri. Mjer finnst sannarlega þörf á »dementi«, þegar þessu og öðru eins er slegið fram.

Enn eitt atriði vil jeg drepa á, er snertir vegagjörðina í landinu. Jeg hef heyrt óánægju yfir því, að ýms hjeruð ekki hafi getað notið leiðbeininga verkfræðingsins. Jeg hef heyrt menn kvarta um það, að lítið sje um framkvæmdir á því verki, sem sá maður hefir á hendi. Jeg veit ekki, á hverju þetta er byggt, en jeg vildi hreyfa þessu opinberlega af því kvartanirnar eru almennar. — Það er raunar eðlilegt, að lítið verði úr verki þessa manns, þar sem hann verður að vera svo víða, gefa sig við svo margvíslegum störfum, og mun þó meiningin hafa verið sú, að hann fengist ekki við annað en brúagerðir og hinar stærri vegalagningar og önnur hin vandameiri verk, og getur einn maður trauðlega annað slíku, svo í lagi sje.

Þá gæti átt við, að minnast á ýmsar opinberar stofnanir, t. a. m. dómkirkjuna í Reykjavík. Hún skuldar landssjóði 10,000 krón., en á þó í sparisjóði einar 1000 kr. Þá er — »last not least« — landsbankinn, hvernig að hann kemur fram við menn, hvernig hann fullnægir tilgangi sínum — það ættu menn að athuga. En jeg skal ekki fara frekar út í það nú; þess mun verða kostur síðar, og ef til vill gefst háttv. deild tækifæri til þess við sjerstaka fyrirspurn í þá átt. Jeg snerti þessi atriði að eins lauslega, hef að eins viljað ríða á vaðið til þess, að sú praxis kæmist síðar á í þinginu, að menn minntust á ýmislegt, sem athugavert þykir við meðferð stjórnarinnar á landsmálum yfir höfuð, og finnst mjer það bezt komið við framh. 1. umræðu fjárlaganna.

Landshöfðingi: Eins og h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. Guðm.) tók fram, voru árið sem leið gefnar upp sektir nokkrum botnvörpuskipum, þar sem hlutaðeigandi skipstjórar höfðu með sátt skuldbindið sig til að greiða sektir fyrir brot á 3. gr. botnvörpulaganna. — Skipin voru þrjú. Brot tveggja þeirra var eingöngu í því fólgið, að þau höfðu farið milli Vestmannaeyja og lands, en eitt hafði leitað hingað inn á Reykjavíkurhöfn til þess að fá sjer kol og vistir. Þegar þetta kom til eyrna ensku stjórnarinnar, áleit hún, að botnvörpulögin gengi í berhögg við alþjóðarjett, sem ekki meinar skipum að sigla al-

menna þjóðleið eða koma inn á hafnir í vinsamlegu landi, þegar nauðsyn bæri til.

Stjórninni þótti þegar í upphafi ískyggilegt, að samþykkja botnvörpu lögin, sjerstaklega vegna ákvæða 3. greinar, en gjörði það þó vegna þeirra vandræða, er yfir vofðu af yfirgangi botnverpinga.

En sjóliðsstjórninni mun ekki hafa verið ætlað að beita lögunum í framkvæmdinni með ýtrustu hörku. Þeim var heldur ekki beitt eptir sínum fulla strangleik fyrsta árið, en árið þar á eptir var það gjört. Mjer er nú ekki kunnugt um, að enska stjórnin hafi haft neinar hótanir í frammi, en aptur mun hún hafa leitt dönsku stjórninni vinsamlega fyrir sjónir, að þessi ákvæði 3. gr. botnvörpulaganna væru ófær, og óskað, að þeim væri beitt með lempni, ef þeim annars væri beitt.

Jeg veit heldur ekki til, að foringjum varðskipsins hafi verið boðið, að beita sjer ekki gegn botnvörpuskipunum, heldur að eins, að þeir skyldu láta þau í friði, er þau sigldu almenna þjóðleið, og eins ef þau leituðu hafna af nauðsyn. Það stendur í botnvörpulögunum, að botnvörpuskip megi ekki koma í landhelgi nema í neyð. En það má til sanns vegar færast, að gufuskip, sem vantar kol, sje í neyð, eins og seglskip, sem misst hefir seglin, er í neyð, því hvorugt kemst þá leiðar sinnar.

Jeg skil ekki, hvernig það hefir getað vakið mikla óánægju úti um land, þótt þessar sektir hafi verið gefnar eptir. Þær voru ekki lagðar á eptir dómi, heldur komu menn sjer saman um þær við sátt. Ákvæði 3. gr. botnvörpulaganna er auk þess nokkuð vafasamt. Þar stendur: »Nú hittist fiskiveiðaskip »í landhelgi með botnvörpu innanborðs, »og er þó eigi að veiðum« o. s. frv. Það getur verið vafasamt, hvort hjer er átt við skip, sem komið er inn á höfn, eða að eins við skip, sem varðskipið hittir fyrir ströndum landsins með botnvörpur, án þess það sje þó við veiðar.

Stjórnin hefir nú sent þinginu frumv. til laga um breytingu á botnvörpulögunum í þá átt, að koma þeim í samræmi við alþjóðarjettinn. Þetta frumv. hefir fengið góðar undirtektir í h. efri deild, og er nú komið hingað til þessarar h. deildar, er jeg vona, að taki einnig vel undir það. Mjer hefir ekki verið tilkynnt annað úr brjefaviðskiptum milli ensku og dönsku stjórnanna, en að enska stjórnin hafi talið alþjóðarjettinn brotinn með 3. gr. botnvörpulaganna, og að danska stjórnin hafi eptir atvikum viljað gefa eptir þessar sektir, sem um hefir verið rætt.

Hin önnur atriði, sem h. þm. V.-Sk. (Guðl. Guðm.) minntist á, sje jeg ekki þörf að fara út í. Hann sagði að sjer mundi gefast tækifæri til að skýra sum þeirra frekar seinna, og sumt gaf hann sjálfur fullnægjandi upplýsingar um.

Valtýr Guðmundsson: Jeg álít það mjög heppilega aðferð, sem h. þingm. V. Sk. (Guðl. Guðm.) nú tók upp, að gjöra ýmsar athugasemdir við framkomu stjórnarinnar nú við 1. umræðu fjárlaganna. Það er einmitt venja í Danmörku, að þingmenn við 1. umræðu fjárlaganna tali um alla skapaða hluti, er snerta aðgjörðir stjórnarinnar á umliðnu ári. En af því þetta hefir ekki verið venja hjer á alþingi, þá er jeg, því miður, ekki undir það búinn, að koma með miklar athugasemdir í þessa átt.

En h. þm. V.-Skf. (Guðl. G.) minntist á ummæli mín við 1. umr. um stjórnarskrármálið, þar sem jeg gat þess, að mál svipað Fensmarksmálinu mundi vera á ferðinni, og lýsti hann því yfir, að ekkert væri hæft í þessu. Ut af þessu skal jeg taka það fram, að hvorki

fullyrti jeg neitt um þetta mál, nje heldur nefndi jeg nokkurt nafn. Þessar upplýsingar hans sanna heldur ekki neitt gagnvart mjer. Því þó bú það, sem hjer á hlut að máli, standi sig svo vel, að það geti borgað sjóðþurðinn, þá er þó auðsjeð á öllu, að eptirlitsleysi hefir átt sjer hjer stað af landsstjórnarinnar hálfu, því ekki hefir þessi sjóðþurður myndazt á einu ári, svo mikill mun hann hafa verið. Það sýnir eptirlitsleysi yfirboðaranna, að skoða ekki peningaforðann, og er því landsstjórnin jafnsek að þessu leyti eptir sem áður.

Þá er fleira, sem vert er að athuga, t. d. það, hvernig lögum er stundum beitt. Það er almenn umkvörtun um það, að reglugjörð latínuskólans sje brotin. Eptir reglugjörð skólans á ekki að heimta latneskan stýl til inntökuprófs í skólann, og prestar úti um land, sem búa pilta undir skóla, hafa sent þá hingað suður, án þess að hafa kennt þeim latneskan stíl, og svo þegar þeir hafa verið hingað komnir, með ærnum kostnaði, hafa þeir verið reyndir í stílnum og fallið í gegn. Jeg vildi leyfa mjer að spyrja hæstv. landsh., með hvaða heimild piltar væru reyndir í latneskum stíl við inntökupróf í latínuskólann. Í reglugjörð 12. júlí 1877, 2. gr. er allt talið upp, sem heimtað er til inntökuprófs í skólann, en latneskur stíll er þar ekki nefndur á nafn.

Það hefir líka komið fram óánægja út af því, hvernig skipað hefir verið í ýmsar opinberar sýslanir hjer á landi. Þannig munu víst allir eptir því, hvaða óánægju það vakti í haust, er nýr forngripasafnsvörður var skipaður. Það var sagt, að ekki hefði verið tekin til greina umsókn nefnds manns, er þótti vel fær til að gegna þeirri stöðu, og það af því, að einn liðurinn í veitingavaldinu hefði verið búinn að lofa öðrum óreyndum manni sýslaninni fyrirfram.

Jeg tók það fram á seinasta þingi, að hinn núverandi landsbókavörður væri lítt notandi til þess starfa; hann heldur samt stöðu sinni enn. Það lítur annars út eins og þessi stofnun sje eins konar forsorgunar-stofnun handa mönnum, sem annars ekki geta gjört neitt. Maður hefir líka heyrt ýmislegt um það, hvernig þessi maður taki á móti þeim, sem koma á safnið. Þannig á hann að hafa rekið út mann, sem kom þangað með bók, er hann ætlaði að gefa safninu. Það var sagt á síðasta þingi, að hann væri veikur; en nú er hann sjálfsagt orðinn hraustur aptur, því stjórnin hefir stungið upp á því í fjárlagafrumv., að hækka mjög laun hans. Það þyrfti að vera vel hæfur maður í landsbókavarðarstöðunni, því hún er vandasöm og þýðingarmikil. Þá þykir mörgum safnið opið á mjög óhentugum tíma. Sjerstaklega er það óheppilegt, að það skuli vera opið á þeim tíma, þegar kennarar og námsmenn eiga ómögulegt með að nota það, en alls ekki þann tíma dags, sem þessir menn eru lausir við störf sín.

Þá vildi jeg spyrja hæstv. landshöfðingja, hvort gjörður hafi verið samningur við útlendan sjóliðsforingja út af botnvörpumálinu, og hvort frestað hafi verið framkvæmd botvörpulaganna frá 1894. Hafi þetta verið gjört, vil jeg biðja hann að gefa upplýsingar um, með hvaða heimild þetta hafi verið gjört. Því það lítur illa út í augum þjóðarinnar, sem á að hlýða lögunum, ef þeir, sem settir eru til þess að gæta þess, að lögunum sje hlýtt, verða fyrstir til að brjóta þau. Jeg vildi spyrja, hvort sú ábyrgð, sem þessu er samfara, hvíli á ráðgjafanum sem hinu æðsta valdi eða hún hvílir að eins á hinni innlendu

stjórn. Því ef til þess kæmi, að fresta þyrfti framkvæmd laga, þá sýnist það heyra undir hið æðsta stjórnarvald, sem helzt ætti að fá konung til að gefa út bráðabirgðalög um málið, sem svo væru borin upp fyrir næsta þing.

Um þessi atriði, sem jeg nú hefi bent á, vildi jeg beiðast upplýsinga hæstv. landsh. sem er æðsta stjórnarvald hjer á landi.

Landshöfðingi: Í athugasemdunum við frumv. það til laga um bann gegn botnvörpuveiðum, er stjórnin hefir lagt fyrir þetta þing, er þess getið, að stjórnin hafi beitt nokkurri tilslökun við ensk botnvörpuskip, að því er snertir framkvæmd 3. greinar botnvörpulaganna, af því, að enska stjórnin hafði kvartað undan þeirri harðýðgi, er botnvörpuveiðarnar yrðu fyrir vegna ákvæða þessarar greinar, er jafnvel færi í bága við alþjóðarjett og almennar rjettarvenjur. Annað hefir stjórnin ekki gjört. Hún hefir aldrei frestað framkvæmd þessara laga.

Foringjanum á »Heimdal« voru í fyrra sumar sendar nýjar »instruktionir« frá sjóliðsstjórninni, þar sem lagt var fyrir hann, að láta ensk botnvörpuskip í friði, þótt þau færu á milli Vestmannaeyja og lands, og milli Fuglaskerja og Reykjaness, eða kæmu inn á höfn í nauðsynlegum erindum. Það var sjóliðsstjórnin, sem sendi foringjanum á varðskipinu þessar »instruktionir«, og hún hefir víst haft fullkomið vald til þess. En þá veit jeg ekki hvernig yfirvöldin hjer eiga að fara að því, að framfylgja ákvæðum 3. gr. botnvörpulaganna, ef þau ekki geta vænzt til þess liðs og aðstoðar varðskipsins, enda varð í samræmi við þessar »instruktionir«, sem foringi varðskipsins fjekk, að beita tilslökun við botnverpinga, er komu inn á hafnir hjer seinni part sumarsins í fyrra.

Að því er snertir aðrar athugasemdir h. þm. Vestm. (V. G.), þá skal jeg að eins geta þess, að það eru stiptsyfirvöldin, sem skipa umsjónarmann forngripasafnsins, og jeg held að þeim sje vel trúandi til að velja til þeirrar stöðu hæfan mann, enda veit jeg ekki betur en að sá maður, sem sýslanin var veitt, hafi reynzt vel í sinni stöðu.

Að því er snertir landsbókavörðinn, þá þekki jeg ekki þá sögusögn, sem h. þm. Vestm. (V. G.) kom með. Þar á móti þekki jeg landsbókavörðinn vel, og eptir þekkingu minni á honum verð jeg að rengja sögusögnina. Jeg held að það sje tilhæfulaust, að hann hafi rekið nokkurn mann út af safninu, hvað þá heldur mann, sem hafi ætlað að gefa safninu bók. Jeg held hann ræki ekki einu sinni h. þm. Vestm. (V. G.) út, þó hann kæmi þangað og það bókarlaus. Jeg veit ekki betur, en að hinn núverandi bókavörður standi fullkomlega vel í stöðu sinni.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg skal leyfa mjer að hreyfa einu atriði, sem verulega snertir fjárhag landsins, og sem vel á við að minnast á nú við 1. umr. fjárlagafrumv. Það mun almennt álit úti um land, að tíundarframtalið sje ekki sem áreiðanlegast, og hefir það ekki svo lítið að segja fyrir landssjóð, hvað sem öðrum stofnunum líður, en það hefir líka allmikla þýðingu fyrir fleiri sjóði, jafnaðarsjóði, sýslu- og sveitarsjóði, kirkjur og presta.

Því var hreyft á þingmálaf. í vor í Árnessýslu, hvort landstjórnin gæti ekki sjeð um, að sýslumenn og bæjarfógetar hefðu betra eptirlit með tíundarframtali manna. Það er ekki að eins landssjóðurinn, heldur og fleiri stofnanir, sem líða við það, að framtalið er rangt. Auk þess getur rangt tíundarframtal orsakað mikið ranglæti milli gjaldenda í hreppum og sýslufjelögum, þar sem ýmislegum kostnaði og útgjöldum í þarfir fjelagsins er jafnað niður á menn

eptir tíundarframtali að meira eða minna leyti. Nú kemur t. d. nýr kostnaður, sem jafna þarf niður eptir þessum mælikvarða, nefnilega kostnaðurinn við lækning fjárkláðans. Þá kemst sá betur út af kostnaðinum, sem dregur undan við framtal fjenaðarins, en sá sem telur allt sitt fje fram. Kostnaðurinn leggst þá líka þyngra á hinn fátæka en á hinn ríka, því hinir fátæku telja yfir höfuð betur fram en hinir ríku, því þó hinir fátæku hafi kannske sömu freistingu til að draga undan eins og hinir ríku, þá þora þeir það ekki, og geta það ekki, því það yrði þá ekkert, sem þeir hefðu að telja fram, ef þeir drægi nokkuð undan, sem um munaði. Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta efni, en beini þeirri spurningu til hæstv. landsh., hvort hann finni ekki ástæðu til, sem yfirmaður allra embættismanna á landinu, og umsjónarmaður landssjóðs, að áminna sýslumenn og bæjarfógeta um, að ganga betur eptir því hjer eptir en hingað til, að bændur telji rjett fram til tíundar. Því hvað sem sagt kann að vera um þessi tíundarlög, sem vjer höfum, þá er nauðsynlegt, að þeim sje fylgt meðan þau gilda. Sjeu þau of hörð, á að fá þeim breytt, en jeg álít, að tíundarlög vor sjeu vel framkvæmanleg og yfir það heila sanngjörn, og gangi þær breytingar á tíundarlögunum í gegn um þingið, sem nú liggja fyrir, verða þær til bóta bæði fyrir þá, sem lögunum eiga að beita og hlýða.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um bann gegn skottulækningum (C. bls. 188, 262); framh. 1. umr.

Framsögumaður (*Þórður Thoroddsen*): Eins og h. þm. sjá, er það furðuverk orðið, að frumv. þetta er þó komið lifandi aptur frá nefndinni, og nefndin komin óklofin inn með það, þó ekki sýndist vænlega á horfast, þegar í hana var kosinn sá þm., sem mest mælti móti málinu. Sýnir það styrkleika málstaðarins, að hann skuli hafa sannfært svo eindreginn mótstöðumann. En jafnframt er þetta því að þakka, að nefndarmenn hafa unnið saman með stakri lipurð og báðir málspartar slakað nokkuð til. Árangurinn af þessu er aðallega ein ný grein, sem nefndin leggur til að bætt sje inn í frumv. Vona jeg að allir kannist við, að jeg hafi þar sem flutningsm. gefið þar svo mikið eptir sem framast mátti vænta; en breytingin vona jeg að fullnægi öllum þeim, sem mótmæltu áður frumv., svo að þeir geti nú gefið því atkvæði sitt. Jeg vona því að málið fái að ganga til 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 14 samhlj. atkv.

Frv. til laga um stofnun kennaraskóla í Flensborg (C. bls. 240); 2. umr.

Flutningsmaður (*Jens Pálsson*): Sakir naumleika tímans var við 1. umr. þessa máls minna talað um það en ella mundi. En jeg vona að það komi þó ekki að baga, því að málið var mjög ýtarlega rætt hjer í deildinni 1895. Þá var af öllum viðurkennd hin mikla þörf, sem væri á sjerstakri kennarafræðslu í landinu, svo að ekki virðist nauðsyn á að færa ýtarlegri rök að henni; enda er það auðsætt, þegar að því er gætt, hve margir þeir eru, sem kenna í landinu, að brýnustu nauðsyn ber til að þeir sjeu bæði vel hæfir menn og nægilega undir búnir starf sitt. Hjer er ekkert umtalsmál um að fara að stofna til kennarafræðslu; það er langt síðan það var gert, og var það í fyrstu lítill vísir, sem brátt sýndi sig alls ónógan. Svo veitti síðasta þing fje

í þessu skyni og samkvæmt því fór fram kennarakennsla í Flensborg síðastliðinn vetur. Það er þessi fræðsla, sem nú styðst að eins við fjárlögin, sem nú er farið fram á að koma á fastan fót með því að stofna kennaraskóla, svo að staða kennaranna verði tryggð með lögum.

Nefndin var á því, að til þessa væru nægar og knýjandi ástæður. Það getur engin hætta verið því samfara, að fallast á frumv. þetta, því það er alveg óhugsandi, að þörfin á kennarafræðslu geti minnkað eða horfið; meira að segja, þótt frumv. yrði að lögum, yrði auk heldur mörg ár áður en hinni núverandi þörf yrði fullnægja ger. Það, sem sjerstaklega mælir með að stofna skóla þennan í Flensborg, er það, að þar má gjöra það með lang-ódýrustu móti; þar er húsið til og þar eru menn sjerstaklega til þess menntaðir og ágætlega hæfir.

Þegar litið er á kostnaðarspursmálið, sjest það, að nefndin hefir farið þar mjög hóflega. Nú eru lagðar til Flensborgarskólans 5200 kr. á ári; og þó hefir einn kennarinn svo lág laun, að þótt ekki yrði skóli stofnaður, verður ekki hjá komizt að bæta þau. En eptir frumv. verða laun allra kennaranna samtals að eins 6000 kr., og verða það aðalútgjöldin. Auðvitað þarf lítilsháttar umfram launin, en þess þarf til kennslunnar hvort sem skólinn er stofnaður eða ekki. Eiginlegur kostnaðarauki við skólann fram yfir það, sem kennslan nú kostar, verður, jeg segi ekki enginn, en sáralítill. Jeg vona að h. deild verði nefndinni samdóma um, að laun þessara kennara sjeu mjög hóflega ákveðin; auk þess er ráðgert í 3. gr., að landshöfðinginn skipi þessa kennara, og er það með ráði gjört, af því að nefndin ætlast ekki til, að kennarar þessir hafi neinn rjett til eptirlauna.

Ástæðan til að koma kennslunni í þetta fastara form er auðvitað sú, að mennirnir, sem kennsluna hafa á hendi, þurfa þess — það getur hver maður fundið hjá sjálfum sjer — að staða þeirra sje á einhvern hátt gerð tryggari en hún nú er, þar sem hún er háð árlegri veiting á fjárlögunum. Eins og nú er, hafa þeir enga vissu fyrir því ár frá ári, hvort kaup þeirra verði óbreytt, eða hverjum kjörum þeir eigi að sæta. Staða þeirra er þannig óvissari en nokkurt hið lítilfjörlegasta embætti, sem tryggt er á vanalegan hátt. Hins vegar er starfið svo sjerstaklegt, að menn þurfa að geta helgað því alla krapta sína og unnið að því með ánægju og áhuga, ef að haldi skal koma. Þeir menn, sem nú hafa störfin á hendi, hafa vígt líf sitt þessu starfi; þeir hafa fleirum sinnum farið utan á kostnað sjálfra sín, til þess að frama sig í þessari mennt sinni.

Stofnun þessi er eptir eðli sínu stofnuð fyrir allt landið; skólinn verður sóttur hvaðanæfa — síðastliðinn vetur voru þar nemendur úr ýmsum sýslum, austan-, norðan- og vestan-lands —; og þeir, sem frá skólanum koma, munu dreifast sem kennarar út um allt land.

Sighvatur Árnason: Jeg vil eptir kringumstæðunum frá minni hlið lýsa skoðun minni á menntamálum. Jeg hef frá því fyrsta viljað styðja menntamál alþýðu. Og það, sem vjer í þá átt höfum gert til þessa, hefir þó að talsverðu leyti náð tilgangi sínum; og þótt hann hafi ekki alveg náðzt, þá finnst mjer vjer ekki megum láta það deyfa áhuga vorn. Það gengur svo hvervetna, að mönnum hættir við að gera hærri kröfur til fyrirtækja sinna fyrir fram, heldur en reynslan staðfestir á eptir.

Jeg skal nú taka t. d. gagnfræðaskóla vora; margir telja menntun þeirra nærri því verri en ekki neitt; menn læri þar ýmislegt, sem enga sanna menntun veiti; öðlist þar að eins hálfmenntun og gerist uppblásnir af henni, en afhugist vinnu. Svona eru nú sumra manna dómar; en ekki er það beinlínis minn dómur frá eigin brjósti. En setjum nú svo, að á þessum skólum hafi myndazt nokkrir hálfmenntaðir spjátrungar og ónytjungs-landshornamenn. Sje svo, þá er ekki nema tvennt til fyrir oss að gera: annaðhvort að strika yfir þessa skóla og afnema þá, ef þeir virðast að engu nýtir; eða þá að reyna að bæta þá, þoka þeim áfram og upp á við, en hætta ekki við svo búið. Mjer liggur nú svo lund, að jeg vil reyna að halda áfram, og í þá átt virðist mjer frumv. fara. Fáir mundu og fyrir alvöru vilja fara að hætta við að gera nokkuð til menntunar alþýðunni, þó að ekki hafi ef til vill að öllu tekizt svo vel, sem vjer vildum óskað hafa Mál þetta sjálft er svo mikilsvert og íhugunarvert, og þörfin á að veita hæfilega fræðslu barnakennurum er svo mikil, að hún hlýtur að ryðja sjer til rúms til fullnægingar. Má þó vera að þetta sje þó heldur stórt sport að stíga í einu; kennarafræðslan er nú þegar studd á fjárlögunum, og það gæti verið álitamál, hvort ekki væri rjettara að láta sjer nægja að styðja hana þannig áfram í þetta sinn.

Allt um það vil jeg þó styðja frumv. þetta áfram til 3. umr., án þess jeg með því atkvæði mínu vilji binda hendur mínar um, hvað jeg þá kann að gera á seinasta stigi málsins.

Pjetur Jónsson: Jeg er nú ekki skólamaður, en allt um það verð jeg þó að greiða atkvæði um þetta mál, og gengur mjer illa að komast að fastri niðurstöðu í því, nema jeg fái betri skýringar. Það vaka fyrir mjer ýmisleg atriði, sem jeg hefði óskað að h. framsögum. (J. P) hefði skýrt betur.

Fyrst er nú sú spurning, hvort alveg sje nauðsynlegt að hafa 3 kennara við þennan skóla. Jeg er ekki að vefengja það, en það er ekki fullljóst fyrir mjer.

Sömuleiðis vil jeg vita, hvað skólinn muni kosti; en undir það heyra spurningarnar: Þarf endilega 3 kennara? og: Þarf að kosta fje til að stækka húsið? Svo stendur hjer í frumv., að önnur gjöld til skólans skuli greiðast »eptir því, sem ákveðið verður í fjárlögunum«. Hvað felst í þessu? Þessi skóli á að kosta að launum til að eins 600 kr. minna en Möðruvallaskólinn. Er þá ekki líklegt að önnur útgjöld verði nokkuð svipuð við þennan skóla og við Möðruvallaskólann? Jeg vildi biðja þá, sem bezt hafa hugsað mál þetta, að skýra sem bezt fyrir mjer fyrirkomulagið, til dæmis, hver inntökuskilyrði menn hugsa sjer við skólann. Væru þau sett hærra, finnst mjer líklegt, að við það mundu sparast nokkuð kennslukraptar við skólann.

Um þetta þarf jeg að fá upplýsingu áður en jeg get með góðri samvizku greitt atkvæði með frumv.

Guðjón Guðlaugsson: Þótt jeg sjaldnast fylgi þeirri reglu, að þegja í þeim málum, sem jeg er annaðhvort eindreginn með eða eindreginn móti, þá finnst mjer þó minni ástæða til þess, að gjöra grein hjer á þingbekkjunum fyrir atkv. mínu, þegar svo er, en þegar eins stendur á fyrir mjer og nú er, að jeg er við það að vera á báðum áttum. Í þessu máli er jeg í vanda staddur, hvernig jeg á að greiða atkv. Mín skoðun er sú, að kennarafræðsla sje nauðsynleg og að það sje full ástæða til þess að auka hana frá því sem nú er. Jeg greiddi því nauðugur atkv. mitt í fjárlaganefndinni um þau 2500 kr., sem

Flensborgarskóla er ætlað til gagnfræðakennslu, en mjög ánægður greiddi jeg atkv. með þeim 2200 kr., sem ætlað er til kennarafræðslu á sama skóla, og hefði helzt óskað, að öll upphæðin, 5200 kr., sem skólanum er veitt á fjárlögunum, hefði gengið óskert til kennarafræðslu, með því mjer virðist ónauðsynlegt að styrkja nytjakennslu víðar en á Möðruvöllum, og því síður, ef hún yrði líka sett á stofn hjer í Reykjavík í sambandi við lærða skólann. En þetta er ekki nóg til þess að jeg vilji stofna kennaraskóla nú þegar, og sízt að ákveða, að hann skuli standa í Flensborg.

Mjer finnst að slíkar stofnanir, sem ætlaðar eru fyrir allt landið, ættu að vera helzt í Reykjavík. Það er bæði, að þar eru samgöngur mestar og greiðastar við aðra hluta landsins, og ýmsar aðrar kringumstæður eru til þess, að þar gæti kennslan verið fullkomnari. Jeg skal benda á eitt: verklega æfingu í barnakennslu. Það eru líkur til að þær geti farið fram í Flensborg eins og nú stendur, en eigi að síður álít jeg, að þær sjeu ekki eins vísar þar eins og hjer, og einkum þar sem menn hafa sagt mjer, að kaupstaðurinn í Hafnarfirði sje að rýrna, en Reykjavík vex ár frá ári.

Ennfremur sýnist mjer, að kennarafræðslan gæti verið sett í samband við aðrar menntastofnanir hjer, eða að nemendur þeirra gætu ef til vill haft einhver not af kennaraskóla hjer, t. d. ættu lærisveinar latínuskólans, ef þeir vildu, að geta notað hana, og margir þeirra þurfa að hafa kennslu með höndum síðar og það jafnvel sem sveita kennarar.

Jeg veit að það þykir sparnaður að hafa skólann í Flensborg, en athugandi er, hvort það er ekki að eins stundarhagnaður, hvort ekki sjeu líkur til að skólahúsið í Flensborg sje ekki svo traust, að nýtt hús þurfi að byggja. Og auk þess er athugandi, hvort það, að stofna kennaraskóla, er svo undir búið á þessu þingi, að landsmönnum komi slíkt ekki á óvart. Að vísu skakkar að eins 800 kr., sem útgjöldin eiga að verða meiri til hins fyrirhugaða kennaraskóla heldur en til þeirrar kennarakennslu, sem nú fer þar fram, en jeg álít þá upphæð þýðingarlitla; en það er auðvitað mál, að þessu fylgja ýmisleg útgjöld frá landssjóði, sem ekki er hægt að sjá nú, og því verða þingmenn að vera varasamir að hlaupa ekki á sig.

Jeg hef heyrt ýmsar mótbárur móti kennaraskólanum, og sýnir það, að málið er ekki nægilega undirbúið, eða búið að fá með sjer eins almennan vilja og skyldi. En væri kominn almennur þjóðarvilji fyrir því, að stofna kennaraskóla fyrir landið, mundi jeg greiða atkvæði mitt með því, en jafnframt óska, að hann stæði hjer í Reykjavík, en það kostaði auðvitað nýja byggingu og hana nokkuð dýra, en það er spursmál, hvort það ekki mundi borga sig; það er t. d. eitt hús, sem nú stendur til boða fyrir 28000 kr. með mjög stórri lóð, það er barnaskólahúsið, sem bæjarstjórnin vill selja, af því það er orðið of lítið fyrir barnaskólahús. En það er nú of stórt fyrir kennaraskóla, en maður veit ekki, hvað verða kann í framtíðinni. En allt þetta er óundirbúið og órætt mál, og dettur mjer því ekki annað í hug en að rjettast sje að fresta málinu eindregið til næsta þings. En helzt vildi jeg að öllu fjenu, sem gengur til Flensborgarskólans, væri varið til kennarafræðslu. Það er sagt, enda á allra vitund, að þeir sem nú kenna við skólann, sjeu ágætlega til þess fallnir og það væri skaði ef þeir hættu við það starf, en mjer þykir ólíklegt að þeir muni yfirgefa það til

næsta þings, og það því síður, ef þingmenn gæfu yfirlýsingu um, að þeir væru hlynntir stofnun kennaraskóla, og það er viðurhlutamikið, að setja skólann þarna suður frá bara vegna þriggja manna, enda ættu þeir að komast að, þótt skólinn yrði reistur hjer í Reykjavík. Jeg mun greiða atkv. móti frumv. af þessum rökum, og gjöri jeg það þó nauðugur.

Þórður Guðmundsson: Það sje fjarri mjer að vera á móti stofnun, sem getur aukið sanna menntun í landinu. En það er mikilsvert að það komi fram rjettur ávöxtur af því, sem þjóðin leggur mikið til. Þegar gagnfræðaskólarnir voru settir á stofn, var tilgangurinn sá, að lærisveinarnir gætu gegnt betur störfum, sem fyrir þá kynnu að koma í lífinu, hvort sem þeir væru bændur eða kennarar. Jeg er líka á því, að gagnfræðaskólarnir hafi gjört mikið gagn; álít jeg þá nauðsynlega til þess að hægt sje að fá barnakennara, og yfir höfuð menntaða menn, en þá er spurningin: á að stíga feti framar en gagnfræðaskólarnir gjöra nú? Jeg skal játa, að jeg þekki margan af gagnfræðamönnum, sem hafa orðið kennarar í sveit, og sem leysa starf sitt vel af hendi, og verð jeg að lýsa því yfir, að þar sem jeg þekki til, þar álít jeg ekki menntunina komna á svo hátt stig, að þeir mundi ekki nægja fyrst um sinn. Á frumv. verður ekki sjeð í fljótu bragði, hvaða breytingu það gjörir frá því, sem nú er. Útgjöldin til hins fyrirhugaða kennaraskóla verða vitanlega meiri en til þeirrar kennarakennslu, sem nú á sjer stað, en jeg álít það ekki svo þýðingarmikið spursmál; það munar ekki svo miklu.

Jeg get ekki verið hinum h. þm. Strand. (Guðj. G.) samþykkur um, hvar skólinn eigi að standa. Það er nóg af slíkum stofnunum hjer, því að mínu áliti er það ekkert hollt fyrir pilta, sem koma úr sveit, að komast strax inn í Reykjavíkurlífið, því þó hjer sje margt að læra, þá er hjer líka margt truflandi fyrir unga menn, og álít jeg skólann því betur settan í Hafnarfirði. Jeg vil fyrir mitt leyti styðja þetta frumv. til annarar umr. með atkv. mínu, í þeirri von, að þá komi fram betri skýringar en nú liggja fyrir.

Flutningsm. (*Jens Pálsson*): Jeg finn ástæðu til að gjöra nokkrar athugas. við ræður þeirra h. þm., sem talað hafa, og er þá fyrst h. 1. þm. Rangv. (S. Á.); hann virtist vera þessu máli mjög meðmæltur. Það skein út úr orðum hans, að hann vildi bæta við þá menntun, sem realskólarnir veita, og beina henni í þá átt, að þeir menn, sem hennar hafa notið, geti orðið hæfir og góðir kennarar. Hann fór mörgum orðum um það, að þessir menn inndrykkju skakkar skoðanir vegna þess, að þeir væru hálfmenntaðir. Ef þetta hefir við nokkuð að styðjast, þá er beinasti vegurinn til að bæta úr því sá, að veita þessum mönnum sjermenntun á kennaraskóla áður en þeir ganga að sínu þýðingarmikla starfi. Honum þótti of stórt spor stigið með þessu frumv. og of snemma. Jeg get ekki hugsað mjer sporið minna, nje tímann til að stíga það hentugri; eða hvað er eðlilegra og rjettara, en að þeir þrír menn, sem nú þegar starfa við þann kennaraskóla, sem við nú höfum, haldi áfram að vinna við hann.

H. þm. S.-Þing. (P. J.) spurði, hvort ekki mundi hægt að komast af með 2 kennara og ljet þess getið, að lærisveinar þyrftu þá að taka inntökupróf við skólann. Jeg játa það, að svo framarlega sem ákveðið inntökupróf væri heimtað við skólann, þá mætti máske komast af með 2 kennara, — en þá yrði að heimta talsverða undirbúningsmenntun undir skólann, en er það praktiskt?

Það er auðvitað, að þeir sem eiga að geta haft full not af kennarakennslu, verða að hafa nokkra undirbúningsmenntun. En það er hollast, að þeir fái þessa undirbúningsmenntun á sjálfum skólanum. Að ætla kennaraefnum að ganga fyrst á latínuskólann eða Möðruvallaskólann og síðan á kennaraskólann, er óráð, enda allt of dýr vegur fyrir alþýðukennara. Auk þess þarf kennaraskólinn að eiga kost á að veita sínum nemendum að mestöllu leyti hið menntunarlega uppeldi.

H. þm. efaðist um að húsrúm væri nóg fyrir hendi í Flensborg og gat þess til, að ekki mundi veita af að byggja nýtt hús fyrir skólann. Jeg skal láta þess getið, að skólahúsið þar er fullstórt og að það muni lengi geta fullnægt þörf manna, því auk þess sem þar á undanfarandi árum hefir verið nægilegt húsrúm handa nemendum skólans, hefir Garðahreppur leigt nokkuð af húsinu fyrir barnaskóla.

H. þm. Strand. (Guðj. G.) var málinu hlynntur í sjálfu sjer, en lagði mikla áherzlu á stað þann, er skólinn stæði á. Þetta getur verið álitsmál. Hann áleit skólann betur settan í Reykjavík, og kynni hann að vera það að sumu leyti, en jeg álít hann að mörgu leyti miklu betur settan annarsstaðar. Jeg hef enga trú á því, að skólasveinar í latínuskólanum hafi nokkur not af kennarafræðslunni, þótt hún væri í Reykjavík. Það sem aðallega mælir með Reykjavík sem aðsetursstað skólans er það, að lærisveinar ættu hægt með að nota bókasöfnin. Á hinn bóginn yrði skólavistin miklum mun dýrari í Reykjavík en annarsstaðar, og er reynsla fyrir því. Auk þess er það efamál, hvort jafn-stutt dvöl í höfuðstaðnum yrði til nokkurs menningarauka fyrir lærisveinana.

H. þm. Strand. (Guðj. G.) komst svo að orði, að honum virtist Hafnarfjörður fremur kosinn vegna þeirra 3 manna, sem nú eru við Flensborgarskólann, en vegna þess, að skólinn væri þar vel settur; en í því er engin tilhæfa. — Flensborgarhúsið er að eins kosið sem aðsetursstaður skólans til að spara kostnað, en það er svo sem auðvitað, að hinir núverandi kennarar Flensborgarskólans mundu verða sjálfkjörnir kennarar við kennaraskólann, þótt hann væri settur niður annarsstaðar en þar. En til að mæla á móti því, að heppilegast sje, að hafa skólann í Reykjavík, vil jeg geta þess, að jeg þekki til kennaraskóla í öðrum löndum, sem standa í nánd við stórborgir, en ekki í þeim. Þannig er um ágætan kennaraskóla í nánd við Chicago, er einn af kennurum Flensborgarskólans hefir gengið á, og sömuleiðis Johnstrup Seminarium í nánd við Kaupmannahöfn, en ekki inni í borginni.

Að aðrar þjóðir, sannar menntaþjóðir, sem mest gjöra fyrir menntun alþýðu, og eru svo margfalt lengra á veg komnar í alþýðumenntamálinu en vjer, hafa sína kennaraskóla utan stórborga, það hefir við góðar ástæður að styðjast, ástæður, sem áreiðanlega gilda einnig hjá oss Íslendingum.

H. þm. Strand. (Guðj. G.) gat þess, að slík stofnun kæmi landsmönnum á óvart, og væri ekki enn orðinn almenningsvilji. Jeg er viss um, að þessi stofnun kemur engum þeim manni á óvart, sem fylgir nokkuð með opinberum málum, því fyrst og fremst var þetta mál rætt á þingi 1895, og auk þess var skýrsla send út um allt land til prófasta, presta og barnakennara, og flestir þeirra hafa lagt áherzlu á, að fyrsta sporið í kennslumálum væri, að stofnaður yrði traustur, góður barnakennaraskóli.

H. þm. Rangv. (Þórður G.) talaði um

þetta mál með hlýjum hug, en ekki nægri þekkingu. Hann sagði, að tilgangur realskólanna hefði verið að búa til barnakennara, en það hefir engum dottið í hug. Annað mál er það, að það hefir orðið að notast við þá menn, sem þaðan komu. Og þó að bráðefnilegir menn, sem eru fljótir að setja sig inn í það, sem þeir fást við, hafi reynzt vel, þá eru mörg dæmi þess, að þessir svo nefndu realstúdentar hafa reynzt miður.

Að nauðsyn sje á sjermenntun til kennslu, það þurfum vjer ekki að ræða nú. Það er samhljóða álit hinna menntuðustu þjóða, sem nokkuð hirða um sín menntamál, og það er óefað samhljóða álit allra hinna menntuðustu uppeldisfræðinga í heiminum. En hvort þessari kennslu er haldið uppi með fjárveitingu á fjárlögunum í nokkur ár enn, eða hvort það sje gert eins og þetta frumv. fer fram á — það dettur oss ekki í hug, að gera að kappsmáli. En hitt vil jeg láta í ljós sem mína sannfæringu og jeg ímynda mjer, að það sje í samræmi við skoðun margra h. þingm., að þessir kennarar eigi, ef ekki rjettarkröfu, þá sanngirniskröfu til þess, að geta haldið framstarfi sínu við hæfilegan kost, og að lífsstaða þeirra svífi ekki á hanganda hári, — eins og hún óneitanlega hefir verið látin svífa til þessa.

Björn Sigfússon: H. þm. S.-Þing. (P. Jónss.) spurði að því, hvort ekki mundi mega komast af með, að hafa færri kennara við kennaraskólann, og gjöra kennsluna þar umsvifaminni með því, að gjöra ráð fyrir töluverðum inntökuprófsskilyrðum.

H. framsm. (J. P.) kvað það eigi mundi reynast praktikst, því að þá mundu ekki aðrir geta fengið aðgöngu á kennaraskólanum en þeir, sem gengið hefðu á Möðruvallaskólann og nemendur úr latínuskólanum, og yfir höfuð þótti honum sú leið krókótt. Jeg man nú eptir fleirum, sem jeg held, að gætu staðizt inntökupróf á kennaraskóla; það eru námsmeyjarnar frá kvennaskólunum; því að jeg sje, eins og líka alveg er rjett, að konur eiga jafnt sem karlar að eiga aðgang að kennaraskólanum. Þegar þess er gætt, að all-margir gætu gengið á kennaraskólann af gagnfræðaskóla- og kvennaskólum, og auk þess ekki ólíklegt, að einhverjir kæmu þangað úr latínuskólanum, þá held jeg, að búast megi við, að all-margir mundu sækja kennaraskólann, eða að minnsta kosti hefðu skilyrði til þess, að geta sótt hann; jeg held því, að það sje alveg hættulaust, og jafnvel praktist, að hafa inntökupróf við skólann; jeg hygg, að aðsóknin geti verið nægileg fyrir það.

Hvað kostnaðinn snertir við þessa fyrirhuguðu skólastofnun, þá lít jeg nokkuð öðrum augum á hann en þeir h. þingm., sem um hann hafa talað. — Jeg fæ ekki betur sjeð, en að kostnaðaraukinn verði töluverður. Frumv. gerir ráð fyrir, að 6000 krón. gangi til þess, að launa kennurum við skólann. H. þingm. Strand. (Guðj. G.) sagði, að kostnaðurinn mundi verða að eins 800 kr. meiri en nú er veitt á fjárlögunum til Flensborgarskóla. Já, að vísu er það svo, ef með eru taldar þær 500 kr., sem borgaðar eru fyrir skólaiðnaðarkennslu (Slöid); en sú fjárveiting er alveg út af fyrir sig; gagnfræðakennsla og kennarakennsla getur mjög vel farið fram án iðnaðarkennslu. Þegar þessi upphæð er dregin frá, þá eru komnar 1300 kr., sem útgjöld skólans eiga að hækka um; (*Jens Pálsson*: Nei, ekki ef 1. grein verður samþykkt óbreytt); hún á ekki að samþykkjast óbreytt.

Jeg vona, að mönnum geti skilizt, að eigi er sjálfsagt, að skóla iðnaðarkennsla sje samfara gagnfræðakennslu og kennarakennslu. Jeg þarf þar eigi annað en að benda á Möðruvallaskólann. — Þar er engin skóla-iðnaðarkennsla, og veit jeg ekki til, að það sje talinn neinn galli á þeim skóla. Það má segja, að landssjóð muni ekki mikið um þessa upphæð, og auðvitað er það rjett frá vissu sjónarmiði skoðað, en hver sú upphæð, sem ekki er þörf, ætti að strikast út af fjárlögunum, hversu lítil sem hún er. En svo er þess að gæta, að í 4. gr. eru heimiluð öll möguleg önnur gjöld til skólans, eins og líka er eðlilegt, því að án þess gæti skólinn ekki staðizt. En hver getur sagt, hve mikil þessi önnur gjöld kunna að verða. — Ekki er ólíklegt, að það sje rjett, sem nefnt hefir verið til, að þau muni dragast upp í 2000 kr. á ári, og yrði þá árlegur kostnaðarauki við skólann um 3000 kr. Þessu vildi jeg hreyfa, til þess að sýna fram á, að það væri ekki rjett, að halda því fram, að hjer væri ekki um töluverðan kostnaðarauka að ræða. Annað mál er, hvort rjett sje að horfa í þennan kostnaðarauka, ef menn álíta skólann verulega nauðsynlegan.

Jeg fyrir mitt leyti hneigist þó að öllu yfirveguðu fremur að því, að rjettara sje að halda enn áfram að veita á fjárlögunum fje til kennarafræðslunnar, eins og verið hefir, úr því menn endilega vilja hafa hana, og láta reynsluna skera úr, hvaða ávexti hún ber. En hjer er enn þá um litla reynslu að ræða, því að þangað til síðasta ár hafði kennarafræðslan staðið að eins stuttan tíma ár hvert, og því eins og von var verið lítið á henni að byggja. Nú sýnist mjer rjettast, að haldið sje áfram næsta fjárhagstímabil í sama horfi og nú, þá ætti reynslan að geta nokkuð leiðbeint um það, hvort verulegir ávextir muni verða af fræðslunni. Jeg álít því, að ekki sje ástæða að stofna kennaraskóla að svo stöddu, en það getur verið, að reynslan sýni það seinna, að hann sje eða verði að virkilegu gagni.

Mjer dettur í hug, þegar verið er að tala um kostnaðinn við skólann, að það er skrítið hlutfall, sem kemur fram milli kvennaskóla og karlaskóla hjer á landi. Það er gert ráð fyrir, að þessi eini kennaraskóli verði $^2/_3$ dýrari en kvennaskólinn í Reykjavík, og meira að segja dýrari fyrir landssjóð en allir kvennaskólarnir til samans, þar sem þeir allir 3 hafa að eins samtals 5,700 kr. styrk úr landssjóði. Það hefir nú nokkrum sinnum verið farið fram á hærri fjárveitingu til kvennaskóla, til þess að bæta og auka fræðsluna við þá, en þessar bænir hefir þingið sjaldnast heyrt. Það er annars merkilegt, hve mikil olbogabörn kvennaskólarnir hjer á landi eru; það er eins og mönnum ætli seint að skiljast það, að ástæða sje til að veita konum meira jafnrjetti við karla en nú hafa þær, og að það hafi við góð og gild rök að styðjast, að skólum þeim, sem þær eiga sjerstaklega að menntast á, sje veitt meira fje, en þeim hefir verið veitt hingað til, svo að þeir geti orðið sem fullkomnastir og beztir.

Þar sem það er skoðun mín, að rjettast sje að veita í þetta sinn fje til kennaraskólans að eins á fjárlögunum, þá mun jeg greiða atkvæði móti þessu frumv.

Jón Þórarinsson: Það er nærri því óþarfi fyrir mjg að taka til máls nú, þar sem h. flutningsm. (J. P.) hefir skýrt svo rækilega frá nauðsyn kennaraskóla, að það ætti ekki að vera ofætlun fyrir hvern meðalgreindan mann,

að átta sig á málinu. Þó skal jeg leyfa mjer að koma með nokkrar almennar athugasemdir um málið.

Það er nokkuð síðan þjóðin fór allalmennt að finna til þess, að eitt af framfaraskilyrðum hennar væri alþýðufræðsla, og þjóðin, eða að minnsta kosti hinir glöggskygnari menn hennar, fann líka til þess, að langt var frá því, að alþýðufræðslan væri í svo góðu lagi sem skyldi, til þess að geta hagnýtt sjer hyggilega aukið þjóðfrelsi, og til þess að geta náð enn meira frelsi og framförum. Þetta er sjálfsagt það sem vakti fyrir h. þm. Rangv. (Sighv. Á.), þegar hann varð til þess fyrstur manna að bera fram hjer á þingi frumv. um aukna alþýðufræðslu. Það var þessi h. þm. (Sigh. Á.), sem þannig varð fyrsti hvatamaður þess, að lögin frá 9. jan. 1880 um fræðslu í skript og reikningi voru gefin út, og eins og við mátti búast, hefir hann og látið í ljósi, að hann sje hlynntur kennaraskóla; slíkt er svo bein afleiðing af framkomu hans í alþýðufræðslumálinu áður, að annað gat varla hugsazt.

Allir játa það, að þessi fyrstu alþýðufræðslulög vor hafa orðið að miklu gagni, en brátt fundu menn það þó, að heimilin voru yfir höfuð ekki einfær um að fullnægja þeim, og því var það tekið til bragðs, að fara að fá sjerstaka menn til þess að hjálpa heimilunum til þessa, og þannig hafa komið upp nokkrir skólar síðan 1880 og einkum er það þó, að umferðakennurum hefir stórum fjölgað; áður voru þeir harla fáir. Fyrir nokkrum árum síðan hefir það verið opinberlega viðurkennt, að fræðslulögin frá 1880 sjeu ekki fullnægjandi; þessi viðurkenning kom fram í skilyrðum þeim, sem þingið setti fyrir styrkveitingum til barnafræðslu; lengra sá þingið sjer ekki fært að fara þá, en að eins að setja skilyrði þessi, þótti eigi tími til kominn, að semja ný lýðfræðslulög. Þótt skilyrði þessi væru ekki ströng, þá urðu örðugleikarnir við að fullnægja þeim enn meiri en lögunum frá 1880. Þeir sem gáfu sig við barnakennslunni voru flestir lítt menntaðir menn, og höfðu engan kost átt á að kynna sjer nokkuð í kennslufræði. Þingið sá, að þetta var harla óheppilegt, og til að ráða nokkra bót á þessu, byrjaði það að veita nokkurt fje til kennarafræðslu. Þannig hefir lýðfræðslunni smáþokað áfram hjá oss, og fjárveitingar- og löggjafarvald landsins þokað áfram smám fetum að efla hana og festa. Þingið hefir meðal annars sjeð það og viðurkennt, að kennararnir þurfa að vera færir um að geta leyst starf sitt vel af hendi; það hefir viðurkennt, að þörf væri á því að kennarafræðsla færi fram í landinu, enda væri það nærri því hlægilegt, ef Íslendingar yrðu einir til að skella skolleyrum við því, sem allar aðrar menntaþjóðir heimsins játa, að er lífsskilyrði fyrir því, að lýðfræðslan sje í góðu lagi, en það er sem allra fullkomnust kennaramenntun, sem allra hæfastir kennarar. Eins og málinu nú er komið, þá verður spurningin fyrir oss þessi: Er það nauðsynlegt, að fara að stofna kennaraskóla með lögum? Nei, víst ekki; það er ekki nauðsynlegt með hann fremur en aðra skóla; það væri alhægt að halda uppi öllum skólum í landinu, þótt enginn þeirra væri lögfestur, ef að eins nægilegt fje væri veitt til þeirra; að þessu leyti hafa þeir rjett fyrir sjer, sem sagt hafa: Vjer viljum hafa góða kennarafræðslu, er skapi góða kennara, því að undir því teljum vjer framtíðarhagsæld lands vors mjög komna; en þetta eigum vjer að geta fengið án þess að fara að smíða ný lög. Þetta er sem sagt rjett, ef nægilegt fje er veitt til kennslunnar. En þess er að gæta, að eigi er að búast

við að þeir, sem við slíkan ólögfestan skóla starfa, muni sitja sig úr færi, ef þeir eiga kost á að komast í fastari stöðu en hann hefir að bjóða.

Menn hafa sagt, að það mundi hafa kostnaðarauka í för með sjer, ef skólinn yrði stofnaður með lögum. Það er satt, en það er líka óumflýjanlegt, að auka fjárstyrk til hans, þótt hann verði ekki lögfestur, því að skólinn getur ekki komizt af með minna en 3 kennara, eins og hver maður getur skilið, sem vill hafa fyrir því, að kynna sjer störf hans samkvæmt skýrslu um hann síðastliðinn vetur; og er hann þó ver settur en Möðruvallaskóli, sem að eins er tveggja bekkja skóli, en þó með þrem kennurum.

Það mætti auðvitað hafa svo strangt inntökupróf, að eigi þyrfti nema tveggja ára nám á skólanum, en slíkt hefði svo mörg óþægindi og ókosti í för með sjer, að það mundi ekki borga sig. Það er t. d. ekki svo lítill kostur, að kennararnir fái að halda nemendunum öll þrjú árin, og byggja upp frá rótum þá menntun, sem þeir geta veitt honum. Það er hneyksli næst, að skóla skuli ekki ætlað fje til bókakaupa, ekki sízt slíkum skóla sem þessum, þar sem eins og nú stendur, er enn minni hjálpar að vænta af bókasöfnum hjer á landi fyrir hann en flesta aðra skóla; og þótt kennararnir hafi árlega orðið að verja töluverðu af sínu eigin fje til þess að bæta úr allra tilfinnanlegasta bókaskortinum, þá hefir það hvorki getað verið fullnægjandi, enda til nokkuð mikils ætlað, af lágt launuðum mönnum, að þeir haldi við nokkurn veginn sæmilegu bókasafni handa skólanum. Ekki er til slíks ætlazt, eins og líka er eðlilegt, á Möðruvöllum; þar er árlega veitt þó nokkurt fje til bókakaupa.

Það er enn meiri þörf á góðu bókasafni við skóla hjer á landi en annarsstaðar, þar sem vjer erum svo afskekktir, að vjer verðum að leita oss ýmsrar þeirrar fræðslu af bókum, sem annarsstaðar er hægt að afla sjer með samtali við aðra menn og á ýmsa aðra vegu.

Þegar þriðji kennarinn var ráðinn í fyrra, þá var ekki hægt að veita honum í laun meira en 600 kr. Því hefir þegar verið lýst, að kennari þessi sje duglegur, og skaði fyrir skólann að missa hann, en auðsjeð er það, að hann getur ekki lifað á þessum launum með konu og börn. Nefndin hefir farið vægilega í sakirnar, að ákveða laun hans ekki hærri en 1600 kr., þegar það er borið saman við laun kennara í Reykjavík. Það er viðurkennt, að við latínuskólann hjer geti kennarar ekki lifað nokkurn veginn sæmilega fyrir minna en 2400 kr. á ári, enda eru kennaralaun þar 2400 kr. og þaðan af hærri, nema laun eins kennarans, er við launabreytinguna urðu víst af eins konar hending að eins 2000 kr. Jeg tek þetta fram, til þess að sýna fram á það, að nauðsyn er á að hækka gjöld til skólans, hvort sem hann verður lögfestur eða ekki, ef vjer eigum að geta haldið þessum kennara framvegis við skólann, sem við samkennarar hans, er einna bezt ættum þó að þekkja kennarakosti hans, teljum söknuð að missa og tjón fyrir skólann.

Satt er það, að í 4. gr. er gjört ráð fyrir öðrum útgjöldum í viðbót við kennaralaunin; en það mun varla hætta á því, að þau útgjöld fari fram úr því sem brýn þörf krefur, og þar sem þau gjöld eru ákveðin í fjárlögunum, þá er engin hætta á, að þau geti farið fram úr því, sem þingið telur nauðsyn í það og það skipti.

Þó efast jeg eigi um, að svo mikið

muni veitt, er þarf til þess, að kennsla við skólann geti farið vel fram.

H. þm. Strandam. (Guðj. G.) minntist á eitt mjög verulegt atriði í þessu máli; hann minntist á það, hvar stofnun þessi ætti að rjettu lagi að standa. Nefndin yfirvegaði þetta vandlega, og hún komst að þeirri niðurstöðu, að, að öllu samanlögðu, mundi að svo stöddu haganlegast að hafa hana í Flensborg, þótt hún gjörði alls eigi ráð fyrir, að skólinn mundi verða þar um aldur og æfi.

Norðurlandaþjóðirnar hafa yfir höfuð komizt að þeirri niðurstöðu, að heppilegra sje, að hafa kennaraskóla sína ekki í stórbæjunum. Enginn af 4 ríkisskólum Dana eru í Kaupmannahöfn. Þeir eru í smáþorpum, þar sem hægt er að fá næg börn í æfingaskóla. Þessi skilyrði eru fyrir hendi í Hafnarfirði.

Jeg skal fúslega játa það, að jeg er ekkert hræddur við, að Reykjavík þurfi að spilla nemendunum fremur en hver annar staður, en öllu meiri dagleg umgengni utan kennslustunda munu þeir þó hafa við kennara sína í Hafnarfirði en í Reykjavík, og hvernig sem því er nú háttað, þá mun raunin sú á verða, að dvölin verði þeim dýrari í Reykjavík en Hafnarfirði. Aptur á móti mundi það að mörgu leyti verða þægilegra fyrir kennarana, að vera í Reykjavík en Hafnarfirði; þar eiga þeir meiri kost á að umgangast menntaða menn; en það vita allir, hve mikilsvert er, og þar ættu þeir hægra með að hagnýta sjer bókasöfnin og önnur söfn. Mjer sýnist því að öllu samanlögðu muni vera þægilegra fyrir kennarana að skólinn sje í Reykjavík, en fyrir nemendurna, að hann sje í Hafnarfirði. Auðvitað hefir Reykjavík nokkra kosti fram yfir Hafnarfjörð, fyrir nemendurna, en jeg vil leggja þá kosti í sölurnar, til þess að vera laus við ókostina. Það er ekki fyrir það, að ekki er ólíklegt, að skólinn flytji seinna meir til Reykjavíkur, enda mun verða minna við það að athuga, er hann hefir staðið um stund og náð festu.

Viðvíkjandi kennslufyrirkomulagi skólans, er það að segja, að jeg hygg, að jeg geti bezt gjört h. þm. S.-Þing. (P. J.) grein fyrir því, með því að vísa honum til skýrslu skólans frá síðasta ári. Jeg ætla, að engin veruleg breyting muni verða á því fyrirkomulagi næstu ár. Að vísu hefir enn engin reglugjörð verið samin fyrir hina lengri kennarakennslu; en hún hefir að miklu verið sniðin eptir kennslu við hina smærri kennaraskóla í Noregi, og hygg jeg, að hún muni allvel hæfa þörfum vorum; auðvitað má þó búast við því, að reynslan kenni, að haganlegra muni að breyta til í einhverjum greinum.

Í útlöndum hefir það um langan aldur verið viðurkennt, að nauðsyn sje á að kennarar beri skyn á uppeldi barna og þekki framfaraskilyrði þeirra, og hjer á landi er það almennt viðurkennt, að það þurfi sjerstaka kunnáttu til að ala upp fölöld og kálfa, ef vel á að vera; það hafa menn viðurkennt með stofnun búnaðarskólanna; og fyrst þetta er viðurkennt, þá er og vonandi, að það fái eigi síður almenna viðurkenningu hjer, að nauðsynlegt sje fyrir kennara að bera skyn á barnauppeldi, og það jafnvel þeim mun nauðsynlegra að bera skyn á það, en uppeldi húsdýra, sem það er óneitanlega vandasamara verk, og enn meira í húfi, ef það mistekst.

Einar Jónsson: H. þm. Húnv. (B. Sigf.) vildi bíða fyrst um sinn og láta sjer nægja núverandi fyrirkomulag á kennslunni, þangað til reynslan sýndi betur þörfina. En jeg vil svara honum því, að reynslan í þessu efni er fyrir

löngu fengin í öðrum löndum (*B. Sigf.*: Útlend reynsla á ekki ævinlega við hjá oss) og reynslan hlýtur að verða hin sama í þessu efni hjá oss sem öðrum. Jeg vil taka það fram, að kennarafræðslan hefir, það jeg til veit, mælzt einkar-vel fyrir út um landið. Þannig skal jeg geta þess, að á almennum þingmálafundi fyrir báðar Múlasýslur, er haldinn var á Egilsstöðum, var rætt um menntamál landsins, og ljetu sýslubúar sjerstaklega þá ósk í ljósi, að stofnaður yrði reglulegur kennaraskóli. Sjálfur hef jeg dálitla reynslu á kennurum frá Flensborgarskóla, því að einn kennari, sem þar hafði lært, hafði einn vetur á hendi barnakennslu í mínu prestakalli, og var hann sá lang-bezti allra þeirra kennara, sem vjer þar höfum haft, og höfum vjer þó haft nokkuð marga.

Jeg óska að frumv. þetta megi fá framgang, og jeg álít það ekki rjett að sinni, að flytja skólann til Reykjavíkur. Jeg hygg rjett, að horfa þar í kostnaðinn; það er margt nú, sem vjer verðum að kosta upp á, og jeg sje ekki ástæðu til að vjer bætum á oss þeim aukna kostnaði, sem af flutningnum mundi leiða, meðan skólinn getur staðið þar sem hann nú er, án sjerstaks kostnaðar. Sumir hafa talað um, að rjett mundi vera að kaupa barnaskólahúsið hjer í Reykjavík fyrir kennaraskólann. En hann mundi sjálfsagt kosta um 30,000 kr. En þetta tel jeg of snemmt, meðan gott skólahús er til í Hafnarfirði.

Flutningsmaður (*Jens Pálsson*): Tveir hinir síðustu h. ræðumenn hafa nú tekið svo rækilega fram það, sem jeg ætlaði að segja. En jeg vildi gjöra dálitla athugasemd. H. þm. Húnv. (B. Sigf.) fórust þannig orð, að öll gjöld til skólans yrðu greidd úr landssjóði; vitaskuld er það, en öll þau gjöld, önnur en launin, yrðu að eins greidd með þeirri upphæð, sem fjárlögin til tækju í hvert sinn; þingið rjeði því með atkvæði sínu hverju einstöku atriði. H. þm. reiknaðist, að kostnaðaraukinn frá því, sem nú er, mundi verða um 2,000 kr., auk þeirra 1,300 kr., sem hann gat fengið út, með því að reikna skólaiðnaðinn sem kostnaðarauka. En jeg skal fullyrða það, að þetta er allt of mikið í lagt. Þó að eitthvað yrði lagt til bókakaupa og því um líks, þá yrði það aldrei stórvægið. Skólinn á líka jörðina Hvaleyri og hverfa til hans allar tekjur af henni.

Þessi h. þm. bar og saman þennan fyrirhugaða skóla og kvennaskólana, og fjekk það út, að þessi skóli yrði dýrari en allir kvennaskólarnir til samans. Við þetta er nú að athuga, að fyrst eru kvennaskólarnir ekki kostaðir af landssjóði nema að nokkru leyti. Í annan stað hefir kostnaðurinn til kvennaskólanna verið býsna-reikull; nú er hann t. a. m. talinn 6,200 kr., en eptir frv. fjárlaganefndarinnar á hann nú að verða 8,000 kr., auk kostnaðar til byggingar, sem auðvitað er nú sjerstakt gjald í eitt skipti. Það er að mínu áliti engin þörf á að vanþakka þinginu afskipti þess af kvennaskólunum, því þeir hafa sannarlega ekki orðið afskiptir hjá því. Svo virtist hann heldur ekki gæta þess, að skóli þessi, kennaraskólinn, á að vera jafnt fyrir konur sem karla. Hann verður því ein hin þarfasta stofnun konum, þar sem hann greiðir þeim veg til sjálfstæðrar atvinnu, sem þær eru einkar-vel lagaðar fyrir, en það eru kennarastörf. Allir kvennavinir ættu því að styðja þetta frumv.

Björn Sigfússon: Jeg verð að leiðrjetta það, sem h. flutningsm. (J. P.)

sagði í þá átt að vefengja tölur þær, er jeg hafði til færi um fjárveitingar til kvennaskólanna. Í hinni hærri upphæð, er hann fjekk út, voru taldar ölmusur við skólana, en það er þó ekki kennslukostnaður. *(J. P.:* Jú; námsstyrkur er námskostnaður, og nám og kennsla eru tvær hliðar á sama málinu). Ennfremur taldi hann með 10,000 kr. til húsbyggingar.

Í einu atriði verð jeg að vera alveg gagnstæðrar skoðunar við þm. Strand. (Guðj. G.). Hann vildi helzt hafa skólann í Reykjavík; en jeg álít það höfuðkost við þetta frumv. að það vill hafa skólann í Hafnarfirði, og er það bæði fyrir kostnaðarins sakir, og svo af því, að jeg álít að slíkur skóli eigi alls ekki að vera í kaupstað, því að þar er of margt, sem glepur nemendurna, og svo er þar miklu dýrara að lifa. Það skal jeg játa að hefir verið stór kostur við Flensborgarskólann, að hann hefir verið sjerlega ódýr.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. frumv. samþ. með 13 : 3 atkv.

2. gr. frumv. samþ. með 15 samhlj. atkv.

3. gr. frumv. samþ. með 14 samhlj. atkv.

4. gr. frumv. samþ. með 16 samhlj. atkv.

5. gr. frumv. samþ. með 15 samhlj. atkv.

6. gr. frumv. samþ. með 16 samhlj. atkv.

Fyrirsögn frumv. samþ. án atkv.; málinu vísað til 3. umr. með 16 : 2 atkv.

Frumv. til laga um lögaldur (C. bls. 242); 2. umr.

Flutningsmaður (*Skúli Thoroddsen*): Það hefir engin breyt.till. komið fram við þetta frumv., og hef jeg því eiginlega engu við að bæta það, sem jeg sagði við 1. umr.

Sumir hafa álitið ósamkvæmni í því fólgna, að maður verði fullráði fjár síns 21 árs, en megi þó ekki í ábyrgð ganga fyrir aðra fyr en fullra 25 ára. En þetta er svo til komið, að þegar þetta sama frumv. var hjer fyrir á þingi 1891, þá var þessu atriði hnýtt aptan við frumv. samkvæmt bendingu frá hæstv. landsh., er taldi frumv. þannig lagað mundu verða nokkru aðgengilegra fyrir stjórnina. Það er líka ástæða til að vera nokkuð varkárari, þegar um það er að ræða, að ganga í ábyrgð, en þegar um önnur fjárforráð ræðir; en ekkert kappsmál er mjer þetta atriði, hvorki til nje frá.

ATKVÆÐAGR.: Frumvarpsgreinin samþ. með 17 samhlj. atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkv. Málinu vísað til 3. umr. með 18 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um greiðslu daglauna og verkakaups (C. bls. 243); 1. umr.

Flutningsmaður (*Skúli Thoroddsen*): Þetta litla frumv. hefir verið hjer áður á þingi, og vona jeg, að því verði nú tekið betur en þá. Tilgangur frumv. er að bæta kjör verkamannalýðsins. Daglaun í kaupstöðum eru stundum rjett álitlega há að nafninu til, og dregur það opt fólk til kaupstaðanna; en svo er á þessu sá slæmi hængur, að verkmenn fá ekki kaup sitt borgað hjá kaupmönnum, nema í vörum; en þetta ástand hefir mjög slæm áhrif á kjör verkalýðsins; og því er það, að daglaunamenn á Ísafirði hafa sent þinginu bænarskrá um þetta efni.

Verkmannastjettin hjer á landi er að vísu ekki fjölmenn enn sem komið er; en miðað við aðrar stjettir er það þó orðinn all-álitlegur fjöldi, sem daglaunavinnu hefir að meira eða minna leyti

að atvinnu sinni. Erlendis hafa verkmenn margvísleg samtök, til þess að vernda stjettarhagsmuni sína, og það er ekki nema eðlilegt, að samskonar verkmannahreyfingar taki einnig að vakna hjer á landi.

Rjettarástand það, sem frumv. þetta fer fram á að skapa, er ekki neitt óheyrt eða eindæmi, eins og sumir kunna að ætla. Samskonar lög eru til í öðrum löndum. Þetta frv. er sniðið eptir lögum á Englandi; í þeim eru alveg samskonar ákvæði, eins og í þessu frv., en auðvitað fara þau einnig út í ýmislegt fleira, eins og eðlilegt er, þar sem atvinnugreinarnar eru svo margvíslegar, og fjalla því um sambandið milli verksmiðjueiganda og verksmiðjustarfsmanna í ýmsum greinum. Á Norðurlöndum eru að vísu ekki lög um þetta efni, en viðskiptavenjan milli starfkaupanda og starfsala er þar að mestu samkvæm grundvallarreglum þessa frv.

Eins og ástandið er hjer, verður starfsalinn, daglaunamaður, alveg háður starfkaupandanum — in casu kaupmanninum.

Í næst stærsta kauptúni landsins, Ísafirði, er mjer það kunnugt, að hagur verkmannaflokksins er yfir höfuð mjög bágur, og mjer þætti ekki ólíklegt, að það væri eitthvað áþekkt hjer í Reykjavík og í öðrum helztu kauptúnum landsins, enda hefi jeg haft glöggar spurnir af, að svo muni vera.

Afleiðingin af ástandi þessu er meðal annars sú, að verkmannaflokkurinn er mjög ósjálfstæður, ekki að eins í efnalegu tilliti, heldur og í öllum almennum málum, eins og eðlilegt er, þar sem hann árið um kring er fastreyrður skuldafjötrum atvinnuveitandanna. Þegar kemur til kosningar í opinberum málum, eða bæjarmálum, þá koma þessar afleiðingar mjög glögglega í ljós. Svo hefir mjer verið frá sagt af Akureyri, að þar hefði verzlunar stjettin atkvæði meiri hluta bæjarbúa alveg í hendi sjer, með því að meiri hluti kosingarbærra manna eru verkamenn, sem öll sín lífskjör eiga að mestu undir kaupmönnunum. Á Ísafirði hefir og verzlun Ásgeirs Ásgeirssonar um mörg ár haft alveg óskorað einveldi í bæjarmálum, með því að hún hefir ein að öllu leyti ráðið öllum bæjarkosningum, svo að það má segja, að það hafi verið ámóta ómögulegt að fara upp í tunglið, eins og að ná þar kosningu í bæjarstjórn, eða niðurjöfnunarnefnd, án þess að hafa meðmæli Ásgeirs verzlunar eða vera hennar skjólstæðingur. Frá þessu hefir engin undantekning gerzt í ómuna-tíð, þar til loks í vetur að í fyrsta sinn tókst að koma manni í bæjarstjórnina, sem ekki var studdur til kosninga af selverzlan þessari.

Væri nú sú regla lögtryggð, að daglaunamönnum væri greidd borgun í peningum, mundi af því leiða sparsemd og reglusemi og sjálfstæði í hugsun og framkvæmdum. En af hinni núverandi aðferð, að innskrifa launin í reikning manna, leiðir það meðal annnars, að verkamaðurinn veit aldrei, hvernig hagur hans stendur, fyr en seint og síðar meir, með því að alltíðazt er, að daglaun þau, sem unnið er fyrir að vor og sumarlagi, eru ekki innfærð í reikningana fyr en í október eða nóvember að haustinu og stundum jafnvel ekki fyr en í marz- apríl vorið eptir, því að þá er sá tími, er kaupmenn senda út reikninga sína; því að þótt verkamaðurinn, sem sjaldgæft er, sje sá reglumaður að skrifa hjá sjer hverja stund, sem hann vinnur, þá er enn örðugra að skrifa hjá sjer hvert tangur og tetur, sem út er tekið úr búðinni, enda sumt af því opt ekki verðsett fyr en löngu eptir á. Það er föst regla

kaupmanna að borga aldrei peninga fyrir vinnu sem neinu nemur, og af því leiðir, að daglaunamaðurinn er að kalla algjörlega útilokaður frá því að geta skipt við bændur og keypt af þeim landvöru; hann er einnig útilokaður frá að geta sætt beztu kaupum á útlendri vöru, t. d. hjá lausakaupmönnum og kaupfjelögum, því hann er bundinn á tjóðurklafa innskriptarinnar við vöruverð verkgefandans. Hjer í Reykjavík hafa kaupmenn tvenns konar verð á allri vöru, peningaverð, sem er lægra, og reikningsverð, sem er mun hærra. En daglaunamennirnir verða að taka allt sitt kaup út í vörum með reikningsverði.

Þegar málið var síðast fyrir þingi, var það ein viðbára sumra, að þetta væri óeðlilegt hapt á samningsfrelsi manna. En má jeg spyrja: hvar er frelsið, þegar sjálfstæður málsaðili á að semja við ósjálfstæðan atvinnuþurfa, sem er honum alloptast svo háður af skuldum, að hann hefur allt hans ráð í hendi sjer? Í öðrum löndum hneykslast menn ekki á slíku í verkmannalöggjöf; lögin eiga að verndа lítilmagnann.

Enn kunna sumir að segja að launin muni lækka, ef þau skal borga í peningum. Það er vel til, en jeg er ekkert hræddur við, að það hafi neinar háskalegar afleiðingar. Verkmanninum verða betri og drýgri 2 kr. 50 aur. í peningum, heldur en 3 kr. í innskript, sem greiðist honum í skjaldaskriflum og baugabrotum, ef svo mætti að orði kveða. Verkmennirnir, með innskriptarlaununum, eiga og að mörgu leyti mjög óþægilegt og óhollt líf. Þeir fá óholla búðarfæðu, en eru útilokaðir frá að geta keypt sjer kjöt og mjólk og aðra holla fæðu, af því að peningarnir fást ekki.

Jeg veit að allir, sem kunnugir eru ástandinu í þessu efni, hljóta að verða með frv.; hinir, sem ekki eru kunnugir, kunna ef til vill að verða á móti. En það vil jeg segja þeim, að það er samvizkusök að fella þetta mál. Nauðsynin á því er svo rík, að þótt það verði fellt, mun það jafnan ryðja sjer veg á ný inn á þing, þar til það hefir borið sigurinn úr býtum.

Nefnd tel jeg óþarfa í máli þessu; það, sem að frumv. kann að vera, má sjálfsagt lagfæra með breyt.till.

Þórður Guðmundsson: Jeg játa það, að jeg var einn af þeim, er greiddu atkvæði á *móti* þessu frumv. á þinginu 1893. Jeg hef því miður ekki getað breytt skoðun minni enn þá, og sje ekki að frumv. geti orðið til þess, að bæta hag verkmanna í kaupstöðunum, eða yfir höfuð orðið eins happasælt og h. flutningsm. (Sk. Th.) heldur. Jeg tók fram á þinginu 1893, hvaða agnúa jeg sæi á frumv., og jeg sje ekki annað en að þeir sömu agnúar sjeu þar enn þá. Það er enginn efi á, að fyrirkomulag það, er frumv. fer fram á, mundi lækka kaupgjald verkamanna svo, að ekki er hægt að gera áætlun um það. Ef það yrði í lög leitt, þá mundi fólk í peningaeklu streyma til kaupstaðanna, og auka þannig samkeppni, er mundi gera sitt til þess, að lækka kaupið stórkostlega. Ef sveitabóndinn þyrfti á peningum að halda, mundi hann taka til þess úrræðis, að senda vinnumenn sína í kaupstaðinn, til að leita vinnu, og mundi hann leggja fyrir fólk sitt, að bjóða daglaunin niður heldur en fá ekki vinnuna; af því leiddi, að verkamenn í kaupstöðunum yrðu að standa vinnulausir eða að öðrum kosti bjóða vinnu sína niður.

H. flutningsm. (Sk. Th.) gat þess, að þetta fyrirkomulag mundi leiða til meiri forsjálni og sparsemi. Það gæti orðið tilfellið með einstaka menn, en hins vegar er mjer kunnugt um, að sumir

meðal vinnulýðsins eru ekki svo þroskaðir í fjármeðferð, að þeir ekki yrðu fljótir til að taka til krónunnar, ef hún væri í vasanum og brúka hana, jafnvel sjer til skaðsemdar. Auk þess held jeg, að vinnulýður, ef þetta fyrirkomulag ætti sjer stað, mundi hafa minna lánstraust hjá kaupmönnum að vetrinum til en nú tíðkast, og mundi það verða tilfinnanlegt fyrir fátæka tómthúsmenn, að geta ekki fengið málsverð handa sjer og sínum hjá kaupmönnum nema fyrir borgun út í hönd.

Það er mikils um vert fyrir fátæklinga, að geta hlaupið í búðina, þegar á liggur, og ekkert er á milli handa. Jeg ætla ekki að eyða orðum um það, að ákvæði frumv. miða allmikið til að herða að atvinnufrelsi manna. Af þeim ástæðum, er jeg nú hef talið, er jeg á móti frumv.

Frumvarp það, er hjer liggur fyrir, mundi og geta orðið til þess, að breyta ástandinu að því er snertir vinnugjöld bænda yfir höfuð, ekki síður en kaup manna til verkamanna. Það má búast við því, að sveitabóndinn á sínum tíma einnig mundi verða að borga vinnufólki sínu og verkamönnum í peningum, og stendur mjer ógn af þeirri breytingu, eins og nú á stendur með peningahorfurnar. Það er tilfinnanlegt, að verða að svara fjölda manna vinnugjaldi, er máske nemur fleiri 100 kr. í peningum á hverjum vikufresti, eins og mjer t. a. m. er kunnugt um, að sumar verzlanir yrðu að gjöra, ef þetta frumv. yrði að lögum.

Það munu máske sumir segja, að það sje óþarfi, að vera að vorkenna kaupmönnum, en við verðum að vera sanngjarnir við þá eins og aðra.

Flutningsmaður (Skúli Thoroddsen): Jeg get ekki neitað því, að jeg er hlessa á, að heyra slíkar mótbárur, sem h. 2. þm. Rangv. (Þórður G.) kom fram með í ræðu sinni. Hann álítur, að það sje til óhagnaðar fyrir verkalýðinn, að fá vinnu sína borgaða í peningum í staðinn fyrir í verzlunarvörum; en setji þingmaðurinn sig í spor verkamanna, ætli honum sjálfum mundi þá eigi kærara að fá krónurnar? Óefað; hann mundi vilja fá þá borgun fyrir vinnu sína, sem hann gæti fengið mest fyrir eptir á.

Þá minntist og þingmaðurinn enu fremur á það, að frumv. þetta mundi skapa meiri samkeppni um verzlunarvinnuna, og þannig verða sjálfum verkalýðnum til ógagns, með því að bændur mundu þá senda vinnumenn sína í kaupstaðarvinnu, til þess að fá peninga fyrir vinnu þeirra. En þetta hygg jeg eigi, að verkamenn þyrftu að óttast; mjer er kunnugt, að margir bændur hafa þann sið, að leigja fólk í kaupstaðarvinnu nokkurn tíma að vorinu, og gefst það misjafnt, þar sem megnið af kaupinu gengur fyrir fæðinu, sem tekið er út úr búðinni; en yrði frumv. þetta að lögum, þá mundu bændur einmitt síður hafa hvöt til þessa; því að einmitt peningar þeir, sem ganga til verkmanna frá kaupmönnum, mundu að nokkru leyti ganga til bænda; því peningarnir gera einmitt verkmönnum mögulegt að skipta við bændur, í staðinn fyrir, að nú verða þeir að taka allt út úr búð. Frumv. þetta mundi því greiða mjög viðskipti manna, og skapa meiri peningaveltu í landinu.

Það er og engin ástæða til að ætla, að vinnumenn, þótt frumv. yrði að lögum, mundu krefjast peningagjalds af bændum fyrir vinnu sína, og það einmitt af þeirri einföldu ástæðu, að þeir þurfa á vöru þeirri að halda, er bændur geta helzt látið af höndum rakna. Mótbára h. 2. þm. Rangv. (Þórðar G.)

um það, að lánstraust verkmanna mundi minnka, er heldur ekki á rökum byggð, því ef þeir hefðu peninga sína í höndum, og vissu þannig jafnan, hvað efnahagnum liði, mundu þeir ekki taka jafnmikið lán og þeir nú gera. Auk þess vil jeg leyfa mjer að spyrja: hvernig er lánstraustið nú? Meðan vinnan stendur yfir, þá leikur allt í ljúfri löð, en þegar vinnan er úti, þá er tekið fyrir allt lán, og fær verkamaðurinn ekki einu sinni út til hátíðanna, sem er þó harðasti tími á árinu, og fyrst í febrúarmánuði, þegar kaupmaðurinn þarf aptur að fara að ráða menn til sumarvinnu, fer hann aptur ögn að píra í þá.

H. 2. þingm. Rangv. (Þórði G.) þótti frumv. hart fyrir kaupmenn, en það er ekki að efa, að peningar þeir, er kaupmenn gjalda verkamönnum í vinnukaup, mundu mikið til renna til þeirra aptur, því auðvitað mundu verkamenn hyllast til að kaupa við þann mann, er veitti þeim atvinnu, svo framarlega sem hann seldi vöru sína við jafn-góðum kjörum og aðrir. Peningarnir, er af vinnunni flytu, mundu þannig skiptast á milli bænda og kaupmanna; og hví skyldi kaupmönnum vera erviðara að gjalda í peningum en öðrum, t d. hvalveiðamönnunum, sem ekki láta sjer detta í hug, að bjóða mönnum borgun í framfærðum vörum?

Jeg held að jeg hjer með hafi svarað mótbárum h. 2. þm. Rangv. (Þórðar G.) og vona, að röksemdafærsla mín, þótt stutt sje yfir farið, hafi þau áhrif á hann, að hann gefi frumv. atkvæði sitt.

Tryggvi Gunnarsson: Mjer finnst það misrjetti mest á móti frumv. þessu, að viss flokkur manna skuli vera skyldur að lögum að borga í peningum og aðrir ekki. Það mundi líka leiða til þess innan skamms tíma, að sumir hinna flokkanna, t. d. bændur, yrðu að gera hið sama. En við þetta mundu vinnulaun lækka eins og h. 2. þm. Rangv. (Þórður G.) tók fram.

Það er eins og jeg nú drap á óeðlilegt að binda kaupmenn við að gjalda verkmönnum sínum einungis í peningum, og vil jeg færa dæmi til þess. — Setjum svo að fátækur maður kæmi að vetrinum til kaupmanns og beiddist láns. Kaupmaður svarar því svo: Þú getur fengið lán hjá mjer, ef þú skuldbindur þig til að borga mjer vöruna með vinnu þinni hjá mjer í sumar, og gerir við mig samning um það, en eptir frumv., ef það verður að lögum, má kaupmaðurinn ekki láta annað en peninga fyrir vinnuna. Nú vil jeg spyrja: er það eðlilegt, að frjáls samningur — eins og t. d. þessi — sje ógildur? Nei! þetta er mjög óeðlilegt hapt á samningafrelsi, og óhagfelt bæði fyrir kaupmenn og viðskiptamenn þeirra. — Jeg álít að fátæklingar mundu í mörgum tilfellum hafa skaða af slíkum ákvæðum, og þó einkum bændastjettin í heild sinni, sem innan fárra ára þyrfti að sæta sömu kjörum og kaupmenn, að borga öll handtök með peningum, eins og h. 2. þm. Rangv. (Þórður G.) tók fram, og máske væri heppilegt, að semja svolátandi lög fyrir Ísafjörð einan, fyrst h. flutningsm. (Sk. Th.) er svo annt um frumv.; en þar sem jeg þekki til, geta þau hvergi átt við.

Flutningsmaður (Skúli Thoroddsen): Jeg skal svara með fáum orðum ræðu h. 1. þm. Árn. (Tr. G.). Jeg hjelt ekki að honum, sem talsvert hefir verið við verzlun riðinn, gæti verið ókunnugt um, hvernig vinnulaunagreiðslu væri háttað við verzlanir. Jeg held að hann hafi ekki talað alveg frá hjartanu. Hann hlýtur að vita, hvernig Gránufjelagið og aðrar verzlanir hjer á landi hafa borgað vinnulýð sínum, og hann getur víst skilið, að vinnufólkið mundi hafa verið sælla og

lifað betra lífi, ef það hefði fengið vinnulaunin útborguð í peningum. Honum er svo kunnugt um, hvernig kaupmennirnir og faktorarnir fara með vinnufólk sitt, að honum hlýtur að vera það ljóst, að þetta fólk hefir ekki átt við nein sældarkjör að búa.

Þessum þingm. þykir það líka óeðlilegt, að sett skuli vera lög, er snerti að eins vissan flokk manna, kaupmannastjettina. En þetta er ekkert óeðlilegt, þegar þess er gætt, að þessi flokkur er aðalatvinnuveitandinn í landinu. Það er sjálfsagt, að eptir gildandi lögum eru menn skyldir að borga vinnumönnum sínum í peningum, ef þeir heimta þá borgun, svo að því leyti kann að vera óþarft að gefa svona lög; en í framkvæmdinni hefir þetta lítið að segja, því að vinnufólkið fær ekki vinnu hjá þessum vinnuveitendum, nema það skuldbindi sig til að taka vinnulaunin út í vörum og sæfti sig við hvaða kjör, sem vinnuveitandinn vill setja. Jeg hjelt annars ekki, að h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) mundi koma með þessa mótbáru, sem h. 2. þm. Rangv. (Þ. G.) var búinn að koma fram með, og jeg búinn að sýna honum fram á, að væri rammskökk. Að bændum verði gjört rangt með þessum lögum, það nær ekki neinni átt. Þeir hlytu þvert á móti að hafa hag af þeim. Því það er auðsætt, að ef verkamaðurinn fær borgun í peningum fyrir vinnu sína í kaupstaðnum, þá getur hann líka borgað með peningum það, sem hann þarf að fá hjá bændunum. Þannig yrðu lögin til þess, að veita peningastraum út um landið, eins og jeg áðan sýndi fram á.

H. 2. þm. Rangv. (Þ. G.) talaði um, að það væri varhugavert að innleiða þessa peningaborgun af því, að verkamannalýðurinn væri svo eyðslusamur. Hann leggur þá ekki peningana í sparisjóð eða á kistubotninn, þessi lýður, heldur kaupir fyrir þá innlenda og útlenda vöru, svo peningar hans komast í »circulation« í landinu, en það verður aptur til þess, að öll viðskipti manna í milli verða greiðari.

H. 1. þm. Árn. (Tr. G.) þótti það hart, að samningar, sem kæmu í bága við þessi lög, skyldu vera ógildir. Hann hefði sjálfsagt getað verið með frumv., ef það hefði verið orðað á þá leið, að kaupmenn skyldu vera skyldir til að borga verkamönnum sínum í peningum, nema öðruvísi væri um samið. En slík ákvæði eins og þetta væri til að gjöra lögin algjörlega þýðingarlaus. Ef h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) væri enn sá mikli atvinnuveitandi og verzlunarmaður, sem hann var áður, þá gæti jeg kannske skilið, að hann vildi ekki skilja þetta; en nú, þegar hann er alveg frjáls og stendur fyrir utan verzlanina, þá ætti hann að geta skilið þetta, nema ef svo er, að gamlar endurminningar frá kaupmannsskapnum blindi enn augu hans.

Það hefir sjálfsagt átt að vera háð hjá h. 1. þm. Árn. (Tr. G.), þegar hann var að tala um, að svona lög ættu að vera undantekningarlög fyrir Ísafjarðarkaupstað; en það háð hans læt jeg mjer í ljettu rúmi liggja; það er þm. meiri hneisa en mjer, að vilja ekki kannast við það, sem hann veit, að einnig verkafólk hjer í Reykjavík óskar mikillega eptir því, að svona lög geti fengið fram gang. Það er því ekki einungis á Ísafirði, þar sem jeg þekki bezt til, heldur jafnvel um allt land, sem verkalýðurinn þráir þessi lög. Mjer er það vel kunnugt, með hve miklum áhuga verkalýðurinn hjer í Reykjavík fylgdi með þessu máli, þegar það var áður til umr. á þingi. — Þm. Rvík., sem þá var (H. Kr. Friðriksson), var á móti þessu máli, sem fleiri, og er það eðlilegt, því það

eru jafnan fleiri formælendur hinna ríku og voldugu en hinna fátæku og smáu.

Jeg veit að þetta frumv. mætir megnustu mótspyrnu frá vinnuveitenda hálfu, því þeir hyggja sig munu hafa mikinn skaða af því. Setjum svo, að einn kaupmaður borgi út 30000 kr. í vinnulaun um árið til verkamanna á landi og fiskimanna á þilskipum sínum, og fyrir þessa vinnu leggur hann út vörur, sem máske hafa kostað hann að eins 18 þús. krónur, og hyggur sig þá græða mismuninn eðu 12000 kr. En hann lítur ekki rjett á þetta, því þó hann borgaði allt út í peningum, þá mundi mikið af þeim renna inn til hans aptur, ef hann á annað borð hefði vit og vilja á að gjöra verzlunina svo greiða, að menn vildu eiga viðskipti við hann og þannig hefði hann þá einnig svipaðan ágóða af þeirri verzlun, eins og af viðskiptunum nú við vinnulýð sinn. Þar að auki leggur þetta ástand óeðlilega fjötra á vinnendurna, og er því ekki að furða, þótt t. d. skipstjórar og hásetar á þilskipum fái margir ímugust á þeim atvinnuvegi.

Fleiru man jeg ekki að jeg þurfi að svara h. 1. þm. Árn. (Tr. G.), enda er jeg þess fullviss, að ræða mín hefir sannfært hann, enda þótt hann, ef til vill, ekki vilji kannast við það.

Jón Jónsson (2. þm. Eyf.): Þegar jeg bað um orðið, var það af því, að mjer datt í hug, hvort ekki mundi ráðlegt að skipa nefnd til að íhuga þetta mál, en við nánari athugun hefi jeg fallið frá þessari uppástungu, að minnsta kosti að svo stöddu, því eins og menn vita er ærið að starfa og tíminn naumur, svo að það gæti litið svo út, sem jeg vildi spilla fyrir málinu, ef jeg færi að stinga upp á nefnd, en það er alls ekki mín meining.

Það er eins um þetta mál eins og svo mörg önnur mál á þessu þingi, að jeg hefi ekki getað fengið tíma eða tækifæri til að íhuga það eða kynna mjer það nógu rækilega. En jeg þykist sjá að tilgangur og stefna frumv. sje hin bezta, og það er mjer nóg til þess, að gefa því atkv. mitt til 2. umr. Jeg tel það líka kost en ekki galla á frumv., að það nær ekki til allra atvinnuveitenda, því það gæti þá orðið að tilraunarlögum, er gætu sýnt, hvort þau leiddu til góðs eða ekki. Jeg hefi samt í fljótu bragði rekið augun í eitt atriði, sem ef til vill getur gjört þetta frumv. varhugavert. Mjer dettur í hug, að sumir kaupmenn mundu kann ske láta vinna minna en þeir nú gjöra, ef þeir yrðu skyldaðir til að greiða öll vinnulaun í peningum. Þeim þætti þá kannske ekki borga sig, að láta vinna sumt, sem þeir nú láta vinna, sumir hverjir. Að minnsta kosti þekki jeg kaupmenn, sem láta vinna ýmislegt, sem ekkert útlit er fyrir að geti borgað sig, að minnsta kosti ekki beinlínis, en þeir gjöra það sjer í lagi til þess, að útvega mönnum atvinnu, og fá um leið meiri viðskipti, af því vinnan er borguð í vörum en ekki í peningum. Að þessu leyti gæti orðið óhagur að þessum lögum.

Jeg mun samt, eins og jeg hef tekið fram, greiða atkv. með því, að þetta frumv. gangi til 2. umr., og mun við þá umr, ef til vill, stinga upp á nefnd, ef jeg verð ekki búinn að fá betri skýringar á málinu til þess tíma.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 3. umr. með 14:2 atkv.

Frv. til laga um að reglugjörð 3. maí 1743, 69. gr., og konungsúrskurður 26. sept. 1833 skuli numin úr gildi (C. bls. 273); 1. umr.

Flutningsmaður (Ólafur Briem): Það er tekið fram í 69. gr. reglugjörðar þeirrar, sem vitnað er í í fyrirsögn frumv. þessa, að þeir sem útskrifast úr

latínuskólanum eigi að greiða vissa upphæð til bókasafns skólans. Með konungsúrskurði frá 26. sept. 1833 var upphæð þessi hækkuð upp í 1 ríkisdal eða 2 krónur. Þetta gjald rann lengi fram eptir, eins og upphaflega var til ætlazt, til bókasafns lærða skólans. En síðan fjárhagsskilnaðurinn varð milli Íslands og Danmerkur, hefir fje þetta gengið beint í landssjóð, og verið skoðað sem hver annar skattur, sem þangað hefur verið greiddur.

Reikningslaganefndinni fannst það að vísu hálf- óeðlilegt, að hætt var við að láta tillag þetta ganga til skólabókasafnsins, en úr því að þetta hefir nú verið látið viðgangast í meir en 20 ár, fannst henni varla taka því að fara að breyta til, þannig, að fjenu væri varið samkvæmt hinum upphaflega tilgangi sínum; og því síður fannst henni ástæða til þess, þar sem safninu er hvort sem er árlega ætlað fje á fjárlögunum, en hins vegar fannst nefndinni það engu síður óeðlilegt að þessi skattur í landssjóð hvíldi á þeim, sem útskrifast úr lærða skólanum, og þar sem landssjóð munar því nær ekkert um þær 20—30 kr., sem hann nemur á ári, fannst nefndinni rjettast að hann væri af numinn með öllu.

ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. umr. með 18 samhlj. atkv.

Frv. til viðaukalaga við sóttvarnarlög 17. des 1875 (C. bls. 286; 1. umr.

Þórður Thoroddsen: Jeg stend ekki upp til að mæla á móti þessu frumv., heldur til þess að mæla með því. Jeg álít það mjög nauðsynlegt að taka Patreksfjörð og Seyðisfjörð upp í tölu þeirra hafna, sem nefndar eru í 1. gr. laga um sóttvarnir frá 17. des. 1875. Á báða þessa staði kemur fjöldi útlendra skipa og ákvæðið er því nauðsynlegt; bæði vegna staðanna sjálfra og skipanna, sem þangað koma, er það nauðsynlegt, að þar sje til sóttvarnarhús. Þá sýndist og ekkert á móti því að Stykkishólmur sje numinn úr tölu þessara staða; bæði er sigling þangað bæði miklu minni en til beggja hinna staðanna, og innsigling bæði löng og örðug, svo að lítil líkindi eru til að skip hleypi þangað inn.

En hins vegar get jeg ekki varizt þeirri hugsun, að jeg álít frumv. þetta tómt pappírsgagn eins og nú stendur. Í 5. gr. sóttvarnarlaganna stendur, að ráðgjafinn yfir Ísland, eða landshöfðinginn fyrir hans hönd, skuli í hvert skipti, og svo lengi sem nauðsyn er á, sjá um að í kaupstöðum þeim, sem í lögunum eru nefndir, sje til reiðu hentug hús, þar sem tekið sje við mönnum, er komið hafa sjóleiðis, og veikir sjeu af kóleru eða bólusótt, og þeim hjúkrað þar á haganlegan hátt; enn fremur er gjört ráð fyrir að amtmaður útvegi hús þetta og sjái um útbúning þess.

Mjer er nú ekki kunnugt um, að þessum lögum hafi verið framfylgt, mjer er ekki kunnugt um, að amtmaður, landshöfðingi eða ráðgjafinn hafi gjört nokkuð til að hafa slík hús til reiðu á þessum stöðum; mjer er heldur ekki kunnugt um að stjórnin hafi gjört nokkra tilraun til að fá hús til leigu í þessum tilgangi, nje heldur að hún hafi reynt að fá fje úr landssjóði til að byggja þess konar hús fyrir. Á meðan svo standa sakir, álít jeg þessi lög, hvað góð sem þau í sjálfu sjer eru, ekkert annað en pappírsgagn.

Jeg hafði áður, en frumv. þetta kom fram, hugsað mjer að koma með fyrirspurn til hæstv. landsh. um það, hvað stjórnin hefði gjört, og hvað hún ætlaði sjer að gjöra í þessu skini. En nú

gefst mjer einmitt tækifæri til að beina þessari fyrirspurn að hæstv. landsh. og óska jeg að fá upplýsingu hjá honum um afstöðu stjórnarinnar í þessu máli. Ef svo er að stjórnin hefir ekkert aðhafzt, þá gæti verið full ástæða að koma fram með þingsályktun nú á þessu þingi, er skoraði á hana, að gera gangskör að því að sóttvarnarhús verði leigð eða byggð á þessum stöðum. Að svo stöddu hef jeg ekki meira að segja, en óska að eins að heyra frá hæstv. landsh., hvað stjórnin muni hugsa um þetta mál, hvort hún ætli að gera eitthvað í því, eða hvort henni þyki það svo lítilsvert, að hún muni vilja þegja það í hel.

Landshöfðingi: Þar sem h. 1. þm. K.-G. (J. Þór.) hefir skorað á mig að svara því, hvað stjórnin hafi gjört til að framkvæma 5. grein sóttvarnarlaganna frá 17. des. 1875 um byggingu sóttvarnarhúsa, þá skal jeg svara því á þá leið, að stjórnin hefir, síðan lög þessi öðluðust gildi, farið þess á leit við þingið að veita fje til þessara bygginga. En þingið tók ekki málinu greiðara en svo, að það áleit nægilegt að hús væru leigð, þegar á þyrfti að halda, í stað þess að láta byggja þau. En í framkvæmdinni hefir þetta orðið þannig að þegar stjórnin leitaði fyrir sjer með húsnæði þessi, var sumstaðar ekkert húsnæði að fá leigt í þessu skyni, en á öðrum stöðum voru þau svo afar dýr, að betra hefði verið að byggja hús en leigja þau. Það er þessvegna ekki stjórninni að kenna, þótt fyrirmælunum um sóttvarnarhús hafi ekki verið framfylgt, þar sem hún hefir ekki haft neitt fje til þessara bygginga, en án peninga er það ómögulegt, en hvenær sem þingið leggur fje fram í þessu skyni, mun málið koma til framkvæmda.

Þórður Thoroddsen: Jeg þakka hæstv. landsh. fyrir upplýsingarnar og sje af þeim, að það er ekki eingöngu stjórninni að kenna, þótt sóttvarnarhúsin hafi ekki verið byggð, heldur einnig þinginu að nokkru leyti. En til þess hefði þó mátt ætlazt, að stjórnin hefði aptur farið fram á það við þingið að veita fje í þessu skyni, úr því ekki var hægt að leigja hús með viðunanlegum kjörum, og skil jeg ekki, hversvegna hún hefir ekki gjört það, ef hún hefir álitið húsin upphaflega nauðsynleg. Mjer finnst engin meining í því fyrir þingið að vera að samþykkja lög um þetta efni, án þess einnig að sjá um að þau komist til framkvæmda, með því að veita fje það er með þarf. Jeg sje ekki annað ráð en að knýja enn á þingið um fjárveitingu í þessu skyni og mun jeg bráðum koma fram með tillögu í því efni, og skil ekki annað en það hljóti að fá framgang.

ATKV.GR: Málinu vísað til 2. umr. með 16. samhlj. atkv.

Frumv. til laga um aðra skipun læknahjeraða á Íslandi og fleira (C. 302); 1. umr.

Guðjón Guðlaugsson: Bæði jeg og aðrir h. þingm. hafa opt fundið til þess, að starfstími þingsins er of stuttur til að búa málið svo vel og rækilega úr garði, sem æskilegt væri og þörf er á, og líta landsmenn of lítið á þetta, þegar þeir dæma galla þá, sem koma fram á ýmsum lögum síðar meir. Reyndar er mikill munur í þessu efni, um hvaða mál er að ræða, hvort það eru smámál eða stórmál, sem krefja almenna þekkingu á staðháttum landsins, svo sem prestakallalögin og lög þau, sem hjer liggja fyrir í frumv. Hvað prestakallalögin snertir, þá vitum vjer, að þrátt fyrir undirbúning þann, sem þau fengu, hefir þó ekkert þing liðið svo, síðan þau öðluðust gildi, að ekki hafi

verið kvartað yfir þeim og óskað breytinga á þeim, og er það vottur þess, að of stuttum tíma muni hafa verið varið til þeirra. Jeg hygg að eins muni fara um þetta mál, að tíminn muni reynast of stuttur, sem þingið hefir til að fjalla um það. — Vitanlega er mál þetta nokkuð undirbúið, þar sem læknafundurinn hafði það til meðferðar á síðasta sumri, sem starfaði mikið að undirbúningi þess. Auk þess var málið lagt fyrir allar sýslunefndir veturinn 1896 til þess, að þær segðu álit sitt um einstök læknahjeruð, og eptir læknafundinn sendi landlæknirinn sýslunefndunum málið aptur, svo þær gætu sagt álit sitt um tillögur fundarins. Síðan hefir stjórnin samið frumv. upp úr öllum tillögunum, og efri deild hefir samþykkt það, eptir að hafa yfirvegað það í nefnd og gjört á því töluverðar breytingar. En þrátt fyrir allan þennan undirbúning álít jeg þó ekki, að málið sje enn þá svo úr garði gjört, að ekki þurfi að breyta því í ýmsum atriðum. —

Tilgangur þingsins í hitt eð fyrra, þegar það kom með þingsályktun um að skora á stjórnina, að koma fram með frumv. um nýja skipun læknahjeraða, var sá, að gjöra kjör landsmanna betri, að því er læknishjálp snerti, með því að auka tölu læknanna, svo að allir ættu kost á viðunanlegri læknishjálp, og jafnframt að jafna læknisembættin svo, að læknum væri ekki hrúgað of þjett saman á sumum stöðum, en allt of langt væri á milli þeirra í öðrum hjeruðum. Þetta er aðal vandaverkið við frumv.

Þrátt fyrir allan undirbúning, sem frumv. hefir fengið, finnst mjer það ekki sem heppilegast úr garði gjört, hvað viðvíkur ýmsum hjeruðum, sem jeg þekki, til dæmis á Vesturlandi. Án þess að fara mikið út í einstaka liði, skal jeg að eins benda á austurhluta Barðastrandarsýslu, sem jeg er vel kunnugur í, Dalasýslu, Strandasýslu, Ísafjarðarsýslu og vesturhluta Húnavatnssýslu. Í Austur-Barðastrandarsýslu eru að eins 3 hreppar í einu læknishjeraði, og tveir þeirra mjög litlir, en aptur á móti á öll Strandasýsla að vera eitt læknishjerað, að undanteknum Bæjarhrepp, sem lagður er við vesturhluta Húnavatnssýslu. Eptir frumv. verða miklar framfarir í Barðastrandarsýslu, því hún er gjörð að 3 læknishjeruðum, aptur á móti er Strandasýsla illa sett með að eins eitt læknishjerað, sem er 5 stórir hreppar, í samanburði við læknishjeraðið í Austur-Barðastrandarsýslu, sem er að eins 3 hreppar og 2 þeirra litlir. Strandasýsla græðir því ekki neitt á þessu frumv., þar sem hún áður hefir haft aukalækni eptir fjárlögunum, en Bæjarhreppur í Strandasýslu tapar stórum, og þar verður fullkomin apturför, en jeg ímynda mjer að tilgangur frumv. sje ekki að láta hjeruðin tapa þeim litla rjetti, sem þau hafa haft. Bæjarhreppur er nú sameinaður aukalæknishjeraðinu í Dalasýslu, en eptir frumv. á hann að sameinast læknishjeraðinu í vesturhluta Húnavatnssýslu, og verður læknissetrið í því hjeraði að öllum líkindum norður í Víðidal. — Bæjarhreppsmenn verða því að sækja til læknis fyrst yfir eða inn fyrir Hrútafjörð, þá yfir Hrútafjarðará, Hrútafjarðarháls, Miðfjarðará og Miðfjarðarháls; en nú hafa þeir að eins að sækja yfir Laxárdalsheiði, svo þetta yrði mikil apturför, og jeg er viss um, að ef slíkt gengi fram, þá liði ekki eitt einasta þing svo, að ekki kæmu bænarskrár úr Strandasýslu um breytingar í þessu efni. Þessum bendingum skýt jeg til nefndar þeirrar, sem væntanlega verður kosin í málið. — Tala læknanna yrði

eptir frumv. þessu 41, en nú sem stendur eru 20 aðal-læknahjeruð og 16 aukalæknahjeruð, eða alls 36 á pappírnum. Viðbótin eptir frumv. yrði því 5 ný læknahjeruð. Þó þetta sje ekki mikið, er það þó svo mikið, að hvergi ætti að vera apturför frá því, sem áður var, eða verra að ná til læknis en áður. — Auk þess verða sum læknishjeruðin stækkuð, því aukalæknum hefir verið fleygað inn á milli hjeraðslæknanna óþarflega þjett á sumum stöðum, og ímynda jeg mjer, að því síður þurfi að verða apturför á öðrum stöðum, þegar þetta er jafnað, og vona að þingdeildin sýni í þessu fulla sanngirni, þar sem mistellur þessar eru auðsjáanlega sprottnar af ókunnugleika.

Eptir frumv. er launum læknanna skipt niður í 4 flokka. Þessi stefna er heppileg, að hafa flokkana svona marga, því ekkert er móti því, að sum hjeruð sjeu nokkuð lágt launuð, og að ungir menn sjeu þar við nokkuð lægri laun, á meðan þeir eru að reyna að koma á sig orði, svo þeir síðar geti fengið betri embætti, þar sem vjer einnig verðum að gæta þess, að um leið og vjer aukum tölu læknanna, verðum vjer að reyna að spara landssjóði fje. En viðvíkjandi laununum, vil jeg leiða athygli hinnar h. deildar að því, að ekki er rjett að láta lægstu launin lenda á þeim hjeruðum, sem eru erfiðust og óútgengilegust, því þá fá þau engan lækni, því betra er að vera í litlu og hægu hjeraði með lágum launum, en í stóru og erfiðu. Jeg vil taka til dæmis Hesteyrarhjerað, sem sett hefir verið í 4. flokk með 1300 króna launum, og þetta er, úr því til eru hjeruð með 1500, 1700 og 1900 króna launum, sama sem að segja við innbúa Sljettuhrepps og Grunnavíkurhrepps: »Þið fáið aldrei neinn lækni, fyr en öll önnur læknishjeruð eru full, og þá ekki annað en eitthvert úrkast«, því jeg er viss um, að þetta hjerað yrði einna seinast til að fá lækni, þó það yrði með töluvert hærri launum en frumv. tekur til.

Þessum bendingum leyfi jeg mjer að beina til hinnar tilvonandi nefndar, því mjer finnst sjálfsagt, að þó nefnd væri kosin í málið í efri deild, þá sje einnig kosin fjölmenn nefnd hjer í deildinni, og er nauðsynlegt, að þannig sje kosið, að í henni sjeu menn, sem kunnugir eru í öllum fjórðungum landsins.

Klemens Jónsson: Jeg sting upp á að kosin sje 5 manna nefnd í málið.

Þorlákur Guðmundsson: Með sjerstöku tilliti til bendinganna frá h. þm. Strand. (Guðj. G.) vil jeg stinga upp á 7 manna nefnd, svo í henni geti orðið menn úr sem flestum hjeruðum landsins, því þetta mál útheimtir kunnugleik um land allt.

ATKV.GR.: Samþykkt að kjósa 7 manna nefnd með 12 atkv.

Kosningu hlutu:

Pjetur Jónsson	með	16	atkv.
Einar Jónsson	—	13	—
Guðjón Guðlaugsson	—	13	—
Þórður Thoroddsen	—	13	—
Jón Jónsson, þm. A.-Sk.	—	12	—
Sighvatur Árnason	—	9	—
Skúli Thoroddsen	—	9	—

1. umr. frestað.

Tillögur yfirskoðunarmanna við landsreikningana 1894 og 1895 (C. bls. 278, 273); fyrri umr.

Flutningsmaður (*Ólafur Briem*): Jeg get lýst því yfir fyrir hönd reikningslaganefndarinnar, að verk hennar í þetta sinn hefir verið auðvelt, þar sem landsreikningarnir eru svo vel úr garði gjörðir, og eru tillögur hennar því fáar og ekki efnismiklar.

Við 1. tillöguna, sem fer fram á að skemmd frímerki og brjefspjöld, er fylgja

póstreikningunum árlega, verði eyðilögð, um leið og yfirskoðun landsreikningsins er lokið, skal jeg geta þess, að fram að árinu 1880 hafa slík skemmd frímerki verið eyðilögð, en síðan hafa þau verið geymd með póstreikningunum. Nú hafa yfirskoðunarmennirnir hreyft því, hvort landssjóður ætti að gjöra sjer fje úr þeim, með því að selja þau með afföllum, en nefndin álítur það naumast ómaksins vert, þar sem prentunarkostnaður frímerkjanna er tæpir 6 aurar fyrir örkina (100 frímerki), og leggur nefndin því til, að hin skemmdu frímerki verði eyðilögð, en liggi ekki við póstreikninginn, þar sem þau eru skoðuð verðlaus og einskis virði.

2. till. fer fram á, að landsreikningnum fylgi framvegis skýrsla um frímerkjabirgðir þær, sem geymdar eru á landshöfðingjaskrifstofunni. Jeg skal geta þess, að þar sem skýrsla þessi er samin árlega, þá fellst ekki annað í tillögunni, en að eptirrit hennar sje látið fylgja landsreikningnum.

3. tillagan og tvær hinar næstu snerta vegabótareikningana. Fer hún fram á, að hinir árlegu vegakostnaðarreikningar verði ljóst og skipulega samdir og endurskoðaðir á tilhlýðilegan hátt, en það hefir komið fyrir að reikningar yfir hinar smærri vegagjörðir hafa ekki verið greinilegir og að eins verið endurskoðaðir af vegfræðing landsins. En nú er það tillaga yfirskoðunarmannanna, að allir þessir reikningar verði einnig endurskoðaðir af hinum umboðslega endurskoðanda.

4. tillagan fer fram á, að andvirði fyrir seld vegabótaáhöld landssjóðs sje tilfært tekjumegin í landsreikningnum, en ekki dregið frá kostnaði til vegabóta. Þessi tillaga snertir því að eins formið á landsreikningnum, og miðar til þess að reikningurinn beri með sjer, hvað miklu fje hafi verið varið til vegabóta á ári hverju, svo hægt sje að fá ljóst yfirlit yfir það.

5. tillagan er lík að því leyti, að hún miðar til þess að fá gleggra yfirlit og fer hún fram á, að landsreikningnum fylgi eptirleiðis nákvæm skrá yfir vegabótaáhöld landssjóðs og skýrsla um vegagjörðir þær, sem framkvæmdar eru á ári hverju. Reyndar á vegfræðingur landsins að halda skrá yfir öll vegabótaáhöld landssjóðs, hvað gengur úr og hvað bætist við á ári hverju, en sú skrá þarf að fylgja landsreikningnum, svo það sjáist, hvað úr gengur af áhöldum þessum.

Hvað skýrslu um hinar unnu, árlegu vegabætur snertir, þá hefir slík aðalskýrsla ekki verið samin, en nefndin álítur það sízt ofætlun fyrir vegfræðinginn að semja hana, enda gæti það opt verið fróðlegt og þægilegt að hafa slíka skýrslu við höndina.

6. tillagan fer fram á að málssókn sje hafin gegn prestum þeim, er eigi standa landssjóði skil á árgjöldum af brauðum sínum. Þetta er að eins endurtekning á tillögu, er samþykkt var á þinginu 1893, og virðist hún vera nauðsynleg, þar sem opt kemur fyrir, að landssjóður á töluvert fje útistandandi hjá prestum, sem eiga að gjalda árgjald af brauðum sínum. Auk þess sem það er skaði fyrir landssjóð að eiga slíkt fje útistandandi arðlaust, getur það jafnvel komið fyrir, að fjeð tapist með öllu, og frá sjónarsviði presta er bezt að gjalda jafnóðum, því það er meiri ervíðleikum bundið að svara afgjaldinu, þegar það hefir safnazt saman um mörg ár, og upphæðin er orðin mikil.

7. tillagan fer fram á, að eign landssjóðs í aðalfjehirzlu ríkisins sje gjörð arðberandi fyrir landsjóðinn. Í landsreikningnum fyrir árin 1892—1893 kom það fram, að landssjóður ætti þó nokkra upphæð í ríkissjóði, og því var því

hreyft af reikningslaganefndinni 1895 að óþarft væri að láta þessa upphæð standa arðlausa, án þess þó að þá kæmi fram bein till. í þá átt. Nú kemur bein tillaga frá yfirskoðunarmönnunum, að þetta fje skuli gjört arðberandi. Hjer er ekki um svo litla upphæð að ræða, þar sem peningaeign landssjóðs í aðalfjehirzlu 31. des. 1895 var 282,286 kr. og vextirnir gætu því numið talsverðu, þó ekki væri gert ráð fyrir hárri leigu. En auðvitað má ekki festa fjeð um lengri tíma, þar sem það þarf að vera handbært fyrir landssjóð, hvenær sem hann þarf á því að halda.

ATKVÆÐAGR.: 1. till. samþ. með 18 atkv. gegn 1.

2. till. samþ. með 19 samhlj. atkv.

3.—5. till. samþ. í e. hlj. hver um sig.

6. till. samþ. með 19 samhlj. atkv.

7. till. samþ. í e. hlj.

Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til síðari umr. í e. hlj.

Tillaga til þingsályktunar um að afnema konunglega staðfestingu á stofnskrá prentsmiðjusjóðs norður- og austuramtsins (C. bls. 262); hvernig ræða skuli.

ATKVÆÐAGR.: Samþ. í einu hljóði að hafa eina umr.

Frumv. til laga um breyting á lögum um lausafjártíund 12. júlí 1878 (C. bls. 280, 320); 3. umr.

Framsögumaður (Guðjón Guðlaugsson): Jeg hef borið frumv. undir meðnefndarmenn mína og hefir oss komið saman um að það væri gott. Það hefir inni að halda nauðsynlegar skýringar á tíundarlögunum, sem orðið hafa að fótakefli þeim, sem átt hafa að framkvæma lögin. Vona jeg því að deildin samþykki frumv.

Um breyt.till. á þingskj. 234 (C. bls. 320) hefir nefndin ekki talað í sameiningu, en jeg fyrir mitt leyti er hvorki með henni nje mót, og gildir mig því einu, hvort hún er samþykkt eða ekki.

Einar Jónsson: Jeg álít að það eigi ekki að standa á sama, hvort breyt.till. er samþykkt eða ekki; því að ef frv. er samþykkt, eins og það er, og vjer fellum frá fullri tíund allar kýr, sem ekki eiga að bera á tímabilinu frá miðjum október til febrúarmánaðarloka, þá er jeg hræddur um, að helzt til margar falli úr fullri tíund. Að minnsta kosti er það tíðkanlegt á Austurlandi, að láta kýr bera allt að mánuði fyrir vetur, og þykir beztur burður á þeim, ef þær eiga að bera hálfum mánuði fyrir vetur eða jafnvel nokkru fyr, en það verður fyrir miðjan október. Þess ber og að gæta, að margur maður hefir þá venju, að láta kýr bera á ýmsum tímum árs og þykir það hagur; sumir t. d. láta sumar kýr vera sumarbærar, af því að þeir telja sjer það hag. En ef frumv. stendur óbreytt, mundu allar þær kýr falla úr tíund. Jeg legg því til að breyt.till. fái að standa og verði samþykkt, þótt mjer að vísu þyki hún að sumu ófullkomin; jeg felldi mig betur við breyt.till. frá sömu mönnum, er hjer var felld við 2. umr.

Jeg vil í sambandi við þetta mál mótmæla orðum h. 2. þm. Árn. (Þorl. G.), er hann í dag talaði um tíundarsvikin og kvað þau afarmikil vera víða. Það mætti af orðum hans draga þá ályktun, að tíundarsvik væru almenn á landinu; en jeg vil álíta að það sje ekki satt, og vil ekki ætla svo illt um þjóð mína, nje álíta að eptirlitsleysið sje svo mikið; að minnsta kosti þori jeg að fullyrða, að það er ekki venja á Austurlandi eða mikil brögð að því þar, þar sem jeg þekki til; jeg þekki hrepp á Austurlandi, þar sem segja má að talin sje fram hver skepna. Jeg leyfi mjer því að undanskilja mitt hjer-

að frá ummælum h. 2. þm. Árn. (Þorl. G.) (*Jón Jensson:* Þetta kemur ekki þessu máli við).

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg mæli eindregið á móti breyt.till., því að hún kemur í bága við alla forna venju; frá elztu tímum hefir það verið siður að kalla að eins þá kú hundraðsgilda, sem borin er fyrir Eldbjargarmessu (7. jan.). Það er töluverður munur á því, hvort kýrin ber snemma vetrar, eða ekki fyr en á sumarmálum, eða ef til vill ekki fyr en í fardögum. Það væri röskun á grundvellinum fyrir skattalöggjöfinni, og sú röskun svo vanhugsuð, að þetta yrði að eins breyting til hins verra; hún sýnir glögglega að formælendur hennar hafa eigi hugsað um, á hverjum grundvelli þessi skattalög hvíla.

H. þm. N.-Múl. (E. J.) var að bera í bætifláka fyrir tíundarsvikin, sjerstaklega vildi hann hafa sitt hjerað undanskilið. Það er nú tilgangslaust að vera að afsaka sitt hjerað frekar en annað; þetta mun víðast um land vera að færast í lag, en ekkert fremur í hans hjeraði, en í öðrum hjeruðum. Það mun t. d. hafa verið, í öllu falli sumstaðar í hans hjeraði, venja, að telja jafnmargar ær lambsgotur, eins og lömb hafa tapazt milli hreppskila, en heyrt hefi jeg, að þar hafi það komið fyrir, að vanhöld hafi verið að haustlagi talin á fleirum ám, en til voru að vorlagi, og er það, ef satt skyldi vera, slæmt vitni móti h. þm. N.-Múl. (E. J.). Annars kemur þetta ekki málinu við; en jeg mæli sterklega á móti breyt.-till., því að hún raskar hinum forna grundvelli og er ástæðulaus.

Þorlákur Guðmundsson: Mjer kom það óvart að h. 1. þm. N.-Múl. (E. J.) skyldi fara að blanda orðum mínum, þeim, er jeg talaði í dag, saman við þetta mál, en að öðru leyti má mjer á sama standa, hvar hann kom því að. Það getur verið að það sjeu engin tíundarsvik í hans hjeraði, en hins vegar efast jeg um að hann sje svo kunnugur í heilu kjördæmi, að hann geti sagt það með vissu. En ef fleiri þingmenn eru á öðrum skoðunum, hvað þetta snertir, — og það munu þeir vera —, þá er sannarlega þörf á að kippa þessu í lag. Og það veit jeg, að töluverð brögð eru að þessu á Suðurlandi, en nú að gefnu tilefni frá 1. þm. Rangv. (Sighv. Á.) skal jeg geta þess, að jeg talaði t. d. við mann í dag, sem sagði mjer, að hann þekkti bónda í Rangárvallasýslu, sem að eins hefði talið fram 8 ær til tíundar, en átti þó 70. Tíundarsvik eru sama sem tollsvik og í hæsta máta siðspillandi.

Þórður Guðmundsson: Jeg er alveg samdóma h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) um það, að breyt.till. er til stórlegs spillis; það er mikill munur á því fyrir bóndann, hvenær kýrin ber, enda sýnir verðlagsskrár-textinn það ljóslega, að slíkt hefir lengi verið viðurkennt, enda hefir h. þm. greinilega sýnt fram á, að hún raskar þeim grundvelli, sem tíundin er byggð á.

Mjer þykir ekki að vísu við eiga að fara að tala um tíundarsvik hjer nú, en jeg vildi að eins bera af mínu kjördæmi ummæli h. 2. þm. Árn. (Þorl. G.). Jeg veit ekki til að þar eigi sjer meiri tíundarsvik stað, heldur en annarstaðar, heldur þvert á móti, enda sýnir það sig, þar sem Rangárvallasýsla mun vera sú hæsta í tíundarframtali á landinu, og jeg þekki ekki til þess, að nokkur maður þar hafi að eins talið fram 8 ær af 70. Þótt tíundarframtal manna kunni ekki alstaðar að vera svo gott sem æskilegt væri, þá er þó hitt víst, að það hefir batnað mjög í seinni tíð.

Þjetur Jónsson: Jeg kom ekki með breyt.till. í þeim tilgangi, að hún hefði þessar afleiðingar í för með sjer. Sízt af öllu kom mjer til hugar að h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) myndi eins og stóreflis flugdreki steypa sjer yfir þessa litlu flugu, breyt.till. Hann sagði að hún væri vanhugsuð. En hvernig hafði hann heimild til þess? Ef hann hefði sjálfur hugsað hana, hefði hann getað um það sagt. Um burð á kúm hefir h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) sína búmannsreynslu; það efast jeg ekki um; en jeg hef og mína eigin reynslu og sömuleiðis reynslu í mínu hjeraði um það, hvernig kýr eru lagðar í tíund. Það kann að vera svo, að sumir telji einungis þær kýr í fullri tíund, sem eptir verðlagsskránni eru leigufærar. En jeg fyrir mitt leyti get sagt það, að sú kýr, sem gerir mjer mest gagn, ber ekki á þeim tíma, svo að hún yrði talin í fulla tíund.

Og það vil jeg segja, að þó núverandi tíundarregla sje gömul, þá eru það engin meðmæli og engin sönnun fyrir því, að ekki sje þörf á breytingu í þessa átt; því einmitt það, að reglan er hundgömul, bendir á að hún sje úrelt.

Halldór Daníelsson: Jeg ætla nú ekki að fara að hlaupa upp til handa og fóta, þótt jeg heyri nefnd tíundarsvik, og finnst mjer að h. þingdm. ættu ekki að taka þau ummæli, sem hjer hafa fallið í dag, svo óstinnt upp. Jeg ætla heldur ekki að fara að halda neinar forsvarandi lofræður um þau hjeruð, þar sem jeg þekki til. Raunar munu nú tíundarsvikin vera mjög miklum mun minni, en fyrir nokkrum árum; þrátt fyrir það, mun það ekki um skör fram, þótt landsstjórninýti við mönnum með að tíunda betur.

Mjer þykir h. þm. taka ummælin of óstinnt upp, því það veit jeg, að víða hefir kveðið talsvert að tíundarsvikum, og ef mig minnir rjett, þá var maður nokkur nýlega dæmdur fyrir tíundarsvik með landsyfirrjettardómi. (*Kl. J.*: í Suður-Múlasýslu). Ein ástæðan til tíundarsvikanna var sú, að áður var það siður að nota ríka menn eina fyrir hreppstjóra. Þessir ríku hreppstjórar töldu svo ekki allt fram og aðrir fylgdu svo dæmi þeirra. En nú er þetta allt á annan veg; nú geta allir orðið hreppstjórar, hvort sem þeir eru ríkir eða ekki, ef þeir að eins eru hæfir til þess.

Þetta, ásamt batnandi hugsunarhætti og vaxandi siðferðismeðvitund, er nú óðum að útrýma tíundarsvikum.

ATKVÆÐAGR.: Breyt till. felld með 12 : 5 atkv.

Frumv. í heild samþ. með 17 samhlj. atkv. og afgr. til Ed.

Tuttugasti og fjórði fundur, miðvikudag 28. júlí, kl. 12 á hádegi. — Allir á fundi.

Frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands 5. janúar 1874, 1. gr., 2. gr., 3. gr., 25. gr., 34. gr. og 2. á-kvörðun um stundarsakir (C. bls. 269, 259, 286, 321); 2. umr.

Framsögumaður meiri hlutans (*Klemens Jónsson*): Jeg hef nú í rauninni litlu að bæta við það, sem jeg tók fram við 1. umr.; því jeg álít, að jeg þar hafi tekið fram allt, sem hægt var um málið að segja frá almennu sjónarmiði. Það virðist undarlegt, að engar breyt.-till. hafa komið fram, fyrir utan breyt.-till. minni hlutans, nema frá tveimur þm., og þeir eru báðir í meiri hl. nefndarinnar, og kann það að benda til, að eigi hafi verið sem bezt samkomulag í nefndinni.

Jeg skal þá snúa mjer að hinum einstöku greinum og er þá fyrst um 1. gr.

að ræða, þá grein, sem jeg hef tekið fram áður um að væri aðalundirstaða fyrir þeirri miðlunarleið, sem hafin hefir verið. Minni hlutinn (V. G.) fer fram á, að hún sje felld burtu; og er það eðlilegt frá hans sjónarmiði, en jeg hefi áður tekið það greinilega fram, að falli þessi grein, þá sje þar með kippt í burtu grundvellinum undir hluttöku meiri hlutans í þessu máli, og verð jeg því fastlega að ráða til, að fella þessa breyt.till. minni hlutans.

H. þm. N.-Þing. (B. Sv.) leggur það til, að 1. gr. stjórnarskrárinnar með þessari viðbót sje tekin upp í frv. í heilu lagi; menn sjá að hjer er eigi um neina efnisbreyting að ræða, heldur að eins formspursmál, og það sama hefir vakað fyrir h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.), þar sem hann á þskj. 203 fer fram á að 8. gr. stjórnarskrárinnar sje tekin upp í heilu lagi, með þeirri viðbót, sem hinn h. minni hluti stingur upp á, en eigi að eins viðbótin sjálf. Eptir minni þekkingu á því, hvernig breytingar á grundvallarlögunum eru bornar upp á ríkisþingi Dana, þá verð jeg að álíta það rjettast form, að taka gr. upp í einu lagi, og fellst því á þessa breyt.till. h. þm. N.-Þing. (B. Sv.) við 1. gr.

Það, sem kom nefndinni til að taka eigi upp 1. gr. í heilu lagi, var það, að nefndin vildi forðast að taka upp tilvitnunina í stöðulögin 3. gr. og eins og þar með viðurkenna gildi sjerstaklega þessarar greinar, sem telur upp sjermál Íslands, og ávallt hingað til hefir þótt óhæfa að vitna til. Á móti þessu stríðir það eigi, að meiri hlutinn hefir í 4. gr. frumv. tekið upp tilvitnun í 5. gr. stöðulaganna, því engum Íslending hefir nokkru sinni dottið í hug að vefengja gildi þessarar greinar, sem að eins leggur Danmörku skyldu á herðar. Að öðru leyti legg jeg ekki mikla áherzlu á, hvort vitnað er í stöðulögin eða ekki, og get ekki sjeð að mikið sje í húfi, þótt þessi tilvitnun sje tekin upp í frumv., og þar sem það er einmitt hinn sami þm., sem ávallt hefir barizt á móti gildi stöðulaganna, sem nú kemur með tilvitnunina, þá getur því síður verið ástæða til að hafna 1. gr. þannig orðaðri.

Ennfremur aðhyllist jeg 4. breyt.till. h. þm. N. Þing (B. Sv.), að í staðinn fyrir orðið »ákvæði« komi »ákvörðun«, því þessi breyt.till. er komin fram eptir bendingu minni við 1. umr.

Hvað 2. gr. frv. snertir, þá er þar framkomin breyt.till. frá h. þm. N.-Þing. (B. Sv.), sem jeg verð að segja að jeg furða mig á, nfl. sú, að orðin: »og verður að skilja og tala íslenzka tungu« falli burt. Það var ýtarlega tekið fram í umr. um frumv. h. þm. Vestm. (V. G.), að þó skipaður væri sjerstakur Íslandsráðgjafi, þá væri engin bót í því, nema hann skildi og talaði íslenzku, og þyrfti þess vegna naumast að gjöra ráð fyrir öðru. En sje þessu ákvæði haldið, þá er þó fyrst full vissa fengin fyrir, að Íslendingur verði skipaður ráðgjafi. Að minnsta kosti er þá fengin nokkurs konar vissa fyrir því, að þó að danskur maður verði Íslandsráðgjafi, að hann tali og skilji íslenzku, og hlýtur því að hafa sett sig inn í málefni Íslands, og kynnzt þjóðarháttum og þjóðareðli Íslendinga. Jeg verð þess vegna að mæla fastlega á móti þessari breyt.till.

Þá er að minnast á breyt.till. h. minni hluta við 3. gr., þar sem í nefndarfrv. stendur: »konungur eða neðri deild alþingis getur kært ráðgjafann fyrir embættisrekstur hans«, þá vill hann breyta því á þessa leið: »alþingi kemur fyrir sitt leyti ábyrgð fram á hendur ráðgjafanum«. Það, sem kom meiri hlutanum til að setja neðri deild til að hafa ákæruvaldið, var auk þess, sem þetta

er í samræmi við 14. gr. hinna dönsku grundvallarlaga, sem heimilar fólksþinginu ákæruvaldið, eins og landsþingið eptir 68. gr. hefir dómsvaldið, þá er svo ráð fyrir gjört, að hjer komi innlendur pólitískur dómstóll, landsdómur, sem sjálfsagt verður að nokkru leyti skipaður efri deild, en sje það tekið fram nú þegar, að allt þingið, þ. e. sameinað þing, hafi ákæruvaldið, þá er loku fyrir þetta skotið, og erfiðara að breyta þessu á eptir. Þar að auki liggur í orðunum »fyrir sitt leyti« hugmyndin um, að annað ákæruvald sje við hliðina, sem sje fólksþingið, er ákært geti ráðgjafann fyrir brot, framkvæmd í ríkisráðinu. Nefndin verður því að halda þessari till. sinni fast fram.

H. þm. Vestm. (V. G.) hefir enn komið fram með breyt.till. um atriði, sem upphaflega stóð í frumv. hans, n.fl. að ekki sje skylda að kveðja til aukaþings, þegar alþingi hefir samþykkt stjórnarskrárbreyting og alþingi hefir verið leyst upp samkvæmt 61. gr. stjórnarskrárinnar.

Jafnvel þó svo mætti líta á, að ekkert væri á móti þessu, sem jeg þó verð að telja, eins og áður hefir komið fram, þá stendur þessi breyting eigi í neinu sambandi við hinar aðrar breyt., og er því allsendis óþörf, og fer út yfir aðalgrundvöll frumv., tillögur hæstv. landsh. Ef farið væri út í slíkar breytingar, þá mundu ýmsar aðrar breyt. koma fram, sem þm. gjarnan vildu koma að; en aðalprincipið hefir verið það hjá nefndinni, að fara ekki í neinu verulegu út fyrir till. hæstv. landsh.

H. þm. Vestm. (V. G.) hefir enn gjört breyt.till. við 5. gr., sem fer fram á að ráðgjafinn geti einnig haft annan mann við hlið sjer á alþingi. Það þarf nú eigi að taka það fram, að aðalkosturinn við þennan ráðgjafa er sá, að hann mæti á þinginu og semji við það, þá fyrst er fengin trygging fyrir því, að hann mæli fram með þeim lögum til staðfestingar, er hann hefir komið sjer saman um við þingið. Þungamiðjan er því einmitt seta ráðgjafans á þinginu, og sje eigi beinlínis hægt að skylda ráðgjafann til að sitja á þinginu, eins og í Belgíu, þá ætti þó að minnsta kosti ekkert að koma fram, er eins og benti ráðgjafanum á, að hann þyrfti eigi að mæta þar, en verði þessi breyt.till. samþ., þá getur það virzt vera eins konar bending til ráðgjafans um að hann þurfi ekki að mæta á alþingi, nema með höppum og glöppum, og þar sem þetta verður ekki ákveðið nema með sterkari orðum en meiri hlutinn hefir gjört, virðist óþarfi að gefa ráðgjafanum undir fótinn í þá átt.

Þetta gildir þó enn meir móti breyt.-till. h. þm. N.-Þing. (B. Sv.) um sjerstakan mann við hlið landsh. Þetta er svo samkvæmt hinni gildandi stjórnarskrá, án þess að það hafi nokkru sinni verið notað svo jeg viti, og sýnir það bezt, hve ópraktiskt þetta ákvæði er. Yfir höfuð virðist alþingissetu ráðgjafans eiga að vera bundin sem fæstum skilyrðum, svo að hann eigi, nema brýn ástæða beri til, sjúkdómsforföll eða þessbáttar, geti skotið sjer undan að mæta á þingi,

Hvað loks viðvíkur 6. breyt till. minni hlutans, þá er hún eðlileg afleiðing af hinni 3. breyt.till. hans, og hlýtur því að standa og falla með henni.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál að sinni. Jeg hef áður tekið fram allt, sem hægt var að segja um það frá almennu sjónarmiði, býst líka við að bæði h. minni hluti (V. G.) og h. þm. N.-Þing. (B. Sv.) og fleiri muni taka til máls og muni mjer þá gefast kostur á að fara út í fleiri atriði eða tala frekar um þau.

Benidikt Sveinsson: Jeg er h. fram-

sögum. (Kl. J.) þakklátur fyrir, að hann vill greiða atkvæði með fyrstu breytingartill. minni á þingskj. 235, því að það er einmitt hún, sem jeg legg mesta áherzlu á, og það af þeim ástæðum, sem h. framsögum. (Kl. J.) tók fram í ræðu sinni, og þarf jeg því ekki að fara mörgum orðum um það atriði; þó skal jeg taka það fram máli hans til styrkingar, að það er hverjum skynjandi manni ljóst, að tilvitnanin í stöðulögin getur ekki sakað, því að það sjer hver heilvita maður, að þegar vjer erum að byggja rjett vorn á stöðulögunum, eður vitna til þess, sem þar er viðurkennt, þá getur tilvitnanin í þau eigi haft meira yfirgrip en atriði það, sem um er verið að ræða, eða tilvitnanin miðar sig við.

Um breytingartill. mína við 2. gr. er það að segja, að jeg gjörði hana meir til athugunar, en af því, að jeg vilji halda henni fast fram, því að orðin í frumv. »og verður að skilja og tala íslenzka tungu« gætu skilizt svo, eins og oss kæmi til hugar, að slíkt væri ekki alveg sjálfsagt. Það, sem annars kom mjer einkum til að koma með breytingartill., var það, að mjer fannst vjer með þessum orðum vera að gefa konungi vorum eins konar instrux, — og það að óþörfu, því að mjer finnst ómögulegt annað, en að sjerstakur Íslands ráðgjafi, sem á að mæta á alþingi Íslendinga, hljóti að tala og skilja íslenzka tungu til hlítar. Ef mjer dytti í hug, að annað gæti orðið uppi á teningnum, þá hefði mjer ekki komið til hugar, að koma með breytingartillögu mína.

Viðvíkjandi breytingartill. minni við 5. gr. tók h. framsögum. (Kl. J.) það fram, að líkur galli væri á henni og á breytingartill. h. þingm. Vestm. (V. G.) um sama efni; en það er sá stóri munur á þessum tveim breytingartill., að mín breytingartill. fer fram á, að ráðgjafinn geti ekki sent einhvern annan í sinn stað til að mæta á þingi, þegar hann er forfallaður, heldur verði hann jafnan annað hvort að mæta þar sjálfur, eða láta landshöfðingjann mæta fyrir sína hönd og upp á sína ábyrgð. Jeg vil nema burtu þennan óákveðna millilið milli ráðgjafans og þingsins. — Slíkir milliliðir geta verið ærið viðsjálir og hættulegir; h. þm. Vestm. (V. G.) hefir minnt oss á, að þeir geta komið fram eins og illur veftur í vaðmáli, að jeg ekki segi meir, og til að draga úr ábyrgð ráðgjafans eður landshöfðingjans í hans stað.

Breytingartill. mín gerir að eins ráð fyrir, að ráðgjafinn geti sent mann, er sje við hlið landshöfðingjans á alþingi, án þess þó að rýra vald hans í nokkru.

Þó skal jeg taka það fram, að mjög mikið kappsmál er mjer ekki þessi breytingartill. mín, og sízt vil jeg, að hún valdi sundrungu. — Hjer er um engan tilgangsmun að ræða hjá mjer og h. meiri hluta; spurningin er að eins um það, hvort mín aðferð eða aðferð h. meiri hluta muni reynast heppilegri til þess að knýja ráðgjafann annaðhvort til að mæta sjálfan á þingi eða þá láta landshöfðingja mæta þar á sína ábyrgð. Jeg bið h. deild að íhuga, hvor heppilegri muni vera, tillaga mín um þetta eða tillaga h. meiri hluta.

Að svo svo stöddu finn jeg ekki þörf á að fjölyrða um málið.

H. framsögum. (Kl. Jónss.) hefir tekið fram, það sem fram þurfti að taka, gagnvart h. minni hluta; og eigi mun jeg lengja umræður um mál þetta í dag, nema mjer gefist sjerstakt tilefni til þess.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg ætla að dæmi þeirra, sem talað hafa í þessu

máli, ekki að tefja tímann með langri ræðu. Jeg get lýst ánægju minni yfir því, að mjer finnst málið nú komið í það horf, að um það sje talað með stillingu og alvörugefni og fullri tilfinningu fyrir ábyrgð þeirri, er meðferð þess hefir í för með sjer. Þetta hefir mjer fundizt liggja í loptinu hjer í deildinni, síðan umræður hófust, og gleður það mig stórum, og gefur mjer von um happasæl afdrif málsins. Það má segja að stjórnarskrármál vort sje nú á vænlegra stigi, en það hefir verið nokkru sinni fyr, síðan stjórnarskráin var oss gefin, og að aldrei hafi verið jafnmiklar líkur til að fá enda á stjórnarbaráttu þeirri, sem nú hefir staðið um hálfan annan áratug, þeirri baráttu, sem bæði þjóð og stjórn óskar að fá sem fyrst enda á.

Það, sem kom mjer til að tala nú, var bæði það, að jeg á hjer breyt.till., sem jeg vildi fara nokkrum orðum um, og eigi síður hitt, að í raun og veru mun það lýðum ljóst, að afstaða mín í máli þessu er eigi að öllu leyti hin sama, sem afstaða hinna annara meiri hluta manna, eins og h. framsögum. (Kl. J.) hefir skýrt frá henni.

Í flestum aðal-atriðunum er jeg samdóma h. meiri hluta, en þó tek jeg það fram, að ástæður þær, sem meiri hlutinn hafði til að haga einstökum atriðum í frumv. sínu á þann veg, sem hann gjörði, voru ekki ástæður fyrir mig til þess; jeg á þar sjerstaklega við eitt af aðal-atriðum málsins, það er að segja 1. gr. frumv.

Þar kemur fram sú þýðingarmikla spurning, hvort það hafi verið óhjákvæmilega nauðsynlegt, að taka þá grein upp í frumv. Jeg tók það fram í nefndinni, að það sem mælti með því, að taka þessa grein upp í frumv., væri það, að þar sem ráðgjafinn nú væri nýbúinn að láta svo ótvíræðlega uppi skilning sinn, í brjefi sínu í vor, á nauðsyninni á því, að sjermál Íslands væri borin upp í ríkisráðinu, þá gæti verið ástæða til, að láta koma fram jafnótvíræð mótmæli gegn þessum skilningi, eða öllu heldur misskilningi hans, nú í þessu frumv. En frá stjórnskipulegu sjónarmiði álít jeg þó ekki fulla nauðsyn til þessa, og það af sömu ástæðum og h. þm. Vestm. (V. G.) hefir fært til, af þeim ástæðum, að það sem er skýlaus og tvímælalaus rjettur vor, það þurfum vjer eigi að lögfesta oss með nýrri lagasmíð.

Vjer viðurkennum að engu leyti rjett Íslandsráðgjafa til að sitja í ríkisráði Dana og bera þar upp Íslandsmál, þótt vjer eigi mótmælum því með berum orðum í stjórnarskrárfrumv. voru, og þótt vjer beygjum oss fyrir því valdi, sem vjer getum ekki ráðið við.

Þetta atriði snertir þannig fremur form málsins en efni þess, og því vildi jeg ekki, að það yrði að klofningsatriði milli mín og annara samnefndarmanna minna; það er enginn ágreiningur okkar á milli um það, hve óheppilegt það er, að ráðgjafinn beri upp Íslandsmálin í ríkisráðinu, og að engin lagaheimild sje til þess. En það getur verið mjög mikið spursmál um það, hvort það sje heppilegust aðferð, sem hjer hefir verið tekin upp til að fá þessu kippt í lag, eða hvort ekki væru aðrir vænlegri vegir til þess, svo sem sá vegur, að senda ávarp til konungs, eða þá að sendinefnd yrði gjör á hans fund, er leita skyldi að fá þessu breytt.

Að öðru leyti hef jeg ekkert að athuga við það, sem h. framsögum. (Kl. J.) hefir tekið fram. En þessa skoðun mína vildi jeg láta koma opinberlega fram; jeg veit að vísu, að hún muni engum koma á óvart, því hún er að öllu samkvæm því, sem jeg hef áður ritað um mál þetta, og að því leyti

hefði eiginlega ekki verið þörf á, að endurtaka þetta hjer.

Þá skal jeg víkja nokkrum orðum að breytingartill. h. minni hluta við 3. gr. frumv. Meiri hlutinn fer fram á, að fela konungi eða neðri deild alþingis ákæru-rjettinn gegn ráðgjafanum fyrir embættisrekstur hans, en minni hlutinn vill orða þetta þannig: »Alþingi kemur fyrir sitt leyti ábyrgð fram« á hendur ráðgjafanum. Jeg vildi fyrir mitt leyti að hvorugt þetta orðalag væri haft, en í stað þess væru tekin upp orðin »konungur eða alþingi«.

Það er rjett hjá h. þm. Vestm. (V. G.), að á meðan alþingi á engan þátt í því að dæma ráðgjafann, þá er ekki ástæða til að svipta efri deild ákæru-rjettinum, það er að bera rjett hennar að nokkru leyti fyrir borð. Þegar til þess kæmi, að innlendur dómstóll ætti að dæma ráðgjafann, þá væri minnsta breytingin sú, að nema burt ákæru-rjett efri deildar, ef hún ætti þátt í skipun dómstólsins.

Jeg kann ekki heldur við orðalagið hjá þm. Vestm. (V. G.): »Alþingi fyrir sitt leyti«, þótt það að vísu standi svo í hinni gildandi stjórnarskrá, því í þeim orðum gæti það legið, að til væri enn annað ákæruvald, en alþingi eða konungur; en þetta ákvæði vil jeg hafa svo ótvírætt, að eigi sje unnt að leggja nema einn skilning í það.

Jeg hef leyft mjer að koma með breytingartill. við hina 4. breyt.till. h. minni hluta, þannig orðaða, að í stað 8. gr. stjórnarskrárinnar komi svo hljóðandi ný grein: »Konungur getur leyst upp alþingi, og skal þá stofnað til nýrra kosninga, áður tveir mánuðir sjeu liðnir frá því að það var leyst upp, og alþingi stefnt saman næsta ár eptir, að það er leyst upp. Þó er eigi skylt að kveðja til auka-alþingis, þegar alþingi er leyst upp samkvæmt 61. gr. þessarar stjórnarskrár«.

Jeg vildi leggja talsverða áherzlu á, að þessi grein yrði samþykkt. Eptir hinni núgildandi stjórnarskrá getur konungur leyst upp alþingi, hve nær sem honum þykir þörf, en skyldur er hann til að stofna til nýrra kosninga, áður en tveir mánuðir eru liðnir frá því, að þingið var leyst upp, og að stefna þinginu saman næsta ár eptir uppleysinguna; þetta ákvæði er sett til tryggingar því að stjórnin geti ekki vísað þinginu veg allrar veraldar, hve nær sem henni þóknast, og stjórnað þinglaus; með því á að vernda þjóðina gegn gjörræði stjórnarinnar. En eptir 61. gr. stjórnarskrárinnar er það ekki stjórnin sjálf, sem kemur til leiðar uppleysing þingsins; þá er það þjóðin, sem á að tryggja gagnvart gjörðum þingsins, eða þingið sjálft, sem á að tryggja gagnvart sínum eigin gjörðum, enda er það skilningur ýmsra lögfróðra manna, að það sje ekki skylda stjórnarinnar að kalla saman aukaþing, þegar þing hefir verið rofið samkvæmt 61. grein stjórnarskrárinnar. Hjer er því ekki í raun og veru um verulega breytingu að ræða, heldur um skýringu á afstöðunni milli 8. gr. og 61. gr. stjórnarskrárinnar. Ástæðan til þess, að leyst er upp þingið samkvæmt 61. gr., er önnur, en þegar stjórnin leysir sjálf upp samkvæmt 8. gr., og gjörræði af stjórnarinnar hálfu kemur fyrst til álita við upplausn eptir 61. gr.

Jeg skal líka benda á það, að aukaþingin geta orðið hættuleg eigi síður fyrir þjóðina en stjórnina; oss getur ekki dulizt það, að í stjórnarbaráttu vorri hefir kennt nokkurrar þreytu hjá þjóðinni vegna aukaþinganna.

Hins vegar er farinn hjer nokkur millivegur, og tekið tillit til þeirrar yfir-

lýsingar stjórnarinnar, að hún heimtar til samkomulags, að 61. gr. stjórnarskrárinnar sje breytt. — Samkvæmt breytingu minni þarf stjórnin ekki að kveðja til aukaþings fremur en hún vill, þótt breyting á stjórnarskránni sje samþykkt af alþingi, en þjóðin heldur þó eptir því, sem mestu varðar af ákvæðum 61. gr., málinu verður eptir sem áður áfrýjað undir dóm kjósendanna, áður en því er ráðið til lykta. Jeg legg nokkra áherzlu á þessa breytingu og að hún fái framgang.

Aðrar breytingar en þær, sem jeg hef nú minnzt á, eru fremur orðabreytingar en efnisbreytingar, og ætti ekki að leggja svo mikið kapp á þær, að til sundrungar leiddi.

Jeg skal að endingu taka það fram, að jeg mun svo sem unnt er laga mínar skoðanir eptir annara skoðunum. — Með því að vjer sýnum hver annars skoðunum virðingu og reynum að samlaga oss hver öðrum, vona jeg, að vjer getum orðið samdóma í máli þessu, og það sjá allir, hverja þýðingu það hefir fyrir heillavænleg afdrif þess.

Framsögumaður minni hl. (Valtýr Guðmundsson): Jeg er þakklátur h. framsögum. (Kl. J.) fyrir það, með hverri stillingu og sanngirni hann hefir flutt sinn málstað, þótt hann að sumu leyti sje mjer ósamdóma. Hann tók fram við 1. umr. þessa máls, að þingmálafundirnir víðs vegar um land hefðu látið í ljósi þann vilja, að þingið skyldi nota hvern samningsgrundvöll, sem fel ast kynni í tilboði frá stjórnarinnar hendi, ef nokkurt slíkt kæmi fram. Í þessu erum við báðir samdóma. Enginn neitar nú því, að tilboð hafi komið fram frá stjórninni í þeirri yfirlýsingu, sem hjer kom fram af hendi umboðsmanns stjórnarinnar við 1. umr. þessa máls í sambandi við frumv. það, er jeg bar fram. Hjer var því samningsgrundvöllur gefinn. En meiri hluti nefndarinnar hefir þó fundið annan samningsgrundvöll til að byggja á. Að vísu farast meiri hlutanum svo orð, að hann hafi gjört sjer far um að fara því einu fram í þetta sinn, sem stjórnin geti gengið að. En svo tekur meiri hlutinn þó tillögur landshöfðingjans, sem stjórnin hefir neitað að ganga að, sem grundvöll til að byggja á. Hjer eru þá grundvellirnir orðnir tveir.

H. framsögum. meiri hlutans (Kl. J.) segist vilja gjöra tilraun til miðlunar, svo að stjórnin geti gengið að frumv. En þá er ófært að taka inn í frumv. einmitt það atriði, sem stjórnin svo ótvíræðlega hefir neitað að hún geti gengið að. Þegar h. meiri hluti leggur tillögur hæstv. landsh. til grundvallar, þá hefði verið rjettara af meiri hlutanum að segja afdráttarlaust um leið: «Þetta er minn grundvöllur; gangi stjórnin ekki að öllu því, sem jeg vil, þá vil jeg ekki þiggja hin önnur atriði, sem mjer og stjórninni kemur saman um«. Því að það er víst, að þessi ákvæði um ríkisráðið fást ekki staðfest nú um sinn. (*B. Sv.:* Hvernig veit þm. það?) Jeg veit það alveg eins og h. þm. N. Þing. (B. Sv.) veit það. Hann þarf ekki annað til að sjá það, en að lesa brjef stjórnarinnar til landshöfðingja. (*B. Sv.*: Tempora mutantur). Auk þess höfum vjer fyrir oss skýlausa yfirlýsingu stjórnartrúltrúans hjer á þingi.

Eins og framsögum. (Kl. J.) tók vel fram, er enginn ágreiningur milli neinna í nefndinni, hvorki meiri nje minni hluta, um efnið. Það eru allir undantekningarlaust samdóma um það, að ráðgjafinn eigi ekki að eiga sæti í ríkisráðinu. Hver einasti Íslendingur er samdóma um þetta. Hitt er annað mál, hvaða veg muni bezt gegna að velja til að ná þessu takmarki: að koma ráð-

gjafanum út úr ríkisráðinu. Framsögum. áleit að með því að taka ákvæði um þetta upp í frumv., væri beinn vegur fenginn til að fá spurninguna útkljáða. En þetta er einmitt enginn útvegur, því að þá fáum vjer frumv. synjað, og þá er spurningin jafn-óútkljáð eptir sem áður. En vjer höfum þá og einnig um leið hafnað því, sem fengizt gat og óvíst er um að fáanlegt verði fyrst um sinn á ný. Samningum er þá lokið; og í baráttunni á eptir stæðum vjer ver að vígi. Því að einmitt með því að vilja bæta inn í stjórnarskrána á kvörðun gegn ríkisráðssetu ráðgjafans, viðurkennum vjer að hún sje ekki ó heimil eptir hinni núverandi stjórnarskrá, eða að minnsta kosti að lögin sjeu nú svo óskýr, að þetta sje algert vafamál. Eptir slíka viðurkenning og yfirlýsing stöndum vjer ver að vígi en áður. Þessi aðferð veikir málstað vorn en styrkir hann ekki. Vjer viðurkennum þá að málstaður stjórnarinnar sje ekki byggður í lausu lopti. Þessi vegur leiðir því frá takmarkinu en ekki að því.

Jeg hef sagt, að það væru aðrir vegir til að ná tilgangi vorum, og framsögum. hefir spurt, hverjir þeir sjeu.

Einn vegurinn er að hefja málsókn gegn ráðgjafanum fyrir brot á stjórnarskránni. Ef dómur fellur oss í vil, þá mun stjórnin óefað láta undan. Og vjer ættum varla að geta átt mikið í hættu, úr því lögin að voru áliti eru svo skýr og ljós. Hitt efar víst enginn vor að hæstirjettur muni dæma óhlutdrægt og rjettvíslega í málinu.

Þá er sá vegur annar að heimta á hverju þingi lagfæring á þessu misfelli. Það getur auðvitað orðið seinfær vegur, en þó ekki seinfærari en sá að setja þessi ákvæði inn í frumv. til endurskoðaðrar stjórnarskrár. Stjórnin byggir skoðun sína í þessu efni alls ekki á stjórnarskránni, heldur á því að grundvallarlög Dana gildi í þessu efni á Íslandi. Því er oss þýðingarlaust að setja slík ákvæði inn í stjórnarskrá vora, áður en oss hefir tekizt að sannfæra stjórnina í þessu efni. Það er svo afleitt að vera að setja þessi ákvæði einmitt nú inn í þetta frumv., sem að öðru leyti fer fram á umbætur, sem fáanlegar væru, ef þessu ákvæði væri ekki skotið inn. Með því hindrum vjer allar umbætur á stjórnarskránni, smáar og stórar. En sje þessu atriði sleppt, eigum vjer nú kost á umbótum í ýmsum greinum. *(Sig. Gunnarss.*: Hverjum?) Sjerstökum ráðgjafa, sem mæti á þinginu og semji við það, tali íslenzku, beri ábyrgð á allri stjórnarathöfninni o. s. frv.

En er hinn þriðji vegur til að koma ráðgjafanum út úr ríkisráðinu. Ef vjer fáum Íslending fyrir ráðgjafa, sem sæti í ríkisráðinu, þá auðvitað greiddu danskir ráðgjafar atkvæði um Íslands mál, en Íslandsráðgjafinn greiddi einnig atkvæði um dönsk mál og hefði þannig áhrif á þau, og er hætt við að Dönum þætti hvimleitt til lengdar að eiga mál sín að nokkru leyti undir atkvæði þess manns, sem ekki sæti á þingi þeirra og þeir þannig ekki gætu haft nein áhrif á. Því að þótt oss sumum finnist nú ekkert í það varið, að ráðgjafi vor mæti hjer á þinginu, svo að vjer getum haft áhrif á hann, þá skilst Dönum ofboð vel, eins og öllum öðrum þjóðum en oss, hve mikils virði slíkt er. Setjum t. d. svo, sem opt getur fyrir komið, að hið danska ráðaneyti sje alveg tvískipt í einhverju máli, þá verða úrslitin að öllu leyti á valdi Íslands-ráðgjafans. Þá mundu Danir sjálfir fara að óska að losna við Íslands-ráðgjafann og fá honum komið út úr ríkisráðinu.

Þannig er líklegt, að ef vjer hefðum Íslending fyrir sjerstakan ráðgjafa, þá gæti það orðið oss hið beittasta vopn til að koma ríkisráðssetu hans fyrir kattarnef.

Vjer erum of veikir til þess að fá vilja vorum framgengt með afismunum, og því er oss sá vegurinn einn auðsær, að reyna að koma voru máli fram með því að beita lagi og sannfæra vora mótstöðumenn.

Að setja þessa 1. gr. inn í frv. — í stað þess að mótmæla á annan hátt ríkisráðssetunni, - er beinlínis til að hindra framgang málsins, og það er þó ekki tilgangur meiri hlutans, en afleiðingin verður þó sú, og það, sem verst er, sú og engin önnur. Meiri hlutinn er því hjer annaðhvort skammsýnn eða allt of auðtrúa.

Það er ekkert á móti að leggja tillögur landsh. til grundvallar í þessu máli, ef menn að eins gætu orðið ásáttir um það, að fylgja ríkisráðsatriðinu fram með tillögu eða ávarpi. H. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) talaði svo vel um breyt.til. sína við 8. gr., að jeg þarf engu við að bæta; skal þó geta þess viðvíkjandi skilning, þeim, sem h. þm. lagði í gr., að jeg veit ekki betur en að h. landsh. hafi í tillögum sínum til stjórnarinnar fylgt einmitt þessum sama skilningi fram. Breytingin fer því ekki fram á annað en að slá því föstu, sem verið hefir skilningur margra manna og þar á meðal hæstv. landshöfðingja.

Jeg get fallið frá minni breytingu við þessa grein og aðhyllzt breyt. þm. V.- Skaptf. (Guðl. G.) og það því fremur, sem mjer líkar hans form öllu betur en mitt.

Mjer hefði auðvitað verið kærast að breytingin hefði verið gjörð eins og upphaflega var farið fram á í mínu frumv., því að jeg álít svona tíðar kosningar vera óhollar; en ekki geri jeg þetta að neinu kappsmáli, og tel jeg víst, þótt jeg reyndar viti ekkert um það með vissu, að stjórnin muni ekki gera þetta eitt að synjunarefni á staðfestingu frumv., ef það aðeins yrði gert aðgengilegt að öðru leyti.

Framsögum. (Kl. J.) tók fram, að í staðinn fyrir að nú stendur í 3. gr. stjórnarskrár vorrar um ábyrgð ráðgjafans: »alþingi kemur fyrir sitt leyti ábyrgð fram á hendur ráðgjafanum« o. s. frv., þá hefði nefndin viljað orða þetta svo: »Konungur eða neðri deild alþingis«.

Nefndin hefði nefnil. haft í huga að hjer ætti að komast á landsdómur og mundi efri deild þingsins eiga að skipa hann að einhverju leyti, en þá gæti hún heldur ekki átt þátt í ákæruvaldinu. Ef gr. væri því ekki breytt nú, þá þyrfti nýja stjórnarskrárbreyting, þegar landsdómur verður innleiddur. Jeg vildi nú helzt ekki gera aðrar breytingar á 3. gr. hinnar núverandi stjórnarskrár en þá, að setja: »á stjórnarathöfninni« í staðinn fyrir: »á því að stjórnarskránni sje fylgt«. Hinu vil jeg helzt halda óbreyttu.

Stjórnarskipunarlögum eiga menn aldrei að breyta að gamni sínu eða að óþörfu, og hjer er engin knýjandi ástæða til breytingar.

Engum þm. virðist heldur vera það neitt kappsmál, en hins vegar mun stjórninni vera það nokkuð kappsmál. Jeg sje ekki heldur, hvaða ástæða gæti verið til að svipta efri deild hlutdeild sinni í rjettinum til að koma ábyrgð fram á hendur ráðgjafa. Það er ekki óhugsandi að breyting þessi geti orðið frumv. að falli og vil jeg biðja þingm. að skoða vel huga sinn um þetta, áður en þeir greiða atkvæði.

Hvað landsdóminn snertir, þá er það framtíðarspursmál, sem ekki þarf að byggja á nú; ef honum verður svo

hagað að efri deild skipi hann að einhverju leyti, þá missir hún við það sinn ákærurjett. En óheppilegt er að lögbinda það nú hjer fyrir fram, að efri deild skuli skipa landsdóminn.

Jeg skildi ekki alls kostar vel ummæli h. framsögum. um breyt.till. mína við 5. gr. og er jeg hræddur um, að þótt hann nefndi mína breyt.till., hafi hann þó í rauninni haft í huga breyt.till. þm. N.-Þing.

Engum hefir dottið í hug að neita því, að nauðsynlegt geti verið að leyfa landsh. að hafa annan mann við hlið sjer; en hvaða ástæða er þá til að neita ráðgjafanum um hinn sama rjett, þegar hann mætir sjálfur á þinginu? Ef ráðgjafinn vinnur með alúð að málefnum landsins, þá getur hann auðveldlega orðið svo störfum hlaðinn um þingtímann, að það sje of þungt einum manni að afkasta. Auk þess getur það greitt mjög fyrir störfum þingsins á stundum, ef hann getur látið aðstoð armann sinn mæta í annari þingdeildinni, meðan hann sjálfur situr í hinni. Jeg sje og, að þm. N.-Þing. vill láta landshöfðingjann vera sjálfkjörinn umboðsmann ráðgjafans, þegar hann ekki sjálfur mætir á þingi.

En svo kemur það skrítilega, að hann vill banna ráðgjafanum að hafa mann sjer til aðstoðar, en leyfa umboðsmanni hans að hafa mann sjer til aðstoðar. Með þessu gefur þm. N.Þing. ráðgjafanum beinlínis undir fótinn að hann þurfi ekki að mæta, eða ekki sje ætlazt til að hann mæti á þingi nema höppum og glöppum, eða jafnvel að hann þurfi aldrei að mæta. Hins vegar eru orðin í minu frumv. (»við hlið sjer«) svo löguð, að þau ganga að því vísu, að ráðgjafinn sje yfir höfuð ávallt sjálfur til staðar á þinginu.

Enga ástæðu get jeg sjeð til ákvæðanna í breyt.till. þm. N.-Þing. (B. Sv.), að binda umboðsmennsku stjórnarinnar. Auðvitað yrði það því nær ávallt landsh., sem til þessa yrði kvaddur, og samkvæmt frv. nefndarinnar þarf ráðgjafinn ekki einu sinni að gefa honum umboð, ef hann mætir ekki sjálfur; hann þarf þá ekki annað en að láta vera að gefa neinum umboð, því að þá er landsh. eptir 5. gr. sjálfsagður. (*Ben. Sveinsson*: Alveg rjett).

Hin 6. breyt.till. mín er að eins nauðsynleg afleiðing af fyrri breyt.till. minni við 3. gr., en hún getur staðizt fyrir því, þó að breyting mín við 3. gr. falli, því að það verður rjettmæli samt að komast svo að orði, að alþingi höfði málið móti ráðgjafanum.

Framsögum. fór við 1. umr. ýmsum þeim orðum um frumv. mitt, sem jeg þá ætlaði mjer að svara við þessa umr. En með því frv. mitt er nú apturtekið og liggur nú ekki fyrir deildinni, þá get jeg leitt hjá mjer að svara þeim. Jeg vona að meiri hluti nefndarinnar og þingdeildin öll geri sjer ljóst, að hjer liggur að eins einn grundvöllur fyrir, sem auðið er á að byggja, ef menn í alvöru óska að nokkuð verði ágengt, og þessi eini grundvöllur er: yfirlýsing stjórnarinnar fyrir munn landshöfðingja hjer í deildinni.

Þingmálafundirnir hafa ljóslega bent á, hvern veg hjer beri að ganga. Nefndin er samdóma um að reyna beri þá miðlun, er til samkomulags geti leitt, en taka ekki upp hið gamla endurskoðunarfrumv., sem naumast mundi fá 3 atkvæði hjer í deildinni. En fyrst mönnum er nú alvara með að vilja reyna að ná einhverjum árangri, því taka menn þá ekki skrefið fullt út, svo að samkomulag geti náðzt? Til hvers erum vjer að slá af og heimta minna í einu en áður, ef vjer ætlum þó að

gera frv. svo úr garði, að það nái ekki staðfestingu? Þá veikjum vjer að eins sjálfa oss og gefum jafnvel stjórninni undir fótinn að þetta sje ekki nema byrjunin á tilslökun okkar. Það er heldur ekki laust við, að jeg hafi heyrt talað í þá átt, að vjer skyldum ekki fara lengra í þetta sinn, en gætum þá heldur, ef til kæmi, gengið lengra 1899 eða stigið þá sporið fullt. (*Tryggvi Gunnarsson*: Hverjir hafa sagt það?) Jeg nefni ekki nöfn, en það hljóta fleiri þingmenn að hafa heyrt en jeg. (*Ýmsir þingm.*: Nei) Þau orð, eða orð í þá átt og þeirrar meiningar, hafa verið töluð á privatfundi þingmanna hjer í salnum fyrir skömmu síðan. (*Kl. Jónsson*: Nei). Þm. tjáir ekki að segja nei við því, því að jeg hef heyrt það sjálfur, hvort sem þm. Eyf. hefir heyrt það ellegar ekki.

Jeg get ekki betur sjeð, en að allur afsláttur og tilslökun sjeu oss að eins til skaða, ef oss er það alvara að vilja þó ekki ná samkomulagi. Jeg verð að vera alveg samdóma því, sem nýlega stóð hjer í einu mikið útbreiddu blaði (»Ísland«), að fyrir þetta þing eru ekki í rauninni nema tveir vegir fyrir höndum: annaðhvort að slaka svo til, að samkomulag náist, eða þá að halda fram öllum vorum fornu kröfum afdráttarlaust, og jafnvel miklu harðara en fyr. Allt, sem þar er á milli, verður að eins kák eitt, sem veikir oss.

Vjer verðum að hugsa um framtíðarhorfurnar, um afleiðingarnar fyrir sjálfa oss og störf vor framvegis og fyrir niðja vora um ókomnar aldir.

Jón Jónsson, þm. Eyf.: Eins og menn vita, hef jeg ekki tekið til máls fyr í þessu máli, og ef til vill hafa menn líka tekið eptir því, að jeg greiddi ekki atkv. með því til 2. umr. Þetta hefir knúð mig til að taka nú til máls, ekki um þær breytt. við frumv., sem liggja fyrir, heldur til að gjöra ljósa afstöðu mína í þessu máli.

Jeg verð að játa, að jeg geri það ekki að gamni mínu að standa upp nú, heldur með þungu skapi, því það er ekki þægilegt að standa einn uppi, máske gagnvart allri deildinni. En samt sem áður, sannfæring mín leyfir mjer ekki aðra afstöðu, leyfir mjer ekki að greiða atkv. með þessu frv.

Það hefir hvað eptir annað verið talað um, og nú seinast af h. þm. Vestm. (V. G.), að þingmálafundir yfirleitt hafi farið fram á, að leita sem mest samkomulags, og nota sjer þau tilboð, er kynnu að koma frá stjórninni — eða þá að öðrum kosti að halda áfram í sömu átt og áður. — Mínir kjósendur hafa nú aðhyllzt þá stefnu, og það er bót í böli, að jeg er algerlega í samræmi við þá. En jeg álít auk þess, að það sje alls ekki rjett að skilja yfirlýsingar þingmálafundanna á þann hátt, sem hjer er gjört. Það er líka alltaf verið að tala um »tilboð«, sem komið sje frá stjórninni, en jeg neita því algjörlega, að hjer sje nokkurt tilboð framkomið, og það er með öllu rangt, að gefa frumv. því, er þm. Vestm. (V. G.) kom með, slíkt nafn. Það er villandi og blekkjandi að nefna það svo. Eins og h. þm. Vestm (V.G.) hefir tekið fram, frá sínu sjónarmiði, að frumv. nefndarinnar væri ekki í samræmi við yfirlýsingar þingmálafundanna, eins verð jeg frá mínu sjónarmiði að telja það alveg rjett, að það sje ekki í samræmi við vilja meiri hluta þjóðarinnar. Og þegar þar við bætist að litlar líkur eru til, að þetta frumv. öðlist samþ. stjórnarinnar, þá skil jeg ekki, hvernig h. þm. geta lagt kapp á slíkt, því mjer er vel kunnugt um síðan 1886, þegar jeg kom á þing, stefnu þjóðarinnar og einstakra þingmanna; margir þeirra eru enn á þingi, og sumir af

þeim í meiri hluta nefndarinnar nú. Jeg skal taka það fram, að jeg óska, að orð mín sje ekki tekin þannig, að jeg ekki játi, að þetta frumv., ef það yrði að lögum, geti ekki orðið til mikils gagns fyrir þjóðina, en jeg hef ekki sjeð eða heyrt ástæður fyrir því að hverfa beri af hinni gömlu leiðinni, endurskoðuninni, eins og hún hefir verið flutt á undanfarandi þingum. Og mæli jeg þetta einkum til h. þm. N. Þing. (B. Sv.) og 2. þm. Ísfirð. (Sk. Th.). Jeg get heldur ekki ímyndað mjer, að þingm. yfirleitt ímyndi sjer eða geri sjer vonir um, að stjórnin láti sjer segjast af þeim umr. og ástæðum, sem hjer hafa verið færðar, og að hún verði með þessari leið, sem hjer er farin, talin á að fallast á þetta frumv., úr því hún hefir ekki látið sjer segjast við tillögur hæstv. landsh. eða fortölur h. þm. Vestm. (V. G.).

Jeg get ekki hugsað mjer, að stjórnin samþykki þetta frumv., ef í því stendur að ráðgjafinn eigi ekki að sitja í ríkisráðinu, en standi það ekki í frv., þá er svo langt farið frá vilja þjóðarinnar, og því sem þingið hefir heimtað, að jeg get ekki mælt nje greitt atkv. með frumv.

Jeg lít svo á, að eptir því sem nú stendur á, sje sjálfsagt að gjöra eitt af tvennu: Láta annaðhvort standa í frv. það eitt, sem stjórnin virðist vilja ganga að, en það álít jeg verra en ekki neitt, eða þá fylgja fram fullkominni endurskoðun, eins og að undanförnu; en þessi miðlun og millivera, sem hjer er fylgt fram, og hvorki verður stjórn nje þjóð að geði, er að mínu áliti engan veginn heppileg.

Jeg skal bara minnast á miðlunarfrv. á þingunum 1889 og 1891, til að vekja athygli á því, að ekki eru miklar líkur til að þjóðin fagni þessari stefnu þingsins, jeg stóð þá framarlega í eldinum, svo mjer er vel kunnugt, hvað þá fór fram, og beri menn saman miðlunarfrumv., sem þá voru á ferðinni, við þetta frumv., vona jeg að menn sjái, að þar er mun dýpra tekið í árinni en nú, og þó vildi þjóðin hvorki heyra nje sjá þá stefnu, eins og menn vist muna vel.

Jeg sagði, að ekkert tilboð hefði komið frá stjórninni, og jeg held fast við það, að málaleitunin frá í hitt eð fyrra hafi engan ávöxt borið. En hvernig stendur á, að stjórnin hefir ekki tekið betur undir svo liprar málaleitanir en hún hefir gjört? Jú, h. þm. Vestm. (V. G.) hefir þrásinnis gjört grein fyrir því, að hann kom stjórninni ekki lengra en þetta, sem til er tekið í frumv. hans. Nú verð jeg að játa, að eins og málum er komið, þá álít jeg að aðferð h. þm. Vestm. (V. G.) að leita hægt fyrir sjer, að maður tali við mann, sje einmitt rjett. Og þó að hann hafi ekki komið sínu máli lengra, er alls ekki vonlaust um að takast mætti, með hans aðferð, að fá miklu meiru ágengt. Jeg álít það alveg vansalaust fyrir hann, þó hann hafi hitt sjer meiri menn í þeim efnum; það verður enginn útlærður í hinni diplom. konst á skömmum tíma, en hann hefir orðið að etja kappi gegn þaulæfðum stjórnmálamönnum, með sterka heila.

Og út úr þessu skal jeg vekja máls á því, að það hefir heyrzt, að stjórnin hafi átt að hafa í huga, að skipa nefnd danskra og íslenzkra manna, til þess að fjalla um og koma fram með tillögur í sjálfstjórnarmálinu. Jeg vil beina þeirri ósk til hæstv. landsh., að hann skýri frá því, hvort það sje ekki rjett að þetta hafi verið á prjónunum hjá stjórninni. Jeg er á því, að ef þetta hefði orðið að framkvæmd, þá hefði það getað orðið til ómetanlegs hags fyrir málið, og gjört úrslit þess auðveldari en kostur er á með öðru móti.

Jeg skal enn leyfa mjer að beina fleiri spurningum til hæstv. landsh. Mjer er sagt, að svo hafi verið til ætlazt, að nefndin væri sett svo á legg, að ríkisþingið kysi helming nefndarmanna, en jeg hef líka heyrt, að konungur ætti að gjöra það; þetta skiptir svo miklu, að jeg vildi óska, að hæstv. landshöfð ingi vildi upplýsa mig og aðra þingm. um hið rjetta.

Og svo vildi jeg ennfremur spyrja hæstv. landsh, af hvaða orsökum ekkert varð úr þessu, og hvort það sje rjett, að þm. Vestm. (V. G.) hafi róið að því öllum árum, að þetta kæmist ekki fram, og hvaða meðulum hann hef ir beitt, til þess að hindra það.

Og enn vildi jeg spyrja, hvort líklegt sje að þessi tillaga komi aptur fram, og hvernig því mundi verða tekið, ef þessa væri leitað af þinginu.

Og til þess að gera þessar spurningar enn skýrari, skal jeg leyfa mjer að taka þær upp hverja fyrir sig:

1. Er það ekki satt, að stjórnin hafi ætlað að leggja fyrir þingið tilboð um nefnd, er skipuð væri jafnmörgum íslenzkum mönnum og dönskum, og skyldi sú nefnd ræða um stjórnarlög Íslands, og koma fram með tillögur til samkomulags, ef unnt væri?

2. Var það tilætlunin, að hið danska ríkisþing kysi menn í nefndina eða ætlaði konungurinn að útnefna þá?

3. Á hvern hátt fyrirfórst þessi ætlun, og er það satt, að þm. Vestm. (V. G.) ætti þar mestan þátt í, og með hvaða aðferð og meðulum fjekk hann því á orkað?

4. Hver von er til að slíkt tilboð fáist enn, eða því verði sinnt, ef það kæmi frá þinginu?

Jeg vona, að hæstv. landsh. og h. deild taki ekki hart á því, þó að þessar spurningar komi fram í þessu formi. Það var hægt að koma með þær í lögskipuðu fyrirspurnarformi; en það hefði kostað meiri tíma og fyrirhöfn. Annars vona jeg að allir h. þingdm. játi, að það sje nokkurs vert, að fá skýr og greinileg svör upp á þetta. Það er einhver hulda yfir þessu máli, sem öllum hlutaðeigandi er þarft að ljett sje af

Landshöfðingi: Út af áskorun h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) skal jeg geta þess, að þær umr. og samningar, sem gjörzt hafa um þetta mál, hafa farið fram innan luktra dyra, svo það er ekki annara meðfæri en þeirra, sem tóku þátt í þeim, að segja, hvað þar hafi fram farið. Þar sem h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) óskaði skýrra svara upp á þær spurningar, sem hann bar upp, þá get jeg að eins sagt eptir beztu vitund það, sem mjer er kunnugt að meira eða minna leyti, en jeg get ekki ábyrgzt að það sje fullkomlega rjett, eða að ekki hafi farið fleira fram þessu máli viðvíkjandi, en jeg veit af.

En það vill nú svo vel til, að hjer í deildinni er einn þm. — h. þm. Vestm. (V. G.), sem getur leiðrjett mig, ef jeg fer skakkt með.

Jeg þykist geta sagt það með vissu, að það hafi komið til umr. í ráðaneytinu að skipa nefnd af dönskum og íslenzkum mönnum til þess að koma með uppástungur, sem byggja mætti á samkomulag og úrslit stjórnarskrármálsins. Og það var svo sem sjálfsagt, að nefndarmenn yrðu skipaðir af konungi, eptir till. ráðgjafans fyrir Ísland, því ríkisþinginu kom það ekkert við.

Eins og menn vita, hafði h. þm. Vestm. (V. G.) eitthvert umboð frá stjórninni til að leita fyrir sjer meðal þm., hvort það var til þess, að spyrjast fyrir um þetta atriði sjerstaklega, það skal jeg láta ósagt; en það sem að endingu olli því, að þessi fyrirrætlun fórst fyrir, ætla jeg að hafi verið, að stjórnin hafi heldur ástæðu til að halda, að þingið mundi

hafna þessu tilboði, og eptir því, sem jeg hef komizt næst, hefir stjórnin byggt þá skoðun sína á svörum þeim, sem h. þm. Vestm. (V. G.) hefir fengið frá einstökum þingm. eða öðrum hjeðan að heiman.

Jeg veit ekki betur en að þessu sje þannig varið; ef jeg skýri rangt frá því, þá getur hinn þm. h. Vestm. (V. G.) leiðrjett mig.

Hvort stjórnin nú mundi sinna því, ef þingið bæði um að slík nefnd yrði sett, — það er ekki hægt að segja um með neinni vissu, þar sem síðan er orðin breyting á stjórninni, og þó að Íslandsráðgjafinn sje hinn sami, og þó að hið fyrra ráðaneytið hafi viljað skipa þessa nefnd, þá er engan veginn víst, að það ráðaneyti, sem nú er, vildi gjöra það. En það, sem mjer virðist hafa einna mesta þýðingu í þessu efni, það er það, hvaðan taka ætti það fje, sem til þyrfti, og það yrði ekki svo lítið, sem slík nefnd mundi kosta; en mjer þykir ólíklegt, að hið núverandi ráðaneyti vildi sem stendur biðja ríkisþingið um fje í þessu skyni, og þess vegna mundi það ekki hafa svo litla þýðingu, hvort alþingi vildi veita fjeð úr landssjóði, eða hvort það ætti að fást úr ríkissjóði.

Framsögumaður minni hlutans (*Valtýr Guðmundsson*): Mjer kemur mjög á óvart, að þessi spurning skuli koma fram hjer í deildinni. Þetta mál átti að vera prívat mál, og hafði því enginn leyfi til að hreyfa því opinberlega, og verður þess vegna að skoðast sem hreint brot á því, sem þeim var trúað fyrir.

Eins og hæstv. landsh. tók fram, þá má svo að orði kveða, að þessi ráðagjörð færi fram innan luktra dyra. Annaðhvort hafa menn því hlotið að fá vitneskju um þetta hjá landsh., eða þeim þm., sem jeg skrifaði til um það, og sem jeg hafði tekið þagnarloforð hjá. Þetta verð jeg fyrst að taka fram, að menn hafa rofið loforð sín um að þegja, og verð jeg að telja það miður heiðarlegt, en úr því að þessu máli hefir verið hreyft hjer opinberlega, og hæstv. landsh., sem er fulltrúi stjórnarinnar hjer á þinginu, hefir álitið rjett að gefa skýringu á því, þá skal jeg leyfa mjer að gefa fáeinar upplýsingar, svo að þessi fluga ekki þurfi að standa í vegi.

Upplýsingar þær, er hæstv. landsh. gaf, voru að mestu rjettar, en þó ekki nákvæmar, enda gat hann þess, að svo kynni að vera. Úr því að á þetta stig er komið, verð jeg líka að álíta mjer heimilt að skýra málið dálítið.

Það er þá fyrst að geta þess, að þessi uppástunga kom fram um að skipa nefnd, og var það auðvitað konungur, sem formlega átti að skipa hana, en ætlazt var til að ríkisþingið veldi helminginn og alþingi helminginn, og konungur eða stjórnin svo bundin við að skipa þessa sömu menn. Var einnig gengið út frá því, að annar helmingurinn yrði ríkisþingsmenn, en hinn alþingismenn, þó það reyndar væri ekki alveg fastákveðið að svo skyldi vera. Oddamaður eða formaður nefndarinnar átti svo að vera hinn fyrverandi ráðgjafi Íslands. Nefndin hefði þá orðið þannig skipuð: 6 alþingismenn og 6 ríkisþingsmenn, að viðbættum oddamanni með tvígildu atkv. Íslendingar þannig strax í minni hluta og þingið bundið við að velja ákveðna menn, n.fl. vel færa í danskri tungu, og því ekki frjálst í vali sínu. Það er því ofur auðvelt að sjá, hver afstaða þess yrði, og ekki auðvelt að velja 6 menn úr 36 mönnum, sem gætu orðið jafnokar 6 manna, sem valdir væru úr fjölmennu þingi, sem telur hátt á annað hundrað manns. Svo ættu þessir 6 Íslendingar að etja við 6 paulæfða stjórnmálamenn Dana, og það á útlendu máli,

þar sem hinir gjörðu það á sínu eigin máli.

Það sjer nú hver heilvita maður, að Íslendingar voru illa settir að þessu leyti og svo í minni hluta þar að auki. Ennfremur einnig farið fram á, að Íslendingar legðu sín sjermál undir danska ríkisþingsmenn, þar sem þessi nefnd átti að fjalla um þau.

Jeg veit ekki hvað mætti kalla uppgjöf, ef þetta mætti ekki kalla uppgjöf. Niðurstaða sú, sem meiri hluti slíkrar nefndar kæmist að, mundi oss tæplega í vil, en meiri hlutinn mundi þó lagður til grundvallar, og fengi þá stjórnin þar sterkan bakhjall, þar sem væri allt ríkisþingið.

En hvað viðvíkur áhrifum mínum á þetta mál, þá var þeim þannig varið, að jeg hreyfði hinum sömu mótmælum, sem hjer, og ljet það álit mitt í ljósi, að alþingi Íslendinga mundi ekki ganga að þessu. En þrátt fyrir það, og sökum þess að jeg hefi alltaf viljað vinna að samkomulagi til hins ýtrasta, þá gekk jeg þó svo langt, að jeg lofaði persónulega að vera ekki á móti því. Fjekk jeg svo leyfi til að skrifa nokkrum alþm og öðrum málsmetandi mönnum bæði um þetta og annað fleira. Gjörði jeg það og skrifaði bæði til Reykjavíkur og nokkrum út um land. Svörin urðu þannig, að hjeðan voru sumir með nefnd, en sumir á móti, en annarsstaðar allir á móti. Þessi svör hefðu nú ráðið mínu áliti, en það kom aldrei til, þar sem búið var að ráða málinu til lykta, áður en svörin komu frá Íslandi, þrátt fyrir það, þó áformað hefði verið að fresta úrslitum málsins, þar til svörin kæmu frá Íslandi. Það, sem einkum mun hafa orðið þessu áformi að falli, mun hafa verið það, að einn mikilsráðandi maður, utan stjórnarráðsins, sem hafði verið við málið riðinn, hafði frá byrjun verið því andstæður.

Kostnaðurinn við slíka nefnd var áætlaður eitthvað um 20 þús., og er leitað var hófanna um, hvort hægt mundi að fá þann kostnað veittann úr ríkisþinginu, mun það hafa komið í ljós, að erfitt mundi að fá þetta fje veitt.

Hvað viðvíkur 4. spurningunni, hvort nú mundu nokkrar líkur til þess, að nefnd gæti komizt á, þá skal jeg geta þess, að ráðgjafinn fyrir Ísland tók það persónulega skýrt fram við mig, að nú gæti ekki framar verið um slíkt að ræða, og hið sama sagði »Departementschefen« einnig. Hygg jeg líka að landsh. hafi verið skrifað um málið *(Landsh.:* Hvers vegna?) og vonast eptir að hann leiðrjetti mig, ef jeg hermi það ekki rjett. Ja, hvers vegna skal jeg hjer láta ósvarað, en jeg lýsi því yfir skýrt og opinberlega, að ráðgjafinn hefir skýrt mjer frá, að um slíkt geti ekki framar verið að tala. Að svo stöddu fer jeg ekki frekari orðum um spurningarnar, en *áleit mjer heimilt og nauðsynlegt*, að taka fram þessar upplýsingar, úr því málinu var hreyft opinberlega.

Jón Jónsson, (2. þm. Eyf.): Jeg kann hæstv. landsh. þakkir fyrir, hve vel og greinilega hann hefir svarað spurningum mínum. Svör hans gengu í þá átt, sem jeg hafði búizt við. Þó skal jeg benda á, að það er dálítið ósamræmi milli svara hæstv. landsh. og svara h. þm. Vestm. (V. G.). H. þm. Vestm. (V. G.) sagði að vísu, að nefndarkosningin hefði átt að vera konunglegt mál, en samt hefðu hin sjerstöku Íslandsmál átt að verða fyrir áhrifum af ríkisþinginu. En jeg sje ekki betur, en að ef nefndin yrði sett eptir konunglegri skipun, þá sje þar með fyrir það girt, að hin sjerstaklegu málefni Íslands verði fyrir áhrifum af ríkisþinginu, jafnvel þótt konungi hefði þóknazt að velja ríkisþingsmenn í nefndina.

Hvað það snertir, sem h. þm. Vestm.

(V. G.) tók fram, að Íslendingar hefðu orðið í minni hluta í þessari nefnd, þá er það sjálfsagt satt, en jeg vil þó benda á, að það er talsverður munur á því, hvort það eru 6 menn, sem beita sjer á móti skoðunum stjórnarinnar eða það er að eins einn maður, eins og h. þm. Vestm. (V. G.), og þó telur hann sig hafa áorkað töluverðu við stjórnina fyrir Ísland, sem jeg get nú reyndar ekki fallizt á. En, hvað sem því líður, þá eru þó mestu líkindi til þess, að 6 valdir menn mundu fá miklu meiru áorkað. Þess ber líka vel að gæta, að atkvæðagreiðsla þessarar nefndar gat alls ekki orðið bindandi fyrir neinn mann á Íslandi. Að það hefði verið svo nauðsynlegt, að allir þessir 6 þingmenn, sem í nefndina hefðu verið kosnir, hefðu endilega þurft að tala vel dönsku, þá er það marklaus mótbára, því líklega hefðu þeir ekki allir þurft að vera framsögumenn. En ef því er þegar fyrir fullt og allt slegið föstu, að þessi nefnd verði ekki skipuð, þá þarf ekki að tala frekar um það mál. En mjer þykir það raunalegt, ef svo skyldi vera, og ef nokkur vegur sæist til þess að koma málinu aptur á þann rekspöl, þá vildi jeg fyrir mitt leyti styðja að því.

H. þm. Vestm. (V. G.) vildi sýna fram á, að svörin hjeðan hefðu engin áhrif haft á þetta mál. Jeg hjelt, satt að segja, þvert á móti, að þessi svör hefðu komið honum til að vera því mótfallinn, að þessi nefnd yrði skipuð, og spurning mín beindist að því, að fá að vita, hverjir þeir menn hefðu verið, sem rjeðu frá því að þessi nefnd yrði skipuð. Jeg veit þó, að sumir þingmenn í Reykjavík voru þessu máli meðmæltir, en úti um land gat ekki verið um marga að ræða, því eptir tímanum að dæma hefir h. þm. Vestm. (V. G.) ekki getað fengið svör nema frá örfáum þaðan. H. þm. Vestm. (V. G.) kvaðst ekki hafa getað stutt þetta mál af eigin hvötum. Það verð jeg samt að telja sorglegt að h. þm. varði ekki kröptum fremur til þess að fá þessa nefnd skipaða, en til þess, að koma fram með þetta stjórnarskrárfrumv., sem jeg fyrir mitt leyti álít verra en ekki neitt. Annars kann jeg honum þakkir fyrir, hvað hreint og beint hann svaraði spurningum mínum.

Jón Jensson: Jeg ætla ekki að fara langt út í þetta mál nú. Jeg lýsti skoðun minni á því, áður en nefndin var skipuð, og jeg er á sömu skoðun enn. Það gleður mig, að nefndin hefir tekið miklu betur í þetta mál, en út leit fyrir að mundi verða, eptir því sem nefndarkosningin fjell. Það gleður mig, að nefndin hefir aðhyllzt aðalstefnu hins upphaflega frumv., að hún hefir aðhyllzt það, að leggja til grundvallar þá stefnu í málinu, að leita samkomulags við stjórnina. Nefndin hefir líka í þessu farið eptir óskum þjóðarinnar, sem skýlaust hefir látið það í ljósi, að hún vildi að samkomulags væri leitað, enda væri það undarlegt, ef þeir menn, sem hingað til hafa lagt svo mikla áherzlu á raddir frá þjóðinni, ekki vildu heyra þessar raddir nú. Það gleður mig, að h. nefnd hefir hneigzt að samkomulagsstefnunni, þótt hún hafi ekki getað hneigzt að frumv. h. þm. Vestm. (V. G.), en breytingum sínum hefði nefndin þó, að mínu áliti, mjög vel getað hnýtt við það frumv., ef hún hefði viljað. En það hefir auðvitað verið af einhverjum formellum ástæðum, sem nefndin ekki hefir getað hneigzt að því frumv., eða lagt það til grundvallar fyrir breytingum sínum og viðaukum. Jeg get látið mjer í ljettu rúmi liggja, hverjar þær formellu ástæður hafa ver-

ið, því mjer er ekkert annt um það frv. sjálft, heldur um stefnu þess, og stefnu þess frumv. hefir nefndin haldið.

Þegar nú það er viðurkennt, að maður eigi að leita samkomulags, er einhver árangur fáist af, þá á maður að fara allt öðruvísi að, en á undanförnum þingum. Þá verður að hafa fyrir augum að koma fram með tillögur, sem geta leitt til samkomulags, og árangur getur orðið af; því ef menn koma fram með tillögur, sem vitanlegt er að stjórnin ekki getur eða vill með neinu móti ganga að, þá fara menn ekki samkomulagsleiðina. Mín leið til samkomulags er sú, að greiða atkvæði með þeim ákvæðum, sem jeg hlýt að viðurkenna að sjeu til bóta, og sem um leið bera með sjer mögulegleika til árangurs. Hinu, sem þessu er gagnstætt, verð jeg á móti. Jeg vil ekki halda áfram þeim leik, sem hingað til hefir verið leikinn hjer á þingi, því jeg kalla það leik, þegar menn hafa verið hvað eptir annað að samþ. frumv. á alþingi, sem menn vissu fyrirfram að ekki gátu leitt til nokkurs árangurs.

Jeg get gjarna bætt því við, að þó maður kunni að vera svo »sangvinsk» á þessari samkomulagsleið, að álíta að sum ákvæði sjeu betri, en þau í raun og veru eru, þá er hættan ekki svo mikil. Setjum svo, að maður áliti eitthvert ákvæði til mikilla bóta, en komist síðar að raun um, að það sje kannske þvert á móti, þá hefir maður á bak við sig þjóðina, sem einnig á að segja álit sitt um málið, áður èn það getur orðið til lykta leitt. Vjer þingmenn höfum þá líka á bak við oss langan umhugsunartíma, ef vjer verðum kosnir aptur á þing við nýjar kosningar, sem fram fara, er þing er leyst upp; þá getum vjer breytt atkvæði voru, ef vjer við nánari íhugun sannfærumst um, að annað hefði verið heppilegra. Þetta »appel« eða málsskot til þjóðarinnar er hyggilega sett af löggjafanum til þess að sporna við því, að þingið hlaupi á sig í stjórnarskrármálum. Þjóðin fær þá í þessu máli, sem hjer liggur fyrir, tækifæri til að segja álit sitt um það. Hún getur þess vegna hafnað frumv. því, ef henni líka ekki aðgjörðir fulltrúa sinna í því, og gæti bæði jeg og þeir því átt það á hættu, að oss verði hafnað við næstu kosningar fyrir aðgjörðir vorar í málinu, en þetta á að eins að vera ný hvöt til að vanda sem bezt atkvæði sitt. Hættan er, sem sagt, ekki svo mikil á því, að halda því fram, sem maður álítur gott hjer á þinginu, því þjóðin stendur á bak við; hún á eptir að íhuga það og ræður, hvort hún vill samþykkja það eða hafna því. Það er auðsjáanlegt, að nefndin hefir viljað halda því fram, að maður eigi að reyna að ná samkomulagi við stjórnina; en þá er vitaskuld, að hún má ekki setja inn í frv. sitt ákvæði, sem hún veit, að muni verða því að falli. Eitt aðalatriðið í frumv. meiri hluta nefndarinnar er ákvæði í 1. gr. um, að ráðgjafinn skuli ekki eiga sæti í ríkisráði Dana. Þetta ákvæði um ríkisráðið er sett inn í frv. með fullri vitund nefndarinnar um, að það verði frumv. að falli. Það getur ekki verið annað, en að nefndinni sje þetta ljóst, þar sem fyrir þinginu lágu skýrar yfirlýsingar um, að stjórnin vildi ekki heyra annað nefnt, en að ráðgjafi Íslands sæti í ríkisráðinu. Þessi skoðun stjórnarinnar er auk þess ekki fundin upp í vor, heldur hefir hún staðið föst, síðan stjórnarskráin kom til. Íslendingar þar á móti hafa haft og hafa aðra skoðun á þessu atriði. En ekkert hefir verið sett inn í stjórnarlög vor enn í dag, sem löggildir setu ráðgjafans í ríkisráðinu. Það hafa komið fram aptur og aptur frumvörp frá stjórninni

um að fá þessu slegið föstu í stjórnarlögunum, en þingið hefir neitað því jafnharðan, svo stjórnin hefir loks ekki dirfzt að halda því fram, og þeim sigri getum vjer glaðzt yfir. Vjer höfum meira að segja, eptir skoðun vorri og áliti hæstv. landsh., ákvæði fyrir því, að ráðgjafinn eigi ekki að sitja í ríkisráðinu. Hvers vegna vill meiri hluti nefndarinnar þá fara því fram, að setja þetta ákvæði um ríkisráðið inn í frumv. og ota með því þessu deiluatriði fram? Það verður þó auðsjáanlega ekki til annars en að bægja á braut öðrum mjög mikilvægum umbótum á stjórnarhögum vorum, umbótum, sem geta miðað til þess með tímanum að leysa einmitt sjálfan ríkisráðs-hnútinn.

H. þm. Vestm. (V. G.) tók fram flest af því, sem mælir á móti því, að þetta ákvæði sje sett inn í frumv., og hann talaði um vegina, sem mætti fara til þess á sínum tíma að fá hið sama fram, sem frumv. vill fá fram, en sem aldrei fæst með frumvarpsleiðinni. Meðal þessara vega nefndi hann þingsályktunarleiðina, og það er deginum ljósara, að vjer höfum ekki gefið upp rjett vorn, ef vjer lýsum mótmælum vorum gegn þessari stjórnarpraxis með þingsályktun t. d.

Það er eitt atriði við þetta ríkisráðsspursmál, sem jeg vil sjerstaklega minnast á. Meiri hluti nefndarinnar hefir lýst því yfir, að meðan þetta ríkisráðsspursmál sje ekki leyst, þá sjeu ábyrgðarákvæðin í frumv. lítils virði, eða jafnvel alveg þýðingarlaus.

Þetta álit er byggt á algjörðum misskilningi á stjórnarskrá vorri, því þótt stjórnin haldi þessari »praxis«, að láta ráðgjafann sitja í ríkisráðinu, þá höfum vjer fulla vissu fyrir því, að ábyrgð sú, sem ráðgjafinn hefir á því, að stjórnarskránni sje fylgt, eða á allri stjórnarathöfninni, eins og þetta frumv. ákveður, hefir sína fullu þýðingu.

Til þess að neita þessu, verður maður að segja, að ábyrgðarákvæðin í stjórnarskránni og í þessu frumv., sem ekki verður að lögum, nema ríkisráðið samþykki það, sjeu sett þar til þess, að villa sjónir fyrir mönnum eða til þess, að hafa þingið að ginningarfífli, eins og eitt blaðið hjer í Reykjavík hefir nýlega komizt að orði.

En það kalla jeg að komast lengst í lagaskýringu, er menn komast í vandræði með einhvern lagastað, að segja þá, að hann sje settur inn í lögin af leik eða til þess, að hafa almenning að ginningarfífli. Jeg legg meiri þýðingu í dóm ríkisráðsins í þessu tilliti en dóm loptkastalasmiða eða lagaskýringar einstakra manna, þó blaðstjórar sjeu. — Og af hverju getur ríkisráðið samþykkt þetta, sem stendur í frumv.: »ráðgjafinn ber ábyrgð á stjórnarathöfninni«, án þess að brjóta grundvallarlögin? Það er af því, að »Ísland hefir sjerstök landsrjettindi«, þó að það sje óaðskiljanlegur hluti Danaveldis. Þetta hefir allt af verið viðurkennt af Dönum og ríkisráðinu, og er sannað svo skýrt sem mögulegt er með stöðulögunum og stjórnarskránni, og eitt hið greinilegasta dæmi þess, að það sje játað, að Ísland hafi sjerstök landsrjettindi, það er, að grundvallarlögin ekki gildi þar á sama hátt og í öðrum ríkishlutum Danaveldis, er það, að ráðgjafi Íslands ber ábyrgð fyrir alþingi Íslendinga, og á að mæta í þeim ábyrgðarmálum fyrir sjerstökum dómi, hæstarjetti ríkisins.

Það hefir komið einu sinni til tals, að lögsækja Íslandsráðgjafann. Það var í Fensmarksmálinu. Hæstarjettarmálsfærslumaður var fenginn til að segja álit sitt um málið, og hann sagði ekki, að það væri ólöglegt að lögsækja ráð-

gjafann fyrir hæstarjetti, en rjeð frá málssókn af allt öðrum ástæðum. — Þetta sýnir, að ábyrgðarákvæðið í stjórnarskránni er ekki að áliti þessa merka lögvitrings tómur hjegómi, og alveg sama er að segja um ákvæði frumv., ef það verður að lögum.

Ein ástæðan fyrir því að taka ákvæðið um ríkisráðið inn í frumvarpið á eptir áliti meiri hluta nefndarinnar að vera sú, að það eigi að vera »authentisk Fortolkning«. Authentisk lagaþýðing!! Á hverju? Á stjórnarskránni og stöðulögunum? Það hefir verið tekið rjettilega fram, að það heyri ekki undir alþingi, að gefa lög um ríkisráðið. — Alþingi getur ekki breytt einni kommu í lögum, sem gilda um ríkisráðið, en þá getur það heldur ekki gefið authentiska lagaþýðing á þeim lögum. Það getur sá eini, sem gefur lögin út. Vjer getum ekki einu sinni lögfest ráðgjafann í ríkisráðinu, eins og h. þm. N.-Þing. (B. Sv.) hefir viljað orða það.

Þá skal jeg að eins minnast á ákvæði 61. gr. stjórnarskrárinnar. Í hinu upphaflega frumvarpi var svo ákveðið, að ef alþingi samþykkti frumv. um breytingu á stjórnarskránni, þá skyldi það því að eins rofið og stofnað til nýrra kosninga, að stjórnin væri breytingunni sinnandi. Þessa ákvæðis sakna jeg í frumv. meiri hlutans, og get heldur ekki vel sætt mig við breytingartill. minni hluta nefndarinnar (V. G.), sem segir: »Þó er eigi skylt að kveðja til auka »alþingis« o. s. frv. — 61. gr. stjórnarskrárinnar er vanskapningur, og hver sú þjóð, sem er nokkurn veginn ánægð með sín stjórnarlög, og þar sem skipað er fyrir um ábyrgð stjórnarinnar fyrir þinginu, vill ekki hafa slík ákvæði. — Þetta ákvæði er heldur ekki komið fram af því, að þingið hafi óskað þess. Þingið 1873, sem farið hefir lengst í kröfum sínum í stjórnarskrármálinu, orðaði 61. gr. þannig, að það skyldi vera undir stjórninni komið, hvort alþingi yrði leyst upp eða ekki. Allar þjóðir, sem jeg þekki til, láta þetta atriði líka vera undir stjórnum sínum komið. Þetta er líka rjett, því það er galli, að stjórn skuli neydd til að »appellera« til þjóðarinnar, hvort sem hún ætlar að framfylgja málinu eða ekki. Þetta getur auk þess orðið beinlínis skaðlegt. Það gæti komið fyrir, að þingið blóðsæi eptir, að hafa haldið þessu ákvæði. Jeg skal taka eitt dæmi, sem sýnir, hvað þetta ákvæði getur orðið skaðlegt. Ef vjer hefðum sjerstakan ráðgjafa, sem þingið bæri traust til, og hann munum vjer fá, ef þetta frumv. verður samþykkt, og kæmi þingið sjer saman við hann um að breyta einhverju atriði í stjórnarskránni, þá gæti svo farið, er hann væri kominn til Danmerkur á fund konungs með frumv. það, er hann og þingið hefðu orðið sammála um, að hann við nánari athugun fyndi einhvern formellan galla á frumv., sem dulizt hefði fyrir honum og þinginu. Hann væri allt að einu neyddur til að rjúfa þingið og stofna til nýrra kosninga, í stað þess, að skjóta þegar á aukaþingi, til að laga gallann, og yrði þá að koma 2 þingrofin hvort á fætur öðru til þess, að frumv. gæti orðið að stjórnarlögum.

Þetta er greinilegt dæmi þess, hvernig þetta ákvæði stjórnarskrárinnar, sem meiri hluti nefndarinnar vill halda óbreyttu, getur orðið til skaða.

Yfir höfuð sje jeg marga galla á þessu ákvæði, en enga kosti.

Sigurður Gunnarsson: Jeg ætla eiginlega að eins að tala um eitt atriði, nefnilega um fyrirhugaðan viðauka við 1. gr. En þó vil jeg fyrst minnast á það, sem h. þm. Vestm. (V. G.) talaði um tilboð stjórnarinnar, sem ætti að vera hinn eini rjetti samningsgrund-

völlur í þessu máli. Þetta tilboð sagði hann væri það, sem þingmálafundirnir hefðu haft fyrir augum, er þeir skoruðu á þingmenn, að hafna engu tilboði um verulegar umbætur á stjórnarskrá vorri, er fram kynni að koma frá stjórninni. En að þingmálafundirnir hafi haft þetta tilboð fyrir augum, það er alveg rangt, meðal annars af þeirri einföldu ástæðu, að þingmálafundirnir voru haldnir í júní, og þá vissu menn ekkert um þetta tilboð, þar sem frumv. h. þm. Vestm. (V. G.) var ekki prentað nje birt fyr en í þingbyrjun og yfirlýsing stjórnarinnar kom ekki fram fyr en hjer á þinginu. Þetta er nú auðvitað ekki mikilsvert atriði, en það sýnir þó, eins og annað fleira, að h. þm. Vestm. (V. G.) er ekki að trúa í öllu. Honum hættir til að fullyrða of mikið — vita of mikið.

Þeir, h. þm. Vestm. (V. G.) og h. þm. Rvík. (J. Jenss.), hafa gert sjer mjög mikið far um að sýna, að sárlítill og óverulegur munur sje á frumv. því, sem h. þm. Vestm. (V. G.) flutti, og frumv. nefndarinnar, sem hjer liggur fyrir. — Á þetta hafa þeir lagt mjög mikið kapp. En til að fá þetta út, hafa þeir orðið að gjöra mjög lítið úr því, að ráðgjafinn sæti í ríkisráðinu, og hafa jafnvel haldið því fram, að það gjörði lítið sem ekkert til, hvort hann sæti þar eða ekki. (*Jón Jensson*: Þetta er ósatt!). H. þm. Vestm. (V. G.) reyndi, að mjer skildist, að sanna, að það stæði á litlu, því að ábyrgðin væri söm. Þar held jeg nú reyndar að h. þm. hafi sannað heldur mikið, því að eptir því ætti ástandið að vera fullgott eins og það er. Að minnsta kosti hjelt h. þm. Vestm. (V. G.) því fram, að bætur þær, sem fælust í sínu frumv., væru góðar eins fyrir því, þó ráðgjafinn sæti í ríkisráðinu.

Hafi jeg skilið rjett h. þm. Rvík. (J. Jenss.), virtist mjer hann játa, að ríkisrjettur væri hið eina »forum« eða varnarþing fyrir ráðgjafa þá, sem eiga setu í ríkisráðinu. En nú situr Íslandsráðgjafi faktiskt í ríkisráðinu, og hvað verður svo um hæstarjett?

H. þm. Vestm. (V. G.) talaði um 3 vegu til að leysa þennan ríkisráðshnút.

Fyrsti vegurinn var málssókn fyrir hæstarjetti.

Annar vegurinn var mótmæli frá þingsins hálfu í einhverju formi ár eptir ár.

Þriðji vegurinn var að láta reynsluna og tímann leysa hnútinn; og færði hann sennilög rök fyrir því, að þetta væri heppilegasta leiðin; hinn íslenzki ráðgjafi mundi geta gert ríkisráðið svo leitt á sjer, að ríkisráðið yrði guðsfegið að losna við hann.

Þetta lætur sig nú heyra og er ekkert ósennilegt; en heldur nú h. þm. Vestm. (V. G.) að hann sje þeim mun glöggskygnari og hyggnari maður og meiri »diplomat«, heldur en hinir dönsku »diplomatar« og stjórnmálamenn, að þá grilli ekki neitt í þetta, sem hann þykist sjá svo glöggt?

Ef þeir trúa á þetta og hafa sjeð það fyrirfram, þá hefðu þeir átt að samþykkja að Íslandsráðgjafi, þegar það verður sjerstakur maður, sitji ekki í ríkisráðinu.

Jeg held að h. þm. Vestm. (V. G.) hafi einmitt fært sennileg rök fyrir því, að vjer munum fá það, sem vjer meiri hluti nefndarinnar höfum farið fram á í frumv.; annars mundi stjórnin ekki hafa sent hann með frumv. hans.

Því getur þó enginn neitað, að það væri býsna mikill munur á því, hvort frumv. meiri hluta nefndarinnar eða hið upphaflega frumv. þm. Vestm. yrði samþykkt og staðfest. Samkvæmt voru frumv. næðist ráðgjafi Íslands út úr ríkisráðinu og undan öllum áhrifum Danastjórnar. En þótt frumv. þingm.

Vestm. hefði verið samþykkt og náð staðfestingu, þá hefði ekkert verið breytt með því frá því, sem nú er, nema að ráðgjafinn kæmi hjer til viðtals við þingið (*Jón Jensson*: og ábyrgðin!). Hún er ónýt. Ef vjer ættum að fara þá leið, þá væri það alveg sama sem að selja stjórninni sjálfdæmi. H. þm. Vestm. (V. G.) og Rvík. (J. Jenss.) virðast nú trúa því að það sje óhætt að eiga undir stjórninni, að hún fram kvæmi stjórnarskrárákvæði »loyalt«, og er þetta þó sú sama stjórn, sem beitt hefir stjórnarskránni í framkvæmdinni síðan 1875 á þann veg, sem h. þingmönnum er báðum fullkunnugt.

Ef h. þm. Rvík. (J. Jenss.) hefir með umyrðum sínum um leikaraskap meint til meiri hluta nefndarinnar, þá gerir hann nefndinni stórlega rangt til. Jeg fyrir mitt leyti vil frábiðja mjer slíkar getsakir; jeg hef fjallað um mál þetta með fyllstu alvöru. Jeg er auðvitað enginn stór politikus, en jeg er þess fulltrúa, að það sje mjög mikils vert, ef allir vorir innlendu kraptar, báðar deildir þingsins og landshöfðingi, gætu lagzt á eitt og orðið sammála, sem nú virðist útlit fyrir; þá þykist jeg af því eygja talsverða skímu af von um að stjórnin muni láta af sinni skoðun.

Framsögumaður (*Klemens Jónsson*): Flest skot hafa í dag flogið yfir höfuð meiri hluta nefndarinnar og get jeg því verið fáorður. Um milliþinganefnd þarf jeg ekki að tala; nefndin í þessu máli hefur ekkert um það mál fjallað, hafði ekkert um það heyrt, nema eitthvert óljóst bladakvís og óskilvísar lausafregnir. Án þess að vilja neitt um það dæma, hvort það hefði verið æskilegt eða eigi, að slík nefnd kæmist á, skal jeg þó geta þess að mjer þótti þingm. Vestm. (V. G.) fara nokkuð frekt í það, hvað mikið hann gjörði úr því, að Íslendingar hefðu orðið í minni hluta í nefndinni. En nefndin átti ekki að vera neinn gjörðardómur; hún átti að eins að vera ráðgefandi og láta álit sitt í ljósi um samningsatriði, það er að segja, koma fram með tillögur, sem hvorugur málsaðili var við bundinn framar en honum líkaði. Hún gat þannig engan bundið með niðurstöðu sinni.

Jeg þarf ekki að minnast á ræður h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) og h. þingm. N.-Þing. (B. Sv.); þeir töluðu báðir »sagligt« og stillilega um málið, eins og vera ber.

Það var að eins þm. Rvík. (J. Jenss.), sem talaði æsandi hjer í deildinni (*Jón Jensson*: ósatt!). Jú, þm. reyndi að vekja æsing með orðum sínum (*Jón Jensson*: þetta eru ósvífin ósannindi!). Þessi orð sýna bezt að jeg hefi hitt rjett (*Jón Jensson*: eða verið hittur).

Þm. Vestm. (V. G.) talaði einnig, sem við var að búast, »saglig«; hann átti hjer að verja minni hluta álit sitt, enda hafði lítið talað við framhald 1. umr. En bæði hann og sjerstaklega þm. Rvík. (J. Jenss.) hjeldu því fram að meiri hlutinn hefði sett þessa fyrstu grein inn í frumv. með fullri meðvitund um að þetta yrði ekki samþykkt. (*Jón Jensson*: það er satt!). Nei, það er ekki satt; jeg vísa frá mjer öllum slíkum ásökunum um »leikaraskap«. 1. gr. er í mínum augum svo þýðingarmikið atriði að jeg sje ekki að jeg geti fylgt frumv., ef hún er felld úr.

Þm. Vestm. (V. G.), virtist ekki gæta þess, að þessi ákvörðun kemur fram sem authentisk skýring og hjelt hann því fram að með þessari grein væri gefið í skyn, að það væri á móti stjórnarskránni nú að ráðgjafinn sæti í ríkisráðinu. En þetta er ekki svo; það er aðeins sett til að taka af allan vafa gagnvart

hinum skýlausu yfirlýsingum stjórnarinnar í þessa átt.

Þm. Vestm. (V. G.) benti á enn aðra vegi til að leysa þennan ríkisráðshnút; annar var sá, að halda fram kröfum vorum um þetta atriði á hverju þingi. Líklega þó ekki í frumv.-formi? En láum vjer betur leystan hnútinn fyrir það? Fáum vjer spurninguna leysta fyr fyrir því, þó vjer á hverju þingi höldum því fram með þingsályktun eða á annan þýðingarlausan hátt, að ráðgjafinn eigi ekki setu í ríkisráðinu, og lýsir það eigi eins miklum vafa? Jú, jeg held það, og þá virðist ekkert hreinlegra en að gera á þann hátt sem hjer er farið fram á.

Þriðji vegurinn, sem hann benti á, var áhrif ráðgjafa Íslands í ríkisráðinu; hjelt hann að hann gæti gert Dani svo leiða á að hafa sig þar, að þeir yrðu fegnir að leysa hann úr ríkisráðinu. En þetta er að eins getgáta. Það er öllu líklegra, að þessi íslenzki ráðgjafi yrði skoðaður þar sem annar uppskafningur (»parvenu«); hann mundi ekki beita sjer þar mikið og lítið tillit verða tekið til hans, svo það frá því sjónarmiði mundi standa alveg á sama, hvort hann sæti þar eða eigi, og engin líkindi til, að Danir því mundu fara að hrekja hann þaðan, og það því fremur sem þeir leggja svo mikla áherzlu á setu hans þar.

Sami þm. talaði fagurt um það, að úr því menn væru á annað borð komnir út á miðlunarveg, þá ættu menn að stíga fetið fullt, svo að samkomulag næðist. En er það nokkurt samkomulag, að gefa frá sjer allar kröfur sínar og sætta sig nú, eptir 27 ár, við það að stjórnarskránni sje framfylgt að eins að hálfu leyti?

Sami h. þm. margítrekaði slík ummæli sem þessi: »Jeg veit að stjórnin muni ganga að« og »jeg veit að stjórnin gengur ekki að«. Þetta eilífa »jeg« var alltaf á vörum hans, eins og hann skoðaði sig sem umboðsmann stjórnarinnar, en jeg get nú ekki tekið þetta »jeg« trúanlegt um tilgang stjórnarinnar; og það hræðir mig ekki frá að halda því fram, sem jeg álít rjettast vera í þessu máli.

Þar sem h. sami þm. talaði um einhver umyrði, sem hann hefði heyrt á privat fundi, um »að gefa eptir næst«, þá er sá galli á, að enginn kannast við að hafa haft þau og verð jeg því að ætla, að þetta hafi verið misheyrn hjá h. þm.

Þm. lagði mikla áherzlu á tillögur þingmálafundanna, sem jeg hefði nefnt við 1. umr. Að vísu minntist jeg á það, en lagði enga áherzlu þar á. Að öðru leyti get jeg skírskotað til ummæla h. þm. S.-Múlas. um þetta efni, því að jeg er honum alveg samdóma um það. Það er enginn efi á að menn á þingmálafundunum hafa ímyndað sjer tilboð stjórnarinnar öðru vísi en það, sem fram kom.

Jeg heyrði ekki allt í ræðu h. þm. Rvík. (J Jenss.) og hef því kannske ekki skilið þm. rjett að öllu leyti. Mikið af ræðu hans var víst »polemik« við þm. N.-Þing. (B. Sv.) og blað eitt hjer í Reykjavík, sem talið mun vera málgagn hans, og mun bæði þm. og blaðið vera fært um að svara fyrir sig. Hann lagði áherzlu á það, að alþingi gæti ekki gert nein ákvæði um fyrirkomulag ríkisráðsins og því ekki gefið neina »authentiska« skýringu um neitt því viðvíkjandi, og var eins og hann þar kæmi með einhverja spánnýja uppgötvun. En hverjum hefir dottið slíkt í hug? Engum, mjer vitanlega. En á sjermálum vorum eigum vjer fullt vald og getum gefið authentiskar skýringar um það, sem þau snertir. Og hjer er einmitt að ræða um »authentiska«

skýringu á 1. gr. stjórnarskrárinnar, sem heimilar landinu löggjöf og stjórn út af fyrir sig, og um það álít jeg, og líklega allir þingmenn, nema h. þingm. Rvík. (Jón Jenss.), að vjer höfum fullt ákvæðisvald.

Framsögumaður minni hlutans (Valtýr Guðmundsson): Jeg hefi ekki ástæðu til að tala langt að þessu sinni. Að eins vildi jeg gjöra fáeinar athugasemdir við orð h. 1. þm. S.-Múl. (Sig. G.). Hann talaði um, að það væri rangt, að í mínu frumv. feldist sá samningsgrundvöllur, sem þingmálafundirnir ættu við. Það hefi jeg ekki sagt, en jeg hefi tekið það fram, að þingmálafunda yfirlýsingar gengu í þá átt, annað hvort að aðhyllast tilboð þau, sem koma kynnu frá stjórninni, eða að öðrum kosti, að halda fram hinum ýtrustu kröfum. — Það er því auðsætt, að þjóðin vill styrkja að samkomulagi; en hvernig því samkomulagi á að vera varið, hvað langt eigi að ganga í þá átt, það getur alþýða manna naumast gjört sjer grein fyrir í svo flóknu máli, og sízt í fljótu bragði. Það verður hún að fela fulltrúum sínum, og bera það traust til þeirra, að þeir kunni að meta, hvort þær endurbætur liggja fyrir eða ekki, sem gangandi sje að. En mín skoðun er sú, og þeirra, sem að samkomulagi vilja styðja, að í því tilboði, sem komið hefir fram í yfirlýsing stjórnarinnar, felist verulegar umbætur, þótt h. 2. þm. Eyf. (Jón Jónss.) ekki vilji kannast við, að neitt tilboð sje enn komið fram, og frá mínu og okkar sjónarmiði er því sá samningsgrundvöllur, sem þarf, fenginn.

H. 1. þm. S.-Múl. (S. G.) lagði einnig fyrir mig þá spurningu, hvers vegna dönsku ráðgjafarnir ekki hafi sjálfir sjeð, að það væri óþægilegt, að Íslandsráðgjafinn ætti sæti í ríkisráðinu, en jeg er enginn hjartna nje nýrna rannsakari og get því ekki svarað þeirri spurningu. Sú skoðun mín stendur þó óhrakin enn, að Danir sjálfir myndu finna til þess, að það væri óþægilegt, að hann ætti sæti í ríkisráðinu, og jeg skal um leið geta þess, að einmitt einn maður úr stjórnarráðinu tók það fram við mig, að svo hlyti að verða.

H. framsögum meiri hlutans (Klem. Jónss.) sagði, að ekki mundi hætt við, að slíkt kæmi fyrir, þar sem hann þar mundi að eins skoðaður sem »Parvenu«, en við það er að athuga, að hann ræður þó ávallt yfir atkvæði sínu, og því óhugsandi annað, en allt tillit yrði tekið til hans, og einkum þar sem hann með þessu eina atkvæði sínu gæti ráðið úrslitum í aldönskum málum, þar sem máske væru annars jöfn atkvæði. — Og kæmi slíkt fyrir í einhverju áhugamáli Dana, þá mundu blöðin og ríkisþingið heimta hann út úr ríkisráðinu. H. framsögum. meiri hlutans (Klemens Jónss.) tók enn fremur fram, að þetta ákvæði um sæti ráðgjafans í ríkisráðinu væri sett inn í frumv. til þess, að taka af allan vafa; en hvernig tekur það af allan vafa, þegar frumv. ekki verður staðfest. Bæði h. framsögum. og h. 1. þm Suður-Múlas. hafa þá von, að þetta atriði verði tekið til greina, en jeg get ekki annað sagt, en: »Mikil er trú þín, kona«. Á hverju er þessi trú byggð? Hún er sannarlega byggð á sandi. — (*Sigurður Gunnarsson*: Á sama grundvelli og h. þm. Vestmannaeyja byggir á). Nei, jeg byggi á miklu fastari grundvelli. Jeg skil það, að frá þeirra hálfu er þetta gjört í góðri trú, eða jeg get ekki ætlað annað, enda þótt jeg eigi erfitt með að skilja það, því sú trú hefir sem sagt við ekkert að styðjast. — Þá gjörði h. framsögum. þá athugasemd við það, sem jeg sagði um millilþinganefndina, að þó aldrei nema Íslendingar hefðu orðið þar í minni hluta, þá gætu

málalokin þar ekki ráðið úrslitum, þar sem það væri að eins undirbúningsnefnd. Jeg tók skýrt fram, að einmitt úrslitin þar gæfu stjórninni svo sterkan bakhjall í áliti meiri hlutans, þó það auðvitað ekki væri nema undirbúningsnefnd, að það hefði mikla þýðingu, þar sem stjórnin yrði miklu sterkari eptir en áður.

Hann gat þess einnig, að jeg hefði komið fram sem erindsreki stjórnarinnar í dag og optar, og tilfærði eink um það, sem jeg hafði sagt um breyt.-till. við 8. gr. og 61. gr. En jeg verð að taka það fram, að það er ekki nema ofur-eðlilegt, þó jeg ekki gæti sagt um vilja stjórnarinnar viðvíkjandi 8. gr., þar sem það er alveg ný tillaga, en viðvíkjandi 61. gr. hafði jeg yfirlýsingu stjórnarfulltrúans hjer að styðjast við. Jeg vona því, að hann verði að játa, að jeg þurfti alls ekki að koma fram sem erindsreki, þó að jeg gæti sagt um það, sem jeg hafði skýra yfirlýsingu stjórnarfulltrúans fyrir; slíkt gat hver einasti þingmaður gjört.

Því var enn fremur haldið fram, að þetta ákvæði um setu ráðgjafans í ríkisráðinu væri vegur til þess, að fá þá kröfu útkljáða. En eins og jeg hefi áður tekið fram, verð jeg enn að halda fram, að þetta er enginn vegur, því þessa kröfu má taka til greina í hvaða formi sem er, það væri að eins að breyta til með »Praxis«. Það væri alveg sami vegur að bera þessa kröfu fram í frumvarpsformi og tillöguformi. En jeg tók fram annan veg, nefnilega lögsókn fyrir hæstarjetti. Það kom fram sú ástæða móti því, að slíkt mundi ekki þýða, þar sem ráðgjafinn ætti sæti í ríkisráðinu, en það er enginn efi á því, að hægt væri að koma fram ábyrgð, þó hann sæti í ríkisráðinu, vegna þess, að hver ráðgjafi ber ábyrgð á því, sem hann skrifar undir, en ekki ríkisráðið í heild sinni. Það er og ákveðið í stjórnarskránni, að hæstirjettur skuli dæma í slíkum málum. Jeg benti einnig á annað, og það var það, að undir eins og sjerstakur ráðgjafi kæmi, að þá kæmi einnig nýtt atriði, sem Dönum sjálfum mundi finnast óþægilegt, og þeir því mundu bola honum burtu úr ríkisráðinu, en hingað til hefir slíku ekki verið til að dreifa, þar sem ráðgjafinn hefir ávallt verið danskur maður og dómsmálaráðgjafi um leið. Og þó að okkur tækist ekki að koma honum úr ríkisráðinu, þá mundi þeim takast það, því þeir hafa aflið, en við ekki.

Jeg skal svo ekki fjölyrða frekara um þetta að þessu sinni.

Einar Jónsson: Hjer hafa allir gert svo mikið úr því atriði, sem frumv. fer fram á, að ráðgjafinn sæti hjer á þingi, sinnti samvinnu við það, og bæri ábyrgð á stjórnarathöfninni allri, og það getur auðvitað verið mikils vert. En það er eitt atriði, sem jeg vildi vekja athygli á og leita upplýsinga um: Hvernig verður þeirri ábyrgð komið fram á hendur ráðgjafanum? Í 3. gr. stjórnarskrárinnar stendur: »Alþingi kemur fyrir sitt leyti ábyrgð fram á hendur ráðgjafanum eptir þeim reglum, sem nákvæmar verður skipað fyrir um með lögum«. Nú stendur í 2. ákvörðun um stundarsakir, að hæstirjettur skuli dæma þessi mál, þangað til lögin, sem til eru tekin í 3. gr. — ábyrgðarlögin —, komi út. Þar stendur »þangað til«, og þar með er auðvitað gert ráð fyrir því, að nýr dómstóll verði skipaður til að dæma ráðgjafann fyrir stjórnarskrárbrot. — En jeg kemst í vanda, þegar jeg les ráðherrabrjefið frá 29. maí í vor. — Þegar þar er búið að leiða rök að því, að ómögulegt sje að flytja Íslandsráðgjafann frá aðsetri konungs, þá segir

svo: »Eigi gæti það heldur komið til tals, að skipa sjerstakan íslenzkan dóm . . nema ráðgjafi Íslands hefði aðsetur þar í landi«. Þá rekur að því, að þessi dómur verður að vera í Danmörku. — Þegar því til þess kemur, að ráðgjafaábyrgðarlög verði samin, sem 2. ákvörðun um stundarsakir gerir ráð fyrir, — er það þá svo að skilja, að ríkisrjetturinn skuli dæma ábyrgðarmálin? — (*Valtýr Guðmundsson*: Nei). Er það þá svo, að hæstirjettur skuli dæma þau framvegis? Annaðhvort verður að vera. Það sýnist vafalaust, að annaðhvort verði hæstirjettur að dæma þau framvegis, eins og til bráðabirgða, eða þá sá dómstóll sem dæmir hina dönsku ráðgjafa, ríkisrjetturinn, ef byggt er á tillögum h. minni hluta (V. G.). En það lízt mjer óviðurkvæmilegt, að íslenzkur ráðgjafi, sem um sjermál Íslands hefir að fjalla, verði dæmdur af dönskum dómstóli. Og jeg get ekki fellt mig við frumv., sem hefir slíkt í för með sjer. Og með því að jeg vil að minnsta kosti eiga það víst, að þær breytingar, sem nú er verið að hugsa um að gjöra á stjórnarskránni, fyrirbyggi það ekki, að hægt verði að setja íslenzkan dómstól til að dæma ráðgjafann, þegar ábyrgðarlög verða samin, þá verð jeg að sjálfsögðu að vera með því, að neðri deild fái ákæruvaldið á hendur ráðgjafanum, en ekki þingið í heild sinni, því ef frumv. væri svo orðað, þá væri auðsætt, að gert væri ráð fyrir, að danskur dómstóll dæmdi í þeim málum, sem höfðuð yrðu gegn ráðgjafanum.

Ólafur Briem: Eitt aðal-ágreiningsatriðið í þessu máli er afstaða ríkisráðsins gagnvart sjermálum Íslands. — Eins og nú stendur verða Íslendingar í þessu efni að beygja sig fyrir valdi dönsku stjórnarinnar, eða, eins og komizt hefir verið að orði, lúta fyrir ofbeldi. Þó að breytingartill. h. þm. Vestm. (V. G.) verði samþykkt af þinginu, þá hefir þingið ekki með því samþykkt, að sjermál vor sjeu með rjettu borin upp í ríkisráðinu. En fari þingið svo að semja við þennan ráðgjafa, sem í ríkisráðinu situr, þá hefði það þegjandi samþykkt, að þar eigi hann heima. Stæði svo þetta um nokkur ár, þá skil jeg ekki betur, en að seta ráðgjafans í ríkisráðinu yrði að fastri venju, er seint fengist leiðrjett. — En setjum nú annað dæmi, nefnilega að þingið þyldi ekki þennan ráðgjafa, sem gjörði sig sekan í þessu, og lýsti vantrausti sínu á honum, þá yrði afleiðingin auðvitað sú, að hann yrði að víkja úr sessi. En hins vegar gæti verið, að slíkt yrði ekki mikill ávinningur fyrir þjóðina, ef henni að öðru leyti líkaði vel við hann. Það yrði og enn fremur afleiðingin, ef þingið ekki þyldi þetta, en hafnaði ráðgjöfunum hverjum af öðrum, að allt af fjölgaði mönnum með eptirlaunum úr ríkissjóði Dana. Mundi þá ekki geta rekið að því, að við yrðum að lúta nýju ofbeldi, að ráðgjafinn yrði látinn sitja þrátt fyrir óánægju þingsins? Jeg sje því ekki betur, en að þetta yrði til að gjöra enn meiri flækju, og get því ekki greitt atkvæði með breytingartill. h. þm. Vestm. (V. G.) að svo komnu.

Jeg skal þá lítið eitt víkja að frumv. óbreyttu, þar sem því ákvæði er haldið, að ekki skuli bera upp í ríkisráðinu hin sjerstaklegu mál Íslands. H. framsögum. (Kl. J.) tók það fram, að afstaða meiri hlutans væri miðlun, og skal jeg játa, að það kom mjer og líklega fleirum á óvart, að h. meiri hluti skyldi komast að þeirri niðurstöðu, eða nefna það nafn, því áður hefir litið svo út, sem sumir þeirra, sem í meiri hlutanum eru, hafi skoðað orðið »miðlunarmaður« sem landráðamaður eða því um líkt. — En maður getur ekki rekið sig úr skugga um það, að álit nefndarinnar gengur

ekki í þá átt, að fá málið útkljáð nú; því að hversu sterk sem trú meiri hlutans kann að vera á því, að þetta frv. öðlist samþykki stjórnarinnar, þá hlýtur þó talsverður efi að vera á því. Og því meira furðar mig á því, að ekki skuli vera vikið að samkomulagi á annan hátt.

H. framsögum. tók það einnig fram, að það væri álit meiri hlutans, að ekki væri rjett að vera ávallt að berja höfðinu við steininn, eins og að undanförnu, en hvað er það annað en að berja höfðinu við steininn, að samþykkja það, sem menn vita fyrir fram, að ekki fæst framgengt, þegar ekkert er jafnframt gert til að verka á stjórnina?

Getur verið, að meiri hlutinn hugsi sem svo, að þetta fáist ekki á næsta árabili, og hefir kannske í hyggju, að mynda nýjan flokk til þess, að halda þessu frumv. óbreyttu fram á næstu þingum. En menn sem leggja á stað í langferð eru vanir, þó þeir ekki búi sjer til nákvæma ferðaáætlun, þá samt að minnsta kosti að gjöra sjer nokkurn veginn ljóst, hvernig ferðinni skuli hagað, en það kalla jeg ekki ferð byggða á fyrirhyggju, að neyðast til að snúa einlægt aptur við sömu torfæruna, án þess að gera neitt til að ryðja henni úr vegi. Jeg get því ekki heldur greitt atkvæði með frumv., eins og það nú liggur fyrir.

H. þm. Vestm. (V. G.) tók fram, að það væru að eins 2 vegir, annaðhvort að ganga að hinu svonefnda tilboði stjórnarinnar óbreyttu eða framfylgja hinum fyllstu sjálfstjórnarkröfum, en jeg get vel hugsað, að vegirnir sjeu fleiri. Það er vanalegt í viðskiptum manna á milli, að menn reyna í lengstu lög að koma sjer saman, þegar ágreiningur verður, og hjer er engan veginn hægt að segja, að fullreynd sje samkomulagsleitun við stjórnina.

H. þm. Eyf. (Jón Jónss.) benti einmitt á nýja leið í samkomulagsátt, þar sem hann hreyfði því, að skipuð yrði milliþinganefnd til að semja um málið. Reyndar kom það fram í svari h. þm. Vestm. (V. G.), að hann og ýmsir fleiri þingmenn hefðu eindregið sett sig á móti slíkri nefndarskipun, og var svo að heyra, sem mótbárur hans hefðu ráðið úrslitunum, að sú hugmynd komst eigi til framkvæmdar. Það getur nú verið vafamál, hvort þetta hafi verið vel ráðið. Að minnsta kosti get jeg ekki gert mikið úr einni ástæðunni, sem hann færði á móti nefndinni, nefnilega kostnaðinum; mjer blandast ekki hugur um, að þingið hefði samþykkt, að borga þann kostnað, ef líklegt hefði þótt, að það leiddi til einhvers árangurs.

H. sami þingm. tók einnig fram, að ríkisþinginu mundi brátt verða það ljóst, að það væri ekki heppilegt, að ráðgjafi Íslands ætti sæti í ríkisráði Dana, en var þá óhugsandi, að einhver sá, er sæti ætti í nefndinni af Dana hálfu, hefði haft líka skoðun? Jeg get heldur ekki sjeð, að það hlyti að vera víst fyrir fram, að Danir og Íslendingar skiptust þar í 2 andstæða flokka — Sömuleiðis gjörði hann óþarflega mikið úr atkvæðagreiðslunni í þeirri nefnd, þar sem hún auðvitað hefði að eins rjett til að koma fram með tillögur í málinu.

En þar sem hann lýsti yfir eindregnu svari ráðgjafans, að nú gæti ekki lengur verið um slíkt að tala, þá nær það að eins til hins núverandi ráðgjafa, en óvíst hvað hann situr lengi að völdum. Þetta gæti líka máske orðið til þess, að við gætum fengið glögg svör um það, hvað það eiginlega væri, sem gjörði það að verkum, að stjórnin vildi endilega að ráðgjafinn ætti setu í ríkisráðinu, því jeg get ekki skilið, hvers

vegna henni er það svo mikið kappsmál. Það skyldi þá vera hræðsla við það, að hið íslenzka löggjafarvald samþykkti einhver þau lög, er kæmu í bága við alþjóða rjett, en þá mætti ef til vill setja einhverja trygging fyrir, að slíkt kæmi ekki fyrir.

Framsögumaður minni hlutans (*Valtýr Guðmundsson*): H. 1. þm. N.-Múl. (E. J.) óskaði skýringar á því, hvernig koma ætti heim 3. gr. stjórnarskrárfrv. við ákvarðanirnar um stundarsakir. Mjer finnst skýringin liggja aðallega í því, að þessar greinir komi alveg eins saman hjer eptir, eins og hingað til hefir verið. Í 3. gr. stjórnarskrárinnar stendur: Alþingi kemur fyrir sitt leyti ábyrgð á hendur ráðgjafanum eptir þeim reglum, sem nákvæmar verður fyrirskipað með lögum«, og í ákvörðunum um stundarsakir stendur svo: »þangað til lög þau, sem getið er um í 3. gr., koma út, skal hæsti rjettur ríkisins dæma mál þau, er alþingi höfðar á hendur ráðgjafanum fyrir Ísland, fyrir afbrigði gegn stjórnarskránni«. Ástandið verður því hið sama eptirleiðis sem það hefir verið nú um meira en 20 ár í þessu efni, nema þó hvað sá mikli munur kemur fram oss í hag, að hjer eptir á alþingi að geta komið fram ábyrgð gegn ráðgjafanum, eigi að eins fyrir brot á stjórnarskránni, heldur og fyrir hverja stjórnarathöfn hans; þótt vjer nú færum fram á að stofna sjerstakan íslenzkan dómstól, er dæmdi mál þau, sem höfðuð kynnu að verða gegn ráðgjafanum, þá getum vjer enga von haft um það, að stjórnin mundi taka slíkt til greina, þar sem farið er svo sterkum orðum um þetta atriði, í ráðgjafabrjefinu frá 29. maí í vor, að það geti eigi komið til tals, nema ráðgjafi Íslands hefði aðsetur á Íslandi. Auðvitað væri það ekki óhugsandi, að skipa mætti annan dómstól í Danmörku en hæsta rjett, til að dæma mál þau, er alþingi eða konungur höfðaði gegn Íslandsráðgjafa, búsettum í Kaupmannahöfn; en mjer finnst að svo stöddu ekki sjerleg þörf að fara út í það mál, heldur getum vjer gjört ráð fyrir, að ástandið hjeldi áfram að vera eins og það nú er í þessu efni; en eins og jeg sagði áðan, þá sje jeg ekki betur, en að þetta ástand yrði eins viðunanlegt og það ástand, sem vjer höfum lifað undir, undir hinni núgildandi stjórnarskrá. Í öll þau ár, sem vjer höfum lifað undir henni, hefir þingið ekki farið fram á, að samin væru ábyrgðarlög. Að vísu hefir í hinni endurskoðuðu stjórnarskrá verið gjört ráð fyrir sjerstökum dómstóli, til að dæma um mál, höfðuð gegn ráðgjafanum; en þar var líka gjört ráð fyrir miklu yfirgripsmeiri breytingu á stjórnarfyrirkomulaginu en nú.

H. 1. þm. Skagf. (Ól. Br.) játaði, að þótt frumv. yrði samþykkt með þeirri breyting, sem jeg fer fram á, þá væri ekki með því viðurkennt af vorri hálfu, að ráðgjafinn ætti að rjettu lagi setu í ríkisráði Dana. En honum fannst, að ef þingið færi að semja við ráðgjafa, sem það vissi að ætti setu í ríkisráðinu, þá samþykkti það með því þegjandi rjett hans til að sitja þar. En hver segir að þingið ætti að samþykkja þetta þegjandi? Það gæti í sífellu komið fram með mótmæli gegn því. (*Ól. Briem:* Það væri þýðingarlaust). Ennfremur sagði h. þm. Skagf. (Ól. Briem), að ef þingið neitaði stöðugt að semja við ráðgjafa, sem í ríkisráðinu sæti, þá yrði hver ráðgjafinn af öðrum að víkja úr sessi, og að þannig mundi heill hópur af uppgjafaráðgjöfum hrúgast á eptirlaun á ríkissjóð Dana; þetta var hann hræddur um að Dönum mundi leiðast, og mundi það verða til þess, að þeir færu að beita þeirri kúgun við oss, að láta ráðgjafann sitja í trássi. Jeg held að þetta yrði þvert á móti til þess, að Dan-

ir fyndu til þess að þetta ástand væri óþolandi, og mundu gjörast fúsir á að losa ráðgjafann við að sitja í ríkisráðinu. Auk þess væri ómögulegt fyrir þá að neyða nokkurn ráðgjafa til að sitja í sessi, ef hann vildi sjálfur víkja. Að vísu getur konungur beðið ráðgjafa að sitja kyrran, þótt hann greini á um einstök atriði við þing, og vel getur það komið fyrir, að ráðgjafi fari þar að orðum konungs síns. En ef ráðgjafa greindi á við þing um mörg og veruleg atriði, þá mundi enginn konungur biðja hann að sitja kyrran í ráðgjafasessi, og stjórnskipuleg venja heimtar það, að hann víki, og eigi um annað að tala en að ráðgjafi fái lausn, þegar hann biður um hana. Afleiðingin mundi því alls eigi verða sú, að farið yrði að beita nýju ofbeldi við oss, heldur sú, að þetta mundi knýja Dani enn meir til að láta undan oss með setu ráðgjafans í ríkisráðinu; því að það er auðsætt, að bæði ríkisþing Dana og blöð þeirra mundu fara að láta til sín taka, ef ráðgjafar hrúguðust á eptirlaun á ríkissjóðinn fyrir þessar sakir.

H. þm. Skagf. (Ól. Briem) tók það fram, að rjett væri fyrir oss að reyna að leita frekara samkomulags. En það er einmitt vegurinn til þess, að taka á móti því, sem nú fæst; nú eigum vjer kost á að fá mann til að semja við, en eins og liggur í augum uppi, þá er erfiðara um alla samninga, á meðan enginn slíkur maður mætir á þingi.

Þar sem h. þm. Skagf. (Ól. Briem) minntist á milliþinganefnd, þá álít jeg, að svo mikið sje þegar búið að ræða um hana í dag, að eigi sje þörf á að fara frekar út í það mál nú.

En svo spurði h. þm. Skagf. (Ól. Br.) að, hvað Dönum gæti gengið til, að vilja halda ráðgjafanum í ríkisráðinu. Hann svaraði sjer í raun og veru sjálfur, og sagði að það mundi vera af því, að þeir vildu hafa bæði töglin og hagldirnar í viðskiptunum við oss, og fullt eptirlit með því, að vjer eigi með löggjöf vorri gengum inn á svið hins almenna löggjafarvalds, nje semdum nein þau lög, sem kæmu í bága við alþjóðarjett. H. þm. (Ól. Br.) hjelt að hægt væri að finna annan veg til þess að fyrirbyggja það, að vjer með löggjöf vorri gerðum nokkuð það, er kæmi í bága við almennan þjóðarjett, en þann, að ráðgjafi vor sæti í ríkisráði Dana. Þetta er hugsanlegt; en eigi það að hafa nokkra þýðingu, að slá slíku fram, þá verður að benda á, hvernig eigi að koma eptirlitinu fyrir. Það hefir áður verið íhugað, hvaða institution mundi geta tekið að sjer þetta eptirlit, en erfitt gengið að finna hana. Að vísu hefir verið komið fram með það, að sjermál Íslands mætti bera upp í ríkisráði Dana, þótt ráðgjafi Íslands ætti þar ekki sæti, og þegar ríkisráðið hefði íhugað, hvort ekkert væri athugavert við málið, frá sjónarmiði þess, þá skyldi því vísað til ráðgjafa Íslands, og hann skyldi svo fyrir sitt leyti ráða konungi til þess að staðfesta það eða frá því. En hvernig værum vjer settir þá? Í stað þess að hafa talsmann mála vorra í ríkisráðinu, þá hefðum vjer hann engan, svo að í raun og veru værum vjer miklu ver settir eptir en áður. Þetta væri oss því í óhag, því að það sjer hver heilvita maður, að ef á að ræða mál vor í ríkisráðinu á annað borð, þá er hagur að því að hafa þar mann, sem talar voru máli. Jeg held að þessi leið væri því alls eigi happasæl. En gæti h. 1. þm. Skagf. (Ól. Br.) bent mjer á einhvern annan veg, mundi jeg honum þakklátur fyrir. Jeg hef mjög hugsað mál þetta, og margir fleiri, og eigi getað sjeð, hvernig þessi hnútur yrði heppilega leystur. Það er ekki til neins að segja blátt áfram, að það megi finna veg, og benda

svo ekki á neitt. *(Ól. Briem:* Það var ekki sagt á þennan veg. *J. Jónsson,* þm. Eyf.: Hann var fundinn 1889).

Jón Jensson: Það kom flatt upp á mig, þegar h. framsögum. (Kl. J.) rjeðst á mig að ósekju, og bar það upp á mig að jeg hefði með ræðu minni viljað koma á stað æsingum. Það var svo fjarri mjer, að með ræðu minni í dag hafði jeg ekki annan tilgang, en að reyna að skýra málið, og koma fram með ástæður fyrir skoðun minni á því, ástæður, er jeg vonaði að heldur mundu þoka því áleiðis. Þegar kom fram í ræðu h. framsögum. (Kl. J.), fór jeg að fá ráðning gátunnar; hann kom nefnilega með engin svör, er hrektu ástæður mínar; nú gjöri jeg ráð fyrir að honum hafi þótt það snubbótt að svara mjer engu, og því tekið þann kost að hreyta í mig ónotum. En máske ætlar hann að geyma það til seinni tíma að svara mjer á annan veg. Einu atriði svaraði hann þó, það var um hina authentisku skýringu á heimild ráðgjafans til að sitja í ríkisráðinu. En þess er að gæta að hjer er um algerlega dönsk lög að ræða, og það má hver trúa því, sem vill, að h. þm. (Kl. J.) viti ekki að enginn annar getur gefið authentiska skýring á lögum en sá, sem þau hefir samið. Nú stendur það í áliti meiri hlutans að hann ætli sjer að gefa authentiska skýring á stöðulögunum, sem eru samin af dönsku löggjafarvaldi, en ekki íslenzku. Ætli sú skýring geti haft mikla þýðingu? *(Kl J.:* Það er skýring á 1. gr. stjórnarskrárinnar). Jeg fer nú að efast um að h. framsögum. (Kl. J) viti, hvað authentisk Fortolkning er. Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta atriði; það var langt frá því að vera nokkurt höfuðatriði í ræðu minni; en h. framsögum. (Kl. J.) þóknaðist nú að taka að eins eitt af hinu minni háttar til að svara, en gekk þegjandi fram hjá höfuðatriðunum.

H. framsögum. (Kl. J.) hneykslaðist á því, að jeg ljet undrun mína í ljósi yfir því, að ákvæðið um, að ráðgjafinn skyldi eigi eiga setu í ríkisráðinu, skyldi hafa verið sett inn í frumv. af þeim mönnum, sem þættust vera að leita samkomulags, þrátt fyrir það, þótt þeir vissu fyrir fram, að frv. með því ákvæði mundi ekki verða staðfest. Til þess nú að reyna að færa h. deild heim sanninn um að það sje engin ímyndun, að frv. meiri hlutans muni ekki ná staðfestingu konungs, þá skal jeg leyfa mjer að skjóta því til hæstv. landsh., hvort hann telji þess nokkra von, að frumv. með ákvæði um, að Íslands ráðgjafi skuli ekki eiga sæti í ríkisráðinu, muni verða staðfest. Jeg fyrir mitt leyti hef enga von um það; en þessir menn, sem sjáandi sjá ekki og heyrandi heyra ekki, hefðu gott af að heyra svar hæstv. landsh. upp á þessa spurningu.

Landshöfðingi: Jeg skal gjarna svara fyrirspurn h. þm. Rvík. (J. J.) að því leyti, sem í mínu valdi stendur. Mjer finnst svarið liggja fullgreinilega í ráðgjafabrjefinu frá 29. maí í vor. Þegar það brjef var skrifað, þá er auðsætt að ráðgjafinn og stjórnin hefir verið á þeirri skoðun, að eigi gæti annað komið til tals en að ráðgjafi Íslands skyldi eiga setu í ríkisráðinu. Ef engin breyting verður orðin á stjórninni eða skoðun hennar á málinu, þegar hún á að fara að leggja úrskurð á mál þetta, þá er ekki mikil von um að þetta frumv. nái staðfestingu. Hins vegar finnst mjer frumv. ekki þýðingarlaust að því leyti, að verði það samþykkt hjer, þá er með því sýnt, að stjórninni hefir skjátlazt í þeirri skoðun sinni, er kemur fram í ráðgjafabrjefinu, að varla sje gjörandi ráð fyrir því, að einu sinni ráðstofun, er að öllu leyti samsvaraði

tillögum landshöfðingja, hefði þann árangur að binda enda á stjórnarbaráttuna. En að öðru leyti verð jeg þó að taka það fram, að jeg hef ekki neina von um að þetta frumv. nái staðfestingu.

Einar Jónsson: Jeg get ekki látið mjer nægja svar h. þm. Vestm. (V. G.), Í því kom ekkert fram annað en það, sem jeg vissi áður, að ekkert er lagað til með ábyrgðina frá því, sem nú er. (*V. G.*: Ábyrgð fyrir hverja stjórnarathöfn). Það er í rauninni að eins breytt til um orð, þar sem telja má að hin núverandi ráðgjafaábyrgð sje mjög lítils virði, svo að í reyndinni hefir það harla litla þýðingu, hvort ráðgjafinn á að bera ábyrgð að eins fyrir brot á stjórnarskránni eða fyrir alla stjórnarathöfnina. 3. gr. frumv. hljóðar þannig: »Ráðgjafinn ber ábyrgð á stjórnarathöfninni. Konungur eða neðri deild alþingis geta kært ráðgjafann fyrir embættisrekstur hans eptir þeim reglum, er nánar verður skipað fyrir um með lögum«; það er að segja; með ráðgjafaábyrgðarlögum. En á meðan þessi lög eru ekki til, þá verður hann ekki kærður, svo að nokkurn árangur beri. (*Valt. Guðm.*: Ákvarðanir um stundarsakir). Það hefir að minnsta kosti verið álitið vafasamt, hvernig ábyrgðinni verði komið fram. Jeg fjekk ekki heldur svar upp á aðalatriðið í spurningu minni, upp á það atriði, hvort það ætti að vera hæstirjettur eða innlendur dómstóll, sem dæmdi ráðgjafann samkvæmt ábyrgðarlögunum, þegar vjer fáum þau, og bráðabirgðarákvæðið fellur úr gildi. Ef nú kemur ekkert nýtt fram í þessu frumv., til að tryggja ábyrgðina, þá er nýjungin í því sú ein, ef 1. gr. verður felld burt, að ráðgjafinn á að mæta hjer á þingi, og taka þátt í umræðum þingmálanna.

Jeg hygg að við getum ekki átt mikla von á að fá ráðgjafaábyrgðarlög, á meðan ráðgjafinn á setu í ríkisráði Dana og hefir höfuðaðsetur sitt úti í Danmörku, og eigi sje jeg meiri líkur fyrir því að frumv. verði ekki staðfest, ef 1. gr. stendur í því, heldur en að vjer fáum annan dómstól en hæstarjett eða ríkisrjett Dana til að dæma ráðgjafann, ef ábyrgðarlög væru samin, því að í ráðgjafabrjefinu frá 29. maí í vor er tekið jafn óstinnt í hvorttveggja, að ráðgjafinn hafi ekki sæti í ríkisráðinu og skipun sjerstaks íslenzks dómstóls, til að dæma mál, sem höfðuð kynnu að verða gegn ráðgjafanum. En ef ómögulegt er að fá samkomulag um hvorugt þetta atriði þá er ekki mikið unnið við stjórnarbreyting þá, sem oss á að gefast kostur á að fá.

Það hefir verið sagt, að óhugsandi væri að stjórnin slakaði nokkuð til frá því, sem vjer höfum nú heyrt yfirlýsing um að hún vilji ganga inn á. En vjer vitum, að það er þó almennt manna á milli, þegar um samkomulag er að ræða, og málsaðilar geta ekki talazt við, að þótt annar þeirra hafi komið með einhver ákveðin tilboð, þá getur svo farið, að hann slaki til í einhverju, þegar hann hefir heyrt undirtektir hins málsaðilans, og ástæðurnar fyrir því, hvers vegna hann geti ekki gengið að tilboðinu óbreyttu. Eins getur farið hjer; það er ekki ómögulegt að stjórnin slaki til og samþykki frv., þó að 1. gr. þess standi; og því fremur er þess að vænta, sem h. þm. Vestm., (V. G.) hefir lýst svo rækilega þeim óþægindum fyrir Dani, sem af því mundi leiða, að ráðgjafi Íslands sæti í ríkisráði þeirra; meira að segja, hann kvað þetta hafa vakað fyrir ríkisráðinu og að minnsta kosti ætti h. þm. Vestm. (V. G.) að hafa trú á að hægt væri að sannfæra Dani um þessi óþægindi, ef hann hefir sjálfur fulla trú á, að þau

muni vera eins mikil, eins og hann hefir haldið fram. Yfirhöfuð get jeg ekki verið á því að vonlaust sje um að stjórnin slaki dálítið til og samþykki frumv., þótt hóti lengra sje gengið en hún hefir gefið í skyn að hún muni geta samþykkt.

Framsögumaður (Klemens Jónsson): H. þm. Vestm. (V. G.) neitaði því, að hann hefði í einu eða neinu komið fram sem erindreki stjórnarinnar; vonaði hann að jeg sýndi sjer þá sanngirni að játa, að hver maður hefði getað sagt hið sama sem hann, eptir að yfirlýsing landshöfðingja var fram komin. Jeg skal nú ekki þrátta um það við h. þm. Vestm. (V. G.). En víst er það, að í einu atriði, nefnilega umræðunum um milliþinganefndina, virtust ummæli h. þm. lýsa meiri kunnugleika á gjörðum og vilja stjórnarinnar, heldur en hæstv. landsh. virtist hafa, og þetta vonast jeg að h. þm. Vestm. (V. G.) kannist við.

H. þm. Skagf. (Ó. Br.) sagði, að nefndin reyndi að fara miðlunarveg, til þess að fá einhvern árangur í þessu máli, en hann gæti ekki sjeð, að nefndin hefði neina ástæðu til að gera sjer von um nokkurn árangur, úr því hún hefði sett inn ákvæðið um ríkisráðið. Hjer lýsti sjer hjá þm. hin sama tröllatrú, sem ýmsum er eiginleg á það, að stjórnin geti ekki breytt skoðun sinni. Nefndin hefir þó ekki, eins og h. þm. komst að orði, barið höfðinu við steininn; hún hefir þvert á móti breytt stefnunni eða rjettara sagt byrjað nýja stefnu að þessu sinni, þá nefnilega, að halda ekki fram algerðri endurskoðun á allri stjórnarskránni í einu, heldur taka fyrir einstök atriði í senn. Þm. hugði að meiri hluti nefndarinnar mundi ætla að mynda nýjan flokk, ef þetta eigi dugir. En nefndin hefir engin slík ráð með höndum haft og vandgjört að spá nú, hvað þá verði ráðs tekið; en jeg tel alveg sjálfsagt að þá verði ofan á að hefja á ný hina gömlu baráttu fyrir algerðri endurskoðun.

Jeg var annars allt að búast við, að úr því h. þm. var jafn-óánægður með bæði meiri og minni hluta nefndarinnar, þá mundi hann hafa einhver þjóðráð til að leggja sjálfur, enda var á honum að heyra, að hann áliti vænlegasta ráðið að fá skipaða milliþinganefnd. En því ber hann þá ekki sjálfur fram tillögu í þá átt?

H. þm. Rvík. (J. Jenss.) kvað sjer hafa komið á óvart það skeyti frá mjer, er jeg hefði brugðið honum um að hann hefði reynt að setja æsing í deildina; en jeg get sannað með orðum þm. sjálfs, að jeg hafði ástæðu til ummæla minna. Hann sagði, að það, að rjúfa svona opt þing eða »appel« til þjóðarinnar, »gæti verið gott fyrir þá, sem vildu hræra í þjóðinni«, og hann sagði það í því sambandi, að þar var eigi hægt að misskilja, að það var beint að einum þm. Vilji h. þm. ekki kannast við þessi orð sín nú, þá getur það allt verið gott, því að það má skoða sem hann taki þau til baka.

Hinn sami h. þm. gat í skyn, að jeg vissi ekki, hvað »authentisk lögskýring« væri. Jeg fylgi í því efni því, sem jeg hef lært af bók þeirri, sem jeg held hjer á í hendinni Af henni höfum við báðir lært við háskólann, og vitum því báðir jafnvel, eða jafnilla, hvað »authentisk lögskýring« er.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. minni hlutans við 1. gr. felld með 12 : 4 atkv.

Breyt.till. á þingskj. 235 við 1. gr. samþykkt með 16 samhlj. atkv.

1. gr. þar með fallin.

Breyt.till. (235) við 2. gr. aptur kölluð.

2. gr. óbreytt samþ. með 20 samhlj. atkv.

Breyt.till. minni hl. 3 a. við 3. gr. felld með 15 : 4 atkv.

3. gr. óbreytt samþ. með 19 samhlj. atkv.

Breyt.till. minni hl. um nýja (4.) gr. tekin aptur.

Breyt.till. við breyt.till. (203) við 8. gr. felld með 12 : 6 atkv.

4. gr. samþ. með 19 samhlj. atkv.

Viðaukatill. minni hl. við 5. gr. felld með 12 : 5 atkv.

Breyt.till. Ben. Sv. (235) við 5. gr.:

1. málsgr. felld með 15 : 6 atkv.

3. málsgr. tekin aptur.

5. gr. óbreytt samþ. með 17 samhlj. atkv.

Breyt.till. minni hl. við 6. gr. álitin fallin við atkv.gr. á undan.

6. gr. óbreytt samþ. með 20 samhlj. atkv.

Breyt.till. við fyrirsögnina samþ. án atkv. sem orðabreyt.

Fyrirsögn frumv. svo breytt samþ. án atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 20 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um samþykkt á landsreikningnum 1894—1895 (C. bls. 53, 277); 2. umr.

Framsögumaður (*Ólafur Briem*): Það þarf ekki margt um þetta mál að segja; nefndin hefir að eins komið fram með tvær breytingartill.: við II 3 C og II 10, en í raun rjettri er þetta, eins og nefndarálitið ber með sjer, að eins ein breytingartill., þar sem það hefir komið fram, að einn gjaldliður, kostnaður við eptirlitsferðir embættismanna, er oftalinn um 34 kr, en annar liður, kostnaður við Þjórsárbrúna, vantalinn um sömu upphæð.

Viðvíkjandi peningaforða landssjóðs er þess að geta, að milli þess, sem peningaforðinn nam í raun rjettri við árslok 1895, og þess, sem hann er talinn eptir frumv. þessu, er 2616 kr. 40 aura mismunur. Að vísu er ekki framkomin fullnægjandi greinargerð fyrir, hvernig á þessum mismun standi, en sennilegar líkur eru færðar fyrir því, að peningaforðinn hafi upphaflega verið skakkt tilfærður í reikningssamþykktarlögunum fyrir 1880 og 1881, er samþykkt voru á þinginu 1885, og eru það fyrstu lögin, þar sem tekið er upp ákvæði um upphæð peningaforðans. — Það eru litlar líkur til, að auðið verði nú orðið að fá fulla skýring á, hvernig á þessu stendur, því að bæði er langt um liðið síðan, og þeir, sem sömdu hina eldri landsreikninga, löngu fallnir frá. Það virðist því vera ástæða til að láta hjer við sitja og leiðrjetta peningaforðann samkvæmt því, sem hann er í raun rjettri, en nefndin hefir þó ekki komið fram með neinar tillögur um þetta etni, heldur ætlar hún stjórninni að gera það næsta ár eða þá yfirskoðunarmönnum.

ATKV.GR.: I. kafli frumv. (C. bls. 53) samþykktur í einu hljóði.

II. kafli frumv. 1—3, b. incl. samþ. í einu hljóði.

Breyt.till. nefnd. (C. bls. 276) við II 3, c. samþykkt í einu hlj.

II. kafli 4—9 samþ. í einu hlj.

Breytingartill. við II, 10 samþykkt í einu hlj.

II. 10 (breytt) —11 samþ. í e. hlj.

4 síðustu liðir frumv. samþ. í e. hlj.

Fyrirsögn frumv. samþ. án atkv.

Málinu vísað til 3. umr. í einu hlj.

Frumv. til fjáraukalaga fyrir árin 1894 og 1895 (C. bls. 88, 276); 2. umr.

Framsögumaður (*Olafur Briem*): Um fyrri breyt.till. nefndarinnar viðvíkjandi fjárveitingu til vegabóta, samtals að upphæð (271.26 + 264.38 =) 535.64, vona jeg að enginn ágreiningur verði. Um aðra breytingartill. er heldur hugsanlegt, að menn kynni að greina á;

en járnkista sú, sem um er að ræða, handa sýslumannsembættinu í Ísafjarðarsýslu, að verðhæð 100 kr., er þegar keypt og borguð. Yfirskoðunarmennirnir hafa álitið óheimilt að taka andvirði hennar af fje því, sem veitt er til óvissra útgjalda. Eptir atvikum vill nefndin þó leggja til, að upphæðin sje veitt, enda hafa sams konar útgjöld áður verið samþykkt af þinginu.

ATKV.GR.: 2. gr. frumv. (C. bls. 88) samþ. í einu hlj.

3. gr. frumv. samþ. með 21 samhlj. atkv.

4. gr. frumv. samþ. með 19 samhlj. atkv.

Till. nefnd. (C. bls. 276) 1, b. samþ. í einu hlj.

Till. nefnd. 1, c. samþ. í einu hlj.

Till. nefnd. 2 samþykkt með 13 : 6 atkv.

1. gr. frumv. með áorðnum breyt. samþykkt í einu hlj.

Fyrirsögnin samþ. án atkv.

Málinu vísað til 3. umr. í einu hlj.

Tuttugasti og fimmti fundur, fimmtudag 29. júlí, kl. 12 á hádegi. — Allir á fundi nema Pjetur Jónsson, þm. S.-Þing., er hafði tjáð forföll.

Forseti gat þess að til sín væri komið og yrði framlagt á lestrarsalinn.

1. Bænarskrá frá íbúum Suðurfjarðarhrepps í Barðastrandarsýslu um að Arnarfjörður verði gerður að læknisumdæmi sjer með læknissetri á Bíldudal.
2. Beiðni frá umboðsmanni Björgvin Vigfússyni um, að prestinum að Vallanesi verði gegn árlegu endurgjaldi úr landssjóði gert að skyldu að láta ónotað ítak það í Hallormsstaðarskógi, er hann við veitingu brauðsins hafi öðlazt.
3. Beiðni frá prestinum í Meðallandsþingum, sjera Gísla Jónssyni, um 200 kr. viðaukauppbót á brauðinu.

Frv. til laga um stofnun kennaraskóla í Flensborg við Hafnarfjörð (C. bls. 240); 3. umr.

Flutningsmaður (*Jens Pálsson*): Með því að þetta frumv. var ýtarlega rætt við 1. og 2. umr., þá sje jeg ekki ástæðu til á þessu stigi málsins, að orðlengja um það. Frumv. naut þá svo góðs fylgis, að jeg efa ekki, að h. deild lofi því að ganga fram nú.

Jón Jónsson, þm. A.-Sk.: Jeg gat þess við 1. umr., að jeg gæti ekki orðið samþykkur h. nefnd í þeirri tillögu hennar, að þessi kennaraskóli skuli þegar stofnaður, af því jeg er ekki fullkomlega sannfærður um, að hann muni ná tilgangi sínum.

Það hefir verið tekið hjer fram, að nokkur veðrabrigði hafi átt sjer stað á stundum í landsmálum, og þessi hvikulleiki finnst mjer ekki sízt hafa komið fram í menntamálum. Jeg vil ekki segja, að þetta hverflyndi hafi komið svo mjög fram á þinginu, en að vísu hjá fulltrúum þjóðarinnar; jeg man það, að á Þingvallafundi 1888 var það samþykkt með meira hluta atkvæða, að leggja niður Möðruvallaskólann, sem þá var stofnaður fyrir nokkrum árum, og líka hafa verið margbreyttar skoðanir um búnaðarskólana, og úr því þessi hvikulleiki hefir að undanförnu átt sjer stað í menntamálinu, þá má gera ráð fyrir, að hann eigi sjer enn stað, og ætla jeg að ekki sje óþarfi að minna á hið fornkveðna: »Það skal vel vanda, sem lengi á að standa«. Það er ætíð hægra að stofna ný embætti en að afnema þau aptur, og það er líka aðgætandi, að nú liggur fyrir h. efri deild frumv. um breyting á einni af hinum æðri menntastofnunum landsins, sem sje að sameina gagnfræðakennslu við la

tínuskólann. Jeg veit ekki, hvernig því frumv. muni reiða af, en ef það kæmist fram, þá gæti maður hugsað sjer, að kennarafræðslu mætti tengja við þá gagnvísindakennslu. Svo er enn að gætandi, að hjer liggja fyrir tillögur frá menntamálanefndinni viðvíkjandi breytingum á styrkveiting til barnakennslu, er fara í þá átt, að forgangsrjettur til þeirrar kennslu sje veittur þeim barnakennurum, sem gengið hafa á kennaraskólann; verði sú tillaga felld, þá má gera ráð fyrir, að skólinn verði minna notaður en ella, en nú hefi jeg heyrt á sumum þingmönnum, að þeir vilji fella þá tillögu, því þeir þykjast ekki geta skoðað það öðru vísi en sem rangindi, að gefa nokkrum mönnum slíkan forgangsrjett fyrir öðrum, sem geta verið, og sjálfsagt í mörgum tilfellum mundu verða, fullt eins verðir fyrir styrkinn.

Það er því mín tillaga, að málið verði tekið út af dagskrá, og að beðið sje þangað til fullvíst er, hvernig frumv. um sameining gagnfræðakennslu við latínuskólann reiðir af í h. efri deild, eða að minnsta kosti þangað til sjeð er fyrir endann á því, hvernig tillögum um forgangsrjett þeirra, er notið hafa kennarafræðslu, reiðir af hjer í deildinni.

Flutningsm. (*Jens Pálsson*): Það, sem h. þm. sem síðast talaði, aðallega byggði á andmæli sín gegn þessu frumv., var það, að það kynnu að verða þau veðrabrigði á skoðunum manna í menntamál um, að búast mætti við, að horfið yrði frá kennaraskólanum aptur, rjett eptir að búið væri að setja hann á stofn. En — það er óhugsandi, að ekki finnist ávallt þörf á sjerstakri undirbúningsmenntun handa barnakennurum, þar sem svo margir, sjálfsagt hátt á 2. hundrað manns, gefa sig nú þegar við barna- og unglingakennslu í landinu með opinberum styrk. Margir hverir þessara kennara eru lítt hæfir til starfs síns, því þeir kunna ekki til þess. Það er því auðsætt, að þörfin fyrir kennaraskóla er brýn, og að hún verður varanleg. H. þm. gat þess, að ef gagnfræðakennsla færi fram hjer í Reykjavík, þá væri ráð, að sameina kennarakennslu þar við. En h. þm. ætti að vera farið að skiljast, að kennarakennslan er svo þýðingarmikil fyrir land vort, þýðingarmeiri en svo, að henni verði skeytt sem aukagetu við einhvern af þeim skólum, sem þegar eru til; og þar sem jeg áður hef talið rök móti því, að setja kennaraskóla hjer í höfuðstaðnum, þá ætla jeg ekki að fjölyrða um þetta at riði, og heldur ekki um frumv. í heild sinni, en skal að eins lýsa yfir því, fyrir nefndarinnar hönd, að vjer sjáum enga ástæðu til að taka frv. aptur.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. í heild sinni samþ. með 12 : 9 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Einar Jónsson,	Bened. Sveinsson,
Klemens Jónsson,	Björn Sigfússon,
Eiríkur Gíslason,	Guðjón Guðlaugss,
Guðl. Guðmundss.,	Halldór Daníelsson,
Jens Pálsson,	Jón Jensson,
J. J. 2. þm. Eyf.	J. J., þm. A.-Skf.,
Jón Þórarinsson,	Sigh. Árnason,
Ólafur Briem,	Þórður Guðmundss.
Sig. Gunnarsson,	Þorl. Guðmundsson.
Skúli Thoroddsen,	
Tr. Gunnarsson,	
Þórður Thoroddsen.	

Valtýr Guðmundss. var ekki viðstaddur.

Frumv. síðan afgr. til Ed.

Frumv. til laga um lögaldur (C. bls. 242, 340); 3. umr.

Flutningsmaður (*Skúli Thoroddsen*): Fyrir mitt leyti hef jeg ekkert á móti

þeirri breyt.till., sem hjer liggur fyrir. Eins og jeg tók fram við 2. umr., vakti það að eins fyrir mjer, að hafa þetta ákvæði í frumv., af því að hinn hæstv. landshöfðingi sagði á alþingi 1891, að hann ætlaði, að það mundi verða málinu vænlegra til framgangs; en í sjálfu sjer er meiri samkvæmni í frumv., ef þetta ákvæði er í því, og því ætla jeg að greiða atkv. með breyt.till.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. á þingskj. 252 (C. bls. 340) samþ. með 18 samhlj. atkv.

Frumv. í heild sinni samþ. með 18 samhlj. atkv., og afgr. til Ed.

Frumv. til laga um bann gegn skottulækningum (C. bls. 188, 262); 2. umr.

Framsögumaður (*Þórður Thoroddsen*): Af þeim breytingum, sem nefndin hefir stungið upp á, er að eins ein veruleg, hinar má eiginlega skoða sem orðabreytingar. »Stundar« vildi nefndin heldur hafa en »hefur um hönd« af því að hún áleit, að það gæfi betur í skyn, að það væri ekki ætlazt til, að sá, sem í einstöku tilfelli hjálpar manni, kom ist undir manna hendur, heldur sá, sem gerir sjer að reglu eða atvinnu, að fást við skottulækningar.

Aðalbreyting nefndarinnar við frumv. er hin nýja gr., sem farið er fram á að bætt sje inn í það, og tekur til hverjir skuli undanþegnir þessum lögum og hvernig. Við 1. umr. þessa máls kom það nefnilega fram, að frumv. gæti gert skaða, að því leyti sem það útilokaði ólærða lækna, sem hingað til hefðu stundað lækningar, kannske í samráði við hinn löggilta lækni, og hjálpað mörgum manni, frá að halda því áfram. Jeg get ekki skilið annað, en að þeir, sem þá fundu ekki annað að frv. en þetta, geti nú gengið að því. Það hefir verið tekið fram, að þessir ólöggiltu læknar, sem nú lifa og hafa stundað þessar lækningar lengi, mundu eiga erfitt með að taka próf; það kann vel að vera; en samt sem áður ímynda jeg mjer, að engin ástæða sje fyrir þá sök að leyfa öllum, sem hjer eptir fara að stunda lækningar, að ganga að því próflausir, en mönnum þykir öllu fremur fara vel á því, að jafnótt og þessir menn rísa upp, þá sje þeim gert að skyldu að ganga undir próf, og sýna, að þeir að minnsta kosti þekki byggingu mannlegs líkama og eðli, þó ekki sje meira.

Jeg skal að þessu sinni ekki fara fleirum orðum um þetta, en vona að h. þingdm. samþykki þetta frumv. og sýni með því, að þeir álíti, að það sje skylda þings og stjórnar, að sjá um, að lífi og heilsu þjóðarinnar sje ekki stofnað í voða.

Jón Jensson: Jeg get ekki greitt atkvæði með þessu frumv., og það af því, að mjer finnst það vera apturför frá frumv., sem alþing hafði til meðferðar 1881 og 1883, og voru undanfarar laganna, sem alþingi samþykkti 1884, og gjörð voru til þess, að ofsóknir væru ekki hafðar gegn skottulæknunum; þingið hugsaði um að verja skottulæknana að svo miklu leyti, sem þeir gerðu gott, og viðurkenndi að skottulæknar gerðu mörgum manni gagn. Þá vildi þingið ekki ofsækja þá menn, sem hjálpuðu náunga sínum.

Stjórnin vildi ekki ganga inn á þetta hjá þinginu, og ætlaði að erfitt mundi að sanna, í hvaða tilfellum skottulæknar hefðu gert gagn, og hvenær unnið tjón. Og það er satt, það er gallinn á þeim lögum, að það er örðugt að sanna, hvenær skottulæknir hafi gert skaða. En þingið lagði áherzlu á, að ekki ætti að hindra góða og lægna menn frá að koma meðbræðrum sínum til hjálp-

ar. Og jeg fyrir mitt leyti vil láta þá skoðun verða rjetthærri en þá, sem hjer er lögð til grundvallar.

Það hefir verið talað hjer um, að þjóðin væri dregin á tálar, og ljótar sögur sagðar af því. En aðrir þingm. hafa ekki kannazt við sögurnar, og sagt, að þeir vissu ekki til slíks í sínum byggðarlögum. Og jeg segi sama, jeg hef ekki heyrt svo ljótar sögur, sem sagðar hafa verið, og þó jeg hefði heyrt þær, þá mundi jeg ekki leggja þær til grundvallar fyrir lagasmíð. Menn eiga ekki að búa til lög handa heimskingjum einum, það lendir í formyndaraskap og »Gesetzmacherei«. Þetta er heldur ekki samkvæmt því, sem er hjá öðrum þjóðum; sumar þjóðir hafa enga launaða lækna. En við styrkjum lækna og styrkjum með því þjóðina til að leita sjer læknishjálpar, setjum »Stab« af læknum um allt land, búum síðan til lög móti skottulæknum, en gætum þó miklu fremur en aðrar þjóðir, sem enga launaða lækna hafa, lofað þeim að »konkurrera« við launuðu læknana; hættan af skottulæknum ætti þó að vera miklu minni fyrir það, að svo margir lærðir og launaðir læknar eru á landinu, en annars. Það er ein ástæða móti frumv., að við höfum svo marga lærða og launaða lækna. Það ætti vera nóg að við launum læknana, þó ekki sje farið að gefa þeim einkarjett (Monopol) til lækninga, og þjóðin, almenningur, á sjálf að geta metið þá og dæmt í milli þeirra og skottulæknanna.

Það getur líka verið mjög örðugt að framfylgja þessum lögum, svo að ekki verði hrópleg rangindi, og það mun ekki vera meining þingsins að beita þessum lögum við menn, sem eru lagnir í sjer og ef til vill fullt eins góðir og lærðu læknarnir, sumir hverjir; en ef þetta frumv. yrði lög, mundi þeim eins verða beitt gegn slíkum mönnum. Það er enn sama ástand í Danmörku, sem hjer var fyrir 1884. Jeg skal sýna mönnum með einu dæmi, hvernig það er. Það var maður þar, sem þótti heppinn og takast vel lækningar; margir leituðu hans og hann hjálpaði þeim með ráðum og dáð. Þegar menn komu til hans, fletti hann upp lækningabók: »Hjer er um sjúkdóminn« sagði hann, »og þetta stendur að sje ráð við honum; hefði jeg þenna sjúkdóm, mundi jeg brúka þetta meðal við honum, sem hjer er talið«. Hann tók enga borgun, en flestir skildu eptir 50 aura eða svo, þegar þeir fóru. Þessi maður var dæmdur af hæstarjetti fyrir skottulækningar, og var þó ekki það fært til, að hann hefði gjört annað en gott með læknisráðum sínum.

Jeg vil ekki að slík laga-ákvæði komist á hjer; en takmörkin eru svo óljós milli skottulækninga og þess, að gefa meðbræðrum sínum ráð, að allt verður talið skottulækningar, eins og dæmið sýnir sem jeg nú hef nefnt.

Fátæklingarnir forðast lærðu læknana, þeir eru svo dýrir, en til annara, sem geta hjálpað honum á hann ekki að fá að leita, því þessi lög segja, að þeir megi ekki hjálpa honum; hjer í Reykjavík höfum við lærða lækna, og góða lækna, en hjer þrífast þó skottulæknar; þeir þrífast nú, hvað þá heldur, þegar fært verður upp gjaldið fyrir læknisverk, eins og nú stendur til. — Það er alveg eins og menn finni þörfina á því nú, þegar læknataxtann á að færa upp, að girða betur fyrir það en áður, að almenningur leiti þessarar ódýrari bjargar, skottulæknanna.

Halldór Daníelsson: Jeg ætla að byrja á því að lýsa því yfir hreint og beint, að jeg er á móti þessu frumv. Fyrsta ástæðan til þess er sú, að jeg álít enga þörf á því. Nú er eins og menn vita verið að stofna yfir 40 reglu-

leg læknaembætti á landinu, svo að skottulækna getur ekki verið þörf úr því. Önnur ástæðan til þess að jeg er á móti frumv. er sú, að jeg óttast, ef það verður að lögum, að lögmálssvipan vofi yfir höfði hvers þess manns, sem leitast við að hjálpa náunga sínum, jafnvel í lífsnauðsyn. Sá, sem hjálpar, getur jafnvel átt það á hættu, að verða settur í fangelsi. Svo það getur komið fyrir, að menn, sem kvaddir eru til að hjálpa í lífsnauðsyn, hiki við að gjöra það af ótta fyrir refsivendi þessara laga. Nefndin vill reyndar leyfa undanþágu frá þessu skottulækna-banni, en með því skilyrði að viðkomandi hjeraðslæknir leyfi það. Það var mikið góð athugasemd! og tekur sig líka vel út á pappírnum; en það getur kannske orðið lítið úr undanþágunum, því læknarnir munu hugsa sig tvisvar um, áður en þeir veita skottulæknum leyfi til að hafa um hönd lækningar.

Sem sagt, jeg er á móti frumv. af því, að jeg álít svona lög þýðingarlaus, eptir að búið er að fjölga lærðum læknum, eins og til stendur; því hverfa skottulæknarnir af sjálfu sjer, þeirra verður þá ekki þörf. Í öðru lagi geta svona lög leitt til þess að menn þora ekki að hjálpa öðrum, jafnvel ekki í ýtrustu nauðsyn.

Landshöfðingi: Jeg get tekið undir með þeim tveimur h. þingm., sem seinast töluðu, í því, að jeg er ekki alls kostar samdóma þessu frumv., en ekki svo, að jeg álíti það alveg óhafandi eða sje móti tilgangi þess.

Jeg er samdóma 1. og 3. gr. frumv., en get aptur ekki fellt mig við 2. gr. hins upphaflega frumv. Jeg hefi enga trú á því prófi, sem þar er gjört að skilyrði fyrir lækningaleyfinu. Sá, sem vill fá slíkt leyfi, á að sýna með prófi, að hann þekki byggingu mannlegs líkama og eðli, hin helztu atriði sjúkdómsfræðinnar, svo og meðalaverkanir. Það geta víst margir leyst af hendi eitthvert próf í þessu, en það er harla lítil trygging fyrir því, að þeir, sem það gjöra, sjeu neitt hæfari til að hafa um hönd lækningar en þeir, sem ekki hafa leyst slíkt próf af hendi.

Þó hefi jeg mest á móti hinni nýju grein, sem nefndin stingur upp á í áliti sínu. Mjer finnst það geti ekki átt við, að sýslunefnd og hjeraðslæknir veiti læknisleyfi. Hjeraðslæknar ættu sízt að hafa atkvæði um þau mál, því af þeirra hendi er í þessu efni hættast við hlutdrægni.

Jeg gæti, sem sagt, fellt mig við frv., ef ekki væru í því önnur ákvæði, en þau, sem standa í 1. og 3. gr.

Framsögumaður (*Þórður Thoroddsen*): Það hefir blásið heldur óhlýlega á móti frumv. úr ýmsum áttum. Mig furðaði að nokkru leyti á því, að h. þm. Rvík. (J. Jenss) skyldi vera á móti þessu máli, en sá svo, þegar fór að síga á seinni hluta ræðu hans, að þetta var ekki svo óeðlilegt, þar sem hann gat um, að í Reykjavík væru ekki svo fáir skottulæknar. Jeg sá þá, að hann hafði gjört sig að nokkurs konar skottulæknaformælanda í sínu kjördæmi.

Hann sagði að þetta frumv. væri apturför frá því ástandi, sem nú er. Jú, það er það sjálfsagt frá hans sjónarmiði, sem vill gefa allt laust og leyfa skottulæknum að vaða uppi eins og þeir vilja; en frá hinna sjónarmiði, sem láta sjer annt um líf og heilsu manna og vilja að þeir einir, sem hafa vit á sjúkdómum og þekkingu á læknisfræðinni, fáist við lækningar, er það framför. Það er þá framför eða apturför eptir því, hvernig litið er á málið.

Hann sagðist ekki vildi leggja ljótar sögur til grundvallar fyrir lagasmíði. Hvaða sögur hafa verið lagðar til

grundvallar fyrir þessu frumv? Jeg skýt því undir h. þingd., hvort jeg, sem er flutningsmaður og helzti formælandi þessa frumv., hafi sagt hjer nokkrar sögur, sem sagt verði, að jeg hafi byggt frumv. á. Það eru aðrir, sem hafa sagt hjer sögur, en jeg ekki. Jeg byggi frumv. á allt öðrum grundvelli en ljótum sögum. Jeg byggi það á því, að það ástand, sem nú er, er óhafandi, þar sem skottulæknar eru orðnir með öllu óþarfir og þessar skottulækningar eru þó misbrúkaðar fram úr öllu hófi. Jeg álít það nauðsyn og skyldu löggjafarvaldsins að grípa inn í og tryggja þjóðina fyrir þessum ófögnuði. Þá kvaðst sami h. þingdm. ekki vilja láta þingið vera formyndara þjóðarinnar í þessu efni. En hvað erum við annað hjer á þinginu en formyndarar þjóðarinnar? Er það ekki svo, að við hvert lagasmíði segjum við við þjóðina, að hún skuli gjöra þetta eða hitt eða láta það ógjört? Hvað er það annað en formyndaraskapur, þegar h. þm. Rvík. kemur með frumv. um þóknun handa forstjórum og starfsmönnum Söfnunarsjóðsins? Hann kemur þá fram sem formyndari bæði sjóðsins sjálfs og þeirra, sem launin eiga að fá. En þó vjer nú ekki værum formyndarar þjóðarinnar, þá væri það samt skylda vor að leiðbeina henni og bjarga henni, er vjer sæjum að eitthvað ætlaði að verða henni til tjóns, sem hún ekki hefði vit á að frelsa sig undan. Þetta er sá grundvöllur, sem frumv. er byggt á. Sami h. þingdm. sagði, að í engu landi væri slík lög sem þessi, og að í sumum löndum væru engir autoriseraðir læknar. Þetta nær engri átt. (*Jón Jensson*: Mjer varð mismæli, enda leiðrjetti jeg »autoriseraðir« í »launaðir«!). Það er allt annað mál, því engir aðrir en autoriseraðir læknar mega praktisera í öllum siðuðum löndum. Hann vildi ekki hindra góða menn frá að hjálpa meðbræðrum sínum. Þetta er fallega talað. En þetta frumv. hindrar heldur ekki neinn frá að hjálpa öðrum, þó það vilji koma í veg fyrir, að hver og einn geti gjört það að sinni atvinnu að meðhöndla líf og heilsu annara þekkingarlaust.

Það er misskilningur að eptir lögum eins og þessum mætti lögsækja hvern þann, sem vildi hjálpa öðrum í nauðsynjatilfellum. Mig furðar á því, að einn af yfirdómurum landsins skuli koma fram með annað eins, eða að hann skuli hugsa, að nokkur annar dómari en hann mundi hegna manni fyrir það, þótt hann dræpi sauð upp úr pytt, að jeg komist svo að orði. Jeg get heldur ekki ímyndað mjer, að nokkur dómari í landinu mundi dæma mann, enda þótt ekki væri læknir, sem kippti í liðinn á h. þm. Rvík. (J. Jenss.), ef hann skyldi detta og fara úr liði. Það má snúa út úr hverju því, sem maður er mótmæltur, en þegar það er gjört, þá er það af því, að málstaðurinn er veikur og ástæður ekki fyrir hendi. H. þm. Rvík. (J. Jenss.) minntist líka á, að þessa undanþágu, sem nefndin stingur upp á, þyrfti ekki, vegna þess, að tilsk. frá 5. sept. 1794 veitti þetta leyfi. Jú, mikið rjett; tilskipunin veitir þetta leyfi, þeim, sem nú fást við lækningar, en ef þetta frv. verður að lögum og tilskipunin frá 1794 verður numin úr lögum, þá er ekki hægt að byggja þessa undanþágu á henni. Þetta er þá skinástæða, sem jeg leyfi mjer að kalla vandræðaástæðu.

H. þm. Mýr. (H. D.) sagði, að þessi lög væru óþörf, af því að skottulæknar útrýmdust smátt og smátt, þegar læknum fjölgaði eptir læknaskipunarlögum þeim, sem þetta þing mundi samþykkja. Þetta er líka vandræðaá-

stæða, því það er þvert á móti allri reynslu, að skottulæknum fækki, þar sem löggiltum læknum fjölgar. Hjer í Reykjavík eru margir læknar, og hjer og hjer í kring eru líka skottulæknarnir flestir. Þegar þeir Jón Thorstensen og Hjaltalín voru hjer, og ekki voru nema tveir læknar um alla Kjósar- og Gullbringusýslu og Borgarfjarðarsýslu, þá voru þó ekki margir skottulæknar á þessu svæði, og þeim hefði þó átt að fækka síðan, þar sem lærðir læknar eru nú orðnir 7 á þessu svæði; en reynslan hefir sýnt, að þeim hefir þvert á móti fjölgað síðan. Það er heldur engin ástæða til þess að ætla, að hlutfallið verði öðru vísi eptirleiðis en reynslan hefir sýnt, að það hefir verið að undanförnu. Jeg get vel skilið, að h. þm. Mýr. (H. D.) mæli með skottulæknum, þar sem hann hefir gjörzt formælandi skottulæknis, sem sótt hefir um laun hingað til þingsins.

Að því er snertir ummæli hæstv. landsh., get jeg verið honum þakklátur fyrir það, að hann hefir viðurkennt, að það »princip«, sem frumv. þetta er byggt á, sje rjett. Jeg skal líka viðurkenna, að það getur verið álitamál, hvaða reglur á að setja til þess að ná þessu »principi«. Aptur gazt mjer ekki vel að þeim orðum hans, að ekki væri mikið að byggja á því prófi, sem ræðir um í 2. gr. frumv., og furðaði mig á því, að hann skyldi segja, að ekki væri meiri trygging fyrir því, að sá, sem hefði leyst þetta próf af hendi, reyndist hæfari til að hafa um hönd lækningar, en sá, sem ekkert slíkt próf tæki. En jeg verð þó að álita, að sá, sem sýnir það við próf, sem fram fer í heyranda hljóði, að hann þekkir byggingu mannlegs líkama og eðli, hin helztu atriði sjúkdómafræðinnar, svo og meðalaverkanir, sje þó betur undir það búinn að hjálpa sjúkum, en sá, sem ekkert slíkt próf hefir tekið, eða er svo vitlaus að hann getur ekki lært það, sem þarf til þess aðgeta staðizt slíkt próf, en svo vitlausir eru þeir sumir þessir skottulæknar, að þeir geta ekki einu sinni lært þetta, hvað þá meira. Það er mjer fullkunnugt um.

Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um málið að sinni, en jeg vona að h. þingdm. lofi því að ganga til 3. umr., því jeg skal játa, að mjer er þetta áhugamál. Mjer er þó ekki svo mjög um að gjöra, að halda þessu frumv. fram, ef annað skyldi álítast heppilegra; en eitthvað verður að gjöra til þess að bæta úr því ástandi, sem nú er í þessu efni.

Jón Jónsson, (2. þm. Eyf.): H. framsögum. (Þ. Th.) sagði, að ummæli h. þm. Rvík. (Jóns. Jenss.) bæri vott um, að ástæður hans væru veikar. Þessu mótmæli jeg fyrir mitt leyti; jeg er algerlega á sama máli og h. þm. Rvík. (J. Jenss.) og ástæður mínar eru hinar sömu og hans, og tel jeg þær fullsterkar. Jeg álít, að þetta frumv. gangi út fyrir þau takmörk, sem löggjafarvaldið má setja athafnafrelsi einstaklinganna, því minna má það varla vera, en að menn megi leita sjer hjálpar á þann hátt, sem hver vill.

Þar sem h. framsögum. (Þ. Th.) tók til samanburðar frumv., sem h. þm. Rvík. (J. Jenss.) hefði flutt um, að ein ákveðin, mjög svo ópersónuleg stofnun greiddi starfsmönnum sínum einhverja nauða-litilfjörlega þóknun fyrir vinnu þeirra, þá held jeg að það dæmi hafi verið gripið hugsunarlaust úr lausu lopti.

Annars efast jeg um, að hann geti nefnt nokkurt mál úr löggjöf hinna síðari ára, er gangi eins nærri rjetti einstaklingsins eins og þetta frumv.

H. þm. Húnv. (Bj. S.) nefndi á dögunum dæmi þess, að skottulæknir hefði verið

drukkinn, er menn voru að leita ráða hans. Jeg held nú, því miður, að segja megi sama um einhverja af lærðu læknunum. Það mun hafa komið fyrir, að sumir þeirra hafi ekki alltaf verið svo vel fyrir kallaðir, er þeirra hefir verið vitjað til sjúkra, og segi jeg þó ekki þetta til þess að ámæla þeirri stjett yfir höfuð.

Halldór Daníelsson: H. framsögum. (Þ. Th.) taldi það vera á engum rökum byggt hjá mjer að skottulæknum fækkaði eptir því sem lærðu læknunum fjölgaði. Jeg get þó sagt það t. d. að í mínu hjeraði voru í ungdæmi mínu margir skottulæknar, en nú er þar að eins einn. (*Þórður Th.*: Jeg þekki fleiri þar.). Mjer skyldi vera sönn ánægja ef þm. vildi nefna þá.

Þar sem sami h. þm. beindi því að mjer, að jeg hefði beðið hjer um laun handa skottulækni eða flutt bænarskrá í þá átt, þá er þetta er ekki rjett; jeg er ekki flutningsm. að neinum skottulæknalaunum. En hitt veit jeg að hjer á lestarsalnum hefir legið bænarskrá frá manni nokkrum í Borgarfjarðarsýslu, er fengizt hefir við lækningar, til að geta haldið áfram lækningum sínum. En sem sagt jeg er ekki flutningsm. þeirrar bænarskrár.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg verð nú að vera í flestum atriðum á móti þessu frumv., sem mjer finnst stefna heldur til apturfarar en framfarar. Skottulæknarnir munu smáhverfa, ef ekki fyrir fjölgun lækna, þá að minnsta kosti fyrir vaxandi menntun alþýðunnar, ef þeir eru óþarfir og skaðlegir. Þó menn sjeu að taka dæmi af ljelegri framkomu eða læknismáta einhvers skottulæknis, sem er ólægnastur af þeim ólærðum mönnum, sem lækningar stunda, þá sannar það alls ekki, að hann hafi gert neinn skaða. Ef dæmi þess eru til, að þessir menn hafi gert skaða með meðulum eða handtökum, því koma menn þá ekki með þau? Það gæti þó haft áhrif á málið. Ekkert hefir heldur í þessa átt komið frá þingmálafundunum, svo mjer sje kunnugt, að þjóðin hafi óskað eptir, að þrengt sje að þessum mönnum með lögum, og hafa þó víst á flestum þeirra mætt ýmsir skynberandi menn og menntaðir, bæði prestar og fleiri. Það er því óhætt að segja að þjóðin vill ekki þvílík lög. Meira að segja læknafundurinn, sem haldinn var hjer í fyrra, nefndi ekki þetta á nafn.

Framsögum. hjelt því fram, að skottulæknum fjölgaði að sama skapi, sem lærðum læknum fjölgaði, og jafnvel að þeim fjölgaði hvað mest í nágrenni við læknana. Þetta held jeg nú að ekki sje rjett; en sje það rjett, þá er annaðhvort að menn leita sjer nú meir lækninga en áður, eða þá að þessi skottulækningafjölgun umhverfis læknana er ekki nein sjerlega hrósverður vitnisburður fyrir læknana, því það er einmitt verk þeirra lærðu lækna, sem ættu að útrýma þeim ólærðu, ef þeir gerðu ekki neitt gagn eða væru jafnvel skaðlegir. Mjer þykir því viðsjárvert að lögleiða slík ákvæði, sem hjer er farið fram á, því það mundi verða til þess að góðir ólærðir læknar mundu ekki þora að hjálpa mönnum, hvað sem við lægi, þó þeir sjáanlega gætu hjálpað. En það er ómöguleg að neita því, að menn með sjerstaklegum hæfileikum og gáfum í einhverja sjerstaka átt verða opt sjálflærðir og nýtustu menn í ýmsum greinum. Eins og sumir menn hafa svo mikla meðfædda hagleiksnáttúru, að þeir verða beztu smiðir, þótt þeir hafi aldrei verið til náms settir við nokkurt handverk, eins er það í læknisfræðinni, að sumir menn

hafa sjerstaka náttúrugáfu fyrir hana og geta orðið góðir læknar, þótt þeir hafi lítið eða ekkert lært, og sannast hjer hið fornkveðna: að náttúran er námi ríkari, en menntun — með miklum náttúrugáfum — gerir menn að mestu mönnum.

Jeg vil að endingu leyfa mjer að beina til framsögum. einni ákveðinni spurningu. Í læknisumdæmi hans, og svo að segja undir handarjaðrinum á honum, er búsettur einhver hinn helzti og nafnkenndasti skottulæknir þessa lands. Þekkir nú h. framsögum. (Þ. Th.) til, að þessi skottulæknir hafi nokkurn tíma gjört skaða með lækningum sínum? Hann hefir þó haft mikla aðsókn hvaðanæfa af landinu. Jeg fyrir mitt leyti gæti fært til nokkur dæmi þar sem jeg ímynda mjer að hann hafi gjört gagn.

Þórður Guðmundsson: Þó jeg sje nú kannske ekki að öllu leyti svo mjög mótfallinn sumu í þessu frv., þá skal jeg samt ekki fara að bera í bakkafullan lækinn með að gerast varnarmaður skottulæknanna. Alþýða álítur þó að þeir geri gagn og mun örðugt að neita því. Lærðu læknarnir halda því fram og ýmsir hjer í deildinni hafa líka sagt það, að þeir gerðu skaða. En enginn hefir borið við að sanna það eða komið með nokkurt dæmi í þá átt. Framsögum. (Þ. Th.) sagði, að nefndin hefði komið fram með bætur á hinu upphaflega frumv.; en hún hefir að eins gert eina breytingu á því, og get jeg ómögulega lagt mikið upp úr þeirri bót. Hún er í því innifalin, að skottulæknir þarf ekki að ganga undir próf hjá landlækni, og ekki fá leyfi landshöfðingja til að framkvæma lækningar, heldur geti hjeraðslæknir og sýslunefnd veitt það. Að hverju leyti þetta á að vera til bóta, er mjer óljóst; því að lang-hættulegasti þröskuldurinn fyrir skottulækninn yrði hjeraðslæknirinn, því skottulæknirinn er hans keppinautur í atvinnu. Ef skottulæknar gera ekkert gagn, þá er næsta undarlegt að þeim skuli fjölga jafnhliða læknunum.

Framsögum. (Þ. Th.) benti til dæmis á, hve fjölmennir þeir væru einmitt hjer í Reykjavík, og er þó hvergi auðveldara á landinu en hjer að ná í lærða lækna. Þetta sýnist mjer þó að bendi til, að þeir geri gagn, því þótt alþýða sje ómenntuð, þá er hún þó ekki svo vitlaus, að menn viti ekki af, hvort sjer batnar við inntöku eða ekki. (*Þórður Thoroddsen*: Jú, það er hún einmitt). Menn vilja kannske segja, að það sje með trúnni, en ekki með meðulum, að skottarnir lækna. En lærðu læknarnir lækna nú víst líka með henni ekki síður en hinir. Og sjúklingnum má á sama standa, af hverju hann læknast, ef hann á annað borð læknast.

Það er ekki verra að læknast af trú en af lyfjum.

Þau ákvæði frumv., að hver maður, sem gjörir tilraun til að lækna náunga sinn, skuli sektast allt að 80 krónum, þykir mjer ganga of langt. Jeg verð sjúkur; læknir er fjarri, ókleyft að ná til hans; í vandræðum mínum leita jeg til skottulæknis; hann læknar mig eða linar að minnsta kosti þjáningar mínar. En komi þessi lög út, þá þorir hann ekki að láta mjer hjálp sína í tje, nema jeg ábyrgist að greiða fyrir hann sekt þá, sem hann kann að verða látinn sæta.

Af þessum ástæðum get jeg ekki verið með þessu frumv., eins og það liggur fyrir.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg verð að játa, að frumv. þetta batnar nokkuð, ef breytingar þær, sem nefndin stingur upp á, verða samþykktar, en þrátt fyrir það verður það ekki svo aðgengilegt í mínum augum, að jeg geti gefið því atkvæði mitt, og ber það tvennt til þess,

sem er, að það er eigi að síður vantrausts yfirlýsing frá þingsins hálfu bæði til hinnar lærðu læknastjettar og dómgreindar almennings.

Mjer finnst, að hjer sje verið að verja hina lærðu lækna fyrir hættulegri samkeppni frá hálfu læknisfróðra leikmanna, og þar fari því þingið með þessu frv., að gjöra það fyrir læknastjettina, sem hún getur mjög vel gjört sjálf, og sem hún á að gjöra sjálf, og sem er bráð nauðsynlegt, að hún gjöri sjálf.

Það er auðsætt, að menn eins og hinir lærðu læknar, sem hafa notið ágætrar undirbúningsmenntunar í 7—8 ár, þar á eptir stundað læknisfræði eingöngu í 3—4 ár, og að endingu fengið margbreyttar æfingar við læknisstörf, sem enginn leikmaður á kost á að fá, hljóta að vera hinum snjallari.

Það er því hinn mesti óþarfi, og að mínu áliti niðurlæging fyrir hina lærðu lækna, að vera að verja þá fyrir samkeppni frá hálfu ólærðra manna, og þó er mestur óþarfinn í þessu, þegar svo stendur á, að þessir ólærðu keppinautar eru svo fávísir, að þeir ekkert vita nje þekkja, svo óvandaðir, að þeir koma fram sem grófgerðir og fyrirlitlegir prangarar, eins og skýrt var frá með dæmum hjer í deildinni um daginn, og að endingu svo vitlausir, eins og h. 1. þm. K.-G. (Þ. Th.) komst að orði, að þeir ekkert geti lært eða vitað, þó þeir ættu kost á upplýsingu. Það er því mjög mikið vantraust til hinna lærðu lækna, ef þeim er ekki treyst til þess, að útrýma þess konar mönnum.

En frumv. er sömuleiðis mistrausts-yfirlýsing til skynsemi og þekkingar almennings; en almenningur er tæplega svo vitlaus, að ganga lengi þá glapstigu. Ef þeir eru margir víða, eins og sagt er um menn hjer í Reykjavík, sem trúa á ónýta skottulækna, þá eru það græningjar einir og skrælingjar, og þarf þá að útrýma slíkri hjátrú með meiri og betri menntun almennings.

Geti almenn menntun ekki dugað til þess að útrýma svona gífurlegri heimsku og hjátrú, sem auðvitað er allsendis óhugsandi, þá verður að leggja sjerstaka áherzlu á, að útrýma henni, til dæmis, taka hana til athugunar í skólunum.

Máske menn vilji innleiða það sem kennslugrein í Flensborgarskólanum, svo menn geti þar lært að varast þessa falsspámenn í læknisfræðinni.

En meðal falsspámanna tel jeg enga reynda og greinda menn, sem stunda lækningar með miklum og góðum árangri, og sem margir hverjir eru vel menntaðir menn og sumir hámenntaðir eða úr flokki hinna »lærðu« manna, og það er með sjerstöku tilliti til þeirra, sem jeg álít það mjög misráðið af þinginu, að samþykkja lög, sem gjöra þeim ómögulegt, að halda áfram með lækningar, og í þá átt fór tillaga mín við 1. umræðu þessa máls, nefnilega sú, að losa nýtilega menn, sem stundað hafa lækningar með góðum árangri, við próf það, sem nefnt er í 1. gr. frumvarpsins, og h. nefnd hefir tekið þessa tillögu mína til greina, en hún hefir sett annað ákvæði í staðinn, sem er litlu eða engu betra en það, sem er í 1. gr., nefnilega það, að ólærðir læknar verði að fá leyfi hlutaðeigandi hjeraðslækna til þess að stunda lækningar, en það er nokkuð óálitlegt, að þurfa að sækja um leyfi hjá þeim, sem eru keppinautar, og sem auðvitað líta mjög miklu hornauga til sömu atvinnurekanda.

Jeg gæti bezt trúað, að lærður hjeraðslæknir mundi helzt veita þeim manni lækningaleyfi, sem alls ekki væri fær til að hafa lækningar á hendi, því frá svoleiðis mönnum þurfa þeir sízt að óttast samkeppnina, hvorki um fje nje álit, en læknir gæti hugsað sem svo:

það er ekkert á móti því, að veita svona manni leyfi, því hann verður mjer aldrei hættulegur keppinautur, heldur mun hann sanna með vanmætti sínum, hvað allar skottulækningar eru fánýtar; en hinum, sem lækni stæði einhver beigur af, mundi hann tæplega veita leyfið. Það hefði verið hóti skárra, að sýslunefnd veitti leyfið, en hjeraðslæknir samþykkti.

Það þarf svo sem ekki lækna til með þetta; það er almenn mannleg náttúra og breyzkleiki, sem mundi koma fram hjá hverjum manni í hvaða stöðu sem væri, og mætti nefna þess ótal dæmi. Hugsum oss t. d., að »Ísafold« væri eina blaðið í Reykjavík, og að enginn mætti byrja nýtt blað nema með leyfi frá ritstjóra hennar. Skyldu þeir verða margir, sem fengju leyfi?

Það er býsna-ólíklegt, að nokkur atvinnurekandi leyfi keppinautum að koma upp við hlið sjer, ef hann á ráð á að banna það. Mig minnir líka, að það væri einhvern tíma skósmiður hjerna í Reykjavík, sem engan skósmið gat sjeð í friði við hliðina á sjer, og söngfræðingur, sem engan söngfræðing gat vitað »í heiðri tignaðan nema sig«, og síðar umboðsmaður verzlunarfjelaga, sem vildi rífa niður og uppræta alla umboðsmenn nema sig. Mennirnir eru nú svona gerðir.

H. framsögum. (Þ. Th.) sagði, að ekki kæmi til, að lögin næðu til þess, þó ólærður maður hjálpaði í nauðstilfelli, eins og við beinbrot og því um líkt, og er jeg á sama máli í því efni; en hitt þykist jeg líka viss um, að ef öllum ólærðum mönnum verður bannað að hafa lækningar með höndum, þá verður enginn nema lærðu læknarnir, sem geta hjálpað í slíkum tilfellum, því það verður engum að list sem hann leikur ekki, og þegar allri hagnaðarvon er kippt burtu, og meira að segja, að það er gjört hættulegt, að iðka lækningar, þá er víst, að enginn gjörir það.

Það mun satt vera, að það sem einkum hefir lýtt marga skottulækna, er prangaranáttúra margra þeirra, einkum sumra, sem hafa með höndum hómópatíu, en jeg held líka, að ekki sje hægt að undantaka alla lærðu læknana frá sömu náttúru eða ónáttúru; það munu að minnsta kosti sumir Vestfirðingar geta borið.

Af þessum ástæðum sem jeg hefi nú tekið fram mun jeg greiða atkvæði móti frumvarpinu, hvort sem breytingar nefndarinnar komast að eður ekki.

Framsögumaður (Þórður Thoroddsen): Jeg vil biðja h. 2. þm. Eyf. (J. J.) að lesa lögin frá 1877, sem leyfa að gjöra samþykktir um fiskiveiðar á opnum skipum, og segja mjer svo, hvort ekki sje með þeim lögum, fullkomlega eins og með frumv. þessu, takmarkað atvinnufrelsi manna. Jeg vil einnig benda honum á verzlunarlöggjöf vora; hún leyfir eigi öllum mönnum að pranga alveg takmarkalaust. H. 2. þm. Eyf. (J. J.) getur ekki prangað norður í Þingeyjarsýslu, nema hann fái sjerstaklega leyfi til þess. Og samt er ekki klifað á því, að með þeim lögum gjörist menn formyndarar þjóðarinnar; með engum meiri rjetti er hægt að segja slíkt um frumv. það, er hjer er um að ræða.

Því næst vil jeg snúa mjer að h. 2. þm. Árn. (Þorl. Guðm.), 2. þm. Rangv. (Þórði Guðm.) og þm. Strand. (Guðj. G.), og svara þeim með fáum orðum.

H. 2. þm. Árn. (Þorl. G.) hugði, að lög þessi mundu verða óvinsæl, með því að ekki hefði verið um þau beðið. Þetta getur vel verið, því að þjóðin sjer ekki sjálf í þessu efni, hvað henni er fyrir beztu; hún er svo hjátrúarfull, að hún vill ekki sjá það. Að mál þetta kom ekki fram á læknafundinum, var af sjerstökum ástæðum. Jeg hafði á-

sett mjer að koma fram með það á fundinum, en af vissum atvikum gat jeg eigi verið á fundinum nema fyrsta daginn; varð þá að fara heim. Auk þess stóð fundurinn svo stutt, að hann varð að sleppa ýmsum nauðsynjamálum.

H. sami þm. (Þorl. G.) hjelt að skottulæknum mundi fækka með fjölgun lærðra lækna og vaxandi menntun alþýðu. Þetta er að vísu fögur hugsun, en reynslan sýnir, að þessu er ekki svo varið. Meira að segja hjer á þingi sitja menntaðir menn, meira menntaðir, sjálfsagt hver og einn, en alþýða er almennt, og þó trúa eigi allfáir þeirra á skottulækna. Mjer dettur ekki í hug, að telja þingm., hvort sem er þm. Árn. (Þ. G.) eða þm. Rangv. (Þórð Guðm.) í flokki skrælingjanna og skrílsins, sem þm. Strand. (Guðj. Guðl.), talaði um. En þetta sýnir bezt, að alþýðumenntunin hefir engin áhrif á skottulæknatrúna.

Mjer virtist ræða h. þm. Strand. (Guðj. Guðl.) ganga út frá röngum grundvelli, þar sem hann áleit, að allt þetta mál væri sprottið af atvinnuríg. Hann gat eigi lypt huganum hærra en svo, að ímynda sjer, að einu hvatir læknanna fyrir því, að berjast á móti skottulæknunum, væri gróðahugur, að útvega sjálfum sjer tekjur. Jeg vona þó, að jeg hafi áður lýst svo rækilega orsökunum til þess, að slík lög sem þau, er hjer er farið fram á, sjeu nauðsynleg, að h. þm. hafi eigi rjett til að álíta og tala um, að mál þetta sje sprottið af tilraunum til að vernda atvinnuveg læknanna.

H. sami þm. (Guðj. G.) sagði, að ef lög þessi kæmu í gildi, mundi þeim mönnum fækka, sem gætu veitt læknishjálp í viðlögum; en h. þm. Árn. (Þorl. Guðm.) talaði um vissa læknisnáttúru, sem sumir menn væru fæddir með. En þetta kemur ekki heim hjá þessum h. þm. sín á milli. Það er varla að vænta, að náttúrulæknar hætti að fæðast, þótt frv. þetta verði að lögum. Það er ekki líklegt að það hafi þær verkanir, að ekki geti fæðzt eptir sem áður menn með þessari læknisandagift, er þeir töluðu um.

Jeg skal svo svara fáum orðum h. þm. Árn. (Þorl. Guðm.) upp á fyrirspurn þá, er hann beindi til mín um það, hvort jeg áliti að skottulæknir sá, sem á heima í mínu læknishjeraði, hefði gjört skaða. Jeg vil ekki minnast á vissar persónur, en það verð jeg að játa, að yfirhöfuð gjöra allir skottulæknar skaða. En þetta er örsjaldan hægt að sanna; þeir geta gjört skaða, þótt lög þau, sem vjer höfum, nái eigi í þá. Jeg skal taka dæmi: Einhver maður leggst t. a. m. í lungnabólgu og vitjar skottulæknis, og svo deyr maðurinn. Nú getur maður ekki með fullum rjetti sagt: Maður þessi gat lifað, ef rjett læknisaðferð hefði verið við hann höfð, ef lærður læknir hefði verið sóttur í byrjun veikinnar. En þarna hefir samt skottulæknirinn samt ef til vill gjört skaða óbeinlínis, en þetta er ekki hægt að sanna; það verður ekki sannað, að maðurinn hefði lifað, þótt læknirinn hefði verið sóttur til hans.

Þannig mætti tína til mörg tilfelli. (*Einhver*: En ef maðurinn hefði nú lifað, þótt hann sækti skottulækninn?) Það er engin sönnun fyrir því, að það væri skottulækninum að þakka.

Jeg skal svo ekki fjölyrða meira um frumv. þetta, en það vil jeg vona, að atkvgr. sýni það um frumv., að hjer í þessari h. þingd. sjeu þó allmargir þm., sem ekki vilja láta telja sig í flokki þeirra manna, er h. þm. Strand. (Guðj. G.) talaði um, að elskuðu skottulæknana.

ATKVÆÐAGR.: Þá var eptir skriflegri ósk 8 nafngreindra þm. (Tryggva Gunnarssonar, Jóns Þórarinssonar, Sig-

urðar Gunnarssonar, Klemens Jónssonar, Skúla Thoroddsen, Jóns Jenssonar, Benedikts Sveinssonar og Sighvats Árnasonar) samþ. með 12 samhlj. atkv., að hætta umr.

Var síðan gengið til atkv.

1. brt. á þskj. 178 sþ. með 12 shlj atkv.

2. — - — 178 felld með 11:11, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Einar Jónsson,	Klemens Jónsson,
Björn Sigfússon,	Bened. Sveinsson,
Eiríkur Gíslason,	Guðj. Guðlaugsson,
Guðl. Guðmundss.,	Halld. Daníelsson,
Jens Pálsson,	Jón Jensson,
J. Jónss., þm. A. Sk.,	J. Jónss, þm. Eyf.,
Jón Þórarinsson,	Ólafur Briem,
Sig. Gunnarsson,	Sighv. Árnason,
Sk. Thoroddsen,	Tr. Gunnarsson,
Valtýr Guðmundss.,	Þórður Guðmundss.,
Þ. Thoroddsen.	Þorl. Guðmundss.

3. br.till. á þskj. 178 samþ. án atkvgr.

1. gr. frv. felld með 12:7 atkv.

2. — — — — 14:8 — að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Sigfússon,	Einar Jónsson,
Eiríkur Gíslason,	Klemens Jónsson,
Guðl. Guðmundss.,	Bened. Sveinsson,
Jens Pálsson,	Guðj. Guðlaugsson,
Jón Þórarinsson,	Halld. Daníelsson,
Sk. Thoroddsen,	Jón Jensson,
Þ. Thoroddsen.	J. Jónss., þm. Eyf,
	Ólafur Briem,
	Sighv. Árnason,
	Sig. Gunnarsson,
	Tr. Gunnarsson,
	Valtýr Guðmundss.,
	Þórður Guðmundss.,
	Þorl. Guðmundss.

Frumv. þannig fallið.

Frv. til l. um greiðslu daglauna og verkakaups við verzlanir (C. bls. 243); 2. umr.

Flutningsmaður (Skúli Thoroddsen): Það urðu svo miklar umr. um þetta mál við 1. umr. þess, að jeg sje ekki ástæðu til að tala frekar um það nú. Jeg vona, að þær hafi skýrt málið svo vel, að það nái að ganga til 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. frumv. felld með 12:10, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Klemens Jónsson,	Einar Jónsson,
Jens Pálsson,	Bened. Sveinsson,
J. Jónss., þm. A.-Sk.,	Björn Sigfússon,
J. Jónss., þm. Eyf.,	Eiríkur Gíslason,
Ólafur Briem,	Guðj. Guðlaugsson,
Sighv. Árnason,	Guðl. Guðmundss,
Sk. Thoroddsen,	Halld. Daníelsson,
Valtýr Guðmundss.,	Jón Jensson,
Þ. Thoroddsen,	Jón Þórarinsson,
Þorl. Guðmundss.	Sig. Gunnarsson,
	Tr. Gunnarsson,
	Þórður Guðmundss.

2. gr. frv. felld með 11:11 að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei:*
Klemens Jónsson,	Einar Jónsson.
Guðl. Guðmundss.,	Ben. Sveinsson,
Jens Pálsson,	Björn Sigfússon,
J. Jónss. þm. A. Sk.	Eiríkur Gíslason,
Jón Jónss. þm. Eyf.,	Guðjón Guðlaugss.,
Ólafur Briem,	Halldór Daníelsson,
Sighv. Árnason,	Jón Jensson,
Skúli Thoroddsen,	Jón Þórarinsson,
Valtýr Guðmundss.,	Sigurður Gunnarss.,
Þórður Thoroddsen.	Tryggvi Gunnarss.,
Þorl. Guðmundss.	Þórður Guðmundss.

3. gr. frumv. felld með 11 : 11 að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Einar Jónsson,	Benedikt Sveinss.,
Klemens Jónsson,	Björn Sigfússon,
Guðjón Guðlaugss.,	Eiríkur Gíslason,
Jens Pálsson,	Guðl. Guðmundss.,
J. Jónss., þm. A.-Sk.,	Halldór Daníelss.,
Ólafur Briem,	Jón Jensson,
Sighv. Árnason,	J. Jónss., þm. Eyf.,
Skúli Thoroddsen,	Jón Þórarinsson,
Valtýr Guðmundss.,	Sigurður Gunnarss.,

já:	*nei*:
Þórð. Thoroddsen.	Tryggvi Gunnarss.,
Þorl. Guðmundsson.	Þórður Guðmundss.

4. gr. frv. felld með 12 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Klemens Jónsson,	Einar Jónsson,
Guðl. Guðmundss.,	Benedikt Sveinsson,
Jens Pálsson,	Björn Sigfússon,
J. Jónss., þm. A-Sk.,	Eiríkur Gíslason,
Ólafur Briem,	Guðjón Guðlaugss.,
Sighv. Árnason,	Halldór Daníelsson,
Skúli Thoroddsen,	Jón Jensson,
Valtýr Guðmundss.,	J. Jónss., þm. Eyf.,
Þórður Thoroddsen,	Jón Þórarinsson,
Þorl. Guðmundss.	Sigurður Gunnarss.,
	Tryggvi Gunnarss,
	Þórður Guðmunsson.

Frumv. var þar með fallið.

Frv. til laga um að reglugjörð 3. maí 1743, 69. gr., og konungsúrskurður 26. sept. 1833 skuli numin úr gildi (C. bls. 273); 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv.gr. samþ. með 20 samhlj. atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Frv. til viðaukalaga við sóttvarnarlög 17. des. 1875 (C. bls. 286); 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv.gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn frumv. samþ. án atkvæðagreiðslu.

Málinu vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Frumv. til laga um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi (C. bls. 298, 329); 1. umr.

Framsögum. (*Guðlaugur Guðmundsson*): Það er ekki ástæða til að tala langt erindi við þessa 1. umr. þessa frv. Jeg vildi að eins óska, að því yrði lofað að ganga til 2. umr., og þá yrði betra færi til að gjöra ýtrari grein fyrir frv. Eins og sjá má af því, hefir nefndin tekið upp í það ýms ný ákvæði, en að öðru leyti mest sniðið það eptir tilskipun 5. jan. 1866, um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi, nema hvað frumv. þetta er gjört lítið eitt víðtækara.

Svo sem sjá má af nefndarálitinu, hefir fjárkláða orðið vart víðsvegar um landið, og fje er talið heilbrigt að eins í 6 sýslum á öllu landinu, og eru þær þessar: í Suðuramtinu Rangárvallas. og Vestur Skaptafellssýsla, í Austuramtinu Austur-Skaptafellsýsla og Suður-Múlas. og í Vesturamtinu Vestur-Barðastrandasýsla og Ísafjarðarsýsla. Alstaðar á öðrum stöðum hefir fjárkláðinn komið í ljós, og vita þeir, sem lifðu þegar hinn fyrri fjárkláðinn var uppi, hvað mikið er hjer í húfi, sje ekki stemmt alvarlega stigu fyrir útbreiðslu hans.

Jeg sje ekki ástæðu til, að tala meira að sinni, en óska að frumv. gangi til 2. umr.

ATKVÆÐAGR. Málinu vísað til 2. umr. með 19 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um lækkun á fjárgreiðslum þeim er hvíla á Holtsprestakalli í Rangárvallaprófastsdæmi (C. bls. 315); 1. umr.

Sighvatur Árnason: Þar sem jeg er kunnugur máli þessu og veit, að ástæður þær, sem frumv. er byggt á, eru sannar, ætla jeg að leyfa mjer að tala fyrir því nokkur orð. Það er ljóslega tekið fram, bæði í frumv. í og nefndarálíti efri deildar, hvílíkum skaða prestakall þetta hefir orðið fyrir af náttúrunnar völdum, þar sem prestsetrið Holt hefir beðið svo mikið tjón á túnum og engjum, að nú fæst þar ekki meira en hálfur heyskapur móts við það, sem áður var, svo að því hefir rekið, að hlutaðeigandi prestur hefir orðið að leggja

nokkrar hjáleigur undir staðinn, til þess að geta fengið þann heyskap, sem hann þarf til búsins. Hvað hjáleigur staðarins snertir, þá eru þær flestar skemmd ar bæði að túnum og engjum, í sama hlutfalli og Holtið sjálft, og sumar af þeim lagztar í eyði.

Í öðru lagi kemur til greina, að óhapp það vildi til, veturinn 1888, að kirkjan á staðnum fauk í ofviðri og brotnaði niður. Eins og gefur að skilja, varð óhjákvæmilegt að byggja hana upp aptur, og varð því að taka stórt lán, nál. 3000 kr., til að geta komið henni upp. Var lánið veitt prestakallinu til 28 ára, með vanalegum afborgunum árlega. Síðan lán þetta hefir verið tekið, hefir presturinn orðið að borga um 100 kr. árlega úr sínum eigin vasa upp í lán þetta, fyrir utan það fje, sem kirkjan getur greitt. Þegar á það er litið, að þessi afborgun tekur 28 ára tíma, er auðsætt, að presturinn bíður þess aldrei bætur sína embættistíð.

Af öllum þessum ástæðum, sem ljóslega eru teknar fram í athugasemdum við stjórnarfrumv. og í nefndaráliti h. efri deildar, er það ljóst, að þetta mál hefir við góð rök að styðjast, fyrst og fremst til þess, að árgjaldinu sje ljett af brauðinu, fyrir stórskemmdir á því, og í öðru lagi, hvað kirkjuna snertir, er auðsætt, að það er bein og brýn skylda hins opinbera, að hlaupa undir bagga með að koma kirkju upp, þegar hún hefir eyðzt af náttúrunnar völdum, eins og bent er á í ástæðum stjórnarfrumv.

Mál þetta hefir fengið meðmæli allra þeirra, sem fjallað hafa um það, fyrst og fremst hlutaðeigandi hjeraðsfundar, þá stiptsyfirvalda og landshöfðingja, og h. efri deild hefir loks samþykkt það með öllum atkvæðum, og vona jeg því, að h. deild taka í sama strenginn, þar sem málið hefir fengið samþykki og meðmæli á öllu þeim stöðum, sem um það hafa fjallað, og hjá þeim mönnum, sem hafa kynnt sjer málið vel og vandlega.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv.

Frumv. til laga um endurgreiðslu á eptirlaunum frá Hólmaprestakalli í Suðurmúlaprófastsdæmi og niðurfærslu á árgjaldi þess (C. bls. 315); 1. umr.

Sigurður Gunnarsson: Það er alveg hinu sama að gegna með þetta mál og mál það, er var til umræðu næst á undan. Það hefir verið ýtarlega rætt og yfirvegað í h. e. deild, og frá nefndinni þar hefir komið ýtarlegt álit, þar sem allar ástæður fyrir málinu eru glöggt teknar fram. Jeg álít því ekki þörf á, að tala hjer fyrir frumv., þar sem jeg vona, að allir h. þingdeildarm. hafi kynnt sjer nefndarálitið, og verði því með frumv., sem h. efri deild hefir samþ. með öllum atkv.

Óska jeg svo, að frumv. gangi til 2. umræðu.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 13 samhlj. atkv.

Tillaga til þingsályktunar um hin lægri menntamál (C. bls. 240); fyrri umr.

Framsögumaður (Jens Pálsson): Nefnd þeirri, sem h. deild skipaði í þetta mál, þótti gild ástæða til að setja ýms ný skilyrði fyrir barnakennslustyrk úr landssjóði, sem væru nokkru fyllri en ákveðið er í þeim ákvæðum, sem fylgt hefir verið í 8 ár, er gefin voru hjer á þinginu 1889, og auglýst af landshöfðingja 16. nóv. s. ár.

Hvað barnaskóla snertir, þótti nefndinni flest þau skilyrði góð, sem sett hafa verið fyrir styrkveiting til þeirra, en þó þóttu vanta nokkur nauðsynleg ákvæði. Má þar til nefna, að viðunandi

kennsluáhöld sjeu við hvern þann skóla, sem nýtur styrks úr landssjóði, því það er náminu til fyrirstöðu, ef öll kennsluáhöld vanta. Þess vegna hefir nefndin, sem hefir tekið upp 1.—4. lið úr nú gildandi skilyrðum, leyft sjer að stinga upp á, að tveimur nýjum liðum væri bætt við, nefnil. sem 5. lið, að ákveðin kennsluáhöld sjeu til við hvern skóla samkvæmt því, sem stiptsyfirvöldin nánar ákveða, og sem 6. lið, að kennarar, sem hafa aflað sjer kennarafræðslu, sjeu ráðnir til kennslunnar, nema á eldri kennara sje kostur, sem vel hefir þótt reynast, enda sjeu þeir ráðnir af skólanefnd, og með að minnsta kosti missiris uppsagnarfresti.

Þessi liður þótti nefndinni einnig nauðsynlegur, þar sem henni kom saman um, að ófært væri, að hægt sje að segja barnaskólakennurum upp án alls fyrirvara, eða jafnvel ganga þegjandi fram hjá nýtum gömlum kennurum, og ráða annan nýjan, án þess að gjöra eldri kennaranum aðvart um, þar sem staða þeirra á þennan hátt verður svo óviss, að ekki er viðunandi.

Þá fann nefndin einnig ástæðu til að setja föst og ákveðin skilyrði fyrir styrkveiting úr landssjóði til sveitakennara, því skilyrði þau, sem sett hafa verið fyrir sveitakennslu, eru alls endis ófullnægjandi.

Með lögum 9. jan. 1880 er að vísu skipað svo fyrir, að skylt sje að kenna öllum börnum skript, og ákveðið í reikningi, og hafa þessi lög haft happasæl áhrif, með því að ýta undir, að börnunum sje veitt tilsögn í þessum námsgreinum undantekningarlaust, og þannig verið prestinum til mikillar aðstoðar í uppfræðingarstarfinu. En þó hefir þessum lögum ekki verið að öllu leyti fullnægt, einkum að því er reikninginn snertir. Lög þessi og tilraunin til að fullnægja þeim hafa leitt í ljós, að þörf væri á að börn fengju sjerstaka kennslu í þessum námsgreinum, og hafa þau því stutt og eflt sveitakennsluna að miklum mun. Einnig hefir þingið stutt að því, að sveitakennslan gæti farið fram með því að hækka fjárveitinguna til sveitakennara, jeg held mjer sje óhætt að segja, á hverju þingi, síðan styrkveiting þessi byrjaði. Nú er því veitt töluvert fje til sveitakennslu; en þar af leiðir, að meira má krefjast af kennslunni, en meðan lítið fje var veitt til hennar. Nefndin var því á þeirri skoðun, að ekki væri rjett að styðja umgangskennslu, nema börn þau og unglingar, er nytu hennar, gætu átt kost á fræðslu í hinum sömu námsgreinum og kenndar eru við barnaskóla. Þess vegna setti nefndin það sem 1. skilyrðið, að umgangskennarinn kenni hinar sömu námsgreinar, og kenndar eru við barnaskóla. Með þessu er að vísu ekki ætlazt til, að allir nemendur taki þátt í öllum námsgreinum, heldur að tilsögn sje veitt í þeim námsgreinum þeim nemendum, sem hæfir eru til þess fyrir aldurs og þroska sakir; en það er álit nefndarinnar, að engum þessara námsgreina megi sleppa, eigi regluleg alþýðumenntun að geta átt sjer stað.

Sem annað skilyrði setti nefndin, að hlutaðeigandi sveitarfjelag leggi fram helming til móts við landssjóðsstyrkinn. Þessi tillaga mælir fram með sjer sjálf, því það er allt af vani, að þegar landssjóður styrkir eitthvert starf eða fyrirtæki, að viðtakandi leggi þá nokkuð fje á móti

Þriðja skilyrðið, sem nefndin hefir stungið upp á, er, að tiltekin kennsluáhöld sjeu til afnota við kennsluna samkvæmt því, sem stiptsyfirvöldin nákvæmar ákveða. Þessi nýi liður mælir einnig með sjer sjálfur, þar sem allir

vita, að það er nærri ókleyft, að kenna áhaldalaust, t. d. landafræði án »korts«, náttúrufræði án mynda o. s. frv.

Þá er fjórða skilyrðið einnig nýmæli, að kennarinn kenni að minnsta kosti 6 mánuði á ári, og hvert barn, sem hann kennir, njóti tilsagnar hans 2 mánuði á ári að minnsta kosti. Þótt umgangskennarinn kenni að eins fáar vikur, er það of stuttur tími til þess, að hann geti fengið landssjóðsstyrk, því slík kennsla væri »humbug«.

Hitt ákvæðið í þessum lið, að hvert barn skuli að minnsta kosti njóta kennslunnar í 2 mánuði, setti nefndin til tryggingar því, að nemendurnir hefðu verulegt gagn af kennslunni.

Fimmta og síðasta af hinum nýju skilyrðum nefndarinnar er, að kennarar, sem hafa aflað sjer kennarafræðslu, sjeu látnir ganga fyrir öðrum, þegar nýir kennarar eru ráðnir. Tilgangur þessa liðs er ekki að útiloka þá kennara, sem áður hafa verið, heldur að eins sá, að styðja að því, að sem bezt menntaðir kennarar sjeu teknir, þegar staðan er laus.

Hvað hin önnur skilyrði snertir, þá eru þau samhljóða hinum eldri ákvörðunum frá 1889.

Jeg skal svo ekki orðlengja um þetta, en að eins geta þess, að tilgangur nefndarinnar með þessum nýju skilyrðum var einungis sá, að tryggja, að kennsla sú, sem landssjóður styrkir, komi að sem mestum og beztum notum.

Jón Jónsson, 2. þingm. Eyf.: Jeg er samþykkur 1. liðnum um skilyrði fyrir styrkveitingu til sveitakennara, og álít rjett að styrkja þá ekki, ef minna er kennt, en þar er farið fram á. Sömuleiðis er jeg samþykkur 2. lið, hvað það snertir, að sveitafjelögin leggi fje til, því með því má ætla, að betri trygging sje fengin fyrir því, að kennslan verði ekki tómt »humbug«. En jeg vil benda nefndinni á, að mjer finnst betur eiga við, að bæta nokkrum orðum inn í þennan lið. Eptir orðanna hljóðun, eins og nú stendur, liggur næst að skilja svo, að tillag sveitafjelagsins skuli ávallt vera helmingur við styrkinn úr landssjóði, hvorki meira nje minna. Það er reyndar auðvitað, að það getur aldrei orðið minna, en jeg get heldur ekkert sjeð á móti því, að það gæti orðið meira; jeg vildi því bæta inn í á eptir orðunum »leggi fram« »að minnsta kosti«. —

Hvað 3. lið viðvíkur, þá er jeg honum samþykkur, þó með því skilyrði, að jeg treysti því, að stiptsyfirvöldin taki tillit til þess, að einstök sveitafjelög kunna að verða treg til mikilla framlaga í þessa átt nú fyrst um sinn, og jafnvel heldur ekki megnug, og að það gæti máske orðið til þess, að þau rjeðu ekki til sín sveitakennara, sem þau annars mundu hafa gjört. En, sem sagt, jeg treysti því, að þessi skilyrði verði ekki gjörð mjög hörð.

4. lið er jeg að öllu leyti samþykkur. Jeg veit ýms dæmi þess, að kennslutíminn hefir í mörgum tilfellum verið svo stuttur, að hann hefir naumast verið líklegur til nokkurs gagns. Og hvað viðvíkur tillögunni um að hvert barn skuli njóta tilsagnarinnar að minnsta kosti í 2 mánuði, þá finnst mjer það mjög hóflegt.

5. lið er jeg ekki alls kostar ánægður með, og vil ekki, að hann gangi skilyrðislaust fram. Það gæti vel staðið svo á, að völ væri á manni, sem hefði sýnt sig sem dugandi kennara í öðru sveitafjelagi, og svo byðist annar nýr og óreyndur, að eins með kennarafræðslu, og hann skyldi svo sjálfsagður að ganga fyrir; slíkt álít jeg ekki heppilegt, og vil því leyfa mjer að leggja til, að inn í þenna lið sje bætt

orðunum: »að öðru jöfnu«, nefnilega, að kennarar með kennarafræðslu gangi fyrir að öðru jöfnu.

Jeg veit reyndar, að greinin við þetta verður dálítið teygjanlegri, en jeg er ekki mjög hræddur um, að það verði misbrúkað af hlutaðeigendum, þegar þeir eiga sjálfir að leggja fjeð til, því það álít jeg, eins og jeg tók fram áður, beztu trygginguna fyrir því, að ónytjungum ekki verði hleypt að.

Þá kem jeg nú að 6. lið; og þó jeg gjöri mjer góðar vonir um, að nefndin kunni að taka hinar aðrar bendingar mínar til greina, þá hefi jeg minni vonir um þessa. Jeg er nefnilega beint á móti því, að presturinn ráði kennarann, en jeg veit reyndar ekki, hvað ætlazt er til að hitt skilyrðið, nefnilega um samráð við sóknarnefndina, nái langt. Jeg hefi það á móti þessum lið, að með þessum skilyrðum eru ráðin að miklu leyti tekin af einstaklingnum, sem annars vildi sjálfur ráða sjer kennara. — Jeg skal ekki fjölyrða um þetta, að þessu sinni, en vildi að eins orða liðinn þannig: »Að kennarar sjeu ráðnir með samþykki prests og sóknarnefndar«.

Jeg fæ heldur ekki sjeð, hvaða gagn þessi missiris-uppsagnarfrestur getur gjört viðvíkjandi sveitakennurum. — Hingað til hefir verið mjög laust um ráðningu kennaranna, og veit jeg ekki til, að það hafi orðið til baga. Jeg get ekki álitið þenna uppsagnarfrest heppilegan, því þar af leiðir, að sveitakennarinn á heimtingu á atvinnu næsta vetur, ef hann ekki hefir fengið uppsögn missiri áður, en sveitakennsla verður aldrei nein föst atvinna.

Jeg hefi hugsað mjer að koma fram með breytingartill. við 6. lið, þó það geti nú ekki orðið fyrri en við síðari umræðu, en get máske fallið frá breytingunni um uppsagnarfrestinn, ef nefndin tekur greiðlega í það atriði, og gefur fullnægjandi skýringar.

Björn Sigfússon: Jeg get nú að mestu leyti fallið frá orðinu eptir ræðu h. 2. þm. Eyf. (Jóns Jónss.), því að það eru að miklu leyti hinir sömu liðir í tillögunni, sem jeg vildi tala um, en úr því jeg stóð upp, skal jeg þó leyfa mjer að bæta dálitlu við.

Fyrst vil jeg láta nefndinni í ljósi þökk fyrir það, að hún hefir tekið mál þetta til rækilegrar yfirvegunar, og er jeg henni samþykkur um aðalskilyrðin fyrir styrkveitingu til barnakennara.— Hingað til hefir það opt borið við, að styrkurinn hefir ekki komið heppilega niður, heldur stundum gengið til kennara, sem ekki voru starfi sínu vaxnir, og kennslan þar af leiðandi lítið annað en kák. En þetta er nú eflaust nokkuð að lagast. Áður var skortur á kennurum og úr fáum að velja, en nú er þeim ávallt að fjölga, og svo margir á boðstólum, að hinir ljelegri sitja á hakanum, og því er síður hætt við, að styrkveitingin verði misbrúkuð. Einna lakast hygg jeg að nú sje, hvað kennslutíminn er stuttur víða hvar, en við því eru reistar nokkrar skorður eptir tillögum nefndarinnar.

Jeg skal þá því næst snúa mjer að 5. lið í síðari kaflanum, og er jeg þar á sömu skoðun og h. 2. þm. Eyfirðinga, að of hart sje að einskorða það þannig, að allir þeir, sem kennarameuntunar hafa notið, skuli ganga fyrir öðrum, undantekningarlaust, og álít ekki tíma til þess kominn enn þá. Fyrst og fremst eru þeir mjög fáir enn þá, sem þeirrar fræðslu hafa notið, og verða ef til vill ekki svo margir á næstu árum, og yrði því að eins um fáa að velja. Svo er og heldur ekki víst, að þótt menn njóti kennarafræðslu, að þeir þar fyrir verði góðir kennarar, því að þótt kennslan

sje góð, þá er ómögulegt að gjöra góða kennara úr þeim, sem vanta alla kennara-hæfilegleika. Það mundu hljóta að koma þaðan sumir ljelegir, eins og al staðar annarsstaðar frá öðrum skólum. Yfir höfuð finnst mjer óheppilegt, ef það mætti ekki vera nokkurn veginn frjálst fyrir hlutaðeigendur, að velja hvern þann kennara, sem þeir hafa bezt traust á, því jeg verð að ganga út frá því, að þeir veldu góðan kennara, ef hans er kostur, enda liggur það í hlutarins eðli, að þeir mundu vilja gjöra það. — Tökum til dæmis, að stúdent frá latínuskólanum, sem ekki hefði atvinnu, vildi verða barnakennari, og slíkt hefir opt komið fyrir, þá yrði sóknarnefnd eða prestur að hafna honum, svo framarlega, sem einhver sá sækti, sem kennarafræðslu hefði notið. Gæti líka skeð, að kandídat frá prestaskólanum sækti um barnakennslu, að minnsta kosti gæti það vel komið fyrir við barnaskóla, og hefir þráfaldlega komið fyrir; hann ætti þá einnig að verða rækur fyrir hinum. Það mundu þó fáir telja hyggilegt. Nei, mjer finnst ekki rjett, að einskorða þetta þannig. Frá sjónarmiði kennaraskólans finnst mjer einnig, að það sje mjög athugavert. Víst er um það, að ekki er það ávallt af eintómri námslöngun, að menn ganga á skólana, og það virðist fara í vöxt hjá ungum mönnum, að þeim þykir fýsilegt að ná í titilinn: »realstúdent«, eða kannske »candídat« frá kennaraskólanum. Hjegómagirni getur átt þátt í, að leiða menn á þessa braut. Svo er það og vitanlegt, að ýmsir leita til skólanna, einkum í því skyni, að geta hætt að vinna með höndum sínum. Ef þeir, sem kennarafræðslu nytu, vissu það fyrir fram, að þeir ættu að ganga fyrir öllum öðrum til kennslustarfa, væri löggiltir til þess, álít jeg hreint og beint, að það gæti orðið skaði fyrir skólann, gæti orðið til þess, að draga þangað hjegómagjarna og lata menn, sem ekki hefðu hærra markmið en það, að komast sem mest hjá líkamlegri vinnu, og vera álitnir menntaðir menn. Slíkir piltar hlytu að rýra álit skólans, og yrðu alþýðumenntuninni að eins til tjóns.

Jeg vil láta valið vera alveg frjálst, og láta trúa presti og sóknarnefnd fyrir því, að velja ekki aðra en hæfa menn fyrir kennara. Jeg sje heldur enga ástæðu til að miða uppsagnarfrestinn við missiri.

Af þessum ástæðum vil jeg gjarna sameina mig við h. þm. Eyf. (Jón J.) um breytingartillögur til næstu umræðu.

Framsögumaður (*Jens Pálsson*): Jeg skal geta þess, að mjer gleymdist áðan að lýsa fyrir h. d. einni verulegri breyting, sem nefndin hefir leyft sjer að koma með, og sem felst í tillögum hennar, — breytingin er fólgin í því, að áður var styrkveiting til barnaskóla bundin við sjóþorp og verzlunarstaði. Nefndin áleit að rjett væri að hverfa frá þessari reglu, og að styrk ætti að veita barnaskólum annarsstaðar en í kaupstöðum, hvort sem þeir gætu talizt til verzlunarstaða og sjóþorpa eða ekki. Nú er nefnilega sú skoðun allvíða að vakna, að barnaskólakennsla muni yfir höfuð reynast affarasælli en umferðakennsla, og sumstaðar er farið að gjöra undirbúning í þá átt, að koma upp barnaskólum til sveita. Af því að vjer álítum að þessi hugsun sje í sjálfu sjer rjett, þá vildum vjer eigi gefa tilefni til þess að þessir skólar gætu ekki átt styrks von, og nefndinni þótti það ekki sanngjarnt að barnaskólar í þjettbyggðum hverfum í sveit væri útilokaðir frá styrk af landsfje, þar sem samskonar skólum í sjávarsveitum er veittur hann. Jeg er

þakklátur hinum 2 h. þm., sem talað hafa, fyrir hinar hlýlegu undirtektir þeirra undir tillögur nefndarinnar, og að því er þeir óska nokkurra breytinga á tillögunum, þá skal jeg fúslega lýsa því yfir fyrir mína hönd, og jeg vona fyrir hönd allrar nefndarinnar, að jeg mun styðja að því, ef á þarf að halda, að þeir komist að með breyt.till. sínar, svo að þær komist til umræðu og atkvæði verði greidd um þær.

En af því er efni brtl. snertir, þá skal jeg leyfa mjer að gera athugasemdir við það. Jeg þekki til þess, að sumir sveitakennarar kenna í sömu sveitinni ár eptir ár; þeim vil jeg veita þau rjettindi, að þeir við lok kennslutímans fái að vita, hvort þeir megi eiga von á að fá að halda kennslunni næsta ár eða ekki, og sömuleiðis að sveitin fái að vita, hvort hún megi eiga von á að halda kennaranum næsta ár. Það er einatt svo, að þegar prófi er lokið, þá fer kennarinn eitthvað burt úr sveitinni og sje það þá ekki ráðið, hvort hann verði kennari þar aptur næsta ár, þá er svo hætt við að allt sitji í óvissu með það fram undir haust eða fram á haust, og á þessum óvissa tíma er þá kennarinn stundum búinn að ráða sig annarsstaðar, eða sveitin búin að ráða nýjan kennara, svo að þetta getur verið mjög óþægilegt fyrir báða málsaðila.

Að því er snertir athugasemdir h. 2. þm. Eyf. (J. J.) og h. 1. þm. Húnv. (B. Sigf.) um forrjettindi þau, sem ætluð eru þeim, er kennarafræðslu hafa hafa notið, þá skal jeg játa að ýmislegt af því, sem þeir tóku fram, sje athugavert og í fljótu bragði sýnist mjer viðaukatillaga h. þm. Eyf. (J. J.) sanngjörn og aðgengileg.

Guðjón Guðlaugsson: Það er leitt að hafa ekki nægan undirbúningstíma til að íhuga málin og koma fram með breytingar, en þó tekur út yfir, þegar ekki er einu sinni tími til að ræða þau rækilega á fundum. Að því er snertir fyrra höfuðliðinn í tillögum h. n., það er að segja tillögur hennar um barnaskólana, þá er jeg h. n. þar samdóma í flestu eða öllu.

Þar er þó eitt atriði, sem jeg vildi gjöra athugasemd við. Í tillögunum stendur, að í barnaskólum skuli kennt, auk kristindóms og lesturs, skript, reikningur o. s. frv. Það er vitanlegt, að nauðsynlegt getur verið að kristindómur og lestur sjeu kenndir í sumum skólum í sjóþorpum og kaupstöðum, en í sveit finnst mjer ekki rjett að gjöra þetta að skilyrði, því að presturinn er skyldur til að sjá um hana, og mjer finnst það ekki sanngjarnt að landssjóður styðji þá kennslu, sem heimilin og prestur eiga að annast, og engin líkindi eru til þess að barn, sem á annað borð lærir grundvallaratriði landafræði, náttúrufræði o. s. frv., læri eigi líka kristindóm og lestur, og þá sje jeg ekki, hví landssjóður á að vera að kosta kennslu þeirra greina, sem sjálfsagt er að kenndar verði, þótt hann styrki ekki til; annað mál er það, þótt þessar greinir sjeu ekki útilokaðar, þar sem þörf kynni að vera á að taka þær með, svo sem í sjóþorpum og verzlunarstöðum. Þó legg jeg ekki jafnmikið kapp á að þessu sje breytt, sem sumum skilyrðunum fyrir styrkveitingu til sveitakennara. Þar er svo sagt í fyrsta lið: kennarinn kenni hinar sömu námsgreinir, og áskilið er að kenndar sjeu við barnaskóla. Það leiðir beint af því, að kennaranum er skylt að kenna þetta, sem ekki er þörf á að hann kenni, að hann hlýtur að komast yfir minna af því, sem hann þarf að kenna. Þetta ákvæði miðar til þess, að leysa heimilin undan þeirri kennsluskyldu, sem þau hafa, og sem einmitt er heppilegt, að

hvert það heimili hafi, sem nokkur von er til að leysi hana skaplega af hendi.

Jeg veit dæmi til þess, hver áhrif ákvæði þetta hefur haft á styrkveiting úr landssjóði til sveitakennara. Í fyrra vetur voru 3 sveitakennarar í Strandasýslu; einn þeirra var maður mjög vel að sjer, hafði gengið á Möðruvallaskóla og haft góða undirbúningsmenntun, áður en hann kom þangað. Þessi maður kenndi allan veturinn á tveim bæjum, og allar námsgreinir, sem heimtaðar eru, þar á meðal landafræði og náttúrufræði, en hann kenndi ekki kristindóm. Maður þessi vildi ekki búa til falska kennsluskýrslu og setja í hana námsgreinir, sem hann hafði aldrei kennt; en afleiðingin af öllu þessu varð sú, að hann var útilokaður frá öllum landssjóðsstyrk, hann, sem einmitt hefði átt að fá hæsta styrkinn. En hinir, sem miður voru færir um að kenna, þeir fengu sinn styrk, af því að þeir höfðu gutlað við að kenna kristindóm. Það má segja um mig, eins og aðra, að sínum augum lítur hver á silfrið. Jeg lít öðru vísi á ákvæðin undir 2. lið, en þeir, sem talað hafa. Væri það sannað, að sveitakennsla kæmi að minni notum en skólakennsla, eða væri jafnvel gagnslaus, þá ætti alls eigi að styðja hana með landsfje, heldur einungis halda uppi skólum. En það er fjarri þessu.

Eptir því, sem hagar til hjá oss, getur sveitakennslan orðið miklu víðtækari en skólakennsla, og á betur við að minnsta kosti fyrst um sinn; því finnst mjer að sveitakennslan ætti að minnsta kosti að njóta jafnrjettis við skólakennsluna. En hjer er skólum veitt töluvert meira en jafnrjetti við sveitakennslu. Það er svo ákveðið, að skólar eigi að fá jafnmikinn styrk landssjóðsstyrknum einhvers staðar annarsstaðar frá. Nú vitum vjer, að það er margur annar kostnaður við skólahald en kennslukaupið eitt; þar þarf bæði að borga húsaleigu, ljós, eldivið, fæði kennarans og sumstaðar einnig kosta ráðskonuhald; þetta allt kemur upp í helming þann, sem á að leggja á móti landssjóðsstyrknum. En þegar til sveitakennaranna kemur, þá er aðallega ekki um annan kostnað að ræða, en kaup þeirra, og verða sveitirnar að leggja fram helming af því móts við landssjóðsstyrkinn. Fæði og húsnæði veita þeir kennaranum, sem hann halda. Hjer kemur fram misrjettur milli skóla- og sveitakennslu. Auk þessa sýnist mjer það hart, að ef nokkrir menn í sveit vilja taka sjer kennara, að þeir þá verði að þiggja sveitastyrk, til þess að kennarinn geti orðið aðnjótandi landssjóðsstyrksins. Ef það ákvæði kemst að, að hlutaðeigandi sveitafjelag eigi að leggja fram helming móti landssjóðsstyrknum, þá er jeg hræddur um að það verði til þess, að enginn noti hann. Sje það meiningin, að menn álíti að sveitakennslan sje gagnslaus, þá getur þetta verið rjett stefna, annars er hún röng.

Það er hart að taka það fram, að fje til umgangskennslunnar skuli tekið úr sveitasjóði, en lofa þeim ekki að njóta sömu hlunninda og skólana, að þeirra helmingur skuli koma einhversstaðar annarsstaðar frá en úr landssjóði. Þetta er, eins og jeg tók fram áðan, bein tilraun til þess, að neyða menn til að þiggja sveitastyrk.

Þetta getur orðið til þess, að nærsýnar sveitanefndir spyrni á móti því, að sveitakennari sje ráðinn, og þá er ver farið en heima setið.

Ennfremur er það hart að sveitanefndir sjeu neyddar til að greiða fje upp í kaup sveitakennarans, en fái þó engan hlut að eiga í ráðning hans.

Þá kemur 4. töluliður, er kveður á, að kennarinn skuli kenna að minnsta kosti 6 mánuði á ári. Jeg hefi ekki

mjög mikið að athuga við þennan lið; þó þykir mjer tíminn í lengra lagi, sjerstaklega þegar tekið er tillit til þess, að hann þarf eigi að kenna hverjum nemanda nema 2 mánuði á ári. Jeg skil ekki í því, að kennslan geti ekki orðið að eins miklum notum, þótt 2 kennarar kenni í sama hreppnum sína 3 mánuðina hvor. Það hagar svo til í sveitum, að flestir vilja hafa kennarana á vissum tíma ársins; það eru flestir, sem vilja hafa þá um sjálfan vetrartímann, en hvorki á haustin eða þegar fer að vora.

Að því er 5. skilyrðið snertir, þá er jeg í sjálfu sjer ekki svo mjög á móti því, en þó sýnist mjer sjálfsagt, að tekin sje til greina athugasemd h. 2. þm. Eyf. (J. J.).

Þá kemur 6. skilyrðið, að kennarar sjeu ráðnir af presti og með samráði sóknarnefndar, þessarar mestu humbugsnefndar, sem til er á landinu; að því er prestana snertir, þá er reynsla fyrir því, að þeir gjöra ekki meira til að styrkja sveitafræðsluna en hverjir aðrir. Flestir gallar við sveitakennsluna, með að eins nokkrum undantekningum, eru einmitt prestunum að kenna; þeir hafa gefið ónýtum kennurum góð vottorð og á ýmsan veg sjeð í gegnum fingur með þeim. Jeg skal nefna eitt dæmi þess, hve vel jeg tel kennararáðninguna komna í höndum sumra presta. Það var á einum stað ráðinn sveitakennari, mjög vel hæfur til þess starfa; hann hafði tekið burtfararpróf frá Möðruvöllum með 1. einkunn og var að öllu leyti mjög góður kennari, en svo kom svo mikið missætti upp milli hans og hlutaðeigandi prests, án gildra orsaka frá kennarans hálfu, að kennarinn hrökk á burtu úr sveitinni, og afleiðingin af því er sú, að harla óvíst er, að sveitakennari verði ráðinn í bráð í þeirri sveit.

Einar Jónsson: Það er sjerstaklega fyrsta skilyrðið fyrir styrkveitingu til sveitakennara, sem jeg vildi minnast á. Mjer þykir þar til of mikils ætlazt, að sveitakennararnir skuli eiga að kenna allar hinar sömu námsgreinir, sem á barnaskólum eru kenndar, og þó er ekki heimtað að hvert barn njóti meira en tveggja mánaða kennslu. Jeg er svo hræddur um að kennsla svo margra greina á jafnstuttum tíma verði að litlum notum, vegna þess, hvernig menntunarástandið er í landinu. Foreldrarnir eru ekki svo vel að sjer yfir höfuð, að þeir sjeu færir um að undirbúa börn sín að mun undir kennslu sveitakennarans í ýmsum þeim námsgreinum, sem hann á að kenna, eða styðja hann verulega við kennsluna, eins og þó þyrfti að vera, ef vænta mætti góðs árangurs af slíkri kennslu, sem skilyrðin ætlast til. Það er fyrst tími til kominn að heimta allar þessar námsgreinir, þegar foreldrarnir fara að geta veitt kennaranum verulega aðstoð við barnafræðsluna í þeim öllum. Jeg er ekki samdóma h. þm. Strand. (Guðj. G.) um að rjett sje, að heimta hvorki lestrar-kennslu nje kristindóms sem skilyrði fyrir landssjóðsstyrk til sveitakennslu. Hingað til mun kristindómsfræðsla heimilanna einkum hafa verið í því fólgin, að börnin hafi að eins verið látin læra kverið utan að, en eigi hugsað um að þau skildu eða tileinkuðu sjer það, sem þau lærðu, og lestrarkennslan, að börnin hafi lært að lesa í belg og biðu, án þess að nokkur vissa væri fyrir, að þau vissu, hvað þau væru að fara með, og með misjöfnu lestrarlagi.

Nú ætlast jeg til að það sje hlutverk kennara að spyrja út úr kristindómi og lestri, og þá aðferð hafði kennari einn, sem við höfðum fyrir skömmu frá Flensborgarskóla. Nú er það í vændum, að þeir verði æ fleiri og fleiri af kennurum, er

kennarafræðslu hafi notið, og þá vona jeg að spurnaraðferðin við kennslu þessara tveggja greina verði almenn. Jeg vil því að þeim sje haldið meðal þeirra greina, sem kennurum er ætlað að kenna; en þá virðist líka nauðsynlegt að sleppa einhverju öðru úr; og þá sýnist næst að láta náttúrufræðina og landafræðina verða fyrir því. Það er líklegt, að hjer þurfi ekki að vera um annað að ræða, en bráðabirgðar-ráðstöfun. Þegar fullorðna fólkið er orðið betur að sjer en nú, þá er líklegt, að þær megi fullvel taka upp. En það getur aldrei orðið annað en hálfgjört kák, að sveitakennarar fáist við að kenna allt það sem skilyrðin gjöra ráð fyrir, eptir því sem kennslutíma þeirra er hagað.

Framsögumaður (Jens Pálsson): Viðvíkjandi ræðu h. 1. þm. N.-Múl. (E. J.) skal jeg taka það fram, að, eins og hann leit á málið, þá hafði hann töluvert til síns máls. En það sem vakti fyrir nefndinni var það, að ekki skyldi öðrum kennd landafræði og náttúrufræði, en þeim, sem svo væru orðnir vel að sjer í lestri og kristindómi, að litlum tíma þyrfti til þess að verja; og þá er ekki ofhlaðið á hjá nefndinni. Eigi væri þó með því útilokað, að nokkrar lestraræfingar væru hafðar, og þessir nemendur dálitið spurðir út úr kveri og fræddir í biflíusögu; en þetta þyrfti ekki að eyða nema litlum tíma.

H. þm. Strand. (Guðj. G.) kvað sveitakennslu koma að betri notum en skólakennslu. Jeg held að það sje þveit á móti og slíkt hið sama veit jeg að er álit fjölda margra. Þá vildi h. þm. (Guðj. G.) ekki að sveitafjelögin legðu fram fje til sveitakennara; og hann kvað miklu fleira vera reiknað til kostnaðar skólanna en kennaralaunin ein, og fyrir það yrðu sveitirnar harðara úti, þegar þær ættu að fara að greiða sinn helming á móti landssjóðstillaginu, en skólarnir. En þess er að gæta að allur kostnaður til sveitakennslunnar er svo lágur, að reyndin verður sú, að sveitasjóðir munu verða að leggja meira af mörkum til skólakennslu, þar sem hún er komin á, en þeir mundi hafa orðið að leggja til umferðakennslu.

H. þm. (Guðj. G.) sagði, að gallarnir á sveitakennslunni væru prestunum að kenna. Þessu verð jeg harðlega að mótmæla; það eru prestarnir, sem mest og bezt hafa stutt barnafræðsluna hjer á landi og hrundið henni í betra horf. Það er og langt frá því, að það sje rjett, að sóknarnefndirnar sjeu humbugsnefndir, eins og hann komst að orði; þær eiga meðal annars að aðstoða prestana við kennslumál, og yfir höfuð hafa þær all-þýðingarmikið verk á hendi.

Saga h. þm. (Guðj. G.) um afskipti prestsins af sveitakennaranum sannar ekkert. Kennarinn getur hafa verið svo vel að sjer sem vill, en fyrir það er það ekki útlokað, að hann hafi ekki verið hæfur fyrir kennara; hann getur hafa haft þær skoðanir og útbreytt þær, sem presturinn hefir álitið skyldu sína að sporna á móti.

ATKVÆÐAGR.: I. 1. liður samþ. með 15 samhlj. atkv.

2. liður samþ. með 17 samhlj. atkv.
3. liður samþ. með 17 samhlj. atkv.
4. liður samþ. með 15 samhlj. atkv.
5. liður samþ. með 16 samhlj. atkv.
6. liður samþ. með 14 samhlj. atkv.

II. 1. liður samþ. með 10 samhlj. atkv.

2. liður samþ. með 12 samhlj. atkv.
3. liður samþ. með 10 samhlj. atkv.
4. liður samþ. með 14 samhlj. atkv.
5. liður samþ. með 10 samhlj. atkv.
6. liður samþ. með 10 samhlj. atkv.

Aths. samþ. með 14 samhlj. atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til síðari umræðu með 17 samhlj. atkv.

Tillögur yfirskoðunarmanna við landsreikningana 1894 og 1895 (C. bls. 278, 273); síðari umr.

Jón Jensson: Jeg get verið þakklátur nefndinni fyrir meðferð hennar á athugasemdum og tillögum yfirskoðunarmannanna, sem þeir hafa flestar tekið til greina.

Jeg skal að eins fara nokkrum orðum um niðurlag nefndarálitsins, sem heldur því fram, að það sje ætlunarverk yfirskoðunarmanna, að skoða peningaforða landssjóðs í jarðabókarsjóði. Þetta hafa yfirskoðunarmenn aldrei gert áður, og álít jeg það ekki þeirra hlutverk. Starfsvið þeirra er ákveðið í 26. gr. stjórnarskrárinnar og þar er þessa ekki getið.

Það er að eins að svo miklu leyti, sem þetta á að vera aðfinnsla til núverandi yfirskoðunarmanna um að þeir hafi ekki gert skyldu sína, að jeg hef tekið til máls, til að vísa aðfinnslunni frá okkur í allri vinsemd. En eigi athugasemdin að eins að vera til athugunar fyrir framtíðina, er það annað mál, og undir hinum komandi yfirskoðunarmönnum komið, hvað þeir álíta sig hafa rjett og skyldu til að gjöra í þessu efni.

Framsögumaður (*Ólafur Briem*): Nefndin ætlaðist ekki til að niðurlag nefndarálitsins viðvíkjandi peningaforða landssjóðs yrði skilin sem nein ásökun til yfirskoðunarmannanna, heldur að eins sem bending fyrir framtíðina. Hún hafði því fremur búizt við mótmælum í þessu atriði frá landsstjórnarinnar hálfu heldur en yfirskoðunarmanna. En með því landsstjórnin hefir engum mótmælum hreyft, gengur nefndin að því vísu að yfirskoðunarmenn taki bendinguna til greina framvegis.

ATKVÆÐAGR.: Till. í heild sinni samþ, í e. hlj. og afgreiddar til efri deildar.

Tuttugasti og sjötti fundur, föstudag 30. júlí, kl. 11 f. h. Allir á fundi.

Forseti gat þess að til sín væri komið og yrði framlagt á lestarsalinn:

1. Bænarskrá frá bæjarfógetanum á Ísafirði fyrir hönd bæjarstjórnarinnar um styrk til sjúkrahússins samastaðar.
2. Tilboð frá Ásgeiri kaupmanni Sigurðssyni í Reykjavík um útvegun á baðlyfjum.

Frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands 5. janúar 1874, 1. gr., 2. gr., 3. gr., 25. gr., 34. gr. og 2. á-kvörðun um stundarsakir (C. bls. 335); 3. umr.

Sighvatur Árnason: Jeg hef nú setið á hverju þingi alla tíð, frá því stjórnarskrárbarátta þessi hófst og fram á þennan dag, og jeg held mjer sje óhætt að segja, að jeg hafi liðið bæði súrt og sætt í þeirri baráttu, og er því ekki undarlegt, þó mig langi nú til að sjá fyrir endann á henni. Hvað frv. þetta snertir, sem hjer liggur fyrir, þá eru nú þm. ekki á eitt sáttir um það. Það er einn vandahnútur óleystur, nefnilega um sjermál Íslands, að þau sjeu ekki borin upp í hinu danska ríkisráði eða lögð undir atkvæði þess; og halda sumir því fram að þar sem þessi hnútur hafi verið dreginn inn í frv., þá hljóti það að verða til þess, að frv. verði synjað staðfestingar, og er h. þm.

Vestm. (V. G.) fremstur í flokki þeirra, sem halda því fram. En það eru fleiri og máske nokkuð margir á sömu skoðun, að efa, að frumv. svona lagað geti fengið staðfestingu, og þann efa byggja þeir á brjefi ráðgjafans dags. 29. maí þ. á., um þetta atriði, sem birt hefir verið í Stjórnartíðindunum.

H. þm. Vestm. (V. G.) óskar líka að fá ráðgjafann út úr ríkisráðinu og sjermál vor losuð við það; að eins óskar hann að reynt sje að koma því til leiðar á einhvern þann hátt, sem ekki þyrfti að standa í vegi fyrir staðfesting þessa frumv. að öðru leyti. Og óskaði hann að menn gætu bent á eitthvert ráð til þess. Það er miðliður fyrstu greinar, sem hjer veldur öllum vafanum í huga sumra þm. um árangur þessa frumv., því að þar er með skýrum orðum tekið fram, að sjermál Íslands skuli ekki borin upp í ríkisráðinu eða lögð undir atkvæði þess. Gæti mönnum nú hugkvæmzt á einhvern hátt það ráð, sem kynni að geta liðkað eða losað um þennan ríkisráðshnút, sem mestur vafinn veltur á, án þess að það stæði í vegi fyrir því að fá umbætur á stjórnarskránni, þá væri það mjög svo gott. En áður en jeg ræði meira um það, vildi jeg mega biðja hæstv. landsh. að leysa úr tveimur spurningum til skýringar þessu máli:

1. Er ástæðan til þess, að hin sjerstaklegu málefni Íslands eru lögð fyrir ríkisráðið og undir atkvæði þess, ótti fyrir því að eitthvað kunni í þeim að vera, sem snertir sameiginleg mál ríkisins?

2. Eru hin sjerstaklegu málefni Íslands lög fyrir ríkisráðið og undir atkvæði þess í þeim tilgangi, að ráðaneytið allt skeri úr því, hvort skuli ráða hans hátign konunginum til eða frá um staðfesting eða synjun hvers einstaks lagaboðs frá alþingi, eða greiðir ekki ráðaneytið allt atkvæði um hvert einstakt lagaboð frá alþingi?

Landshöfðingi: Upp á fyrri spurningu h. 1. þm. Rangv. (Sighv. Á.) skal jeg að eins svara því, að öll lög, sem snerta sjermál vor, hafa frá öndverðu, frá því stjórnarskráin gekk í gildi, verið borin upp í ríkisráðinu. Til þess mun ekki hafa verið ástæðan ótti fyrir að þau kynnu að snerta sameiginlegu málin, eða yfir höfuð nein sjerstök ástæða önnur en sú, að það er álitið sjálfsagt, að öll lög, sem konungur undirskrifar, sjeu borin upp í ríkisráðinu.

Annari spurningunni skal jeg svara svo, að ráðgjafi Íslands lætur semja skjal til konungs, sem inniheldur rökstuddar tillögur hans um hvert það mál, er undirskriptar konungs þarf með í og sem nefnt er »Forestilling«. Þetta skjal les hann upp í ríkisráðinu, ef til kemur, og allir ráðgjafarnir geta þá greitt atkvæði um það, hvort rjett sje að fallast á tillögur Íslandsráðgjafans, og geta þannig allir haft áhrif á úrslitin. Auðvitað ræður konungur, hvort hann undirskrifar eða ekki, en það gæti verið spurning um það, hvort ráðgjafi Íslands þyrði að undirskrifa með honum gegn atkvæði hinna ráðgjafanna.

Sighvatur Árnason: Jeg er þakklátur hæstv. landsh. fyrir úrlausn hans á spurningum mínum, sem er góð skýring á því, hvernig þessu er hagað með sjermál lands vors í ríkisráðinu, og hvað það er í öfugu horfi.

Jeg skal þá leyfa mjer að skýra stuttlega frá hugsun minni um þessi atriði. Jeg er með því að vjer gætum fengið sjerstakan íslenzkan ráðgjafa, utan við ríkisráðið og óháðan því, sem að eins hefði á hendi sjermál vor. En svo er nú máske spurning um, ef lög frá alþingi væru ekki borin upp í ríkisráðinu eða undir atkvæði þess, af

ótta fyrir því að þau kunni á einhvern hátt að snerta hin almennu mál ríkisins eða alþjóðarjettinn, og ef það þætti miklu varða, sem mjer nú reyndar ekki virðist á svari hæstv. landsh., en sem jeg á hinn bóginn hefi heyrt að muni þykja nokkru skipta, og það svo að slíkt þyki tæplega eigandi undir Íslandsráðherra einum, þá að bera þar upp þau lög frá þinginu, sem Íslandsráðgjafanum þætti vafasamt um, að kynnu að snerta sameiginleg ríkismál, þó þannig, að ríkisráðið greiði þá eingöngu atkvæði um það, hvort málið snerti hin sameiginlegu mál ríkisins eða ekki; og verði það ofan á, að málið snerti ekki sameiginleg mál eða alþjóðarjettinn, þá hafi ríkisráðið ekki meira með það að gera.

Jeg vona að þetta, ef það þætti framkvæmanlegt, kunni að liðka eitthvað til um þennan vandahnút, sem allt veltur á, svo að hann kynni síður að standa í vegi fyrir staðfestingu frumv.

Jeg gæti ímyndað mjer að stjórninni þætti þetta þó heldur í áttina til að geta aðhyllzt frumv.

Jeg veit nú ekki, hvort h. þingdm. vilja athuga þessa tillögu mína. En auðvitað er, að þá yrði að breyta miðliðnum í 1. gr. frumv., og auka dálitlu inn í. Mín skoðun er sú, að ef þessu væri bætt inn í frumv. og komið laglega fyrir, þá mundum vjer geta haft betri von um staðfestingu þess.

Með þessu væri á engan hátt hopað neitt á hæli, heldur að eins liðkað dálítið til.

H. þm. Vestm. (V. G.) var ekki seztur í sæti sitt, þegar jeg minntist á þetta, en jeg skal taka það upp aptur, að jeg tók fram, að jeg vissi að hann óskaði af heilum hug að menn fyndu ráð til að leysa þennan ríkisráðshnút. Ef einhver slíkur viðunanlegur vegur fyndist, þá mundi hann sætta sig við frumv. þetta.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg er þakklátur tveim hinum síðustu ræðumönnum, h. 1. þm. Rangv. (Sighv. Á.) og hæstv. landshöfðingja, því að ræður þeirra snertu einmitt það atriði í þessu máli, sem jeg fyrst ætlaði mjer að minnast á, sem sje, hver áhrif það getur haft á ábyrgð Íslandsráðgjafans, að hann verður að bera sjermálin upp í ríkisráðinu, eins og nú stendur. Það er atriði, sem menn verða vel að gera sjer ljóst, þegar menn eiga að skera úr því með atkvæði sínu, hvort í 1. grein frumvarpsins skuli standa það ákvæði, sem valdi því, að hin önnur ákvæði frumvarpsins fái ekki konunglega staðfesting.

Um það er enginn ágreiningur meðal Íslendinga, að þessi venja sje ólögleg. Vjer höldum því allir fast fram, að sjermálin eigi ekki að berast upp í ríkisráðinu. En svo hefir því verið haldið fram, til þess að sanna það, að allt sje ónýtt, ef 1. gr. frumv. er felld burt, að öll ráðgjafaábyrgð sje ómöguleg og þýðingarlaus, bæði sú, sem stjórnarskráin nú heimilar og sú, sem boðin er fram í yfirlýsing stjórnarinnar nú, meðan þessi ólöglega venja helzt. Þetta er mjög langt frá því, að vera rjett.

Nefndin hefir í áliti sínu rjettilega tekið fram, að þessi stjórnarvenja dragi úr ábyrgðinni, — en þar í liggur ekki, að ábyrgðin sje þýðingarlaus.

Mjer finnst kenna nokkurrar þoku í hugsunum manna um þetta atriði. Til þess að láta þetta í ljósi, brúka menn jöfnum höndum tvö orðatiltæki, eins og þau þýddu bæði alveg hið sama, og af því leiðir, að menn blanda tveim atriðum saman: — því, »að ráðgjafinn sitji í ríkisráðinu«, og því »að sjermál

Islands sjeu borin upp í ríkisráðinu«. Þetta er í rauninni sitt hvað, og það verða menn að gera sjer svo ljóst, sem auðið er, en þessi ónákvæmni í orðunum sýnir einmitt, að hugmyndin er mörgum óljós.

Hvað það snertir, »að ráðgjafinn sitji í ríkisráðinu«, þá álít jeg það engan skaða fyrir okkur, þvert á móti. Við eigum mörg og þýðingarmikil mál sameiginleg við Danmörku, alríkismálin, og það sjer hver maður, að það er skaði, að hafa ekki í ríkisráðinu kunnugan mann, að því er þau málin snertir, til þess einmitt að halda uppi rjetti Íslands gagnvart ríkisheildinni. Og ekkert er eðlilegra, en að sá, sem hefir á hendi sjermálin, hann gæti hagsmuna landsins, að því er til sameiginlegu málanna kemur. Hann ætti þá sjerstaklega að gæta þess, að hið danska löggjafarvald fari ekki inn á það löggjafarsvið, sem eingöngu kemur hinu íslenzka löggjafarvaldi við.

Það er eðlilegt, að hann sitji í ríkisráðinu í þessu skyni, og jeg álít að það sje nauðsynlegt.

En þó að íslenzki ráðgjafinn »sitji í ríkisráðinu«, — þá leiðir alls ekki af því, að það sje sjálfsagt, að hann beri sjermál Íslands upp í ríkisráðinu. — Í þessu liggur alls ekki það, að danskir ráðgjafar eigi að greiða atkvæði um sjermál Íslands, og það er líka mjög óeðlilegt, að íslenzki ráðgjafinn greiði atkvæði um þau mál, sem eru sjerstaklega dönsk. En það er í sjálfu sjer eðlilegt, að danskir ráðgjafar og íslenzki ráðgjafinn taki þátt í meðferð þeirra mála í ríkisráðinu, sem taka til beggja landanna. Þetta getur átt sjer stað um mörg mál; jeg skal netna verzlunarmál, tollmál, fiskiveiðar, t. d. botnverpingana, »international« málefni, o. fl., og fyrir margra annara hluta sakir væri það nauðsynlegt, að hafa fulltrúa í ríkisráðinu, sem gætti hagsmuna Íslendinga gagnvart Dönum.

Þetta þarf því ekki að vera samfara: að ráðgjafi Íslands sitji í ríkisráðinu, og að sjermál Íslands sjeu borin upp í ríkisráðinu. Jeg álít að það, að ráðgjafi Íslands sitji í ríkisráðinu, sje Íslandi til góðs, en jeg álít líka, að það, að sjermálin eru borin upp í ríkisráðinu, sje ekki löglegt, og heldur ekki Íslandi til góðs nje til gagns fyrir þessi mál.

Það er því ekki seta ráðgjafans í ríkisráðinu, sem vjer berjumst í móti, heldur hitt, að sjermál Íslands eru borin upp í ríkisráðinu.

Jeg tek þetta fram, svo að menn ekki rugli saman þessum tveim hugmyndum, og brúki orð, sem villa, í stað þess að skýra.

Svo að jeg því næst víki aptur að aðal-atriðinu: Hver áhrif hefir það á ábyrgð ráðgjafans gagnvart alþingi, að hann ber sjermál Íslands upp í ríkisráðinu?

Menn hafa viljað gefa það í skyn, að ábyrgð ráðgjafans væri þýðingarlaus, meðan þessi venja helzt, vegna þess, að það, sem ráðgjafinn gerði í ríkisráðinu, fyrir því bæri ríkisráðið ábyrgð, og byggist það þá á því, að það sje atkvæðagreiðslan þar, sem ábyrgðin sje komin undir. En þetta er hinn mesti misskilningur. Atkvæðagreiðslan í ríkisráðinu kemur ekkert ábyrgðinni við.

Það skein einnig í gegn um ræðu hæstv. landshöfðingja, að þótt mál væru rædd og greidd væru atkvæði um þau í ríkisráðinu, þá hefði það engin áhrif á ábyrgð ráðgjafans Því að milli þess, að atkvæði eru greidd um mál í ríkisráðinu og undirskriptar konungs, er ein gjörð sjerstök, sjálfstæð gjörð, undirskript ráðgjafans með konungi, sem ábyrgðin er komin undir. — Hvort heldur lög eru samþykkt eða synjað staðfestingar, þá er

það — eins og hæstv. landshöfðingi tók fram — gert eptir skriflegri tillögu ráðgjafans, sem lögð er fram í ríkisráðinu og undirskrifuð af konungi, og sá ráðgjafi, sem undirskrifar með konungi, ber ábyrgð á þeirri stjórnarathöfn, en alls eigi hinir aðrir ráðgjafar, þó svo að þeir hafi greitt atkvæði með henni. Um þetta eru skýr og ótvíræð laga-ákvæði, og þetta er viðurkennt alstaðar, þar sem ráðgjafa-ábyrgð á sjer stað.

Það er því ekki atkvæðagreiðslan í ríkisráðinu, sem hefir áhrif á ábyrgð ráðgjafans, heldur er það hin sjerstaka gjörð hans sjálfs, undirskript hans með konungi, sem ábyrgðin er undir komin.

Allt um það getur það haft áhrif á úrslit sjermálanna, að þau eru borin upp í ríkisráðinu: — Konungur getur neitað að skrifa undir með Íslandsráðgjafanum, ef meiri hluti ríkisráðsins er því mótfallinn. Afleiðingin af því verður sú, að annaðhvort verður tillaga sú látin falla, eða, ef ráðgjafanum lízt málið svo mikilsvarðandi, að hann kjósi heldur að fara frá, en að málið falli niður, þá neitar hann að skrifa undir synjunar-úrskurð konungs, og víkur úr ráðgjafasessi.

Undir ályktun konungs, sem snertir Íslands mál, getur enginn skrifað nema Íslandsráðgjafinn einn, og þó að allir hinir ráðgjafarnir væri móti ályktuninni, þá er hún þó í fullu gildi, ef konungur undirskrifar og ráðgjafinn með honum, og slíkt gæti vel fyrir komið, ef sá ráðgjafinn mætti sín sjerstaklega mikils hjá konungi. — Vjer skulum hugsa oss, að Íslandsráðgjafinn, sá, er vjer höfum haft — og sem viðurkennt er, að hafi haft traust konungdómsins framar flestum mönnum öðrum um mörg undanfarin ár, jeg á við Nationalbankirekteur Nellemann — vjer skulum hugsa oss, að hann hefði viljað hafa fram mál, sem meiri hluti ríkisráðsins var mótfallinn; þá var ríkisráðinu ómögulegt að sporna við því, að konungur skrifaði undir það lagafrumv., sem hann vildi hafa fram.

Helzta afleiðingin af því, að sjermál Íslands eru borin upp í ríkisráðinu, er sú, að það getur komið í veg fyrir, að konungur skrifi undir það, sem ráðgjafinn hefir lagt kapp á að nái konunglegri staðfestingu, og gert ráðgjafanum þann kost einn nauðugan að segja af sjer.

Að því er snertir afstöðu ríkisrjettarins, skal jeg að eins taka það fram, að ríkisrjetturinn vísar frá sjer, hlýtur að vísa frá sjer, spurningunni um það, hvort hinn íslenzki ráðgjafi hafi framið brot gegn stjórnarskránni. — Þessi agnúi, að sjermál Íslands eru borin upp í ríkisáðinu, er lagabrot frá okkar sjónarmiði, en að það sje svo mikils um vardandi, sem ýmsir hafa viljað segja, það get jeg engan veginn fallizt á. Þetta er því um of gjört að grýlu í augum manna til þess að villa þeim sjónir.

Og þótt þessi óvenja haldist, — jeg vona að hún haldist ekki til langframa, — þá er hægt að koma fram breytingu á henni á annan heppilegri veg; til þess þarf ekki stjórnarskrárbreyting.

Jeg tek þetta fram, af því jeg hef fundið af umr., að menn hafa ekki gjört sjer ljósa grein fyrir, hvernig þetta lítur út í praktiskri framkvæmd: að það er undirskript ráðgjafans, sem er sú gjörð, sem allt veltur á.

Það annað atriði, sem jeg vil minnast á, er: Hvers vegna heldur stjórnin svo fast í þessa venju, að sjermálin skuli borin upp í ríkisráðinu? Það er skiljanlega sú ástæða fyrir því, að stjórnin óttast að Íslendingar munu beita sínu sjerstaka löggjafarvaldi til þess, að lögleiða ákvæði, sem skapi misrjetti

meðal samþegnanna, eða upp á einhvern máta gjöri sambandið ótryggara en nú er, og þetta vill stjórnin kontrollera. En til þess að ná þessu takmarki eru margir vegir betri og heppilegri. Það er sjálfsagt, að ráðherrarnir hafi allir sama forsetann, og þá er það hugsanlegt, að þessu yrði náð með því, að referera til ráðaneytisforsetans, það sem hinn íslenzki ráðgjafi ræður konungi til að undirskrifa. Þar með er honum gefinn kostur á, að hafa gætur á því, að íslenzka löggjafarvaldið fari ekki út fyrir þess takmörk; og hitt væri þá líka hugsanlegt, að Íslandsráðgjafinn fengi referat af þeim málum, sem gætu snert löggjöf Islands, og í ríkisráðið koma. Jeg skal benda á eitt tilfelli, sem skýrir þetta enn betur.

Það er eðlilegt, að þegar ágreiningur rís um það, hvort eitthvert mál sje sjermál eða sameiginlegt mál, þá hlýtur konungur að skera úr þeim ágreiningi í ríkisráðinu á svipaðan hátt og til er tekið í Forfatningslov for Monarchiets Fællesanliggender 1855, og þá verður Íslandsráðgjafinn að taka þátt í atkvæðagreiðslunni. Það var farið svo að, þegar ágreiningur reis við hertogadæmin um, hvort mál heyrðu undir sjerstakt löggjafarvaldssvið hinna einstöku parta ríkisins eða væru sameiginleg.

Þá var enn eitt atriði, sem fram kom við 2. umr., og sem mjer virtist vera mönnum líka nokkuð óljóst, það var: ábyrgð ráðaneytis án skrifaðra, sjerstakra ábyrgðarlaga, og ennfremur afstaða hæstarjettar í þessu máli. Mjer datt í hug, þegar jeg heyrði þetta við 2. umr., að ef myndin þarna á veggnum, af Páli gamla Melsted, hefði haft líkamleg eyru, og hlustað á það, sem þá var talað, þá hefði hún kinkað kolli num glottandi og sagt: »Hvað sagði jeg fyrir 50 árum?« Það var eptir þingið 1853, að hann sagði, að það væri eina meinið á íslenzkum löggjafarþingum, að erfitt væri að koma Íslendingum í skilning um, hvað væri rjett lög, því að þeir tryðu svo fast á sína þekkingu í þeim efnum, að það væri ómögulegt að sannfæra þá, — jafnvel þó um mjög vandasamar lagaskýringar væri að ræða.

H. þm. Rvík. (J. Jenss.) flutti glögga og rjett hugsaða skýringu á þessu atriði við 2. umr. En svo hlusta jeg á að nú við 3. umr. talar hver af öðrum og ber fram þær mótbárur, sem hinn h. þm. þá gekk af dauðum.

Það var pólitísk ábyrgð án ábyrgðarlaga, sem verið var að tala um, og h. 1. þm. N.-Múl. (E. J.) ætlaði, að sú ábyrgð væri þýðingarlaus. Þetta er dálítill misskilningur, sem er eðlilegur, þar sem h. þm. hefir ekki haft tækifæri til þess að kynna sjer þetta sjerstaklega. Það leiðir af sjálfu eðli ráðgjafaábyrgðar, að ráðgjafinn ber ábyrgð á því, að hann ekki fari í bága við lögin, og ekki misbeiti embættisvaldi sínu, hvorki einn nje með konunginum. Þetta er viðurkennt, svo langt sem ministeriel ábyrgð nær.

Auk þess er það almennt viðurkennt nú, sem neðri málstofa parlamentsins 1679 lýsti yfir: að ráðgjafinn bæri ábyrgð á því, að stjórnin sje »heiðarleg og rjettlát og gagnleg«. Hjer eru því fullkomlega skýr ákvæði um anda og tilgang ráðgjafaábyrgðarlaga, sem hver pólitískur dómstóll vel getur dæmt eptir. — Eins og menn vita, er enginn skrifaður stafur í lagaformi um ábyrgð ráðgjafanna til á Englandi, en þetta er viðurkennt að vera þær kröfur, sem sjerhver góð stjórn eigi að uppfylla.

Það eru mörg önnur lönd, sem engin sjerstök ráðgjafa-ábyrgðarlög hafa. Jeg tek til dæmis Danmörku, sem hefir haft fulltrúastjórn í meir en hálfa öld, og Belgíu, sem hefir haft fulltrúastjórn

síðan 1831; þau lönd hafa enn engin ráðgjafa-ábyrgðarlög, heldur er þar dæmt eptir þessum viðteknu grundvallarreglum allrar þingbundinnar stjórnar. Svo í sjálfu sjer hefir það engin áhrif í þá átt, að veikja ákvæðið um ábyrgðina í þessu frumv., þótt engin ábyrgðarlög fylgi jafnframt.

Mjer skildist að h. 1. þm. N.-Múl. (E. J.) vildi segja, að í 2. bráðabirgðarákvæðinu um dómsvald hæstarjettar í þeim málum, sem eru höfðuð gegn ráðgjafanum fyrir stjórnarskrárbrot, í sambandi við brjef ráðherrans frá 29. maí í vor, væri slegið föstu, að ríkisrjetturinn ætti með tímanum að dæma sjermál Íslands.

En þetta liggur fjarri. Bráðabyrgðarákvæðið, sem tiltekur að hæstirjettur skuli dæma þessi mál, þangað til ábirgðarlögin komi út, — það segir alls ekki, að hæstirjettur geti ekki orðið sá dómur, sem dæmir þau eptir að lögin eru komin út. Og það væri ekki eins dæmi. Í Belgíu dæmir hæstirjettur í þessum málum, og í Niðurlöndunum líka, svo að dæmalaust er það ekki. Hins vegar útilokar ákvæðið ekki, að stofnaður geti orðið innlendur dómur, landsdómur, til þess að dæma í þessum málum; að vísu er gengið út frá því í ráðherrabrjefinu, að dómsvald hæstarjettar og búseta ráðherrans í Kaupmannahöfn verði að fara saman, og að landsdómur hjer sje ekki hugsanlegur, nema ráðaneytið sje hjer búsett, en það telur stjórnin ekki mögulegt, en jafnframt má þá ganga út frá, að ef það er hugsanlegt, að ráðgjafinn sje búsettur hjer, þá er hugsanlegt að dómurinn sje hjer líka. Breytist skoðun ráðaneytisins á þá leið, að ráðgjafi Íslands geti setið hjer, þá breytist hitt líka.

Þá röksemdafærslu, að það, sem sje skoðun ráðherrans, þegar hann skrifaði brjefið 29. maí, muni verða skoðun allra stjórna um alla eilífð, hana get jeg ekki sett hátt, því stærri skoðanabreytingar hefir maður sjeð.

Jeg vildi þá minnast á eitt atriði í ræðu 1. h. þm. Skagf. (Ó. Br.) Hann tók það fram, sem rjett var, að vjer samþykktum ekki hina ólöglegu stjórnarvenju, að sjermálin eru borin upp í ríkisráðinu, fyrir það, þó vjer feldum í burtu ákvæðið í 1 gr. frumv. En svo bætti hann við: Vjer semjum við ráðgjafann og hann ber sjermálin upp í ríkisráðinu, — og þá samþykkjum vjer þegjandi, þá sanctionerum, löghelgum vjer þessa ólöglegu stjórnarvenju.

Ef sú röksemdaleiðsla væri rjett, þá værum vjer fyrir löngu búnir að löghelga þessa venju: Vjer semjum hjer við umboðsmann þess ráðgjafa, sem leggur öll sjermál Íslands fyrir ríkisráðið, með því að semja við umboðsmann hans, þá höfum vjer fyrir löngu viðurkennt þessa ólöglegu venju rjetta að vera og lögum samkvæma, ef röksemdaleiðsla h. þm. Skagf. (Ól. Briem) væri rjett.

En hún er ekki rjett. Jeg þarf naumast fleira um það að tala. Það getur enginn ímyndað sjer, að í þessu liggi nokkur sem helzt viðurkenning á lögmæti þessarar ólöglegu venju, þar sem vjer ávallt höfum mótmælt henni sem ólöglegri, höfum ætíð samið við umboðsmann ráðgjafans, með þeim fyrirvara, og munum ávallt gera það.

Jeg er samdóma h. þm. Vestm. (V. G.) um, að það er mikill sigur fyrir oss að stjórnin hefir ekki þorað að bera undir þingið til samþykktar, að sjermálin sjeu borin upp í ríkisráðinu. Hvað var eðlilegra, en að stjórnin heimtaði viðurkenningu um að þessi, að hennar áliti löglega venja, væri lögmæt? Hvað sýnir það, að stjórnin hefir ekki gert þetta, annað en það, að hún viðurkennir þegjandi, að þetta mál megi frá tveimur

hliðum skoða! Það kann vel að vera, að þetta hafi þýðingu, þegar fram í sækir. Jeg hef þá minnzt á nokkur atriði, sem virðast hafa verið í þoku fyrir sumum h. þm., og skýrt þau eptir því, sem jeg hef getað.

Jeg skal taka það fram, að það er ýmislegt athugavert við orðalagið á frv., sem jeg hef orðið var við síðar. Þessi atriði eru þó ekki mjög veruleg, og ætla jeg ekki að fara út í þau í þetta sinn; það gefst ef til vill færi á því síðar.

Jeg fjölyrði svo ekki um þetta frekar; jeg hef gert þessar athugasemdir til þess að skýra hugmyndir manna um þessi aðalatriði.

Skúli Thoroddsen: Jeg hef alls ekki tekið til máls við þær tvær umræður, sem fram hafa farið í þessu máli nú á þessu þingi, en nú verð jeg að gjöra stuttlega grein fyrir afstöðu minni og atkvæði í málinu, og það því fremur, sem atkvæði mitt nú við 3. umr. verður að skiljast á sjerstakan hátt, þannig, að jeg er ekki samþykkur þessu frumv., en vil greiða því atkvæði mitt til efri deildar, til þess að sú h. þingd. geti fengið að sjá frumv., og til þess, að hún geti beint því í það horf, sem jeg óska.

Jeg var einn í nefndinni, sem þessi h. þingd. skipaði í þessu máli, og sú spurning, sem hlaut að vakna hjámjer, og oss nefndarmönnum yfir höfuð að tala, var spurningin um hið pólitiska ástand, eða það horf, sem málið væri í, eins og nú stendur, spurningin um það, hvort halda skyldi málinu áfram í sama formi og áður, frumvarpsforminu gamla, eða ástæða væri til að breyta til.

Gangurinn hefir verið sá í þessu máli, að þó það hafi verið samþykkt tvívegis til fullnaðar af alþingi, þá hefir ekki verið hægt að segja, að stjórnarskrárbaráttan hafi verið háð með neinni festu, hvorki af þingi nje þjóð, heldur þvert á móti, verið haldið fram sleitulega, með einlægum apturkippum. Jeg hefi, eins og kunnugt er, verið í þeirra flokki, sem hafa viljað halda strykinu fast og eindregið, og jeg hefi ekki látið mitt eptir liggja að hvetja þjóðina í þá átt. En þótt jeg hafi lagt fram krapta mína í þessa stefnu, þá verð jeg að játa, að það hefir ekki borið þann árangur, sem jeg hefði óskað. Á þingmálafundunum í vor hefir nú ekki hvað sízt orðið vart við apturkipp í málinu, og hið sama hefir lýst sjer hjer á þinginu, eins og eðlilegt er, þar sem það ekki er annað en bergmál af röddum þjóðarinnar.

Þegar vjer lítum á þingið nú, þá er það þannig skipað, að engar horfur eru á því, að vjer getum haldið fram hinum fyllstu sjálfstjórnarkröfum vorum, og það, sem ber þess órækan vottinn, er það, að h. þm. N.-Þing. (B. Sv.) hefir ekki dirfzt að bera upp sitt gamla frumv. á þessu þingi. Hann veit, að það mundi verða fellt í efri deild, og jeg hygg einnig, að meiri hluti þessarar h. þingd. mundi verða á móti því. Að koma með það frumv. nú mundi þess vegna ekki verða til annars, en að skapa deilur og vekja sundrung í þinginu; en allt, sem vjer vinnum í þessu máli, eigum vjer að vinna með það fyrir augum, að komast eitthvað áleiðis, ná einhverjum árangri.

Hjá þjóðinni horfir málið svo við, að jeg hygg, að þess sje nokkuð langt að bíða, að þjóðviljinn leyfi að halda baráttunni fyrir fullkominni endurskoðun áfram, með þeirri festu og í því horfi, sem þarf, ef vænta á árangurs af baráttunni. Sú spurning liggur þá fyrir, hvort vjer gjörum rjett í því, að berjast okkar á milli, svo að ekkert komist fram, eða hitt er hyggilegra, að

sætta oss við minna, sem getur fengizt, í bráðina, og hefja síðan á nýjum grundvelli nýja baráttu.

Frá stjórnarinnar hendi eru komin fram þau tilboð fyrir munn fulltrúa hennar hjer á þinginu, að hún sje fús á að samþykkja ákveðnar breytingar á stjórnarfari því, sem nú er, og hið sama má lesa út úr brjefi ráðgjafans til landshöfðingjans, frá 29. maí nú í vor. Þessar breytingar, sem stjórnin býðst til að samþykkja, eru að vísu ó verulegar í mínum augum, þegar litið er til þess, sem vjer höfum áður krafizt, og þurfum að fá; en eptir því sem jeg hugsa betur um málið eptir því sannfærist jeg þó æ betur og betur um um það, að þær geti orðið oss til góðs, og bætt að mun það ástand, sem nú er, ef þeim verður frjálslega beitt.

Fyrir mínum augum er ekki nema um tvennt að velja í þessu máli. Eigum vjer að halda áfram þessari stjórnarskrárbaráttu, sem vjer höfum háð hingað til, en sem einlægt hefir gengið í hlykkjum, eigum vjer samt sem áður að halda henni áfram, þangað til vjer verðum svo öflugir og sammála, að vjer getum fengið stjórnina á vort mál? Vjer játum allir, að núverandi stjórnarfyrirkomulag sje óþolandi; en ef vjer tökum það strikið, sem jeg nefndi, verðum vjer þó að sætta oss við, að það haldist, þangað til vjer fyrst og fremst getum orðið samtaka sjálfir, og í öðrulagi fengið stjórnina á vort mál.

Jeg er einn af þeim, sem hafa verið talsvert við þjóðmál riðnir, og jeg þykist skilja eins vel og hver annar, hvar skórinn kreppir mest. Þessar hugleiðingar leiða mig til þeirrar sannfæringar, að ef vjer getum nú þegar og fyrirhafnarlítið fengið nokkrar breytingar til bóta á stjórnarástandi voru, þá sje ekki rjett fyrir oss að hafna þeim. Jeg verð líka að álíta, að sú nefnd, sem þessi h. þingd. kaus til að íhuga málið, hafi yfirleitt verið á þessari sömu skoðun, þar sem tillögur meiri hluta hennar ganga í þá átt, að þoka málinu frá þeirri stefnu, sem því hefir verið haldið í að undanförnu. En þótt jeg hafi skrifað undir álit meiri hluta nefndarinnar, þá er nefndinni það fullkunnugt, og meðnefndarmenn mínir munu kannast við það, að jeg ljet það skýrt í ljósi í nefndinni, að það, sem jeg vildi, væri eitt af tvennu, annaðhvort að halda áfram fyllstu sjálfsstjórnarkröfum vorum, eða þá að ganga að því frv., sem líklegt væri að næði staðfestingu.

Þetta frv., sem hjer liggur fyrir, er nú ekki líklegt til þess að öðlast staðfestingu. Það er hvorki heilt nje hálft. Gagnvart stjórninni höfum vjer yfirlýsingu hennar um, að slíkt frumv. verði ekki staðfest, og gagnvart þjóðinni finnst mjer vjer varla geta verið þekktir fyrir að bjóða henni þetta.

Í stjórnarskrárfrumvörpum undanfarandi þinga hefir verið farið fram á að setja hjer á stofn sjerstaka innlenda stjórn, og af því fyrirkomulagi leiddi það að sjálfsögðu, að sjermál Íslands gátu eigi verið löguð fyrir ríkisráðið. En nú hefir öll nefndin orðið ásátt um, að hverfa að sinni frá þeirri kröfunni, að ráðherrarnir sjeu hjer búsettir, og vill sætta sig við ráðherra í Khöfn. Hjer leiðir það því eigi af stjórnarfyrirkomulaginu, sem farið er fram á, að ómögulegt sje að leggja sjermálin fyrir ríkisráðið; og þegar því ríkisráðsspurningunni er skotið fram í frv., sem byggt er á þessum nýja grundvelli, þá er hjer verið að tala um að heyja baráttuna allt öðru vísi en áður. Nú vilja menn hafa það atriði útkljáð, eða enga stjórnarbót ella. En þótt jeg sje þeirrar skoðunar, að sjermál Íslands eigi

ekki að leggjast fyrir ríkisráðið, og þótt jeg viðurkenni, að það atriði hafi sjerstaklega, formlega skoðað, talsverða þýðingu, þá þykist jeg samt þess fullviss, að »praktiskt« muni það hingað til ekki hafa haft mikla þýðingu, og máske alls enga þýðingu, fyrir afdrif íslenzkra mála. Því ef vjer lítum á lagasynjanirnar frá 1875, þá sjáum vjer, að þær eru optast sprottnar hjeðan að heiman. Landshöfðinginn hefir lagt það til, að málunum væri synjað staðfestingar, ráðgjafinn hefir fallizt á skoðun hans, og haldið þeirri skoðun fram í ríkisráðinu. Jeg gæti því bezt hugsað mjer, að ef ráðherrar þeir, sem í ríkisráðinu hafa setið, hefðu heyrt umræðurnar hjer á þinginu, myndu þeir hafa orðið alveg hissa, þar sem þeir munu vera sjer þess meðvitandi, að hafa aldrei gert annað, en að fylgja tillögum landshöfðingja og ráðherra Íslands.

Mjer finnst því, að ef mönnum á annað borð er það alvara, að reyna að fá breytingu á þessu óhafandi stjórnarástandi, sem nú er, þá eigi ekki að setja breytinguna fram, eins og hjer er gjört, með ákvæði 1. gr. frumvarpsins um ríkisráðið, og láta þetta ákvæði standa sem þröskuld í veginum fyrir allri stjórnarskrárbreytingu, og öllum árangri. Jeg held og að þeir h. þingdm., sem vilja halda þessu ákvæði 1. greinar, verði aldrei svo heppnir, að fá þjóðina til að flykkjast utan um það »program«. Aptur er meining í því, að bjóða henni að flykkjast utan um það »program«, að fá innlenda ráðherrastjórn; en spurningin um það, að fá þetta ákvæði um ríkisráðið inn í frv., er ekki svo þýðingarmikil, að vert sje að rífast um hana út af fyrir sig, og láta allt málið stranda á henni.

Það er viðurkennt af öllu alþingi og Íslendingum yfir höfuð með landshöfðingja sjálfum í broddi fylkingar, að það sje ólöglegt, að leggja sjermál Íslands fyrir ríkisráðið. Þetta ákvæði um ríkisráðið í 1. gr. frv. er þess vegna óþarft. Það þarf ekki lagasetning um það, sem eptir vorum skilningi eru gildandi lög áður. Vjer höfum líka aðra vegi, til þess að fá þennan skilning vorn viðurkenndan, vegi, sem hafa þann kostinn, að málið þarf ekki allt að stranda, þó að stjórnin ekki vilji þegar viðurkenna skilning vorn í þessari grein. Vjer höfum t. d. málshöfðunarveginn, eins og bent hefir verið á, og þyki mönnum hann eigi fýsilegur, má þó að minnsta kosti halda þeirri spurningunni vakandi með ávörpum eða þingsályktunum, eða koma hreyfingu á málið í ríkisþingi Dana.

Ennfremur álít jeg, að ákvæðið í 1. grein frv. sje óheppilegt af því, að ríkisráðið danska er stofnun, sem er alþingi Íslendinga alveg óviðkomandi; að skipa fyrir um starf og verksvið ríkisráðsins er sameiginlegt ríkismál, en ekki íslenzkt sjermál, og jeg hygg því, að enda þótt stjórnin í Danmörku vildi ganga að því, að hætta að bera málefni vor upp í ríkisráðinu, þá gæti hún samt ekki staðfest þetta frv.

Jeg get ekki neitað því, að mjer virðist afstaða hæstv. landsh. í þessu máli á þessu þingi vera mjög kynleg. Jeg ætla samt ekki að fara út í það, hvernig hann hefir leyst af hendi erindi stjórnarinnar að þessu sinni, nje út í það, hvort hann hefir leitazt við að leiða þingið út á þá braut, sem ekki getur leitt til samkomulags. En það er undarlegt, að ýmsir h. þingdm. halda því fram, að þetta frv. sje samhljóða tillögum landshöfðingja í brjefi hans til ráðgjafans út af þingsályktuninni frá 1895. En þetta er hraparlegur misskilningur, þar sem landshöfðingi einmitt tekur það skýrt fram í nefndu brjefi sínu, að til þess að fá ísl. sjer-

mál greind úr ríkisráðinu þurfi ekki stjórnarskrárbreytingu.

Það er því síður en svo, að þeir, sem fylgja fram 1. gr. frv., fylgi fram till. hæstv. landsh. í brjefi hans til ráðgjafans á þann hátt, sem hann þar telur einn rjettan og skynsamlegan.

H. 2. þm. Eyf. (Jón Jónss.) tók það fram við 2. umr. þessa máls, að hann vildi fá það skýrt tekið fram, hvað komið hefði nefndinni til að taka þessa stefnu í málinu, sem hún hefir tekið.

Jeg hef nú skýrt mína afstöðu í málinu, og er hún að því leyti hrein og bein, að jeg vil annaðhvort framfylgja fyllstu sjálfstjórnarkröfum vorum eða ganga strax og hiklaust að því, sem vjer getum fengið, en jeg vil ekki langa baráttu og þras um það, sem ekki er mikilsverðara eða vænlegra til sigurs en þetta frv., og jeg mundi því ekki samþykkja þetta frv. nú, ef það vekti ekki fyrir mjer, að gefa h. Ed. tækifæri til að segja álit sitt um það, og kippa því í það horf, sem gjörir það líklegt til að ná staðfesting konungs.

Það hefir verið mikið rætt um það, hvers eðlis sú ábyrgð væri, er ráðgjafinn ætti að bera á stjórnarathöfninni, og því hefir verið haldið fram, að hún væri þýðingarlaus; en það er mjög leiðinlegt að heyra slík ummæli hjer í þingsalnum, því þau sýna, hversu lítið vit menn hafa almennt á slíkum hlutum, enda er það ekki nema eðlilegt, því það er ekki nema fyrir lögfróða menn að skilja það atriði til hlítar; það er líka eitt blað hjer í Reykjavík, sem gjört hefir sitt ýtrasta, til að strá út því moldviðri og vitleysum um þetta atriði, að það er ekki að furða, þó að einhverjir láti blekkjast. En það hefir verið tekið skýrt fram af h. þm. Rvík. (Jóni Jenss) og h. þm. V.-Sk. (Guðl. Guðm.), að enda þótt sjermál Íslands sjeu rædd í ríkisráðinu, þá ber þó ráðgjafi Íslands engu að síður fulla ábyrgð á stjórnarathöfninni, et hann skrifar undir hlutaðeigandi stjórnarráðsstöfun með konungi; sje ráðherrann einhverri stjórnarráðstöfun mótfallinn, er honum það vitalaust, að láta vera að undirskrifa, og verður þá konungur að taka sjer annan ráðherra, ef hann vill halda ráðstöfuninni fram, en skrifi ráðherrann undir, tekst hann þar með fríviljuglega ábyrgðina á herðar.

Jeg held að jeg hafi þá gjört grein fyrir atkvæði mínu í þessu máli. Mjer hefir alltaf verið það alvörumál, að fá breytingu á því ópolandi ástandi, sem stjórnmál landsins hafa verið í; en það er einmitt aðalagnúinn, að vegna ókunnugleika hins erlenda ráðherra, þá er pólitíska valdið allt í raun rjettri í höndum ábyrgðarlauss millilíðar, landshöfðingjans, og eru þess mörg sorgleg dæmi, hvað af því hefur leitt. En jeg lít svo á, að þetta ástand sje eigi svo mjög að kenna mönnunum, sem í embættunum hafa verið, eins og þeirri freistingu, sem eðlilega liggur í þessu ábyrgðarleysi embættisins.

Pólitísku horfurnar, eins og þær eru orðnar hjá þjóð og þingi, ruglingurinn, sem kominn er á stjórnarskrármálið, gjöra það að mínu áliti nauðsynlegt að taka strax það, sem fáanlegt er hjá stjórninni, ekki til þess að láta þar við sitja, heldur til þess að byrja svo á ný baráttu fyrir frekari og fyllri stjórnarskrárbreytingum, byggða á nýjum og brennandi þjóðarvilja. En ef vjer ekki gjörum frumv. þetta svo úr garði nú, að vænta megi, að það verði staðfest, þá verðum vjer að búa við hið núverandi stjórnar-fyrirkomulag, sem allir játa þó að er óhafandi, því að ganga má að því vísu að skiptar verði skoðanirnar meðal þjóðarinnar, þar sem

sum kjördæmi máske vilja, að haldið verði áfram fullkominni endurskoðun, en önnur telja óráð að þingið skyldi nú hafna tilboði stjórnarinnar. Afleiðingin af þessu yrði framhaldandi sund urlyndi hjá þjóðinni og þinginu, og málið nálgaðist ekki, heldur þvert á móti fjarlægðist það takmark, sem vjer viljum ná.

Jeg hefi svo ekki meira að segja, en get þess að endingu, að nafn mitt undir áliti meiri hlutans, er, eins og h. meðnefndarmönnum mínum er kunnugt, svo að skilja, að það er í raun og veru ekki efnið, sem oss skilur á um, heldur miklu fremur formið; jeg vil, eins og hinir, að sjermál vor sjeu skilin úr ríkisráðinu, en ekki halda því atriði fram á þann hátt, að allt málið falli með því ákvæði einu. Frekari grein fyrir atkvæði mínu finn jeg svo ekki ástæðu til að gjöra.

Benidikt Sveinsson: Jeg skal geta þess, að mjer virtist strax í morgun, að sæti frumv. á dagskránni benti h. þingdm. á að hafa umr. sem stytztar; því að það má með sanni segja að ekki þriðjungurinn, ekki fjórði parturinn af umr. um þetta mál við 2. umr. voru málinu viðkomandi. Jeg ætlaði því ekki að taka til máls í dag, því síður sem nefndin í áliti sínu hefir ýtarlega tekið fram röksemdirnar fyrir sinni niðurstöðu. Jeg átti ekki von á þessum umr. nú, — umræðum, sem hafa snúizt um enn fjarstæðari atriði en áður, atriði, sem eru málinu alveg óviðkomandi. Í slíku máli sem þessu er það mjög áríðandi að takmarka sig sem mest, og halda öllu óviðkomandi fyrir utan umræðurnar.

Þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) kvaðst verða var við eins konar hugmyndaþoku hjer í salnum undir umræðum þessa máls. Já, ef hann hefði getað útrýmt henni, hefði það verið gott og jeg skyldi hafa þakkað honum fyrir. En mjer fannst hann einmitt vekja hjer nýja þoku. Hann sagði, að það væri galli á umræðunum að menn blönduðu saman hugmyndum, t. d. setu ráðgjafans í ríkisráðinu og atkvæðagreiðslu hans um málin. Þessi aðgreining er nú að vísu öldungis rjett, að því leyti sem það er annað að sitja, og annað að greiða atkvæði, en til hvers mundi ráðgjafinn eiga setu í ríkisráðinu, ef eigi til þess, að hann greiddi atkvæði um málin? Og hvað á svo þessi skilgreining þm. að þýða, málinu til skýringar? Svo talaði hann um að það væri æskilegt að ráðgjafinn sæti í ríkisráðinu í þeim málum, sem væru takmarkamál milli sjermála vorra og sammála alríkisins. En jeg vil biðja þm. að athuga, að allt, sem leiðir inn á umr. um þessi takmarkamál, leiðir oss inn á óviðkomandi efni. Hjer í þessu frv. er hvorki að ræða um sammál nje takmarkamál, heldur að eins um hrein sjermál.

H. þingm. gerði greinarmun á milli atkvæða ríkisráðsins og ábyrgðar þess einstaka ráðgjafa, sem undirskrifar með konungi, og þetta er að vissu leyti rjett; sá einn, sem undirskrifar með konungi, ber ábyrgðina en hitt er aptur ekki rjett, að undirskript hins einstaka ráðgjafa sje ekki háð atkvæði eða úrslitum ríkisráðsins. Þetta veldur nú að vísu máske ekki h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) neinnar hugmyndaþoku; hann er máske svo skarpur maður og svo góður lagamaður; það skal enginn fúslegar viðurkenna en jeg; en það veldur öðrum hugmyndaþoku, því að mál þetta liggur fyrir utan sjóndeildarhring hávaða hinna háttv. þingdeildarmanna; að leiða slíkt umtalsefni inn í umræðurnar er því bezt lagað til þess, að villa mönnum sjónir.

Það hefir verið talað um, hverjar mundu vera ástæður stjórnarinnar til

að vera svo fastheldin á, að draga sjermál Íslands inn í ríkisráð Dana og halda þeim þar. Þær munu ekki hafa verið neinn ótti við það, að vjer mundum annars verða of nærgöngulir umráðum þeirra yfir sameiginlegum málum, heldur veikindi, sjúkdómur, sem stríðir sífellt á Dani; þessi sjúkdómur er sundurlosnunarskelkur, ótti fyrir, að ríkið muni liðast í sundur og falla í stafi, ef ekki sje allt svínbundið tengslum sam eiginlegra stofnana. Þetta er ríkiseiningin, sem þeir kalla, en er í rauninni rjettareining milli Danmerkur og Íslands, eins konar trygging fyrir því, að vjer getum ekki gert oss sjálfstæð og sjerkennileg lög, sniðin eptir eðli voru, þörfum og rjettarmeðvitund. — Aðal-tilgangur þeirra er að útiloka allt pólitiskt sjálfstæði Íslands. Á blótstall þessa Moloks verður svo að fórnfæra þjóðrjetti Íslands.

Jeg er samdóma h. þm. V. Skaptf. (Guðl. G.) um það, að það hvílir þoka yfir hugmyndum margra þingmanna um hið rjetta samband milli sjálfrar ráðgjafaábyrgðarinnar á aðra hlið og ábyrgðarlaga á hina. Þetta getur verið alveg satt, en það er málinu óviðkomandi, því að hjer ræðir að eins um að slá föstum vissum almennum grundvallarsetningum fyrir ábyrgðinni, en þessar grundvallarsetningar eiga síðan að útfærast í sjerstökum lögum.

Sami h. þingm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) sagði enn fremur, að stjórnin hefði aldrei þorað að bera upp frumvörp um að ráðgjafi Íslands skyldi sitja í ríkisráðinu. Það er gull-satt. En hún hefir lætt því inn, laumað því inn í praxis. Og nú hefir hún haft h. þm. Vestm. (V. G.) til þess, að lauma því inn í þingið, svo enginn tæki eptir því. En hans frumv. er nú, hamingjunni sje lof, dautt — steindautt, og rís aldrei upp aptur að eilífu. Jeg skal því ekki tala eitt orð meira um það; jeg vil ekki leggjast á náinn.

Það, sem hjer er nú einungis um að ræða, er þá blátt áfram það, hvort þingdeildin nú við 3. umr. vilji fella eða samþykkja í heild sinni þetta frv., sem hún hefir nú um all-langan tíma haft til íhugunar.

Jeg hefði að vísu þurft að svara nokkrum orðum h. þm Ísf. (Sk. Th.); en jeg sleppi því þó, því að jeg treysti skynsemi h. þingdeildarmanna til að finna sjálfkrafa fúann í röksemdum ræðu hans. Aðal-ástæður hans voru það, hve veiklynd og sundruð þjóðin væri og hve lítils liðsinnis hún hefði notið í tillögum landshöfðingja.

Já, þegar hann fer nú að byggja á því, að það sje enginn þjóðvilji til, þá þykir mjer nú fyrst kasta tólfunum. — Og þegar hann fer að reiða að höfði þingsins hótunarsvipu stjórnarinnar um staðfestingarsynjun, þá þykir mjer nú vindurinn blása úr kynlegri átt.

Og hvaða stjórn er það svo, sem hann ögrar oss með að muni synja þessu frumv. staðfestingar? Það er sú sama stjórn — stjórnin í ríkisráði konungs— sem hann sjálfur segir, að engan rjett hafi til að fjalla um þetta eða nokkuð annað af vorum sjermálum.

Hefði það verið samflutningsmaður minn, að hinu sáluða frumv., sem við þekkjum báðir, h. þm. Vestm. (V. G.), sem hefði komið með þessi ummæli, þá hefði jeg skilið í því; en að þau skuli koma frá minum h. sessunaut (Sk. Th.), það gengur langt yfir minn skilning — og ekki þó! Því lengi skal manninn reyna!

Jeg býst nú við að þetta sumar verði ef til vill hið síðasta, sem jeg stend hjer á þessum stað, á alþingi Islendinga — og því mun margur verða feginn. Og

því vil jeg nú minna á það, að jeg hef alla tíð frá því fyrst jeg fór að taka þátt í stjórnarbaráttu Íslands og fram til þessa dags, frá fyrsta til síðasta, allt af haldið sömu stefnu í þessu máli, og vil jeg í því tilliti vísa til álitsskjals míns aptan við nefndarálit meiri hlutans í þessu máli, og vona jeg að þeir, sem lesa það með köldu blóði, sjái, að þar er enginn hnútur látinn óleystur til að sannfæra menn um, að jeg hef aldrei breytt skoðun minni. Hafi jeg snúið í ýmsar áttir, austur eða vestur, í því máli, þá hefir það verið eptir atvikum — af því að atvikin hafa breytzt og horft ýmislega við, og það er þá þeim að kenna, en jeg hef aldrei breytt stefnu minni í málinu.

Það er öllum kunnugt. — Ef bjarg verður á leið manns, sem maður getur ekki komizt yfir, og vill ekki smjúga undir, þá er ekki um annað að gera en að hverfa frá — nema maður geti rutt því úr vegi; en geti maður það, þá er líka gatan greið. Þessi danski draumur um ríkiseininguna er sá mosavaxni þröskuldur, sem vjer þurfum að ryðja úr vegi.

Það er verið að vitna hjer til þingmálafundagerðanna. Jeg get grátið fögrum tárum, þegar jeg heyri menn dags daglega vera að kasta hjer ábyrgðinni yfir á þjóðina. Fulltrúarnir eru sífellt að klifa á því, að það sje sundurlyndi þjóðarinnar eða skiptar skoðanir hennar, sem hamli þeim að halda óhikað fram í gamla horfið.

H. þingm. Vestm. (V. G.) og h. þm. Ísf. (Sk. Th.) hafa lagt sterka áherzlu á þetta. Jeg vil taka í tilefni af því, til að beina þeirri áskorun til h. forseta, að hann taki ályktanir þingmálafundanna inn í alþingistíðindin, og láti prenta þær þar. Það er margt plaggið óþarfara í C-deild alþingistíðindanna.

Þá fær þjóðin að sjá, hvernig hún er skilin af fulltrúum sínum hjer á þingi, og þá fær hún færi til að innsigla sannsögli h. þm. Vestm. (V. G.).

Af því jeg, sem sagt, býst við að það í ár verði í síðasta sinn að jeg stend og tala á þessum stað, þá verður mjer ósjálfrátt að líta til baka. Fyrir þjóðfundi Íslendinga 1851 lá hin sama grundvallarspurning, sem liggur fyrir oss hjer í dag 1897. Þá eins og nú var spurningin um það, hvort grundvallarlög Dana væru gildandi á Íslandi eður eigi. En þá viðurkenndi stjórnin beinlínis með aðferð sinni, að hún áliti, að þau væru ekki gildandi hjer. Um það get jeg vísað til rita mjer meiri manns. Alþingi var þá, þegar þessi spurning var fyrst lögð fyrir það, svo að segja í vöggu eins og ómálga barn, að eins 6 ára gamalt. Því, eins og vjer vitum, var það stofnað 1845.

Spurningin var þá og er enn: eigum vjer að samþykkja grundvallarlög Dana? En ef sú spurning er nú í poku fyrir h. þingmönnum, en var ljós fyrir þjóðfulltrúunum 1851, þá vil jeg spyrja: er þetta samboðið 23 ára gömlu löggjafarþingi, sem búið er að ná fulltíða aldri eptir því, sem vjer erum nú í lög að leiða?

Er þetta allur árangurinn af 23 ára þroska vorum og reynslu, síðan þingið fjekk löggjafarvald, að vjer sjeum enn ekki orðnir andlega frjálsari en það, að vjer samþykkjum þetta nú?

Og gætum svo að, hverri aðferð stjórnin beitti þá, og hverri aðferð hún beitir nú. Þegar málið kom til atkvæða á þjóðfundinum, lá hjer danskt herskip á höfninni og vopnuðum dönskum hermönnum með hlaðin skotvopn og hvassa byssustingi var fylkt umhverfis húsið, sem þingið kom saman í, og fram með brautinni, sem þingmenn urðu að ganga upp að húsinu fram hjá felldum byssustingjunum. Og hverju svöruðu fulltrúar

Íslands þá? Þeir svöruðu í einu hljóði þeim orðum, sem seint skulu gleymast: »Vjer mótmælum allir«.

En nú er alþing ekkert reifabarn lengur. Nú er það orðið löggjafarþing og hefir náð fulltíða-aldrinum. Nú beitir stjórnin engu ofbeldi við þingið. Nú blasa ekki við oss byssustingir. Nú horfum vjer ekki inn í hlaup á hlöðnum skotvopnum. Nei, stjórnin beitir ekki neinu ofbeldi nú. Hún laumar bara ofboðslitlu pappírsblaði ofan í vasa þingm. Vestm. (V. G.). Það er allur sá geigur, sem hún gerir oss.

Í stað ófyrirleitins dansks embættismanns þá höfum vjer nú Íslending fyrir æðsta embættismann þessa lands. Hann hefir sagt oss, að það sje rjett af oss að ítreka við stjórnina kröfur vorar, og hann hefir staðið við orð sín, og ekki tekið þau til baka. Hvað höfum vjer svo að óttast? Blessað andlitið á hinum h. þm. Vestm. er hin eina verkandi grýla, sem jeg get komið auga á hjer í salnum.

Alþingi má ekki, hefir ekki leyfi til að taka nokkurt tillit til þess, hvort stjórnin muni samþykkja þetta frumv., eða varna því staðfestingar. Vjer sláum því föstu hjer með lögum, að ráðgjafi Íslands megi ekki eiga sæti í ríkisráðinu. Og vor ályktun hjer í þessu máli hefir bindandi krapt, þar til constitutionelt afl gerir hana ógilda. En enginn ráðgjafi, sem situr í ríkisráði Dana, er löglegt constitutionelt afl gagnvart oss í sjermálum vorum. Synjun eptir tillögum slíks manns er því allsendis ógild og gersamlega þýðingarlaus ex jure constitutionis, það er að segja eptir þeim stjórnskipunarlögum rjett skilduðm og rjettilega framkvæmdum, sem gilda fyrir Ísland.

Valtýr Guðmundsson: Jeg finn ekki ástæðu til að svara ræðu h. þm. N.-Þing. (B. Sv.) neitt frekar, en það var þó eitt atriði í ræðu hans, sem jeg vildi mótmæla. Hann talaði þráfaldlega um, að stjórnin hefði stungið frumv. í vasa minn, en að það frumv., sem jeg bar hjer upp í deildinni, var mitt eigið frv., en ekkert stjórnarfrumv., og lýsi jeg h. þm. óheimildarmann að þeim orðum, að stjórnin hafi lætt frumv. í vasa minn. (*B. Sveinsson:* Jeg hjelt að það væri commune bonum).

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg skal ekki blanda mjer í deiluna um það, hvor þeirra eigi meira í því frv., sem kom hjer fram, h. þm. N.-Þing. (B.Sv.) eða h. þm. Vestm. (V. G.). Jeg sje, að það er að eins lítill ágreiningur milli h. þm. N.-Þing. (B. Sv.) og mín á þeim tveim atriðum, er jeg einkum tók fram. Hann tók fram, að spurningin um ábyrgð án ábyrgðarlaga heyrði ekki hjer til, en jeg tók fram, að jeg áliti nauðsynlegt, að menn gjörðu sjer ljósa hugmynd um afstöðu ráðgjafans gagnvart sjermálum Íslands, og ábyrgð án ábyrgðarlaga. Og af því að orð h. þm. N.-Múl. (E. J.) einkum gáfu mjer tilefni til að álíta, að hjer væru menn í nokkrum vafa eða þoku, þá vildi jeg gera mitt til að skýra þessi atriði. H. þm. N.-Þing. (B. Sv.) sagði, að undirskript ráðgjafans mundi ávallt verða háð samþykki meiri hluta ríkisráðsins; jeg tók fram, að þetta gæti komið fyrir, þegar konungur neitaði að undirskrifa, en frá lagalegu sjónarmiði þarf það alls ekki að vera. Það væri vel hugsanlegt, eins og jeg tók fram áður, að ráðgjafinn, þótt hann væri í minni hluta, gæti fengið konung til að skrifa undir, eptir sinni vild, móti vilja hinna, og nefndi jeg t. d. fyrv. Íslandsráðgjafa, sem vitanlega naut sjerstaklega trausts og hylli konungs. Okkur ber það á milli, að jeg vil ekki gjöra þetta að sjerstöku löggjafaratriði, eða rjettara álít það ekki heppilegt, að skjóta þann-

ig loku fyrir að frumv. verði samþykkt. Jeg tók það einnig fram, við fyrri umr. í þessu máli, að jeg áliti allt eins heppilega vegi, að setja þessa rjettarkröfu fram í ávarpsformi.

Jeg er samþykkur h. þm. (B. Sv.) um að það væri heppilegt, að taka þingmálafundargjörðir viðvíkjandi stjórnarskrármálinu upp í alþingistíðindin.

Hann tók það fram, að hjer væri farið í þá átt, að eins að viðurkenna gildi grundvallarlaganna hjer á landi, en jeg get ekki sjeð, að hjer liggi fyrir nein tillaga eða neitt ákvæði, sem miði í þá átt, að viðurkenna það, að grundvallarlögin dönsku gildi hjer á landi, þvert á móti. H. sami þm. gaf einnig í skyn, að þetta mundi að líkindum verða í síðasta sinni, sem hann ætti sæti hjer, en jeg hygg, að sú ímyndun hans sje ekki á rökum byggð. En hvort sem svo væri eða ekki, þá skal jeg taka fram, að jeg er ekki í þeim flokki, sem mundu gleðjast af því, eða óska þess.

Framsögumaður (*Klemens Jónsson*): Jeg get ekki fundið, að jeg hafi ástæðu til að tala langt í þessu máli, núna við 3. umr., þar sem engar breytingartill. hafa komið fram, og búið er áður að ræða málið mjög ýtarlega.

Það hefir ekki komið það fram hjá þeim ræðumönnum, sem nú hafa talað, að jeg finni sjerstaka ástæðu til að mótmæla. Jeg vil reyndar ekki segja, að ekki hafi verið tekið ýmislegt fram, sem jeg ekki get verið samdóma, en það hefir þá einkum snert atriði, sem jeg á þessu stigi ekki finn ástæðu til að lengja umræður um. Jeg hefi áður tekið það fram, að nefndin vildi að þessu sinni fara þá leið, sem líkleg væri til samkomulags, en þegar jeg fyrir hönd meiri hlutans lýsi yfir þeirri ósk minni, að frumv. fái góðan byr út úr deildinni, þá er það í allt annari von, en h. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) tók fram. Hann vildi vona það, að h. efri deild gjörði þær breytingar á þessu frumv., að það yrðu feld úr ákvæðin í 1. gr. um ríkisráðssetuna, en jeg hefi þá von, að h. efri deild samþykki frumv. alveg óbreytt. Og jeg skal, hvað mig snertir, taka það fram, að verði 1. gr. felld burtu, þá verður frumv. svo óaðgengilegt, að fyrir mig gildir þá ekki lengur sú samkomulagsleið, sem hjer hefir verið fylgt. Jeg skal enn taka það fram, að annaðhvort vil jeg að frumv. sje samþykkt óbreytt, eða það falli niður.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþykkt með 19 samhlj. atkv. og afgreitt til efri deildar.

Frumv. til fjárlaga fyrir árin 1898 og 1899 (C. bls. 1, 289, 306, 310, 319, 322, 328, 329, 337, 340, 341, 342, 348 — atkv.skrá.); 2. umr.

I. Tekjukafli.

Framsögumaður (*Jón Jónsson*, 2. þm. Eyf.): Við þennan kafla hafa ekki komið fram neinar breyt.till., nema þær, sem nefndin leyfði sjer að gera, og gerði jeg við framh. 1. umr. grein fyrir ástæðum þeim, sem vöktu fyrir nefndinni, er hún gerði þessar breyt.-till. Jeg álít því óþarft að þessu sinni að fara frekari orðum um þær í heild sinni, en skal aptur á móti leyfa mjer að fara nokkrum orðum um hvern einstakan lið.

Viðvíkjandi 1. breyt.till. við 2. grein 1. b. um lausafjárskatt álít jeg að nægi að vísa til álits nefndarinnar, þar sem hún áleit það líklegt að hann mundi lækka sökum ills árferðis. Eins og menn vita, þá hefir sauðfje fækkað að mun á þessu vori, og þegar svo þar við bætist, að illa lítur út með grasvöxt, þá er mjög hætt við að það fækki enn talsvert næsta ár. Sömu-

leiðis eru litlar líkur til að verðlagsskrár hækki á næsta fjárhagstímabili, þar sem nú eru þau höpt lögð á útflutning sauðfjár, að það lækkar mjög gangverð þess innanlands, en það hefir auðvitað lækkandi áhrif á verðlagsskrána.

2. breyt.till. er við 2. gr. 6, þar sem farið er fram á að áætla vitagjaldið nokkuð hærra en gert er ráð fyrir í frumv., sem sje 17,000 kr. Þessi tekjuliður var um fjárhagstímabilið 1894—1895 17,539 kr. og síðastliðið ár nær 9,000 kr. Ef miðað hefði verið við þessar tölur, hefði mátt áætla hann nær 18,000 kr., en nefndin vildi þó ekki fara hærra en þetta, því eins og jeg tók fram við 1. umr., þá vildi nefndin alstaðar fara varlega og vera nokkurn veginn viss um að tekjurnar yrðu ekki minni en áætlaðar væru.

3. breyt.till. er við 2. gr. 8. Þar hefir nefndin áætlað útflutningsgjald á fiski og lýsi hærra en gert er í frumv., nefnilega 45,000 kr. á ári í stað 40,000 kr. Auðvitað er það að þessi tekjuliður er nokkuð óstöðugur, en reynsla undanfarandi ára virðist benda á, að óhætt muni að áætla þetta. Á fjárhagstímabilinu 1894—95 nam þessi tekjuliður 99,572 kr. og voru þó þau ár eða að minnsta kosti árið 1895 naumast meðalár, og síðastliðið ár yfir 50,000 kr. Þegar reynslan hefir nú verið þessi í meðalárum, og þegar þess er gætt, að þilskipaútvegurinn fer sífellt vaxandi, þá er það sennilegt að ekki sje of mikið í lagt, þótt hann næsta fjárhagstímabil sje áætlaður 90,000 kr.

4. breyt.till. við 2. gr. 9 fer fram á að aðflutningsgjald af áfengum drykkjum sje áætlað hærra en gert er í frv., nefnilega, að í stað 240,000 kr. komi: 250,000 kr. Þessi tekjuliður fer stöðugt hækkandi en alls ekki lækkandi. Árin 1894—95 var þessi liður 14,000 kr. hærri en hann er nú áætlaður, og síðastliðið ár mun hann hafa verið 148,000 kr. og virðist engin sennileg ástæða til að ætla, að hann muni nú lækka svo mjög, að ekki sje óhætt að fylgja breyt.-till. nefndarinnar.

Nokkuð sama máli er að gegna um næstu breyt.till. við 2. gr. 10, um hækkun á aðflutningsgjaldi á tóbaki. Nefndin leggur til að þessi liður sje hækkaður um 5,000 kr. á ári, svo að hann verði 150,000 kr. á fjárhagstímabilinu. Reyndar náði hann ekki alveg þeirri upphæð árin 1894—95, en síðastliðið ár varð hann aptur mikið hærri sem sje 77,125 kr. Þessi liður hefir og að undanförnu verið og er í eðli sínu næsta stöðugur og ekki undirorpinn neinum verulegum breytingum.

Þá kem jeg að næstu breyt.till. við 2. gr. 11 um hækkun á aðflutningsgjaldi á kaffi og sykri, 5,000 kr. hvort árið. Það er um þennan lið að segja, að hann fer ávallt vaxandi; einkum hefir hann tekið stór skref síðustu árin. Árið 1894—95 var hann meira en 312,000 kr., en síðastliðið ár mun hann hafa verið nálægt 177,000 kr. Og þar sem nú bæði kaffi og sykur er sem stendur í sjerlega lágu verði, þá er líklegt að þessi tekjuliður einmitt hækki að mun. Það kann nú sumum að virðast, að nefndin hafi ekki farið nógu langt í að hækka þennan lið, en jeg skal geta þess að fyrir nefndinni lágu þá ekki ýmsar þær upplýsingar, er jeg síðan hef haft færi á að kynna mjer, og gæti ef til vill verið ástæða til að hækka hann töluvert meira en nefndin hefir lagt til.

Þá kemur næst breyt.till. við 2. gr. 12, um hækkun á tekjum af póstferðum. Jeg skal geta þess, að ef miðað er við fjárhagstímabilið 1894—95, þá

hafa tekjur af þessum lið verið hjer um bil hnífjafnar við það, sem nú er áætlað, en 1896 hefir þessi liður hækkað hjer um bil um 1/5. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að óhugsandi væri að þessi tekjuliður gæti lækkað, heldur lægi það í hlutarins eðli að hann færi heldur vaxandi, þar sem póstferðir á sjó og landi eru allt af að fjölga, og landsmenn venjast æ meir og meir við að nota þær.

Þá er eptir síðasta breyt.till. nefndarinnar við 2. gr. 13 um hækkun á óvissum tekjum. Um mörg undanfarin ár hafa þessar tekjur aldrei farið niður úr því, sem nefndin nú áætlar, sem sje 5,000 kr., en auðvitað hefir opt oltið á ýmsu. Hæstar hafa þær orðið 1884—85, 19,000 kr.; 10 árum síðar voru þær 13,800 kr.; lægstar urðu þær árið 1892—93 5,700 kr. Síðastliðið ár voru þær 4,485 kr. Það virðist því hættulaust að áætla þessa hækkun. Jeg hef nú í stuttu máli gert grein fyrir breyt.till. nefndarinnar og sje því ekki ástæðu til að fjölyrða frekara um þær, allra sízt þar sem enginn þm. hefir komið fram með breyt.till. við þennan kafla.

ATKVÆÐAGR.: 2. tl. á atkv.skrá samþ. í einu hlj.

3. tl. á atkv.skrá samþ. með 20 samhlj. atkv.

4. tl. á atkv.skrá samþ. með 20 samhlj. atkv.

5. tl. á atkv.skrá samþ. með 19 samhlj. atkv.

6. tl. á atkv.skrá samþ. með 20 samhlj. atkv.

7. tl. á atkv.skrá samþ. með 18 samhlj. atkv.

8. tl. á atkv.skrá samþ. með 18 samhlj. atkv.

9. tl. á atkv.skrá. samþ. með 18 samhlj. atkv.

2. gr. frumv. með áorðnum breyt. samþ. með 21. samhlj. atkv.

3. gr. frumv. óbreytt samþ. með 21 samhlj. atkv.

4. gr. frumv. óbreytt samþ. í einu hljóði.

5. gr. frumv. óbreytt samþ. í einu hljóði.

6. gr. frumv. óbreytt samþ. í einu hljóði.

1. gr. frumv. með áorðnum breyt. samþ. í einu hljóði.

II. Gjaldakafli.

(Atkv.skrá bls. 348,+br.till. bls. 358).

Framsögumaður (*Jón Jónsson*, þm. Eyf.): Þegar byrjað er að ræða um útgjaldakafla fjárlaganna, þá er æskilegt að fá sem glöggvast yfirlit yfir hann, bæði allan í heild sinni og hina einstöku liði hans. Það er enn meira vert, að vita, hvernig hagað er hinum einstöku liðum gjaldamegin en tekjumegin, því að hvort sem tekjurnar eru taldar hærri eða lægri, þá verða þær í reyndinni hinar sömu fyrir það. En útgjöldin eru þannig löguð, að flest það er notað, sem veitt er. Það er stuttur tími, síðan breyt.till. komu fram; en þó hef jeg eptir föngum reynt að átta mig á því, hvaða áhrif þær mundu hafa á útgjaldaupphæðina, ef þær væru samþykktar allar. Nefndin hefir lagt það til að útgjöldin yrðu hækkuð um 56000 kr., og aðrir h. þm. hafa borið fram breyt till., er fara fram á að auka útgjöldin um 70000 kr. eða samtals 126000 kr. Nú hefir nefndin lagt til, að tekjurnar væru hækkaðar um 42000 kr.; en eigi að síður mundi tekjuhallinn alls með 113000 kr. tekjuhalla þeim, sem ráðgjörður var á stjórnarfrumv., verða allt að 200000 kr., ef allar breyt.till. yrðu samþ.

Jeg vildi vekja athygli á þessu, áður en lagt væri út í útgjaldakaflann, því

að hver sá, sem stendur stuggur af mjög miklum tekjuhalla, þarf að hafa þetta fyrir augum, þegar til atkvæða er gengið. Allir h. deildarmenn, nema h. þm. N.-Þing. (B. Sv.), hafa komið fram með breyt.till., er stefna í þá átt að hækka útgjöldin, og sumir svo að miklu nemur. Jeg verð því að ætla, að það sje yfir höfuð skoðun h. þingd., að það sje ekki svo voðalegt, þótt nokkur tekjuhalli komi fram, og sje að því leyti sammála fjárlaganefndinni. En töluvert athugavert er það þó, ef tekjuhalli þessi verður feyki-mikill. Af þeim kafla fjárlaganna, sem nú er til umr., hafa breyt.till. að eins komið fram við 10. gr., en þær breytingar nema líka talsvert miklu. Nefndin leggur það til, að útgjöldin undir staflið C. sjeu hækkuð um 24000 kr. og aðrir h. þm. vilja hækka þau um 17500 kr. Þessi hækkun nemur þá alls fram undir 42000 kr., og er hjer um bil jafnmikil og upphæð sú, sem þar var í stjórnarfrumv., eða með öðrum orðum, það er stungið upp á að tvöfalda þessi útgjöld. Eins og menn vita, eru undir þessum staflið þau útgjöld, er snerta tvo aðalatvinnuvegi landsins, landbúnaðinn og sjávarútveginn, og það lítur út fyrir að bæði nefndin og aðrir h. þm. sjeu sammála um, að þennan gjaldalið beri að hækka að miklum mun. Af þessum rúmum 40000 kr. heyra 22000 kr. til landbúnaðinum og 18500 kr. sjávarútveginum; af þessu má sjá hlutfallið milli fjárveitinganna til eflingar þessum tveim atvinnuvegum.

Jeg skal eigi fara fleiri orðum um málið frá almennu sjónarmiði, en snúa mjer að breyt.till. og taka þær fyrir í þeirri röð, sem þær eru á atkv.skránni, því að þannig eru þær aðgengilegastar.

Það, sem jeg þá fyrst vildi vekja athygli á, er athugasemd sú, sem í nefndarálitinu er við 10. gr. B. 3. c. Nefndin hefir að vísu ekki komið með breyt.till., en henni þótti vert að vekja athygli á því, að henni virðist upphæð sú, sem ætluð er til viðgjörðar fangahússins á Eskifirði, vera óskiljanlega há. Þó gat nefndin ekki dæmt hjer um með vissu, því þótt áætlunin lægi fyrir, þá var hún svo óglögg, að eigi var gott að átta sig á henni. Nefndin hefir sem sagt ekki komið hjer fram með beina breyt.till., því að hún treystir því að eigi muni verða eytt meiru til viðgjörðarinnar, en full þörf krefur.

Þá kemur fyrsta breyt.till. nefndarinnar við 10. gr. B. 4. i. Nefndin leggur það til, að sá staflður falli niður; en þar er farið fram á, að veittar sjeu 1000 kr. til að útvega eldtrausta járnskápa til amtmannsembættisins fyrir norðan og austan og til allra sýslumannsembætta í þeim ömtum. Meiri hluti nefndarinnar vildi ekki mæla með þessari fjárveitingu, af því að allir aðrir opinberir starfsmenn, sem gjaldheimtur hafa á hendi, mundu fara fram á að fá samskonar hirzlur, til þess að geyma í peninga og verðmæt skjöl, en til þess mundi ganga allmikið fje. Þetta er sjónarmið meiri hluta nefndarinnar. Nú hefir h. þm. Vestm. (V. G.) komið með breyt.till., sem auðsjáanlega miðar til þess, að allir opinberir sýslumenn, sem gjaldheimtur hafa fyrir hið opinbera, fái slíkar hirzlur, og í því skyni vill hann að upphæðin sje hækkuð upp í 3000 kr. Þessi tillaga er að því leyti betri, að þar er öllum gjört jafnt undir höfði; en ástæður nefndarinnar ná engu síður til þessarar tillögu en til tillögu stjórnarinnar, og því leggur nefndin til að hún sje einnig felld. Sama er að segja um till. h. þm. Mýr. (H. D.), um að veittar sjeu 100 kr. til þess að útvega eldtraustan járnskáp handa sýslu-

mannsembættinu í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu. Þeir, sem eru á móti því, að veittar sjeu 1000 kr. til að útvega járnskápa handa Norður og Austuramtinu, og 3000 kr. til þess að útvega þá handa öllu landinu, þeir munu einnig hljóta að verða á móti þessari tillögu; auk þessa kemur hún óþægilega við að forminu, ekki sízt ef stafl. i í 10. gr. B. 4. fjelli burt, eins og nefndin fer fram á.

Nefndin hefir getið þess í áliti sínu, að henni virðist kostnaður til pappírs og prentunar Stjórnartíðindanna furðu hár; þetta leyfi jeg mjer að taka líka fram hjer, ef ske kynni að fullnægjandi upplýsingar fengjust um það, hvernig á þessu stendur.

Þá er hjer komin breyt.till. frá h. þm. V.-Skapt. (Guðl. G.) við 10. gr. C. 3., að í staðinn fyrir brunabótagjald komi brunabóta- og sótaragjald. Jeg gjöri ráð fyrir því, að h. þm. (Guðl. G.) skýri það, hvers vegna hann hefir komið með þessa breyt.till., en skal geta þess, að nefndin fyrir sitt leyti fellst á hana.

Þegar kemur 4. tölul. í 10. gr. C, eða að styrknum til eflingar búnaði, þá fara breytingarnar að verða fleiri og þjettari. Þar verður fyrst fyrir breyt.till. frá h. þm. V.-Skapt. (Guðl. G.) um að hækka styrkinn til Hvanneyrarskólans úr 2000 kr. upp í 3000 kr. eða til vara upp í 2500 kr. Í frumv. stendur að þessi skóli eigi að fá 2000 kr. eins og búnaðarskólinn á Eiðum. Þar sem ekki liggja fyrir neinar breyt.till. um hina búnaðarskólana, þá hefir nefndin að svo stöddu ekki fundið ástæðu til að ganga að breyt.till. Þó er þetta ekki af því, að hún sje fullsannfærð um, að hlutfallið milli fjárveitingarinnar til skólanna sje rjett; hún hefir enn ekki getað yfirvegað málið nægilega, meðal annars af því, að enn er engin skýrsla komin frá einum búnaðarskólanum, Hólaskóla. Jeg skal um leið taka það fram, að nefndin verður að telja það mjög leitt að stofnanir, sem njóta opinbers styrks, skuli eigi senda skýrslur og málaleitanir í tíma. Það gæti verið álitamál, hvort ekki væri rjettast að svipta slíkar stofnanir öllum opinberum styrk.

Þá kemur að 10. gr. C. 4. b. Nefndin hefir lagt til, að sá tölul. væri hækkaður úr 15000 kr. upp í 18000 kr., en h. þm. Rangv. (Sighv. Á. og Þórður G.) vilja hækka hann upp í 20000 kr. Nefndin vill að svo stöddu, að menn láti sjer nægja með hækkun hennar; henni finnst nokkuð djúpt tekið í árinni, að hækka þennan styrk nú í einu um fjórða part. Aðaltilgangurinn með styrk þessum til búnaðarfjelaganna er að stofna búnaðarfjelög og ganga í þau, og til þess heldur hún að sín upphæð nægi.

Við 10. gr. C. 4. c. hefir nefndin gjört þá athugasemd, að verði allsherjarbúnaðarfjelag fyrir landið stofnað, þá skuli styrkur sá, sem ætlaður er búnaðarfjelagi Suðuramtsins, falla til þessa allsherjarfjelags síðara árið.

Eins og alkunnugt er, þá eru allmiklar hreyfingar í þá átt, að koma upp einu búnaðarfjelagi fyrir allt landið. Ef það verður ofan á, má telja sjálfsagt, að búnaðarfjelag Suðuramtsins gangi upp í þetta fjelag og verði ekki lengur til sem sjálfstætt fjelag. Auk þessa hefir nefndin lagt það til, að nýr töluliður bætist aptan við 10. gr. C. 4. c., þannig hljóðandi, að til búnaðarfjelags landsins sjeu síðara árið veittar 4000 kr. Nefndin hafði í höndum beiðni frá stjórnarnefnd búnaðarfjelags Suðuramtsins um 10000 kr. styrkveitingu handa allsherjarbúnaðarfjelagi landsins, en hún leit svo á, að þótt það yrði komið á stofn síðara árið, þá gæti það ekki verið tekið til starfa með þeim krapti, að ástæða væri til að veita því hærri styrk að þessu sinni, en 4000 kr. Ef nefndin hefði búizt við að fjelagið mundi kom-

ast á stofn fyrra árið, og það yrði farið að starfa með fullum krapti síðara árið, þá er allliklegt að hún hefði lagt til að því væri veittar 10000 kr., eða öllu heldur töluvert hærri upphæð til umráða. Af þessum ástæðum, sem hjer eru teknar fram, verður nefndin að vera á móti breyt.till. h. þm. V.-Skapt. (Guðl. G.) um að hækka 4000 kr. upp í 10000 kr. Næst kemur að breyt.till. frá 1. h. þm. K.-G. (Þ. Th.) við 10. gr., 6. d. 1., um að laun vitamannsins við vitann á Skagatá sjeu hækkuð úr 400 kr. upp í 500 kr. Hinn sami h. þm. (Þ. Th.) hefir og lagt til, að veittar sjeu allt að 2000 kr. til að byggja fyrir hús handa ofannefndum vitamanni. Þessar tillögur munu vera komnar fram fyrir bendingar og áskorun umsjónarmanns vitanna við Faxaflóa; mun hann hafa talið það nauðsynlegt, bæði að launin sjeu hækkuð og húsið byggt; jeg veit að hann fór meira að segja ekki fram á minna en 3000 kr. til húsbyggingarinnar. Nefndin er að svo stöddu á móti þessari fjárveitingu, og það vill hún láta tekið fram, að sje önnur upphæðin veitt, þá álíti hún minni þörf á að hin sje veitt. Verði tillagan um launahækkunina samþ., þá er jeg sannfærður um, að meiri hluti nefndarinnar verður mótfallinn síðari veitingunni.

Við 10. gr. C. 6. e. hefir nefndin komið með þá breyt.till., að laun vitavarðarins við vitann við Gróttu sjeu sett 300 kr., en ekki 400 kr. eins og stjórnarfrv. fer fram á. Nefndin þykist hafa aflað sjer kunnugleika um það, að ef 400 kr. eru nægilegar handa vitamanninum á Skagatá, þá muni mega fá vitamann við vitann við Gróttu fyrir 100 kr. minna; þar er þeim mun betra aðstöðu að gæta vitans en á Skagatá. Þá er enn ein breyt.till. frá h. 1. þm. K.-G. (Þ. Th.), er einnig mun vera komin fram eptir áskorun frá vitaumsjónarmanninum; hún fer fram á það, að veittar sjeu 400 kr. til þess að byggja steinskúr fram af inngangi vitans við Gróttu. Umsjónarmaðurinn hefir skýrt svo frá, að dyrnar á vitanum viti gegn norðri, og að svo muni geta farið, að þær frjósi þannig aptur, að þær verði ekki opnaðar; því sje nauðsynlegt að setja skúr fram af sjálfum vitadyrunum með dyrum, er eigi horfi í norður. Einnig kvað hann skúrinn nauðsynlegan til þess, að vitamaðurinn gæti haft þar rúm til að sofa og hvíla sig í, þegar hann þyrfti að dvelja í vitanum.

Nefndin er enn eigi búin að kynna sjer þetta mál svo til hlítar, að hún geti nú fallizt á breyt.till., en hún hefir ásett sjer að kynna sjer með eigin sjón, hvernig þar hagar til.

Þá kemur breyt.till. frá h. þm. V.-Skapt. (Guðl. G.) um að veittar sjeu 600 kr. til að rannsaka hafnarstæði og lendingar við suðausturströnd landsins. Álíka upphæð mun hafa verið veitt á síðustu fjárlögum, en ekki notuð þá. Nú vill h. þm. (Guðl. G.) að sama upphæð sje enn til taks, sjálfsagt í því trausti að hún muni verða notuð á næsta fjárhagstímabili. Jeg get lýst því yfir, að meiri hluti nefndarinnar mun fallast á þessa breyt.till.

Þá kemur tillaga nefndarinnar um að styrkur sje veittur til vörðuvitans á Gerðatanga. Hlutaðeigandi sveitarstjórn hefir sótt um styrk til aðgerðar, viðhalds og umsjónar á vita þessum. Nefndin hefir fallizt á að veita styrk þennan, en þó nokkru minni, en um var beðið.

Enn leggur nefndin það til, að veittar sjeu allt að 10000 kr. útgerðamannafjelaginu við Faxaflóa til að gera skipakví; þó skuli eigi veitt meira en helmingur alls kostnaðarins. Menn þeir, sem skyn bera á, hafa látið það í ljósi, að hjer sje um nauðsynjafyrirtæki

að ræða, en jafnframt svo kostnaðarsamt, að hæpið sje að fá það framkvæmt án styrks af almannafje; því miður er þó ekki til nein nákvæm kostnaðaráætlun. Eigi að síður þótti nefndinni rjett að styrkja fyrirtæki þetta, ef út í það væri lagt. Hún taldi það töluverða trygging fyrir að landsfje yrði þar ekki hugsunarlaust á glæ kastað, þar sem einstakir menn hljóta að leggja fram svo mikið fje á móti landssjóðsstyrknum. Þá hefir h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) o. fl. lagt það til, að aptan við töluliðinn bætist svo látandi athugasemd: »Fje þetta veitist með því skilyrði, að landshöfðingi samþykki reglugjörð og gjaldaskrá fyrir notkun skipakvíarinnar«. Þessa viðaukatill. hefir nefndin í heild sinni ekki tekið til meðferðar, en jeg hygg að jeg megi fullyrða, að hún muni fallast á hana, því að hún virðist skynsamleg og miðar til þess að einstakir menn geti ekki okrað á skipakvínni, eða bægt mönnum frá að nota hana. Síðasta breyt.till. við 10. gr. er breyt.till. nefndarinnar um að hinu Eyfirzka ábyrgarfjelagi sjeu veittar 5000 kr. Þetta fjelag er orðið gamalt, og hefir ekki notið styrks úr landssjóði, en unnið afarmikið gagn.

Nú hefir þingið að undanförnu verið ljúft á að veita ábyrgðarfjelögum þeim, sem komið hafa á fót á síðari árum, töluverðan styrk. Ábyrgðarfjelag Eyfirðinga lítur svo á, að það hafi einnig sanngirnisrjett til styrks úr landssjóði. Þó hygg jeg að það mundi ekki hafa komið fram með neina styrkbeiðni, ef það hefði ekki orðið fyrir stórtjóni síðasta vor, þar sem 3 af skipum þess fórust með öllu, og nokkur skip urðu þar að auki fyrir skemmdum Fjárhagur fjelagsins er sökum þessa allkrappur nú, þótt það fyrir dugnað forstöðumannanna muni varla falla um koll fyrir þetta áfelli. Það var farið fram á meiri fjárstyrk en fjárlaganefndin hefir sjeð sjer fært að leggja með; en þó tel jeg víst að hlutaðeigendum muni þykja allgóð úrlausn veitt með þessum 5000 kr. Að endingu skal jeg geta þess, að nýkomið er til fjárlaganefndarinnar erindi frá vitaverðinum á Reykjanesi, þar sem hann fer þess á leit að keyptar sjeu af sjer jarðabætur þær, sem hann hefir gjört. Búfræðingur hefir virt jarðabætur þessar á 1386 kr., en vitavörðurinn fer fram á, að sjer sjeu borgaðar þær með 1000 kr. Bent er á að þessar jarðabætur, sem eru fólgnar í því, að vitavörðurinn hefir girt og að miklu leyti ræktað upp túnbletti, sjeu til svo mikils hagnaðar, að hægt muni að fá vitavörð síðar fyrir lægri laun. Nefndinni virðist þetta á góðum rökum byggt, en álítur ekki tíma til kominn að kaupa jarðabæturnar nú þegar; en telur það rjett, að hinn núverandi vitavörður fái hæfilega borgun fyrir jarðabótastörf sín, þegar hann sleppir vitavarðarsýslan sinni og nýr vitavörður tekur við.

Landshöfðingi: Jeg ætla að minnast fyrst á athugasemdina í nefndarálitinu út af 10. gr. B. 3. c. Nefndinni finnst upphæð sú, er ætluð er til aðgjörðar fangahúsinu á Eskifirði, vera of há. Sú athugasemd mun verða tekin til greina og áætlunin borin undir skynberandi menn, sem vit hafa á. Og opt hefir það reynzt áður, að áætlanir smiða út um land hafa þótt of háar, eptir því sem iðnaðarmenn hjer í Reykjavík leysa þess háttar verk af hendi, og hafi aðgjörðirnar verið faldar smið hjer, hafa þær stundum orðið ódýrari en smiðir á staðnum höfðu áætlað. Eins kynni að fara hjer.

Viðvíkjandi prentkostnaðinum á Stjórnartíðindunum, 43 kr. fyrir örkina af B- og C-deildinni, þá skal jeg geta þess,

að hann er þannig tilkominn, að það var fjárlaganefndin 1885, sem breytti þessum staflið og tiltók þessa borgun; líklega hefir það verið gert eptir samráði við prentsmiðjuna. En síðan hefir þessi upphæð allt af staðið óhögguð. Fáist prentunin ódýrari nú, mun það sjálfsagt verða reynt og farið fram á niðursetning á verðinu.

H. framsögum. hefir rakið svo ýtarlega allar breyt.till., svo jeg skal að eins minnast á einstakar þeirra.

Viðvíkjandi þeirri breyt.till. nefndarinnar, er fer fram á að fella stafliðinn (10. gr. B. 4. i) um að útvega járnskápa handa amtmanns- og sýslumannsembættunum í Norður- og Austuramtinu burtu, skal jeg geta þess, að meining stjórnarinnar var að öll ömtin ættu að fá hið sama, en hún vildi fara hægt, taka það í smáköflum; hin ömtin áttu að koma á eptir.

Jeg sje að nefndinni geðjast ekki að þessu og ber hún einkanlega fyrir sig, að þetta verði tilfinnanleg útgjöld fyrir landssjóð. Já, það er að vísu satt, en sama má segja um tölulið 24. og 34.; það verða líka mikil útgjöld fyrir landssjóð. En það tjáir ekki að horfa í kostnaðinn, ef um eitthvað nauðsynlegt er að ræða. Og járnskáparnir eru nauðsynlegir, því sýslumenn eru innheimtumenn landssjóðs, og hjá þeim liggur opt mikið fje. Ef nú t. d. brynni hjá einhverjum sýslumanni og hann gæti sannað að peningarnir hefðu verið geymdir hjá sjer á forsvaranlegan hátt, þá yrði tjónið landssjóðs; og þau útgjöldin mundu verða tilfinnanlegri fyrir landssjóð, en sá kostnaður, sem hjer um ræðir.

Það væri því hyggilegra fyrir h. þingd. að samþykkja þetta, einkum þegar þess er gætt, að ósk í þessa átt hefir komið fram hjer á þinginu áður frá reikningslaganefndinni.

Af hinum nýju liðum, sem stungið hefir verið upp á, skal jeg leyfa mjer að leggja mjög með 29. tölulið, að veittar verði allt að 2000 kr. til að byggja íbúðarhús handa vitaverðinum á Skagatá. Af ókunnugleik vitastjórnarinnar hefir ekki verið gert ráð fyrir neinu íbúðarhúsi, þegar teikningarnar voru gerðar, heldur að eins verið ætlað að byggður væri klefi, þar sem vitavörðurinn gæti fleygt sjer niður í. En eptir því sem þar hagar til, er alveg nauðsynlegt, að vörðurinn búi þar og verður hann því að hafa íbúðarhús. Ekki er hægt að banna þeim manni, frekar en öðrum, að gipta sig, og þá heldur ekki að eiga börn, en einhversstaðar verður fjölskylda hans að vera. Ef að eins mætti nota einhleypan mann til þess starfa, mundi ekki ætíð vera auðvelt að tryggja sjer þann hæfasta.

Nú stendur svo á, að þar má fá mann sjerstaklega hæfan til varðar; hann er æfður og vel kunnugur þeim starfa, hefir áður verið við vitann á Reykjanesi. En þar eð hann er giptur, getur hann ekki tekið þetta að sjer, nema því að eins, að byggt verði íbúðarhús handa honum.

Nú mætti segja, að hann gæti fengið húsnæði á einhverjum af næstu bæjunum; en þegar þess er gætt, að laun hans eru að eins 400 kr., þá verður nú ekki miklu varið til húsaleigu. — Þar að auki er næsti bær of langt burtu, að mig minnir um 200 faðma, og er það of mikil fjarlægð og ísjárvert, einkum að vetri. Það er líka sjerstaklega vandfarið með vitann, þar sem þetta er »lynfyr«; linsur og prisma eru svo viðkvæm og geta auðveldlega skemmzt; það þarf að viðhafa sjerstaka varfærni, t. d. þegar glerin eru hreinsuð; hver lítil ójafna á tuskunni eða skinndulunni getur gert það að verkum, að rifa kemur í glerið og vitinn þá skemmzt.

Mjer finnst því æskilegt að þingið vildi veita þessa fjárupphæð.

Viðvíkjandi 28. tölulið skal jeg geta þess, að jeg óskaði helzt að hann gengi líka fram; en ef ekki er hægt að fá báða, — eptir því sem mjer heyrðist á h. framsögum., — þá vil jeg heldur að þessi 29. liður gangi fram. En sjálf ur legg jeg eindregið með að báðir liðirnir verði samþykktir.

30. tölulíður legg jeg til að fái ekki framgang, þar sem farið er fram á, að færa laun vitavarðarins á Gróttu niður í 300 kr. í staðinn fyrir 400. Þegar jeg heyrði því hvíslað meðal þingmanna, að þessi fjárlaganefnd væri sú örlátasta, sem vjer hefðum haft, þóttist jeg þess viss, að hún mundi ekki vilja klípa af smáfjárveitingum; en þegar jeg sá breytingartill. nefndarinnar viðvíkjandi þessu atriði, komst jeg á aðra skoðun. En ef svo er, að hún sje rík á þúsundunum, hví er hún þá svo ósíf á þessu eina hundraði?

Sjóliðsstjórnin áskildi sjer, að umsjón og allt viðhald á vitunum yrði gott, úr því ríkisþingið hefði veitt fje til þessa fyrirtækis, því að án þess væri engin trygging fyrir því, að fjeð kæmi að fullum notum. Hún áskildi að stjórnin útvegaði nægt fje til að tryggja góða þjónustu og gott eptirlit með vitanum. Íslenzka stjórnarráðið gat ekki ábyrgzt, að allt það fje fengist úr landssjóði, en lofaði að fara þess á leit við þingið og hafði góðar vonir um að það fengist, úr því danska stjórnin var svo rífleg, að senda skip hingað upp og kosta það að öllu leyti.

Þessi afklíping lítur því mjög illa út.

Guðlaugur Guðmundsson: Það eru að eins fáar breytingartill. við þessa gr. (10.), sem jeg hef komið fram með; og get jeg yfirleitt verið þakklátur háttv. framsögum. (J. J., þm. Eyf.), nema hvað Hvanneyrarskólann snertir.

Viðvíkjandi breytingartill. við 10. gr. C. 3 (þingskj. 232), að í staðinn fyrir »brunabótagjald« komi: »brunabóta- og sótaragjald«, skal jeg vísa til till. landsreikninganefndarinnar, því að þar er ástæðan tekin fram. Jeg hef hreyft því, að þessi gjöld ættu að færast í sama gjaldlið, því að það er vafningsminna. Raunar geta menn sagt, að þetta hafi ekki neina sjerstaka þýðingu, en jeg get þess þó hjer til athugunar.

Breytingartill. mín viðvíkjandi Hvanneyrarskólanum er byggð á tillögum amtsráðsins í Suðuramtinu. Amtsráðið hefir varið miklu fje til að bæta skólann og koma honum í gott horf, enda má nú fullyrða, að hann sje á góðri leið. Hann er vel úr garði gerður að húsum og áhöldum; þar er góður forstöðumaður og er því útlit fyrir, að framtíð skólans sje mjög vel tryggð.

En amtið hefir orðið að leggja mikið fje til skólans. Árið 1896 mun það hafa lagt til hans hjer um bil 3,400 krónur, og 1897: 2,700 kr.; en til þessa varð að taka bráðabirgðalán upp á 1000 kr.; þessu fje hefir verið varið til húsabóta og til að kaupa áhöld fyrir, og er svo ráð fyrir gert, að láninu verði lokið á næsta ári.

Jeg hef því farið fram á, að bætt sje 1000 kr. við þann styrk, sem nefndin hefir áætlað, þ. e. að skólanum verði veittar 3000 kr. eða til vara 2500 hvort árið. —

Jeg vona að h. deild taki vel í þetta, því að skólinn er sannarlega þessa styrks verður, og amtið hefir þegar sýnt í verkinu, að það vill leggja fram það, sem það frekast getur.

Og ekki sje jeg neina ástæðu til þess, að Hvanneyrarskólinn eigi að gjalda Hólaskólans, því að hinum búnaðarskól-

um landsins ólöstuðum, þori jeg að fullyrða, að Hvanneyrarskólinn stendur engum þeirra á baki.

Við breytingartill. nefndarinnar staflið 13 hef jeg leyft mjer að koma fram með breytingartill., nefnilega, að búnaðarfjelag landsins fái 10,000 krónur í staðinn fyrir 4000, sem nefndin hefir ætlað því. Jeg hef borið þessa breytingu upp af því, að þetta er sú upphæð, sem fulltrúarnir fóru fram á. Fulltrúarnir hjeldu fund hjer í bænum og fjelagið er nú að nafninu til í myndun. Nefnd hefir verið skipuð til að semja frumv. til laga í þessum mánuði; það frumv. verður svo lagt fram í ágústmánuði, og er svo til ætlazt, að fulltrúafundurinn síðar í ágústmánuði samþykki það. Er svo gert ráð fyrir, að fyrsti ársfundur fjelagsins verði haldinn sumarið 1898 og þá ráðstafað, hvernig þessari upphæð skuli varið til eflingar búnaðinum; því ekki er ætlazt til þess, að neitt af þessu fje gangi til þess kostnaðar, er af fulltrúafundinum leiðir, heldur eiga amtsráðin og búnaðarfjelag Suðuramtsins að bera þann kostnað. — Fjelagið mundi þá verða komið á þann rekspöl, að það gæti tekið til framkvæmda árið 1899.

Jeg legg því mjög með, að þessi upphæð, sem einmitt fulltrúarnir til nefndu, verði samþykkt og þetta fje veitt. Ef fjelagið hefir lítið fje handa á milli, mun það án efa draga úr framkvæmdum þess; Íslendingar eru þreyjulitlir og gjarnir á að vilja sjá snemma ávöxt iðju sinnar, og mundi það því spilla áliti fjelagsins, ef það gæti lítið eða ekkert gert fyrr en eptir 1899.

Þó ætla jeg ekki að gera þetta að neinu kappsmáli; en það væri að minnsta kosti æskilegt, að menn kæmu sjer saman um miðlunarveg, og gæti það þá komið til greina við 3. umr.

Við 10. gr. C. hef jeg komið fram með breytingartill. um, að veittar sjeu 600 kr. til að rannsaka hafnastæði og lendingar við suðausturströnd landsins. H. framsögum. tók vel í hana, enda má líka segja, að það sje jafn-nauðsynlegt nú eins og 1895. Það hefir verið gert mikið til að fá því verki framkvæmt, en þó hefir það enn ekki verið gjört fyrir annríki þess manns, sem var ætl að að gera það. Sumstaðar er þetta nú ekki stórt verk, t. d. við Vík; þar ímynda jeg mjer að verkfróður maður mundi geta gert það á 2 til 3 dögum, en hins vegar væri það mikils vert, að rannsóknir væru gerðar einmitt þar.

Verkið sjálft mundi líklega kosta 1000—2000 kr. og nokkuð af því mundu sýslusjóðir leggja til, því að það hefir mikla þýðingu fyrir allt hjeraðið.

Vona jeg að þingdeildin samþykki þetta.

Valtýr Guðmundsson: Það er að eins ein breyt.till., sem jeg hef komið fram með við þennan kafla fjárlaganna: 10. gr. B. 4. i. H. fjárlaganefnd hefir lagt það til að þessi liður sje felldur, og get jeg því ekki vænzt þess, að hún taki vel í þessa breyt.till. mína. Mjer þótti kynlegt, að hæstv. landsh. skyldi ekki minnast á hana, því að það er víst í fyrsta sinn að stjórn er boðið meira fje, en hún hefir beðið um, — og hún ekki viljað þiggja!

Hæstv. landsh. játaði þó að fjárveitingin væri nauðsynleg. Þetta liggur svo í augum uppi, að jeg get ekki skilið annað, en þm. sanzist á að hún sje afarnauðsynleg og að hjer sje mikið í hættu. Það hafa fleiri en einn póstafgreiðslumaður skýrt mjer frá, að þeir hafi haft undir höndum 20—30,000 kr. hvað eptir annað; og þegar póstafgreiðslumenn geta haft svona mikið fje í vörzlum sínum, þá má geta nærri að

sýslumenn hafa eitthvað fje að geyma; það veit jeg ekki nákvæmlega um, en jeg ímynda mjer að einhverjir af þeim sýslumönnum, sem sitja hjer í deildinni, geti borið um það. Hugsa sjer nú að eiga á hættu að þetta brenni; tjónið lendir náttúrlega á landssjóði og jeg ímynda mjer, að ef einn eða tveir slíkir brunar vildu til, þá mundi mönnum lærast það, að það er óhyggilegt að hafa ekki útvegað þessar hirzlur. Það þykir ekki góður búmaður, sem vátryggir ekki eign sína, ef þess er kostur, — en þetta er einmitt einskonar vátrygging, að eins fjarska ódýr, ódýrari en nokkur önnur.

Hæstv. landsh. gat þess að stjórnin vildi ekki fara fram á hærri fjárveiting í einu, heldur en handa þessu eina amti, — eins og hættara sje við bruna í því, heldur en í hinum ömtunum. Hættan er líklega jöfn í þeim öllum, og ef þannig á að fikra sig amt úr amti, þá eru ein 6 ár að minnsta kosti þangað til öll eru búin, og getur margt brunnið á þeim tíma. Það er bezt að kaupa alla skápana í einu, því það er bráðnauðsynlegt; landssjóður á svo mikið á hættu, ef þeir eru ekki keyptir, að það er óforsvaranlegt, að láta það dragast lengur.

Mjer gleymdist að geta þess, þegar jeg orðaði breyt.till., sem jeg þó hafði hugsað mjer, að þessar hirzlur skuli fylgja embættunum; en þetta er sjálfsagt, svo jeg ætla að það sje nóg að taka það fram við umræðurnar. Jeg vona svo góðs af h. þm., að þeir sanns-ist á, að hjer sje um bráða nauðsyn að tala.

Þórður Thoroddsen: Jeg þarf ekki að tala margt út af breyt.till. minni við C. 6. b. e., af því að bæði h. framsögum. hefir tekið svo vel í hana, og eins af því að hæstv. landsh. var henni meðmæltur. Að eins skal jeg geta þess sem flutningsm. breyt.till., að jeg vildi heldur, að sú breyt.till., sem fer fram á að sjerstakt íbúðarhús sje byggt handa vitamanninum, fái framgang, heldur en hin, ef kjósa skal milli þeirra beggja; þó auðvitað helzt báðar; en ef h. þm. vex kostnaðurinn, sem þessu fylgir, í augum, þá vil jeg heldur að húsið sje byggt en að launin sjeu hækkuð. Hjer stendur svo á, að það er lítt kleyft að gegna vitanum frá næstu bæjum, svo vel sje, og er því nauðsynlegt, að hús sje byggt handa þeim, sem á að gæta hans. En eigi vitamaðurinn sjálfur að leggja sjer til húsnæði, eru 400 kr. laun allt of lág, einkum ef honum verður gert að skyldu að halda aðstoðarmann, eins og yfirumsjónarmaður vitanna hefir skýrt mjer frá, að verða muni.

Það er enn eitt, sem jeg skal taka fram, og rjettast væri ef til vill að bæta við breyt.till. við seinustu umræðu þessa máls, að þegar íbúðarhús væri byggt, skuli vitamaður taka við því með úttekt og skila því með fullu á-lagi, þegar hann fer frá. Mjer lízt heppilegt að þetta skilyrði væri sett um alla vita, því að þá sleppur landssjóður við viðhald og endurreisn, þegar á þarf að halda, en þá verða líka laun vitamanna auðvitað að vera skárri. Og ef fjárlaganefndinni sýnist þessi tillaga á rökum byggð, þá er jeg fús til að koma með breyt.till. um það við 3. umr.

Svo er það breyt.till. við till. nefndarinnar 10. A. 4. i, frá h. þm. Vestm. (V. G.) um kaup á járnskápum handa þeim, sem hafa mikið af landsfje undir höndum, sem jeg vildi minnast lítið eitt á. H. framsögum. gat þess, að meiri hluti nefndarinnar hafi verið með því, að upphæð sú, sem í stjórnarfrv. stendur, ekki væri veitt, — en h. þm. Vestm. (V. G.) vill veita meira. Han-

gat þess að þessir skápar væru alveg nauðsynlegir til þess að tryggja landssjóðsfje; póstafgreiðslumenn, sýslumenn og aðrir opinberir starfsmenn hefðu opt svo mikið fje undir höndum, að það væri áhætta fyrir landssjóð, að ekki væru til traustar hirzlur til að geyma það í, og jeg skal skrifa undir hvert orð af þessu. Nauðsynin er fyrir hendi, en þar fyrir er ekki sagt, að það sje nauðsynlegt að þær sjeu keyptar fyrir landsfje. Jeg er þeirrar skoðunar að rjett sje, að skáparnir sjeu keyptir af hlutaðeigandi starfsmönnum sjálfum, en ekki af landsfje. Amtmenn og sýslumenn að minnsta kosti eru svo launaðir, að það getur ekki kallast ósanngjarnt, þó þeir sjeu skyldaðir til að hafa svona skápa, bæði til að tryggja embættisskjöl og peninga. Enn má á það líta, að skápar þessir eru ekki nauðsynlegir nema einhverjir peningar komi inn og liggi fyrir, en það er vitanlegt að sýslumenn aðallega hafa fje fyrir innheimtuna, og því meir sem þeir innheimta, því meira fá þeir í aðra hönd, og því betur geta þeir þá staðið sig við að kaupa hirzlu undir fjeð. Það væri sök sjer, þó póstafgreiðslumenn, sem eru lítt launaðir, væru styrktir til að kaupa traustar hirzlur, en mjer finnst engin ástæða til að fara að kaupa þær handa sýslumönnum og amtmönnum og öðrum hátt launuðum embættismönnum. En annars er það mín skoðun, að landssjóður eigi ekki að leggja fje til slíkra hluta, hver sem í hlut á. Það má líka búast við að á eptir komi umboðsmenn, hreppstjórar, oddvitar, kirknahaldarar og enn fleiri, og biðji um hirzlur og skápa; en mjer sýnist, að það sje ekki ósanngjarnara að heimta af þeim að þeir hafi almennilegar hirzlur undir það fje, sem þeir innheimta, heldur en að heimta t. a. m. af læknum að þeir leggi sjer til verkfæri.

Valtýr Guðmundsson: Jeg skal að eins svara athugasendum h. 1. þm. K.-G. (Þ. Th.) nokkrum orðum. Það er þá 1, að það er ekki sanngjarnt, að einn maður kaupi hirzlu handa öllum eptirmönnum sínum; 2, þó það væri gert að skyldu fyrir embættismenn, að kaupa sjer járnskápa, þá yrði það ekki gert; 3, er óvíst að hinir eptirkomandi starfsmenn mundu ganga inn á að kaupa þá; og 4, er þingið búið að slá því »principi» föstu, að landssjóður leggi til hirzlur þessar.

Það er ekki lengra síðan en í fyrra dag, að þingdeildin samþykkti landsreikningana, og þar með að keyptur hafði verið járnskápur handa bæjarfógetanum á Isafirði — einu tekjumesta sýslumannsembætti á landinu, — og getur deildin verið sjálfri sjer samkvæm með því að samþ. að einn hinn bezt launaði embættismaður fái eldfasta hirzlu keypta af landsfje, en fella að hinir, sem eru ver launaðir, fái hana? Og er það forsvaranlegt, að láta reka þannig á reiðanum, þegar um landsfje er að tala? Það er álíka mikil hættan fyrir það, þó embættismanni sje sagt að útvega sjer járnhirzlur, — þegar það er ekki gert. Og það eru nú ekki eingöngu peningar, sem um er að gera, heldur líka skjöl; — hvað mundu h. þm. t. a. m. segja, ef veðmálabækur einhvers embættisins brynnu allar saman? Það væri meir en bagalegt, og það er óforsvaranlegt að láta það dragast lengur að tryggja þetta, og það ættu h. þingdm., sem eiga að gæta fjár landssjóðs, að aðgæta vel; en eini vegurinn til að þetta verði gert, er einmitt að veita fje til þess, og það heldur fyrr en síðar.

Halldór Daníelsson: Jeg ætlaði sjer

staklega að minnast á breytt. á þingskjali 241; það kann að vera, að mörgum vaxi í augum þessi upphæð, sem farið er þar fram á, en jeg held samt, að menn þurfi ekki að iðrast eptir þá fjárveiting, því jeg verð að segja það, að síðan byrjað var að veita þennan styrk til búnaðarframkvæmda, þá hefir áhugi á jarðabótum vaxið verulega. Það sem h. þm. Strand. (Guðj. G.) sagði um, að menn hlypu upp til handa og fóta, og gengju í fjelögin til þess að ná í landssjóðsstyrkinn, það held jeg sje þjóðsaga, en það á sjer alls ekki stað, þar sem jeg þekki til. Og auk þess er óhætt að segja, að allur þessi áhugi á jarðabótum er ekki styrknum að þakka að öllu leyti, heldur og líka vaxandi framsóknaranda þjóðarinnar. Þó að hann hafi sjálfsagt hjálpað til, og einmitt þess vegna, ætla jeg að greiða atkv. með tillögunni á þingskjali 241, því mjer getur ekki blandazt hugur um, að þessi vegur er einn hinn allra bezti til þess að vekja áhugann og til þess að nokkuð verði gert til þess að rækta landið, einkum þar sem þeir, sem styrksins verða aðnjótandi, hljóta að leggja svo mikið fram sjálfir.

Þá er breyt.till. á þingskj. 252, viðvíkjandi búnaðarskólanum á Hvanneyri. Mjer liggur við að segja, að h. fjárlaganefnd hafi afskipt þann skóla, þar sem hún hefir veitt búnaðarskólanum á Hólum 3500 kr., þó að engin skýrsla hafi þaðan komið; en það getur vel verið að einhverjir af h. þm. að norðan, sem í fjárlaganefnd voru, hafi farið þar um og sjeð hversu þar hefir farið fram, eða sjeu skólanum kunnugir; jeg vildi óska að þeir hinir sömu hefðu komið að Hvanneyri og skoðað það, sem þar hefir verið gert. Því að jeg hef það fyrir satt, að enginn af búnaðarskólunum á landinu hafi gert annað eins og búnaðarskólinn á Hvanneyri. Þar hafa verið sljettaðar síðastliðið ár um 2 dagsláttur, og eptir því eru aðrar framkvæmdir. Öll hin gömlu bæjarhús eru rifin niður og orðin að fallegri grasflöt, en í þess stað komið íbúðarhús úr timbri, al. 26×12, og eptir því eru öll önnur hús, nema fjárhúsin, þau hafa ekki verið byggð enn þá, en eiga að byggjast að ári, svo jeg held, að búnaðarskólinn hafi unnið fyrir því, þó að hann fengi nokkuð hærri upphæð en h. nefnd hefir ætlað honum, einkum þar sem amtsráð suðuramtsins hefir lagt svo mikið á sig, til að halda honum við.

Svo var það hjerna breytt. á þingskj. 269 um járnskápana; jeg býst við að þeir fái ekki svo góðan byr hjer í deildinni, en þingið er þó búið að samþ. að sumir sýslumenn og bæjarfógetar fengi slíkar hirzlur, hvers eiga þá hinir að gjalda? Og svo eru þá póstafgreiðslumennirnir, þeir eru ekki svo hátt launaðir, að þeir geti lagt til slíkar hirzlur af eigin ramleik. Jeg skal nefna eitt dæmi: að það kom nýlega fyrir hjá einum fátækum póstafgreiðslumanni, að hjá honum hvarf talsvert fje, án þess honum væri að nokkru um það að kenna, eða skeytingarleysi yrði um kennt. (*Margir*: Hver var það?). Og þó að landssjóður biði ekki neinn halla við það, af því góðir menn hlupu undir bagga með manninum, þá sýnir þetta þó að póstafgreiðslumenn hafa þörf á traustum hirzlum; því mjer þykir ljóst, að þessi maður hefði ekki tapað fje þessu, ef hann hefði haft góða hirzlu að geyma það í. Mjer er engin launung á, hver maðurinn var, því það er á margra manna vitorði. Það var póstafgreiðslumaðurinn á Stað í Hrútafirði, sem er alþekktur sómamaður.

Tryggvi Gunnarsson: Jeg hefði búizt við, að umræðurnar mundu einkum hneigjast að 23. og 26. tölulið á atkvæðaskránni, því að þar er ekki

um svo litlar upphæðir að ræða, og harla mikilsvert, hvernig þeim er varið; en svo lítur út, sem h. deild þyki meira varið í nokkra járnskápa, en atvinnuvegi landsins. Jeg hefi þá skoðun, að þegar embættismanni er veitt embætti, þá sje honum og um leið lögð á herðar skylda til að geyma fje það, er honum heyrir til, samkvæmt embættisstöðu sinni, að innheimta. H. þm. Vestm. (V. G.) talaði svo fjarskalega mikið um þá hættu, sem landssjóði væri búin af því að starfsmenn hans hefðu ekki örugga hirzlu til að geyma í fje hans. Jeg veit ekki, hvernig á því stendur, að þessi mikla hætta skuli hafa komið upp nú, einmitt árið 1897. Jeg veit ekki til þess, að landssjóður hafi hingað til heila öld tapað fje fyrir járnskápaskort. Þar að auki sýnist mjer það meiningarlaust að útvega öllum sýslumönnum jafnt járnskápa þessa, hvort sem þeir þurfa þess eða ekki; það getur vel verið, að sumum embættunum fylgi þegar skápar, og þá verður það hálf-hlægilegt að veita fje þetta til þeirra, þótt hlutaðeigandi embættismaður óski þess ekki nje hafi þess þörf.

Nefndinni er ekkert kappsmál um húsbygginguna við vitann á Skaganum; sumir nefndarmenn töldu hana nauðsynlega, aðrir ekki. Vegalengdin frá vitanum og til næstu bæja er ekki jafnmikil og hjeðan úr Reykjavík inn að Rauðará, og sjá það allir, að enginn ógjörningur er að ganga þá leið daglega. Ef vitavörðurinn á konu og börn, þá er það engin frágangssök fyrir hann að hafa þau á þessum bæjum, og ganga heim þangað til þeirra. Margir stórríkir menn í útlöndum hafa heimili sín miklu lengra frá skrifstofum og sölubúðum sínum, en hjer er um að ræða. Þegar nefndin hefir fengið upplýsingar nokkrar, sem hún vonar að fá, þá getur þó verið, að hún verði með því að byggja húsið, en þó ekki eins dýrt og fram á er farið; það er hægt að byggja gott hús fyrir töluvert minna fje en til er tekið. Sama er að segja um vitann við Gróttu; sökum hins mikla annríkis hjer í deildinni hefir nefndin enn ekki fengið tíma til að kynna sjer, hvernig þar stendur á, og á meðan þótti henni ráðlegast að fallast ekki á neinar breytingar frá stjórnarfrumv. í þessu efni. En áður en málið kemur til 3. umr., munu nokkrir af nefndarmönnum hafa farið fram á Nes til þess að sjá, hvernig þar hagar til, og mun nefndin þá, ef þörf þykir, mæla með því, að fje sje veitt til skúrbyggingarinnar; en eptir upplýsingum þeim, sem hún hefir fengið, lítur ekki út fyrir að til þess muni koma.

Fjárlaganefndin getur ekki aðhyllzt hækkunina til Hvanneyrarskólans. A síðasta þingi var veitt svo mikið fje til hans, að furða er, að nú er aptur komið fram með mikla fjárbeiðni til hans. Ömtin hafa komið upp þessum búnaðarskólum hjá sjer, sem sinni eign, og svo koma amtsráðin og segja: Við getum ómögulega af eigin rammleik sjeð fyrir þessum skólum; það er lífsnauðsynlegt að landssjóður hlaupi undir bagga með okkur. Jeg kann ekki við þessa aðferð.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg ætla að fara nokkrum orðum um 22. töluliðinn á atkvæðaskránni, þar sem h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) fer fram á að styrkurinn til Hvanneyrarskólans sje hækkaður.

H. framsögumaður (J. J., þm. Eyf.) hefir skýrt frá því, að fjárlaganefndin hafi látið styrkinn til allra búnaðarskólanna óhreyfðan, meðfram af því að skýrslu vantaði frá einum skólanum, Hólaskóla, og líka af því að nefndin hefir ekki haft nægan tíma til að fara yfir skýrslur þær, sem komnar eru;

enda þótti henni ekki þörf á að flýta því, þótti að sumu leyti þægilegra að bíða eptir skýrslunni frá Hólum, sem bráðum er í vændum, svo að hún gæti haft allar skýrslurnar til samanburðar í einu. Þó hef jeg litið yfir skýrslurnar frá skólunum á Eiðum, Olafsdal og Hvanneyri, og fengið ýmsar upplýsingar um Hólaskóla frá h. 1. þm. Skagf. (Ól. Briem), svo að jeg hef eptir þessum föngum getað gjört nokkurn samanburð á skólunum. Jeg hef einkum tekið til samanburðar nokkur þau atriði, sem jeg álít þýðingarmest, og sem einkum verði að hafa fyrir augum, þegar um það er rætt, hvert gagn skólarnir gjöri og hvern fjárstyrk beri að veita þeim; hef jeg einkum litið á síðasta skólaár. Í Ólafsdal voru 1896 12 nemendur; af þeim útskrifuðust 6; á Eiðum voru 10 nemendur, og útskrifuðust 5; á Hvanneyri voru 6—8, og útskrifuðust 4, og á Hólum voru 10, en útskrifuðust 4 eða 5.

Á þessu sjest, að arðurinn af skólunum hefir að þessu leyti verið líkur, einna mestur þó af Ólafsdalsskólanum. En ekki er allt undir því komið, hvað margir nemendur eru á einum skóla, og útskrifast þaðan; það er eigi síður undir því komið að nemendurnir fái góða æfingu og kennslu í þýðingarmestu greinunum; og það verð jeg að játa, að eptir skýrslunum að dæma, er mikil framför í þessu frá því, sem áður var.

Í Ólafsdal hefir að vísu þetta alltaf verið í góðu lagi, en á Eiðum og sjer í lagi á Hvanneyri er um mikla framför að ræða. Jeg hef reiknað út jarðabætur skólanna, til þess að sjá hlutfallið milli þeirra; hafa í Ólafsdal verið unnin 256 dagsverk að jarðabótum 1896, 193 á Eiðum og 234 á Hvanneyri. Þetta eru allgóðar framfarir, einkum þegar þess er gætt, að eigi var hægt að vinna að jarðabótum á Eiðum og í Ólafsdal síðasta haust sökum ótíðar. Þetta er merki þess, að eptir kringumstæðum hafa allir skólarnir staðið vel í stöðu sinni í því, að æfa nemendurna í verklegum störfum, og er í því lítill munur á skólunum. Líka hef jeg litið á það, hver skólinn hafi lagt mesta áherzlu á bóklegt nám, þó jeg fyrir mitt leyti leggi ekki áherzlu á það, að sem mestum tíma sje varið til þess; þar hef jeg eingöngu orðið að fara eptir kennslustundafjölda í þeim greinum, sem telja má búfræði. Þær hafa verið fæstar í Ólafsdal, 30 á viku, 48 á Eiðum og 54 á Hvanneyri. Allir hafa skólarnir haft dálitla gagnfræðakennslu, en hana hef jeg ekki tekið með, enda álít jeg, að ekki ætti að kenna gagnfræði á búnaðarskólunum, en aptur á móti láta þá ganga undir inntökupróf, sem þangað koma. Á Eiðum er mjög stundað bókfræðanám, eða 64 st. alls á viku; þar er meðal annars kennd bæði saga og landafræði og rjettritun. Jeg álít annars nauðsynlegt, að allir skólarnir hafi jafnmargar námsgreinar, og kenni ekki annað bóklegt, en það, sem að búfræði lítur. Jeg get þessa til þess, að benda á, að jeg álít ekki sjálfsagt að sá skóli fái mestan styrkinn, sem flestar hefir kennslustundirnar.

Þegar verið er að ræða um fjárveiting úr landssjóði til búnaðarskólanna, þá þarf meðal annars að taka það til greina, hvað mikið fje þeir eigi að sjálfsögðu að fá annarsstaðar frá. Í því tilliti stendur Hvanneyrarskólinn mjög vel að vígi, að hann fær mikið fje annarsstaðar að en úr landssjóði. Úr búnaðarskólasjóði hefir hann fengið 1896 1660 kr. og úr jafnaðarsjóði 3382 kr., eða alls 5042 kr. Eins og menn vita er búnaðarskólagjaldið fast ákveðið gjald; aptur á móti er úr jafnaðarsjóði veitt eptir velþóknun amtsráðanna, svo að eigi dugir að telja það fje, sem þaðan

kemur, með föstum tekjum skólanna. Búnaðarskólagjaldið til Ólafsdalsskóla var sama ár . . . . . kr. 944,33
og úr búnaðarsjóði fjekk hann — 400,00
eða samtals kr. 1344,33
Hólaskóli fjekk úr búnaðarskólasjóði kr. 872,00
úr búnaðarsjóði . . . . — 119,00
eða samtals kr. 991,00
Eiðaskóli fjekk búnaðarsk.gj. kr. 250,00
úr jarðeldasjóði . . . . . — 884,00
eða samtals kr. 1134,00

Auk þessa fjekk Eiðaskóli lítils háttar úr búnaðarsjóði (60—70 kr.). Þess er að gæta, að engan veginn má reikna með föstum tekjum skólanna í framtíð það fje, sem þeir fá úr búnaðarsjóði. Ef almennt búnaðarfjelag verður stofnað fyrir land allt, þá má búast við, að búnaðarsjóðsgjaldið gangi til þess.

Þegar á allt er litið, þá sýnist mjer varla vera hægt að gjöra upp á milli Eiðaskóla og Hvanneyrarskóla, og þar af leiðandi verði að hækka landssjóðstillagið til Eiðaskóla, ef það er hækkað til Hvanneyrarskólans, því þó að Hvanneyrarskólinn sje í meiri framförum, þá hefir hann líka langt um meira fje annarsstaðar frá og margfalt ríkara og fjölmennara amt sjer til stuðnings. Vjer verðum að gæta þess, að Hvanneyrarskóli hefir meira af föstum tekjum annarsstaðar frá en bæði Eiðaskóli og hinir skólarnir.

H. 1. þm. N.-Múl. (E. J.) hefir skrifað bænaskrá um 500 kr. hækkun handa Eiðaskóla, en þessi beiðni hefir ekki enn verið borin upp í fjárlaganefndinni, af því að hann vildi bíða þess, að nefndinni gæfist betri kostur á að rannsaka hag skólanna, og komast að fastri niðurstöðu um hlutfallið milli þeirra á því fje, er þeim skyldi veitt úr landssjóði.

Jeg vona eptir, að oss gefist kostur á að sjá skýrslu um framkvæmdir Hólaskóla innan skamms, en auðsætt er það, að hann verður að skara fram úr hinum skólunum að framkvæmdum, ef hann á að fá hærri landssjóðsstyrk að rjettu lagi.

Jeg mundi að líkindum vel geta unað því, að þingið skildi við alla skólana með jöfnum landssjóðsstyrk, áður en það hættir störfum sínum. En af ástæðum þeim, sem jeg hef tekið fram, sýnist ástæðulaust að breyta nokkru til að svo stöddu.

Þá skal jeg lítillega minnast á brt. h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) viðvíkjandi búnaðarfjelagi landsins. Jeg er því mjög hlynntur, að þetta fjelag geti komizt sem fyrst á og tekið sem fyrst til starfa; þó finnst mjer ekki farandi lengra en nefndin hefir farið, þar sem um það er að ræða, að veita styrk fjelagi, sem enn er ekki til, og enn eigi hægt að sjá, hvernig það muni verja fje sínu. Þegar þess er gætt, þá virðist mjer, mega vel við una, þótt því sje í þetta sinn eigi veitt meira en 4000 kr., að viðbættum þeim 2000 kr., sem ánafnaðar eru búnaðarfjelagi Suðuramtsins, en sem munu renna til þess, ef það kemst á stofn á fjárhagstímabilinu.

Fjárveitingin til þessa fjelags mun sjálfsagt verða allt önnur og meiri síðar meir, því að jeg tel sjálfsagt, að þingið veiti þessu fjelagi, þegar það er komið á laggirnar, allt það fje, sem er veitt til landbúnaðar. En á meðan svo er, sem nú, að það er ekki nema lítill hluti þess, sem það fær til forráða, er bæði önnur búnaðarfjelög og skólarnir hafa sinn sjerstaka styrk, þá sýnist mjer ástæða til, að halla sjer að till. nefndarinnar, en ekki að till. h. þm. V.-Skapt. (Guðl. G.). Þó er mjer þetta ekki kappsmál, því að jeg ann fjelaginu alls góðs.

Þórður Guðmundsson: Jeg leyfi mjer að mæla með 600 kr. fjárveitingunni,

til þess að rannsaka lendingar og hafnstæði fyrir suðausturströnd landsins; reyndar vona jeg, að styrkveiting þessi muni ekki eiga erfitt uppdráttar hjer í þinginu, þar sem h. framsögum. (J. J., þm. Eyf.) fjárlaganefndarinnar hefir tekið svo vel undir hana. En jeg vil eigi að síður gefa upplýsingar um, hvers vegna fje það, sem veitt var á síðasta þingi, eigi hefir komið að notum. Það er rjett, sem h. þm. V.-Skapt. (Guðl. G.) tók fram, að eigi gat maður fengizt til að framkvæma verk það, sem hjer ræðir um. Það var gjörð fyrirspurn til landshöfðingja um, hvort ekki væri hægt að fá verkfræðing landsins til að leysa af hendi verk þetta, en hann kvað það eigi vera, því að hann væri við annað bundinn. Þá var og sendur maður suður til landsh., til þess að fara þess á leit, að fá austur mann þann, sem hingað kom í fyrra sumar, til þess að gjöra áætlun um bygging skipakvíar í Reykjavík, en það fór á sömu leið; hann var eigi heldur fáanlegur. Þá skal jeg minnast á breyt.till. þá, sem jeg er riðinn við, snertandi 10. gr., C. 4. b., er fer fram á það, að styrkurinn til búnaðarfjelaga sje hækkaður upp í 20000 kr. á ári. Við komum ekki með þessa breyt.till. af því, að við álítum það ekki allmikið fje, sem á stjórnarfrumv. stendur, nje heldur af því, að við viljum gjöra lítið úr hækkun h. n., heldur af því að álíta má, að fáu fje sje betur varið, en einmitt þessu fje. Eins og vjer vitum, þá fjölgar búnaðarfjelögunum óðum í landinu, og af því leiðir, að þörf er á að hækka styrkinn til þeirra.

Eins og h. d. er kunnugt, þá fara sívaxandi greiðslur landssjóðs til margra fyrirtækja, sumra þarflegra, sumra miður þarflegra, og það held jeg að óhætt sje að segja, að sum af þessum fyrirtækjum gefi fremur lága vexti af fje því, sem til þeirra gengur. En því fremur ríður þá á því fyrir þingið, að hafa það hugfast, að leggja mest fje fram til þess, sem svarar sem fyrst vöxtum. Mitt álit er það, að ekkert fje sje fljótar að ávaxtast, en það, sem varið er til að efla landbúnaðinn, og það er eflaust, að frá honum kemur mest af fje því, sem landssjóður fær, til að verja til sinna mörgu og stóru fyrirtækja, sem ekki bera eins bráðan ávöxt eins og landbúnaðurinn.

Jeg vona að h. d. taki þetta til íhugunar, og greiði atkvæði með breyt.till. okkar.

Sighvatur Árnason: Jeg ætla sjerstaklega að minnast á breytingartill. nefndarinnar um að hækka styrkinn til búnaðarfjelaga. Þessa tillögu sína um að hækka styrkinn byggir nefndin á því, að fjelögin sjeu að fjölga; nefndin játar líka, að styrkur sá, sem áður hefir verið veittur, hafi orðið til mikils gagns. En úr því að nefndin játar þetta, sem satt er, þá þykir mjer hækkun hennar of lítil, og því legg jeg það til, að hækka styrkinn enn þá meira.

Reynslan hefir sýnt oss, svo ekki verður á móti mælt, að það fje, sem vjer undanfarið höfum varið á þennan hátt í styrk handa búnaðarfjelögum, hefir borið góðan ávöxt. En þá sýnist mjer líka liggja beint við fyrir oss, að ganga nú á lagið og auka styrkinn að mun. Fátt er nauðsynlegra hjer í landinu en að auka grasræktina; en lítum vjer nú yfir störf búnaðarfjelaganna, þá sjáum vjer, að þau eru fólgin í túnasljettun, vatnsveitingum, og í því, að girða tún og engi, varnargörðum o. fl.; en öll þessi störf miða beinlínis til að efla grasræktina.

Það var 5 manna nefnd sett í þessari deild í þingbyrjun til að íhuga, hvað gera megi til eflingar landbúnaðinum. Álit hennar er nú því miður enn ekki komið fram. En það er ríkt í mínum

huga, að af öllu því, sem vjer getum gert fyrir landbúnaðinn, sje langmest í það varið, að efla grasræktina. Hún er þó og verður aðal-undirstaða alls landbúnaðar vors. Þessa leið, að styrkja búnaðarfjelögin, álít jeg því vissasta, enda hefir enginn bent á annað betra í því efni.

Jeg vona því, að bæði nefndin og þingdeildin fallist á tillögu mína um að hækka þennan búnaðarstyrk enn á ný um 2000 krónur, og þá yrði hann alls 20,000 kr.

Klemens Jónsson: Jeg ætlaði sjerstaklega að minnast á 18. og 19. lið á atkvæðaskránni um eldtrausta járnskápa handa sýslumönnum, með því jeg hef verið valdur að því, að þetta er komið inn í fjárlagafrumv. En jeg get verið stuttorður fyrir þá sök, að jeg er alveg samdóma því, sem h. þm. Vestm. (V. G.) hefir talað um þetta efni, og hef jeg fáu við það að bæta.

Fyrsti þm. Arn. (Tr. G.) ljet þá einkennilegu og undarlegu skoðun í ljósi, að embættismönnum, sem veitt eru opinber embætti, beri skylda til að sjá borgið því fje, sem þeir fyrir embættisins sakir fá í hendur. Nú vil jeg spyrja h. þingm. Árn. (Tr. G.), sem er bankastjóri landsbankans, hvort hann álíti að það hvíli nokkur skylda á sjer sem bankastjóra til að sjá bankanum fyrir eldföstum skápum upp á sinn reikning? Eða hvort hann hafi þá upp á sinn kostnað útvegað bankanum slíka skápa? Nei, hann hefir ekki gjört það, og jeg er hræddur um, að honum mundi þykja það nokkuð þung kvöð og ósanngjörn. Mig furðar mjög á, að einmitt hann, sem ætti þó að vera nokkuð kunnugur erlendis, skuli koma fram með annað eins. Hann hlýtur þó að vita, hvað títt er í þessu efni í Danmörku; því að þar er hverju því embætti, sem á því þarf að halda, lagðir til eldfastir skápar á ríkisins kostnað. Slíkar fjárveitingar eru heldur ekki nein nýlunda hjer í þinginu; 1889 var biskupsembættinu t. d. orðalaust veitt fje til skáps. Það sama hefir síðan verið veitt ýmsum öðrum embættum, Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem þó fylgir miklu minni peningaábyrgð en t. a. m. Eyjafjarðarsýslu og Norðurmúlasýslu, og nú síðast Ísafjarðarsýslu; og með þessari síðastnefndu fjárveitingu greiddi h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) atkvæði núna rjett fyrir 1 eða 2 dögum; því lík samkvæmni!

Auk þeirra peninga, sem allir sýslumenn optlega verða að hafa milli handa, verða þeir einnig að varðveita veðmálabækur og gjaldabækur sýslunnar; og þær vita allir, að er ákaflega áríðandi að varðveita frá tortímingu.

H. 1. þingm. K.-G. (Þ. Th.) hjelt því fram, að embættismenn þeir, sem hjer um ræðir, væru svo vel launaðir, að þeir gætu kostað þessar hirzlur sjálfir. Ekki verður það þó sagt um póstafgreiðslumennina. (*Þórður Thoroddsen*: Jeg tók þá undan). Það hvílir engin skylda á neinum embættismanni um að kaupa slíkar hirzlur; og það hvílir heldur engin ábyrgð á þessum mönnum fyrir það, þótt það kvikni í hjá þeim og peningar landssjóðs, sem þeir hafa milli handa, brenni upp, ef þeir að eins hafa gætt almennrar varúðar, þeirrar sömu, sem við eignarmuni sjálfra sín, og hafa viðhaft það, sem kallað er: diligentia quam in suis rebus. Ef slíkt kæmi fyrir, yrði landssjóður að bera tjónið. Jeg verð að leggja mjög mikla áherzlu á þetta atriði, því að slíkt tjón gæti opt orðið margfalt meira en andvirði skápanna. Hjer er að eins að ræða um litla upphæð í eitt skipti fyrir öll. Langar ræður um einn og einn

skáp geta kostað landið talsvert meira en þessar 3000 kr.

Jeg vona því, að deildin sje ekki svo nánasarleg, að fara að synja um þessa fjárveitingu.

Þorldkur Guðmundsson: Jeg ætlaði að minnast lítils háttar á 34. tölulið styrk til útgerðarfjelags Faxaflóa, að upphæð 10,000 kr., til að byggja skipakví. Þetta fyrirtæki getur nú verið þarft, og jeg stend ekki upp til að mótmæla því í sjálfu sjer. En mjer er alveg ókunnugt um, hvernig menn hafa hugsað sjer fyrirtækið, bæði hvað allt fyrirkomulag og sjerstaklega hvað kostnaðinn snertir; nefndarálitið gefur engar upplýsingar um þetta, utan hvað maður sjer í almennum orðum, að nefndin hyggur þetta þarflegt fyrirtæki. Engin bænarskrá um þetta efni hefir legið á lestrarsalnum, og mætti þó ætla, að í bænarskránni hafi verið gefin nákvæm skýrsla um, bæði hvar þessi skipakví eigi að vera, og hvað hún muni kosta alls. Það er mjög óhagkvæmt, að fjárlaganefndin heldur þannig hjá sjer bænarskrám, sem hún byggir á stórfengilegar tillögur, og leggur þær ekki fram á lestrarsalinn þingmönnum til sýnis, undir eins og hún sjálf er búin að hagnýta sjer þær.

Jeg heyri sagt nú, að nefndin muni hafa lagt þessi og önnur skjöl fram í dag fyrir lítilli stundu. Jeg þykist hafa bæði skyldu og rjett til að eiga kost á að átta mig á slíkum málum, alveg eins og nefndin, og það á hver þingmaður, ekki síst, þar sem um er að ræða svo stóra upphæð, sem 10,000 krónur. Það getur þó verið athugavert, að kasta ekki slíku fje á glæ án þess að trygging sje fyrir, að hverjum notum það muni koma; en til þess væri meðal annars nauðsynlegt, að hinn fyrirhugaði staður væri skoðaður og nákvæm áætlun gerð um kostnaðinn af þar til hæfum manni.

Það mætti ætlast til þess, þar sem beiðendurnir eru svo nálægir hver öðrum, og hjer í höfuðstað landsins, þar sem verkfræðingurinn er búsettur, þegar hann er heima, og kvíin á að vera hjer við flóann, og líklega hjer í nándinni, að verkfræðingur landsins hefði verið fenginn til að líta á staðinn og búa til áætlun, sem þingið gæti svo eitthvað byggt á.

Landshöfðingi: Jeg stend upp til að biðja h. þm. Vestm. (V. G.) forláts á því, að mjer hafði gleymzt að þakka honum fyrir tillögu sína um peningaskápana. Jafnframt skal jeg þá nota tækifærið til að þakka h. þingm. Mýr. (H. D.) fyrir ummæli hans, að því er Mýra- og Borgarfjarðarsýslu snertir, þótt hann hafi ekki minnt mig á þá þakklætisskuld.

Sigurður Gunnarsson: Út af ummælum h. 2. þm Árn. (Þorl. G.) um bænarskrárnar, skal jeg geta þess, að sumar bænarskrár eru lagðar fram af forseta hjer í þinginu, en aðrar koma beina leið til nefndarinnar. Nefndin hlýtur að hafa allar bænarskrárnar í höndum, þangað til hún er búin að semja álit sitt. En nefndin hefir þegar fyrir nokkrum dögum afhent allar bænarskrár frá sjer til skrifstofunnar í því skyni, að þær yrðu lagðar fram á lestrarsalinn, en skrifstofan mun hafa gleymt því, og hafa þær svo legið allar í búnka á skrifstofunni þangað til í dag.

Vanrækt sú, sem hjer er á orðin, er því ekki nefndinni að kenna, heldur skrifstofunni.

Skúli Thoroddsen: Styrk þann til búnaðarfjelaganna, sem stjórnarfrv. ákvað 15000 kr., hefir nefndin farið fram á að hækka upp í 18000; en tveir h. þm. leggja til að færa upphæðina upp í 20000, og með þeirri tillögu vil jeg greiða atkv. mitt.

Samkvæmt hagskýrslum Stjórnartíð-

indanna voru hjer á landi unnin í búnaðarfjelögum 35000 dagsverk að jarðabótum árið 1893; 40000 dagsverk 1894, og 50000 dagsverk árið 1895, hið síðasta, sem skýrslurnar ná yfir, og er það meira en unnið hefir verið á einu ári nokkurn tíma fyrr. Þetta sýnir bæði, að fjelögin hafa fjölgað, og að meira hefir verið unnið, eptir því sem þau hafa fjölgað. Eigi nú þeir, sem að jarðabótum vinna, að fá líkan styrk á hvert dagsverk sem áður, þá verður að hækka styrkinn töluvert, og vaxi sú dagsverkatala, sem unnin verður, líkt og verið hefir, þá má ætla á að á næsta fjárhagstímabili verði unnin 70000 dagsverk, og þó að styrkurinn verði færður upp í 20000, þá verður hann þó ekki hærri en verið hefir að undanförnu á dagsverkið. Það má ekki svipta fjelögin nú sem stendur þeim styrk, sem þau hafa fengið; en það væri þó sama sem að svipta þau honum að nokkru leyti, ef hann yrði minni en verið hefir í hlutfalli við dagsverkatöluna. Vjer eigum búnaðarfjelögunum að þakka mikið af þeim framförum, sem orðnar eru í búnaði vorum. Að vísu vinna einstakir menn að jarðabótum utan fjelaganna, en langflestir vinna þó í fjelögunum.

Að því er snertir tillögurnar um peningaskápana, mun jeg helzt halla mjer að tillögu h. þm. Vestm. (V. G.), þótt jeg ímyndi mjer að hún muni verða helzt til lág, ef póstafgreiðslumenn eiga að fá þá líka. Landið á mikið á hættu, eins og ástandið nú er. Það hefir verið sýnt fram á það, að póstafgreiðslumönnum í öllu falli sje algerlega ofvaxið að fá sjer slíka skápa á sinn kostnað; og að því, er sýslumennina snertir, þá hefir nú þegar verið veitt fje af landssjóði til að kaupa slíka skápa handa nokkrum sýslumannaembættum, og það einmitt þeim, sem hvað bezt eru launuð; en þá er líka alveg ósanngjarnt að ætlast til að sumir af sýslumönnunum kosti þetta sjálfir. Þótt laun sýslumanna sjeu yfirleitt allhá, er þó ósanngjarnt að skylda þá til að leggja þessa skápa til í landsins þarfir. Þeim mundi líka flestum verða lítið úr þeim, er þeir færu frá embætti, og, eins og kunnugt er, verða þeir ekki allir ellidauðir í embættum sínum.

Það er því langrjettast að landssjóður borgi þetta, enda eru það líka útgjöld að eins í eitt skipti fyrir öll.

Framsögumaður (*Jón Jónsson*, 2. þm. Eyf.): Jeg finn ekki ástæðu til að lengja umræðurnar mikið nú að þessu sinni. Það hefir nú um tíma verið lengst og mest talað um járnskápana, og hygg jeg að þegar hafi verið tekið fram allt það helzta, sem hægt er að segja með þeim og móti; jeg sje því ekki ástæðu til fyrir mig að fara að lýsa frekara skoðun minni á því atriði. Jeg er þakklátur hæstv. landsh. fyrir undirtektir hans við aths. nefndarinnar viðvíkjandi pappírs- og prentunarkostnaði stjórnartíðindanna, og væntir nefndin að það leiði til árangurs.

Nefndinni er að sjálfsögðu ekkert kappsmál um þennan 100 kr. sparnað til vitagæzlumannsins við Gróttuvita, en jeg álít samt sem áður ekki rjett að gjöra svo mjög lítið úr þeim sparnaði, því að 100 kr., sparaðar á ári, draga sig saman á mörgum árum. Eptir 25 ár eru þær orðnar 2500 kr., og sje þær skoðaðar sem vextir, þá svara þær til 2500 kr. höfuðstóls, svo eiginlega eru þessar 100 kr. sama sem 2500 kr. í eitt skipti, því engar líkur eru til að þessi gjaldaupphæð verði lækkuð aptur, þegar hún er einu sinni komin inn á fjárlögin. Jeg veit heldur ekki betur en að það sje álitin góð

búmannsregla, að spara í því smáa, til þess að geta lagt til stærri upphæðir, þegar nauðsyn krefur, og verð jeg að álíta að sú regla geti eins vel átt við hjer, þegar um landssjóðsfje er að ræða. Jeg skal leyfa mjer að leiðrjetta það mishermi hjá h. þm. Mýram., að honum virtist sem nefndin hefði gjört Hvanneyrarskólann afskiptan í samanburði við Hólaskóla, og taka fram, að það getur ómögulega náð til nefndarinnar, heldur til stjórnarinnar, því nefndin hefir alls ekki lagt til að gerð sje nein breyting á frv., að því er snertir þann skóla, eða búnaðarskóla yfir höfuð. Hann ljet í ljósi að hann væri ekki ánægður með, að styrkur, sem ætlaður væri búnaðarfjelögum út um land, gengi til allsherjar búnaðarfjelags, en jeg skal benda á, að það er alls ekki meiningin, heldur vakti það fyrir nefndinni, að þegar þetta allsherjar búnaðarfjelag væri stofnað, þá mundi stjórn þess svo vel skipuð, að hún hefði miklu betri þekkingu á öllum kringumstæðum, og því hæfari til útbýtingar á fjenu, en við hjer á alþingi, og því meiningin að fjeð gengi til hennar, og hún rjeði síðan útbýtingu þess milli hinna einstöku fjelaga.

Þá hafa báðir þm. Rangv. komið fram með breyt.till. og mælt með að styrkurinn til búnaðarfjelaganna verði hækkaður upp í 20000 kr., en ekki 18000 kr., eins og nefndin leggur til, og tók h. 1. þm. Rangv. (Sighv. Á.) það fram, að reynslan hefði sýnt að þessu fje væri vel varið, og því rjett að hækka það. Nefndin er honum alveg samdóma um það og hefir líka lagt til að þessi styrkur verði hækkaður svo mikið, sem hún álítur hæfilegt.

H. þm. (S. Á.) mun játa það með mjer, að þótt því fje sje vel varið, þá verði það að hafa sín takmörk, hve miklu er til þess varið. Nefndin álít ur sitt takmark rjett og hæfilegt og vill halda fast við það.

H. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) fórust þannig orð, að því er mig minnir, að hann áliti að ekki mætti svipta búnaðarfjelögin þeim styrk sem þau hefðu haft. Jeg get ekki sjeð, að nein stefna hafi komið fram í þá átt, heldur einmitt lagt til að hækka hann. Annars er jeg honum þakklátur fyrir þær upplýsingar, að dagsverkin hafi 1895 verið 50 þúsund, en þar sem hann gjörði ráð fyrir, að þau 1897 mundu verða 70 þús., þá get jeg nú naumast álitið líklegt, að þau verði svo mörg, en hins vegar líkindi til að þeim fjölgi nokkuð. En þótt þau yrðu 70 þús., þá get jeg ekki annað sjeð, en að sú hækkun, sem nefndin leggur til, sje nægileg, þar sem þá koma þó hjer um bil 26 aurar á dagsv., en það má telja fyllilega 10% af kostnaðinum, og er það sannarlega notalegur ljettir, og ættu að nægja, til þess að fá menn til að stunda sitt eigið gagn.

Jeg þarf ekki að svara h. 2. þm. Árn. (Þorl. Guðm.) viðvíkjandi því, að nefndin hafi haldið lengi bænaskránum, því formaður nefndarinnar (Sig. Gunnarsson) hefir þegar gjört það, en að eins skal jeg geta þess, að mjer er kunnugt um, að þær hafa verið lagðar fram í dag, og hafa því h. þm. haft jafnmikinn tíma til að athuga þær, eins og nefndin hefir haft til að athuga hinar mörgu breyt.till. þeirra.

Því var hreyft, að æskilegt væri að nefndin gæfi upplýsingar viðvíkjandi styrknum til útgerðarmannafjelagsins, og hvort komið hefði fram nákvæm áætlun. Nefndinni barst beiðni frá þessu fjelagi og áætlun, gjörð af manni, sem er vel skynberandi á slíkt, þó hún að vísu ekki væri gjörð af reglulegum verkfræðing. Af því að því var líka hreyft, hvar þessi skipakví ætti að

verða, þá skal jeg upplýsa það, að ætlazt er til að hún verði gjörð í Bessastaðatjörn. Jeg finn svo ekki ástæðu til að fara frekari orðum um þennan styrk, þar sem hjer ekki virðist vera um stórvægilegan ágreining að ræða; vona líka að atkvæðagreiðslan sýni, að mönnum hafi yfir höfuð fallið vel við till. nefndarinnar.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg ætlaði að eins að tala fáein orð viðvíkjandi styrknum til búnaðarfjelaganna. Það mundi kannske margur ætla, þar sem jeg er bóndi, að jeg þá mundi meðmæltur hækkun á þeim styrk, en það er ekki tilfellið. Jeg er ekki svo sjerlega spenntur fyrir miklum styrk. Jeg skal játa það, að jeg finn ekki ástæðu til að svipta búnaðarfjelögin þessum styrk, sem þegar er búið að veita, en mjer finnst heldur ekki ástæða til að hækka hann. Þegar fyrst var byrjað á að veita þenna styrk, þá var það gjört í þeim tilgangi, að fá búnaðarfjelög til að myndast og til þess að styrkja menn til að geta sannfærzt um, hvort jarðabætur borguðu sig. En nú eru búnaðarfjelögin orðin svo mörg, að lítil líkindi eru til að þeim fjölgi, nema þá að þau klofnuðu í sundur, sem yrði að eins til að sundra kröptunum. Þegar nú búnaðarfjelög eru komin um land allt og miklar jarðabætur hafa verið gjörðar, ættu menn að vera farnir að sjá, hvort það borgar sig eða ekki, og að halda áfram að kaupa menn til að gjöra jarðabætur, sem sýnilega borga sig, álít jeg alls ekki rjett; jeg álít því enga ástæðu til að hækka þenna styrk. Jeg þekki dálítið til búnaðarfjelaga og veit dæmi til að fjelag hefir flosnað upp, þrátt fyrir styrkinn. Líka þekki jeg fjelög, sem ekki eru annað en nafnið; menn, sem allt af hafa gjört jarðabætur og allt af mundu gjöra jarðabætur eptir sem áður, slá sjer saman til þess að geta fengið styrkinn. Jeg vil heldur ekki gjöra svo mikið úr þessum mörgu dagsverkum, sem vitanlega eru sum ekki nema hálft dagsverk og mega því einna helzt heita pappírsdagsverk. Til dæmis að kalla 10 ferh. faðma í þúfnasljettun dagsverk, sem alls ekki er meira en hálf dagsverk. Jeg kom í Ísafjarðarsýslu í vor og var þar þá mikið talað um eitt búnaðarfjelag, sem nú er um það flosnað upp. Einn mikill jarðabótamaður þar í sveitinni varð að pota sjer inn í fjelag í öðru hjeraði til þess að geta fengið styrk. Auðvitað hefði þessi sami maður gjört sömu jarðabætur, þótt hann engan styrk hefði fengið. Jeg get ekki sjeð, að það sje að miklu gagni, þegar menn eru að pota sjer inn í fjelög í öðrum hjeruðum, að eins til þess að ná í styrk. Dagsverkin verða reyndar fleiri í þessu fjelagi við það, að þessi maður úr öðru hjeraði bætist við, en jeg vil nú spyrja, hvort mönnum sýnist nú nokkur bót í þessu eða nokkur framför.

Nú er í ráði að stofnað verði eitt allsherjar búnaðarfjelag, og er auðvitað að stjórn þess á miklu hægra með að hafa eptirlit (control), en þingið á nú. Styrkurinn kemur nú alls ekki niður að maklegleikum opt og tíðum, sem stafar af því, að eptirlit vantar, en jeg gjöri ráð fyrir, að þetta allsherjar búnaðarfjelag mundi senda mann út um land og mundi þar af leiðandi geta haft ólíkt betra eptirlit.

Þegar jeg lít á styrkinn til landbúnaðarins í samanburði við það, sem veitt er til sjávarútvegsins, þá sje jeg að styrkur þessi er nógu mikill til þess, að menn telji hann eptir, en hann er þó sannarlega ekki eptirtöluverður, þegar maður miðar við það gagn og þær umbætur, sem af honum leiða.

Jens Pálsson: Það var einkum ræða

h. þm. Strand. (Guðj. G.), sem gaf mjer tilefni til að taka til máls. Jeg er sem sje alveg gagnstæðrar skoðunar á því, hvert gagn sje að styrk þeim, sem búnaðarfjelögunum er veittur. Það er sannfæring mín, og jeg held hvar sem maður heyrir alþýðu manna um það tala, að það sje yfir höfuð skoðun allra, að þessi styrkveiting hafi gjört ákaflega mikið til þess, að hvetja menn til að ganga í fjelagsskap til jarðabóta. Í þessum fjelagsskap fá menn svo vaxandi áhuga á jarðabótum, þar sem menn hljóta að sjá og sannfærast um þann arð, sem þær gefa af sjer.

Af því jeg sje að styrkveiting þessi ber margfaldan arð, felli jeg mig bezt við hæstu tillöguna.

H. þm. Strand. (Guðj. G.) tók það fram, að búnaðarfjelögin væru nú orðin svo mörg, að ekki væri líklegt, að þeim fjölgaði að ráði úr þessu, en jeg held að það sje langt frá því, að þau sjeu svo mörg, því búnaðarfjelög eru enn ekki komin á í nándarnærri öllum sveitum landsins, og þó að einstaka búnaðarfjelag bresti áhuga til að halda áfram starfsemi sinni, og sje um það bil að flosna upp, þá sannar það ekki neitt gagnvart öðrum fjelögum. Þegar jeg lít á það, að hið væntanlega allsherjar búnaðarfjelag muni sjerstaklega gjöra sjer far um, að hafa eptirlit með hinum öðrum búnarfjelögum, þá held jeg að vjer getum engan veginn búið betur í haginn fyrir það, en með því, að reyna að glæða áhuga manna sem mest til jarðabóta. Hvað því viðvíkur að eptirlit vanti með búnaðarfjelögunum, þá skal jeg geta þess, að sýslunefndirnar kjósa þó ákveðna menn til þess að mæla og meta gjörðir fjelaganna, og munu þá einkum kjörnir búfræðingar þeir, sem hafa áunnið sjer traust; það er því ekki rjett að segja að þau sjeu eptirlitslaus.

Svo að jeg minnist lítillega á járnskápana, þá get jeg ekki annað en hallast að þeirri skoðun, að amtmenn og sýslumenn að minnsta kosti sjeu svo vel launaðir, að þeim ætti ekki að vera ofætlun að leggja sjer þá til. En aptur á móti vil jeg að landssjóður leggi póstafgreiðslumönnum til slíkar hirzlur, því að þeir hafa sjálfsagt allt of lítla þóknun fyrir starfa sinn, starfa, sem ávallt fer vaxandi, og sem einkum hlýtur að fara vaxandi, ef útgefendur dagblaða taka upp á því að fela póststjórninni alla útsendingu þeirra og innheimtu á andvirði þeirra.

Viðvíkjandi breyt.till. við C. 6. d. um að byggt skuli hús handa vitaverði á Garðskaga, þá get jeg ekki annað en álitið þarft og rjett, að byggt sje hæfilegt íbúðarhús handa þessum manni, en það verð jeg að álíta sjálfsagt, að það verði gjört að skilyrði, að hann haldi húsinu við og skili því af sjer með úttekt. Og þar sem jeg verð að álíta, að viðunanlegt hús megi byggja fyrir 1500 kr., þá hallast jeg heldur að þeirri upphæð, enda má þá vænta þess, að honum verði þá síður ofvaxið að halda húsinu við.

Björn Sigfússon: Flestir, sem til máls hafa tekið, hafa minnzt á þessa járnskápa, en jeg hef ekki heyrt neinn minnast á eitt atriði þeim viðvíkjandi. Er það víst, að peningar, sem sýslumenn og aðrir starfsmenn hins opinbera hafa undir höndum, verði alveg óhultir, þótt þeir verði geymdir í þessum skápum, ef mikill eldsvoði kemur upp? Jeg held ekki. Jeg hef bæði heyrt sagt og skilst að svo hljóti að vera, að þessir skápar hitni svo mikið í miklum eldi, að peningaseðlar ónýtist í þeim. Járnið þarf ekki að hitna svo ákaflega mikið til þess að pappír sviðni, sem við það liggur, og hitni járnið svo, að á það komi eldslitur, þá kviknar í pappírnum. Það

er því auðsjeð, að peningum, sjerstaklega ef þeir eru í seðlum, er ekki betur borgið þar en annarsstaðar, nema skáparnir væru múraðir í steinvegg, en nú hagar óvíða svo til, að því verði við komið. Tilgangurinn næst því ekki með þessu. Jeg skal svo ekki tala fleira um þessa skápa. Það er búið að segja svo ógurlega margt um þá.

Jeg hefði ekki minnzt með einu orði á styrkinn til búnaðarfjelaganna, ef jeg hefði ekki heyrt ummæli h. þm. Strand. (Guðj. G.) um hann. H. þm. Dal. (J. P.) og fleiri h. þingdm. hafa svarað ýmsu í ræðu hans, en jeg vil þó bæta nokkru við. Það er, að jeg vona, einstæð skoðun, sem h. þm. Strand. (Guðj. G.) hefir á þýðingu þessa styrks, þar sem hann gjörir svo ákaflega lítið úr gagni hans. En jeg þori að fullyrða, að þó farið væri um landið þvert og endilangt, og bændur spurðir um, hvort þeir áliti að búnaðarfjelögin gjörðu lítið gagn, eða þessum styrk væri illa varið, þá mundi enginn sanna orð h. þingm. Strand. Alstaðar þar, sem jeg þekki til, er það viðurkennt, að þessi búnaðarstyrkur gjöri ákaflega mikið gagn. Hann bjóst ekki við, að búnaðarfjelögunum mundi fjölga, nema þau yrðu klofin eða skipt í sundur. Hvað það snertir, þá vil jeg fyrst benda á, að það eru mörg svæði, þar sem engin búnaðarfjelög eru, og má jeg spyrja: hví skyldu ekki fjelög geta myndazt á þessum stöðum? Í öðru lagi get jeg ekki skilið, að það sje neitt óheppilegt, þó fjelög klofni í tvennt. Þau tvö, sem þá myndast, fá ekki meiri styrk úr landssjóði, en það eina, sem þau myndast af, því styrknum er útbýtt eptir tölu þeirra dagsverka, sem unnin eru. Hann sagði, að mikið af þessum dagsverkum væri að eins á papírnum; það skil jeg ekki að sje rjett, nema hans reynsla sje þá allt önnur en mín og annara manna í því tilliti. Sýslunefndir þær, sem jeg þekki til, hafa það fyrir fasta reglu, að láta búfræðing skoða og meta jarðabæturnar í hverju fjelagi, og þær eru svo varkárar, að þær fela það ekki innanfjelags búfræðing, heldur utanfjelags. Menn segja hjer á bekknum í kringum mig, að þessari reglu sje líka fylgt hjer á Suðurlandi, og það bendir á, að þessi regla sje algeng. Ef skýrslur búnaðarfjelaga í Strandasýslu eru áreiðanlegar, þá hlýtur það að koma af óheppilegu vali skoðunarmanna. Það eiga ekki að geta komið á pappírinn önnur dagsverk, en þau, sem eru góð og gild, metin af óvilhöllum búfróðum mönnum. Hann tók sem dæmi þess, hvílíkt »humbug«, þessi dagsverkaflagning væri, að ekki væri nema 10 □ faðmar lagðir í dagsverkið í þúfnasljettun. Það getur verið, að h. þm. Strand. (Guðj. G.), sem er kallaður búfræðingur, og máske góður verkmaður, geti sljettað meira en þetta á dag, en jeg efast um að hann gjöri það, nema jörð sje því betri. Ef jörðin er mjög góð, þá getur fullgildur maður sjálfsagt afkastað meira en þessu, en jarðvegurinn er mjög misjafn, t. d. grýttur sumstaðar, og við ýmsa örðugleika að stríða, og því ætla jeg að það sje mjög hæfilegt að meðaltalið sje 10 □ faðmar dagsverkið.

Jeg hlýt að ganga út frá því, að ef búnaðarstyrkinum verður haldið, þá hvetji hann menn til jarðabóta, og verði til þess, að búnaðarfjelögum fjölgi, og þó hann verði hækkaður upp í 20000 kr., eins og stungið hefir verið upp á, þá muni raunin verða sú, að ekki komi meiri styrkur á hvert dagsverk en áður, meðan dagsverkin voru færri og styrkurinn lægri.

Þá vildi jeg að eins minnast á 34. tölulið á atkvæðaskránni. Mjer þykir til nokkuð mikils mælzt, að þingmenn

fari að greiða atkvæði með þeirri stóru upphæð, sem útgjörðarmannafjelagið í Reykjavík þar biður um, jafn illa og þetta skipakvíarmál er undirbúið og jafnókunnugir og þingmenn eru því, hvort nokkurt vit sje í þessu fyrirtæki.

Vegna undirbúningsleysis verð jeg að hika við, að greiða þessari fjárupphæð atkvæði mitt, þótt jeg játi, að hugmyndin sje mjög falleg.

Sighvatur Árnason: Jeg vildi að eins tala fáein orð út af ræðu h. þm. Strand. (Guðj. G.). Hann sagði, að búnaðarfjelögin gerðu ekkert eða lítið gagn. Þetta kannast jeg ekki við, að því er snertir þau hjeruð, þar sem jeg þekki til, og jeg þekki nokkuð vel til bæði í Árnes- og Rangárvallasýslum. Búnaðarfjelögin hafa þar alltaf starfað meira og meira að jarðabótum, og þar er þeim alltaf að fjölga. Hann minntist líka á, að skýrslur frá búnaðarfjelögum væru falsaðar eða rangar. Þessu mótmæli jeg fyrir mitt kjördæmi. Það er sú regla þar, að sýslunefndin fær búfræðing til að ferðast um og skoða og mæla jarðabætur fjelaganna. Hann gefur svo skýrslu fyrir hvert fjelag um sig, og eru þær skýrslur síðan lagðar með styrkbeiðninni til landshöfðingja, svo það er ekki rjett að segja þær falsaðar eða rangar.

Jeg vil spyrja h. þm. Strand. (Guðj. G.), hvað vill hann gjöra fyrir landbúnaðinn, úr því að honum er nauðugt að greiða atkvæði með þessum styrk til búnaðarfjelaganna?

Hann minntist á þetta allsherjar-búnaðarfjelag, sem í ráði er að stofna, og taldi það svo gilt og gott, og að þá mundi ekki þurfa að byggja á þessum skýrslum eða halda við hinum smáu fjelögum. En hvernig hugsar þingmaðurinn sjer að þetta allsherjar fjelag geti starfað, án þess að standa í sambandi við smærri fjelög, víðs vegar um landið? En þetta fjelag mun því líka verða að byggja á skýrslum hinna smærri fjelaga, og er þá víst, að þær verði svo úr garði gjörðar, að það megi fremur reiða sig á þær en skýrslur búfræðinga nú? Hvernig á að fá betri og áreiðanlegri skýrslur frá fjelögunum, en með því, að fá búfræðing til að semja þær eptir því, sem hann hefir skoðað og mælt það, sem unnið er? Gæti h. þm. bent á, hvernig skýrslurnar gæti orðið betri og áreiðanlegri, þá væri það mikið gott, án þess þó jeg álíti þess þörf eða að hann geti það.

Tryggvi Gunnarsson: Jeg hefði ekki beðið um orðið, ef h. þm. Húnv. (Bj. S.) hefði ekki minnzt á skipakvína og kvartað yfir því, að upplýsingar vantaði um nytsemi hennar og kostnað. Jeg get gefið þær upplýsingar, að það er nauðsynlegt að hafa stað fyrir þilskip, þar sem þau geta verið hættulaust yfir veturinn; eins og nú stendur, verða þau að liggja á víkum og vogum allan veturinn, þar sem ís og veður geta grandað þeim. Í öðru lagi er það nauðsynlegt að geta sett skipin á þurrt land öðru hvoru, af því, að hjer á Suðurlandi eru tvær ormtegundir í sjónum. Önnur tegundin nagar sundur trjeð að utan, en tegundin smýgur inn í trjeð og gjörir í það holur og ganga, eins og sjest í rekatrjám. Þessar dýrategundir eru ákaflega skaðlegar, enda hafa þær skemmt hjer skip, sem hafa legið á floti. Hin smáu skip eru sett á land á haustin, en hin stærri verða ekki sett á land, og verða því að vera á sjónum allt árið; þeim er því mest hætta búin af þessum smádýrum. En nú er stórum skipum óðum að fjölga hjer, svo það er bráðnauðsynlegt að sjá þeim borgið á þennan hátt.

Enn ein ástæða, sem hlýtur að mæla með þessari styrkbeiðni, er sú, að það er ákvæði í núgildandi fjárlögum eins

og líka í þessu frumv. um, að lána megi fje úr landssjóði til þilskipakaupa gegn ábyrgð í skipunum sjálfum. Þess vegna er það, að ef ekki verður sjeð fyrir því, að skipin verði sett á þurt land eða í hættulausa höfn, þegar þau ekki eru notuð yfir veturinn, þá verður landssjóður að eiga á hættu að lána fje til þilskipakaupa, sem eru í hættu, og ekki assureruð hálft árið.

Hitt er satt, að undirbúningurinn er ekki nægur, en það stafar beinlínis af því, að ekki var hægt að fá verkfræðing landsins til þess að skoða staðinn næstliðinn vetur, og gjöra áætlun yfir kostnaðinn; hann þóttist ekki hafa tíma til þess, eða vera við annað bundinn í hvert skipti, sem þess var leitað. En bót í máli er það, að nokkur trygging ætti að vera í því, að skipseigendur hjer ætla að leggja fram helming kostnaðarins; þeir fara varla að kasta fje sínu út í bláinn, eða byrja á verkinu, fyr en vissa er fengin. Ef fyrirtækið álízt ekki framkvæmanlegt, þá verður ekkert af því, og landssjóður þarf þá auðvitað ekki heldur að leggja neitt fje fram, og verður þá fjárveiting þessi ekki til útgjalda fyrir landssjóð, en sje hægt að byggja skipakvína fyrir 20,000 kr., álít jeg að þessum 10,000 kr. sje vel varið, og skipaútgerð við Faxaflóa til mikillar eflingar.

ATKVÆÐAGR.: 8. gr. frumv. óbreytt samþ. í e. hlj.

9. gr. frumv. óbr. sþ. í einu hljóði.

10. — A. frv. A óbreytt sþ. í einu hlj.

10. — frv. B, 1.—4. h. sþ. óbr. í e. hlj.

Nr. 18 á atkv.skrá samþykkt með 13 gegn 10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Einar Jónsson,	Klemens Jónsson,
Benedikt Sveinsson,	Guðl. Guðmundss.,
Björn Sigfússon,	Halldór Daníelsson,
Eiríkur Gíslason,	Jón Jensson,
Guðjón Guðlaugss.,	Jón Þórarinsson,
Jens Pálsson,	Ólafur Briem,
J. Jónss., þm. A-Sk.,	Sighv. Árnason,
J. Jónss., þm. Eyf.,	Skúli Thoroddsen,
Pjetur Jónsson,	Valtýr Guðmundss.,
Sigurður Gunnarss.,	Þórður Guðmundss.
Tryggvi Gunnarss.,	
Þórður Thoroddsen,	
Þorl. Guðmundsson.	

Nr. 19 á atkv.skrá samþ. með 12 : 7 atkv.

Nr. 20 á atkv.skrá fellur.

10. gr. C. 1.—2. samþ. með 21 shlj. atkv.

Nr. 21 á atkv.skrá samþ. í e. hlj.

10. gr. C. 3. samþ. með 22 samhljóða atkv.

10. gr. C. 4. a. 1.—3. samþ. í e. hlj.

Nr. 22 á atkv.skrá »3000 kr.« fellt með 14 : 6 atkv.

Nr. 22 á atkv.skrá »2500 kr.« samþ. með 13 : 9 atkv.

Nr. 24 á atkv.skrá þar með fallin.

10. gr. C. 4. c. samþ. með 21 shl. atkv.

Nr. 25 á atkv.skrá sþ. með 19 — —

10. gr. C. 4. d. — — 20 — —

Nr. 26 á atkv.skrá fellt með 13 : 5 —

— 27 - — — sþ. — 21 shlj.—

10. gr. C. 5. og 6 a—c samþ. með 22 samhljóða atkv.

Nr. 28 á atkv.skrá fellt með 15 : 7 atkv.

10. gr. C. 6. d. 1.—4. samþ. í e. hlj.

Nr. 29 á atkv.skrá fellt með 14 : 4 atkv.

Nr. 30 á atkvæðaskrá fellt með 13 : 4 atkv.

10. gr. C. 6 e 1.—4. sþ. í einu hlj.

N. 31 á atkvæðaskrá fellt með 15 : 8 atkv.

10. gr. C. 6. f. sþ. í einu hlj.

Nr. 33 á atkvæðaskrá samþykkt með 19 samhljóða atkv.

10. gr. C. 7. sþ. með 22 samhlj. atkv.
Nr. 32 á atkv.skrá sþ. með 21 shl. atkv.
— 34 - —— — — 16 — --
— 35 - —— — í einu hlj.
— 36 - —— — með 20 shlj. atkv.
10. gr. frv. samþ. í einu hlj.

Tuttugasti og sjöundi fundur, laugardag 31. júlí, kl. 11 f. h. Allir á fundi.

Frumv. til fjárlaga fyrir árin 1898 og 1899 (C. bls. 1, 148—atkvæðaskrá — og 338); framh. 2. umr.

III. kafli.

11.—12. gr.

Framsögumaður (*Jón Jónsson*, 2. þm. Eyf.): Það eru að tiltölu fáar breyt.-till. við þann kafla fjárlaganna, sem hjer liggur fyrir til umræðu. Áður en jeg fer út í hinar einstöku greinir, vildi jeg vekja athygli á því, að hækkun sú, sem breytingartill. þessar valda í gjöldum landssjóðs, ef þær yrðu samþykktar, nema alls 47,850 kr. Þar af kemur meiri hlutinn á 12. gr. eða 40150 kr., en hitt eða 7700 kr. á 11. gr. Breytingartill. nefndarinnar fara fram á, að greinar þessar hækki um nálægt 7 þús. krónur, en einstakir þingmenn stinga upp á ýmsum breytingum, sem hækka greinar þessar um nálægt 40,000 kr. Við atkvæðagreiðsluna í gær hafa út gjöldin hækkað um 32,800 kr., svo að yrðu allar þessar breytingar samþykktar, mundi það auka útgjöldin um rúmar 80,000 krónur.

Þegar jeg sný mjer að hinum einstöku greinum frumv., verður fyrst fyrir mjer 11. gr. 2. töluliður. Verður að likindum ástæða til að breyta þessum tölulið, en nefndin gat ekki komið með tillögur í þá átt að svo stöddu, meðan frumv. um skipun læknahjeraðanna er ekki útkljáð.

Fyrsta breytingartill. nefndarinnar við 11. gr. er sú, að 4. töluliður, til 3 læknisferða á ári til Eyjahrepps, Múla- og Gufudalshrepps í Barðastrandarsýslu, skuli falla burtu. —

Jeg þarf ekki að mæla með þessari breytingartill., því það leiðir af sjálfu sjer, að fjárveiting þessi falli niður, þar er læknir er þegar skipaður á þetta svæði.

Næsta breytingartill. nefndarinnar er orðabreyting við athugasemdina, sem leiðir af sjálfu sjer, þegar 4. liður er felldur burt.

Næsta breytingartill. nefndarinnar er við 11. gr. 6. tölul., að í staðinn fyrir 1000 kr. 1000 kr. = 2000 kr. til tannlæknis í Reykjavík komi 750 kr. hvort árið eða alls 1500 kr. Í nefndarálitinu er gjörð grein fyrir breytingartill. þessari, og byggir nefndin hana á því, svo sem sjá má af nefndarálitinu, að tannlækninum ætti að nægja hálf meðalhjeraðslæknislaun, sjerstaklega, þegar þess er gætt, að tannlæknir sá, er var hjer áður, hafði töluvert lægri þóknun. Þó er nefndinni þetta ekkert kappsmál og mundi hún sætta sig við, þó hin hærri fjárveiting yrði ofan á, enda er ef til vill ýmislegt athugavert við tillöguna, t. d. að tannlæknirinn sætti sig ekki við minni fjárupphæðina, og sækti um eitthvert læknisembætti, sem hann er »kvalificeraður« til. Að öðru leyti verður nefndin þó að halda fram tillögu sinni í þessu efni.

Næsta breytingartill. er og frá nefndinni undir 41. lið á atkvæðaskránni, 11. gr., um, að á eptir 6. tölulið sje bætt við nýjum lið, er verði 7. liður, um að læknum sje árlega veittur 600 króna styrkur til utanferða, svo þeir gætu kynnt sjer ýmislegt, er liti að mennt þeirri, er þeir hafa numið, svo að þeir yrðu betur að sjer í henni en áður. — Þessi tillaga kemur fram eptir uppá-

stungu læknafundarins í fyrra, en þar var farið fram á hærri upphæð, en hjer, eða 1500 kr., en nefndin leggur til, að hinn sami 600 kr. styrkur sje veittur árlega, og að landshöfðingi úthluti styrk þessum eptir tillögum landlæknis. — Læknafundurinn hafði hugsað sjer, að læknar þeir, er utan færu í þessu skyni, yrðu þrátt fyrir þennan litla styrk, að kosta sig sjálfir að mestu leyti til farar innar. — Álítur nefndin tillögu þessa heppilega og ræður háttv. deild til að samþykkja hana.

Næstu breytingartill. eru 3 viðauka tillögur. Eru 2 þeirra frá nefndinni, en hin þriðja frá h. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) Fara þær allar í sömu átt, nefnilega, að veita fje til spítala á Akureyri, Seyðisfirði og Ísafirði. Nefndin álítur rjett, að styrkja alla þessa spítala, og hallast því að tillögu h. þm. Ísf. (Sk. Th.). Hingað til hefir spítalinn á Akureyri ekki notið nema 400 króna styrks úr landssjóði á ári, og hefir þó staðið þar í mörg ár, og gjörir nefndin því enga breytingartill. við þessa styrkveiting. Til spítala, þess, sem nú á að reisa á Seyðisfirði, leggur nefndin til að veitt sje 1200 kr. fyrra árið, til byggingar spítalans og 400 kr. síðara árið, til viðhalds honum og annars kostnaðar. — Nefndin leggur aptur á móti til, að til spítalabyggingarinnar í Eyjafirði sjeu veittar 5000 kr. fyrra árið. Hefir stjórn spítalans sótt til þingsins um 10,000 kr. styrk í þessu skyni, og fylgja umsókn þessari mörg skjöl og skilríki, reikningsáætlanir yfir kostnaðinn við byggingu na, og 2 uppdrættir af hinni tilvonandi spítalabyggingu. Svo sem sumum h. þingdeildarmönnum er kunnugt, er nauðsynlegt að endurbyggja spítala þennan, en til þess útheimtist mikið fje eða eptir lægri áætluninni 12 þús. kr., en eptir hinni hærri 20 þús. kr., og þó lægri áætluninni væri fylgt, og landssjóður legði til 5 þús. kr., mundi þó enn þurfa æði mikið fje, sem hlutaðeigandi sýslunefndir og amtsráð og bæjarstjórn Akureyrar kaupstaðar verða að leggja til eða útvega.

Grundvallarskoðun sú, sem nefndin fylgir í þessu efni, er sú, að rjett sje að styðja einn góðan spítala í hverjum landsfjórðungi, og á því eru þessar tillögur hennar byggðar, og í samkvæmni við það fellst hún á tillögu h 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) um styrk til spítala á Ísafirði.

Þá er 11. gr. fjárlaganna lokið og komið að 12. greininni. Þar verða fyrir miklu hærri og stærri breytingartill. — Eins og jeg gat um áðan, fara breyt.-till. þessar fram á aukna fjárveitingu um 40,000 kr., og eru 6900 kr. af þeim frá nefndinni, en 32,900 kr. frá öðrum þingmönnum. Fara breytingartill. þessar í þá átt, að auka fje það, sem varið er til vegagjörða og samgöngubóta.

1. breytingartill. er frá nefndinni við 12. gr. A. 3. f., að fyrir 100 kr. hvort árið til brjefbera í Reykjavík komi 50 kr. hvort árið. Með því hjer er um svo ákaflega litla upphæð að ræða, virðist ekki kostandi miklum tíma til að fara um hana mörgum orðum.

Næsta breytingartill. er frá h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. Guðm.) um að veittar sjeu allt að 1500 krónum hvort árið til verkfróðs aðstoðarmanns við hinar minni samgöngubætur. Jeg tel víst, að h. þingm. komi síðar með rökstuddar ástæður fyrir tillögu þessari, og læt mjer því nægja í þetta sinn, að geta þess, að mjer er óhætt að fullyrða, að síðar komi fram tillögur frá nefndinni um að veita fje til aðstoðarmanns við hinar vandameiri samgöngubætur, svo sem til þess að skoða brýr og brúarstæði, og gera áætlanir um þau mannvirki.

Alítur nefndin í brúamálinu að sú tillaga sje mikils virði, og yrði þá þessi tillaga, sem hjer liggur fyrir, óþörf, ef hin gengi í gegn, því þá hefði vegfræðingur landsins meiri tíma til að gefa sig við hinum vandaminni samgöngubótum. Nefndin verður því af þessum ástæðum að vera að svo stöddu á móti þessari breytingartill. h. þm. V. Skaptf. (Guðl. Guðm.), þó hún álíti, að hún sje að öðru leyti á góðum rökum byggð.

Næst kemur breytingartill. nefndarinnar við 12. gr. B b. í frumv. um að varið sje 100,000 kr. bæðin árin til flutningabrauta. Ræður nefndin til að til þeirra sje að eins varið 75,000 kr. á fjárhagstímabilinu, en skiptist þannig niður, að fyrra árið sje veittar 60,000 kr. og 15,000 kr. hið síðara. Grundvallarástæður þær, er meiri hluti fjárlaganefndarinnar byggir þetta á, er að finna í nefndarálitinu. Vill meiri hluti nefndarinnar ekki leggja nýjar flutningabrautir, sem ekki er byrjað á, að svo stöddu, svo sem flutningabraut þá, sem fjárlagafrumv. gjörir ráð fyrir að lögð verði næsta ár frá Blönduós vestur Húnavatnssýslu. — Er nefndin á móti fleiri slíkum flutningabrautum að svo stöddu, fyrr en reynslan hefir sýnt, að þær komi að tilætluðum notum. Með því fje, sem hefir gengið og gengur til þeirra, mætti gjöra ákaflega mikið til umbóta á þjóðvegum, sem enn meir mundu efla almennings gagn. — Til flutningabrauta, þjóðvega og fjallvega leggur nefndin til að varið sje álíka fje, og farið er fram á í stjórnarfrumv., eða að eins 2000 kr. minna, en nokkuð öðru vísi skipt, þannig, að minna gangi til flutningabrautar, en meira til þjóðvega og fjallvega. Samkvæmt þessari grundvallarsetningu hlýtur meiri hluti nefndarinnar að vera á móti breyt.till. h. 1. þingm. Eyf. (Kl. J.) um, að varið sje 20,000 kr. fyrra árið til flutningabrautar fram Eyjafjörð, því nefndin ætlar, að fje það, er hún vill leggja til flutningabrauta, gangi allt til að fullgjöra flutningabrautina vestan yfir Þjórsá austur á Rangárvöllu, og til að leggja flutningabrautina upp Árnessýslu frá Eyrarbakka upp að Ölfusárbrú, með því skilyrði, að 12,000 kr. sje varið úr sýsluvegasjóði Árnesinga til brautar þessarar. En væru 20,000 krónur teknar til flutningabrautar í Eyjafirði fyrra árið af þeim 60,000 kr., sem ætlaðar eru til flutningabrauta það ár, mundi vegurinn austur á Rangárvöllu eigi verða fullgjör, og verður nefndin því að vera á móti því, að nýjum flutningabrautum sje bætt við, því það væri hart fyrir hlutaðeigandi hjeruð, et hætt væri við flutningabrautirnar hálfgjörðar, þó það sje líka óneitanlega hart fyrir þau hjeruð, að fá ekki brautir þessar, þar sem lögin gjöra ráð fyrir, að þær sjeu lagðar.

Þetta atriði er mjög íhugavert mál, og ímynda jeg mjer, að h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) og fleiri h. þingdeildarm. taki til máls um þetta efni.

Þá hefir nefndin komið fram með það nýmæli, að landssjóður leggi tveim sýslufjelögum fjárstyrk til vegabóta á sýsluvegum, n.fl. í Snæfellsness- og Strandasýslu. Reyndar get jeg búizt við, að þau mótmæli muni koma fram gegn fjárveitingum þessum, að þá muni fleiri sýslufjelög á eptir fara, og þessi tvö sýslufjelög fara fram á meiri fjárveitingu úr landssjóði í sama skyni; þá sje opnaður vegur fyrir nýja fjárkröfu úr landssjóði, en við það er aðgætandi, að skilyrðin eru svo þröng fyrir fjárveitingum þessum, að ekki eru líkindi til, að mörg sýslufjelög mundu vilja kosta til að uppfylla þau, og þar að auki eru hvorki flutningabrautir nje þjóðvegir í sýslum þessum, og fá þær því ekkert fje úr landssjóði til vegagjörða, og er þar þó um langa og örðuga vegi að

ræða, og virðast því fjárveitingar þessar á sanngirni byggðar. Öðru máli er að gegna um viðaukatill. frá h. þm. A.-Skapt. (J. J.) um 3000 kr. styrk til vegagjörðar á sýsluvegi þar í sýslu og viðaukatill. frá h. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) um 2000 kr. styrk til sýsluvegagjörðar á Breiðadalsheiði í Ísafjarðarsýslu, sem þeir leggja til að bundið sje sömu skilyrðum sem fjárveitingarnar til Snæfellsness- og Strandasýslu. — Þjóðvegur liggur eptir endilangri Austur-Skaptafellssýslu, og því eru ekki hin sömu skilyrði þar fyrir hendi, eins og þar, sem um enga þjóðvegi er að ræða. Í Ísafjarðarsýslu hagar aptur á móti svo til, að þar er lítið um sýsluvegi, því að flestir flutningar fara þar fram á sjó, og hvað Breiðadalsheiði sjerstaklega snertir, þá hefir mjer verið skýrt svo frá af kunnugum mönnum þar vestra, að snjór liggi á henni mikinn hluta árs, og sje hún þá alls ekki farin, en þann stutta tíma, sem hún sje auð, sje mjög lítil umferð um hana, enda ekki um miklar torfærur að ræða. — Nefndin verður því að mæla á móti báðum þessum breyt.till., nema hún fái svo góðar upplýsingar, að þær sannfæri hana um, að till. þessar sjeu á góðum og gildum rökum byggðar.

Þá er jeg kominn að stærstu breyt.-till. Það er till. h. 1. þm. Skagf. (Ó. Br.) um að 25000 kr. sjeu veittar til að brúa Vestari Hjeraðsvötnin. Hjer er um svo mikla fjárupphæð að ræða, að nægileg ástæða er til þess, að hugsa sig vel um, áður upphæð þessi sje veitt. Auk þess hefir nefndin ekki getað komizt að neinni niðurstöðu um, hvað verkið mundi kosta í heild sinni, eða hvað þessar 25 þús. kr. næmu miklu af öllum kostnaðinum. Í því efni vil jeg bíða eptir upplýsingum flutningsm. till. þessarar. — Að eins vil jeg þó geta þess, að sökum ónógs undirbúnings mun nefndin í brúamálinu leggja til, að brúagjörðum þeim verði frestað, sem hún á að segja álit sitt um, og væri því ósamkvæmni að veita fje til brúargjörðar þessarar, sem ekki mun vera betur undirbúin en hinar, og verður hún því að falla með þeim þar sem málið virðist ekki nægilega undirbúið, enda þótt hlutaðeigandi sýslufjelag taki á sig einhvern hluta kostnaðarins.

Þá er að eins eptir ein breyt.till. frá h. þm. Dal. (J. P.) um, að veittar sjeu 250 kr. til brúargjörðar á eina á í Dalasýslu, móti 1000 kr. annarstaðar að. Jeg veit ekki um skoðun nefndarinnar um fjárveiting þessa, þar sem nefndin hefir ekki haft hana til yfirvegunar, en mjer fyrir mitt leyti virðist fjárveiting þessi svo hófleg, að ekki sje ástæða til að synja henni um samþykki.

Þá er jeg búinn að minnast á breyt.-till. þær, sem liggja fyrir við 12. gr.; en þar eru fleiri útgjaldaliðir, sem nauðsynlegt er að átta sig á, t. d. undir staflið C., útgjöldin til gufuskipa- og gufubátaferða. Svo sem getið er í nefndarálitinu, gat nefndin ekki tekið mál þetta til yfirvegunar, áður en nefndarál. væri prentað, þar sem manns þess, er von var á að kæmi að semja við þingið um gufuskipaferðirnar, var ekki von hingað fyr en 28. þ. m., og þótt maður þessi sje nú kominn hingað, hefir nefndin þó ekki haft tækifæri til að semja svo við hann enn, að hún geti komið með nýjar tillögur við staflið þennan við þessa umr., og verður því nauðsynlegt að samþykkja þennan tölulið, eins og hann liggur fyrir í frumv. við þessa umr., — sem síðan yrði breytt eptir því, sem þurfa þætti við 3. umr. — Ef til vill væri ástæða til að taka gufuskipaferða-málið til umræðu í dag, en jeg læt mjer þessi orð nægja að sinni.

Eptir er þá að eins staflíður D., þar sem farið er fram á að veita fje ti

frjettaþráðar milli Íslands og útlanda, síðara árið. Fjármálanefndin og samgöngumálanefndin eru einnar skoðunar um, að rjett sje að veita fje til að styðja þetta fyrirtæki, en þær álíta og nauðsynlegt, að veitt verði fje til undirbúnings málinu, svo það geti fengið greiðari framgang, ef »telegraf«-samband á að vera komið á milli Íslands og útlanda árið 1899, svo ekki standi á oss í þessu efni. Hafa því hlutaðeigandi nefndir gjört ráð fyrir, að koma síðar fram með till. í þá átt að veitt verði fje á fjárlögum þessum til undirbúnings málinu og rannsókna þeirra, er nauðsynlegar væru í því efni hjer á landi, því jafnframt og »telegraf»-samband myndaðist milli vor og útlanda, þyrfti að koma hinum ýmsu hlutum Íslands í »telegraf«-samband innbyrðis. Það væri líka, ef til vill, ráðlegt að setja það skilyrði við fjárveitinguna til »telegrafsins«, að Ísland væri komið í »telegraf«-samband við útlönd innan ákveðins tíma. Flýtti það vonandi fyrir málinu, því hugsazt gæti, að »telegraf«-fjelag það, sem helzt lítur út fyrir að verði sinnt, hafi komið með tilboð sitt til að bola aðra frá, þar sem fleiri tilboð lágu fyrir, og væri því rjett, að ákveða með fjárveitingunni, að fjeð sje því að eins veitt, að framkvæmd verksins dragist ekki lengur en t. d. 2 ár, og að Ísland sje komið í »telegraf« samband við útlönd ekki síðar en árið 1900.

Landshöfðingi: Jeg hef yfir höfuð ekkert að athuga við till. nefndarinnar við 11. gr., nema hvað jeg hefði heldur óskað að fjárveitingin undir 6. tölulið — styrkurinn til tannlæknis — fengi að standa óbreyttur. Hinn núverandi tannlæknir hefir embættis-próf í læknisfræði og er því fær um að sækja um læknisembætti og verða skipaður læknir. Verði tannlæknisstyrkurinn færður niður, kynni að mega óttast að tannlæknirinn geti ekki haldizt hjer við, því að menn eru ekki vanir því hjer að borga hátt fyrir læknishjálp, og því hætt við að tekjur hans af störfum sínum verði harla rýrar, enda þótt nokkuð margir leiti hans. En ef einn einasti tannlæknir gæti ekki haldizt hjer við, væri þó óneitanlega mikil eptirsjá í því.

Aðalatriðið í 12. gr. er breyt.till. nefndarinnar við B, b—d, um fje til vegagerða, og er jeg þar alveg samþykkur till. nefndarinnar. Það er sjálfsagt rjett að biðloka nú við 1 eða 2 fjárhagstímabil með frekari lagning flutningabrauta, en verja heldur meira til póstveganna, og það því fremur, sem víða er þörf á alvegum nýjum vegum. En þó tel jeg sjálfsagt að fullgera þær flutningabrautir, sem þegar er byrjað á og fast ákveðið orðið, svo sem er aðalbrautin austan fjalls austur í Rangárvallasýslu. Það gæti legið nokkur vafi á, hvernig skilja eigi lögin um það, hve langt austur brautin ætti að ná. Varla getur verið umtalsmál um að enda brautina á Þjórsárbakkanum, því að þá gæti varla heitið að hún næði austur á Rangárvelli. Sjálfsagt álít jeg og að verja fje til vegstúfs frá Eyrarbakka upp að Selfossi. Líklega mætti nægja, ef gerður væri góður þjóðvegur yfir Ásana.

Viðvíkjandi þjóðvegum koma ummæli nefndarinnar vel heim við frv. stjórnarinnar. Þótt nefndin hafi sleppt að nefna Dalasýslu, þá skil jeg það ekki svo, sem nefndin sje mótfallin, að haldið sje áfram þar með vegagerð þá, sem þar er byrjuð. Þar er nú verið að halda áfram með vegagerð í sumar og verður henni væntanlega fullokið næsta sumar. Það væri því mjög óþægilegt að þurfa nú að hætta við ó-

fullgjört verk við áramótin, þegar svo lítið er eptir, til þess að verkinu sje fulllokið.

Svipað er með aðalpóstveg á Norðurlandi; þar er til ætlað að taka fyrir Vatnsskarð næsta ár, og sömuleiðis er fyrirhugað að verja talsverðu fje til vegagerða í Suður-Múlasýslu.

Þar sem nefndin nefnir veg með fram Hrútafirði að austan, þá er jeg í nokkrum vafa um, hvernig það eigi að skilja. I vegalögunum er talað um flutningabraut frá Blönduósi vestur Húnavatnssýslu. Þetta hef jeg skilið svo, að brautin ætti að ná vestur á sýslumót, að Hrútafjarðará. Það gæti nú verið talsmál um, að byrja þessa braut frá báðum endum í senn. En það væri æskilegt að heyra skýring h. þm. á því, hvort rjett mundi að verja póstvegafje til þessa.

Þegar jeg sá nefndarálitið, þóttu mjer í fyrstu hinar stórvægilegu fjárveitingar til sýsluvegagerðar býsna háar, en við nánari íhugun hef jeg fallizt á að ástæður nefndarinnar fyrir þessu sjeu fullnægjandi.

Till. h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) á tölulið 47, um laun til verkfróðs aðstoðarmanns, álít jeg sjerstaklega nauðsynlegt að samþykkja, ef breyt till. á tölul. 53 verður samþykkt, og því fremur, ef tölul. 54 - 56 verða samþykktir. Vjer höfum nú til æfða verkstjóra, sem geta tekið að sjer hverja almenna vegagerð, auðvitað að undanteknum hinum dýrustu stórbrúm.

Jón Jónsson, þm. A.-Sk.: Breyt.till. á þingskj. 253, tölulið 54 á atkvæðaskránni, um 3000 kr. styrk til sýsluvegagerðar í Austur-Skaptafellssýslu, hef jeg komið fram með af því, að h fjárlaganefnd hefir ekki viljað taka til greina beiðni í þá stefnu, og hefir hún borið fyrir að þjóðvegur liggi eptir endilangri sýslunni. En það er nú sá hængur á því, að þessi þjóðvegur er að mestu leyti að eins papp'rsvegur. Þegar lítið sem ekkert er gjört við hann, af því að fje fæst ekki til hans, þá er sýslunni harla lítið gagn í því, þó þjóðvegurinn sje ákveðinn á papp'rnum eptir vegalögunum. Þessi sýsla hefir frá öndverðu farið varhluta af öllum samgöngubótum á sjó, þar til loks að »Bremnæs« kom til sögunnar, því það kemur þar á eina höfn, Hornafjarðarós; en því fremur er þá ástæða til fyrir þingið að gera sýslubúum auðið að nota þessa einu höfn. Svo hagar til, að vegurinn frá Hólum og út að karpstaðnum má heita algerlega ófær; það eru tómar mýrar og keldur, og ein þó miklu verst; þar er brúarnefna úr torfi og grjóti, en svo hagar til, af því flatlendi er mikið, að sjórinn brýtur hana sítellt og ónýtir. Þar er því þörf á nýrri trjebrú, sem talað er um að kosta muni 14—1600 kr. Þessi kostnaður er alveg ofvaxinn sýsluvegasjóði, því að hann er tekjulítill, enda hvíla ýmsir sýsluvegir á honum, og svo hefir sýsluvegagjaldinu verið varið til að styrkja gufubátsferðirnar. Þessar ástæður finnst mjer hljóti að vega svo mikið á móti því, sem nefndin hefir til fært, að jeg vona að þingdeildin líti á nauðsyn sýslubúa og veiti þetta fje. Það er nokkuð öðru máli að gegna um sumar aðrar sýslur, sem njóta svo stórmikilla hagsmuna af sjóleiðarsamgöngum; og segi jeg þetta þó ekki af því, að jeg sje mótfallinn styrknum til hinna sýslnanna, sem tillögur eru fram komnar um.

Út af því, sem hæstv. landsh. sagði um vegabætur, sem gerðar mundu verða að ári í Suður-Múlasýslu, get jeg sem kunnugur vottað það, að það er hin brýnasta þörf á að gera við þjóðveginn í suðurhluta þeirrar sýslu.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg vil

minnast á breyt.till. mína á tölul. 47, og er jeg þakklátur hæstv. landsh. fyrir meðmæli hans með henni. Vjer vitum að vegfræðingur landsins er að eins einn maður og er alveg óhugsandi, að hann geti komizt yfir allt slíkt, sem fyrir getur komið við hinar minni háttar vegagerðir, þótt hann væri allur af vilja gerður og hinn mesti grjótpáll. Það er líka alveg óþarfi að kosta upp á svo dýran mann, sem lærðan og prófaðan verkfræðing, til svo vandalausra verka, sem að mæla lengd og halla, þegar leggja á veg, þar sem litlar mishæðir eru. Margir af þeim mönnum, sem árum saman hafa verið verkstjórar við vegagerðir landssjóðs, hafa nú fengið þá æfingu, að þeir eru fullfærir til slíks, og til að leiðbeina mönnum yfir höfuð við almennar vegagerðir og minni háttar brúargerðir. En af því að verkfræðingur landsins er að eins einn maður, sem ekki getur verið nema á einum stað í einu, er afleiðingin sú, að mikill hluti landsins fer alveg á mis við allar leiðbeiningar við vegagerðir. Fyrir það sama verður margt af því, sem gert er, dýrara, ótraustara og óhagkvæmara, heldur en menn nytu leiðbeiningar æfðs manns; og mörg vegabótafyrirtæki þora menn alls ekki að ráðast í, af því þá vantar nauðsynlega leiðbeiningu. Svona hagar til í Skaptafellssýslum og jeg efast ekkert um það, að líkt muni standa á víðar. Austur-Skaptafellssýsla var í vor að ráðgjöra, að ráðast í vegagerð, sem sjerstök framlög þurfti til og jeg hygg að menn hefði ráðizt í það, ef kostur hefði verið á áreiðanlegri áætlun um kostnaðinn. En það er of dýrt fyrir einstaka sýslu að þurfa að sækja dýran lærðan mann suður til Reykjavíkur til að álíta hvern lítinn vegarspotta, og svo er auk þess ómögulegt að fá manninn.

Sumir kynnu nú að hugsa, að úr því þessir verkstjórar eru ráðnir við landssjóðsvegagerð hvort sem er, þá gæti landsh. í viðlögum tekið einn og einn þeirra frá því verki og sent hann út í sýslur til að gefa mönnum slíkar leiðbeiningar. En það mundi þykja viðsjárvert að senda verkstjóra í slíka ferð og greiða kostnaðinn af fjárlagalið, sem til annars er veittur. Jeg verð því að leggja mikla áherzlu á, að þessi liður verði samþykktur, því það getur orðið til stórmikilla gagnsmuna.

Jeg get ómögulega sjeð, að þingdeildin geti tekið tillit til þess, þó verið sje að gera hjer einhvern óákveðinn ávæning um einhverjar tillögur, sem síðar sjeu væntanlegar frá brúarmála-nefndinni. Það er býsna einkennilegt af hinni h. fjárlaganefnd, að draga að koma fram með ákveðnar tillögur sínar, þangað til of seint verður fyrir einstaka þm. að geta komið að breyt.till., og vera svo að reyna að slá menn af laginu með slíkum óákveðnum orðum. Það lítur út eins og tilraun til að hindra eða rýra tillögurjett einstakra þm. um fjárlögin og álít jeg slíkt ekki rjetta aðferð, ekki »fair play«.

Jeg vil styðja breyt.till. þm. A.-Sk. (J. J.) á 54. tölulið, um styrk til vegar að Hornafjarðarósi. Þar er nýbyrjað að reisa verzlun. Jörðin, sem kaupstaðurinn stendur á, er landssjóðseign, en vegurinn þangað ófær. Verzlunarstæði og höfn þar er ein með þeim betri á öllu landinu eptir dómi skipstjórans á »Vågen« og Otto Wathnes sjálfs. Þar hlýtur og óefað að koma upp talsvert fiskipláss, og eptir því, sem þessi verzlunarstaður eykst, hækkar landeign landssjóðs í verði. Þar má heita eintómt graslendi allt í kring, og land mjög vogskorið, svo að sjóleiðin verður nærri sjálfgerð flutningabraut heim að hverjum bæ við sjóinn. Úr því landssjóður á annað borð skiptir

sjer af sýsluvegum, þá mælir sannarlega mikið með þessum, og væri sanngjarnt að landssjóður legði að minnsta kosti helming til á móti sýslunni, því fremur sem sýslufjelagið er heldur fátækt, en hjer um lítilræði eitt að ræða fyrir landssjóð.

Um aðrar breytingar við 12. gr. finn jeg ekki ástæðu til að tala sjerstaklega. Jeg býst við að fylgja þar yfirleitt tillögum nefndarinnar.

Ólafur Briem: Það er eitt atriði í tillögum fjárlaganefndarinnar, sem jeg skil ekki vel í, og það er viðvíkjandi flutningabrautunum. H. framsögum. (J. J.) tók fram, að það væri meining nefndarinnar að leggja ekki mikið fje til þeirra að svo stöddu. Er það þá meiningin að enginn leggi fje til þeirra, eða er það meiningin að sýslufjelögin gjöri það? Jeg ímynda mjer nú að sýslufjelögin muni kann ske verða treg til að leggja mikið fje til þeirra, meðan það ákvæði vegalaganna 13. apríl 1894 stendur óhaggað, að landssjóður eigi að bera allan kostnað við lagning flutningabrauta. Mjer finnst, að ef veruleg stefnubreyting á að koma fram hjá þinginu frá því, sem verið hefir, að þá verði líka að breyta lögunum. Getur verið það væri heppilegt, að sú stefna væri tekin upp, að landssjóður kostaði þær að nokkru og sýslufjelögin að nokkru, því að með því fengist má ske betri trygging fyrir því, að þar yrði fyrst bætt úr, sem mest væri þörfin, og þar sem sýslufjelögin sýndu að þau vildu leggja fje til.

Breyt.till. mín á þingskj. 254 fer fram á að veittar verði úr landssjóði 25000 kr. til brúargjörðar á Vestri-Hjeraðsvötn. Árið 1893 voru veittar 5000 kr. til brúargjörðar á Eystri-Hjeraðsvötn, og er því það, sem hjer er farið fram á, að skoða sem áframhald af þeirri veitingu. Brúin á Austurvötnin kemur heldur ekki að fullum notum fyrri en Vesturvötnin eru brúuð líka. Vegur sá, er hjer ræðir um, er fjölfarinn, liggur að aðalkauptúni sýslunnar, Sauðárkrók, og enn fremur aukapóstleið frá Viðimýri til Siglufjarðar, þar sem opt er talsverður flutningur. Það kom fram í ræðu h. framsögum., að áætlunin á kostnaði við brúna væri ekki nægilega undirbúin, en hjer hagar svo til, að afstaðan er alveg sú sama sem við Austurvötnin, og var sú reynsla, sem áður var fengin við brúargjörð á þeim, höfð til leiðbeiningar við þessa áætlun og lögð til grundvallar fyrir henni, enda eru báðar áætlanirnar gerðar af sama manni, dbrm. Einari Guðmundssyni á Hraunum, sem, eins og alkunnugt er, hefir fengizt mikið við brúargerðir bæði í Skagafirði og víðar á landinu. Fyrri áætlunin reyndist alveg rjett, og því fremur er ástæða til að treysta því, að svo muni einnig verða um hina síðari, þar sem hún styðst við þá reynslu, sem þegar er fengin. Hjer er enginn annar munur en sá, að lengdin á Vesturvatnabrúnni er talsvert meiri, 650 al., í stað þess að Austurvatnabrúin er að eins 130 al. á lengd. Kostnaðurinn við brú á Vesturvötnin er, eins og stendur í áætlan þeirri, sem fjárlaganefndin hafði fyrir sjer, áætlaður 33218 kr. Af þessum kostnaði vill nú sýslunefndin leggja fram 1/4 hluta á móti 3/4 úr landssjóði. Það mætti kann ske segja sem svo, að úr því að sýslubúum sje þetta svo mikið áhugamál, þá gæti sýslan tekið lán. En þó að lán fengist og það með þeim beztu kjörum, t. d. til 28 ára, þá yrði afborgunin þó nálægt 2000 kr. á ári, og fyrir sýslufjelag, sem árlega hefir mikinn kostnað af viðhaldi á mörgum brúm, sem áður hafa verið byggðar, hlyti slík gjaldabyrði að

verða mjög tilfinnanleg og auk þess verða því til tálmunar, að sýslan geti haldið áfram framkvæmdum sínum til samgöngubóta, sem þegar er búið að leggja svo mikið í sölurnar fyrir. Það sýnist heldur ekki óeðlilegt, að þingið og sýslufjelögin vinni að sama takmarki. Sú skoðun hefir líka opt komið fram, að því fje, sem veitt er til stórra nytsemdar-fyrirtækja, sje betur varið en því, sem bútað er niður í smábitlinga. Jeg verð að treysta því, að hin h. þingd. viðurkenni, að hjer sje að ræða um gott mál og þarflegt. sem vert sje að styrkja með ríflegu fjárframlagi.

Eiríkur Gíslason: Það stendur ekki eins á fyrir mjer og mörgum öðrum h. þingdm., að jeg eigi breyt.till., svo að það er ekki þess vegna að jeg þurfi að taka til máls. En það er eitt atriði í þessum kafla, sem sjerstaklega snertir mitt kjördæmi, og er það 53. tölul. á atkvæðaskránni. H. framsögumaður minntist á þetta atriði, og eins á þann styrk, sem nefndin ætlaði til vegagjörðar í Strandasýslu, og taldi ástæðurnar fyrir því, að nefndin legði til að þessi styrkur væri veittur. Eins og mörgum mun kunnugt af hinum h. þingdm., þá liggur hvorki þjóðvegur nje flutningabraut um Snæfellsnessýslu, en vegir langir mjög og vondir yfirferðar. Af því þessu er þannig varið, þá verður árlega lítið ágengt með vegabætur fyrir það fje, sem fyrir höndum er. Jeg sá því eigi annað ráð vænna, en að reyna til að fá styrk úr landssjóði til vegagjörðar í Snæfellsnessýslu gegn því að sýslubúar sjálfir legðu hlutfallslega fje fram. H. þm. A. Skaptf. (J. J.) minntist í ræðu sinni á þessar fjárveitingar til Snæfellsness- og Strandasýslu, og taldi ekki síður nauðsynlegt, að veita fje til vegagjörðar í Austur-Skaptafellssýslu, en mjer er ómögulegt að vera honum samdóma um það. Um þá sýslu liggur þjóðvegur, svo hún ætti að geta fengið opinberan styrk samkvæmt vegalögunum (*Jón Jónsson*, þm. A. Sk.: En hann fæst ekki). Hann ætti að geta fengizt samkvæmt lögunum.

Jeg er nefndinni mjög þakklátur fyrir tillögur hennar viðvíkjandi mínu kjördæmi, en engu síður er jeg henni þakklátur fyrir þá stefnu í meðferð vegafjárins, að láta þjóðvegina sitja í fyrirrúmi fyrir flutningabrautunum. Hingað til hefir sú stefna verið ríkjandi, að verja sem mestu fje til flutningabrauta hjeðan frá Rvík austur yfir Mosfellsheiði og Hellisheiði, en jeg er þeirrar skoðunar, að sú stefna komi varla að tilætluðum notum. Auðvitað höfum við litla reynslu enn, en þó svo mikla, að lítil líkindi eru til, að sú vegagjörð nái nokkurn tíma þeim tilgangi, sem upphaflega var búizt við. Mjer hefir verið sagt af málsmetandi mönnum í Kjósarsýslu, að það mundi vera að eins einn búandi í Mosfellssveit, sem notaði þá flutningabraut, er þar liggur um, og sömuleiðis að vegur sá, sem liggur yfir Mosfellsheiði, sje mjög lítið notaður af næstu sveitum við hann. Jeg verð því að álíta, að þessar flutningabrautir sjeu ekki eins hentugar, eptir því sem tilhagar hjá oss, eins og vanalegir reiðvegir.

Í tillögum sínum leggur nefndin til, að miklu minna fje sje varið á næsta fjárhagstímabili til flutningabrauta, heldur en undanfarin ár, og jeg fæ eigi betur sjeð, en að sú stefna h. nefndar gangi í alveg rjetta átt.

Þá er framkomin breyt.till. frá þm. Dal. (J. P.), þar sem farið er fram á, að 250 kr. sjeu veittar til brúargjörðar á Bakkaá í Dalasýslu; af því jeg er þar kunnugur og veit, hvernig til hagar, mun jeg gefa atkvæði með að þetta

verði veitt. Hörðudalur, þar sem á þessi er, er fámennur hreppur, og hefir nýlega lagt mikið í kostnað við brúargjörð á annari á. Búendur í hreppnum munu vera 18—20, en sú brú kostaði um 3000 krónur. Þegar þessi sami hreppur nú býðst til að leggja fram talsverða upphæð til þessarar brúar, þá finnst mjer alveg sjálfsagt að veita þessa litlu upphæð.

Jens Pálsson: Jeg skal fyrst taka það fram, að jeg get ekki verið samþykkur h. nefnd um að færa styrkinn til tannlæknisins niður í 750 kr. úr 1000 kr. Það stendur svo á með þennan mann, að hann er candidat af læknaskólanum og hefir því rjett til embætta. Það liggur því opið fyrir, að sækti hann um embætti og væri settur ef til vill á afskekktan stað, þá mundi verða lítið um tannlækningar af hans hendi, nema í því hjeraði, sem hann væri í. Og jeg vil ekki fyrir 250 kr. eiga á hættu, að enginn tannlæknir sje hjer í Reykjavík, þar sem umferðin er mest og hann er bezt settur. En samt mun praxis hans ekki vera meiri en svo, að það er spursmál um, hvort það muni ekki borga sig fyrir hann að sækja um læknisembætti, þó að hann fengi þessar 1000 kr., hvað þá heldur 750 kr. Viðvíkjandi þeim 600 kr., sem sá tannlæknir, sem hjer var áður, Nickolin, fjekk, þá var hann ekki lærður að öðru en tannlækningum og gat því ekki til annars tekið, svo það var eðlilegt, að hann gerði minni kröfur.

Jeg skal þá minnast á fjárveitingar til nokkurra vegabóta, og þá fyrst geta þess, að jeg undraðist, að ekki kom fram í áliti nefndarinnar, að áætlað væri fje til að gera þjóðveg gegnum Dalasýslu, þar sem á nauðsynina á þeirri vegargjörð er þó lögð áherzla í athugasemdum við frv. stjórnarinnar. En hinn hæstv. landsh. hefir tekið þetta atriði fram sjerstaklega, og geng jeg út frá því sem vísu, að fjárlaganefndin skoði fjárveiting til þjóðvegarins í Dalasýslu sem sjálfsagða, en hafi gleymt að geta hennar í áliti sínu.

Viðvíkjandi því, hve langt flutningabrautin frá Blönduósi vestur Húnavatnssýslu sje samkvæmt vegalögunum ætlað að ná, hvort vestur á sýslumót að Hrútafjarðará eða ekki, ljet hæstv. landshöfðingi í ljósi, að hann skildi lögin svo, að flutningabrautinni sje ætlað að ná vestur að sýslumótum. Jeg er sömu skoðunar, og skal til skýringar taka það fram, að í hinu upprunalega frv. til vegalaganna var gert ráð fyrir flutningabraut frá Hvammsfirði yfir Laxárdalsheiði til sambands við brautina í Húnavatnssýslu. Nú var Hvammsfjörður ómældur og óráðin gáta, hvort þar gæti komizt upp kaupstaður, er gæti haft birgðir handa Norðurlandi, og því var þetta látið bíða. Samkvæmt þessu verð jeg að skilja vegalögin svo, að í þeim felist að minnsta kosti sá mögulegleiki, að brautin megi ná vestur að Hrútafjarðará, og jeg geng út frá því, að úr því Hvammsfjörður reynist skipgengur, að flutningabraut verði á sínum tíma lögð alla leið til hans. En þar sem þessi braut mun falla alveg saman við þjóðveginn, þá leiðir af því, að halda ber þeim vegi færum, sjálfsagt með tiltölulegu tillagi úr landssjóði og sýslusjóði, þangað til fyrnefnd flutningabraut verður sett með lögum.

Annars skal jeg lýsa því yfir, að jeg fellst á þá grundvallarstefnu, sem h. fjárlaganefnd hefir farið í till. sínum um fjárveitingar til flutningabrauta og þjóðvega; enda finnst mjer á þann hátt vegalögin hyggilegast sett í framkvæmd. Því svo bagalegt sem það er fyrir þau hjeruð, sem von eiga á flutningabraut-

um, að fá þær ekki, þá er það þó enn bagalegra, að þjóðvegir skuli vera illfærir eða ófærir.

H. þm. Snæf. (Eir. G.) minntist á flutningabrautirnar, og var, að því er mjer virtist, á móti þeim, og vildi færa þeirri skoðun sinni til stuðnings þá reynslu, sem fengin er um þær. En sú reynsla er svo stutt, að það má ekki byggja neitt á henni. Hann gat þess, að að eins einn maður í Mosfellsveit hafi notað flutningabrautina. Það mun vera rjett, að þar hafi sjerstaklega einn maður lengi notað vagn til að flytja að sjer nauðsynjar. H. þm. gleymdist að tala um eina notkun flutningabrautanna, sem þó er alkunn, að, þegar slysið mikla vildi til í fyrra, þá voru sótt ungbörn austur í sveitir hópum saman, og flutt hingað í vagni austan yfir fjall, eptir Hellisheiðarbrautinni, sem þá var nú gjörð. — Brautin eptir Mosfellsheiði er enn ekki fullgjör; það er verið að ljúka við hana í sumar; — og það er óhugsandi að nokkur fari að nota hana til vagnflutnings, áður en hún er fullger. Brautir þessar báðar eru svo ungar, að engin reynsla getur enn verið komin í ljós um, hvort þær verði notaðar til aksturs og hvernig vagnanotkunin gefist. En jeg efast ekki um að þessi reynsla leiðist í ljós, áður en langt um líður.

Eins og jeg þegar hefi sagt, þá fellst jeg á aðalstefnu h. fjárlaganefndar í þessu. Að því er snertir að veita fje til sýsluvega gegn hlutfallslegu framlagi af þeirra hálfu, þá get jeg verið því að svo stöddu meðmæltur af ástæðum, sem þegar hafa verið taldar.

Þá vil jeg minnast á breyt.till. mína um styrk til brúargjörðar á Bakkaá. H. þm. Snæf. (Eir. G.) hefir sem kunnugur upplýst það mál nokkuð; þó finn jeg mjer skylt, að skýra gjörr frá málavöxtum. — Bakkaá rennur vestanvert við Hörðudal í Hvammsfjörð og því yfir alþjóðarleið Dalamanna, sem til Stykkishólms sækja, og auk þess aukapóstleið. Það er mesta mannhættuspræna og hefir tekið margs manns líf, og það var seinast í fyrra vor að fórst í henni maður. Skammt frá henni og samhliða rennur önnur á til sjávar, er Skrauma nefnist, versta vatn yfirferðar, þótt smá á megi teljast. Báðar þessar ár eru einatt ófærar annarsstaðar en á fjörum, og þó ekki heldur þar, ef illa stendur á, og hepta þær þá alla umferð. Sýsluvegur liggur yfir báðar árnar, en, þegar hann var ákveðinn, varð sýslunefndin af þessunum ástæðum að binda hann við fjöruvöðin; nú þótt taka yrði í svip til þessa óyndisúrræðis, fundu menn brátt, að við svo búið mátti ekki standa. Árnar reyndust einatt alófærar einnig á fjörum, því á vorin vill það opt til, að fjöruvöðin eru alveg ófær. Út af þessu hefir vestasti hreppurinn í sýslunni tekið í sig móð og manndóm, til þess að fá þessar ár brúaðar og hafa hreppsbúar sýnt mesta fylgi og fjelagsskap í því, að brúa Skraumu, með litlu tillagi úr sýslusjóði.

Nú hafa þeir tekið fyrir að brúa Bakkaá. Hreppurinn er fámennur og auk þess var hann illa kominn fyrir nokkrum árum, bæði sakir skepnufellis og Ameríkuferða; en fyrir dugnað og atorku hafa hreppsbúar tekið stórmiklum framförum, og hafa nú tekið fyrir að koma brú á Bakkaá. Þeir hafa fengið loforð um 500 kr. úr sýslusjóði, ef brú kæmist á ána, og auk þess með þrautreyndum samskotum náð saman um 600 kr. Nú geta þeir ekki meira, og því báru þeir upp á þingmálafundi í Dalasýslu beiðni um styrk úr landssjóði, og það var einróma álit þess fundar, að þeir gætu fengið hann.

Upphæðin er svo lítil, og það, sem lagt er til móts, svo mikið, að jeg vona að h. þingdm. verði ekki á móti því að

þessir menn sjeu styrktir, sem leggja svo mikið fram, til þess að koma nauðsynjamáli sínu í framkvæmd.

Klemens Jónsson: Það eru að eins einstök atriði, sem jeg ætla að minnast á að þessu sinni. Skal jeg þá fyrst minnast á 43. tölul. á atkv.skránni, styrkveitinguna til að endurbyggja spítala á Akureyri. H. nefnd hefir tekið vel í það mál, þar sem hún hefir lagt það til, að 5000 kr. yrðu veittar til endurbyggingar þessarar, og h. framsögum. (J. J. þm. Eyf.) hefir skýrt frá, á hvaða ástæðum h. nefnd byggði þessa tillögu sína. Beiðnin um styrkveitinguna hefir að vísu legið fram til sýnis h. deild, en af því að jeg get búizt við að sumir muni hafa haft fremur stuttan tíma til að kynna sjer hana, þá skal jeg leyfa mjer að fara fáum orðum um hana. Bæjarstjórnin á Akureyri hefir farið fram á fjárveiting þessa aðallega af þeim fjórum ástæðum, sem nefndar eru í skjali hennar. Í fyrsta lagi af því, að hið núverandi sjúkrahús er með öllu óhæft, en viðgjörð afardýr og þó ónóg. Þessu til stuðnings fylgir áætlun yfir kostnaðinn frá tveim smiðum, sem fengnir hafa verið til þess að skoða húsið. Í öðru lagi hefir endurbygging spítalans svo mikinn kostnað í för með sjer, ef í lagi skal vera, að það er ókleyft fyrir stofnunina sjálfa að standa straum af honum, og það jafnvel, þótt bæði bæjarfjelagið og sýslufjelagið legði fram allríflegan skerf. Spítalinn sjálfur á nú sem stendur rúmar 5000 kr. í jörðum, og liðugar 1000 kr. í sjóði; við þetta má svo bæta því lítilræði, sem hefðist upp úr gamla spítalanum, þegar hann yrði rifinn, eða seldur.

Nú má gjöra ráð fyrir, að 20000 kr. gangi að eins til að byggja spítalann sjálfan að nýju, en eins og allir vita, þarf allmikið fje til áhalda, ef spítalinn á að nálgast það, að fullnægja þeim kröfum, sem nú eru gjörðar til góðs spítala; það er því auðsætt, að þessar 5000 kr., sem hjer er gjört ráð fyrir að veita, að viðbættri eign spítalans sjálfs, ná skammt, og að bæði Akureyrarbær og sýslufjelagið þarf að leggja fram allmikið fje frá sjer; ekki þó svo að skilja, að jeg telji eptir því að leggja nokkuð af mörkum, en jeg vona að þingið verði ljúfara á fjárveitinguna, þegar það sjer að hlutaðeigandi hjerað verður að leggja töluvert í sölurnar, til þess að fá spítalann upp. Og að það sje þörf á góðum spítala á Norðurlandi, má sjá á skýrslu hjeraðslæknisins, Guðmundar Hannessonar, því eptir henni hafa frá 15. maí 1896 til 30. júní 1897 legið á spítalanum 103 sjúklingar, og á þeim verið gjörðir 64 skurðir, flestir alvarlegir og þýðingarmiklir, og allir þessir skurðir hafa verið gjörðir í stofu, sem eigi er 3 álnir undir lopt, og þar sem 2 sjúklingar eða fleiri hafa verið, því eigi hefir verið auðið að flytja þá burt sökum húsleysis. Þegar í þriðja lagi þess er ennfremur gætt, að norðlenzku hjeruðin eru opt og einatt innilukt af ís mikinn hluta ársins, þá er auðsætt að fæstum sjúklingum verður komið til Reykjavíkur, þegar svo stendur á, og því nauðsyn að einhvers staðar sje nokkurn veginn fullkominn spítali á Norðurlandi, og þá má margt til færa, að Akureyri sje einmitt hentugasti spítalastaðurinn þar, þar sem þjettbýl hjeruð liggja að. Þá er að minnast á 49. tölul., þar sem farið er fram á að aptan við 25. tölul. á þingskj. 223 bætist svo hljóðandi athugasemd: Þar af til flutningabrautar fram Eyjafjörð, fyrra árið 20000 kr. Eins og kunnugt er, þá á samkvæmt vegalögunum frá 14. apríl 1894 að leggja flutningabraut fram eptir Eyjafirði, en hingað til hefir framkvæmdin ekki orðið önnur en sú, að verkfræðingur landsins hefir skoðað brautar-

staðið, og ákveðið að það skuli vera vestan Eyjafjarðarár.

Jeg hef ekki farið fram á, að upphæðin til flutningabrauta væri hækkuð, en að eins fram á það, að af þeim 75000 kr., sem ætlaðar eru til flutningabrauta, sje 20000 kr. varið til þessarar brautar. Skal jeg nú reyna að rökstyðja það, hvers vegna jeg fer fram á þetta. Eins og kunnugt er, þá er Eyjafjörður stórt hjerað og fjölbyggt; í honum eru 3 fjölmennir hreppar, og þótt dalurinn sje ekki mjög breiður, þá er víðast í honum tvísett bæjaröð og sumstaðar fleirsett; og eins og geta má nærri er flutningsþörfin eptir dalnum mikil. Áður en hin nýju vegalög gengu í gildi, var póstvegur fram eptir firðinum fram að Gili, en þaðan sýsluvegur. Sýslunefndin hafði um allmörg ár lagt um 400 kr. á ári í brautarbyggingu frá Akureyri fram í fjörðinn og var komin ekki svo skammt áleiðis; þetta sýnir, hve mikla þörf sýslunefndin taldi á braut fram eptir firðinum. En þegar vegalögin komust í gildi, hætti sýslunefndin við fjárveiting þessa, eins og von var, því að hún bjóst við, að ekki mundi langt um líða, þangað til flutningabraut yrði lögð fram eptir firðinum. Þegar sú von brást, hefir sýslan þó lagt nokkuð af vegafje sínu í veg þennan, en eigi að síður er hann ófullkominn enn, og opt lítt fær langt fram eptir vori. Þegar jeg fór fram í Saurbæ fyrst í júní í vor, til að þinga þar, þá lá hreint og beint í honum.

Eins og jeg gat áður, þá hef jeg ekki farið fram á að hækka aðalupphæðina til flutningabrauta, þó ekki af því, að jeg álíti það ekki rjett, heldur af því, að eptir því sem jeg hef hlerað um hugi h. þm., þá mundi það ekki vera til mikils. En jeg þykist hafa alveg eins mikinn rjett eins og hverjir aðrir á því, að nokkru fje sje varið til flutningabrauta í minu kjördæmi, þar sem svo sjerstaklega stendur á. H. fjárlaganefnd segir, að hún vilji ekki að svo stöddu fjölga flutningabrautum; en þó leggur hún til, að veittar sjeu 18000 kr., til þess að leggja nýja flutningabraut frá Eyrarbakka upp að Selfossi. Jeg er nokkuð kunnugur á því svæði, og verð að telja þar minni þörf á flutningabraut en fram eptir Eyjafirði. Jeg fór þar nokkrum sinnum um á árunum 1888—89 og síðast 1891, og man jeg eptir að þá var hin svokallaða Melabrú greið og góð yfirferðar, og hafi henni verið haldið nokkurn veginn við síðan, sem eigi virtist erfitt, þá hlýtur hún að vera það enn En einmitt þarna á því svæði, þar sem búið er að verja mörgum tugum, jafnvel hundruðum þúsunda, til þess að leggja flutningabrautir, einmitt þar leggur nefndin til að veitt sje hjer um bil eins mikið fje og jeg fer fram á til nýrrar flutningabrautar. Jeg sje enga sanngirni í þessu. Það gæti máske komið til tals að hætta að veita fje til flutningabrauta, en jeg get alls eigi verið með því, að allt það, sem veitt er, því sje hrúgað á einn og sama stað. Vjer verðum að minnast þess, að ætlazt er til þess, að veittar sjeu 50000 kr. til flutningabrautar fyrir austan Þjórsá, auk þessara 18000 kr. til vegarins frá Eyrarbakka.

Jeg man að það var þráfaldlega tekið fram á síðasta þingi, að rjett væri að verja flutningabrautafjenu í það sinn, til að fullgjöra flutningabrautir þær, sem þá var byrjað á á Suðurlandi; næsta fjárhagstímabil mætti svo fara að verja því til flutningabrauta annarsstaðar á landinu, en mjer sýnist reyndin ætla að verða önnur; enn á að verja því öllu til flutningabrauta á sama svæðinu, rjett eins og öll þörfin á góðum vegum sje þar, en hvergi annarsstaðar á landinu.

H. nefnd segir, að nú eigi að verja meiru fje til þjóðvega en að undanförnu, og að það fje eigi að ganga til þjóðvega annarsstaðar en á Suðurlandi. Það er gott að h. nefnd ætlar að bæta ofurlítið úr skák; en eigi að síður er alveg gengið fram hjá minu kjördæmi; og furðar mig því meira á því, þar sem h. frsm. (J. J. þm. Eyf.) er einnig þm. þessa kjördæmis, og jeg veit að honum muni vera það fullkunnugt, að meiri þörf er að bæta þjóðvegi sumstaðar í kjördæmi okkar, en t. d. veginn á Vatnsskarði; jeg skal nefna Öxnadalsheiðarveginn, og veginn út hjá Skjaldarvík, þar sem sjór hefir brotið svo af landinu, að það er orðin hreinasta mannhætta að fara þar um, einkum í myrkri, og þetta er rjett við höfuðstað Norðurlands; það er orðin brýn nauðsyn á að vegurinn sje fluttur, en til þess fæst ekkert fje; það gengur allt til Suðurlands.

Jeg býst varla við því að tillaga mín fái góðan byr, því að það er rjett eins og það sjeu samtök með að verja öllu flutningabrautafjenu hjer á Suðurlandi. En það er mjer óhætt að segja h. deild, ef hún skyldi ekki vita það áður, að megn óánægja er víða vöknuð yfir því, hvernig fjenu hefir hingað til verið varið, og trautt mun hún minnka hjer eptir, ef það verður ofan á, sem stjórnin og fjárlaganefndin leggur til.

Mig furðar stórum á því að h. þm. Strand. (Guðj. G.) skuli nú hafa gengið inn á þessa stefnu, eptir því sem hann talaði um flutningabrautir á síðasta þingi.

Jeg skal benda á það viðvíkjandi þessum 50,000 kr., sem ætlaðar eru til flutningabrauta, að jeg tel það mjög æskilegt að sá skilningur yrði lagður í 3. gr. vegalaganna frá 13. apríl 1894, sem hæstv. landsh. áleit að mætti leggja í hana, sá skilningur, að fyrir austan Þjórsá þyrfti ekki að vera flutningabraut, heldur mætti þar að eins leggja þjóðveg. En þótt jeg ekki fari beint fram á þetta, þá vona jeg að h. þm. hlutaðeigandi hjeraða gjöri sig ánægða með, þótt þeir að þessu sinni fái ekki meira en 30,000 kr. til flutningabrauta, og unni oss Norðlendingunum að fá 20,000 kr. af flutningabrautafjenu. Jeg skýt því undir samsýni og rjettlætistilfinningu hinna sunnlenzku þm., hvort þeim sýnist ekki tími til kominn að lofa öðrum hjeruðum að fara að njóta nokkurs góðs af fje þessu. H. fjárlaganefnd lofar styrk til sýsluvegagjörða í Strandasýslu, Snæfellsnessýslu og Hnappadalssýslu, því að þar sjeu engir þjóðvegir eða flutningabrautir. Jeg vildi óska að vjer Eyfirðingar hefðum aldrei fengið loforð um nokkra flutningabrautina, þá er þó von til að vjer hefðum fengið styrk úr landssjóði til þess að bæta sýsluvegi vora. Það er nú svo komið, að það er orðið vænlegra til fjárstyrks úr landssjóði fyrir þá, sem sýsluvegi hafa, en þá sem hafa þjóðvegi og flutningavegi, þeir geta átt von á styrk úr landssjóði, já mjög ríflegum styrk, til að bæta vegi sína. Samt sem áður mun jeg greiða atkv. með þessari styrkveitingu, eigi þó af því að jeg álíti hana principielt rjetta, heldur til þess að nokkuð af vegabótafjenu úr landssjóði lendi annarsstaðar en í Sunnlendingafjórðungi.

Í 12. gr. D. er gjört ráð fyrir að veittar sjeu 35,000 kr. á ári til frjettaþráðar. Jeg er samdóma h. nefnd að rjett sje að styðja það fyrirtæki sem bezt og stuðla að því að það komist á. Nú stendur svo í athugasemdunum við stjórnarfrumvarpið, að hið mikla norræna málþráðarfjelag hafi heimtað 40,000 kr. á ári til þess að það legði málþráð hingað til lands; en stjórnin hefir ekki farið fram á meira en 35,000

kr. Þetta er svo mikilsvarðandi málefni fyrir oss, að eigi er horfandi í 5,000 kr., ef því er að skipta; og þó jeg hafi ekki komið fram með breyt.till. um að þingið hækkaði tillagið til málþráðarins upp í 40,000 kr., þá vil jeg að það komi fram í umræðunum, að stjórnin sjái að það muni vera vilji landsmanna að hún gjöri það, ef á þarf að halda.

Björn Sigfússon: Þegar jeg renni augunum yfir 11. gr. frumv., verður fyrir mjer liður, sem enginn hefir talað um, en sem jeg vil minnast á með fáum orðum. Það er 5. tölul. a., sem jeg á við, eða styrkurinn, 2,000 kr. á ári, til augnalæknisins Bjarnar Ólafssonar í Reykjavík. Styrkur þessi er veittur með því skilyrði, að læknir þessi veiti stúdentum á læknaskólanum tilsögn í augnalækningum. Jeg hefi spurt mig fyrir um, hvernig þessi tilsögn hafi orðið í framkvæmdinni. Það getur verið, að sú úrlausn, sem jeg hefi fengið á spurningu minni, sje ekki nákvæm, en jeg vil samt skýra frá henni hjer. Mjer hefir verið sagt, að tilsögnin væri í því fólgin, að augnalæknirinn kenndi á skólanum tvær stundir í viku, og eptir því, sem mjer hefir skilizt, er kennslan nærri eingöngu bókleg. Jeg hafði nú hugsað mjer, að það hefði verið tilætlun þingsins, að tilsögnin væri nokkuð víðtækari en þetta. Því þessi tveggja stunda bókleg kennsla á viku hugsa jeg sje til lítilla nota. Jeg held að það hafi verið tilætlun þingsins, að tilsögnin ætti að vera bæði verkleg og bókleg, og mjer finnst athugasemdin í frv. gefa manni tilefni til að hugsa svo. Mjer finnst líka mega ætlast til að þessi maður gjöri dálítið meira en þetta fyrir stúdentana í læknaskólanum fyrir þessar 2,000 kr., sem kallaðar eru styrkur, en sem sannarlega er ríflegur styrkur. Mjer finnst líka að hann gæti því fremur staðið sig við að láta tilsögn sína ríflega úti, sem hann hefir mikla »praxis«. Auk þessa fær hann styrk til lækningaferða kring um landið, og hann svo ríflegan, að hann þarf víst ekki að kosta miklu til þeirra ferða sjálfur.

Jeg hefi viljað vekja athygli manna á þessu, og vildi að rjettir hlutaðeigur sæi svo um, að tilsögn sú, sem þessi maður veitir, verði framvegis víðtækari og praktiskari en hingað til, svo framarlega sem úrlausn sú, sem jeg hefi fengið, er rjett eða nærri sanni. Það hefði kannske verið ástæða til að koma með breyt.till. við athugasemdina um þessa styrkveitingu til 3. umr., en það má vera, að jeg fái þær upplýsingar í þessu atriði, sem gjöra breyt.till. óþarfa.

Undir 6. tölul. 11. greinar stingur stjórnin upp á 1,000 kr. styrk hvort árið til tannnlæknis í Reykjavík, en h. fjárlaganefnd vill færa hann niður í 750 kr. hvort árið. En þó jeg líti svo á, að þessi síðar talda upphæð sje ekki lítilfjörlegur styrkur, þá virðist mjer þó geta verið spursmál um, hvort ekki sje rjett að veita hærri upphæðina, og skylda svo lækni þennan til að kenna tannlækningar við læknaskólann. Það gæti verið eins nauðsynlegt að þessi specialisti kenndi tannlækningar, eins og að augnalæknirinn kenni augnalækningar. En til þess að þetta verði framkvæmt með nokkrum verulegum árangri, er ef til vill nauðsynlegt, að stofna ókeypis »klinik« fyrir fátæklinga, sem þjást af þessum sjúkdómum. Jeg leyfi mjer að beina þessari athugasemd minni sjerstaklega til hins eina læknis, sem sæti á hjer í þingd., h. þm. G.-K (Þ. Th.), og til hæstv. landsh.

Þegar maður lítur á 47. tölulið á atkvæðaskránni, þá sjer maður, að h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. Guðm.) leggur til, að allt að 1,500 kr. hvort árið skuli ganga

til verkfróðs aðstoðarmanns við hinar vandaminni samgöngubætur. Jeg hefi í sjálfu sjer ekkert á móti þessu, og álít að þessi uppástunga hafi töluvert við að styðjast. En út af þessu hefir mjer dottið í hug að hreyfa því, hvort þessi vellaunaði verkfræðingur landsins mundi ekki hafa getað gjört meira gagn en raun hefir á orðið. Þegar skýrt var frá því í gær, að verkfræðingurinn hefði ekki fengizt til að skoða hafnarstæði og þrautalendingar við suðurströnd landsins, þá datt mjer í hug að það væri kynlegt, að verkfræðingurinn skyldi aldrei hafa getað fengið tíma til að skreppa þangað austur. Jeg veit að hann hefir ærið að starfa á sumrin, en jeg hjelt að það væri kannske ekki óhugsandi, að hann hefði getað gjört þetta í jafngóðri vetrarveðráttu eins og var í vetur. (*Þórð. Guðm.*: Það hefði verið ómögulegt). Það getur verið. En þó svo hefði verið, þá er annað, sem mjer þykir mjög kynlegt, og það er það, að hann skuli ekki hafa fengizt til að skoða skipakvína hjá Bessastöðum annaðhvort í vetur eða snemma í vor. Jeg skil ekki annað, úr því hann dvaldi hjer í Reykjavík í vetur, en að hann hefði einhvern tíma getað fengið tíma eða tækifæri til að skreppa hjerna suður að Bessastöðum til þess að yfirlíta þetta verk. En það hygg jeg rjett að vera, að hann hafi dvalið hjer í Reykjavík í vetur, því jeg sá þess getið optar en einu sinni í Reykjavíkurblöðunum, að hann hefði leikið vel sjónleiki. Það, að hann hefir tekið hjer þátt í sjónleikum, sýnir, að hann hefir haft hjer fastan verustað í vetur. Í jafngóðri tíð, eins og var í vetur, sýnist mjer að ekki hefði verið óframkvæmanlegt fyrir hann að skoða þetta fyrirhugaða skipakvíarstæði, sem Utgjörðarmannafjelagið hjer vill gjöra hjá Bessastöðum, og það var skyldara hans ætlunarverki en að vera að gefa sig við sjónleikum. En Útgjörðarmannafjelagið segir í umsóknarskjali sínu til þingsins, að það hafi reynt að fá verkfróðan mann til þessa hvað eptir annað, en árangurslaust, og þess vegna er mál þetta svo illa undirbúið, sem raun er á orðin.

Mjer þótti rjett að vekja athygli manna á þessu, því þegar vjer höfum fastan starfsmann, sem vjer launum vel, þá verðum vjer að heimta, að hann verji kröptum sínum í þarfir landsins, og starfi eins og hann getur fyrir það. Auk þess, sem hann fær sómasamleg laun, þá fær hann líka 500 kr. í ferðakostnað og fæðispeninga á ferðalögum. Jeg hefi ekkert á móti þessu; en þá vil jeg líka, að hann gjöri það gagn, sem honum er unnt.

Það hefir verið talað töluvert um vegabótafjeð, og um það, hvort rjettara sje að verja framvegis eins miklu eins og að undanförnu til flutningabrauta eða verja heldur meira fje en áður til þjóðvega. Jeg skal ekki fara út í þetta spursmál, en vildi láta í ljósi skoðun mína út af orðum hæstv. landsh. um, að vafi gæti leikið á, hvort heimilt væri að verja því fje, sem ætlað væri til þjóðvega, til að gjöra veginn með fram Hrútafirði að austan, þar sem sá vegur kynni að mega skoðast sem áframhald af flutningabraut frá Blönduósi vestur Húnavatnssýslu. Jeg álít að því fari fjarri, að þessi flutningabraut nái svo langt vestur eptir. Takmörkin að vestan eru í raun og veru ekki ákveðin enn. H. þm. Dal. (Jens P.) áleit, að brautin ætti að enda við Hrútafjörð, og virðist sú skoðun hafa við nokkuð að styðjast, þar sem í 2. gr. vegalaganna frá 13. apr. 1894 segir, að flutningabraut sje sá vegur,

er aðalvörumagn sje flutt eptir. Eins og stendur er það rjett, að frá Borðeyri er mikill flutningur af verzlunarvörum yfir Hrútafjarðarháls; en svo getur farið að breyting verði á þessu, og það af því, að þingið 1895 löggilti höfn við Hvammstanga við Miðfjörð, og mikil líkindi virðast vera til þess, að þar komi upp verzlunarstaður. En þegar svo er komið, þá leiðir af því, að aðalflutningabrautin kemur ekki til að liggja yfir Hrútafjarðarháls, því mikill hluti af vestursýslunni mundi þá snúa sjer í verzlunarerindum að Hvammstanga. Ætti flutningabrautin frá Blönduósi þá ekki að ná lengra en að Miðfjarðará, en vegurinn yfir Hrútafjarðarháls að teljast þjóðvegur. En það getur ekki komið til mála, að vegakaflinn frá Þóroddsstöðum með fram Hrútafirði verði talinn flutningabraut. Í framkvæmdinni hefir líka allur þessi vegur frá Blönduósi vestur Húnavatnssýslu eindregið verið skoðaður sem þjóðvegur, því hann er, eins og menn vita, aðalpóstvegurinn þar, og eptir 2. gr. vegalaganna er það þjóðvegur, sem aðalpóstleiðin liggur um. Því til sönnunar, að eindregið hafi verið skoðaður sem þjóðvegur allur vegurinn vestan frá Hrútafirði og að Blönduósi, er það, að til hans hefir í nokkur ár verið varið helming af sýsluvegagjaldi Húnavatnssýslu; en eptir 6. gr. vegalaganna er það því að eins rjett, að þessi vegur sje þjóðvegur. Jeg man svo ekki að jeg hafi fleira að athuga að sinni.

Pjetur Jónsson: Fjárlaganefndin hefir nú ekki ástæðu til að kvarta yfir meðferðinni enn sem komið er. Mönnum hættir stundum við, ef aðrir eru manni eigi samdóma um einhverja fjárveiting, að skoða það svo, að þeir, sem á móti eru, sjeu mjög óvinveittir þeim er um sækir, eða því málefni, sem vikið er á bug; og þó fjárlaganefndin hafi yfirleitt fengið góða meðferð, þá er samt ekki laust við þetta nú gagnvart henni. — En þetta er óheppilegt. Þarfirnar eru margar, sem upp þarf að fylla, en efnin hins vegar af skornum skammti, svo að ekki er auðið að uppfylla þær allar; því verða menn að skipa þeim í röð eptir verðleikum; láta svo það sitja í fyrirrúmi, sem brýnast virðist; er þá vandfarið, og má ekki kenna um vitnje viljabresti, þó ýmsar nytsemdir sitji á hakanum. Og í þessu er fjárlaganefndin í hinum mesta vanda. — Þó að hún geti ekki tekið einhverja beiðni eða tillögu til greina, þá er langt frá því, að ávallt liggi í því það, að hún sje *móti þeirri fjárveiting í sjálfu* sjer, heldur að eins að hún hefir þó álitið nær liggja, að taka annað fram yfir í það sinn. Þetta hefir mjer fundizt, að sumum háttv. þingdeildarmönnum hafi ekki nægilega skilizt.

Sumir eru nú t. d. óánægðir með það, að nefndin hefir ráðið til að verja minna fje til flutningabrauta *nú í þetta sinn*, og mjer heyrðist jafnvel einn þm. bregða nefndinni um stefnubreytingu út af þessu atriði. En nefndinni gengur hjer þó ekki til nein óvild til flutningabrauta eða akbrauta, heldur hitt að eins, að henni finnast aðrar vegabætur enn þá brýnni í bráð. Í sjálfu sjer stendur nú líklega optast á litlu, hvort einhver vegur heitir akvegur eða þjóðvegur, sje hann að eins góður; en akvegirnir eru munum dýrari. Og akvegir þeir, sem vjer nú höfum, eru enn sem komið er að eins akvegir að nafnbót, meðan enginn maður ekur á þeim. Vitaskuld er nú áburður á hrossum kallaður skrælingjaskapur; en samt virðist mjer vert að líta á, hvort betur borgar sig, að aka eða bera burð á hestunum. Mjer þykir *vel líklegt*, að akvegir kunni að borga sig betur síðar meir, þó það sje ekki alveg víst; en

ósannað er, hvort þeir borga sig enn sem komið er. Því virðist oss bezt að bíða nú um hríð og láta reynsluna segja til fyrst. Það kann að virðast, að stefnubreyting þessi komi harðast niður á Norðlendingum nú í svipinn, því mjer þykir líklegt, að akvegir kunni þó að borga sig enn betur á Norðurlandi en hjer syðra, því að þar er þurlendara.

Eigi að fara að leggja mikið fje í akvegi nú, þá hlýtur það að draga úr nauðsynlegum umbótum á þjóðvegum; en þeirra hygg jeg hvergi brýnni þörf nú en sumstaðar á Norðurlandi, því að þar eru þeir í því ástandi, að það er hyggilegast að forðast þjóðveginn, og ekki dæmalaust, að slys hafi orðið. Nýlega t. d. fótbrotnaði hestur á þjóðveginum neðan við Múla í Aðal-Reykjadal, og veit jeg ekki til, að við þá torfæru hafi verið gert.

Þó að menn vilji verja 40—50,000 kr. til að brúa eina á í Þingeyjarsýslu, þá mundi mönnum þó blöskra að verja 50,000 kr. í vegspotta í einni sveit; menn eru ekki vanir því þar, að ganga á svo kostbærum vegum.

H. þm. Eyf. (Kl. J.) hefir tekið fram, hve nauðsynlegt sje, að leggja akveg fram eptir Eyjafirði. Stjórnin aptur á móti vill byrja á akvegi í Húnavatnssýslu, og skal jeg ekkert segja, hvort rjettara mundi, að byrja á þeim endanum. En hitt er víst, að Þingeyjarsýsla sárþarfnast akvega, og líklegt er, að Skagfirðingar vilji ekki vera aptastir með akbraut sína. Jeg er nú á því, að þetta sje allt nauðsynlegt í sjálfu sjer, og get ekki dæmt um, á hverjum endanum vert væri að byrja. En Þingeyjarsýsla stendur í öllu jafn-framarlega og þessi hjeruð, bæði að því er vegarstæði snertir og byggðarstærð upp frá kauptúni. Og þar við bætist eitt atriði, sem Þingeyingar hafa sjerstaklega, og það er, að hestahald er þar minnst helmingi dýrara en í hinum hjeruðunum, sem jeg nefndi. Nú munu Múlasýslur eiga sammerkt við Þingeyjarsýslu í þessu.

En allt um það, ættu Þingeyingar um tvo kosti að kjósa, akbraut eða þjóðveg, mundu þeir heldur óska þjóðveganna í bráðina. Það er svona, þar sem þörf er á svo mörgu, en ekki næg efni fyrir hendi til alls í einu, að þar verður að skipta í flokka, og taka það fyrst fyrir, sem brýnast er.

Fjárlaganefndin gat ekki tekið til greina beiðni Skagfirðinga um brú á Hjeraðsvötnin. Það er að vísu hart, að neita þeim, sem hart leggja á sig sjálfir. En þegar h. þingm. Skagf. (Ól. Br.) var að tala um, að þessi 25 000 kr. fjárveiting væri að eins eðlileg afleiðing af þeim 5000 kr., sem þingið áður veitti til brúargerðar á Eystri-Hjeraðsvötn, þá get jeg ekki stillt mig um, að líkja þessu við það, að pota litla fingrinum niður í vasa landssjóðs í þeirri von, að síðar megi koma þangað allri hendinni. Þó nú þessi brú á Hjeraðsvötnin sje nauðsynleg í sjálfu sjer, verður að bera hana saman við brýrnar á Jökulsá og Lagarfljóti. — Lagarfljót er eitthvert stærsta vatnsfallið á landinu, og brú á því á þjóðvegi og án efa alveg nauðsynleg. — Jökulsá er eina áin á leiðinni frá Reykjavík til Austurlandsins norðan um land, sem hvergi er vað á milli fjalls og fjöru, og að jafnaði mannhætta yfir hana að fara. Þótt nú þessar brúargerðir hafi eigi legið fyrir fjárlaganefndinni, hefir hún orðið að hafa þær í huga, og þá fundizt rjett, að þoka brúargerð á Hjeraðsvötnin aptur fyrir þær.

Að því er snertir landssjóðsstyrk til sýsluvega, tók nefndin þá reglu, að

veita þeim einum sýslufjelögum styrk til sýsluvega, sem engir eða litlir sem engir þjóðvegir liggja um. Allt verður að hafa sín takmörk, og hvert fjárhags tímabil er að eins auðið að verja einhverri ákveðinni upphæð í þessu skyni. Þessi er ástæðan til, að nefndin ekki tók til greina beiðni h. þm. A.-Skaptf. (J. J.). Henni fannst Strandasýslu- og Snæfellsnessýsluvegir liggja nær í þetta sinn, en ekki fje til að gera allt í einu. En geymt er ekki gleymt; á næstu fjárlögum er ekki ólíklegt, að Austur-Skaptafellssýsla geti komizt að. Aðgætandi er líka, að h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. Guðm.) gaf og í skyn, að þetta væri ef til vill fullhátt.

Einar Jónsson: H. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) þótti mjer saka fjárlaganefndina of hart fyrir flutningabrautirnar, fyrir að vilja verja of miklu fje til þeirra á Suðurlandi. Sumir hafa efað, hvort rjett væri, að halda áfram með flutningabrautir, því að þær væru of dýrar. En það er nú búið að leggja svo mikið fje í þær hjer sunnanlands austur yfir fjall, að alveg er ógjörningur að hætta nú við meira en hálfunnið verk, áður en það getur orðið að fullum notum, sjer í lagi þar sem Árnessýsla býður að leggja fram svo mikið fje, til að leggja brautina niður á Eyrarbakka, sem komið hefir fram nú á þinginu.

Nefndinni virtist það rjett stefna, að ljúka nú þessu vegakerfi hjer syðra, eins og það var upphaflega fyrirhugað, þangað til brautin nær austur í Rangárvallasýslu, og láta það svo sýna sig, hvort þessir vegir verði svo mikið notaðir, að þeir borgi sig, svo dýrir sem þeir eru.

Má vera, að það hafi verið rangt, að byrja nokkurn tíma á þessum flutningabrautum, en hitt sýnist þó meiri fásinna, að fullgera eigi neinn verulegan kafla af þeim, einkum þar sem ekki er meira eptir en hjer.

H. þm. (Kl. J.) kvartaði yfir, hve litlu enn hefði verið varið úr landssjóði til vega í Eyjafjarðarsýslu en jeg get eigi verið því samdóma, því að jeg hygg, að miklu fje hafi verið til þeirra varið, enda má þjóðvegurinn gegnum sýsluna yfir höfuð heita með þeim betri á landinu. Jeg skal ekki efa það, sem hann sagði, að vegur fram eptir Eyjafirði mundi verða mjög mikið notaður, en þess ber og að gæta, að Eyjafjörður er ein af þeim sveitum hjer á landi, þar sem aðflutningar eru allra hægastir. Það er því brýnni þörf að gera fyrr við þar, sem aðflutningar eru erfiðari. Í Eyjafirði er opt akfæri á svelli á vetrardag og sveitin ein akbraut. Þá er mikill munur á Þingeyjar- og Múlasýslum annars vegar og Eyjafjarðar- og Skagafjarðarsýslum hins vegar, að því er flutninga snertir. Jeg hef búið í Skagafirði og þekki vel, hver mismunur er á flutningaerfiðleikum þar og í Múlasýslum, og ætti að fara eptir flutningaerfiðleikum, þegar vegagjörðir eru ákveðnar, þá ættu þær sýslur auðvitað fyrst að fá bætta vegi sína, sem erfiðasta vegi hafa.

Sje það nú tilgangurinn með flutningabrautirnar, sem það auðvitað er, að hlífa hestunum, þá er því sjálfsagt, að leggja þær fyrst þar, sem flutningur á hestum er örðugastur, þegar ætti að fara að ákveða fjárframlag til nýrra brauta. En eins og jeg hef bent á, vil jeg fresta því, að leggja nýjar flutningabrautir, en fullgera fyrst þær, sem verið er að leggja, og hvíla svo um stund, meðan reynslan sýnir, hver árangurinn verður. Það er líka því fremur orsök til, að ljúka fyrst við brautirnar hjer syðra, sem öllu meiri líkindi eru til, að þær geti orðið hjer

notaðar meira en á Norður- og Austurlandi. Hvað Skagfirðinga snertir, held jeg mjer sje óhætt að hafa það eptir, sem jeg hef heyrt eptir þeim, að þeir óski fremur, að fje sje þar varið til þjóðvega, heldur en til flutningabrauta í bráð.

Um brúna á vesturarmi Hjeraðsvatna verð jeg að vera samdóma h. þingm. S.-Þing. (P. J.) um, að hún eigi þó heldur að sitja á hakanum fyrir slíkum hættuvötnum, sem Jökulsá og Lagarfljóti, og því fremur, sem á Hjeraðsvötnum er svifferja, þótt hún auðvitað verði ekki notuð að vetrarlaginu nje haust og vor í kröpum.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg ætla að minnast lítið eitt á 49. tölulið. Jeg er þakklátur h. fjárlaganefnd fyrir það, hversu hún hefir komizt vel í sam ræmi við sýslunefnd Árnessýslu, tekið höndum saman við hana í tillögum sínum um flutningabraut frá Eyrarbakka og upp að flutningabraut þeirri, er liggur frá Ölfusárbrúnni austur um Árnessýslu, og það því fremur, sem í þeirri nefnd sitja menn úr fjarlægum plássum, er ef til vill hafa fremur orðið útundan nýrri vegalagning. Jeg verð að álíta það hyggilegast, að halda áfram þeim vegagjörðum, sem svo langt eru komnar, og reyna að koma enda á þær; er þá vonandi að innan skamms verði hægt að snúa sjer fyrir alvöru til vegagerðar í öðrum hjeruðum landsins. Jeg var nú þegar í upphafi eigi alls kostar meðmæltur nýju vegalögunum, hvað flutningabrautir snertir. Jeg sá það í hendi minni, og sje það ekki betur nú, að flutningabrautirnar mundu verða afardýrar upphaflega, og viðhald ið dýrt, og sá sparnaður í hestabrúkun, sem af þeim leiddi, mundi varla samsvara því fje, sem til þeirra yrði að eyða. Að sjálfsögðu væri víða heppilegra, vegna kostnaðarins, að leggja þjóðvegi í stað flutningabrauta, því að með því móti er lengri veg hægt að leggja, og viðhaldið ljettara; en nú ern vegalögin í gildi, og frá þeim er ekki hægt að víkja, nema með lagabreytingu. En það sem fyrir mjer vakir sjerstaklega, er vegurinn frá Þingvöllum til Geysis, sem gert er ráð fyrir í vegalögunum að skuli vera flutningabraut. Sú flutningabraut hlyti að verða afardýr, og koma tiltölulega fáum að gagni, og held jeg því, að nægilegt mundi og fullkomlega gagnlegt og sæmilegt, að leggja þar að eins þjóðveg í stað flutningabrautar; því að hún hlýtur að verða afar-dýr, dýrri en á flestum öðrum stöðum jafnlöngum.

H. þm. Eyf. (Kl. J.) lauk svo miklu lofi á hina svo nefndu Melabrú, frá Eyra oakka upp að Selfossi. Jeg held hann hafi hlotið að hitta á einhverja júbil-veðráttu, þegar hann fór þar um, úr því hann hælir henni svo mjög. Jeg er að sönnu sjálfur eigi svo kunnugur þessari brú, en eptir orðum kunnugra manna mun hún optar vera ófær heldur en fær, og hefir þó verið eytt mjög miklu fje til hennar. En hún er lögð á þeim árum, þegar öll vegagjörð hjer var af vanþekkingu. Hún er upphaflega lögð á röngum stað, og af vanefnum, svo að hún kostar mikið á hverju ári, en er þó að öllu n jafnaði ófær. En vegalagning var á þ unan hátt víðast hjer á landi á þeim árum, þegar vegir voru lagðir bæði af vanefnum og vanþekkingu, svo hjer er samt ekki neitt eins dæmi. Ef flutningabraut yrði nú lögð þar, mundi hún koma einnig að miklum notum fyrir Rangvellinga; þeir mundu þá nota hana, enda þótt vegarstefnan yrði nokkru lengri fyrir þá. Nú sem stendur vinna þeir ekki til, opt og tíðum, ef brýn nauðsyn ekki heimtar, að fara til Eyrarbakka, af því að vegurinn þangað er ófær alloptast. Jeg

verð því að vona, að flestum skiljist það sama sem mjer, að nauðsynlegt sje að reka endahnútinn á þessar vegalagningar í Árnessýslu. Jeg er þakklátur h. þm. Strand. fyrir tillögur hans. Hann hefir þó opt verið þybbinn fyrir í þessu máli á fyrri þingum. H. þm. Húnv. (B. Sv.) minntist á tannlækninn og er jeg samdóma tillögum hans. Hann getur ekki komið að fullum notum, með því að sitja allt af kyr hjer í Reykjavík, hversu nýtur maður sem hann ann ars er. Fjöldi manna, sem þarf að nota hann, getur ekki komið því við, að fara til Reykjavíkur, enda þótt samgöngur sjeu orðnar allgreiðar. Það væri því einkar æskilegt, að þessir spesíalistalæknar veittu tilsögn læknaefnum á læknaskólanum, til þess að læknar út um landið geti orðið sem fjölhæfastir. Þó að spesíalistarnir sjeu mjög gagnlegir og virðulegt sje að hafa þá til, er það ofdýrt fyrir þjóð vora, að kosta þá mjög marga; þeir verða að hafast við í einum vissum stað; en þar sem læknafjöldinn fer nú að verða allmikill, kemur hann að beztum notum, ef þeir eru sem fjölhæfastir.

Þórður Guðmundsson: Jeg vildi leyfa mjer að minnast með fáum orðum á samgangnamálið og vegagjörðirnar og fyrirkomulag þeirra. Jeg er hæstv. landsh. þakklátur fyrir tillögur hans, er koma fram í athugasemdunum við fjárlagafrv., stjórnarinnar; sömuleiðis er jeg þakklátur h. fjárlaganefnd fyrir undirtektir hennar, og get jeg verið mjög samdóma tillögum hennar viðvíkjandi vegalagning. Sumum ægir án efa í augum, hve mikið vegirnir hjer austur kosta, og vjer finnum einnig sjálfir til þess; en vjer vonum þó, að þetta sje að eins byrjun á framförunum í vegagerð hjer á landi, og þegar farið verður að framkvæma vegagerðir á öðrum stöðum á landinu, mun þetta hverfa.

Fyrst, þá er talað var um að brúa Þjórsá og Ölfusá, hnykkti mönnum mjög við svo stórkostleg og dýr fyrirtæki; en nú hnykkir mönnum ekki lengur við þess háttar. Brýrnar eru komnar á Ölfusá og Þjórsá, og nú liggja fyrir þinginu frumv. um 2 aðrar stórbrýr, Jökulsá í Axarfirði og Lagarfljót, sem kosta engu minna, en brýrnar á Þjórsá og Ölfusá, svo bersýnilegt er, að bráðum mun hverfa sú hugsun, að ómögulegt sje að kosta miklu fje til slíkra fyrirtækja.

Það er gjört ráð fyrir, að flutningabrautin frá Þjórsá austur á Rangárvöllu muni kosta um 50 þús. kr. Um þetta skal jeg eigi segja með neinni vissu, en nær er mjer að halda, að varla muni veita af þessari upphæð, ef leggja á flutningabraut. Á það hefir verið minnzt af hæstv. landsh., og einnig af h. þm. Eyf. (Kl. J.), hvort eigi mundi nægja, að leggja þjóðveg á þessari leið. Jeg skal játa það, að betra er oss að fá þjóðveg heldur en hafa engan veg, en ef við fáum ekki flutningabraut á þessum vegarkafla frá Þjórsá að Rangá, verður Rangvellingum engin not að flutningabraut frá Þjórsá að Eyrarbakka eða Reykjavík, sem vagnvegi, því ekki mundu Rangvellingar fara að kosta upp á vagnakaup, þegar þeir gætu ekki brúkað þá nema að og frá Þjórsá, enda álít jeg, að hjer muni ekki svo miklu, hvað kostnaðinn snertir, hvort það verður lagður þjóðvegur eða flutningabraut, vegna þess að yfir Ásahrepp verður að vera óslitinn vegur, eða samanhangandi, þó það verði þjóðvegur, og um mikinn bratta er heldur ekki að tala á þessu svæði, þar heita má, að hann sje mjög jafnlendur. Jeg verð því að halda því fram, að flutningabraut verði lögð yfir Ásahrepp.

H. fjárlaganefnd álítur rjett að verja eigi mjög miklu fje næsta fjárhagstímabil til flutningabrauta, en bíða við og

sjá, hvernig þær reynast. Jeg skaljáta það, að 1893, þá er vegalögin nýju voru til umræðu hjer á þingi, hafði jeg ekki sterka trú á flutningabrautunum. En síðan lögð var flutningabrautin austur í Árnessýslu, hef jeg meir og meir styrkzt í þeirri trú, að flutningabrautirnar muni koma að tilætluðum notum. Þær hafa þegar haft þann árangur, að ýmsir menn í Árnessýslu hafa í hyggju að kaupa sjer vagna, og eru þegar búnir að því einstaka menn; líka vil jeg benda á það, að á næstliðnu hausti var það sýnt, að vel má brúka vagna hjer austur í sýslu, þar sem börn þau, sem tekin voru hjer til Reykjavíkur af landskjálptasvæðinu, voru öll flutt í vögnum. Síðast, þá er jeg fór austur yfir Hellisheiði, mætti jeg tveimur mönnum, er voru keyrandi; gekk þeim mjög vel og var það þó yfir það svæði vegarins, sem erfiðast er.

Jeg vildi minnast með fáum orðum á hina fyrirhuguðu flutningabraut til Eyrarbakka. Það er rjett, sem h. þm. Árn. (Þ. G.) mælti, að hún getur komið að góðum notum fyrir Rangvellinga, en þó þá fyrst, er vegur er lagður milli Þjórsár og Rangár. Sá kafli er svo illur yfirferðar, að ekki er hægt að fara hann nema í eindreginni þurkatíð, og neyðast menn því til að fara á flutningi yfir ána, og brúin því ekki notuð að hálfu leyti, fyrr en vegur er kominn milli Þjórsár og Rangár, og þegar sá vegur er kominn, verður flutningabrautin frá veginum niður til sjávar alveg nauðsynleg.

En viðvíkjandi því, hvar sú flutningabraut á að liggja, vil jeg benda á, að hún verður að því minni notum fyrir Rangvellinga, því vestar sem hún verður lögð; jeg álít því óheppilegt, að hún sje lögð beint niður á Eyrarbakka; hitt væri miklu heppilegra, að hún lægi niður að Stokkseyri, eða mjög nærri henni, því að þar er eiginlega miðpunkturinn, bæði mikil verstöð og kaupstaður.

H. þm. Eyf. (Kl. J.) ægði mjög sá kostnaður, sem vegagerð í Árnes- og Rangárvallasýslum hefir í för með sjer. Jeg vil leyfa mjer að minna hann á, að hjer eiga í hlut tvö sýslufjelög, sem engan beinan hag hafa af strandferðaskipunum. Sínum hlut af því fje hafa þær sýslur að sjá á bak fyrir alls ekki neitt. Það hefir verið allálitleg upphæð, sem Vestu-útgerðin hefir kostað næstliðið fjárhagstímabil, og virðist standa nær, að því fje, eða þeim undirballans, sem Vestu-útgerðin lendir í, hefði verið varið til vegagerðar, þar sem þess hefði sjeð einhvern stað. Það er eigi svo að skilja, að vjer í þessum sýslum teljum fje þetta eptir hinum öðrum fjórðungum landsins, að því leyti sem þeir hafa haft not af því, þó að þessar tvær sýslur hafi engin bein not haft af því fje; þetta eru með fólksflestu sýslum landsins og telja fram flest lausafjárhundruð. Rangárvallasýsla telur fram flest lausafjárhundruð af öllum sýslum á landinu, og leggur hún því sinn skerf í landssjóðinn. Jeg bendi á þetta, til að sýna, hversu rangt og ósennilegt það er, sem h. 2. þm. Árn. (Þ. G.) sagði hjer um daginn um tíundarframtal í Rangárvallasýslu.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg skal leyfa mjer að fara nokkrum orðum um fáeina liði á breyt.tillögunum, sem mjer þykir mest um vert. Það eru þá sjerstaklega akbrautirnar, sem jeg gjarnan vildi minnast nokkuð á.

Það gleður mig, að h. þm. hallast að þeirri skoðun, sem jeg hef viljað halda fast fram áður. Flestar þær raddir, sem hafa látið til sín heyra, stefna í þá átt, að varhugavert sje, og jafnvel alls ekki gjörlegt, að ganga í berhögg við það, sem fjárlaganefndin leggur til, og hæstv. landsh. hefir staðfest með orðum

sínum í dag. Þótt þeir að vísu sjeu fáir hjer í deildinni, sem halda fram akbrautahugmyndinni, þá er samt ekki alveg búið að kveða þá hjátrú niður; en, sem betur fer, flöktir hún á veiku skari.

H. þm. Dal. (J. P.) kom fram með sínar ástæður fyrir því, að akbrautirnar væru framtíðarspursmál fyrir landið. H. þm. Snæf. (Eir. G.) andmælti honum, og kallaði það ekki nein veruleg, almenn not, þó 1—2 menn sjáist með kerru. Hann staðfesti það með því, að einungis einn maður notaði akbrautir að staðaldri. En þar sem h. 2. þm. Rangv. (Þ. G.) tók það fram, hve þægilegt það hafi verið, að flytja börnin úr landskjálptasveitunum hingað suður til Reykjavíkur, þá finnst mjer það vera bæði fáfengileg og hlægileg ástæða fyrir nauðsyn akbrautanna. Ef engin akbraut hefði verið, þá hefði verið hægt, að flytja þau á hestum eptir góðum vegi. Það er líka aðgætandi, að þó vagnar væru notaðir til þess, þá voru það Reykvíkingar, sem sóttu börnin og notuðu vagnana. Ef þeir, sem áttu börnin, hefðu sjálfir átt að flytja þau, mundu þeir ekki hafa notað vagna til þess. Það er eðlilegt, að Reykvíkingar notuðu heldur vagnana, vegna þess, að þeir hafa ekki svo marga hesta, og þegar þeir geta notað vagna, þá spara þeir hesta með því.

H. þm. var ekki sjálfum sjer samkvæmur, þar sem hann hjelt fram gildi akbrautanna, en var samt að verja samþykktir fjárlaganefndarinnar, sem er á gagnstæðri meiningu.

Jeg held því að hann sje að verja þær af gamalli tryggð, en úr því að það er af svo veikum kröptum, þá finnst mjer, að hann ætti helzt að hætta því.

H. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) hafði mikið út á nefndarmenn að setja og sjerstaklega mig, fyrir það, að jeg hefði verið á móti akbrautunum hingað til.

Þeir hafa sjálfir fótum troðið mínar ástæður og skoðanir, sem eru þær sömu og á undanfarandi þingum í þessu tilliti.

Þegar jeg ber saman Sunnlendingafjórðung við hina aðra fjórðunga, með tilliti til fjárupphæða þeirra, sem honum eru veittar, þá dylst mjer það ekki, að hinir fjórðungarnir verða að lúta í lægra haldi, og aðal-ástæðan til þess, að jeg ekki get verið þessari styrkveitingu til hans samdóma er sú, að akbrautirnar ekki verða að tilætluðum notum, og að fje því, sem til þeirra er varið, er kastað í sjóinn, og því ekki gjörandi, að ausa því út í fyrirtæki, sem ekki geta orðið gagnleg í öðru tilliti. Þetta vilja sumir nú máske kalla hreppapólitik.

H. þm. Eyf. (Kl. J.) greiddi atkvæði með háu tillagi til akbrauta á síðasta þingi, og úr því að hann gjörði það þá, þótti honum sjálfsagt að halda því áfram. Ef maður ætlar að fara langa leið, þá er auðvitað slæmt, að snúa aptur, en betra að gjöra það fyr, en þegar maður á að eins fáa faðma eptir af leiðinni. Ur því þingið 1895 vildi leggja þetta fje fram til akbrautanna, þá er svo sem sjálfsagt, að það haldi sömu heimskunni áfram. Á þinginu í hitt eð fyrra sætti jeg mig við að ganga að þeim samningum við fjárlaganefndina, að veita atkvæði mitt til fjárupphæðarinnar til akbrautarinnar austur, mót því að fá aptur 5000 kr. lagðar til þjóðveganna, en þar fyrir hef jeg ekki bundið mig við að halda þessari fjárveitingu fram, ár eptir ár.

H. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) tók það fram, að það væri öfugt hjá nefndinni, að styrkja ekki nýjar akbrautir, en þó Eyrarbakkabrautina; en það er aðgætandi, að þessi braut er lögákveðin, og

nú eru boðnar fram 12000 kr. til henn ar, og þess vegna gekk fjárlaganefndin inn á að styrkja hana, af því það er beinn 12000 kr. gróði, og er því næg ástæða til, að forsvara nefndina í þessu tilliti.

H. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) gat þess enn fremur, að það væri mikil óánægja í hjeruðunum út af því, hvernig vegabótafjenu væri varið; jeg skal ekki neita því, að hann hafi rjett fyrir sjer í því; það hefir verið svo og er enn þá; en sú óánægja er ekki sprottin af því, að menn vilji fá akbrautir, heldur vilja menn að fjenu sje varið til vega, sem byggðir eru á skynsemi, eins og þjóðvegirnir eru. Jeg kannast ekki við, að Eyjafjarðarsýsla hafi orðið út undan í samanburði við aðrar sýslur landsins, að því er snertir fjárframlögur til vegabóta og samgangna. Þar sem nú stendur til, að hún fái um 10,000 kr. styrk til brúar á Hörgsá, og allir vita, að þjóðvegur liggur gegnum sýsluna úr Skagafirði til Akureyrar, sem bæði hefir verið endurbættur upp á landssjóðskostnað og verður, þegar þörf gjörist og því verður við komið, og jafnvel ekkert loku fyrir það skotið, að svo geti orðið á þessu fjárhagstímabili, og mun fjárlaganefndin alls ekkert á móti því.

Enn fremur hefir fjárlaganefndin farið fram á, að veittar yrðu 5,000 + 10,000 + 5,000 kr. eða samtals 20,000 kr. til Eyjafjarðarsýslu, og verður því ekki sagt, að sú sýsla sje á hakanum í fjárhagslegu tilliti, og að Strandasýsla þoli ekki samanburð við hana, þó hún fái 6,000 krónur alls einu sinni í þingsögunni.

H. 1. þm. N.-Múl. (E. J.) var á sömu skoðun og jeg, að því er akbrautirnar snertir, og gleður það mig sjerstaklega af því, að jeg þekki skynsemi hans og gætni. Hann gat þess, að ef tilgangur akbrautanna væri sá, að losa hestana við að bera á hryggnum, þá ættu akbrautirnar að vera þar, sem erfiðast er fyrir hestana að bera; en því fer fjarri, að svo sje, því að þær eru einmitt lagðar þar, sem ljettastir eru aðdrættir. Hann gaf einmitt upplýsingar um, að Skagfirðingar óskuðu ekki eptir akbrautum, en vildu verja fjenu til annars þarfara og betra. Þetta sýnir bezt, að sú skoðun er að ryðja sjer til rúms, að akbrautir sjeu ekki heppilegar, úr því menn ekki vilja hafa þær í Skagafirði, þar sem vel hægt er að leggja þær.

H. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) narraðist að því á síðasta þingi, að jeg tók skýrslu, sem einn Skagfirðingur hafði gefið mjer um þetta; en nú getur hann sjeð, að það hefir við meiri rök að styðjast, en hann hugði.

H. 2. þm. Árn. (Þorl. G.) var á sömu skoðun og jeg, að góðir reiðvegir kæmu að sömu notum. Hann vildi ekki láta leggja akbraut til Geysis, en vildi samt hafa akbraut austur; þetta sýnir, að hann er bundinn við vilja kjósenda sinna.

Jeg álít ekki, að það sje ástæða til að þakka mjer, eins og jeg á hinn bóginn álít heldur ekki, að jeg eigi ámæli skilið fyrir það, þótt jeg ekki gjörði ágreiningsatriði viðvíkjandi þessu máli í nefndinni.

Svo vildi jeg minnast lítið eitt á 47. liðinn, þar sem komið hefir fram breytingartill. frá h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) um, að veita allt að 1500 kr. til verkfróðs aðstoðarmanns við hinar vandaminni samgöngubætur.

Jeg verð að játa, að jeg hef ekki hugleitt þetta sem skyldi, en hins vegar fæ jeg ekki sjeð að þetta sje heppilegt fyrirkomulag. Breyt.till. þessi stefnir að því að taka einn mann á föst laun

og láta hann ferðast með vegfræðingi þeim, sem vjer höfum. Það hefir verið tekið fram, að það væri nauðsynlegt að því leyti, að vegfræðingurinn gæti gefið góðar leiðbeiningar. Jeg skal játa að það geti verið gott; en jeg veit ekki, hvort það er heppilegt að fela það fremur einum en öðrum. Það geta verið fleiri en einn, sem vit hafa á að segja fyrir, hvernig leggja skuli brúklega brú eða leggja veg, af þeim mönnum, sem eru við vegavinnu hingað og þangað út um land. Það er að mínu áliti heppilegt að verkstjórar þeir, er landshöfðingi trúir fyrir því, sjeu látnir mæla vegastæði líka. Við í Strandasýslu fengum vegagjörðarmann í Barðastrandar- og Dalasýslu til að mæla vegi. Vitanlega þurfti hann ekki leyfi til þess, því að hann gjörði það á helgum degi. En hann sýndi, að hann vildi gjöra sitt bezta til að verða að gagni. Jeg hygg, að verkstjórinn í Dalasýslu gæti skoðað vegastæði í Strandasýslu og Snæfellsnessýslu. Það er völ á nógum góðum mönnum, sem geta staðið fyrir vinnunni á meðan, þó verkstjórinn hverfi frá um stund. Slíkt fyrirkomulag hefir ekki annan kostnað í för með sjer en ferðakostnað til verkstjórans; daglaunin eru hin sömu.

Rjettast væri að landsstjórnin hlutaðaðist til um að þeir mældu og skoðuðu vegarstæði, þar sem óskað er, í grennd við þá staði, sem verið er að vinna. Með því fyrirkomulegi, sem breyt.till. fer fram á, mundi ekki að eins eyðast tími í ferðir, heldur einnig 1500 kr. í árslaun til þessa fyrirhugaða aðstoðarmanns og ferðakostnaður að auki.

Þá vildi jeg einnig minnast lítið eitt á breyt.till. nefndarinnar við 53. tölulið. Sú tillaga nefndarinnar hefir fengið góðar undirtektir. En margir munu ef til vill ætla, að slíkar styrkveitingar til einstakra sýslna sjeu varhugaverðar af því að þá muni fleiri koma hver á fætur annari með líkar bænaskrár. En þingið á að hafa siðferðislegt þrek til að segja já eða nei, enda er engin hætta á, að það lendi í neinum ógöngum með slíkum styrkveitingum, því að það er beinn gróði fyrir landssjóð, ef þingið þannig getur þvingað sýslurnar til að leggja skatt á sig, og getur það því varla verið þekkt fyrir annað en veita þeim slíkar fjárbænir, hvort sem þær eru til að auka sýsluvegi, hreppsvegi, þjóðvegi eða fjallvegi; ef það að eins miðar til að bæta samgöngurnar, þá sje jeg ekkert á móti því að þingið veiti fje til þess.

Það er mikið rjett athugað hjá fjárlaganefndinni, að það getur verið að ein sýsla gangi fyrir annari. Jeg veit til þess, að Snæfellsnessýsla er mjög erfið og þar eru engir þjóðvegir; í Strandasýslu er líkt ástatt; þar er að eins sýsluvegur um endilanga sýsluna, hjer um bil 30 mílna langur, að meðtöldum heiðavegum, til nærliggjandi sýslna, en að eins 340—350 kr. vegagjald til þess að endurbæta með þessa vegi. Strandasýsla hefir ekki enn fengið styrk til neinna slíkra fyrirtækja; strandferðunum fer hún nálega alveg varhluta af; í 4 ár hafa að eins verið 1—2 strandferðir til Borðeyrar, á bláhorninu á sýslunni.

Ekki get jeg skilið ályktan h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.), þar sem hann sagðist sjá, að nú væri betra að hafa engan landssjóðsveg heldur að eins sýsluvegi, því þingið eða sjer í lagi fjárlaganefndin vildi veita t. d. Strandasýslu 6000 kr. En það er nokkuð kátleg ályktun, að það sje betra að þurfa að leggja á sig mjög þungan skatt til þess að fá þetta náðarbrauð landssjóðsins, heldur en að fá það fyrirhafnarlaust og án allra fjárframlaga frá sinni hálfu. En ef þingmanninum er þetta alvara, þá er gott

og vel; jeg skal gefa atkvæði mitt til þess að Eyjafjarðarsýsla fái ekki einungis 6000 kr., eins og Strandasýsla, heldur 12000 kr., ef sýslan vill leggja til 6000 á móti úr sýslusjóði til akbrautar fram Eyjafjörð, og jeg er viss um að þingdeildin gengur inn á þetta, svo Eyjafjarðarsýsla fái sömu rjettindi sem þetta óskabarn þingsins, sem allt af er verið að ausa í, nefnilega Strandasýsla!

Það sem jeg tók fram um það, að sýslur þessar, sem hjer er farið fram á að styrkja, hefðu engan landssjóðsveg, en afarlanga sýsluvegi og lítið sýsluvegagjald til endurbóta veganna, er nú sameiginlegt fyrir báðar sýslurnar, Stranda- og Snæfellsnesssýslur, enda þótt jeg þykist viss um, að Strandasýsla beri hærra hlut, hvað snertir vegarlengd og lítinn sýsluvegasjóð. en jeg sleppi nú því, en ætla að taka fram það atriði, sem eitt út af fyrir sig ætti að ríða baggamuninn og gjöra það að verkum, að Strandasýsla fengi þessa upphæð, enda þótt þingið vildi ekki styrkja aðra sýsluvegi, sem jeg álít þó að það ætti að gjöra.

Astæðan er sú, að langur kafli af þessum sýsluvegi Strandasýslu, er í rauninni reglulegur þjóðvegur, enda þótt hann nái ekki því nafni eptir bókstaf vegalaganna. Þessi vegur, sem liggur úr Gilsfjarðarbotni í Hrútafjarðarbotn, er eini vegurinn, sem samtengir Vestfirðingafjórðung við Norðlendingafjórðung, ef menn vilja fara milli fjórðunganna eptir þjóðvegi, og það eru þeir einu vegir, sem maður getur búizt við að sjeu færir; ef aðrir vegir eru ekki endurbættir vegna fjárskorts, þá verða menn að fara suður yfir Bröttubrekku suður í Mýrasýslu og norður Holtavörðuheiði norður í land. Eptir þessum þjóðarsýsluvegi Strandasýslu fer pósturinn frá Bæ í Króksfirði að Stað í Hrútafirði, sem er einn með allra þyðingarmestu aukapóstum landsins, því hann flytur öll brjef og póstsendingar, þar á meðal 5 dagblöð milli Vestfirðinga á aðra hliðina og Norðlendinga og Austfirðinga á hina, og eptir þessum þýðingarmikla pósti verður Akureyrarpósturinn æði opt að bíða, sem er bein útgjöld fyrir landssjóð, og sem opt leiðir af töfum vegna vondra vega og brúarleysis á þveránum í Hrútafirði, sem fjárlaganefndin hefir þó synjað um hjálp til að bæta úr, með því að taka ekki til greina beiðni um styrk til þess að brúa tvær af þessum ám.

Menn geta því sjeð, að hjer er ekki um reglulegan sýsluveg að ræða, heldur þjóðveg eða fjórðungaveg í það minnsta, ef menn vildu nefna hann svo, sem ekki er einungis eðlilegt að þingið styrki til að endurbæta, heldur er alveg sjálfsagt og ætti helzt að gjörast að þjóðvegi með lögum, því það er óeðlilegt, að enginn þjóðvegur liggi milli landsfjórðunga og það á sjer hvergi stað nema milli Vestfirðingafjórðungs og Norðurlands.

Þetta út af fyrir sig eru því nægar ástæður, þó ekki væru aðrar, til þess að þingið veitti þennan styrk. Af því að jeg veit til þess að þingið muni leggja mikla áherzlu á þetta atriði, þá væri það ekki ósanngjarnt að það yrði gjört að skilyrði, að fjenu yrði varið í þennan vegakafla. Á þessum kafla er háls ógreiður yfirferðar, og hygg jeg því að vegabót yfir hann mundi kosta allt að 4—5000 krónur.

Sýslunefndin mundi sjálfsagt telja það skyldu sína að taka hann fyrst fyrir, þó að reyndar verstu torfærurnar væru eptir. Ef h. þdm. hafa kynnt sjer bænarskrá þá, sem fram hefir komið um þetta efni og málið í heild sinni, þá

hygg jeg að þeir muni samþykkja þessa styrkbeiðslu af þessum ástæðum, sem jeg hef nú tekið fram. Þar sem menn telja að á þessu sjeu þeir agnúar, að erfitt verði að fá verkstjóra til að standa fyrir vegagjörðinni, þá fæ jeg ekki sjeð, að það geti komið til mála.

Það er líka takandi til greina, að sýslubúar munu fúsir til þess að leggja á sig skatt í þessu skyni með því að taka lán upp á sýslusjóðinn, sem nemi hálfum styrknum úr landssjóði, og leggja sitt litla sýsluvegagjald að auki í þenna veg. Þetta verður því sjerstakur skattur, fremur þungur fyrir fátæka og fámenna sýslu, en álitlegar tekjur fyrir vegagjörðir landsins, og því vert fyrir þingið að taka þakksamlega. Að lokum má geta þess, að Strandasýsla hefir orðið meir út undan með allar fjárveitingar en nokkur önnur sýsla, því hún hefir aldrei fengið styrk af þinginu til neins, fyr en ef þetta fæst.

Að því er snertir breyt.till. frá þm. Dal. (J. P.), tölul. 55 á atkvæðaskránni, þá get jeg gefið henni eindregið atkvæði mitt. Upphæð þessi er svo lág, að mig furðar á því að hjeraðsbúar geti brúað svo slæma á og lagt svo mikið á sig, sem til þess þarf, fyrir svo litla upphæð í aðra hönd. Mjer er það kunnugt, að þessi brú er mjög nauðsynleg, en mjer finnst fjárlaganefndin ekki hafa gjört rjett í því, að vísa frá sjer beiðni um slíkan styrk, er kom úr Strandasýslu. Þó hefir h. nefnd sjeð sjer fært að taka upp breyt.-till. um skipakví, þótt hana vantaði allar nauðsynlegar upplýsingar í því efni, og var þar þó um meiri fjárupphæð að ræða, og hefir h. nefnd sýnt ósamkvæmni í þessu efni. En það liggur ekki nú fyrir, svo að ekki er ástæða til að fjölyrða meira um það mál.

Landshöfðingi: Jeg vildi gjöra athugasemd við ummæli 1. þm. Húnv. (B. Sigf.) um 11. gr. 5. a., styrkinn til augnlæknis Bjarnar Olafssonar. Hann gat þess, að þar sem honum væri gjört að skyldu að veita stúdentum á læknaskólanum ókeypis kennslu, þá áliti hann þessa kennslu hans ekki í góðu lagi. Hann hafði heyrt, að hann kenndi 2 tíma á viku, en mest bóklega, og hugði því lítið gagn í þeirri kennslu. Jeg get fullvissað þingmanninn um það, að augnlæknirinn kennir stöðugt að minnsta kosti 2 tíma í viku »ophthalmologi« (augnlækningafræði) á læknaskólanum, sem mun vera nægilegt. — Vitaskuld er það, að kennslan í þessari grein, eins og í öðrum greinum á læknaskólanum, hlýtur að mestu leyti að vera bókleg, en mjer er kunnugt um, að augnlæknirinn lætur stúdentana vera við »Operationer« hjá sjer, þegar honum er það mögulegt; einnig munu stúdentarnir optast vera við á »klínik« hans á læknaskólanum, sem hann veitir ókeypis á vissum timum. Kennslan er því eins verkleg og mögulegt er.

Einnig vildi jeg gjöra athugasemd við ræðu h. þm. Strand. (Guðj. G.). Hann skildi 47. tölul. á atkv.skránni um að 1500 kr. skyldu veittar á ári til verkfróðs aðstoðarmanns við hinar vandaminni samgöngubætur svo, að þetta yrði föst laun handa einum vissum manni. Minn skilningur á þessum lið er sá, að þessar 1500 kr. eigi að vera undir umsjón landsstjórnarinnar, til þess að henni sje mögulegt að lána sýslufjelögunum verklega aðstoð, eða mann til að segja fyrir verkum, þegar þess væri þörf. En jeg skil þetta ekki svo, að styrkurinn sje bundinn við fastan mann, heldur megi taka þann mann, sem hentugastur er í hvert skiptið. Ef t. d. vantaði umsjónarmann við vegavinnu í Strandasýslu, og um sama leyti væri verið að vinna að vegabótum á aðalpóstvegi í Dalasýslu, mundi jeg senda

verkfróðan mann úr Dalasýslu þangað, þar sem það yrði kostnaðarminnst. Ef þessi tölul. verður samþ., skil jeg fjárveitinguna á þennan hátt.

Framsögumaður (*Jón Jónsson*, 2. þm. Eyf.): Jeg skal drepa á örfá atriði. Fyrst eru nokkur af ummælum hæstv. landsh., sem jeg vil minnast á. Nefndin hefir ekki ætlazt til að hætt væri við þjóðveginn í Dalasýslu, þótt þess sje ekki getið í nefndarálitinu; nefndin hefir gleymt að taka þetta fram, en gjörir ráð fyrir að vegurinn verði fullgjör næsta ár. — Hvað skoðun landshöfðingja snertir á flutningabrautinni í Húnavatnssýslu, þá vil jeg vísa til orða h. 1. þm. Húnv. (Bj. S.), að hún eigi ekki að ná lengra vestur, en að Hrútafirði, og byggir þm. það á þeim skilningi á orðagrundvelli laganna, að flutningabrautir eigi að liggja frá kauptúnum upp eptir hjeruðum.

Mjer datt í hug að benda á, hvort landsstjórnin gæti ekki »pr. Conduite« hætt við að byggja flutningabraut yfir Ásahrepp í Rangárvallasýslu, því þegar brautin er komin yfir Þjórsá, þá má segja að hún sje komin austur í Rangárvallasýslu. Mætti svo leggja góðan þjóðveg þaðan og austur að Rangá, sem eflaust gæti orðið 20 þús. kr. ódýrari, og því fje, sem þannig sparaðist, mætti verja til flutningabrautarinnar í Eyjafirði.

Þá var það að síðustu ein setning hjá h. 2. þm. Rangv. (Þ. G.). Hann bar Vestuútgjörðina og skaðann við hana saman við flutningabrautirnar. Þetta álít jeg ekki vera vel yfirvegað, og vil mótmæla því. Þegar talað er um skaðann við útgjörðina, þá skortir á að litið sje einnig á hina hlið málsins, gagn það, sem útgjörðin hefir gjört, bæði beinlínis og óbeinlínis. Beinan hag af útgjörðinni má telja þær 18 þús. kr., sem áður voru borgaðar sameinaða gufuskipafjelaginu og sem spöruðust við Vestuútgjörðina, þá 9 þús. kr., sem landsmönnum hafa sparazt með lækkun á »fragt«, og sömul. 10% af flutningsgjaldi af öllum þeim vörum, sem fluttar voru með skipum sameinaða gufuskipafjelagsins, auk lækkunar á fargjaldi og ýmsra þæginda. Jeg hygg að hjer sje kominn mikill hluti hinna 60 þús., er útgjörðin hefir kostað landssjóð, og þó er allur óbeini arðurinn ótalinn, sem ómögulegt er að reikna í peningum. Það er því ekki rjett að jafna landssjóðsútgjörðinni saman við flutningabrautir, því ef 60 þús. eru lagðar til slíkra brauta úr landssjóði, þá eru það 60 þús. kr. tekjurýrnun, þar eð brautirnar gefa landssjóði engan arð. Þar sem flutningabrautirnar þannig ekki gefa neinn beinan arð, og vextirnir af fje því, sem til þeirra gengur, eru miklir, auk árlegra aðgjörða og viðhalds, má allt af efast um, hvort sá kostnaður borgi sig.

Þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) mun búast við kvittun fyrir »komplimentin«, sem hann gaf nefndinni í ræðu sinni. En þar eð hann ekki er við staddur, mun það ekki þykja »fair play« að koma fram með hana og verður hún því að bíða betri tíma.

Tuttugasti og áttundi fundur, þriðjudag 3. ágúst, kl. 11 f. hádegi. — Allir á fundi.

Frumv. til fjárlaga fyrir árin 1898 og 1899 (C. bls. 1, 348 — atkv.skrá — og 358); frh. 2. umr.

Skúli Thoroddsen: Jeg á hjer tvær breyt.till., sem jeg skal leyfa mjer að fara um nokkrum orðum.

Önnur er 42 á atkvæðaskránni, um að sjúkrahúsinu á Ísafirði sje veittur 400 kr. styrkur hvort árið. H. framsögum. (J. J. þm. Eyf.) hefir tekið vel undir þetta og lýst yfir því, að nefndin

vildi fallast á það, og tel jeg þá víst að h. deild muni samþ. breyt.till., enda er hún í samræmi við aðrar till. h. nefndar. — Sjúkrahúsið á Ísafirði er nýlega byggt, var fullgjört í vetur og svo vel útbúið, að ekkert sjúkrahús hjer á landi mun hafa annan eins; það er byggt sumpart fyrir samskotafje, sumpart af gjöf sparisjóðsins á Ísafirði, og sumpart fyrir fjárframlög af hálfu Ísafjarðarsýslu og kaupstaðar, án þess landssjóður hafi þurft þar einn eyri til að leggja, og er því mjög maklegt þessa litla árlega styrks.

Þá er önnur breyt.till., 56 á atkvæðaskránni, sem fer í þá átt að veita 2000 kr. eitt skipti fyrir öll til vegagjörðar á Breiðadalsheiði. Á þingmálafundi í Ísafjarðarsýslu var skorað á oss þm. Ísfirðinga, að bera fram hjer á þingi þá tillögu, að vegurinn á Breiðadalsheiði yrði tekinn í þjóðvegatölu, en sökum þess, að hann samtengir tvo sýsluparta, og er þannig eingöngu innanhjeraðsvegur, en getur ekki á neinn hátt skoðazt sem þjóðvegur, þá leizt oss ekki rjett að bera upp frumv. í þá átt, með því og að vonlaust mátti teljast, að það fengi framgang. En þegar jeg á hinn bóginn sá, að h. fjárlaganefnd hafði tekið þá stefnu að leggja nokkuð fje til sýsluvega í þeim hjeruðum, þar sem engir þjóðvegir eru, þá datt mjer í hug að koma með breyt.till. um að leggja nokkuð fje úr landssjóði til að styrkja að vegalagningu á sýsluvegi þessum, þennan sýsluveg, sem eins stendur á um, og þá vegi í Stranda- og Snæfellsnessýslu, sem fengið hafa svo góðan byr hjá fjárlaganefndinni. Og hjer stendur svo á, að um vestra part sýslunnar er óslitinn sýsluvegur frá Ísafirði vestur í Arnarfjörð, og það er mikils um vert, að þessum vegi sje vel við haldið, þar sem umferðin er mikil, og yfir þrjár heiðar að fara; yfir Breiðadalsheiði fer aukapóstur, sem líklega hefir einna mestan flutning allra aukapósta á landinu. Jeg tel því sjálfsagt, að ef deildin aðhyllist stefnu fjárlaganefndarinnar, að leggja fje til sýsluvega, þá mun hún einnig samþykkja þessa fjárveitingu, og mitt atkvæði um tölul. 53 á atkv.skránni, styrkinn til sýsluvega í Snæfellsness- og Strandasýslum, er undir því komið, hvort þessi breyt.till. mín verður samþ. Mjer þótti því mjög leitt, að jeg skyldi ekki fá að heyra, hvort h. þm. Strand. (Guðj. G.) mundi aðhyllast þessa breyt.till., og vil því skora á hann að lýsa skoðun sinni á þessari breyt.till., áður en þessari umr. er lokið.

Þá var það h. 1. þm. Húnv. (B. Sigf.), sem jeg þurfti að svara nokkru. Mjer finnst það ætíð leiðinlegt, þegar þm. hjer á þingi nota sæti sitt til þess að ráðast á fjarverandi menn, sem ekki geta borið hönd fyrir höfuð sjer, og einkum, þegar ræður þm. bera þess þá ljósan vottinn, að þeir hafa ekkert vit á því, sem þeir tala um. H. þm. Húnv. (B. Sigf.) hefði ekki farið þessum orðum um verkfræðinginn, ef hann hefði haft vit á því, sem verkfræðingum er ætlað að gera.

Ætlunarverk verkfræðingsins er ekki eingöngu fólgið í því að standa fyrir vegagerðum, heldur hefir hann nóg að gera þar fyrir utan allan veturinn, að teikna brýr, sem fyrirhugað er að smíða, gera áætlanir um allan kostnað við brúargjörðir, vegalagningar o. fl., auk þess sem hann þarf að svara fyrirspurnum viðsvegar að; þess utan stendur og verkfræðingurinn eingöngu undir stjórn landshöfðingja, og lá því nær fyrir h. þm. Húnv. (B. Sigf.) að beina máli sínu til hans, en til verkfræðingsins persónulega, enda ímynda jeg mjer, að h. þm. geti ekki nefnt eitt

einasta dæmi þess, að verkfræðingurinn hafi vanrækt nokkuð, sem landsh. hefir lagt fyrir hann að gera.

H. þm. Húnv. (B. Sigf.) gat þess enn fremur, að verkfræðingnum væru borgaðar 3000 kr. á ári auk ferðakostnaðar, og væri ekki ósanngjarnt að ætlast til að hann gerði eitthvað til að vinna fyrir þeim, og því neitar auðvitað enginn. En þegar þm. var að fjargviðrast sem mest af þessari háu upphæð, þá datt mjer í hug, hve opt þessi hugsunarháttur kemur hjá oss Íslendingum, að sjá ofsjónum yfir hverjum skildingnum, sem íslenzkum mönnum er borgað; en ef maðurinn er útlendur, þá er ekki nema sjálfsagt, þó að honum sje borgað margfalt meira, þótt minna verk vinni. Enginn hneykslaðist t. d. á því, þó að norska vegfræðingnum, sem hjer kom fyrst, væri borguð jafnhá upphæð fyrir örfáa mánuði, eins og verkfræðingur landsins fær um allt árið. Og sje litið til launa lærðra »ingeníöra« í öðrum löndum, þá eru laun verkfræðingsins sannarlega mjög lág.

H. þm. (B. Sigf.) gat þess ennfremur að heyrzt hefði, að verkfræðingurinn hefði leikið kómedíur hjer í vetur, og gert það vel. En það var þá líka dálítið til að hneykslast á, þó að hann styrkti fjelag, sem hefir þann tilgang að gefa fátæklingum, sem eiga bágt, að borða, því að það var Thorvaldsensfjelagið hjer í Reykjavík, sem hann ljek nokkur kvöld ókeypis í frítímum sínum fyrir, til þess að hjálpa því að gleðja nokkra fátæklinga. Aðrar eins árásir, eins og þessi, dæma því bezt sjálfa sig, og þarf ekki um það orðum að eyða.

Annars kom mjer þetta frumhlaup h. þm. Húnv. (B. Sigf.) ekki á óvart, því að það kemur svo opt fyrir, að menn láta skjóta sjer flugu í munn; en h. þm. ætti ekki að leggja það í vana sinn að beina örvum sínum að fjarverandi mönnum, því ef jeg er málavöxtum kunnugur, þá mun jeg ekki láta því ósvarað, og ef til vill ekki haga þá orðum mínum ævinlega eins vægt og stillilega, eins og í þettta sinn.

Þá skal jeg geta þess, að mig furðar á þeirri breyt.till. fjárlaganefndarinnar að lækka styrkinn til tannlæknisins; það hefir opt verið talað um, að styrkurinn til aukalækna væri svo lítill, að þeir gætu ekki lifað við hann, og má þá geta því nærri að 750 kr. eru ekki nægilegar handa tannlæknirnum; og þegar augnalæknirinn fær 2000 kr., þá virðist ósanngirnin, eða mismunurinn þeirra á milli, nóg, þó að tannlæknirinn fái að halda þessum 1000 kr., sem stjórnin hefir lagt til að hann fái. Það er nauðsynlegt, að tannlæknirinn sitji hjer í Reykjavík, þar sem auðveldast er að ná í hann; en hjer í bæ, eins og yfir höfuð í kaupstöðum, er dýrara að lifa, en til sveita.

Viðvíkjandi tillaginu til frjettaþráðarins: 35,000 kr. á ári, þá er engin breyt.till. komin fram við þá fjárveitingu, en mín skoðun er, að fullt eins heppilegt sje að hafa hana 40,000 kr. Því að það er kunnugt, að »Store Nordiske« hefir sett upp 40,000 kr., en fjelag það, er Mitchell stendur fyrir, 45,000 kr. Ef tillagið verður hátt 40,000 kr., þá er ekki ólíklegt, að enska tilboðið verði máske fært niður í 40,000 kr., enda er það óvíst, að norræna frjettaþráðafjelagið geri sig ánægt með minna. Mjer finnst, að vjer megum ekki horfa í einar 5,000 kr., þegar svo mikilsvarðandi máli er að skipta. Annars er tilboð Mitchells miklu aðgengilegra, þar sem hann ætlar sjer að leggja frjettaþráðinn ekki eingöngu hingað, heldur einnig hjeðan til Canada, en »Store Nordiske« að eins hingað til

landsins. Jeg ætla mjer samt ekki að koma fram með breyt.till. um þetta, en tek það að eins fram sem bendingu til h. fjárlaganefndar.

Jens Pálsson: Það er út af þeim umræðum, sem fallið hafa um fjárveitingar til aðalvegagerða og sjerstaklega út af ummælum h. þm. Srand. (Guðj. G.), sem jeg tek til máls.

Jeg skal þá fyrst geta þess, að jeg hef skilið ástæður fjárlaganefndarinnar fyrir því, að leggja minna til flutningabrauta næsta fjárhagstímabil en stjórnin hefir stungið upp á, þær hef jeg skilið svo, að vegna þess að brýna nauðsyn bæri til að endurbæta ýmsa kafla þjóðveganna, sem nú eru ófærir, þá hefði henni þótt ráðlegt að flytja nokkuð af því fje, sem ætlað var flutningabrautum, yfir á þjóðvegina.

Og jeg verð að fallast á að þessi stefna sje fullkomlega rjett.

Samt sem áður tekur mig það sárt, ef það getur ekki orðið byrjað á flutningabraut um Eyjafjörð á næsta fjárhagstímabili, vegna eindreginna óska úr því hjeraði, sjerstaklega gegnum munn h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) á þinginu 1895 og á þessu þingi; og ræð jeg það af orðum hans, að hjeraðsbúum sje ekki eingöngu um að gera að fá brautina gjörða, heldur líka að nota hana. Jeg veit að í þessu hjeraði eru ísalög að vetrinum og hafa menn um langan tíma notað þar hesta til dráttar en ekki til burðar, haft sama siðinn, sem allar þjóðir hafa nú upp tekið. Eru Eyfirðingar fyrir þá skuld manna líklegastir til að nota akbrautina þegar í stað til vagnferða.

Út af þessu hef jeg alvarlega hugsað um, hvort ekki mætti takmarka nokkuð það fje, sem ætlað er til vegagerða yfir Ásahrepp í Rangárvallasýslu, og leggja það, er sparaðist, til brautar fram Eyjafjörð. Það hagar svo til í Asahreppi, að þar eru ekki verulegar hæðir eða fjalllendi, heldur mýrar og flóar, og því þarf að gera þar upphleyptan veg. Nú er sá munur á flutningabrautum og þjóðvegum, að flutningabrautirnar eru venjulega hafðar 6 álna breiðar, en þjóðvegir 5 álna. Jeg sje ekki annað en að þjóðvegur gerði Rangvellingum alveg sama gagn, sem flutningabraut; það yrði að eins breiddarmunurinn, sem til greina kæmi, annað ekki. En sá breiddarmunur mundi et til vill nema 10—15,000 kr. í kostnaði, og fyrir það fje mundi mega leggja flutningabraut um Eyjafjörð.

Jeg get ekki annað hugsað en h. þingmenn Rangv. geti fellt sig við þetta, að þeir verði að sjá og játa að upphlaðinn þjóðvegur, 5 álna breiður, geri þeim eins mikið gagn og akbraut.

Jeg get sem sagt ekki annað hugsað, en að h. þm. Rangv. verði að sjá og játa, að þetta má Rangæingum standa á sama. Og svo framarlega, sem þeir geta aðhyllzt þessa skoðun, þá vona jeg að þeir sýni tilhliðrunarsemi, þar sem þeir hafa fengið brýr á Olfusá og Þjórsá, og fá nú óslitna braut á þessu sumri allt austur að Þjórsá; jeg verð að ganga út frá, að þakklætistilfinning þeirra knýi þá til að slaka til í þessu, þar sem þörfin er svo brýn fyrir þetta fje annars staðar, og þeir geta ekki beðið sjer verulegan skaða við það. Jeg vona að h. þingmenn láti skoðun sína í ljósi á þessu atriði, og skal jeg svo ekki ræða frekar um það.

Það var, eins og jeg sagði, ræða h. þm. Strand. (Guðj. G.), sem gaf mjer tilefni til þess að standa upp. Það var stefnan, andinn í ræðu hans, sem jeg ekki get látið fara fram hjá mjer mótmælalausan. Hann flutti ræðu sína fyrir 2 dögum, svo orðalag man jeg ekki glöggt, — en stefnan stendur alveg ljós fyrir mjer, — það var þessi móthugur

gegn hinni mikilvægu, og að flestra dómi heppilegu breytingu á eldri vegalögum, sem gjörð var með vegalögunum frá 1894.

Það kom fram í ræðu h. þm. Strand. (Guðj. G.) rótgróin andvígni gegn stefnu þeirra laga. Honum var auðsjáanlega sárilla við ákvæði þeirra laga, sjerstaklega flutningabrautirnar; hann sagði um þær, að þær væru vitleysa, og fleiri hrakyrði mælti hann til þeirra, og ekki vildi hann leggja til þeirra einn eyri. Og loks setti hann sig í spámannssæti og kunngjörði, að þær mundu aldrei verða notaðar. —

Og öll þessi ósköp dregur h. þingm. Strand. (Guðj. G.) út af því, að vonir hans um notkun akbrauta, sem nú er verið að ljúka við, hefðu ekki þegar rætzt. — Það er satt, sem hann sagði, að einn búandi í Mosfellssveit noti akbrautina til vagnferða, hann tók að nota hana strax, sem hún var komin spölkorn upp fyrir Ellíðaár, — en getur það gefið h. þm. Strand. (Guðj. G.) ástæðu til að fullyrða, að hugmyndin um flutningabrautirnar flökti á skari, og sje í þann veginn að deyja út? — Ef það dæmi gefur ástæðu til að spá nokkru um flutningabrautirnar, þá er það einmitt hið gagnstæða. Og jeg skal tilfæra annað dæmi, sem ætti að geta lífgað hinar deyjandi vonir h. þingm. Strand. (Guðj. G.) um framtíð flutningabrautanna. Seinast nú um helgina kom hjer maður austan úr Þingvallasveit með flutningavagn og 2 hesta fyrir, og það þrátt fyrir það, að ekki er búið að ljúka við flutningabrautina austur þangað fyr en einmitt þessa dagana.

H. þm. Strand. (Guðj. G.) býr norður á Ströndum, langt frá — jeg vil ekki segja öllum mannabyggðum, heldur — flutningabrautum, en þar fyrir ætti hann ekki að þurfa að eiga lengra en aðrir menn til þeirrar skynsamlegu ályktunar, að það sje eins mikið að kenna Mosfellssveitarmönnum, að þeir nota lítið akbrautina, eins og akbrautinni sjálfri.

H. þingm. Strand. (Guðj. G.) heimtar reynsluna allt of snemma. Hinar miklu kröfur hans geta ekki rætzt á einu augnabliki; það þarf talsvert fje til þess, að koma sjer upp vögnum og öðrum áhöldum, og það þarf að venja hestana við, og allt það tekur tíma. Hann heimtar, að komin sje reynsla um gildi þessara brauta, áður en þær eru fullgerðar. Þetta stríðir á móti skynsamlegri hugsun, og hrindir sjer sjálft.

Jeg vil biðja h. þingmenn, að líta á skoðanir þeirra, sem búa nærri og þekkja þessar flutningabrautir! Heldur þingmaðurinn, að Árnesingar mundu bjóðast til að leggja á sig 12,000 kr., til þess að fá tiltölulegan styrk úr landssjóði til flutningabrautar af Eyrarbakka upp að Selfossi, ef þeir hefðu ekki trú á gagnsemi akbrauta?

H. þm. Strand. (Guðj. G.) sagði líka, að jeg væri faðir þessara flutningabrauta, sem hann dæmdi svo hart, og verð jeg auðvitað að skilja þetta svo, að h. þm. meinti, að jeg væri pottur og panna í því að innleiða þá vitleysu, að ætla landsmönnum að nota vagna til flutninga og jafnframt til ferðalaga. — En honum skjátlast mjög í því, að jeg hafi fyrstur manna flutt ákvæði í þá átt inn í löggjöf landsins. Ef h. þingm. vildi fletta upp vegalögum frá 10. nóv. 1887, þá getur hann sjeð svart á hvítu að alþingi hefir með þeim lögum tekið upp akbrautir; það stendur með berum orðum í II. kafla 7. gr. þeirra laga, að »aðal-póstvegir skuli vera 6 álna breiðir«, og »að eigi skuli þeir að jafnaði hafa meiri halla en sem svari 3—4 þuml. á hverri alin«; þau lög fara sannarlega

lengra, því í þeim er ákveðið, að allir aðal-póstvegir skuli vera akbrautir. — Af þessu getur h. þm. Strand. (Guðj. G.) sjeð, að það er langt frá, að jeg sje frumkvöðull að akvegum, sem hann kallar vitleysu. Jeg vona, að hann átti sig á því, að það er rammasta fjarstæða. Hitt vil jeg ekki láta telja mjer til vanza, að jeg átti ekki minnstan þátt í, að vegalögunum frá 1887 var breytt í hin núgildandi vegalög frá 1894, og með þeim takmörkuð mjög akvegalagning, og akvegir ekki annarsstaðar ákveðnir, en þar sem þeir mega og hljóta að mestu gagni að koma.

H. þm. Strand. (Guðj. G.) lagði mikið upp úr því, að jeg væri samþykkur stefnu fjárlaganefndarinnar, eins og hún kemur fram í áliti hennar. Hann lýsti því yfir, að nú væri nefndin fallin frá flutningabrautum, og þar sem jeg væri henni samþykkur, þá hefði jeg skrifað undir dauðadóm flutningabrautanna. — En jeg skil tillögu nefndarinnar allt öðru vísi, og hjer stendur það svart á hvítu, að hún er öðru vísi. Það stendur í áliti nefndarinnar, að hún ætli, »að heppilegra sje í þetta sinn«. Og jeg álít þessa tillögu einkar skynsamlega, þar sem margar póstleiðir eru allsendis ófærar, og svo mikil nauðsyn á að gera þær færar, að það má ekki dragast. Og þar sem nefndin ekki sá sjer fært að leggja meira fje til þeirra en áætlað er í stjórnarfrumv., þá var þetta vegurinn: að flytja nokkuð af því fje, sem flutningabrautunum var ætlað, yfir á þjóðvegina. En fjárlaganefndin getur verið og mun vera eins hlynnt flutningabrautunum fyrir það, og getur viðurkennt, að þær sjeu góðar og gagnlegar fyrir því. Gagnlegur hlutur er ekki fordæmdur, þótt alveg nauðsynlegur hlutur verði í svipinn að sitja í fyrirrúmi. Jeg tek dæmi. Hver mundi neita því, að það sje æskilegt og nytsamt að eiga fagurt, traust og hentugt íbúðarhús á jörð; en öllum mundi þó koma saman um það, að það væri langt um nauðsynlegra að koma upp óhjákvæmilegum peningahúsum en slíku íbúðarhúsi. Og eins stendur á um þetta, að það er nauðsynlegra, að gera færa alþjóðarleið, en að koma upp flutningabraut.

Fjárlaganefndin vill leggja meira fje til vegagjörða en áætlað var í stjórnarfrumv., og er þar þó ríflega tiltekið. Stjórnin lagði til, að 164 þús. kr. yrði varið til vegagjörða, en nefndin hefir fært þá upphæð upp í 171,000 krónur, en auðvitað hefir hún lagt meira til þjóðvega og minna til flutningabrauta en stjórnin.

Jeg vil lýsa því yfir, að jeg skildi h. þm. Strand. (Guðj. G.) svo, sem hann fordæmdi alla vegi nema þá, sem nota mætti að eins til þess að ríða og teyma eptir. Mjer skildist hann binda allar sínar framtíðarvonir við reiðinginn, klifberann og klakkana. Og sje nú þetta meining mannsins, — bindi hann von sína um flutningsaðferð landsins í framtíðinni ofan á klifbera og reiðing, — þá vona jeg, að hann sje einn um það. En jeg veit, að h. þm. Strand. (Guðj. G.) vill ekki einu sinni vera einn um þá hitu; jeg veit að hann hefir leiðzt út í að segja meira en hann í raun-inni vildi segja.

Hvað snertir upphæðina tillagsins til frjettaþráðarins, þá er jeg þar algerlega á sama máli og h. þm. Ísf. (Sk. Th.), að rjettast sje að hafa hana 40,000 kr. En til þess að ekki dragist á hönd að hann verði lagður, þá virðist nauðsynlegt að binda tillagið því skilyrði, að frjettaþráðurinn verði lagður ekki seinna en 1899.

Jón Jónsson, þm. A.-Skaptf.: Jeg er h. fjárlaganefnd samþykkur í flestum aðal-atriðum, en get ekki verið henni

samdóma að því er snertir 54. tölulið í atkvæðaskránni, þ. e. viðvíkjandi styrk til vegagjörðar á sýsluveginum frá Hólum að Höfn í Austur Skaptafellssýslu. H. þm. S.-Þing. (P. J.) tók það fram, að það væri ekki meiri þörf á að flýta fyrir lagningu þessa vegar, en t. d. sýsluvegarins í Snæfellsnessýslu, og Austur-Skaptfellingar mundu geta beðið þetta fjárhagstímabil; en nú liggur einmitt mjög mikið á þessum vegi, þar sem hann er nú orðinn mjög fjölfarinn, og þarf, eptir því sem nú á stendur, nauðsynlega sem fljótastrar aðgerðar með, því að hann liggur að hinum eina viðkomustað strandferðabáta í sýslunni. — Mjer er það kunnugt, að Austur-Skaptfellingar hafa beðið eptir verulegum samgöngubótum og strandferðum nú í 20 ár, og hafa á því tímabili heldur lítinn styrk fengið til þjóðvega, og álít jeg ekki rjett, að láta þá bíða lengur en aðra í því tilliti.

Jeg er þakklátur h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. Guðm.) fyrir tillögur hans í þessu máli, en get ekki verið honum samdóma um, að minna fje nægi til þessarar vegagerðar, en jeg hef áætlað, ef vegurinn á annað borð á að vera þolanlegur.

Jeg er h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) samþykkur í því, að ef kostur væri á vel verkfróðum aðstoðarmanni til leiðbeiningar við vegabætur, þá væri mjög heppilegt að fá slíkan mann, en jeg álít að peningagjald það, er til hans gengi frá landssjóði, ætti sjálfsagt að skoðast sem árlegur styrkur, en ekki sem föst laun.

Sighvatur Árnason: Jeg vil hjer með fáum orðum minnast á tölulið 49 á atkvæðaskránni, viðvíkjandi flutningabraut fram Eyjafjörð. H. 1 þm. Eyf. (Kl. J.) hefir farið fram á að kljúfa í sundur tillöguna um flutningabrautir, og hefir lagt til, að til flutningabrautar fram Eyjafjörð yrðu veittar 20,000 krónur. Með þessari tillögu mundi tillagið til flutningabrautar í Holtahreppi í Rangárvallasýslu skerðast að sama skapi. — Í sambandi við þetta minntist h. þm. Eyf. (Kl. J.) einnig á, að það mundi nægja, að leggja almennan þjóðveg í Holtahreppi, en það er mitt álit, að þar þurfi einmitt og eigi að leggja flutningabraut; kostnaðarmunurinn er heldur ekki mjög mikill á flutningabrautum og þjóðvegum. Af skiptingunni mundi og leiða það, að ef lagt væri til flutningabrautar fram Eyjafjörð 20,000 krónur, þá mundi ekki nægilegt það, sem þá er eptir, til að leggja óslitinn veg yfir þær ófærur, sem eru í Holtahreppi, því þar er nú sem stendur illa fært lausríðandi mönnum, auk heldur klyfjahestum. Jeg hefði ekki haft á móti breytingartillögunni, ef ekki stæði svona á, því það er nauðsynlegt, að reyna að miðla málum, þar sem nokkrir mögulegleikar eru til þess.

H. þm. minntist á, að það væri sanngjarnt, að skipta þannig fjárveitingunni, og get jeg játað það, ef sömu kringumstæður væru á báðum stöðum, en því er ekki þannig farið hjer, því eptir vel kunnugra manna sögn, þá er mjög ólíku saman að jafna, veginum fram Eyjafjörð eða um Holtahrepp. H. þm. minntist á, að í hitt eð fyrra hefði verið tekið fram, er um tillög var að ræða til vegagjörðar yfir Flóann í Arnessýslu, að ekki muni framar þurfa að leggja fram fje til vegagjörðar í Sunnlendingafjórðungi. Jeg get ekki verið samþykkur þessu, eða kannazt við það, að því er okkur Rangvellinga snertir, því okkur var það vel kunnugt þá, og er enn, að til þess að geta haft full not af Þjórsárbrúnni, þarf að leggja gagngjörð-

an veg frá Þjórsárbrúnni að ytri Rangá.

Til þess að stuðla að samkomulagi, hefði jeg getað sætt mig við, að 10000 kr. af fjárveitingunni yrði varið til flutningabrautar fram Eyjafjörð, en ekki meiru, því þá mundi hitt geta nægt til að leggja óslitinn veg frá Þjórsárbrú og austur að Rauðalæk, sem er lengsti og versti kaflinn á þeirri leið, en spottinn, sem þá er eptir austur að Rangá, er nokkurn veginn fær í bráð, og sem gæti þá komið til að yrði bætt upp á seinna meir.

H. þm. Dal. (J. P.) talaði um breidd á flutningabrautum og þjóðvegum, og hjelt að 5 álna breiður vegur væri nægilegur yfir Holtahrepp. Slíkur vegur gæti að vísu nægt sem reiðvegur, en ekki vel til flutnings á hestum, þegar þeir mætast á veginum, og ekki fyrir vagna; en nú leikur mönnum einmitt hugur á, að fá vagnbraut og góðan veg fyrir klyfjahesta, enda ber skylda til þess eptir vegalögunum. Jeg fyrir mitt leyti legg því mikillega til, að flutningabraut verði lögð yfir Holtahrepp, og held þar með við tillögur fjárlaganefndarinnar.

Ur því að búið er nú að leggja flutningabraut austur yfir fjall, sem Árnessýsla ein hefir gott af sem flutningabraut, hví skyldi þá ekki vera rjett, að halda henni áfram til Rangárvallasýslu, svo fleiri geti haft gott af henni? Væri brautinni haldið áfram austur yfir Rauðalæk, í þeirri von að hún kæmist alla leið austur að Rangá, þá væri von um nokkur not af henni fyrir Rangvellinga, og þar með máske mikið unnið. Jeg vil biðja hina h. þingm. að athuga þetta mál vandlega, áður en gengið er til atkvæða. Þó vegspottinn frá Rauðalæk að Rangá sje nokkurn veginn fær fyrir hesta, vil jeg þó mæla fram með því, að lögð sje óslitin flutningabraut alla leið milli Þjórsár og ytri Rangár, og ráða til þess, að fara varlega í það, að dreifa fjenu hingað og þangað, án þess að hafa fyrir augum, að það, sem gjört er, geti orðið að fullum notum.

Jón Jensson: Það er ekki margt, sem jeg ætla að minnast á. H. fjárlaganefnd hefir fært niður litla upphæð, til brjefburðar í Reykjavík, sem stjórnin hafði sett á frumv. sitt. H. framsögum. gat þess, að þetta væri svo lítil upphæð, að ekki væri vert að eyða orðum um hana. Hvers vegna vildi þá ekki nefndin láta þessar 100 kr. standa óhaggaðar, því það getur sannarlega ekki minna verið, og vil jeg leggja til, að upphæðin sje látin halda sjer óskert. Eptir minni skoðun er það auk þess leiðinlegt að amast við upphæðinni einmitt núna, þegar nýr póstmeistari tekur við, og þar sem það þar að auki er fyrst á þessu ári, að upphæðinni virkilega hefir verið varið til þess, sem hún var ætluð; að minnsta kosti hef jeg ekki orðið var við að brjef hafi hjer verið borin út fyrr en nú.

Fjárlaganefndin hefir fært styrk til tannlæknisins í Reykjavík úr 1000 kr. niður í 750 kr. Jeg vil láta tillögu stjórnarinnar í þessu máli halda sjer. Jeg mæli ekki fram með tannlækninum af þeirri ástæðu, að hann sje læknir fyrir Reykjavík; hann er fyrir land allt, og menn koma hvaðanæva að leita hans, og er það nauðsynlegt að hafa sjerstakan tannlækni, einkum þegar menn nú einu sinni eru komnir upp á það. Þessi upphæð, 1000 kr., er þess utan af mjög skornum skamti, og að minni meiningu er það mjög lítilþægt af tannlækninum, að fara ekki fram á stærri upphæð, þegar menn bera hann saman við augnalækninn. Augnalæknirinn hefir miklu meiri praxis en tannlæknirinn, því menn vilja láta sjer annara um sjónina en þótt bæta þyrfti tönn. Með

sinni miklu praxis eru augnalækninum þó ætlaðar 2000 kr., en tannlækni að eins 1000 kr., og vill fjárlaganefndin þar ofan á færa þessa upphæð niður í 750 kr. Ef ofmikið er afknappað við tannlækninn, getur maður, eins og tekið hefir verið fram hjer í deildinni áður, átt það á hættu að missa hann frá þessu starfi, því hann kynni að sækja um aukalæknishjerað. Enn fremur má taka tillit til þess, að tannlæknir þarf dýr áhöld, og hefir hann kostað yfir 3000 kr. til áhalda. Það mælir einnig með honum, að hann eptir læknadómi er mjög vel fallinn til þessa starfa, og getur maður ekki búizt við, að fá heppilegri mann en hann, og ætti því þingið að láta sjer farast vel við hann. Það hefir verið tekið fram af einum h. þm., að bætt væri við styrkveitinguna þeirri athugasemd, að læknirinn skyldi kenna við læknaskólann, og jeg hef heyrt eptir tannlækninum, að hann mundi vera fús til að halda ókeypis klínik, og gætu þá lærisveinar læknaskólans um leið haft not af því. Það ætti því ekki að nauðsynjalausu að fara niður úr þessum 1000 kr., sem stjórnin fer fram á, því með því að halda þeirri upphæð, fengi maður um leið kröfu á hendur tannlækninum til að vera kyrr í stöðu sinni.

Um flutningabrautir ætla jeg ekki að lengja umræðurnar mikið. Fjárlaganefndin hefir lagt það til, að farið sje að hægja á sjer með þær, og vill láta á sannast, að þær verði meir notaðar en nú er gert, áður lagt verði meira fje til þeirra, og getur það verið rjett. En mjer fyrir mitt leyti finnst að nefndin ætti að hafa komið fram með einhver ráð til þess að styðja að því, að menn notuðu meir vagna, en nú er gert. Mjer þykir í því tilliti skrítið, að sjá t. a. m. austan- eða sunnanpóstinn koma með klyfjaða hesta upp á gamla móðinn eptir bezta vagnvegi. Landstjórnin ætti að ganga á undan mönnum í þessu tilliti, og láta póstana nota vagna, og mætti á þann hátt koma á fragtflutningi. Jeg vildi mæla með að leggja fje til þessa, jafnvel þótt það kannske ekki borgaði sig, og ættu þá akferðirnar að verða fleiri en póstferðirnar eru nú. Það er tilvinnandi að leggja nokkuð í sölurnar, til þess að vagnvegirnir verði fyllilega notaðir, því, eins og nú stendur, liggur fje það, sem lagt hefir verið í þá, ekki að eins arðlaust, heldur hverfur með tímanum í sjóinn. Vegirnir skemmast, og þurfa mikið viðhald. Jeg vil því skjóta því til h. fjárlaganefndar, hvort hún ekki vilji íhuga, hvað landsstjórnin gæti gert til þess að fje það, er í flutningabrautunum liggur, kæmi að fullum notum, en það kæmi það fyrst, ef vagnferðir kæmust á. Nú er komin flutningabraut allt austur í Ölfus og Flóa, en engar vagnferðir enn þá komnar á, og ætti því landsstjórnin að ganga á undan mönnum í þessu tilliti. Jeg er því mjög samdóma að veitt sje fje til flutningabrautar frá Eyrarbakka og upp að Selfossi, og ætti landssjóður að kosta það, en ekki sýsluvegasjóður, því þetta er flutningabraut en ekki sýsluvegur, og álít jeg sjálfsagt að flýta fyrir flutningabraut upp Árnessýslu, ekki síst þar sem sýslan sjálf hefir boðizt til að leggja fje til þess að nokkru leyti.

Að því er sýsluvegina snertir, þykir mjer nú ætla að fara að slettast upp á landssjóð. Á síðasta þingi var að eins veittur styrkur til brúargerðar í einni sýslu, nefnilega til Langárbrúar í Mýrasýslu, og gekk þó stirt að fá það, en nú fer nefndin fram á, að 6—7 sýslum sje veittur styrkur til sýsluvegagerðar. Það er meiningarlaust, að samþykkja lög um það, að sýslusjóðir skuli kosta þessa vegi og landssjóður hina, ef öllu

svo er hrært saman í eitt. Mjer finnst rjett að halda hinni gömlu stefnu, því annars verða á hverju þingi kapphlaup milli sýslnanna um að fá fje úr landssjóði til sýsluvega, og væri betra að taka fyrir það strax í byrjun. Jeg legg það því til, að þessir styrkir til sýsluvega sjeu strykaðir út, því þeir koma landssjóði ekki við. Með því að taka fyrir þessa fjárveitingu til sýsluvega í eitt skipti fyrir öll spörum við bæði tíma og fyrirhöfn, því annars mundi hver þingmaður fara að reyna að halda fram sínu kjördæmi til að ná í slíkan styrk. Ef þessar fjárveitingar kæmust á, yrðum við verr settir, en þó því ákvæði væri bætt við vegalögin, að landssjóður skyldi kosta alla sýsluvegi að einhverjum ákveðnum hluta, því þá værum við þó lausir við allar frekari umræður um það, en með þessu fyrirkomulagi höfum við bæði tafir og rifrildi, en spörum ekkert fje.

Guðjón Guðlaugsson: Úr því jeg tek aptur til máls, sem jeg reyndar ætlaði mjer ekki að gjöra, þá skal jeg byrja þar, sem byrjað var að beina ræðum til mín. H. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) fór að mæla með tillögu sinni um styrkveiting til sýsluvegagjörðar á Breiðadalsheiði í Ísafjarðarsýslu, og sýndist rjett, að allar sýslur stæði jafnt að vígi með tilliti til slíkra styrkveitinga. Jeg tók það fram áður, að jeg legði ekki á móti fje til sýsluvega í öðrum sýslum, en að jeg legði að eins með styrkveitingu til sýsluvega í Strandasýslu og Snæfellsness- og Hnappadalssýslu. En úr því h. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) beindi orðum sínum til mín, þá skal jeg sem kunnugur geta þess, að jeg álít, að síður eigi að styrkja vegagjörðina á Breiðadalsheiði en í hinum 3 sýslunum, þar sem farið er fram á styrk til sýsluvega. Að vísu þekki jeg ekki til í Austurskaptafellssýslu, en jeg held að sýsluvegurinn þar eigi að standa ofar með tilliti til styrks en Breiðadalsheiði. Vegurinn á Breiðadalsheiði er í fyrsta lagi mjög stuttur, og liggur meiri hluta árs undir snjó, og kemur sýsluvegagjörð þar þess vegna að minni notum en á hinum stöðunum. Í annan stað mun þar ekki vera vegur fyrir aðra en kaupstaðarbúa á Ísafirði og þá, sem koma landveg úr næstu fjörðum. Um hina vegina stendur allt öðruvísi á, einkum veginn í Strandasýslu. Mjer kom það undarlega fyrir, að h. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) skyldi koma með það í ræðu hjer á þingbekkjunum, að hann mundi greiða atkv. með styrknum til sýsluvegarins í Strandasýslu eptir því, hvernig jeg hagaði mínu atkvæði með tilliti til styrkveitingarinnar til Breiðadalsheiðar. Jeg hafði ekkert sagt um það áður, hvernig jeg mundi greiða atkvæði í þessu tilliti; en úr því hann kemur með þetta svo opinberlega fram á þingbekkjunum, sem annars er vant að koma að eins fram á bak við tjöldin, og sem almennt er kallað hrossakaup, þá vil jeg biðja hann heldur að búast við því, að jeg verði á móti styrknum til Breiðadalsheiðar, og er þá rjett af honum, til vonar og vara, að greiða atkvæði á móti styrkveitingunni til sysluvegagjörðarinnar í Strandasýslu, sem borin verður fyr upp en styrkurinn til Breiðadalsheiðar.

Þegar verið er að tala um þessar styrkveitingar til brúargjörða og sýsluvega þá kemur afinlega fram spursmálið um það, hvort rjett sje, að landssjóður veiti fje í þessa átt. Jeg álít, að það sje alveg rjett, þegar svo stendur á. H. þm. Rvík. (J. Jenss.) tók það skýrt fram, að landssjóður ætti ekki að leggja fram fje til annara vegagjörða en þeirra, sem honum bæri að kosta að lögum. Þetta er sögn en ekki sannindi. Þingið á að styrkja vegagjörð, þar sem það

getur, og sjer að hún getur orðið að góðum notum. *(Jón Jensson*: »Hvað þýða þá vegalögin?«). Þau þýða það, að þinginu er skylt að leggja fram fje til þeirra vega, sem lögin ákveða; en þau útiloka alls ekki, að ekki megi styrkja vegagjörð annarstaðar, ef fje er fyrir hendi, og vegagjörðin getur komið að góðum notum. En þó jeg sje á þeirri skoðun, að þingið eigi að styrkja vegagjörð, þar sem það getur, og hlutaðeigandi hjeruð leggja til fje á móti, þá er það athugavert aptur á móti, hvort þingið á að gjöra allt í einu. Það getur orðið vafaspurning um það, hverja vegi eigi að styrkja af þeim, sem óskað er styrks til. Þá er að hugsa eptir því, að þingið á að »sníða sjer stakk eptir vexti«. En þingið hugsar eptir að sníða sjer stakk eptir vexti og veitir ekki meira fje til sýsluvega, en það má missa frá hinum sjálfsögðu útgjöldum; þá er að athuga öll atvik vendilegar og reyna að láta fjeð koma rjett niður, því að mikill munur er á þörfum og rjettmæti, einnig í þessu tilliti. Eptir grundvallarreglu vegalaganna eru gjörðir að þjóðvegum allir þeir vegir, sem snerta alla landsbúa, þar sem vegir liggja upp frá kaupstöðum eru flutningabrautir. Innanhjeraðs eru sýsluvegir þeir vegir, sem eru fyrir sýslubúa yfir höfuð, og hreppavegir þeir vegir, sem eru fyrir hreppsbúa sjerstaklega. Þegar nú um það er að ræða, að styrkja sýsluvegagjörð, þá álít jeg, að þeir sýsluvegir eigi að ganga fyrir, sem eru skyldastir þeim vegum, sem landssjóður á að kosta. Sýsluvegur, eins og Strandasýsluvegurinn, sem fjöldi fólks streymir um, milli þriggja landsfjórðunga, álít jeg gangi næst því að vera þjóðvegur, er landssjóður ætti fremur öðrum að halda við.

Jeg veit, satt að segja, ekki, hvaða veg landssjóður ætti fremur að styrkja en þennan veg, sem fátækt sýslufjelag leggur hart á sig til að fá bættan, með því að taka lán í landsbankanum með tárra ára afborgun, svo að eptirkomendurnir losast við að borga aðalkostnaðinn, vegalagninguna sjálfa. Jeg sje ekki betur en að það sje gróði fyrir landssjóð eða í allt fall fyrir landið að styrkja slíka vegagjörð, er hlutaðeigendur leggi til fje á móti, þar sem þessi sýsluvegur mætti heita þjóðvegur og heyrði þá landssjóði til að öllu leyti. Þá hefi jeg svarað h. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) og sný mjer nú að h. þm. Dal. (Jens P.), sem einnig beindi nokkrum orðum til mín í ræðu sinni. Hann sagði, að jeg hefði sagt, að vegalögin færi í óheppilega stefnu. Það getur verið, að jeg hafi hagað svo orðum mínum, en hafi jeg gjört það, þá er það ekki sem heppilegast sagt, því jeg viðurkenni, að nýju vegalögin fari í heppilegri stefnu en hin eldri, því eptir þeim var ráðgjört að hafa akbrautirnar miklu lengri en þær eiga að vera eptir nýju vegalögunum. Þó ætla jeg að benda á, að í einu tilliti voru hin eldri vegalög heppilegri en hin nýju, sem sje því, að þjóðvegirnir áttu að vera akvegir. En nú eiga akbrautirnar að liggja upp einstök hjeruð og verða ekki einu sinni notaðar sem sýsluvegir og varla sem hreppavegir. Þær eru inniluktar í einstök hjeruð víða sem firrst þjóðvegunum, og akbrautin, sem á að liggja upp Borgarfjörð, á að liggja út frá kauptúni, sem ekki er einu sinni til enn. Akbrautin um Eyjafjörð kæmi víst heldur ekki að almennum notum. Það er allt annað með akbrautirnar austur um Árnessýslu og Rangárvallasýslu, því þær eru um leið þjóðvegur, og verða þó allt af notaðar sem hestvegur, þó ekki verði ekið á þeim.

H. þm. Dal. (Jens P.) sagði, að ekki

væri við því að búast, að bændur væru búnir að útvega sjer vagna á þessar brautir, sem væru svo nýjar og næði enn svo skammt. Þetta játa jeg satt vera, og þess vegna verð jeg ekki á móti því, að fje verði lagt fram til framhalds brautarinnar austur, því jeg vil að reynslan geti komið sem fyrst í ljós fyrir því, hvort þessar brautir verði notaðar til að aka á þeim eða ekki. En jeg er hræddur um, að þær verði farnar að ganga úr sjer, áður en farið verður að nota almennt vagna á þeim, því jeg kalla það enga notkun, þó 2—3 af 6000 bændum sem á landinu eru, noti vagna. Það er heldur ekki von að menn taki upp vagna, þegar menn þurfa að halda eins marga hesta eptir sem áður og eiga eins marga klyfbera með þessum klökkum, sem h. þm. Dal. (Jens P.) var að tala um og hneykslast svo mikið á, því til þess að losast við þetta, þyrftu akbrautir að liggja heim að hverjum bæ og þaðan út í engjar, út í mótakið o s. frv. Hann sagði, að mönnum þar eystra þætti vænt um akbrautirnar. Jú, jeg rengi það ekki, því það er þægilegt að fá þær gefnar úr landssjóði, og sem reiðvegir eru þær líka ágætar og skemmtilegar. Hann nefndi sem dæmi þess, hvað Árnesingum þætti vænt um akbrautirnar, að þeir vildu nú leggja á sig þungan skatt til þess að fá akbraut frá Eyrarbakka upp að Ölfusárbrú. Þeir ætla ekki að leggja á sig eins eyris skatt til þessarar brautar, heldur að eins verja til hennar nokkru af sýsluvegafje sínu. Það er allt annað, en að leggja á sig skatt. Þeir vita, þeir góðu Árnesingar, að mörgum hjer á þingi þykir vera búið að leggja þeim ærið fje til vegabóta á kostnað annara hjeraða, og af því þeir eru hræddir um að hætt verði að veita fje til vega þangað austur, þá vilja þeir flýta sjer að ná í þennan akbrautarspotta á þennan hátt.

Hann gat þess, sami h. þm., að jeg hefði verið harðorður í garð Árnesinga og Rangvellinga á síðasta þingi. En þar hefir h. þm. ekki skilið auðskilið mál. Jeg skal í því tilliti vitna í alþingistíðindin; þau sýna bezt, hvað jeg hefi sagt. Jeg sagði, þegar talað var um að rjettast væri að halda áfram akbrautunum um þessi hjeruð, með því að þau væru hjarta landsins, að svo mikið væri víst ekki vert að gjöra úr þeim, þar sem þau færu ekki betur með íbúana en svo, að 10. hver maður væri þar á sveit. Þetta sagði jeg miklu fremur til þess að bera blak af hjeraðsbúum, því jeg gat ekki betur sjeð, en að það væri minnkun fyrir íbúana að standa sig svo illa í svo kostgóðum hjeruðum, sem þetta hjarta landsins hlaut að vera.

H. þm. Rvík. (J. Jenss.) tók það fram, að það væri leiðinlegt, að akbrautirnar væru ekki notaðar, og hann vildi að þingið legði fram fje til þess að nota brýrnar; en ekki vildi hann veita fje til sýsluveganna. Þetta er hvorki í samræmi við skynsemi nje rjettlæti. Nú er búið að verja um 4—5 hundruð þús. króna til vegagjörða á seinustu árum í gegnum Árnessýslu, og nú á líklega að fara að gefa þeim 6 hundraðasta þúsundið til þess að þeir vilji nota brautina á rjettan hátt!! Hann gat þess eða fáraðist jafnvel yfir því, að pósturinn skyldi ekki nota þessar akbrautir austur. Þarna kom hann einmitt með ágætt dæmi þess, að það er eitthvað hæft í því, sem haldið hefir verið fram, að þessir vegir eru ekki praktiskir hjer á landi. H. þm. vildi nú samt, að þingið legði fram fje, er póststjórnin gæti notað til vagnaflutnings á brautunum, og hann gaf ekkert um það, þó landssjóður hefði skaða af

þessu. Slíka útgjaldaliði þekki jeg ekki á fjárlögunum. Jeg hefi ekki heyrt það fyr, að þingið ætti að verja fje til þess, sem landssjóði væri til skaða og engum til gagns. Jeg mundi álíta það til hneisu fyrir þingið að fara út í slíkan leikaraskap, og það mundi skoðaður skynsemisskortur hjá þingmönnum.

H. þm. Dal. (Jens P.) sagði enn fremur, að jeg hefði farið nokkuð langt í því, að kalla sig föður vegalaganna, sjerstaklega akbrautanna. Jeg skal játa það, að jeg hefi kannske ekki útfært hugsun mína í þessu atriði sem skyldi. Það er sjálfsagt ekki nákvæmlega rjett, að kalla hann föður akbrautanna, því hann kom ekki fyrstur með þá hugmynd inn á þing, en hann tók vegalögin að sjer og breytti þeim í það form, sem þau nú hafa, og það skal sagt honum til heiðurs, að hin núgildandi vegalög fara yfir höfuð að tala í heppilegri stefnu, en hin eldri vegalög. Jeg veit líka, að hann hefir ekki fylgt öðru fram í samgöngumálum vorum, en því, sem hann áleit mundu verða til gagns og heilla fyrir land og lýð í nútíð og framtíð. Hafi jeg móðgað hann persónulega með nokkru orði, þá vil jeg taka það orð aptur hjer á þingbekknum, því það er fjarri mjer að vilja tala eitt óþægilegt orð í hans garð.

Mjer þótti vænt um að heyra skilning hæstv. landsh. á tillögu h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. Guðm.) um fjárveitingu til verkfróðs manns við hinar smærri vegagjörðir. Ef það er meining tillögumanns, að fje þetta verði veitt til að útvega verkfróða menn hingað og þangað úti um land, til þess að undirbúa vegagjörðir og leiðbeina við lagning sýsluvega og hreppavega, þá er jeg með tillögunni, enda þótt jeg ímyndi mjer að upphæðin, sem farið er fram á, 1500 kr., sje óþarflega há, því jeg skil það svo, að ekki verði eytt af þessari upphæð meira en þarf.

Þórður Guðmundsson: Jeg hefi að vísu tekið til máls áður um þennan kafla fjárlagafrumv., en út af ýmsum orðum, sem fallið hafa síðan, vildi jeg þó tala fáein orð. Það er því miður ekki skemmtilegt, að þurfa að taka til máls upp á þann máta, að reyna að draga fje inn í sitt kjördæmi, þar sem slíkt opt er kallað hreppapólitík. – Nefndin hefir lagt það til, að aðalupphæð þess fjár, sem ætluð er til flutningabrauta, verði varið til brautarinnar gegnum Ásahrepp í Rangávallasýslu. Þessi tillaga hefir, sem betur fer, ekki mætt neinni mótstöðu, er teljandi sje, og er jeg h. þingdeild mjög þakklátur fyrir það. Að eins hefir h. 1. þingm. Eyf. (Kl. J.) komið með breyt.till. um að draga nokkuð af fjenu inn í sitt kjördæmi, nefnilega til flutningabrautar inn Eyjafjörð. Jeg skal ekki lá honum, þó hann vilji fá nokkurt fje til að framkvæma vegalagning í sínu kjördæmi. Spurningin er nú um, hvort leggja á veginn gegnum Ásahrepp sem þjóðveg eða sem flutningabraut.

H. þingm. Dal. (Jens P.) benti á, að sem þjóðvegur ætti vegurinn að vera 5 álna breiður, en sem flutningabraut 6 álna breiður, og hann áætlaði, að ef þar yrði þjóðvegur, þá yrði hann 10—15 þúsund kr. ódýrari. Þetta getur ekki verið rjett hjá h. þm. Dal. (J. P.), því ef 50,000 kr. nægja til flutningabrautar yfir Ásahrepp, þá getur mismunurinn á kostnaðinum við 5 og 6 álna breiðan veg ekki orðið meiri hlutfallslega en 8½ þús. kr. Vjer Rangvellingar viljum heldur þjóðveg, heldur en annan veg, en þar sem jeg þykist viss um, að flutningabraut yrði notuð á þessu svæði, et hún er lögð, og þar

sem oss Rangvellingum getur ekki brautin yfir Flóann eða hjer til Reykjavíkur orðið að notum fyrir vagna, ef hún nær ekki alla leið að Rangá, verð jeg að álíta það misráðið, að halda henni ekki áfram yfir Asahrepp, að minnsta kosti að lengdur verði akfær þjóðvegur.

Það hefir verið talað um, að ekki væri farið að nota þessar brautir fyrir vagna, en mjer finnst engin von, að ávöxturinn af flutningabrautunum sje kominn í ljós. Það er alkunnugt, að við Íslendingar erum vanafastir og seinir til nýbreytni, enda var það fyrst í fyrra, að Árnesingar, þó ekki nema Ölfusið, hefðu getað farið að nota vagna, og þeir munu nú vera farnir að hugsa til þess.

H. þm. Rvík. (Jón Jenss.) benti á, að nauðsynlegt væri, að landsstjórnin gjörði tilraun til, að leggja fram fje til að flýta fyrir notkun brautanna, með því að láta póstinn nota vagna á flutningabrautinni. Jeg hygg, að það þurfi varla að hvetja póstinn til að nota vagna, þegar brautin er komin alla leið austur að Rangá, en nú í ár gæti hann ekki notað vagna lengra en austur að Hraungerði, en það er ekki nema helmingur póstleiðarinnar. En jeg er þess fulltrúa, að pósturinn notar flutningabrautina samkvæmt tilgangi hennar, þegar hún er komin austur að Rangá, því þá kemst hann með póstflutninginn svo að segja alla leið austur að Odda.

H. þm. Strand. (Guðj. G.) sagði, að Árnesingar byðu fram fje til flutningabrautarinnar upp að Ölfusárbrú, af því, að þeir hefðu ekki annað með sýsluvegafje sitt að gjöra. Þessu þori jeg að mótmæla fyrir Árnesinga hönd, því að jeg veit, að sýsluvegir eru ekki annarsstaðar lengri eða dýrari en í Arnessýslu. Það er þörfin fyrir þessa flutningabraut, sem knýr þá til að leggja þetta fje til hennar. Jeg tek samt ekki þessa athugasemd illa upp fyrir h. þm. Strand. (Guðj. G.), því jeg veit, að hún var sprottin af ókunnugleika hans á þessum stöðvum.

Það hefir verið drepið á það, að menn þyrftu að halda hesta eptir sem áður, til að flytja á hey og fleira. Það er nokkuð til í þessu, en hestarnir hefðu þó líklega betra af því, að standa í haganum, en að draga þungar klyfjar á klökkum og reiðing aptur og fram í ferðalögum.

Jeg álít varasamt að hleypa sjer út í að veita landsfje til sýsluvega, ekki þó af því, að ekki væri þörf á að styrkja þessa vegi, heldur af því að jeg álít viðsjárvert fyrir þingið að fara inn á þessa nýju braut.

Sigurður Gunnarsson: H. þm. Rvík. (J. Jenss.) fann að því, að nefndin vildi veita fje til sýsluvegagerða í tveimur sýslum; honum þótti það ástæðulaust og jafnvel taldi hann það hálan veg og viðsjálan, því að það mundi sannast, að þar mundu fleiri sýslur á eptir koma og leita líks fjárstyrks, þegar einu sinni hefði verið riðið á vaðið. Hann hefir ekki tekið eptir, að nefndin batt sig hjer við vegi í þeim einum sýslum, sem engir þjóðvegir liggja um. Þingdeildarmönnum er kunnugt, að á síðasta þingi var reynt að bæta Snæfellsness- og Hnappadalssýslum upp ójöfnuð þann, sem þær í þessu efni eiga við að búa, með því að gera breyting á vegalögunum, þó að frumv. um það næði að lokum ekki fram að ganga. Því hefir þetta ráð nú verið tekið, að veita þessum sýslum þennan sýsluvegastyrk í eitt skipti, og þó með því stranga skilyrði, að sýslurnar leggi sjálfar fram ákveðna hlutfallsupphæð á móti.

Þessar tvær ástæður mæla sterklega

fram með veitingu þeirri, sem nefndin hefir fram á farið, og vona jeg fastlega að þingdeildin samþykki það.

Björn Sigfússon: Það er ekki nema eðlilegt, úr því h. þingm. Ísf. (Sk. Th.) skildi mig svo, sem jeg hefði viljað kasta steini á verkfræðing landsins, að honum, fyrir skyldleika sakir, væri það viðkvæmt. En engu að síður var það heimtandi af honum, að rangfæra ekki orð mín; en þetta hefir honum þó einmitt orðið á núna. Það skal enginn fúslegar játa en jeg, að það er mjög leiðinlegt og óþægilegt, að þurfa hjer að tala ámælisorð til nokkurs manns, sem ekki á sæti hjer í salnum. En þó getur maður stundum verið neyddur til þess, þegar þeir menn eiga í hlut, sem standa í einhverri opinberri stöðu, og h. þingm. Ísf. (Sk. Th.) er sannarlega ekki varkárari með það en aðrir.

H. þm. Ísf. (Sk. Th.) sagði, að jeg hefði talað hjer um nokkuð, sem jeg hefði ekki vit á; slíku er ósköp hægt að kasta fram, án þess að færa nein rök fyrir; og það gjörði hann heldur ekki. Hann talaði um, að verkfræðingurinn stæði að eins undir landshöfðingja og mundi ekki hafa vanrækt skyldustörf sín í neinu.

Jeg sagði heldur ekki, að svo hefði verið, en vissi þó hins vegar, að landshöfðingi hafði látið verkfræðinginn vita, að hann ætti að skoða lendingar og hafnarstæði við suðurströnd landsins, þegar því yrði við komið. Allt um það ljet þó verkfræðingurinn þetta ógjört, og má vera, að hann hafi ekki haft tíma til þess, eða að ekki hafi verið auðið að framkvæma þessa skoðunargjörð á vetrardegi.

H. þm. Ísf. (Sk. Th.) talaði um, að jeg hefði hneykslazt á því, að verkfræðingurinn hefði verið að leika hjer sjónleiki um veturinn. Jeg sagði ekkert um, að jeg hefði hneykslazt á því; jeg minntist að eins á, að jeg hefði sjeð þessa getið í Reykjavíkurblöðunum, svo að jeg hefði sjeð af því, að verkfræðingurinn var um þetta leyti til staðar hjer í bænum, og þannig rjett í nánd við hið fyrirhugaða skipakvíarstæði. — Það er líklegt, að einhverjir sitji þeir menn hjer í deildinni, sem skýrt gætu frá því, hvort honum mundi hafa verið ómögulegt, að skoða það. Hann mun ekki hafa haft nein ferðalög um það leyti. Hjeðan úr bænum mun hann ekki hafa farið fyrr en seint í maí í vor, og hefði því mátt virðast líklegt, að hann hefði getað haft tíma til í vor að líta á skipakvíarstæðið. Jeg veit, að hann muni hafa haft mart að gera að vetrinum við uppdrætti, útreikninga o. s. frv.

Af fjárlögunum má sjá, að verkfræðingurinn er skyldur til að vinna fleira en framkvæma skipanir landshöfðingja; hann á t. d. einnig að láta hjeraðsstjórnum aðstoð í tje. Í vetur þurfti að mæla veg frá Fossvogi, og mjer er sagt, að verkfræðingurinn hafi ekki viljað gera það án aukaborgunar. Í þessu álít jeg að hann hafi ekki gert rjett, heldur hefði hann átt að taka þetta verk að sjer án aukaborgunar.

Af því að h. þm. Ísf. (Sk. Th.) stillti orðum sínum ekki mjög illa, yfir höfuð að tala, þó honum væri heitt, þá vil jeg ekki fara fleiri orðum um þetta. En þar sem hann fór að hafa í hótunum um að verða harðorðari við mig næst, þá vil jeg segja honum, að hótanir hans eiga bæði illa við, og verða gjörsamlega árangurslausar.

Það er ekki tilhlýðilegt að ætla að hræða nokkurn þingmann með hótunum frá því að láta skoðun sína í ljósi, og hvað mig snertir, þá er jeg nú svo gjörður, að slíkar hótanir munu stæla

mig en ekki hræða. Jeg er reiðubúinn að mæta honum.

Eiríkur Gíslason: Hjer hefir nú verið talað mikið um flutningabrautir og þjóðvegi, síðan jeg talaði síðast. Jeg lýsti yfir því þá, að jeg áliti flutningavegi eða akbrautir eigi hentugar eða viðeigandi hjá oss að sinni. Jeg byggði það á reynslu þeirri, sem þegar er fengin hjá oss, en skal þó gjarna játa, að reynslutíminn sje þó helzt til stuttur enn, til að byggja á honum fullnaðardóm. Það er h. þm. Dal. (J. P.), sem sjerstaklega hefir haldið uppi vörn fyrir akbrautunum. Hann hugsar sjer að not þeirra verði þau, að menn almennt losni við þá hestabrúkun til áburðar, sem nú á sjer stað. En þetta held jeg þó að ekki geti rætzt, því að samkvæmt vorum gildandi vegalögum verða akbrautir fáar hjer á landi, þar sem þær að eins eiga að ganga út frá nokkrum aðal-kauptúnum, svo það verður að eins lítill hluti landsins, sem getur haft þeirra not, enda þó að þær sveitir, sem næstar þeim eru, notuðu þær að einhverju leyti; en svo hagar líka víða svo til, að menn þurfa að nota hesta til margs annars en aðflutninga úr kaupstöðum, því að menn þurfa að flytja á þeim hey, torf o. s. frv., svo að menn geta ekki án hestafjöldans verið, en þá ná akbrautirnar ekki tilgangi sínum.

Umræðurnar hafa nú um hríð snúizt mikið um það, sem nefndin leggur til, um akbraut frá Þjórsá og austur yfir Ásahrepp í Rangárvallasýslu. Því hefir verið skotið til h. þm. Rangvellinga, hvort þeir þar eystra mundu hafa á móti að láta sjer nægja þar þjóðveg að eins, og svaraði h. 1. þm. Rangv. (Sighv. Á.) því, að kostnaðarmunurinn á flutningabraut og þjóðvegi mundi verða tiltölulega lítill eptir því, sem landslagi hagar á þessu svæði. Jeg hef nú ferðazt um þetta hjerað og verð að vera þingm. samdóma um það, að kostnaðarmunurinn á akbraut og þjóðvegi mundi ekki verða stórvægilegur þar, af því landið er svo sljett.

H. þm. Rvík. (J. Jenss.) veik orðum að því að akbrautirnar væru lítt notaðar enn, en taldi líklegt að það mundi fara vaxandi; þótti meðal annars rjett að póstflutningur væri fluttur á vögnum austur. Það liggur nú landssjóðnum einna næst, úr því hann hefir kostað stórfje til að gjöra þessar akbrautir og úr því hann kostar póstflutninginn, að ganga þá á undan öðrum með að nota akbrautina, að minnsta kosti þegar hún verður svo fullger að aka megi austur að Odda.

Samt vona jeg að þingið fari nú ekki að leggja peninga til þess að sinni, því að eptir þeim upplýsingum, sem jeg hef fengið, þá væri það of erfið brúkun á hestum að beita þeim fyrir vagn með þungum flutningi á leið austur um veginn yfir Svínahraun og Hellisheiði, og er þó að sögn enn verra að austan hingað, því að svo kvað vera bratt upp Kamba, að lítil von er til að hestar geti dregið þar vagn upp. (*Þórður Guðmundsson*: Þeir gera það nú samt). Sje svo, þá lægi næst fyrir menn í Ölfusinu og þá, er búa næst brautinni, að hafa samtök með að nota vagna og kerrur, en vera ekki að fara hingað lestaferðir með klyfberahesta. Jeg álít eigi rjett að halda áfram að gjöra dýrar flutningabrautir, fyrr en reynsla er fengin fyrir því að þær brautir, sem þegar eru fullgjörðar, sjeu notaðar fyrir vagna; og það hygg jeg að menn muni gjöra, svo framarlega sem þeir sjá, að það er ódýrra að nota þær fyrir vagna, heldur en að flytja nauðsynjar sínar á klyfberum.

Klemens Jónsson: Það eru orðnar meiri umræður um akbrautir og þjóðvegi en þörf er á; en jeg verð þó að

svara því, sem einn h. þm. beindi að mjer á laugardaginn, að jeg vildi hækka fjárframlag til akbrauta. Þetta er ekki rjett, því að jeg hef að eins farið fram á að nokkru af því fje, sem verja á til akbrauta, verði varið á öðrum stað en nefndin ætlast til. Einhver h. þm. mælti mjög með því að akbraut yrði lögð niður að Eyrarbakka, með því að sýslan vildi leggja fje til þess af sinni hálfu; það væri sparnaður fyrir landssjóð, sagði þingmaðurinn. En alveg hið sama á sjer stað í Eyjafjarðarsýslu, því þar er búið að verja mörgum þúsundum króna til þess vegar, sem akbrautin verður lögð eptir, ef hún annars nokkurn tíma verður lögð. Munurinn er einungis sá, að það er búið að leggja fjeð fram í Eyjafjarðarsýslu, en nú á að fara að gjöra það í Árnessýslu. Jeg vona að munurinn sje auðsær, og samkvæmni fjárlaganefndarinnar eigi síður auðsæ. H. þm. Strand. (Guðj. G.) fór hjer, eins og honum er optar tamt til, að reikna út, hve miklu fje væri varið til hvers einstaks hjeraðs á landinu, og vildi hann sýna fram á, að hvorki Eyjafjarðarsýsla nje Akureyrarbær færi varhluta af fje úr landssjóði. Meðal þess, sem hann taldi upp, voru 10000 kr. til kvennaskóla á Akureyri, en sú stofnun er fyrir Norðurland allt, en ekki fyrir Akureyri sjerstaklega, og auk þess eru eigi hin minnstu líkindi til að sú upphæð verði útborguð á fjárhagstímabilinu. Annars er það ekki mikið, sem til Akureyrar er lagt alls; það skyldi þá helzt vera spítalinn, en hann er fyrir alla sýsluna og jafnvel fyrir fleiri nærliggjandi sýslur.

En þar sem hjer á sjer stað óyggjandi þörf og sýslan hefir verið fús til framlags að sínu leyti, þá finnst mjer vera siðferðisleg skylda að veita þetta. Vegalögin segja og að hjer skuli akbraut vera, en fjárlögin eiga ekki að upphefja almenn lög nje fresta framkvæmdum þeirra. Þá væri miklu nær að koma fram með frv. til laga að upphefja hin gildandi vegalög; það væri meining í því. Jeg vona að allir h. þingdm. og sjer í lagi þeir úr Sunnlendingafjórðungi verði með tillögu minni.

Mjer þykja það næsta ómakleg, að jeg ekki segi ósæmileg orð, sem hjer hefir verið beint að verkfræðingi landsins. Hann hvorki á að vera nje getur verið alstaðar. Hann þarf líka mikinn tíma til uppdrátta og útreikninga; hann er aðallega verkfræðingur alls landsins, og stendur undir landshöfðingja sem yfirboðara sínum, en honum hefir aldrei verið ætlað að vera snati sýslunefnda til allra smávegis hlaupavika. Jeg verð að telja það mjög óviðurkvæmilegt að vera hjer án gildra röksemda að álasa manni, sem ekki er nærstaddur, og getur því ekki borið hönd fyrir höfuð sjer (*B. Sigf.*: Nú er þm. einmitt að krukka í mig dauðan).

Halldór Daníelsson: Það er að eins út af ummælum h. þm. Rvík. (J. Jenss.) að jeg tek til máls, en jeg skal gæta þess að vera ekki langorður, enda á jeg hægt með það, þar sem það er að eins fátt eitt, er jeg vildi taka fram. H. þm. (J. Jenss.) sagði, að sá rekspölur væri kominn á, að sýsluvegir fengju styrk úr landssjóði, og hefði byrjunin verið þá, þegar brúin var gjörð á Langá, en jeg skal leyfa mjer að benda á, að þetta er ekki alls kostar rjett, því 1891 voru veittar 5000 kr. til dráttar á Hjeraðsvötnunum, og árið 1893 aptur 5000 kr. til brúar á þeim. En þar sem Mýrasýsla hefir nú sýsluvegi um 16 mílur á lengd, sem er eins langur vegur og frá Reykjavík austur að Jökulsá á Sólheimasandi, þá hugsa jeg helzt, að hver sú sýsla, sem hefir svo langa sýsluvegi, myndi ekki slá hendinni á móti dálitlum styrk. En jeg skal ekki fara hjer

út í neinn matning. Þessar styrkbeiðnir eru auðvitað komnar fram af þörf, og finnst mjer ekkert óeðlilegt, þótt þinginu berist slíkar bænir, en annað mál er það, þó þingið fari gætilega í slíkar fjárveitingar. Þessar 3 sýslur, sem hjer er um að ræða, hafa víst lítið eða ekkert tilkall til styrks úr landssjóði, svo að jeg sje ekki að hjer sje farið langt út á þessa braut, sem h. þm. minntist á, þótt þeim sje veittur dálítill styrkur.

Þorlákur Guðmundsson: Minn skilningur er sá, að með því að ákveða flutningsbrautirnar 6 ál. breiðar, þá sje meiningin sú, að vagnar geti mætzt á henni, en á mjóum vegum er það ekki hægt, nema fyrir smáar kerrur; og jeg hygg ekki, þótt 5 álna breiður vegur sje, að vagnar geti mætzt, en það er vitaskuld að mjórri vegirnir eru ódýrari. H. 1. þm. Rangv. (Sighv. Á.) gat þess, að ef vegurinn ekki yrði kláraður yfir Ásahrepp, þá hefðu Rangæingar ekki not þeirrar brautar, sem þegar er lögð, og ekki aðrir en Arnesingar einir, en jeg get ekki fallizt á þá skoðun, því þó að þeir ekki geti við haft vagna, meðan svo stendur, þá hljóta þeir þó að hafa mikil not af þessum góða vegi fyrir ríðandi menn og lestaferðir sínar, eins og hverjir aðrir, sem um hann fara. Það var sjerstaklega h. þm. Strand. (Guðj. G.), sem minntist á flutningabrautina upp frá Eyrarbakka á aðal-brautina og þær 12000 kr., sem sýslan ætlaði að leggja til hennar; í rauninni eru það nú 14000 kr., því sá maður, sem ætlar að leggja til 2000 kr., er einn af hjeraðsmönnum, en göngum út frá því, að það sje ekki nema 12000 kr. Hann sagði að Árnesingar legðu þetta fje fram, af því að þeir hefðu ekki annað við sitt sýsluvegafje að gjöra, en jeg verð að taka undir með h. 2.þm. Rangv. (Þórði G.) að það hljóti að vera af ókunnugleika, að honum farast þannig orð. Þetta er hin mesta fjarstæða hinu sanna og rjetta í þessu efni. Sýslan, þessi fjölbygða og stóra sýsla hefir afarmikla sýsluvegi, sem víða liggja yfir brunahraun og forarmýrar; vegir þar eru svo margir og langir, að því verður ekki lýst nema í langri ræðu; jeg get að eins nefnt upp í Hreppa, Biskupstungur, Þingvallasveit og Grafning, og út í Selvog; auk þess er þar fjöldi af stærri og smærri vatnsföllum, sem brúa þarf, t. a. m. Sogið o. fl. Það er því ljóst, að það taki langan tíma að borga lán þetta, sem sýslan verður að taka, og verði því að setja til baka aðrar nauðsynlegar endurbætur um langan tima, eða leggja fram meira fje en ella, ef ekki eiga allar samgönguumbætur, sem sýslufjelagið á að sjá um, að standa fastar um óákveðinn tíma.

Skúli Thoroddsen: Það var að eins mjög stutt athugasemd, sem jeg vildi gjöra út af orðum h. þm. Strand. (Guðj. G.) Mjer skildist hann bregða mjer um hrossakaup í máli þessu, af því jeg ljet í ljósi, að jeg vildi og áliti rjett að sýsluvegabótastyrkurinn til Snæfellsness-, Stranda- og Ísafjarðarsýslu stæði eða fjelli saman, og vildi þess vegna fá að vita, hvernig hann mundi taka í styrkveitinguna til Ísafjarðarsýslu.

Hjer er einkum um það að ræða, hvort þingið vill taka þá stefnu að leggja nokkurt fje til vegagjörða í þeim sýslum, þar sem ekki eru þjóðvegir eða aðrir þeir vegir, sem landssjóður kostar, og sem því ekki eiga tilkall til styrks úr landssjóði. Í vegalögunum frá 1894 er ákveðið, að verja megi helming sýsluvegagjalda til þjóðvega, þar sem svo háttar að þjóðvegur liggur um sýslur endilangs, og því finnst mjer ekki ósanngjarnt að þingið styrki að nokkru þær sýslur, þar sem landssjóður ekki þarf að kosta neinu til vegagjörða en

sje sú stefnan tekin, þá verður einnig að gæta sannsýni og láta þeir sýslur njóta jafnrjettis, sem eins stendur á fyrir, og það verð jeg að álíta að eigi sjer stað um þessar 3 sýslur. Stranda- og Snæfellsnessýslur hafa máske notið þess, að menn úr þeim sýslum áttu sæti í fjárlaganefndinni, en jeg vona að h. deild láti ekki Ísafjarðarsýslu gjalda þess, að því var ekki þannig farið með hana. Mjer heyrðist h. sami þm. halda því fram, að ekki væri eins mikil nauðsyn á þessari vegagjörð í Ísafjarðarsýslu, eins og í Strandasýslu, en það hlýtur að stafa af því, að hann er ekki nægilega kunnugur. Vegurinn yfir Breiðadalsheiði er fjölfarnari og póstflutningur óefað mun meiri, sem um hann fer, en veginn í Strandasýslu: auk þess liggur Strandasýsla með sjó fram, og hlýtur því gufubátur að verða þar hentasta samgöngufærið, og gæti enda verið spursmál um, hvort það væri rjett eða hyggilegt að verja þar miklu fje til landvega. Jeg held annars að það ætti sízt við fyrir þm. Strand. (Guðj. G.) að bregða mjer um hrossakaup, eptir því sem honum fórust orð við byrjun þessarar umræðu, því hann gaf það þá í skyn að hann hefði í fjárlaganefndinni látið leiðast til að vera með fjárframlaginu til flutningabrautanna, af því að nefndin hefði gengið að því að veita 6000 kr. til hans kjördæmis. Ef þetta eru ekki hrossakaup, þá veit jeg ekki hvað hrossakaup eru.

Sighvatur Árnason: Það var misskilningur hjá h. 2. þm. Árn. (Þorl. G.) á orðum mínum, að jeg hefði meint það, að Rangæingar hefðu engin not af flutningabraut þeirri, sem þegar er komin á austur í Árnessýslu. Jeg sagði að eins að þeir hefðu hennar ekki not sem akbrautar, en ekki í sambandi við annað.

H. þm. Snæf. (Eir. G.) sagði að það mundi sprottið af ókunnugleik mínum, að jeg ekki áliti 5 álna breiða vegi nægilega fyrir vagna. En jeg hefi þó svo mikla reynslu og þekkingu í því efni, að jeg held að mjer sje óhætt að fullyrða að það sje rjett, að þeir sjeu of mjóir, og álít það rjettilega ákveðið í vegalögunum, að flutningabrautir skuli vera 6 álna breiðar, enda þurfa þjóðvegir að vera jafnbreiðir, ef vel á að vera, fyrir klyfjahesta að mætast á veginum; menn tala um breiddarmismun á vegi fyrir vagna eða hesta, sem er alls ekki rjett, því klyfjahestar þurfa fullt svo breiðan veg til að geta mætzt á veginum, eins og þeir vagnar, sem hjer eru komnir til brúkunar.

Framsögumaður (Jón Jónsson, 2. þm. Eyf.): Jeg kann samnefndarmönnum mínum þakkir fyrir að hafa haldið uppi svörum og gjört mjer stöðu mína svo ljetta, að jeg hef mjög fátt að athuga. Mjer er líka gleði að lýsa yfir því, frá almennu sjónarmiði, að umr. bera vott um að verið er að ræða alvarlegt mál. Það eru að eins fá atriði, sem jeg vil minnast á, og skal jeg þá gjöra það í fáum orðum.

Það hefir mikið verið talað um þá stefnu fjárlaganefndarinnar, að hún vilji leggja minna fje til flutningabrauta en áður hefir verið, en aptur meira til þjóðvega. En jeg vil samt hjer benda á þá civilisatórisku þýðingu, sem vagnbrúkun hefir, því með því að auka flutning á vögnum og minnka hann aptur að sama skapi á hestum, með því væri haldið í menningaráttina, og einmitt þess vegna getur maður staðið sig við að gefa þessar 10,000 kr.

H. þm. Rvík. (J. Jenss.) talaði um að landssjóður legði fram fje og riði á vaðið með vagnbrúkunina, og mætti taka það til íhugunar, en að svo stöddu álít jeg það vera fyrir utan verksvið nefndarinnar.

H. þm. Strand. (Guðj. G.) sagði að það væri til of mikils ætlazt, að gefa mönnum fyrst vegina heim til sín, ef svo ætti líka að gefa þeim vagna og hesta fyrir þá. — Jeg ætla þá ekki að fara fleirum orðum um þetta, en gjöri mjer góðar vonir um að tillögur fjárlaganefnd. verði samþ., hvað sem svo verður í framtíðinni.

H. 2. þm. Rangv. (Þórður G.) talaði um kostnaðarmuninn á að leggja akveg og þjóðbraut, en jeg skil ekki að það gæti munað meir en 3. eða 4. parti, sem akbrautin yrði dýrari, því akbraut er dýrust fyrir það, að alstaðar, þar sem halli er, þá verður að jafna hann, því hann má ekki fara fram úr vissu, settu takmarki. Ýmsir þm. hafa verið harðorðir í garð fjárlagan. út af lækkun á styrkinum til tannlæknis; en nefndin gjörir sjer það ekki að neinu kappsmáli. En sumar af þeim mótbárum, sem fram hafa komið, finnast mjer ekki vera rjettar. Svo er t. d. um samanburðinn á praxis tannlæknis og augnlæknis. Það er að jafnaði efnaðra fólk, sem lætur gjöra við og setja í sig tennur, og þess vegna meiri »chancher« fyrir betri og meiri praxis tannlæknis en augnlæknis, en sem sagt er það nefndinni ekkert áhugamál.

H. þm. Rvík. (J. Jenss.) talaði um að með því að veita fje til sýsluvega, þá væri opnaður vegur fyrir nýrri fjárveitingu; hef jeg ekki athugað það til hlítar, en tel óvíst að það sje svo hættulegt, sem h. þm. hyggur.

H. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) lýsti yfir við h. þm. Strand. (Guðj. G.), að hann (ɔ: h. þm. Strand.) hafi keypt fjárlaganefndina til þess að leggja til vegar í Strandasýslu og Snæfellsnessýslu. Viðvíkjandi þessu skal jeg minnast þess, þar eð jeg ætla ekki að kasta mjer inn á milli þeirra, að þetta fje var veitt af þeirri einföldu ástæðu, sem tekin var fram, þegar rætt var um þetta, að það var einhuga skoðun fjárlaganefnd., að Snæfellsness- og Strandasýslur ættu að ganga á undan Ísafjarðarsýslu í þessu tilliti. Þetta var skoðun nefndarinnar, og hefir hún hvorki selt sig nje keypt aðra.

H. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) gaf mjer ónot á laugardaginn var sem framsögum.; þótti honum kynlegt að jeg skyldi eigi hafa minnzt á þjóðvegina þar, en jeg vil benda h. þm. á, að fjárlagan. má eigi fara of langt, og það getur ekki verið meining nefndarinnar, að þó að hún ekki taki fram þennan eða þennan þjóðveg, að þá sje hún á móti honum; enda álít jeg vegina í Eyjafjarðarsýslu betri en víða annarsstaðar, og því síður ástæðu til að veita fje til þjóðvega þar.

H. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) gaf fjárlaganefndinni töluverðar áminningar á laugardaginn var, sem þarf að mótmæla. Hann brá nefndinni um ódrengskap og sagði, að það væri eins og hún vildi koma í veg fyrir það að einstakir þm. gætu notað atkvæðisrjett sinn. Jeg þarf ekki annað en skýra frá því, að jeg talaði ekki sem framsögum. fjárl.nefnd., heldur sem hver annar þm. Allan ódrengskapinn hef jeg þá gjört en ekki fjárlaganefndin. En jeg verð að segja, að, hvað þetta snertir, þá hefir enginn ódrengskapur komið frá mjer, heldur einnmitt frá h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.). Jeg áleit mjer skylt að koma með þessa athugas., svo h. þm. gætu sjeð, í hverju þetta liggur.

Jeg hygg að það hafi verið tekið fram, hvers vegna nefndin hefir ekki komið með skýrslu um búnaðarskólana, nfl. af því skýrslu vantaði frá einum skólanum, og eru slíkt engin hrekkjabrögð af nefndinni, heldur bara af því að hún gat ekki komið með hana.

Í 3. lagi vildi jeg gjöra dálitla aths. viðvíkjandi »telegraf«. Að það mál er

ekki nægilega skýrt ákveðið, kemur af því, að það kom svo seint til nefndarinnar. Jeg man nú ekki eptir fleiru; en allt þetta bendir á, að fjárlaganefndin hafði nauman tíma.

H. þm. V. Skaptf. (Guðl. G.) sagði líka, að jeg hefði manna mest fimbulfamb og málalengingar, en það er ósatt; það er ekki jeg, sem á það, því það er einmitt hann sjálfur, sem upp á síðkastið hefir haft manna mest fimbulfamb og málalengingar í ýmsum málum, og hefir gjört fundina miklu lengri en þörf hefir verið.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg hefði ekki fundið ástæðu til að svara þessari ræðu, hefði ekki h. framsögum. (J. J.) komið með slettur til mín fyrir óþarfa málalengingar. Mjer þætti gaman, ef h. framsögum. gæti sýnt mjer fram á, að jeg hefði að nauðsynjalausu talað optar eða meira en hann og margir aðrir í þeim málum, þar sem jeg ekki hef verið framsögum.; jeg álít það ósæmilegt að sletta þessu. Tali hann ekki meira að óþörfu en jeg, þá getum við verið sáttir.

Að öðru leyti hef jeg ekki ástæðu til að svara; en skal lýsa því yfir, að jeg er því samþykkur, að breyt.till. mín um aðstoðarverkfræðing verði skilin þannig, að styrkurinn sje veittur til »verkfróðra aðstoðarmanna«.

ATKVÆÐAGR.: 11. gr. 1., 2. og 3. liður samþ. með 22 shlj. atkv.

Nr. 38 í atkv.skrá samþ. með 21 shlj. atkv.

Nr. 39 í —— samþ. án atkvgr.

11. gr. 5. a. og b. samþ. í e. hlj.

Nr. 40. á atkv.skrá samþ. með 12:9

— 41. - —— felld — 12:11

11. gr. 7., 8. og 9. a. og b. samþ. í e. hlj.

Nr. 42 á atkv.skrá samþ. með 22 shlj. atkv.

11. gr. 9 c.—e. samþ. í e. hlj.

Nr. 43 á atkv.sk. sþ. með 18. shlj. atkv.

— 44 - —— — — 18 — —

11. gr. með á orðnum breyt. samþ. í e. hlj.

12. gr. A. 1., 2. og 3. a.—e. samþ. í e. hlj.

Nr. 46 á atkv.skrá samþ. með 13:6.

12. gr. A. 3. g. samþ. með 21 shlj. atkv.

12. gr. B. 1—2 samþ. með 20 shlj. atkv.

Nr 47. á atkv.skrá samþ. með 13:2.

— 48 á atkv.sk. sþ. með 19 shlj. atkv.

— 49 - —— felld með 13:10 að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Klemens Jónsson,	Einar Jónsson,
Bened. Sveinsson,	Björn Sigfússon,
Eiríkur Gíslason,	Guðl. Guðmundss.,
Guðj. Guðlaugsson,	Halld. Daníelsson,
Jens Pálsson,	Jón Jensson,
J. Jónss., þm. Eyf.,	J. Jónss., þm. A.-Sk.,
Jón Þórarinsson,	Pjetur Jónsson,
Ólafur Briem,	Sighv. Árnason,
Sk. Thoroddsen,	Sig. Gunnarsson,
Þórður Guðmundss.	Tr. Gunnarsson,
	Valtýr Guðmundss.,
	Þ. Thoroddsen,
	Þorl. Guðmundss.

Nr. 50 á atkv.skrá samþ. með 21 shlj. atkv.

Nr. 51 á atkv.skrá samþ. með 21 shlj. atkv.

Nr. 52 á atkv.skrá felld með 13:4.

— 53, 1. liður á atkv.skrá samþ. með 18 shlj. atkv.

Nr. 53, 2. liður á atkv.skrá samþ. með 18 shlj. atkv.

Nr. 54, 2. liður á atkv.skrá samþ. með 13:10 að við höfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Benedikt Sveinsson,	Einar Jónsson,
Björn Sigfússon,	Klemens Jónsson,
Eiríkur Gíslason,	Jón Jensson,

Guðjón Guðlaugss., J. Jónss., þm. Eyf.,
Guðl. Guðmundss., Jón Þórarinsson,
Halld. Daníelsson, Ólafur Briem,
Jens Pálsson, Pjetur Jónsson,
J. Jónss., þm. A-Sk., Sigurður Gunnarss.,
Sighv. Árnason, Tryggvi Gunnarss.,
Skúli Thoroddsen, Þórður Thoroddsen.
Valtýr Guðmundss.,
Þórður Guðmundss.
Þorl. Guðmundsson.

Nr. 56 á atkv.skrá samþ. með 13:10 að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Klemens Jónsson,	Einar Jónsson,
Bened. Sveinsson,	Jón Jensson,
Björn Sigfússon,	J. J. 2. þm. Eyf.
Eiríkur Gíslason,	Jón Þórarinsson,
Guðl. Guðmundss.,	Ólafur Briem,
Halldór Daníelsson,	Pjetur Jónsson,
Jens Pálsson,	Sig. Gunnarsson,
J. J., þm. A.-Skf.,	Tr. Gunnarsson,
Sighv. Árnason,	Þórður Thoroddsen,
Skúli Thoroddsen,	Þorl. Guðmundsson.
Valtýr Guðmundss,	
Þórður Guðmundss.	

Guðjón Guðlaugsson greiddi eigi atkv. og var talinn með meiri hluta.

Aths. á tölul. 53 á atkv.skrá samþ. í e. hlj.

Nr. 55 á atkv.skrá samþ. með 19 samhlj. atkv.

12. gr. C. samþ. með 21:1.

12. — D. — í e. hlj.

12. — með áorðnum breytingum samþ. í e. hlj.

IV. kafli fjárlaganna.
(13. gr. og til enda.)

Framsögumaður (*Jón Jónsson*, þm. Eyf.): Jeg finn ástæðu til þess nú, er jeg stend upp, að láta í ljósi að jeg vænti umburðarlyndis h. deildar, þess umburðarlyndis, sem hver maður þarf á að halda, og jeg nú sjerstaklega, er jeg á að fara að tala um þennan kafla fjárlaganna með hinum mörgu og miklu breytingum hans. Þetta allt er svo umfangsmikið, að jeg get varla búizt við að tala um hverja breyt.till. svo rækilega sem hún verðskuldar. Jeg skal ekki tefja tímann með því að gefa almennt yfirlit yfir þenna kafla fjárlaganna að þessu sinni; það getur síðar komið, ef þörf þykir. Sný jeg mjer því þegar að hinum einstöku atriðum og mun sem fyr halda mjer við röðina á atkvæðaskránni.

Það, sem fyrst verður fyrir, eru 2 nýir liðir, sem h. þm. V.-Skapt. (Guðl. G.) leggur til að bætt sje við 13. gr. A, það er að segja bráðabirgðaruppbót á Meðallandsþing, 200 kr. á ári, og uppbót fyrir tekjumissi til síra Þorsteins Benediktssonar í Bjarnanesi, 900 kr. fyrra árið og 150 kr. síðara árið.

Bænaskrá frá hvorumtveggja þessum presti var fyrir fjárlaganefndinni á sínum tíma, og ástæða hennar fyrir því að taka þær ekki til greina var, að því er Meðallandsþingin snertir, sú, að presturinn þar hafði farið fram á hækkun á landssjóðstillaginu til brauðsins, en til þess að það geti orðið, þarf að breyta prestakallalögunum. Nú hefir h. flutningsm. breyt.till. (Guðl. G.) gjört þá breyting á beiðninni, að kalla hana bráðabirgðaruppbót. Nefndin getur þó ekki aðhyllzt hana í þessu formi; að vísu verður hún að játa, að eptir upplýsingum þeim, sem fyrir liggja, er prestakallið mjög tekjulítið, en eigi að síður þykir henni aðferðin hjer harla viðsjárverð, því að þótt uppbótin sje kölluð bráðabirgðaruppbót, þá er svo hætt við að hún verði að fastri uppbót; annað mál væri það, ef farið væri að eins fram á styrk í eitt skipti, eins og annar prestur gjörir, er jeg síðar mun minnast betur á.

Presturinn í Bjarnanesi óskar uppbótar á brauðinu fyrir þá sök að ein tekjugrein þess sje nú numin braut,

það er að segja umboðslaun fyrir innheimtu á jarðarafgjöldum, er nemi 150 kr. á ári; óskar hann nú að fá uppbót fyrir þau 6 ár, sem hann hefir farið á mis við þessa tekjugrein, eða 900 kr. alls og auk þess framvegis 150 kr. á ári. Jeg sje að h. þm. V.-Skapt. (Guðl. G.) flytur þessa beiðni fram að nýju, og skal jeg þegar taka það fram, að fjárlaganefndin leit svo á þetta mál, að ef presturinn hefði rjett til þessarar uppbótar, þá hefði hann lagarjett til hennar, og þá væri ekki annað fyrir hann en að láta dómstólana úrskurða sjer hana. Að öðru leyti skal jeg ekki fara fleiri orðum um þessar breyt.till., fyr en jeg hef heyrt h. flutningsm. (Guðl. G.) rökstyðja þær.

Þá er breyt.till. frá h. þm. Vestm. (V. G.), sem eins er ástatt með og beiðni prestsins í Meðallandsþingum. Hlutaðeigandi prestur hafði farið fram á að prestakall sitt fengi fasta uppbót, en nefndin sá sjer ekki fært að taka það til greina af þeim ástæðum, sem jeg tók áðan fram, þegar um Meðallandsþing var að ræða. Nú hefir h. flutningsm. (V. G.) breytt þessu í bráða birgðaruppbót; en viðvíkjandi því skal jeg láta mjer nægja að taka það eitt fram, að það er svo mikill munur á tekjum þessara tveggja prestakalla, að fyrst nefndin er á móti því að Meðallandsþingin fái bráðabirgðaruppbót, þá verður hún að vera enn meir á móti því að Vestmannaeyjaprestakall fái hana.

Næst er breyt.till. nefndarinnar, að P. H. Hjálmarssyni sje veittur 500 kr. styrkur til að byggja upp staðinn. Nefndin lítur svo á að hjer standi alveg sjerstaklega á, og skal jeg skýra að nokkru þær ástæður. Prestur þessi kom til kalls síns haustið 1895 og settist að á staðnum, en á jörðinni bjó bóndi í byggingu hins fráfarandi prests, og jörðin hafði verið tekin út um haustið. Þegar kom fram um miðjan vetur, brann bærinn og eigur prests með. Af því prestur var þá búinn að taka við jörðinni, lenti tjónið á honum, en ekki á bóndanum; hann fjekk nú leyfi til að taka lán, til þess að byggja upp staðinn, en lántaka þessi varð honum erfið, af því að hann gat ekki fengið lán úr landssjóði, heldur varð að taka það í bankanum með allerfiðum kostum fyrir hann. Mjer er kunnugt um það, að auk þessa bankaláns hefir hann orðið að verja um 1500 kr. til byggingarinnar. Það má líta svo á þessa fjárveiting, að hjer sje líkt ástatt, eins og þegar landsdrottinn verður að taka þátt í skaðanum, er bær brennur hjá leiguliða hans.

Svipað er ástatt með næstu breyt.-till. frá h. þm. Rangv. Þar hefir nýr prestur komið að brauði og sækir nú um styrk til að byggja upp staðinn. Meiri hluti nefndarinnar hefir komizt að þeirri niðurstöðu að mæla ekki með styrkveitingu þessari, þó að játa verði að meiri ástæða sýnist til að veita hjer áheyrn, en prestunum, sem um uppbótina sækja. Það kom mjög til tals á síðasta þingi, eins og kunnugt er, að sameina þetta brauð við annað brauð, og ef sú sameining hefði komizt á, þá hefði vart verið farið fram á þessa fjárveiting nú.

Þá kemur að 13. gr. A. b. 7. Nefndin leggur til að sá liður falli burt af stjórnarfrumv., en h. þm. Vestm. (V. G.), að hann sje hækkaður. Nefndin heldur við sína skoðun og vill að svo stöddu ekki veita fje þetta, meðal annars af því að hlutaðeigandi söfnuður hefir verið mjög ófús að taka að sjer fjárhald kirkju sinnar; en auðvitað verður þetta fje til hljóðfærisins á sín-

um tíma að greiðast beinlínis eða óbeinlínis af tekjum kirkjunnar.

Um 64. tölulið er það að segja, að nefndin hefir lagt til að orðinu »ölmusustyrkur« væri breytt í námsstyrkur, og sömu breyting hefir hún annarsstaðar gjört, þar sem það orð kemur fyrir; henni hafði að vísu sjezt yfir það á einum stað, en jeg hef leyft mjer að koma þar með sjerstaka breyt.till. í þá átt. Hjer er ekki um efnisbreyting að ræða, heldur að eins orðabreyting; orðið námsstyrkur er viðkunnanlegra og ákveðnara en orðið ölmusustyrkur. Jeg sje að h. þm. Vestm. (V. G.) vill að námsstyrkur við prestaskólann, læknaskólann og lærðaskólann sje færður niður. Enn hefir eigi gefizt kostur á að heyra ástæður h. þm. Vestm. (V. G.) fyrir lækkun þessari; en nefndin verður þó að vera á móti henni; þvert á móti finnst henni ástæða til að hækka styrkinn við prestaskólann og læknaskólann, af því að aðsókn fer þar vaxandi, og, að því er prestaskólann snertir, einnig af því, að námstíminn hefir verið lengdur þar.

Við 13. gr. B. III. c. 3 hefir nefndin gjört þá breyt.till. að upphæð sú, sem ætluð er til skólahúss lærðaskólans, sje úr 9345 kr. færð niður í 7500 kr.; hefir hún í áliti sínu gert grein fyrir þessari niðurfærslu; hún lítur svo á að eigi sje bráðnauðsynlegt að setja hina ráðgerðu girðingu kringum lóð skólans og að rjettara sje að fresta henni að þessu sinni. Að öðru leyti hefir nefndin fallizt á þær tillögur, sem komið hafa fram um talsvert gagngerða breyting á ýmsu fyrirkomulagi lærðaskólans. H. þm. Vestm. (V. G.) hefir komið fram með breyt.till. við einn af töluliðum þessum; hann vill láta húsaleigustyrkinn handa 30 lærisveinum, 20 kr. handa hverjum, falla niður. Tillagan um húsaleigustyrkinn er gjörsamlega byggð á hinum öðrum breytingum, sem ætlazt er til að verði á fyrirkomulagi lærðaskólans; en að öðru leyti skal jeg bíða að tala um þetta atriði, þangað til jeg hef heyrt ástæður h. þm. Vestm. (V. G.)

Jeg sagði áðan að h. þm. Vestm. (V. G.) færi fram á að námsstyrkur við hærri skólana yrði lækkaður, en þó sje jeg, að því er lærða skólann snertir, að hann fer fram á að þar sje veittur námsstyrkur í nýrri mynd, þar sem hann fer fram á að fje sje lagt úr landssjóði í Bræðrasjóðinn. Nú vil jeg spyrja: Er það meiningin að þessi veitta upphæð sje brúkuð upp árlega, eða á að leggja hana við höfuðstól Bræðrasjóðsins og útbýta að eins rentunum af henni?

Það er auðsjeð, að á þessu er töluverður munur fyrir nemendur, og það getur haft töluverð áhrif á undirtektirnar undir tillöguna, hvort af þessu tvennu er tilætlun h. flutningsm. (V. G.).

Þá kem jeg að 73. töluliðnum. Eins og sjest á nefndarálitinu, er það meining nefndarinnar að eðlilegt væri að leikfimiskennarinn kostaði sig sjálfur til utanfararinnar; en til þess að taka af öll tvímæli um, að nefndin óskar að leikfimiskennslan sje þætt, þá hefir hún lagt til, að veittur væri helmingur af upphæð þeirri, sem um var beðið, og væntir nefndin þess, að hlutaðeigandi láti sjer nægja með þetta, til þess að framkvæma utanförina. Næsta br.tillagan snertir stýrimannaskólann. Meiri hluti nefndarinnar hefir komið með þá breyt.till., að hún ráðgerði að 2. fastakennari yrði ekki skipaður að svo stöddu, en styrkurinn til tímakennslu aukinn. Það er að vísu ekki mikið fje, sem sparast við þetta, og nefndinni er ekki mikið kappsmál, hvað ofan á verður. Sama er að segja um breyt.till. h. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.), að hækka áætlunina til skólahússbyggingarinnar um 2000

kr., frá því sem var á stjórnarfrumv. Nefndin gerir ráð fyrir, að hann hafi haft fyrir sjer ákveðna áætlun um byggingarkostnaðinn, og sniðið tillögu sína eptir henni. En sje fallizt á þessa tillögu, þá kynni jeg betur við að orða hana þannig: allt að 2000 kr. o. s. frv. Þá kemur að kvennaskólunum. Þar eru komnar fram allmargar breyt.till. Fyrst er breyt.till. nefndarinnar, að kvennaskólanum í Reykjavík sjeu veittar 2500 kr. í stað 1800 kr. Tillagan er komin af því, að forstöðukona skólans hefir farið fram á þessa fjárveiting, til þess að hægt væri að stofna nýjan bekk. Meiri hluti nefndarinnar álítur, að þessi beiðni sje á góðum og gildum rökum byggð, og álítur, að hin fyrirhugaða aukning skólans geti komið að góðum notum, og mælir því með br.till..

Nefndin hefir leyft sjer að koma með orðabreyting um skóla Eyfirðinga, af því að sá skóli er ekki lengur á Laugalandi. Nú hefir h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) komið með aðra breyt.till. í sömu átt, en af því að hún er bæði liðlegri og rjettari, þá fellst nefndin á hana, og tekur sína br.till. aptur. Nefndin hefir lagt það til, að 10,000 kr. væru veittar til að byggja kvennaskóla á Norðurlandi. Stjórn kvennaskólans í Eyjafirði hefir óskað þess, að þessi upphæð yrði veitt til þess að byggja fyrir kvennaskóla á Akureyri, en nefndin vill eigi með fjárveitingunni slá því föstu, að skólinn skuli standa á Akureyri, en aptur á móti vill hún stuðla að því, að skólarnir á Norðurlandi sameinist. Hjer hygg jeg að nefndin sje nokkurn veginn í samræmi við skoðanir þær, sem komið hafa fram á síðari þingum; og á meðan jeg heyri eigi mótmæli gegn skoðun hennar á málinu, ætla jeg ekki að fara lengra út í það, en eigi dylst mjer það, að það mundi verða stór vinningur fyrir kvennaskólamál Norðlendinga, ef þeir kæmu sjer saman um að sameina sig um einn kvennaskóla.

Þá hefir nefndin lagt það til, að hússtjórnarskólanum í Reykjavík sje veittur 2000 kr. styrkur fyrsta árið. Þess var farið á leit, að skóla þessum væri veittur ríflegur styrkur, meira þó fyrra árið en síðara. Nefndin vildi sýna það, að hún vildi eigi að skólinn nyti landssjóðsstyrks framvegis, en hins vegar áleit hún rjett að hjálpa honum til þess að komast á laggirnar. Eptir fyrirkomulagi skólans áleit nefndin það líklegt, að framvegis mundi hann geta borið sig styrklaus. H. 1. þm. Húnv. (B. Sigf.) o. fl. vilja að sett sje: eitt skipti fyrir öll. Jeg sje, að þessir h. þm. vilja, að það sje tekið sem ótvíræðast fram, að hjer sje eigi gjört ráð fyrir framhaldandi fjárveitingu. En þótt hjer sje um enga efnisbreyting að ræða, frá því sem nefndin leggur til, þá sýnist nefndinni eigi að síður þýðingarlaust að fallizt sje á þessa breyt.till., því að eigi er hægt að binda hendur næsta þings í þessu.

Þá hefir nefndin lagt það til, að hækkuð væri fjárveitingin til barnaskóla um 1000 kr. á ári, og sömuleiðis að skilyrðin fyrir styrkveitingunni yrðu öðruvísi orðuð en hingað til hefir verið. Hingað til hefir styrkur þessi að eins verið veittur barnaskólum í sjóþorpum og kauptúnum, sem eigi eru kaupstaðir; en, eins og kunnugt er, eru barnaskólar nú einnig að koma upp í sveitum, og eigi ólíklegt, að þeim muni fjölga þar. Nefndinni sýnist rjett, að þessir skólar geti líka orðið styrks aðnjótandi, og vill því, að skilyrðin fyrir styrkveiting til barnaskóla sjeu orðuð þannig, að styrkurinn geti einnig náð til þeirra. Þá kemur nú all langur kafli, sem engar breytingar eru gjörðar á, allt fram í 13. gr. C; en þegar þang-

að kemur, þá fara eins og vant er breytingarnar að þjettast, og að ýmsu leyti að verða óþægilegri viðfangs; því þarf jeg þar sjerstaklega að biðja um umburðarlyndi, ef mjer kann að fatast framsagan að einhverju leyti.

Það, sem hjer verður fyrst fyrir, er að stjórnin hefir lagt til að laun bókavarðarins við landsbókasafnið sjeu hækkuð upp í 1800 kr. og aðstoðarbókavarðarins upp í 1000 kr. á ári, en nefndin leggur til að þau sjeu ákveðin 1500 kr. og 900 kr. Í stjórnarfrumv. er farið fram á óvenjulega mikla hækkun í einu á launum þessara starfsmanna, enda hefir nefndin ekki getað aðhyllzt hana; og h. þm. Vestm. (V. G.) hefir lagt til, að launin sjeu látin sitja við það, sem þau eru nú. Síðan þessi tillaga kom fram, hef jeg leitazt við að kynna mjer sem bezt alla málavexti, og jeg hef komizt á þá sannfæring, að launin þyrftu og ættu að vera töluvert hærri en þau eru nú. Landsbókasafnið er, þegar á allt er litið, ein hin dýrmætasta eign landsins, og starf bókavarðanna svo þýðingarmikið, að það er bæði skaði og vanzi fyrir landið að tryggja sjer eigi góða menn og vel hæfa í bókavarðarstöðuna, en slíkt getur ekki orðið með þeim sultarlaunum, sem boðin hafa verið; þau eru alveg óvenjulega lág, þegar þau eru borin saman við önnur laun fyrir verk, unnin í landsins þarfir. Hinn núverandi bókavörður vann fyrstu árin alveg kauplaust við safnið; síðan fjekk hann um stund tímaborgun fyrir vinnu sína við það, 50 aura um tímann, og loks, þegar honum var veitt bókavarðarsýslanin, voru laun hans eigi sett hærri en 1000 kr. á ári, eða 200 kr. lægri en laun fyrirrennara hans höfðu verið. Þetta er nú um aðalbókavörðinn og kjör hans að segja, og furðar mig að h. þm. Vestm. (V. G.) skuli ekki geta fylgt nefndinni í tillögum hennar.

Um aukabókavarðarstöðuna er það að segja, að það er einnig áríðandi að í hana fáist vel hæfur maður, og að hún sje svo vel launuð, að þar verði ekki sífeld mannaskipti.

Að því er amtsbókasöfnin snertir, þá hefir nefndin leyft sjer að koma fram með þá nýmæli, að til þeirra sje lagt töluvert meira fje en hingað til hefir verið. Orsökin til þessarar hækkunar er sjerstaklega sú, að amtsráðið í Norðuramtinu hefir veitt miklu meira fje til bókasafns síns en að undanförnu af jafnaðarsjóði, og auk þess tekið það ráð að setja aðstoðarbókaverði í öllum sýslum amtsins, til þess að greiða fyrir bókaútláninu og gjöra það sem notadrýgst fyrir amtsbúa. Þetta telur nefndin góða stefnu, og álítur að vert sje að hlynna að henni, og styðja amtsráðin í viðleitni þeirra að efla bókasöfnin og auka hagnýting þeirra; því hefir nefndin lagt það til að styrkurinn til safnanna yrði hækkaður að góðum mun, eða upp í 500 kr. handa bókasafni Norðuramtsins, og upp í 400 kr. handa bókasöfnum hinna amtanna. Nefndin hefir lagt það til, að bókasafn Norðuramtsins fengi hæstan styrkinn að þessu sinni, af því að þar er nýbreytnin á fyrirkomulaginu lengst á veg komin, og þaðan liggur glögg skýrsla fyrir um, hve mikið hefir verið borgað úr jafnaðarsjóði til safnsins. Nú vill h. þm. Skaptf. (J. J.) að styrkurinn til hvors safnsins um sig sje færður niður um 100 kr. Nefndin mun ekki gera þetta að kappsmáli. Það er ekki allt undir því komið, hvort veittar eru 100 kr. meira eða minna, hitt er meira vert, að þingið vilji viðurkenna það, að þessi söfn sjeu stuðningsverð, og vilji stuðla að því að þau geti orðið sem flestum að gagni; og jeg

vil beina því að h. þm. A.-Skf. (J. J.), hvort honum að öllu athuguðu sýnist ekki að vert sje að styðja söfnin á þann veg, sem nefndin hefir lagt til.

H. þm Vestm. (V. G.) leggur það aptur á móti til, að öll söfnin fái jafnan styrk. Það er hið sama um þetta að segja og tillögu h. þm. A. Skf. (J. J.), að í sjálfu sjer hefir nefndin ekki mikið á móti því, en mun þó að svo stöddu greiða atkvæði með sinni eigin tillögu.

Þá er breyt.till. á 91. tölulið, um fornfræðingsstyrk til Brynjólfs Jónssonar á Minna-Núpi. Hann er maður góðs maklegur, hefir fengið sárlitla borgun fyrir störf sín, þótt nú muni vera hækkuð lítið eitt. Nefndin mun ekki verða á móti þessari tillögu.

Töluliður 92, um styrk til dýralækninganáms, er frá nefndinni. Þótt tveir dýralæknar sjeu nú í landinu, þá er nauðsyn á fleirum, ekki sízt ef annarhvor hinna kynni frá að falla.

Þá eru töluliðir 93 og 94, styrkur til Boga Melsteds. Í stjórnarfrumv. var þetta orðað eins og að undanförnu: »til að safna til sögu Íslands«; en af því beiðandi hefir sjálfur skýrt frá, að hann hafi nú lokið safnstarfi sínu, að því er fornöldina snertir, þá vill nefndin nú veita honum styrkinn til þess að semja sögu þessa tímabils. Svo er komin fram breyt.till. um að orða þetta svo: »til að gefa út sögu Islands«, og vill veita 50 kr. fyrir örkina, fyrir 12 arkir á ári. Nefndinni virðist þetta sama sem ekki neitt, enda ekkert vit í að ætlast til, að maðurinn geti gefið út fullsamda sögu, undir eins og hann er búinn að safna til hennar, án þess honum sje ætlaður nokkur tími til samningarinnar.

Þá er töluliður 95, styrkur til cand. Jóns Jónssonar; styrkurinn er að vísu ekki stór, en nefndin vonar, að hann geti þó orðið honum til góðs stuðnings og muni bera góðan árangur.

Þá er töluliður 96, breyt.till. h. þm. Vestm. (V. G.) um að Þorsteinn Erlingsson haldi þeim sama styrk, sem hann hefir nú. Meiri hluti fjárlaganefndarinnar er mótfallinn þessari tillögu, en jeg er persónulega mjög meðmæltur henni. Það er líka næsta undarlegt, að stjórnin skuli hafa strikað hann einan út af þessum lista á fjárlögunum.

Þá er töluliður 98, styrkur til skáldsins Páls Ólafssonar; hann er þjóðkunnur maður um allt land, og hyggur nefndin að þessi styrkur mundi hvarvetna vel fyrir mælast. Hann er nú ellihrumur maður, og þrotinn að heilsu og efnum. Nefndin hefir tekið þessa tillögu upp hjá sjálfri sjer, því að hann hefir enga beiðni sent þinginu, og þeir, sem honum eru kunnugir, fullyrða að hann mundi sjálfur aldrei neins beiðast.

Þá er töluliður 97, og getur nefndin ekki verið honum meðmælt. Þótt nefndin virði manninn, sem í hlut á, þykir henni ekki rjett að veita honum styrk sem skáldi. Hins vegar er nefndin, eins og jeg áður hef tekið fram, meðmælt því, að veita honum jafnháan styrk á öðrum tölulið, sem fornfræðingi.

99. töluliður er um 100 kr. styrk til »Hvíta bandsins«. Það er auðvitað smátt, að eins lítill viðurkenningarvottur.

100. tölulið vill nefndin orða öðruvísi en stjórnarfrumv. gerir, af því að orðasafn dr. Jóns Þorkelssonar er nú allt út komið. Nefndin vill veita honum þennan styrk til vísindalegra starfa, enda hefir hann um hann beðið, því hún veit, að því fje verður vel varið, þótt eigi sje sett ákveðin skilyrði.

Á 101. tölulið er tillaga frá h. þm. Vestm. (V. G.) um styrk til Geirs kennara Zoëga til að semja íslenzk enska

orðabók. Henni getur nefndin ekki verið meðmælt, og eru ástæðurnar fyrir því teknar fram í nefndarálitinu.

Töluliður 102 er breyt.till. nefndarinnar um að veita Bjarna Sæmundssyni 800 kr. styrk í stað 1000 kr., sem stjórnarfrumv. fer fram á; það verður líklega engum að kappsmáli, hvorki nefndinni nje öðrum.

Á tölulið 103 leggur nefndin til að 4 töluliðir frumv. falli burtu; það er svo ástatt með þessa ísbússmenn, að hvorugur þeirra hefir neina kröfu til ferðastyrks. Heldur ekki sjer nefndin ástæðu til að veita Ísak Jónssyni styrk þann, sem fram á er farið. Það er kunnugt, að sá maður hefir mjög góða atvinnu.

Styrk til Otta Guðmundssonar vill nefndin fella niður, en veita heldur fje til að fá útlendan skipasmið til að setjast hjer að; hyggur hún, að það mundi meiri ávöxt færa, því að af honum gæti bæði Otti Guðmundsson og aðrir lært.

Undir 4. málsgrein á 107. tölulið leggur nefndin til að veita Iðnaðarmannafjelaginu 500 kr. hvort árið, sem það geti varið til að styrkja efnilega iðnaðarmenn til utanfarar. Fjelaginu ætti að vera betur kunnugt um hæfileik einstakra iðnaðarmanna, heldur en þinginu. Þetta er líka alveg í samræmi við það, sem jeg áður hef vikið á um búnaðarstyrk og stofnun allsherjarbúnaðarfjelags.

Nefndin álítur að styrkurinn í stjórnarfrumv. 13. gr. C 23 sje óhæfilega hár í samanburði t. d. við styrk þann, sem dr. Þorvaldur Thoroddsen hefir notið.

Á tillögu h. þm. Ísf. (Sk. Th.), tölulið 104, getur nefndin ekki fallizt; finnur ekki ástæðu til þess, að svo komnu.

Á tölulið 105 leggur nefndin til að veita Brynjólfi Þorlákssyni 600 króna styrk til að fullkomnast í hljóðfæralist. Hann hefir opt sótt um þetta áður, en aldrei fengið úrlausn fyrr en nú. Þetta er að vísu að eins helmingur þeirrar upphæðar, sem hann bað um, en getur þó orðið honum talsverður styrkur, ef hann er vel notaður.

Á 106. tölulið er tillaga frá h. þm. Ísf. (Sk. Th.) og fleirum um 1000 kr. styrk hvort árið til Jóns Ólafssonar til ritstarfa, og við þessa tillögu er aptur breytingartill. frá h. þm. Vestm. (V. G.) um að upphæðirnar sjeu 1800 kr. fyrra árið og 1200 kr. hið síðara. Nefndin er að vísu í sjálfu sjer ekki á móti þessu, en hefir sjálf komið með tillögu í aðra átt viðkomandi sama manni, og samkvæma umsókn hans; álítur hún sína tillögu betri, en síðar getur annars að líkindum orðið kostur á að bera sig saman við tillögumenn um þetta atriði.

Þá er enn undir 107. tölulið tillaga nefndarinnar um 1000 króna styrk til Bjarnar Þorlákssonar á Álafossi til vjelakaupa. Nefndin hefir ekki viljað veita honum meira en þetta nú í þetta sinn; hún álítur að sýslufjelagið geti lánað honum það, sem þarf, til viðbótar gegn veði í verkfærunum. Breytingartill. sú, sem fram er komin, um 2000 kr. lán til sama manns, er sjálfsagt fram komin í þeim tilgangi að bæta frekar úr þörf hans; en jeg hef talað við hlutaðeiganda um þá tillögu, og taldi hann sjer þá veitingu gagnslausa.

Viðvíkjandi styrknum til Iðnaðarmannafjelagsins, sem jeg áður minntist á, skal jeg geta þess, að fjelagið hugsar sjer ekki að kosta alveg utanför einstakra manna, heldur að eins að styrkja þá til farar.

Þá hefir nefndin lagt til að veita Sigurði Þorlákssyni utanfararstyrk til að læra leikfimi. Hann hefir einkar góð meðmæli, og er sjerlega vel að sjer í mennt sinni, sem oss virðist einkar nyt-

samt, að útbreiðist sem mest um land allt. Sjer í lagi væri æskilegt, að kennaraefni gætu lært af honum; með því mundi leikfimismenntunin bezt útbreiðast um landið.

Á tölulið 108. er viðaukatillaga frá h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) og fleirum um styrk til utanfarar á fiskisýningu. — Jeg á ekki gott með að skilja þessa tillögu eins og hún er orðuð; jeg er hræddur um, að henni sje eitthvað ábótavant í forminu. (*Tryggvi Gunnarsson*: Það þarf að strika út 2. málsgrein, tvær línur). Jeg fyrir mitt leyti er breyt.till. hlynntur.

Þá er viðaukatill. h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) á tölulið 109. um 1500 kr. styrk hvort árið til Stefáns Stefánssonar til fóðurfræðisrannsókna. Þessi styrkur er langt of lítill til að verða að gagni eptir sögn Stefáns sjálfs; í bænarskjali sínu telur hann sig sjálfur tæplega færan um að vinna þetta verk, og kveðst að eins sækja um þetta fyrir áeggjun annara. Nefndin virðir lofsverðan áhuga þessa manns, en treystir sjer ekki í þetta sinn til að veita það fje, sem hann álítur nauðsynlegt.

Á tölulið 110. er tillaga frá h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) um utanfararstyrk til Sigurðar Jónssonar til að kynna sjer hreyfivjelar. Nefndinni er allsendis ókunnugt um, hvers konar hreyfivjelar hjer er við átt, hvort það eru rafmagnsvjelar, eimvjelar eða vindvjelar, eða eitthvað annað. Þetta er svo óákveðið, að nauðsynlegt væri að fá að vita eitthvað nánara um það.

Um tillögu nefndarinnar á 113. tölulið, ellistyrk til frú Jakobínu Thomsen, þykist jeg ekki þurfa neitt að tala; jeg vona, að hún sæti engum mótmælum.

Um viðaukatill. nefndarinnar á 117. tölulið, um fjárveiting til húsbyggingar í sambandi við landsbankann, ætla jeg ekki að eyða neinum tíma til að ræða; jeg vona að h. 1. þingm. Árn. (Tr. G.) tali fyrir henni.

Um till. á 119. tölulið er jeg flutningsm. samþykkur, en meiri hluti nefndarinnar er á móti.

Breytingartill. h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) á 120. tölulið álít jeg mjög varhugaverða; verði hún samþykkt, er þar með kollvarpað frumreglu nefndarinnar. — Nefndin verður því að leggja alvarlega á móti þessum lið.

Tölulið 122. er nefndin einnig mótfallin, með því engin trygging er fyrir að peningarnir gætu eigi lent á þeim stöðum, þar sem þeirra er engin þörf.

Till. nefndarinnar um ísgeymsluhús á 123. tölulið vona jeg að fái góðan byr.

Hvort till. h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) á 124. tölulið verður samþykkt eður ekki, er nefndinni alveg kapplaust.

Um 126. tölulið hef jeg áður talað.

Um viðaukatill. á 127. tölulið er það að segja, að nefndin álítur hana ganga í rjetta stefnu, en getur þó að svo stöddu ekki verið henni meðmælt sökum þess, að fyrir nefndinni vakir dálítið annað í sömu átt, sem síðar mun fram koma.

Að endingu verð jeg að biðja háttv. þingdeild velvirðingar á, hve ófimlega þessi framsaga hefir farið úr hendi, og hve langan tíma hún hefir tekið.

Ólafur Briem: Það er eitt atriði í tillögum nefndarinnar, nefnilega tölul. 77. á atkvæðaskránni, þar sem lagt er til að hækka tillagið til kvennaskólans í Reykjavík um 700 kr., og er sú ástæða færð fyrir því í nefndarálitinu, að í ráði sje að stofna nýjan bekk, 4. bekk, í því skyni, að veita sjerstaklega meiri bóklega menntun. Eins og menn muna, þá lá þessi styrkbeiðni fyrir þinginu

1895, og lagði fjárlaganefndin þá móti henni af þeirri ástæðu, að í ráði væri og í undirbúningi, að stofna kennaraskóla, fyrir konur jafnt sem karla, til þess að mennta kennaraefni við barnaskóla. Hafi þessi fjárveiting verið óþörf þá, er hún það engu síður nú, heldur miklu fremur. Nú hefir hjer í deildinni verið samþykkt frumv. um að stofna kennaraskóla í Flensborg með mjög svo fullkominni kennslu, og í annan stað er nýlega samþykkt í h. efri deild frumv., sem miðar að því, að bæta gagnfræðakennsluna við lærðaskólann í Reykjavík að miklum mun. Þetta stefnir auðsjáanlega í þá átt, að veita jafnt konum sem körlum greiðari aðgang til þess að afla sjer almennrar menntunar, og þar sem 5 sömu menn eru í fjárlaganefndinni nú, sem voru þar 1895, skyldu menn hafa ætlað að þeir hefðu haldið skoðun sinni í þessu efni. Jeg er ekki að eins mótfallinn þessari fjárveitingu af því, að hún sje óþörf, heldur aðallega af því að mjer finnst hún miða í þá átt, að rótfesta þá röngu stefnu og ranga fyrirkomulag, að hafa sjerskóla fyrir konur í bóklegum fræðum. Mjer sýnist að við ættum að kappkosta að útrýma þessari stefnu, og hafa í bóklegum fræðum sameiginlega skóla, en sjerskóla í hússtjórn og í hannyrðum. Það er margt sem mælir með því fyrirkomulagi, bæði minni kostnaður að halda einn skóla með fleiri nemendum, en tvo með færri, og svo einnig auðveldara að fá góða kennslukrapta til eins skóla en tveggja; og svo síðast en ekki sízt, að það er svo óeðlilegt og ekki sjáanleg nein skynsamleg ástæða til þess, að stía sundur körlum og konum á námstímanum, þar sem þau vitanlega hljóta að lifa saman á heimilunum og yfir höfuð í daglegu lífi. — Ef breyta ætti fyrirkomulagi kvennaskólans í Reykjavík, þá finnst mjer liggja beinast við að gjöra hann eingöngu að hannyrðaskóla. Það hefði máske virzt vel eiga við, að gjöra hann um leið að húsmæðrarskóla, en úr því að sá skóli er nú kominn á fót, þá er ekki ástæða til að ræða frekara um það. En yrði skólanum breytt þannig, að hann yrði gjörður að hannyrðaskóla með haganlegu fyrirkomulagi, þar sem kennt væri til fullnustu klæðasaumur, tóskapur og ýmis konar handavinna, þá mundi jeg sízt leggja á móti aukinni fjárveitingu til hans, þó meira væri en 700 kr.

Jeg skal í sambandi við þetta minnast á tillögu nefndarinnar, tölulið 80. á atkvæðaskránni, viðvíkjandi 10,000 kr. styrk til þess að byggja kvennaskóla í Norðurlandi. Upphæð þessi á að veitast með því skilyrði, að kvennaskólarnir á Eyjafirði og Ytri-Ey sameinist. Fyrst er að athuga það, að h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) tók fram, að þetta skilyrði mundi gjöra það að verkum, að þessi fjárveiting yrði ekki notuð, en þar að auki finnst mjer þessi fjárveiting ganga í sömu öfugu átt og hin, sem sje til þess, að koma á fót skóla fyrir sameinaða bóklega og verklega kennslu. En af sömu ástæðum og jeg áður tók fram, þá álít jeg ekki hyggilegt, að þingið leggi fje til að stofna nýja skóla með því óhentuga fyrirkomulagi, sjerstaklega þar sem svo hagar til, eins og í Eyjafirði, að þar er gagnfræðaskóli, sem verið er að tala um, að auka og bæta kennsluna við. Sá skóli hlyti því að geta bætt úr þeirri þörf, að veita jafnt konum sem körlum almenna menntun, og hana að öllum líkindum talsvert fullkomnari en búast mætti við af kvennaskóla, sem hefði sameinaða bóklega kennslu og verklegt nám.

En ef nú svo færi, að það rættist, sem h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) spáði, að þetta fje ekki yrði notað á næsta fjár-

hagstímabili, þá er vonandi, að tekið yrði til alvarlegrar íhugunar, ef nýjan skóla ætti að stofna, hvort ekki væri rjettast að losa hann við bóklegu kennsluna, en veita þar aðallega verklega fræðslu í hannyrðum og heimilisstjórn.

Sighvatur Árnason: Það er viðvíkjandi tölulið 61. á atkvæðaskránni, sem jeg vildi tala fáein orð. Mjer heyrðist h. framsögum. (J. J.) ekki vera mjög mótfallinn þeirri breytingartill., að veita 300 kr. styrk til þess, að byggja upp staðinn á Eyvindarhólum, þrátt fyrir það, þó nefndin vildi ekki taka hann til greina. Það er svo háttað á þessu prestssetri, að bæjarhús eru þar svo gömul og ljeleg, að það kostar talsvert fje, að koma þeim upp aptur í bærilegu ástandi. Nú er presturinn seztur að á þessari jörð, sem heita mátti að væri í ljelegri ábúð um mörg undanfarin ár, þar sem sá þjónandi prestur sat um langan tíma annarsstaðar. Mjer er kunnugt um, að þetta brauð gefur ekki meira af sjer í tekjur en 6—700 kr. — Af því hefir það leitt, að viðkomandi prestur hefir ekki getað fengið lán upp á brauðið, eins og líka eðlilegt er. — Þar sem brauðið er svo lítið, má nærri geta, að enginn mundi vilja líta við því, ef lán hvíldi á því. Þessi beiðni er svo lítil, að það virðist í raun og veru ekki nema sanngjarnt eptir kringumstæðum, að veita henni áheyrn, sjer í lagi þegar þess er gætt, að þessi prestur er fátækur, eins og mjer er kunnugt um, og því um megn að byggja staðinn upp af eigin rammleik.

Eins og mörgum er kunnugt, hefir það viðgengizt, að veita lán hverju brauðinu af öðru til þess að byggja upp staðarhús, og þegar þess er enn fremur gætt, að sum brauðin eru svo lítil, að ekki er kostur á, að þau geti fengið lán til slíks, þá sýnist það vera nokkuð hart, að veita þeim ekki lítilfjörlegan styrk til nauðsynlegra umbóta á staðarhúsunum. Annars kemur það svo út, sem þeir einir fái styrk, er sitja í betri brauðunum, en hinir ekki.

Af þeim ástæðum, er jeg þegar hefi tekið fram, þá vona jeg að h. deild greiði atkvæði með þessari styrkveitingu.

Jón Jónsson (þm. A.-Skaptfell.): Það kom fram við 1. umræðu í tölu h. þm. Vestm. (V G.), að reglugjörð lærðaskólans væri ekki fylgt að því leyti, að gjört væri að skyldu að gjöra latneska stíla við inntökupróf til 1. bekkjar. Það er rjett, að í reglugjörðinni stendur að eins, að þeir skuli hafa lært aðalatriði latneskrar málfræði, en það standa alveg sömu ákvæði í eldri reglugjörðinni frá 1851, og hefir það þó ávallt viðgengizt, að latneskir stílar hafi verið gjörðir við inntökupróf. Og að minnsta kosti í tíð Bjarna sál. Jónssonar var talsverð áherzla lögð á latnesku stílana, svo að sumum var enda vísað frá þeirra vegna. Jeg get því ekki sjeð ástæðu til að áfella núverandi skólastjóra fyrir það, að hann fylgi þessu, því það er að eins áframhald af þeirri reglu og þeirri venju, sem viðgengizt hefir, en þó ekki nær því eins strangt og áður, því að inntökupróf er að því leyti miklu hægra en fyrrum var, eins og öllum skólagengnum mönnum mun kunnugt. H. sami þm. (V. G.) hefir komið fram með breyt.till. um að lækka námsstyrk við þenna skóla, en bæta aptur sömu upphæð við Bræðrasjóð; jeg er því nú ekki svo mjög mótfallinn, því jeg sje að það muni að nokkru leyti koma í sama stað niður, en vil þó helzt ekki minnka námsstyrkinn meira en nú er.

Þá er ein breyt.till. frá mjer og fleirum,

tölul. 106 á atkvæðaskránni, og er h. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) þar fyrstur á blaði, og er sú breyt.till. viðvíkjandi styrk til Jóns Ólafssonar. En nú er framkomin önnur breyt.till. frá h. þm. Vestm. (V. G.) og felli jeg mig betur við hana og mun gefa henni atkvæði mitt. Að jeg felli mig betur við slíka tillögu en till. nefndarinnar, kemur til af því að við höfum svo mörg blöð og ýms tímarit, t. d. Andvara, Eimreiðina og Tímarit Bókmentafjelagsins, og nú er Bókasafn alþýðu farið að koma út, en þetta tímarit, sem hjer er um að ræða, hlyti að líkindum að verða svo dýrt, ef hætt væri að styrkja það af landssjóði, að það yrði ekki alþýðu meðfæri að kaupa það neitt að ráði. Það er öðru nær en að jeg vantreysti manninum, en jeg álít enn þá nauðsynlegra að útbreiða þekkingu á Íslandi í útlöndum, og hygg að það yrði bezt gjört með ritgjörðum, er kæmust í útlend tímarit.

Þá er jeg ennfremur riðinn við breyt.-till., sem er tölul. 89, viðvíkjandi styrk til amtsbókasafnanna. Það kann nú sumum að virðast undarlegt að jeg skuli ekki vilja hækka styrkinn til þeirra meira en þetta, þar sem jeg hefi þó verið talinn bókavinur; en allt hefir sínar orsakir. Jeg ímynda mjer, að það mundi ekki koma sjer vel, að hækka mikið tillagið úr jafnaðarsjóðum, að minnsta kosti ekki í Austuramtinu, því að sá sjóður mun varla vera auðugur, en hafa mörgu að sinna. Mjer er heldur ekki kunnugt um, að auðgert sje með útlán á bókum eða góð tækifæri fyrir almenning til að nota þessi söfn, að minnsta kosti ekki í því amti, sem jeg er búsettur í, og það er ekki til neins að safna bókum, sem ekki eru lesnar.

Það er líka að athuga, að ef söfnin ykjust mikið, þá mundi verða erfitt með geymslu á þeim. Jeg þekki reyndar ekki svo vel til í Stykkishólmi eða á Akureyri, en á Seyðisfirði þykist jeg vita að yrði erfitt með geymslustað, en mikið í húfi, ef illa tækist til. Jeg álít varlegra að fara hægt í sakirnar en ekki taka stórt stökk allt í einu, og helzt hefði jeg viljað láta nægja þenna styrk úr landssjóði, sem þau hafa nú, meðan ekki er betra skipulag komið á með útlán en enn þá er.

Valtýr Guðmundsson: Þó það sje margt, sem jeg vildi minnast á, ætla jeg þó einkum að fara nokkrum orðum um þær breyt.till., er jeg hef komið fram með, því að öðrum kosti mundi þetta verða allt of langt mál.

Það er þá fyrst að minnast á breyt.-till. mína við 13. gr. A, að á eptir staflið 4 bætist inn nýr liður um bráðabirgðaruppbót til Vestmannaeyjaprestakalls, 200 kr. hvort árið. H. framsm. (J. J.) gat þess, að bænarskrá sú, er nefndinni hefði borizt um þetta mál, væri nokkuð frábrugðin breyt.till. þeirri, er jeg kom fram með. Bænarskráin fór nefnilega fram á uppbót á brauðinu, en mín tillaga fer fram á bráðabirgðaruppbót, er bundin sje við prest þann, sem nú er þar. Presturinn hefir skýrt frá, að brauðið hafi rýrnað mjög á síðari tímum. Árið 1878 segir hann tekjurnar af brauðinu 2222 kr. 45 au., en nú nemi þær ekki fullum 1200 kr. Sjerstaklega hafa hlunnindi við brauðið rýrnað á síðari árum, t. d. fuglatekjan. Áður hafa opt fengizt um 2600 lundar, en nú að eins í kring um 700. Það var þó einkum við jarðskjálftana á síðast liðnu ári að skemdirnar á brauðinu urðu tilfinnanlegar, því þá skemdist lítil ey, sem liggur fyrir utan, svo mjög, að efasamt er, hvort nokkurn tíma verði gagn að henni framar. Það brotnaði sem sje steinbogi, er menn notuðu til að komast upp í eyna, og því óvíst, hvort hægt muni að komast

upp í hana framar, svo fuglatekja þaðan er eyðilögð, að minnsta kosti fyrst um sinn. Nú kann þetta máske að breytast til batnaðar með tímanum, og álít jeg því sanngjarnast að veita prestinum, sem nú er þar, bráðabirgðaruppbót, er gæti fallið burt síðar. Jeg vil því leyfa mjer að mæla með því að h. þingdm. taki þetta til greina og að nefndin fyrir sitt leyti taki það til nýrrar yfirvegunar.

Þá sný jeg mjer að tölulið 62 og 63 á atkvæðaskránni. Undir tölulið 62 hefir fjárlaganefndin farið fram á að fella styrk til að kaupa harmóníum í Vestmannaeyjakirkju. Mjer er það lítt skiljanlegt, hvers vegna nefndin fellir þennan styrk. Kirkja sú, er hjer ræðir um, er landssjóðskirkja, og finnst mjer ekki hæfilegt að landssjóður geri sínar kirkjur ver úr garði en aðrir. Hann ætti þvert á móti að ganga á undan í því að stuðla til þess að guðsþjónustan yrði svo hátíðleg, sem unnt er. Nú eru víðast komin harmonía í kirkjur, og var meir að segja á síðasta þingi veittur styrkur til 3 kirkna til að kaupa harmónía, og finnst mjer því mótsetning að fara nú að neita þessari einu kirkju. Það væri blátt áfram að gjöra hana að olnbogabarni. Nefndin hefir látið í ljós, að hún væri á móti þessu vegna þess, að söfnuðurinn vildi ekki taka að sjer fjárhald kirkjunnar. En hvernig veit nefndin það? Það liggur hvergi fyrir frá söfnuðinum skýr neitun í þá átt. Það gat ekki orðið lögmætur fundur í söfnuðinum og því ekkert að vita, hvernig hann kynni að snúa sjer. En það er aptur á móti auðskilið, að söfnuðurinn mundi fremur taka kirkjuna að sjer, ef hún væri vel úr garði gjörð. Nú sem stendur er ekkert brúklegt hljóðfæri í kirkjunni, og í undanfarin ár hefir organistinn lánað henni hljóðfæri, en vill nú ekki lengur, sem varla er heldur von. Ur því margar af kirkjum þeim, sem eru eign einstakra manna, hafa fengið hljóðfæri, finnst mjer ótilhlýðilegt að landssjóðskirkjur ekki fái þau.

Eptir að stjórnin á frv. sínu hafði veitt 350 kr. til harmóníumkaupa, hefir komið fram bænarskrá frá söfnuðinum um að styrkurinn yrði hækkaður upp í 600 kr., því kirkjan væri stór og þyrfti stórt harmóníum. Með því að jeg einnig er á því, að 350 kr. sje ónógur styrkur, hef jeg komið fram með breyt.till. um að hann sje hækkaður upp í 500 kr., en jeg býst ekki við góðum undirtektum hjá deildinni, þar sem h. fjárlaganefnd tekur svo illa í málið. Þó vona jeg að deildin fallist að minnsta kosti á fjáruppháeð þá, er stjórnin hefir farið fram á.

Að því er snertir tölulið 64, þá er jeg þar samþykkur breyt.till. nefndarinnar um að orðið »námsstyrkur« komi fyrir orðið »ölmusustyrkur«, því það er miklu viðkunnanlegra orð. En þar sem frumv. stjórnarinnar fer fram á að hækka ölmusurnar við prestaskólann, þá er jeg því andstæður. Mín breyt.till. fer fram á að halda ölmusustyrknum eins og hann er. Það hefir verið tekið fram, að styrkinn bæri að hækka, af því nemendum við skólann fjölgaði svo mjög, en er þá sjálfsagt, að í hvert skipti, sem nemendum fjölgar, eigi að hækka ölmusustyrkinn? Hvað á að gera við fleiri lærða menn en geta komizt í embætti? Áður var öðru máli að gegna, meðan nóg embætti voru fyrir hendi, en nú eru nógir kandidatar og þeir jafnvel frá háskólanum, er bíða eptir að komast í embætti. Jeg sje enga ástæðu til að auka styrk til að unga út kandídötum handa Ameríku. Ef menn eru ginntir til að læra með ofmiklum námsstyrk, og þeir svo ekki komast að embættum

hjer, þá er náttúrlegt að þeir fari til annara landa.

Jeg var einnig að hugsa um að fara fram á að lækka húsaleigustyrkinn, en vil þó ekki gera það að svo stöddu. Að eins vil jeg skjóta því til nefndarinnar, hvort hún ekki við 3. umr. vilji orða þá grein nokkuð öðruvísi, þannig, að ekki sje neitt ákveðið um tölu þeirra lærisveina, er styrksins njóta. Sömuleiðis finnst mjer skynsamlegra að stjórn skólans rjeði úthlutun á styrknum, því hún hlýtur að hafa betur vit á því en alþingi. Þetta gildir bæði læknaskólann og prestaskólann. Þó er nokkuð öðruvísi ástatt með læknaskólann, því nú sem stendur eru ekki nóg læknaefni fyrir hendi, en allar horfur á að innan fárra ára verði nóg og meira en nóg af þeim. Styrkur lækna við háskólann er meiri en styrkur annara nemenda, því þeir fá 32 kr. á mánuði í 1—2 ár fram yfir þau 4 ár, er aðrir njóta styrks.

Jeg er á þeirri skoðun eins og fleiri, að kennsla í læknisfræði ætti ekki að fara fram hjer á landi, heldur í útlöndum, og álít því ekki rjett að ginna menn of mjög til að ganga á læknaskólann hjer. Það er ekki hægt að fá fullkomna kennslu í læknisfræði hjer. Þar er t. d. allt öðru máli að gegna en með lögin. Læknisfræðisnemandinn þarf að sjá svo margt praktiskt, sem ekki er kostur á hjer. Í fyrsta lagi vantar hjer góðan spítala, en þó svo væri að hjer væri bæði stór og góður spítali, þá er ekki hægt að fá nógu marga sjúklinga á hann, til þess að lærisveinunum gefist kostur á að sjá öll möguleg tilfelli. Þessu er öðruvísi farið utanlands, þar sem um margar þúsundir sjúklinga er að ræða. Jeg álít því mjög varúðarvert að ginna menn á læknaskólann í staðinn fyrir að þeir ættu að fara til Hafnar til þess að geta orðið fullkomnari. Stjórnin í Danmörku hefir líka fylgt þeirri reglu að láta háskólakandídata ganga fyrir, þegar um veitingu læknaembætta er að ræða, og það álít jeg rjett. Jeg vildi helzt að læknaskólinn fjelli niður, en það er líklega ekki nærri því komandi og mundi þykja særa þjóðernistilfinninguna, því þetta er kölluð þjóðleg stofnun. Það eru engir svo sjerlega einkennilegir sjúkdómar hjer á landi, að þess vegna sje nauðsynlegt að hafa hjer læknaskóla. Aptur á móti hafa sumir sjúkdómar leynzt hjer á landi, sem menn til skamms tíma álitu að ekki væru hjer til, en sem góðir læknar nú hafa sýnt fram á að finnast hjer í ríkulegum mæli, t. d. berklaveikin.

Í stjórnarfrumv. er farið fram á 200 kr. til yfirumsjónar með latínuskólanum og áhöldum hans. Jeg hjelt því fram á síðasta þingi að þetta fje bæri að veita, og áleit jeg það ofmikið starf án launa og að ekki væri hægt að skylda rektor til þess. Í stjórnarfrv. er enn fremur farið fram á miklar fjárveitingar til skólahússins, en nefndin færir þá upphæð mikið niður. Mjer finnst mikil þörf á að leggja tje í þetta, og þyrfti mikið að bæta bæði skólahúsið sjálft að utan, girðingar skólans og bókasafnið, og er ómynd að sjá það eins og nú er.

Öðru máli er aptur á móti að gegna um fjárveitingu til að breyta svefnloptunum. Því er jeg ekki samþykkur, og álít það ónauðsynlegt, og að það fje ætti heldur að ganga til að bæta girðingar skólans. Jeg sje ekki, ef heimasveinspláss væru afnumin, að ástæða sje til að halda lærisveinum við lestur í skólanum fremur hjer en annarstaðar, og þar af leiðandi að heldur engin ástæða sje til að breyta svefnloptunum í lestrarherbergi. Aptur á móti er annað, sem gæti komið til athugunar og

nefndin heldur ætti að taka til greina, og það er ef frumv. um gagnfræðakennslu í latínuskólanum skyldi ná samþykki þingsins, því þá mætti búast við að bæði þyrfti að bæta við bekkjum og skipta bekkjum, því kennsla í fjölmennum bekk — þar sem eru t. a. m. yfir 20 lærisveinar — getur ekki farið í lagi. Ef frv. næði framgöngu, ætti því að breyta svefnloptunum í bekki. Úr því það er gert af heilbrigðisástæðum að afnema svefnloptin, þá væri bezt að láta enga pilta lesa í skólanum síðari hluta dags, og yrði þá nægilegt hlje á til að hreinsa loptið.

Að því er snertir námsstyrkinn, sem jeg í orði kveðnu vil lækka, þá er það í raun og veru ekki meining mín, heldur hitt, að jeg vil halda fast við sömu upphæð og að undanförnu, en láta skipta honum nokkuð öðruvísi niður. Þetta er af líkum ástæðum og jeg tók fram um læknaskólann og prestaskólann. Jeg vil ekki láta stuðla til þess að auka aðsókn að latínuskólanum, vil ekki ginna fleiri menn inn á lærða veginn, en þörf er á. Aptur á móti er allt öðru máli að gegna, ef ræða væri um styrk til gagnfræðakennslu í skólanum. Að mínu áliti ætti með tímanum að afnema námsstyrk til lærisveina í latínuskólanum, en álít heppilegt, ef til væri einhver sjóður til að styrkja fátæka pilta, og vil jeg þar benda á Bræðrasjóðinn. Jeg tók eptir því í minni skólatíð, að þar var fylgt ströngu rjettlæti í útbýtingum, því piltar þekkja vel hverir aðra og sjá glöggar en kennararnir, hverjir þurfandi eru. Í minni tíð var heil ölmusa opt veitt ríkra manna sonum og mönnum úr Reykjavík, en fátækir piltar úr sveit komust margir hverjir aldrei svo hátt, og get jeg nefnt þar til sjálfan mig. Jeg álít því rjettara að efla Bræðrasjóðinn og leggja til hans 500 kr. fyrra árið og 1000 kr. síðara árið. Sömuleiðis vildi jeg vekja eptirtekt skólastjórnarinnar og kennara skólans á því, hvort ekki mætti sjá út ráð til einnig á annan hátt að efla sjóðinn. Mig furðar á því að menn, sem á sínum tíma nutu góðs af sjóðnum og sem nú margir hverjir mega teljast vel megandi, ekki skuli sýna lit á því að endurborga þann styrk, er þeir nutu úr honum. Það er ekki svo að skilja að jeg sjálfur hafi gert það enn sem komið er, en jeg hef í hyggju að gera það og skal ekki verða síðastur, og vona jeg að margir verði til hins sama. Einmitt af því, að svo fáir slíkir sjóðir eru til á landinu, verður allt að lenda á landssjóði, og væri því æskilegt að þeir kæmu upp fleiri.

Að því er snertir tölulið 6 á stjórnarfrumv., þá hefir það verið álitið þarflegt að veita þennan húsaleigustyrk. Jeg fyrir mitt leyti get ekki sjeð að það komi að nokkru liði eða að lærisveinana muni nokkuð um þessar 20 kr. á ári eða 2 kr. um mánuðinn, og mætti eins nema það burt að öllu leyti. Auk þess er hann óeðlilegur, eins og hann er veittur nú. Sumum ætti algerlega að neita, en þeir lærisveinar, sem fengju hann á annað borð, ættu að fá meira en ráðgert er.

Að lokum skal jeg taka það fram, að það gleður mig að sjá að fjárlaganefndin hefir gengið að að veita fimleikakennaranum 500 kr. styrk til utanfarar, því ef halda ætti fimleikakennslu við latínuskólann áfram í sama formi og að undanförnu, mætti alveg eins vel hætta við hana.

H. þm. A.-Skaptf. (J. J.) minntist á athugasemd mína viðvíkjandi reglugjörð latínuskólans, þar sem jeg sagði, að það væri brot á reglugjörðinni, að heimta latneskan stíl til inntökuprófs í skólann. Jeg held þessu fram enn, og undarlegt

er það, ef jeg verð einn til að athuga þetta. Þegar vjer leggjum mikið fje fram til þessarar stofnunar þá eigum vjer líka heimting á því, að reglugjörð hennar sje fylgt. En það hefir ekki verið gjört, eins og menn sjá, er menn lesa sjálfa reglugjörðina. Ef semja á reglugjörð fyrir skólann, hvers vegna á þá ekki að halda hana? Utan þings hefi jeg heyrt komið með þá ástæðu, að eldri reglugjörðinni hafi heldur ekki verið fylgt. Er það nokkur afsökun? Á að halda áfram að brjóta reglugjörðir skólans, þó ein hafi verið brotin? Menn hafa litið svo á, að piltar ættu ekki að læra latn. stíl undir skóla, og enn í dag sleppa prestar úti um land að kenna piltum latn. stíl undir skóla Vjer höfum alveg nýtt dæmi upp á þetta. Því seinast í vor voru tveir piltar gjörðir apturreka við inntökupróf, af því að þeim hafði ekki verið kenndur latn. stíll. Það hefir þannig ekki verið lítill skaði fyrir þessa pilta, sem báðir komu norðan úr landi, að reglugjörðin var brotin á þeim, auk þeirra leiðinda, sem þeir hljóta að hafa haft af því að komast ekki inn í skólann. Jeg hefi líka fengið það svar, að það væri nauðsynlegt að kenna latn. stíl undir skóla, af því að piltar gætu ekki fengið næga tilsögn í latínu í skólanum Til þessa er því fyrst að svara, að jeg veit ekki, hvers vegna það er nauðsynlegt að kenna latn. stíl yfir höfuð að tala í skólanum. En því næst, hvers vegna það er nauðsynlegra hjer en í öðrum lærðum skólum í danska ríkinu, að heimta hann til inntökuprófs. Þar er latn. stíll hvergi heimtaður, og þá heldur ekki í Metropolitanskólanum, en eptir reglugjörð þess skóla er reglugjörð latínuskólans hjer sniðin. Það má líka alveg eins segja, að ekki sje nægur tími til að kenna ensku, frönsku, þýzku o. fl. í skólanum, og heimta hjálp í því líka undir skóla. Þannig má eptir þessu heimta hvað sem vera skal til inntökuprófs. Eins og jeg hefi áður sagt, þá eigum vjer, úr því vjer leggjum fje til skólans, einnig að heimta það, að reglugjörð skólans sje hlýtt.

Þá skal jeg minnast á hinn nýja lið, þar sem h. fjárlagan. stingur upp á 10,000 kr. styrk til beggja kvennaskólanna á Norðurlandi, ef þeir verða sameinaðir. Jeg vildi leyfa mjer að skjóta því til h. n., hvort ekki mundi rjettara að veita engan styrk til hvorugs skólans að þessu sinni, og knýja með því fram sameining þeirra. Það er hvort sem er ekki nema til ills eins að hafa þessa skóla svona marga, svo að segja á hverri þúfu. Það er heppilegra að hafa að eins einn skóla á Norðurlandi, og að þingið veiti svo mikið fje til hans, að hann geti verið í sem beztu lagi. Sem sagt, jeg gæti helzt verið með því að veita hvorugum skólanum neitt, og neyða þá þannig til að sameinast.

Þá skal jeg minnast á breyt.till. mína undir 84. tölul. á atkv.skránni. Jeg sting þar upp á því, að laun bókavarðar við landsbókasafnið verði færð niður úr 1800 kr., sem stjórnin vill veita, og í sömu upphæðina, sem landsbókavörðurinn hefir áður haft. H. framsögum. (J. J.) tók það fram, að staða þessi væri þýðingarmikil, og að ekki væri rjett að launa hana mjög lágt. Jeg hefi ekkert á móti því í sjálfu sjer, að launa þessa sýslan vel. Jeg skyldi ekkert vera á móti 2000 kr., eða jafnvel 2500 kr, og það einmitt af því, að jeg álít stöðuna mjög vandasama, og að í henni ætti og þyrfti að vera mjög valinn maður. En hitt gjörir, að jeg er á móti launabækkuninni, að mjer líkar engan veginn, hvernig staða þessi er skipuð nú. Jeg skal ekki fara frekar út í það mál nú, enda nefndi jeg á dögunum við 1. umr. þessa máls nokkra agnúa á þessum

þessum manni. Jeg vildi sem sagt hækka launin margfaldlega, ef öðru vísi stæði á. Þar á meðal einnig, ef fyrirkomulagið á stjórn safnsins væri öðru vísi en nú. Það er einhver nefnd, ævarandi nefnd, sem »supplerar« sig sjálf, er stýrir safninu og ræður bókakaupum til safnsins, í stað þess að það ætti að vera bókavörðurinn einn, sem rjeði því, og hann ætti að halda tímarit og skrár yfir útlend rit, svo hann gæti fylgzt með bókaútgáfum erlendis og valið úr þeim. Nefnd mætti þó gjarnan hafa til eptirlits með safninu. Það mundi alls ekki spilla, en bókakaupum ætti hún ekki að ráða, nema þá að samþ. uppástungur bókavarðar. Að jeg hefi stungið upp á að færa niður launin til aðstoðarbókavarðarins er að eins afleiðing af hinni uppástungunni. Jeg vona þá, að mönnum sje ljóst, hvers vegna jeg hefi komið fram með þessar tillögur. Það er ekki af því, að jeg kunni ekki að meta þessa stofnun, heldur miklu fremur af því, að jeg kann að meta hana rjett, betur en sumir aðrir virðast kunna að meta hana.

H. fjárlagan. hefir stungið upp á því, að hækka styrkinn til amtsbókasafnanna og láta Norðuramtssafnið fá hærri styrk en hin söfnin. Jeg hefi leyft mjer að koma fram með breyt.till. undir 90. tölul. á atkv.skránni um að hækka styrkinn, en þannig, að öll söfnin fái jafnt. Jeg vil gjöra þeim öllum jafnt undir höfði og láta þau fá hvert um sig hæstu upphæðina, sem nefndin stingur upp á, eða 500 kr. Reyndar skal jeg játa, að betra fyrirkomulag er nú orðið á safninu á Akureyri, en mjer finnst samt óviðkunnanlegt að gjöra þeim ekki jafnt undir höfði, enda ætti það að vera hvöt fyrir stjórnendur hinna safnanna, að koma þeim í líkt lag og safnið á Akureyri er komið í. Viðvíkjandi bókasafni Vesturamtsins vildi jeg að eins hreyfa þeirri spurningu, hvort það mundi vera heppilegt að hafa það lengur í Stykkishólmi. Sá kaupstaður hefir, eins og menn vita, gengið mjög úr sjer á seinni árum og þangað sækja orðið fáir. Mundi ekki vera heppilegra að flytja safnið til Ísafjarðar, sem nú mun mega telja höfuðstað Vesturlands? Jeg bið hlutaðeigendur að athuga þessa spurningu.

Um till. undir 91. tölul. þarf jeg ekki að tala, þar sem h. framsögum. fjárlagan. (J. J.) ekki hafði neitt á móti þeim 200 kr. styrk, sem þar er farið fram á að veita Brynjólfi Jónssyni til fornmenjarannsókna. Jeg þekki þennan mann alls ekkert persónulega, en af því, sem jeg hefi lesið eptir hann og um hann, finnst mjer jeg geta ráðið það, að hann sje styrks maklegur. Mjer hefir fundizt það mesta ómynd, að fornleifafjelagið skuli hafa þurft að láta mann með jafnmiklum áhuga og hæfilegleikum ferðast um landið í sínar þarfir sem hálfgjörðan beiningamann. Manni getur alveg blöskrað, þegar maður sjer, hvað lítið fje hann hefir fengið til þessara ferða. En fornleifafjelagið hefir ekki haft ráð á að gjöra hann betur út í þessar rannsóknarferðir, eða launa honum betur starfa sinn. Fjelagið hefir skort fje til þess, annars hefði það sjálfsagt launað honum betur.

Þá vil jeg minnast á till. mína undir 96. tölul. um 600 kr. styrk á ári til skáldsins Þorsteins Erlingssonar. H. framsögum. fjárlagan. (J. J.) tók það fram, að þessi maður væri sá eini af þeim, sem styrks hefði notið á síðustu fjárlögum, er ekki hefði verið tekinn aptur inn á fjárlagafrumv. stjórnarinnar, og honum þótti þetta undarlegt. En jeg skal taka það fram, að þetta getur verið af því, að umsókn hans um styrk-

inn kom of seint til ráðaneytisins. Það var búið að semja og ganga frá frumv., þegar umsóknin kom. Hvort þessi er ástæðan í raun og veru, veit jeg ekki, en mjer er fullkunnugt um það, að umsóknin kom of seint. En þar sem þing ið var nokkurn veginn samtaka í að veita honum þennan styrk 1895, sjerstaklega þessi h. þingd., og maðurinn hefir síðan sýnt ávöxt iðju sinnar og skáldhæfilegleika með útgáfu ljóðasafns, þá vona jeg að honum verði enn veittur sami styrkurinn næsta fjárhagstímabil, og það því fremur, sem ljóðasafn hans er mjög gott, hjer um bil allt jafngott; það mun varla finnast neitt ísl. ljóðasafn jafn-laust við að vera nokkursstaðar vatnsblandað, eins og þetta. Það er tæpast rjett að svipta mann þennan þeim styrk, sem hann er búinn að fá og býst við að fá, þar sem efnahagur hans er svo þröngur, að hann þarf hans með. Ef hann ekki fær þennan styrk, verður hann að leggja á sig mikla vinnu fyrir lífi sínu og gæti þá ekki þjónað skáldlistinni, eins og æskilegt væri að hann gæti. Jeg vona þess vegna, að h. þingd. verði með þessum styrk eins og áður.

Þá hefi jeg lagt það til, að skólakennara Geir Zoëga verði veittur 500 kr. styrkur á ári, til þess að semja íslenzk-enska orðabók. Nefndin vill ekki veita þennan styrk, en mjer finnst mikið mæla með því, að það sje gjört. Þessi kennari hefir áður samið enskíslenzka orðabók, sem allir verða að játa, sem skyn bera á slíka hluti, og það þykist jeg gjöra, að er mjög vel og vandlega af hendi leyst. Ennfremur ætti það að mæla með þessari styrkveiting, að Íslendingar eru mjög á því, að þeir hafi gott af að komast í sem nánast samband við England, sjer í lagi í verzlunarefnum, og ennfremur það, að þingið hefir áður styrkt sama höfund til að gefa út ensk-íslenzka orðabók. En þá verður fyrst verulegt gagn að hinni ensk-íslenzku orðabók, er hinn parturinn, sá íslenzk-enski, er útkominn. Það er meira að segja kannske enn meiri þörf á þessum partinum. Það er líka margfalt erfiðara að semja þann partinn en hinn, vegna þess, að við höfum ekki íslenzkar orðabækur, nema yfir fornmálið. Yfir nýja málið er engin fullkomin orðabók til, heldur að eins orðasöfn, sem mikið vantar í. Þess vegna þarf fleiri ár til að safna í slíka bók, og jeg álít það mjög ósanngjarnt, að vilja ekki styrkja manninn til að safna til bókarinnar. Það er líka undarlegt, að þegar embættismenn sækja um styrk til að vinna eitthvað, sem ekki heyrir þeirra embætti til, þá er það jafnan viðkvæðið, að hann sje embættismaður og hafi laun, svo hann þurfi ekki að fá styrk. En, má jeg spyrja: Er þessi embættismaður t. d. skyldur til að vinna þetta verk? Nei, hann getur alveg eins unnið eitthvað annað, sem hann getur fengið sjerstaka borgun fyrir, t. d. tekið að sjer aukakennslu. Það er ósanngirni, að heimta að menn vinni þau störf kauplaust, sem menn ekki eru skyldir til að vinna. Þó nefndin hafi tjáð sig fúsa til að styrkja útgáfu þessarar orðabókar, þá kemur aldrei til þess styrks, því aldrei mun neinum detta í hug að semja hana styrklaust.

Undir 103. tölulið á atkv.skránni hefir h. fjárl.n. lagt það til, að 500 kr. styrkur yrði veittur Útgerðarmannafjelaginu við Faxaflóa, til að fá erlendan skipasmið, er setjist hjer að, í stað þess að stjórnin hafði stungið upp á styrkveitingu handa innlendum manni, er færi utan og lærði skipasmíði. Jeg er h. nefnd þakklátur fyrir, að hún hefir tekið þessa stefnu, því jeg álít hana alveg rjetta. Þess vegna get jeg líka að-

hyllzt þá uppástungu nefndarinnar, að veita Iðnaðarmannafjelaginu styrk, er það aptur geti miðlað af mönnum, er vilja fara utan og fullkomna sig í handiðnum. Jeg álít einmitt þá stefnu heppilega, að þingið fái ýmsum fjelögum í hendur nokkurt fje, er þau síðan ráðstafa samkvæmt tilgangi sínum. Um leið og jeg minnist á þessa stefnu, vil jeg taka það fram, að jeg álít það mjög óheppilegt að eyða miklum tíma og mörgum orðum um þessa 13. C. á fjárlögunum eða bitlingakaflann, sem svo er nefndur, í stað þess að veita stjórninni heimild til að úthluta vissri upphæð í sama eða líku augnamiði og gjört er vanalega í þessum kafla fjárlaganna. Það er síður í öðrum löndum, að þingin fela þetta stjórnunum, og kæmist hjer á góð og eðlileg samvinna milli þings og stjórnar, þá ætti þetta fyrirkomulag sjálfsagt að komast á, og það er þó vonandi að einhvern tíma komist lag á fyrirkomulagið milli þingsins og stjórnar vorrar. Það var líka svo áður, að stjórnin fjekk nokkurt fje til umráða til vísindalegra og verklegra fyrirtækja.

Þá vildi jeg minnast á breyt.till. undir tölulið 107 á atkv.skránni, um styrk til Jóns Ólafssonar, til að gefa út alþýðlegt, fræðandi mánaðarrit. Jeg skal játa, að það gæti verið gott að fá þess konar rit, en jeg vil benda á, að við höfum þegar nokkur slík rit, og eru sum þeirra styrkt af landssjóði, sem sje bæði Bókmenntafjelagstímaritið og Andvari. Jeg sje líka, að fram er komin önnur breyt.till. um að sama manni verði veittur styrkur til ritstarfa, sjerstaklega til þess að vekja eptirtekt á Íslandi í útlendum blöðum, og jeg verð heldur að hallast að þeirri breyt.till., því jeg álít það mjög nauðsynlegt, að vakin sje eptirtekt á landi voru í útlöndum. Sjerstaklega álít jeg samt, að ritgerðir þessa efnis ættu að birtast í útlendum tímaritum, því sjeu ritgerðir, sem þannig birtast, góðar, fróðlegar og vel samdar, þá eru þær teknar upp í önnur tímarit, og breiðast á þann hátt víðsvegar út. En á hinn bóginn álít jeg að þessi upphæð, sem stungið er upp á, 1000 kr. hvort árið, sje allt of lág. Mjer er líka kunnugt um, að þessi breyt.till. er ekki fram komin eptir samráði við þennan mann, enda mun hann alls ekki taka á móti svona lágum styrk, sem yrði honum alls ónógur, ef hann ætti að leysa ætlunarverk sitt svo af hendi, að lið væri í. Jeg hef þess vegna komið með breyt.till. um, að færa þennan styrk upp í 1800 kr. fyrra árið en 1200 kr. hið síðara.

Undir 109. tölulið á atkv.skránni, er tillaga frá h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) um 1500 kr. styrk handa Stefáni kennara Stefánssyni til fóðurfræðisrannsókna. Þessari tillögu mæli jeg eindregið með. Mjer er ekki full-ljóst, hvers vegna h. fjárlaganefnd hefir gengið fram hjá umsókn þessa manns, og tekið cand. Helga Jónsson alveg fram yfir hann, nema nefndin hafi hugsað sjer, að hr. Helgi Jónsson ætti einnig að gefa sig við fóðurjurtarannsóknum. Jeg skal játa það, að þessi maður er efnilegur og til góðs líklegur, en mjer þætti þó fróðlegt að heyra, hvernig nefndin hefir hugsað sjer, að hann verði þeim styrk, sem hún ætlar honum, og verður atkvæði mitt um styrkinn til hans að miklu leyti undir því komið, hvort jeg fæ fullnægjandi skýringu á þessu atriði eða ekki. Það er mesta nauðsyn að fá grasafræðing til að rannsaka hjer fóðurjurtirnar. Það kemur öllum saman um, sem vita, hvaða þýðingu búnaðurinn hefir fyrir landið, og sama álit hefir búfræðingurinn Feilberg látið í ljós,

en hann þekkir manna bezt allra útlendinga búnaðarástand vort, þar sem hann hefir ferðazt hjer um land tvívegis til að kynna sjer það, og seinast í fyrra.

H. framsögum. (Jón Jónss.) gat þess til, að tilætlun mín með breyt.till. minni undir 119. tölulið mundi vera sú, að lánveitingin til fiskiskipa gæti einnig náð til fiski-gufuskipa. Þetta er alveg rjett tilgáta. Hann hafði það á móti þessari breyt.till., að hún gæti leitt til þess, að lánið gengi þá fremur til hinna betur megandi. Getur vel verið; en jeg sje ekkert skaðlegt í því, því að fyrir mjer vakir það sjer í lagi með þessari lánveitingu, að hvetja menn til að efla sjávarútveginn og koma honum á hærra og fullkomnara stig, en hann er á. Í sambandi við þessa hugsun mína stendur viðaukatillaga mín undir 122. tölul. um, að verja megi allt að 5000 kr. á ári til styrks handa þeim, sem kaupa sjer eimskip, með þeim skilyrðum, sem þar við er hnýtt. Hann fór líkum orðum um þessa tillögu mína eins og hina, og hef jeg því þegar svarað einnig þeim mótmælum hans. Jeg álít rjettast að hvetja menn til að efla fiskiveiðarnar sem mest og á sem rjettastan hátt, en það er með fiskigufuskipum. Það mundi borga sig margfalt fyrir landið, þótt landssjóður styrkti slíkan sjávarútveg ríflega, því bæði mundu koma hærri tollar inn í landssjóð af útfluttum sjávarafurðum, og svo mundu skipaeigendurnir verða færir um að gjalda háa skatta, auk þess sem þeir mundu veita hinum efnaminni mönnum mikla og góða atvinnu. Nefndin hefir samt tekið alveg gagnstæða stefnu í þessu máli, þar sem hún að eins vill veita fje til þilskipakaupa, og þó hefir það sýnt sig, að fiskiveiðar á þilskipum borga sig alls ekki nema fyrir kaupmenn, sem kaupa vörur sínar ódýrt, en láta þær aptur úti til hásetanna á skipum sínum við háu verði og borgun í fiski þeim, er þeir afla á skipum þeirra. Fyrir bændur borgar þilskipaeignin sig aptur á móti alls ekki. Það er margbúið að sýna fram á það. (*Þ. Thoroddsen*: Hvar?). Í blöðunum. (*Þ. Thoroddsen*: Nei!). Jú, það vona jeg að fleiri hafi sjeð og lesið, en jeg. Ef þess vegna tillagan verður samþykkt í því formi, sem h. fjárlaganefnd fer fram, þá er jeg á því máli, að lánveitingin yrði til þess að ginna menn inn á viðsjála braut, sem að líkindum yrði lántakendum til skaða.

Tuttugasti og níundi fundur, miðvikudag 4. ágúst, kl. 11 f. hád. — Allir á fundi.

Frumv. til fjárlaga fyrir árin 1898—1899; frh. 2. umr.

IV. kafli.

(13. gr. m. m., framh.).

Þórður Thoroddsen: Jeg skal strax víkja að tveimur till. fjárlaganefndarinnar, sem jeg er ósamþykkur, og ætla að greiða atkvæði á móti. Það eru tölulíðirnir 60. og 107.

Hvað tölulið 60. viðvíkur, skal jeg játa, að presturinn, sem þar um getur, hefir orðið hart úti af náttúrunnar völdum, en þó sje jeg ekki ástæðu til að veita honum styrk á þennan hátt. — Hann ætti að geta fengið lán handa prestakallinu, og ætti það að nægja. Jeg get ekki sjeð, að með svona lagaðri styrkveitingu sje trygging fengin fyrir því, að fje þetta komi prestakallinu sjálfu að notum. Presturinn getur flutt burtu frá prestakallinu, undir eins og hann er búinn að fá styrkinn, og þá kæmi styrkurinn honum einum til góða, en ekki prestakallinu.

107. tölulið get jeg heldur ekki að-

hyllzt. Mjer virðist óþarft og ónauðsynlegt, að leggja styrk til svona lagaðs mánaðarrits af landsfje. Bæði er það, að vjer nú sem stendur höfum sams konar mánaðarrit, sem hjer er farið fram á að styrkja, mánaðarrit, sem bæði eiga að vinna og líka vinna sama hlutverk og þetta, og ber ekki á öðru en þau þrífist vel styrklaust. Svo er og það, að jeg álít slíka tímaritsútgáfu óheppilega af því, að jeg tel efasamt, að það verði keypt af almenningi, og þá ekki heldur lesið, en að styrkja tímarit, sem ekki kemur að tilætluðum notum, er meiningarlaust. — En ef slíkt rit væri gott og gagnlegt, og gengi vel út, væri keypt, þá væri óþarfi að styrkja það af landsfje, því að það ætti að geta borgað sig sjálft. Jeg hef sjeð lauslegt yfirlit yfir útgáfukostnaðinn á þessu riti, og nam hann eptir þeim reikningi nærfellt 9000 kr. um árið; þar af voru ritlaun áætlaðar 30 kr. fyrir örkina eða alls 2400 kr.; er því hinn rjetti kostnaður 6600 kr. að eins. — Upplag átti að vera 2500 kr., og verðið 5 kr. árgangurinn. Ef gert er nú ráð fyrir að upplagið seldist allt, og að 20% væri varið í sölulaun, þá gæfi ritið af sjer 10,000 kr. eða 1000 kr. meir en kostnaðurinn er reiknaður, en 3400 kr. meira en sá rjetti kostnaður er. Ef því allt upplagið seldist, er gróði að fyrirtækinu og styrkur óþarfur. En gangi ritið ekki út, kemur það að engum notum, og því tilgangslaust að styrkja það af landssjóði.

Við þessa tillögu er svo breyt.till. frá h. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) og önnur frá h. þm. Vestm. (V. G.) um styrk til sama manns bókmenntastarfa, einkum til að skrifa í útlend tímarit og blöð um Ísland. — En sje jeg móti nefndartill., þá er jeg þó miklu mótmæltari þessari tillögu, og það af þeirri ástæðu, að hver maður, sem skrifar í útlend rit, fær ávallt borgun fyrir það. Skrifi maðurinn því svo vel, að ritgerðir hans komist að í útlendum tímaritum, þá getur hann vel lifað á ritlaununum; en geti ritgerðirnar ekki komizt að í útlendum ritum, þá nær styrkurinn heldur ekki tilgangi sínum. Það er því í báðum tilfellum tilgangslaust að veita slíkan styrk.

Þá skal minnast á breyt.till. h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) á 58. tölulið. Það er nú gömul apturganga frá fyrri þingum. Presturinn ber fyrir sig, að brauðið hafi verið sjer veitt 1881, og hafi því verið slegið upp með tekjum samkvæmt brauðamatinu, eins og lög gera ráð fyrir; en í því hafi með tekjum brauðsins verið talin umboðslaun af Bjarnanesumboði, 150 kr. á ári. Sje svo og hafi presturinn verið þessum tekjum sviptur á ólöglegan hátt, þá á hann sjálfsagt lagaheimting á uppbótinni, og er þá rjettast að vísa honum til að sækja rjett sinn við dómstólana.

Þá er 61. töluliður, styrkur til sjera Jes Gíslasonar á Eyvindarhólum til að byggja upp staðinn. H. 2. þm. Rangv. (Þórður Guðm.) talaði í gær um þessa styrkveiting og sagði, að þessi prestur hefði ekki getað fengið lán upp á prestakallið. Jeg vil nú ekki beinlínis rengja orð h. þm., en þó kemur þetta ekki vel heim við bænarskrána frá þessum presti; þar neitar hann því ekki, að hann hafi getað fengið lánið, en álítur sig að eins ekki nógu efnaðan og prestakallið of tekjurýrt, til að geta tekið það og endurborgað það.

Jeg sje enga ástæðu til, að Eyvindarhólaprestur sæti öðrum eða betri kjörum í þessu tilliti en aðrir prestar landsins.

Þá eru breytingartillögurnar á tölul. 65. og 66. um námsstyrki við prestaskólann og læknaskólann frá h. þingm. Vestm. (V. G.). — Jeg skildi nú í fyrstunni ekki, hvert h. þingm. stefndi með

þessum breytingartill. En eptir að jeg hef heyrt ræðu hans í gær, skil jeg vel tilgang hans, en hann er enginn annar en sá, að eyðileggja allar æðri menntastofnanir í landinu. Jeg get ekki neitað því, að tillagan svarar prýðilega vel tilganginum; því að yrðu þær samþykktar, hlyti sú að verða afleiðingin. — Nú sem stendur er það ódýrara að sigla til Kaupmannahafnar og læra þar, en að læra hjer, og munurinn á því yrði þó enn meiri, ef þessar tillögur yrðu samþykktar. Í Kaupmannahöfn fá stúdentar Garðstyrk, 40 kr. um hvern mánuð, og að auki ókeypis bústað og eldsneyti, auk margra annara þæginda; það er sama sem 480 kr. um árið, auk áðurtaldra hlunninda; þessa styrks njóta prestlingar í 4 ár, en læknaefni í 6 ár. Þetta er ekki smár styrkur, og er styrkurinn hjer við skólann miklu minni. Eptir stjórnarfrumv. eru árlegir ölmusustyrkir við prestaskólann 800 kr. og húsaleigustyrkur 80 krónur handa hverjum lærisveini; svo fær skólinn styrk af kommúníteti, 600 kr. Gjörum nú ráð fyrir, að 12 lærisveinar sjeu á skólanum; þá fær hver lærisveinn tæpra 200 kr. styrk á ári. Styrkurinn handa hverjum læknaskólamanni verður álíka, eins og nú stendur.

En um það, að heppilegt sje að draga þannig embættismannaefnin út úr landinu, get jeg ómögulega verið samdóma h. þm. Vestm. (V. G.). Jeg álít það mjög óheppilegt, ef allir íslenzkir námsmenn þyrftu að fara að sækja menntun sína til Kaupmannahafnar, og sjerstaklega álít jeg það óheppilegt að læknaskólinn leggist niður. Það skal reynast, að afleiðingin verður þá sú, að vjer fáum enga eða allt of fáa lækna í embættin. Nú eru hjer 36 læknahjeruð, og verður þeim væntanlega fjölgað svo á þessu þingi, að þeir verði 42. Þá þarf 44 menn í læknisembættin á landinu, og eptir því má gera ráð fyrir, að landið þurfi 2—3 nýja læknakandídata á ári hverju. Verði læknaskólinn lagður niður, þá kemur til sú spurning: Er líklegt að vjer fáum nægilega marga læknisfræðis-kandídata árlega frá Kaupmannahöfn? Samkvæmt þeirri förgun, sem hefir sýnt sig í þeirri tölu, sem siglt hefir af stúdentum til háskólans, þurfa að sjálfsögðu 4—5 stúdentar árlega að taka sjer fyrir að nema læknisfræði. En setjum nú svo, að nógu margir íslenzkir læknisfræðiskandídatar útskrifuðust árlega frá háskólanum, er þá víst, að þeir fari að taka læknahjeruð hjer uppi á Íslandi, eins laklega launuð, sem þau eru, bæði að því er snertir föstu launin, svo og borgun fyrir praxis? Eru nokkur líkindi til, að þeir færu að taka aukalæknisstöðu hjer, borgaða með 1000 kr. árlega, ef þeim býðst læknis-atvinna erlendis? Nei, engan veginn. Jeg geri ráð fyrir, að embættin hjer verði að bæta upp að launum um 1000 kr. árlega hvert. En 45 × 1000 kr. = 45,000 kr. er þá það, sem slíkt mundi kosta landið árlega um fram það, sem nú er; og þó óvíst, að nægir fengjust. Vildu menn vera vissir um að fá nokkra af þessum mönnum heim aptur, þyrftum vjer að binda þá með árlegum fjestyrk, meðan þeir dveldu ytra, segjum að minnsta kosti jafn-miklu og þeir nú hafa við háskólann, þann tímann, sem þeir ekki fá styrk þar, og er óhætt að gjöra það að meðaltali 200 kr. á ári fyrir hvern pilt, eða 1000 kr. alls fyrir alla 5, sem læknisfræði þyrfu að nema. Nú er meðal-námstími læknа við háskólann 8 ár; yrðu því læknisfræðisnemendur að vera 40 hvert ár frá Íslandi, og kostaði það 8,000 kr. á ári. Kostnaðurinn fyrir landið yrði þá við

þetta um 53,000 kr., eða um 46 þúsund krónum meira en nú er lagt til læknakennslunnar. (*Valtýr Guðmundsson*: Skrítinn reikningur!) Rjettur reikningur.

Sami h. þm. (V. G.) sagði, að læknaskóli ætti enginn hjer að vera, og hjer gæti engin læknakennsla verið. Hann talaði um þetta af gersamlegum ókunnugleik á því, hvað læknisfræðisnám er, og hvað útheimtist til að geta orðið læknir. Hann færði hjer til spítalaleysið, enda væri það til einskis gagns fyrir læknisfræðisnámið, þótt spítali væri hjer til, því að það væru engir sjúklingar til hjer, eða ekki nógu margir, þá datt nú fyrst ofan yfir mig. — Nú sem stendur eru hjer í landi 30 læknar; hver þeirra fæst á ári við frá 600 til 2000 sjúkdómstilfelli; að meðaltali er óhætt að segja 1000 tilfelli. Verði nú læknarnir 40, er óhætt að segja, að 40 þús. sjúkdómstilfelli komi fyrir hjer á landi árlega, og að ætla að spítali með svo sem 40—50 sjúkrasængum muni enga sjúklinga fá, eða að sjúklingar sjeu ekki til handa slíkum spítala, er sú fjarstæða, sem engri átt nær. Þótt við tækjum ekki til nema einn spítala í Reykjavík, með 40—60 rúmum, þá yrði auðvitað tiltölulega miklu meiri aðsókn að honum en að stórum spítölum annarsstaðar. Þetta leiðir af því, að hjer yrðu þó miklu færri sjúkrasængur til móts við hverja þúsund menn, heldur en erlendis; því yrði líklega allt af fullt hjer á spítala.

H. þm. Vestm. (V. G.) gerði í ræðu sinni allt of mikið úr spítalagöngu læknisefna í Kaupmannahöfn; það er mjög lítið um það, að læknisfræðisnemar í Kaupmannahöfn gangi á spítala, áður en þeir taka próf. Það er fyrst eptir að þeir hafa tekið próf, að þeir ganga á spítala, sem »volontörar«, og að því er mesta gagnið. Hjer er hægt að veita þeim tiltölulega meiri spítalareynslu, heldur en í Kaupmannahöfn.

Jeg veit, að það eru nokkrir utan þings, sem eru samdóma h. þm. Vestm. (V. G.) í þessu efni. En þessi sami Kaupmannahafnarháskóli, sem allir líta hjer svo stórum augum á, er þó eptir áliti sjálfra læknisfræðis-prófessoranna þar svo óheppilega úr garði gerður og ófullkominn, að því er læknakennslu snertir, að þeir álíta hann þurfa bráðra umbóta við. En þrátt fyrir allt, sem að honum er, dettur þeim þar þó ekki í hug að leggja hann niður, heldur vilja þeir bæta hann. En þegar hjer þykir eitthvað að, þá er undir eins talað um að hætta. Jeg álít nú heppilegra að bæta læknaskóla vorn, því að það er eins hægt að læra læknisfræði hjer eins og annarsstaðar; en það kostar fje.

Jeg tek það aptur fram, að jeg er þeirrar skoðunar, að það sje óheppilegt og ómögulegt að leggja niður þær menntastofnanir, sem vjer höfum hjer, og þá um leið afar-óheppilegt að lækka námsstyrkinn, því að það er að reka piltana í burtu og ginna þá til Kaupmannahafnar. —

H. þm. Vestm. (V. G.) áleit óþarft að hækka námsstyrkinn, af því að nemendurnir væru að verða of margir, og yrðu því að fara til Ameríku. En er þá betra að uppala embættismannaefni fyrir Dani en Vestur Íslendinga? (*Valtýr Guðmundsson*: Yfirproduction þar!). Ekki svo mikil.

Þá er sú breyt.till. frá sama h. þm., að lækka námsstyrk lærisveina við lærða skólann um 500 kr. fyrra árið og 1000 kr. hið síðara, og vill hann svo að það sem því svari, gangi aptur til »Bræðrasjóðsins«. Það er nú gott að styrkja þann sjóð, en þó helzt þannig, að það verði ekki á kostnað aðalnámsstyrkjanna. H. þm. sagði, að það

væru engir námssjóðir til hjer og því væri rjett að styrkja »Bræðrasjóðinn«; þetta er rjett; en úr því þeir eru ekki til, þá verður einmitt að brúka landssjóð og hann að hlaupa undir bagga með mönnum.

Þá verð jeg enn að mótmæla einu í ræðu h. þm. Vestm. (V. G.), þar sem hann sagði, að ein af ástæðunum til þess, að hann vildi heldur styrkja »Bræðrasjóðinn«, væri sú, að námsstyrknum væri opt órjettlátlega útbýtt; sagði hann, að á hans skólaárum hefðu fátækir piltar setið á hakanum, en ríkispiltar fengið styrk; treysti hann piltum betur í þessu efni og lýsti þar með vantrausti á kennurunum og yfirstjórn skólans. Þessu verð jeg að mótmæla, því jeg þekki þetta ekki frá minni skólatíð, sem þó var hin sama sem h. þm. Vestm. (V. G.). En það skal jeg játa, að við úthlutun námsstyrksins var farið eptir öðru en fátæktinni einni; það var einnig tekið tillit til hæfileikanna; iðinn piltur fjekk stundum styrk, þótt efnaður væri, en þeir, sem voru treg-gáfaðir og þar á ofan latir, fengu engan styrk, þótt fátækir væru.

H. þm. gat þess um sjálfan sig, að hann hefði aldrei fengið fulla ölmusu, en það hefir þá verið af því, að hann hefir verið neðarlega í bekk. (*Valtýr Guðmundss.*: Ekki mjög).

Nú á síðari árum er þó fengin enn betri trygging fyrir því, að þessum námsstyrk sje rjettlátlega úthlutað; nú er hverjum styrkbeiðenda gert að skyldu að láta útfylla þar til lagað skema, um efnahag og fleira, og það undirskrifað af sóknarpresti hans og öðrum beztu mönnum í sókninni. Þetta verð jeg að álíta mjög góða og næga tryggingu fyrir því, að námsstyrknum sje útbýtt rjettlátlega.

Þá er töluliður 96., sem er breyt.till. frá h. þm. Vestm. (V. G.), — hann er alstaðar —, um að veita Þorsteini Erlingssyni 600 kr. hvort árið. Jeg vona að menn muni það, að jeg var á móti þessari styrkveiting á síðasta þingi, og sje jeg ekki að þær ástæður, sem jeg þá hafði til þess að vera á móti styrk til þessa manns, hafi haggazt síðan, og verð þess vegna enn þá að standa við það, sem jeg flutti þá sem rök fyrir máli mínu. Mjer er kunnugt, að út um land hefir enginn bitlingur mælzt eins illa fyrir og þessi, og á einum þingmálafundi var, að minnsta kosti að því er stóð í blöðunum, farið fram á að afnema hann, af því að viðkomandi maður væri hans ekki maklegur. Það er enn síður væntandi, að hann mælist vel fyrir nú, þar sem maðurinn er búinn að fá atvinnu. Það var vorkunn, þó síðasta þing veitti honum styrk, — það var eins konar fátækrastyrkur; en nú er hann búinn að fá atvinnu, svo það er engin ástæða til að veita slíkan fátækrastyrk.

H. þm. Vestm. (V. G.) sagði, að styrknum hefði verið vel varið. Hvernig þá? Jeg veit ekki betur en að Þorsteinn hafi þagað, síðan hann fjekk styrkinn. Jeg vil ekki telja »Þyrnana« hans, því öll kvæðin í því safni, að minnsta kosti þau, sem nokkuð er í varið, eru frá fyrri tíma, eldri en frá því bili, sem hann fekk styrkinn. Þau einu áhrif, sem styrkurinn hefir haft, er að skáldið fór að gefa út blað, sem hann fær borgun fyrir að stýra, og sem mjer líst ekki svo úr garði gert, að það sje vert þess að það sjer styrkt úr landssjóði.

Enn flytur þm. Vestm. (V. G.) breyt.till. um að veita kennara Geir Zoëga 500 kr. hvort árið til að gefa út íslenzk-enska orðabók. Fjárlaganefndin áleit alls ekki rjett að veita þenna styrk; jeg skal játa, að maðurinn er alls góðs maklegur, og að vert væri að

styrkja hann til vísindalegra starfa, ef það væri að öðru leyti rjett princip að veita mönnum styrk til að semja kennslubækur. Jeg álít það alls ekki rjett, heldur á, eins og tekið er fram í nefndarálitinu, að veita ríflegan styrk til að gefa þær út.

H. þm. sagði, að ef þessi styrkur væri eigi veittur, þá yrði bókin aldrei samin, og kæmi aldrei út, og það væri yfirleitt ómögulegt að semja slíkar bækur, ef ekki væri veittur styrkur til þess. En jeg get bent á mýmörg dæmi þess, að slíkar bækur hafa einmitt verið gefnar út styrklaust. Hvaða styrk fjekk Sveinbjörn Egilsson til að semja Lexicon poeticum? Hvaða styrk hefir Jón Þorkelsson fengið til þess að gefa út Supplementið, allt til þess í hitt eð fyrra? Mjer er heldur ekki kunnugt, að Konráð Gíslason hafi fengið mikinn styrk til þess að semja hina miklu orðabók sína. Og jeg gæti nefnt langtum fleiri dæmi. (*Jón Jenss.*: Snorra Sturluson! *Pjetur Jónss.*: Jón Espólín!). Jeg get því ekki verið með því að styrkur þessi sje veittur til að semja orðabók; það væri allt annað, ef beðið væri um hann til þess að koma henni á prent.

Þeim fer nú að fækka, breyt.till., sem jeg þarf að gera athugasemdir við; þó er ein eptir.

H. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) fer fram á að veittar sjeu 1500 kr. Stefáni kennara á Möðruvöllum til fóðurjurtafræðirannsókna. H. framsögum. (J. J.) tók það lauslega fram, að þessi kennari hafi tekið fram í bænaskrá sinni til þingsins, að hann treysti sjer ekki til að gera þessar rannsóknir, svo í lagi sje, og jeg skal gefa þá upplýsingu, að hann segist gera þetta — ekki af því að hann treysti sjer, heldur af því að hann hafi fengið áskoranir til þess að gefa sig við þessu!

H. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) flytur breyt.till. þess efnis, að fella burtu þá takmörkun, sem fjárlaganefndin hefir sett fyrir veitingu á styrknum til þilskipakaupa. Þá breyt.till. álít jeg óhafandi, og því að eins gef jeg þessum styrk atkvæði mitt, að þessari takmörkun sje haldið.

Halldór Daníelsson: Það eru ekki mjög margir liðir, sem jeg hef athugasemdir við að gjöra, en jeg vildi þó hreyfa nokkrum atriðum.

Það er bezt að jeg byrji þá á betri endanum, h. þm. Vestm. (V. G.) og stóra orgelinu í Vestmannaeyjakirkju, sem hann ber fyrir brjóstinu. Mjer fannst h. þm. vera heldur þungorður í garð stjórnarinnar og þingsins fyrir meðferðina á Vestmannaeyjakirkju, en mjer finnst að stjórn og þing hafi allt eins mikla ástæðu til þess að vera óánægt með Vestmannaeyinga, því að hjerna um árið, gott ef það var ekki 1885, þegar reynt var að semja við þá um fjárhald Vestmannaeyjakirkju, þá settu þeir þannig lagaða kosti, að fáum mundi hafa komið til hugar að ganga að þeim, og nú við þessa síðari samningstilraun komu þeir ekki á fund, eða ekki svo margir, að fundarfært yrði. Jeg er því á móti þessari orgels-fjárveiting, en vil á hinn bóginn skora að nýju á Vestmanneyinga, að taka að sjer fjárhald kirkjunnar, og móti því er jeg ekki, að þeir fengju ríflegt álag á kirkjuna. Landssjóður hefir nú um undanfarin ár lagt talsvert fje til kirkjunnar, t. d. einu sinni (jeg man ekki, hvort það var 1891 eða 1893) 500 kr., til að járnklæða turn kirkjunnar, og nokkru áður allmikið fje til að gjöra við þak, glugga o. fl., svo nú mun kirkjan vera í allgóðu ástandi,

en þrátt fyrir það er jeg sem sagt ekki mótfallinn því, að álagið, ef til kemur, yrði sómasamlegt, og er Vestmannaeyingum þá lítil vorkunn, svo stórum söfnuði, að annast kirkju sína sjálfir, eins og svo margir söfnuðir hafa þegar gjört.

H. 1. þm. K.-G. (Þ. Th.) hefir talað svo nákvæmlega um læknaskólann, og hrakið svo vendilega ummæli h. þm. Vestm. (V. G.), að jeg get leitt það hjá mjer. En jeg verð að segja það, að jeg held að þjóðin sje ekki þakklát þeim mönnum, sem vilja svipta hana þeim stofnunum, sem hún hefir verið að koma upp hjá sjer, með súrum sveita og við mikla baráttu. Það kann að vera gjört í góðu skyni, en tjón er tjón, hvort sem gjört er af vanþekkingu eða ásettu ráði; og þó að h. þm. (V. G.) sje að braska í þessu, til þess að útvega oss betri lækna, þá fær hann ekki nema vanþakklæti fyrir það hjá landsmönnum; við unum fullvel þeim læknum, sem við höfum fengið frá læknaskólanum. Og jeg skal trúa h. þm. fyrir nokkru, sem líklega dylst honum, þó að það liggi opið fyrir öllum öðrum, að með þessu særir hann þjóðernistilfinningu Íslendinga.

Og hver getur gefið oss vissu fyrir, að ef h. þm. Vestm. (V. G.) getur togað læknaskólann út yfir pollinn með sjer, að hann láti þá þar við lenda? Hvað er líklegra en að hann taki þá prestaskólann taki, og síðan latínuskólann? Og þegar hann er búinn með hinar æðri menntastofnanir, þá má geta nærri, hvort menntastofnanir alþýðunnar: kvennaskólar, gagnfræðaskólar og barnaskólarnir eru öruggir fyrir góðvilja hins h. þm. Vestm. (V. G.). Jú, það fer svo, að einn góðan veðurdag kemur h. þm. Vestm., tekur þá í lófa sinn og leggur þá af sjer í Kaupm.höfn. — ef honum annars þykja þeir þess verðir!

H. þm. Vestm. (V. G.) sagði, að menn væru ginntir inn á skólann með þessum styrk, og styrkurinn væri til þess að fjölga menntuðum eða hálfmenntuðum »prólетörum«; — jeg veit ekki, hvort h. þm. Vestm. hefir farið í skóla til þess að ná í styrk eða ölmusu, en ef hann hefir gjört það af námfýsi, þá ætti hann ekki að ætla öðrum verri hvatir, en hann hefir haft sjálfur. En hitt, að letingjar teygðust að skólunum, til þess að læra og lifa fyrir ekki neitt og losna við líkamlega vinnu með hægu móti, og slæptust svo og yrðu ónýtir fyrir landið, — þá kann nokkuð tilhæft að vera í þessu. Það er álíka tilhæft í því og þessu, að enginn kostur er ágallalaus, hversu góður sem er. Og ef h. þm. vill afnema námsstyrkina fyrir þá skuld, að það getur komið fyrir, að óverðugir njóti þeirra í bland, þá ætti hann, ef hann vill vera sjálfum sjer samkvæmur, að fara því fram að allir skólar væru afnumdir vegna þess, að þar geti komið menn, sem fyrir sakir leti eða annara hluta ekki hefðu það gagn af kennslunni, sem þeir ættu að hafa.

En svo jeg tali í alvöru um ástæður hins h. þm. Vestm. (V. G.) fyrir þessu áhlaupi hans á námsstyrkinn við skólana á Íslandi, eða rjettara sagt um ástæðurnar á móti því, — því hinar eru fáar —, þá vil jeg minnast á einn kost, sem aldrei verður neitað að fylgir námsstyrkjunum. Og hann er sá, að fyrir þá hefir margur fátækur efnilegur piltur náð menntun og þroska, sem hann aldrei hefði náð annars, og opt og tíðum orðið nýtir menn, og á meðal þeirra er mjer óhætt að telja h. þm. Vestm. (V. G.). Og þar sem sá h. þm. kvartaði undan því, að í hans tíð hafi skóla-

sveinum úr Reykjavík og efnuðum piltum engu síður verið veittur námsstyrkur en fátækum piltum og langt að komnum, þá ber honum að líta á það, að ef enginn námsstyrkur hefði verið til í hans tíð, þá hefðu að vísu Reykjavíkurpiltar og efnaðir piltar engan styrk fengið, — en þá hefði hann sjálfur heldur ekki fengið neitt, og honum því verið ómögulegt að brjótast gegnum skólann. Og svo mundi enn verða, að, ef námsstyrkur yrði af tekinn, mundu fátækir menn ekki geta sótt hann, þótt efnilegir væri, og engir aðrir en efnaðir menn og þeir, sem ættu heimili hjer í Reykjavík. Og það mundi sannast, að ekki yrði neinn hagur fyrir þetta þjóðfjelag.

Og svo kemur nú Bræðrasjóðurinn; — til hans vill h. þm. Vestm. (V. G.) leggja fje úr landssjóði, sem er alveg ný till. og stefnir að því, að landssjóður fari að styrkja einstaka styrktarsjóði með árlegum fjárframlögum, sem svo á síðan eiga að verða stór upphæð, til þess að sjóðurinn geti þá veitt styrk í ríkulegum mæli, já svo ríkulegum, að námsstyrkur eða ölmusur falli burt við latínuskóla; þetta er ný till. og óþekkt hjer á landi. Jeg skal að svo komnu ekki segja mikið um hana, annað en það, að mjer fellur hún ekki og þykir hún varhugaverð. Og þar sem sami h. þm. (V. G.) minntist á úthlutun á námsstyrknum, fannst mjer hann ganga inn á þá braut, að vefengja að úthlutunin á námsstyrknum væri rjettlát. Jeg er þessu alveg ókunnur, þó jeg á hinn bóginn efist ekki um það, að þeir heiðursmenn, sem styrknum útbýta, gjöri það eptir beztu vitund. Hitt er allt annað mál, þó einhverjir, sem styrkins njóta eða fara á mis við hann, kunni að vera óánægðir með úthlutunina; þess konar er svo altítt um allar útbýtingar og niðurjafnanir, að ekki þarf orðum að að eyða. Jeg er svo sem ekki hræddur um að þetta gangi fram. Meira að segja, jeg er viss um, að h. þm. Vestm. (V.G.) stendur einn upp fyrir henni. Og jeg ann honum þess vel, því hann hefir ekki rökstutt þessa till. sína með öðru en því, að hann væri óánægður með ölmusuna, sem hann fjekk í sinni skólatíð!

Um styrkinn, sem h. fjárlagan. hefir ætlað Otta Guðmundssyni, skal jeg ekki segja mikið. Jeg veit að nefndin hefir ákvarðað hann í bezta tilgangi, en mjer fellur það ekki samt. Mjer finnst útgjörðarmannafjelagið taka upp á sig nokkurs konar ábyrgð að útvega þessum útlenda manni nógan starfa um lengri tíma. En eptir því, sem jeg hef heyrt um Otta, þá er hann líklegur til þess að geta komið hjer að notum, duglegur maður, og mundi verja styrknum samkvæmt tilætlun, þ. e. a. s., hann mundi eptir utanför sína setjast hjer að sem skipasmiður.

Þessi upphæð, sem nefndin áætlar að veita skuli sem lán úr viðlagasjóði, til þess að kaupa eimskip til fiskiveiða, er svo lítil, að jeg held að engan muni um hana, sem ræðst í að kaupa gufuskip. — Kostnaðurinn hlýtur að vera miklu meiri við að halda úti eimskipum til fiskiveiða en þilskipum, og erfiðara að afla á þau en þilskipin, eptir því sem sjómenn hafa sagt mjer. En þau munu vera brúkuð í útlöndum mest til þess að geta afsett aflann alveg nýjan. Svo af öllum þessum ástæðum verð jeg heldur að vera mótfallinn þessari tillögu.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg var ekki viðstaddur í gær, þegar h. framsögumaður talaði, en jeg hef heyrt — ekki með óblandaðri ánægju —, að hann hafi lagt móti breyt.till. mínum. En jeg ætla nú samt að ræða um þær nokkuð, og mæla fyrir þeim.

Jeg skal þá byrja á staflið 68 á atkvæðaskránni, tillögu um styrk til prestsins í Meðallandsþingum. Presturinn í þessu brauði hefir gefið skýrslu um tekjur brauðsins á 5 síðustu árum og sent útdrætti úr safnaðarfundagjörðum, sem sýnir ástand brauðsins, og vottar prófastur að það sje allt satt. Þessar skýrslur hafa legið frammi á lestrarsalnum, svo að þm. hafa getað kynnt sjer þær. Sveitin hefir gengið ákaflega af sjer á síðari árum, svo að við jarðamatið 1896 hefir hún lækkað um nálægt 100 hndr. Það er því ekki ofsögum sagt af því, undir hvílíkum ágangi þetta brauð liggur. Sjerstaklega hefir bújörð prestsins gengið af sjer fyrir sandfok þessi 2 síðustu ár, svo að hún er nú ill-byggileg. Nú í vor mun þar hafa farið hjer um bil 70 hesta engi undir sand, og nær því engar slægjur eptir, nema lítill túnblettur. Prestssetursjörð er engin til; það eiginlega prestssetur er Eystri-Skógar og blandast víst engum hugur um, að það sje mjög vísdómsfull og prestinum hagkvæm tilhögun, þar sem sújörð liggur fyrir vestan Jökulsá eða röskar 2 dagleiðir fyrir utan prestakallið. Það er því ómögulegt fyrir prestinn, sem er fjölskyldumaður, að komast af með þetta; en ef þessi prestur færi frá brauðinu, þá má telja víst, að enginn annar fengist í það á eptir, eins og nú er ástatt. Jeg álít það siðferðislega skyldu þingsins, þegar svona stendur á, að hlaupa hjer undir bagga og gera það mögulegt fyrir prestinn, sem er vel látinn og nýtur maður, að haldast við brauðið. Það er mín skoðun, að það sje óforsvaranlegt að láta slíka menn þurfa að flæmast frá prestaköllum. Jeg tala ekki um, hversu óþolandi slíkt er fyrir manninn sjálfan, heldur einnig fyrir söfnuðinn og kirkjuna í heild sinni.

Jeg vona því, að h. deild samþykki þetta, og það því fremur, sem hjer er um bráðabirgðaruppbót að ræða. Það er þá ávallt á þingsins valdi, að strika út styrkinn, ef ástæður breytast, t. a. m. ef bújörðin batnaði, sem jeg tel hugsanlegt, þó að það reyndar sje ekki líklegt, eða ef einhleypur maður fengi brauðið, sem ekki hefði fyrir fjölskyldu að sjá.

Hitt atriðið, sem jeg vildi minnast á, var uppbótin til sjera Þorsteins Benidiktssonar. H. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) tók það fram, að það væri margra manna álit, að þessi prestur eigi löglegan rjett til þessarar uppbótar. Það stendur svo á með þetta, að með preststekjum þessa brauðs, Bjarnaness, eru reiknaðar tekjur af Bjarnanessumboði, í síðasta prestakallamati. Tekjurnar af umboðinu hafa verið metnar 1502 kr., en stjórnin telur það þó í athugasemdum við frumv. um afhending Bjarnaneskirkju, að þær sjeu 200 kr., en eptir skýrslu prófastsins í því prófastsdæmi, sem hlýtur að vera því máli gagnkunnugastur, hef jeg gert þær 175. Aðþessar tekjur eru taldar með í brauðamatinu, stafar af því, að presturinn í Bjarnanesi hefir alltaf síðan 1692 jafnframt haft á hendi Bjarnanessumboð; þegar sjera Bergur fór þaðan og sjera Jón tók við, þá hjelt þó sjera Bergur því, en þó ekki nema að eins 1 ár. Annars hefir þetta ávallt verið sameinað hjá einum og sama manni.

En þegar þessi prestur, sem nú er í Bjarnanesi, sjera Þorsteinn Benidiksson, kom að brauðinu 1891, áleit landsstjórnin, að hún bæði hefði heimild til að aðskilja þetta, og að hún hefði ástæðu til að gera það þá. Og þar af leiðandi hefir þessi prestur ekki fengið þær tekjur, sem auglýst var að brauðinu fylgdu og honum voru lofaðar með veitingunni.

H. þm. A.-Skf. (J. J.) tók það fram, að prestur þessi mundi hafa lagalegan

rjett til uppbótar, og vísaði honum til að fara í mál. Það kann að vera að hann hafi lagalega rjett, og það er sem sagt margra manna álit, en ef menn álíta hann hafa lagalega rjett til þessa, hví þá þvinga hann til að fara í mál? Hví ekki að kannast við sína skyldu eins og hver rjettsýnn maður, og bæta þetta málsóknarlaust? Hitt væri smásálarskapur, að láta manninn sitja með skaða sinn óbættan, vegna þess að hann kynokaði sjer við að fara í mál við landssjóðinn.

Annars skal jeg benda á að þessi prestur hafi orðið fyrir harðri meðferð af landssjóðs hálfu; hann hefur verið sviptur fleiru, t. d. reka, sem hefir áður verið átölulaust talinn brauðinu, en er nú lagður til umboðsins. Og á árunum 1891—95, sem prætan hefir staðið um þetta, hefir rekið þar 3 hvali; presturinn hirti einn eða tvo af þeim, og var óðara stefnt af landssjóði fyrir.

Það virðist vera ástæða fyrir þingið að taka tillit til, að þessi prestur hefir orðið harðara úti en jeg veit dæmi til um nokkurn annan sýslunarmann hjer á landi. Jeg er ekki að segja, að hann hafi verið beittur ranglæti; það er eðlilegt, að landsstjórnin fari eptir því, sem henni sýnist rjett vera, þó að það komi hart niður á einstökum mönnum. Og því verður ekki neitað, að í þessu tilfelli hefir það komið hart niður. Jeg verð þess vegna að segja, að þessi tillaga er á rökum byggð, og vona að h. deild sýni þá rjettsýni, að samþykkja hana.

Að því er snertir námsstyrkinn til stúdenta á presta- og læknaskólanum, þá hallast jeg þar að tillögu fjárlaganefndarinnar, því eins og jeg tók fram á þinginu 1893, finnst mjer það skökk stefna, svo framarlega sem menn nokkurn tíma vilja koma hjer á innlendum háskóla, að eyðileggja þann litla vísi, sem menn hafa hjer í presta- og læknaskólanum, með því að gera lærisveinunum fýsilegra að fara til Hafnar.

Jeg geng að svo stöddu fram hjá 13. gr. B. VI. um styrk til að byggja kvennaskóla á Norðurlandi, en skal geta þess, að það hafa flogið í eyru mjer þær sögur af kvennaskólanum á Akureyri, að jeg get ekki greitt atkv. með tillögu nefndarinnar, fyrr en sögurnar eru bornar til baka, og sízt með því að sameina kvennaskóla Norðlendinga á Akureyri. Jeg ætla ekki að fara frekari orðum um þetta, en býst við að aðrir þingmenn sjeu hjer því máli kunnugri og muni gefa upplýsingar í þá átt, og þær vonandi fullnægjandi.

Jeg skal lauslega taka það fram við tölulið 107, að mjer þykir ónauðsynlega mikið skorið af styrknum til Björns á Álafossi. Þessi atvinnuvegur er að byrja og á framtíð fyrir sjer, og ætti að taka tillit til þess að það er erfitt fyrir hann sem byrjanda að koma þessu áfram, erfiðara en fyrir þá, sem eptir koma. Þó er jeg þakklátur nefndinni fyrir það, að hún hefir veitt þessa upphæð sem styrk og ekki sem lán, en hefði fyrir mitt leyti helzt á kosið, að hann hefði verið að minnsta kosti helmingi hærri.

Að því er snertir breyt.till. mína undir tölulið 110, þá hefir nefndin tekið það fram, að hún sjái ekki, að hvaða gagni sá styrkur geti komið. Hugsunin, sem lá til grundvallar hjá mjer, er jeg kom með þessa breyt.till., var sú, að menn einmitt hjer á landi ætti að fara að byrja að nota hreyfivjelar, en hjer vantar mann, sem hefir vit á þeim og gæti gert við þær, ef eitthvað bilaði. Við höfum eins og allir vita mikil öfl hjer á landi, sem ónotuð eru, t. d. vatnsföll, storma o. s. frv., og sem farið er að nota í öðrum löndum, en til þess

þarf bæði kunnáttu og hagsýni. Það er enginn efi á því, að með þessu mætti margfalda vinnuaflið í landinu, en til þess að koma því á stað, þarf innlendan mann, sem vit hefir á vjelum og vjelaaðgerð. Það er ekki hægt að ætlast til að neinn einstakur maður fari að leggja fje til að læra þetta, því arður mannsins mundi verða efasamur fyrstu árin, og ætti því að styrkja einhvern mann, sem vel hefir vit á smíðum, til að kynna sjer þetta. Ef menn gætu farið að nota hreyfivjelar, væri þar með mikið afl unnið. Mjer er það kunnugt um manninn, sem um styrkinn sækir, að hann hefir orð á sjer sem hagur, útsjónargóður smiður, og mun flestum mönnum færari hjer á landi í þeirri íþrótt. Hann hefir sterkan áhuga á málinu, og sjerstaklega hefir hann hug á að kynna sjer vindhreyfivjelar, sem nú eru orðnar algengar, einkum á Jótlandi. Jeg hugsa að það mundi verða til mikilla bóta, ef jafnpraktiskur og duglegur maður og hann væri sendur utan, og jeg er þess fullviss, að hann mundi að aflokinni förinni gera sitt ýtrasta til að koma þess háttar vjelum á framfæri hjer á landi.

Mjer þykir það kynlegt, svo jeg víki að tölulið 120, að h. fjárlaganefnd skuli leggja á móti því að orðin: »er veitast .... að aðalatvinnuvegi« falli burt, og meira að segja hefir gegn um einn af meðlimum sínum gefið í skyn, að hún jafnvel muni fella allan liðinn, ef þessi orð sjeu felld í burt. Jeg segi að liðurinn ætti að falla, sjeu orðin ekki felld burt. Mjer þykir undarlegt, að takmarka styrkinn þannig, að hann ekki geti komið þeim flokk manna til góða, sem mest og bezt hefir sýnt, að hann er fær um að koma þilskipaútveginum á framfæri. Jeg á hjer við kaupmennina. Mjer er það hulið, að nokkur ástæða geti verið til að útiloka þessa stjett manna frá styrkveitingunni, og jeg álít h. 1. þm. G.-K. (Þ. Th.) standa hjer ver að vígi en jeg, þar sem hann ekki álítur þurfa ástæður fyrir slíkri fjarstæðu. Því getur ekki verið jafnmikil ástæða til að útiloka mig, ef jeg á 1/4 part í skipi þar sem fleiri, t. d. kaupmaður, útvegsbóndi og h. þm. (Þ. Th.) sjálfur, eiga hlut í? Maður getur ekki sagt að fjelag, sem er saman sett af lækni, sýslumanni, bónda og kaupmanni, hafi sjávarútveg að aðalatvinnu. Úr því landssjóður er að berjast fyrir að auka sjávarútveginn og fjölga þilskipunum, þá get jeg ekki sjeð, að það sje ástæða til að útiloka kaupmenn frá honum nje leggja nokkur höpt á hann, ef það á annað borð er rjett stefna að fjölga þilskipunum. Jeg vil leyfa mjer að spyrja: hvaða eðlileg ástæða er til að leggja þessi höpt á hann? Er það af því menn sjá ofsjónum yfir því að kaupmenn græða? Eða af því að menn vilja fá sjávarbóndann til að fara á hausinn? H. þm. (Þ. Th.) verður að færa ástæður bæði fyrir sínum eigin skilningi og sínum eigin misskilningi.

Mjer finnst þetta mál svo vanhugsað af nefndinni, að jeg verð að greiða atkv. móti því, ef orðin ekki falla burt. Jeg sje ekki ástæðu til eða rjettsýni í að gera einum flokk manna erfiðara fyrir en öðrum.

Mjer líka vel undirtektir nefndarinnar undir lán til tóvinnuvjela (tölul. 125), og gæti það komið að miklu gagni, ekki sízt ef lítið eitt væri rýmkað til um skilyrðin fyrir láninu. Að svo mæltu hef jeg ekki fleira að athuga, og mun ekki taka til máls optar, nema jeg sje neyddur til þess.

Þórður Guðmundsson: Sá kafli fjárlaganna, sem nú er verið að ræða um, er svo umfangsmikill og margbreyttur, að jeg ekki fæ tíma til að minnast nema á einstök atriði. Það er þá

fyrst að minnast á breyt.till. undir tölul. 61 á atkvæðaskránni, sem komin er frá mjer. Að vísu var minnzt á þetta í gær, en bæði h. framsögumaður og h. þm. G. K. (Þ. Th.) færðu það sem ástæðu fyrir, að nefndin hefði tekið beiðni prestsins til greina, að þingið hefði í fyrra fellt beiðni frá sama presti um sameiningu á Holti og Eyvindarhólum. Jeg skil ekki þessa rökfærslu h. framsögumanns, og mjer þykir undarlegt að presturinn skuli eiga að gjalda þess, sem þingið ályktar. Jeg vona að h. þingd. verði ekki ósamkvæm sjálfri sjer í þessu máli, þar sem hún áður hefir veitt öðrum presti helmingi meiri upphæð en hjer er farið fram á, nefnilega prestinum í Gufudal 600 kr., en hjer er ekki farið fram á meira en 300 kr. Jeg tók það fram á þinginu 1895, hversu nauðsynlegt það væri fyrir þetta bygðarlag eða þetta prestakall að fá prest til sín, því jafnan má telja prestinn einhvern bezta manninn í prestakallinu án tillits til hans prestsverka, enda sýndi söfnuðurinn í þessu prestakalli, hversu mikið áhugamál honum var það að Eyvindarhólar yrðu ekki sameinaðir við Holt, þar sem þeir sendu mann beina leið til þingsins 1895 með beiðni um það að prestakallið yrði ekki sameinað; álít jeg því að þessi prestur eigi ekki að gjalda þess hjá þinginu, þó ekki yrði úr sameiningunni; líka álít jeg að meðan ríkið og kirkjan eru sameinuð, eigi þingið ekki að þröngva svo að kostum prestanna, að þeim sje ólíft við sín kjör.

H. 1. þm. G. K. (Þ. Th.) sagði áðan, að presturinn gæti tekið lán á prestakallið, en sannleikurinn er sá, að prestaköll, sem hafa jafnlitlar tekjur og þetta, geta ekki tekið lán af því, að þau geta ekki endurborgað það. Þó presturinn fengi þessar 300 kr., þá er það ekki mikið til að reisa bæ fyrir, og yrði hann að leggja töluvert fje til sjálfur.

Því næst skal jeg minnast lítið eitt á tölulið 96, styrk til Þorsteins Erlingssonar. Jeg skal játa það, að jeg gaf þessari styrkveitingu atkvæði mitt á þinginu 1895, í þeirri von, að styrkurinn mundi bera ávöxt, því hann var um það leyti að búa kvæði sín undir prentun. En mjer hefir ekki rætzt sú von, því jeg gerði mjer meiri vonir um bókina en raun varð á. Jeg er ekki skáld, en jeg þykist þó finna hvað jeg les, og finnst mjer bókin efnislítil. Auk þess hefir maðurinn nú fengið atvinnu, þótt hún kannske ekki sje mikil, og álít jeg enga þörf á að veita honum fátækrastyrk. Jeg get ekki greitt atkvæði með þessu, því við eigum mörg skáld, sem ættu meiri kröfu til þess að fá styrk, og vil jeg nefna til Steingrím Thorsteinson, Valdimar Briem og Jón Ólafsson.

Þá vil jeg næst minnast á tölulið 121, þar sem nefndin leggur til að veitt sje 30,000 kr. lán úr viðlagasjóði til þilskipakaupa. Jeg segi fyrir mitt leyti, að mjer er mikið áhugamál að sjávarútvegurinn komist upp og aukist. Eptir ræðu h. þm. Vestm. (V. G.) á þetta að vera ofmikið fje til að kasta á glæ. Jeg er ekki á sömu skoðun, og mun því greiða atkvæði mitt með láninu, en þó með skilyrðum.

Í sambandi við þetta vil jeg nú minnast á tölulið 122 um 5000 kr. styrk til gufuskipskaupa. Það er búið að vera til umræðu, en af því mjer er kunnugt að sumir meðal þingmanna munu álíta þannig lagaðan styrk heppilegan, þá vil jeg ekki fella hann burt, en reyna hvernig það gefst. Jeg er því á því að það væri kannske vert að lækka tillagið til þilskipakaupa, sem svari þessari upphæð, og leggja það til gufuskipskaupa, til þess að fá reynslu

fyrir, hvort gufuskip til fiskiveiða getur gengið eða ekki.

Að lokum vil jeg minnast lítið eitt á viðaukatillöguna undir tölulið 126, þar sem farið er fram á að veita Birni Þorlákssyni 2000 kr. lán til vjelakaupa. Fjárlaganefndin hafði ætlazt til að varið yrði 1000 kr. sem styrk handa þessum manni til vjelakaupa. Jeg er hinum h. þm. V.-Skaptf. samdóma um að þetta sje nauðsynlegt verklegt fyrirtæki, en af því mjer er kunnugt um að aðsóknin er mikil og að vjelarnar að líkindum koma til að borga sig, þá finnst mjer ekki þörf á eins stórri upphæð og sótt er um, þó jeg helzt vilji hafa vjelarnar sem fullkomnastar, og ekki vil jeg veita fjeð sem gjöf, heldur sem lán. Þetta gekk mjer til að koma fram með viðaukatillöguna. Ef farið er að veita þetta sem styrk og virkileg þörf er á því, þá sannar það að fyrirtækið borgar sig ekki.

Að svo mæltu skal jeg ekki tefja tímann lengur, því svo margt er til umræðu, en mun sýna með atkvæði mínu, hvernig jeg sný mjer í þessum kafla fjárlaganna.

Þorlákur Guðmundsson: H. þm. Skagf. (Ó. Br.) hreyfði því hjer í salnum í gær að hæpið væri, hvort hyggilegt sje að hækka fjárveitinguna til kvennaskólans í Reykjavík. Jeg er h. þm. (Ó. Br.) samdóma í þessu, er jeg lít á hvernig nú er ástatt; skólamál vor eru nú enn á svo miklu reiki, að varúðarvert er að veita fje til nýrra umbóta, á meðan eigi er komin meiri festa á þau og á meðan skoðanir hjá þjóð og þingi eru svo sundurleitar um þau sem enn er. Menn skiptast mjög í tvær sveitir; eru aðrir, sem halda skólunum mjög fram og telja þá hinar mestu nytjastofnanir, en það eru þeir svo bezt að þeir gangi í rjetta stefnu, en svo er hinn flokkurinn, sem þykist sjá ýmsar skuggahliðar við þá, og er í miklum vafa um, hvort því fje sje vel varið, sem til þeirra gengur, eins og sumir þeirra eru nú lagaðir. Það er nú líklega svo hjer sem optar að báðir hafi töluvert til síns máls. Eptir minni sannfæringu ætti Reykjavíkur kvennaskóli að vera hannyrðaskóli handa stúlkum í Reykjavík, og þangað gætu einnig leitað þær stúlkur ofan úr sveit, eða annarsstaðar að af landinu, sem vildu og gætu kostað sig þar við hannyrðanám. Það eru enn engar líkur til, að þessi skóli geti verið á undan tímanum, hitt líkara, að hann væri á eptir honum.

H. þm. Vestm. (V. G.) á hjer margar breyt.till., þar á meðal eina, er snertir ölmusustyrki. Jeg er h. þm. (V. G.) þar að nokkru leyti samdóma, sjerstaklega að því er snertir ölmusurnar við latínuskólann. Þingið var einu sinni komið á þann rekspöl að lækka latínuskóla ölmusurnar, og því ætti helzt að halda áfram enn; þó er ekki mín meining sú, að þær ætti að aftaka með öllu; jeg vil að nokkurt fje sje til að veita þeim fjevana piltum styrk, sem fram úr skara að gáfum, iðni og góðu framferði. En hitt sýnist mjer ekki hollt eða rjett, að bera út beitu fyrir að enn fleiri sæki latínuskólann en þörf krefur að þar stundi nám; vjer höfum ekki efni á að ala upp embættismenn handa öðrum löndum. Auðvitað gjöri jeg ekki ráð fyrir að hægt sje með öllu að fyrirbyggja að embættismannaefni hjeðan leiti embætta erlendis; en ef ekki læra fleiri en þurfa til að fylla upp skörð þau, sem verða í embættismannaflokkinn, þá er ekki svo hætt við að margir fari af landi burt til að leita sjer embætta þar. Jeg læt það allt vera, þótt eitt og eitt embættismannsefni hjeðan komist í embættisstöðu í Ameríku eða annarsstaðar í útlöndum, að eins að þessir menn geti orðið heiminum að

liði, hitt er verra og sorglegra, að þeir týnist þannig að þeir verði engum að notum, hvorki þessu landi nje öðru, en einungis öðrum til byrði, og almannafje hefir verið eytt til að gjöra þá að iðjuleysingjum, aumingjum. Það er sorgleg vanhyggja að vera að styrkja til náms gáfutrega og festulausa sveina; hættan er svo mikil að bóknámið verði þeim hefndargjöf, þeir gefast upp í miðju kafi og verða sjer og heiminum til byrði. Það er ekki ólíklegt að sumir þessara manna hefðu getað orðið nýtir vinnumenn, bændur og búhöldar, ef þeir hefðu þegar frá upphafi gefið sig við vinnu, en ekki bóknámi einu, og af dugandi verkafólki höfum vjer ekki of mikið í landinu, heldur of lítið. Það er í sjálfu sjer ekki heldur betra að vera embættismaður að undanteknum einstökum embættum, en vera bóndi, þegar bóndastaðan gengur vel; sízt er það betra fyrir líf og heilsu, og ánægjulegra starf mun trautt fundið en starf bóndans, er hann með vinnu handa sinna fram leiðir gull úr jörðu, og misskilningur er það, að telja embættismannsstöðuna virðulegri en bóndastöðuna. Fjárhirðirinn og fjósamaðurinn er jafnvirðingarverður og embættismaðurinn, ef þeir að eins standa vel og sómasamlega í stöðu sinni. Þessi skoðun á verkamanna stöðunni er að mínu áliti rjett og holl, og hún þarf að vera ríkjandi hjá þjóðinni; sú skoðun þarf að drottna, að iðjuleysi sje niðurdrep, að iðjuleysið sje þjóðarvanvirða, en eins og jeg benti á, getur ofríflegur ölmusustyrkur leitt suma út á iðjuleysisbraut.

Nokkuð öðru máli er að gegna með ölmusur til presta- og læknaskólans en til latínuskólans; þegar þangað er komið, eru líkindin orðin minni að námsmennirnir tapist út í veraldarsollinn, svo ekki verði neitt lið að þeim; því er jeg síður á, að þær sjeu lækkaðar; þó má minnast þess, að fríkennsla sú, sem nemendur njóta við skóla hjer á landi, er ekki lítil hlunnindi.

Jeg er algerlega á móti því að læknaskólinn sje lagður niður; þar er jeg á sama máli og h. 1. þingm. G. og Kj. (Þ. Th.), að jeg tel það hina mestu apturför. Miklu nær væri að efla hann landinu til gagns og sóma.

Jeg á ekki margar breytingartill. við þennan kafla fjárlaganna; þó á jeg eina undir staflið 97, er fer fram á 200 kr. styrk til Brynjólfs Jónssonar skálds; mjer heyrðist h. framsögum. (J. J., þm. Eyf.) ekki taka tillögu þessari líklega; jeg bjóst ekki heldur meira en svo við því, en þó er jeg ekki vonlaus um, að h. deild fallist á að veita Brynjólfi Jónssyni nokkurn skáldastyrk, ef hún veitir Páli Ólafssyni hann, því að eigi fannst mjer h. framsögum. (J. J., þm. Eyf.) færa öllu betri ástæður fyrir verðleikum Páls Ólafssonar til styrksins, en mjer finnst mega færa fyrir verðleikum Brynjólfs Jónssonar. Það er sjálfsögð saga, að Páll Ólafsson er þjóðkunnur maður, einasta fyrir sinn einkennilega skáldskap, og jeg játa að hann muni að vissu leyti vera meira skáld en Brynjólfur. En það er á fleira að líta en skáldskapinn einan, og gætum vjer lagt verðleika þeirra beggja á metaskálar mannvits og hlutdrægrar dómgreindar, og það sem þeir hafa gert fyrir bókmenntir vorar, þá er óvíst hvor metaskálin meira sigi. Brynjólfur Jónsson hefir ort all-mikið, þar á meðal heimspekileg kvæði og sögulegs efnis; líka hefir hann unnið að fornmenjarannsóknum verklega og bóklega, og munu fáir eða engir ómenntaðir menn standa honum fremur eða jafnfætis þar; hann hefir og unnið að ungmennafræðslu mjög lengi og víða, og

gert það eins og annað með heiðri og sóma. Jeg nefndi Brynjólf Jónsson áðan ómenntaðan mann, en það var ekki rjett, hann má hiklaust kalla sannmenntaðan mann, þótt sjálfmenntaður sje, og fyrir það tel jeg hann að virðingarverðari. Jeg efast ekki um, að Páll Ólafsson sje líka menntaður maður, en það hygg jeg, að hann hafi átt betri kost á að mennta sig í æsku en Brynjólfur, og haft yfir meiru fje að ráða. Brynjólfur er fæddur í fátækt, og hún hefir verið hans fylgikona ásamt með heilsuleysi.

Jeg get ekki látið vera að minnast á það í þessu sambandi, að það virðist sú alda hafi verið ríkjandi á þingi, að þá sjaldan leitað hefir verið styrks handa ólærðum mönnum, þá hefir það átt erfiðara uppdráttar að fá hann, en ef um lærða menn hefir verið að ræða. Þó að Brynjólfur Jónsson nú fengi þær 200 kr., sem farið er fram á að veita honum til fornmenja-rannsókna, þá mundu þær ganga í ferðakostnað, og afleiðingin aðallega verða sú, að Fornleifafjelagið gæti látið hann ferðast nokkuru lengur og víðar. Auðvitað verður honum víða ljett fyrir með greiðaborgun, því að hann er svo þjóðkunnur og góðkunnur maður. En nokkurt álitamál er það, hvort það sæmir þinginu að haga sjer með styrkveitingu til hans eptir því.

Það mun vera líkt ástatt með hann og sagt var um Pál Ólafsson að því leyti, að hann hvorki hefir sótt um op inberan styrk nje heldur mun gjöra það.

Það hefir þegar verið minnzt á fjárveitingu til Björns á Álafossi, og breytingartill. þá, sem þar liggur fyrir. — Fjárlaganefndin vill veita honum 1000 kr. styrk, til að útvega tóvinnuvjelar þær, sem um ræðir, og gjörir ráð fyrir að sýslunefndir þær, sem styrkt hafa hann til að koma upp tóvinnuvjelunum, muni lána honum það, sem á vantar. Þetta tel jeg nokkuð vafasamt; jeg hygg, að sýslufjelögin hiki við að veita honum meira styrk að svo stöddu, á meðan þau sjá ekki betur en nú er sjeð, hvernig fyrirtæki þessu reiðir af, sem þegar er komið á fót. Það hefði verið hyggilegra fyrir hann nú, er hann leitaði styrks til þingsins, að gefa yfirlit yfir, hvernig tóvinnuvjelarnar hafi borið sig hingað til. Eins og nú stendur, er jeg í vafa um, hvort jeg get greitt atkvæði með styrkveiting þessari.

H. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) minntist á lánveitinguna til þilskipakaupa, og þótti það ekki hæfa, að kaupmenn væru útilokaðir frá að verða hennar aðnjótandi, og má vera að svo sje rjett álitið. En hvað sem því líður, þá álít jeg alls eigi heppilegt að sveitabændur fari að leggja út í þilskipakaup; það er til þess að sundra huga þeirra og kröptum um of, og miklu hyggilegra tel jeg fyrir þá að verja fje sínu til jarðabóta en skipakaupa; annars munu þessi þilskipalán lenda mest hjá efnamönnum.

Þá skal jeg minnast á lánveitinguna til jarðabóta. Jeg held það sje ómögulegt að mæla á móti því, að hugmyndin sje rjett og góð; hitt er annað mál, hvort skilyrðin fyrir lánveitingunni sjeu nógu heppileg. Jörðin er gullkista vor eigi síður en sjórinn, og hví skyldum vjer ekki vilja leggja dálítið að mörkum til þess, að sækja hrúgur gulls í kistu þessa. Eins og fjárhagur landsins stendur nú, sýnist það heldur ekki neitt hætturáð að veita lántökuleyfi þetta; landssjóður stendst það vonandi, þó máske sje þess eigi að vænta, að fjárhagsástandið verði eins glæsilegt næsta fjárhagstímabil eins og það var hið

síðasta, því að nú eru horfur á að drjúgum verði seilzt í landssjóð til ýmissa hluta.

Við lok fjárhagstímabilsins 1894–95 var innieign landssjóðs í aðal-fjehirzlu Dana 282,286 kr. 8 aur. Endurskoðunarmenn landsreikninganna hafa lagt það til, að þessi upphæð yrði gerð landssjóði arðberandi á einhvern hátt, og fram á hið sama hefir reikningslaganefndin farið. Það er harla óeðlilegt og óhyggilegt, að eiga svona mikla fjárupphæð ávaxtarlausa í ríkissjóði Dana, en vita að jörðin hjer og atvinnuvegir liggja í kalda koli að heita má hjá því, sem verða mætti og vera ætti, og vita af gulli í hverri þúfu. Hvernig mun nú þingið geta varið betur þessu arðlausa fje, en til þess að efla með því atvinnuvegina á landi og sjó; á þann veg getur það borið margfalda vexti í framtíðinni beinlínis og óbeinlínis.

Það mun hvergi annarsstaðar eiga sje stað í menntuðu landi, að landsins fje sje látið liggja ávaxtarlaust í hrúgum í öðru landi, landi, sem er ræktaðra og ríkara. Ísland er sjerstakt ríki, hvað fjárráð og fjárhag snertir.

Guðjón Guðlaugsson: Það var ein af síðustu óskum frá kjósendum mínum, þegar jeg lagði af stað heiman úr hjeraði til þings, að jeg var beðinn að berjast af alefli á móti því að ölmusur væru hækkaðar við skólana. Þessi ósk kom einna sterkast fram hjá embættismanni einum; hann kvað það eigi rjett af þinginu, að vera að ginna menn inn á hina hættulegu embættabraut með ofgreiðum aðgangi að henni; en svo þegar til kæmi, þá væri embættismanninum ekki ætluð svo viðunanleg kjör, að hann gæti lifað öðru vísi en sjer sjálfum til armæðu og embættismannastjettinni til vanza; þessa kvað hann vera skoðun sína og reynslu.

Mjer fannst mikið satt í þessu og vissi, að það var byggt á góðum rökum; þó hef jeg framfylgt óskum þessum miður dyggilega, þar sem jeg í fjárlaganefndinni varð fylgjandi því að láta ölmusurnar standa í stað, eins og þær voru settar í stjórnarfrumv. Þegar jeg fór að athuga málið á allar hliðar, sá jeg, að jeg gat ekki með rjettum rökum framfylgt því, sem mjer var upp á lagt, eins og nú horfir öllu við. Jeg er einn af þeim, sem álít að vjer eigum að hlynna að vorum innlendu menntastofnunum, og forðast allt það, sem mundi verða til að bægja menntalýðnum burt úr landinu. Sjerstaklega finnst mjer eigi mega draga úr styrknum til prestaskólans og læknaskólans, því að þá verðum vjer sjerstaklega að styrkja í viðurkeppninni við samskonar útlendar stofnanir; vjer megum alls eigi stuðla að því, að þessar stofnanir leggist niður eða verði ófýsilegar til aðsóknar.

H. 1. þm. G.-K. (Þ. Th.) hefir fært rök fyrir því, að það sje beinn peningaskaði, auk annars, að fara svo með læknaskólann, að hann verði ekki notaður. Þær tölur, sem h. 1. þm. G.-K. (Þ. Th.) tilfærði voru mjög háar, og þó reiknaði hann alls eigi í tölum allt það tap, og öll þau vanhöld, sem hafa orðið á þeim, er farið hafa hjeðan úr landi á erlendar menntastofnanir. — Hann minntist að eins lauslega á vanhöldin, en reyndi ekki að reikna þau til peninga; það er líka erfitt að reikna það, hvað það kostar að missa góð mannsefni, svo að þau verða sama sem núll eða verri en núll.

H. 1. G.-K. (Þ. Th.) gat þess ekki, að sú virðist stundum hafa orðið raunin, að þeir, sem nám hafa stundað erlendis, hafi tapað hinni nauðsynlegu þjóðernistilfinning sinni, og það tjón getur verið eins mikils virði fyrir landið eins og

tjón það, sem af vanhöldunum leiðir. Jeg tel það og meðal reglulegra vanhalda, þegar synir ættjarðar vorrar sleppa alveg hug af fósturjörðu sinni, og gefa sig alla við útlöndum og útlendum málum.

Viðvíkjandi ölmusunum til lærða skólans er jeg miklu veikari fyrir. En eptir upplýsingum þeim, sem jeg hef fengið frá kunnugum mönnum, þykist jeg þó sjá ýmsa agnúa á því að þær sjeu lækkaðar; það er svo hætt við, að með því muni verða útilokaðir efnilegir menn ofan úr sveitum frá því að ganga á skólann, og bæði þjóðinni og skólanum unnið ómetanlegt tjón með því; það er sannreynt, að margir af efnilegustu námsmönnum vorum eru sveitapiltar, og hafa ýmsir af þeim verið svo fátækir, að eigi mundi hafa verið tiltök að þeir hefðu í skóla farið, og því síður komizt í gegnum hann, ef ölmusustyrkurinn hefði eigi verið þeim til stuðnings.

Þó að skólaganga pilta ofan úr sveitum sje kostnaðarsöm, þá verður eigi hið sama sagt um skólagöngu pilta úr Reykjavík; það getur opt verið meðal til að halda piltum þar frá götunni, að senda þá í latínuskólann; fæði þeirra er ekki dýrara fyrir það, en þótt þeir sjeu að slæpast á götunni sjer og öðrum til skaða. Af þessu leiðir það, að ef ölmusur yrðu lækkaðar, þá mundi það bægja sveitapiltunum, sjerstaklega hinum fátæku og efnilegu, frá skólunum, en hann fyllast meira en nú af piltum úr Reykjavík, völdum miklu meira af handahófi en sveitapiltarnir eru. Þetta gjörir það, að jeg er mjög hikandi við að lækka ölmusurnar við lærðaskólann; jeg er hræddur um, að það leiddi til þess að vjer fengjum óefnilegri námsmenn eptir en áður. — En jeg mundi verða því fylgjandi, ef einhver kæmi fram með tillögu um að ákveðið kennslugjald skyldi greiða fyrir hvern nemanda. Þá mætti svo hækka kennslustyrkinn að sama skapi handa efnilegum nemendum, eða gefa þeim upp kennslugjald, eins og svo víða er siður annarsstaðar, þar sem kennslugjald er tekið.

Af þessu fyrirkomulagi leiddi það, að óefnilegir menn mundu útilokaðir frá latínuskólanámi, nema ríkir væru, og teldi jeg það happ fyrir þá sjálfa og aðra.

Af því að nú liggur ekki fyrir nein tillaga um breyting þessa, þá skal jeg ekki fara fleiri orðum um hana.

Jeg hef farið æði mörgum orðum um þetta námsstyrksmál, til þess að gjöra nokkra grein fyrir því, að jeg fylgdi þar sannfæringu minni, en eigi vilja allra kjósenda minna.

Þá vil jeg minnast á 85. og 86. tölulíðinn, um niðurfærslu á launum bókavarðanna.

Menn kynnu nú að hugsa sem svo, að fyrst jeg sje af Ströndum, þá geti jeg ekki verið interesseraður í bókasöfnum; en svo er nú samt ekki, því að mjer liggur mjög hugur til þeirra, enda hef jeg lagt meira til að koma upp bókasafni en nokkurs annars fyrirtækis, og að líkindum meira en nokkur annar þingmaður, í hlutfalli við efnahag og kringumstæður. Auðvitað er það bókasafn í sveit, sem jeg hefi þannig haft tækifæri til að styrkja, en úr því jeg vil að menn heima í sveitum efli og auki bókasöfn þar, þá er það ekki nema í föstu samræmi við það, að jeg vil að landssjóður efli og auki eptir mætti hið eina allsherjarbókasafn landsins, og eitt af aðalatriðunum í því tilliti tel jeg það að svelta ekki allt of mikið þá menn, sem að safninu eiga að starfa, svo að þeir bæði geti og finni sig skylda til þess með alúð og kostgæfni að efla og auka

álit ekki einungis allra innlendra menntavina, heldur líka merkra útlendinga á þessum merkasta og dýrasta menjagrip þjóðarinnar.

Jeg álít nú að þessi bókavarðarlaun, sem hjer um ræðir, geti staðið og eigi að standa fyrir utan allt persónulegt, enda sje jeg enga ástæðu til hjer, fremur en við aðra liði, að draga ein stakar persónur fram og láta það hafa áhrif á launaupphæðina. Jeg býst við að h. þm. Vestm. (V. G.) haldi, að bændur þeir, sem hjer sitja á þingi, muni framfylgja þessari einkennilegu sparsemi þingmannsins, af því að þeir kunni ekki að meta gildi landsbókasafnsins, en jeg vona að atkvæðagreiðslan sýni honum það ótvírætt að honum skjátlast í þessu mjög mikið, og enda þótt vjer bændur viljum spara fje, þá á sá sparnaður sjer takmörk og er bundinn við sanngirni, að svo miklu leyti sem dómgreind vor í því efni leyfir.

Styrkurinn til bókasafnsins hefir hingað til verið svo við neglur skorinn, að eigi er lengur hægt að una við hann, og laun bókavarðarins eru svo lág, að það er óhugsandi að fá nýtan mann til þess starfa með slíkum kjörum. Bókasafnið er stærsta kapital landsins og bezti dýrgripurinn, sem landið á, og er því minnkun fyrir þingið að hlynna ekki að því.

Að hugsa sjer að annar bókavörðurinn skuli hafa 1000 kr. og hinn 700 kr.; það eru svo lág laun, að engum manni hjer í Reykjavík, sem hefir lík störf á hendi, er boðið slíkt. Bókasafnið og bókgæzlan er náskylt menntamálum landsins og verða því laun bókavarðanna að miðast við laun kennaranna hjer í höfuðstaðnum. Lægstu kennaralaun við latínuskólann eru 2000 kr.; þar næst hafa 2 2400 kr., þá 3 2800 kr. o. s. frv. Auk þess eru aukakennarar við latínuskólann, sem ekki hafa föst lögákveðin laun, t. d. söngkennarinn, sem hefir 600 kr. Það þykja nú ef til vill lítil laun, en þó er verk hans ekkert í samanburði við verk bókavarðanna, sem eru bundnir hvern dag á árinu svo að segja. Þá er leikfimiskennarinn; laun hans eru 700 kr. og er það 100 kr. hærra en núverandi laun undirbókavarðarins, en jöfn því sem h. þm. Vestm. (V. G) vill láta þau vera. Leikfimiskennarinn vinnur 4 tíma á viku, í 9 mánuði, eða 144 tíma á ári; bókaverðirnir vinna hjer um bil 1660 tíma á ári hvor; leikfimiskennarinn fær þannig 4 kr. 86 aur. um tímann, en undirbókavörðurinn c. 40 aura, en eptir uppástungu h. þm. Vestm. (V. G.) á hann að fá um 44 aura um tímann eða meira en tíu sinnum minna en leikfimiskennarinn. Ef alþingi sjer sanngirni í þessu, þá mun mega sjá sanngirni í flestu því, sem annars almennt er kallað ranglæti. Og þó talar enginn um að laun leikfimiskennarans sjeu of há. Yfirbókavörðurinn fær 64 aura borgun fyrir klukkutímann, en tímakennsla við latínuskólann er borguð með 90 aur. eða 1 kr. Jeg get því óhræddur fullyrt, að þessir starfsmenn sjeu þeir verst launuðu á landinu. Það mætti til nefna fleiri starfsmenn til samanburðar; jeg skal t. d. taka fangavörðinn, sem ekki er lærður maður, heldur að eins handiðnamaður, enda þarf ekki neina sjerstaka mennt eða kunnáttu til þess starfa. Hann hefir 1200 kr. í laun, auk ókeypis bústaðar o. fl. hlunninda. Þá mætti og nefna starfsmenn landsbankans, það er að segja undirtyllurnar; það eru að vísu duglegir menn og starfi þeirra þýðingarmikill, en reynslan hefir þó sýnt, að þeir geta haft töluvert starf á hendi við hliðina á þessari aðalvinnu sinni, og þeir eru

ekki bundnir hvern dag ársins eins og bókaverðirnir. Þessum starfsmönnum væri t. d. ómögulegt að sitja á alþingi, að minnsta kosti gætu þeir ekki verið báðir í neðri deild. En það geta starfsmenns landsbankans; bankastjórinn er alþingismaður og fjehirðirinn við bankann gegnir störfum hjer við þingið, sem taka meiri tíma en störf þingmanna í efri deild.

Jeg þykist nú hafa talað um málið frá almennu sjónarmiði án tillits til einstakra persóna; en h. þm. Vestm. (V. G.), sem hefir gjörzt flutningsm. breyt.till., er ekki ánægður, nema hann komist út í persónulegheit, hvað þennan lið snertir, og þess vegna neyðist jeg til að skýra frá kjörum yfirbókavarðarins.

H. framsögum. (J. J.) hefir þegar tekið það fram, að maður þessi vann fyrst launalaust í 2 ár (1884—85); árið 1886 og fram eptir árinu 1887 vann hann fyrir 500 krónur, en síðan 1887 hefir hann haft þessar 1000 kr. í árleg laun, og er það, eins og jeg áðan bendi á, 64 aur. borgun um tímann; og ekki hefir verið farið fram á að bæta laun hans, fyr en nú í stjórnarfrumv. Því ekki vil jeg telja þá litlu launaviðbót, sem hann árið 1895 fjekk frá h. þm. Vestm. (V. G.); hún var í því innifalin, að þm. reyndi til að kasta skugga á þennan mann persónulega og rýra álit hans, líklega í þeim tilgangi að fá stjórnina til þess að víkja honum frá þessum starfa. Þessa launaviðbót endurnýjaði h. þm. við 1. umr. fjárlaganna; það var nú reyndar fyrir tímann, en það sýndi bezt, hve mikið áhugamál h. þm. þetta er. Það mun nú ef til vill hafa verið einhver ofurlítil átylla fyrir h. þm. 1895, að gjöra athugasemdir við frammistöðu yfirbókavarðarins þá, af því að þá var hann heilsulasinn og gat því ekki upp á sitt eindæmi gegnt starfinu eins vel og bæði hann og aðrir hefðu óskað; en nú sumarið 1897 er sú átylla horfin, því að nú er heilsa hans góð og ekkert að henni að finna. Jeg verð því að skoða þetta sem persónulega óvild, og sjerlega ástríðu á h. þm. Vestm. (V. G.), að hann skuli kasta sjer yfir mann, sem ekki getur borið hönd fyrir höfuð sjer hjer á þingi, og ef til vill er ekki fær um að verja sig fyrir svona löguðu baknagi.

H. þm. (V. G.) sagði í gær að hann væri með því að styðja bókasafnið, en það þyrfti að breyta fyrirkomulagi þess. En hví eiga bókaverðirnir að gjalda þess, sem þeir eru ekki valdir að? Er það þeim að kenna, þótt fyrirkomulagið sje óheppilegt?

H. þm. talaði um einhverja nefnd, sem hefði yfirumsjón með safninu. Fyrst álít jeg nú að honum beri að sanna að þessi nefnd sje til trafala, og þótt svo væri, þá geta þó ekki bókaverðirnir átt sök á því. En mjer fyrir mitt leyti finnst miklu betri trygging í því, að 5 manna nefnd, ásamt stiptsyfirvöldum og landshöfðingja, stjórni safninu. Hví vill h. þm. (V. G.) kippa burt þessari tryggingu? Er það af því, að honum sje svo annt um bókasafnið? Nefndin getur falið bókaverðinum allt, en er að eins til tryggingar, og að því leyti gagnleg, þegar til þess kemur. Þessa 8 menn, hvern upp af öðrum: nefndina, amtmann og biskup, og loks landsh., — þessa 8 menn hefir h. þm. Vestm. (V. G.) sett á knje sjer, og þykist vita betur en þeir. Málshátturinn segir þó: betur sjá augu en auga; en nú sjer auga h. þm. eins betur en augu hinna 8; það hlýtur að vera af sjerstakri þekkingu, sem þm. þykist hafa fram yfir alla aðra, enda þótt það sje auðheyrt á orðum hans, að hann veit manna minnst hvað um er að ræða í þessu efni.

En þótt hinn nú verandi bókavörður væri þannig, að það væri ástæða til að

víkja honum frá, sem jeg ætla að ekki sje, og setja annan mann í hans stað, þá er þetta svo undarleg aðferð til þess, að jeg get ómögulega fellt mig við hana. Eptir því ætti að miða launin við persónurnar, og þá væri bezt að hafa engin föst lögákveðin laun, heldur taka öll laun upp á fjárlögin á hverju þingi, til þess að geta hringlað með öll laun eptir persónulegum geðþótta þingmanna til hvers sjerstaks embættismanns eða opinbers starfsmanns.

Ef h. þm. (V. G.) hefir eins miklar ástæður til álíta bókavörðinn óhæfilegan, eins og útlit er fyrir, þá er það líklegt að hann sýni þekkingu sína með því að reyna að hafa áhrif á nefndina, stiptsyfirvöldin og landshöfðingja, og kæri manninn fyrir þeim, en noti ekki þessa aðferð: að níða og áreita mann inn persónulega, og að færa laun bókavarðarins niður, sem þó eru ekki bundin við neitt ákveðið nafn.

Hvernig vildi h. þm. fara að, ef þessi maður dæi eða segði af sjer, undir eins og alþingi er úti? Alítur hann að þá ætti að fara að kalla saman aukaþing, til þess að ákveða laun bókarðarins og hækka þau? *(Valtýr Guðmundsson*: Konstitúera). Ef launin eru of lág, þá eru þau of lág, hver sem það svo er, sem gegnir þessu starfi.

Sami h. þm. sagði í gær, að það væri leiðinlegt og óheppilegt fyrir þingið að þurfa að ræða 13. gr. fjárlaganna í einstökum liðum og taldi það hyggilegra að stjórnin veitti þessar fjárupphæðir. — Það er satt; það er leiðinlegt fyrir þingið að þurfa að fást við alla þessa bitlinga, en hins vegar er ekki vert fyrir þingið að svo komnu að svipta sig umráðunum yfir þessu fje; og það undrar mig að h. þm. Vestm. (V. G.) skuli vera á þessari skoðun, því að þá gæti hann ekki svalað skapi sínu á einstökum mönnum með því að færa niður laun þeirra. Þar að auki finnst mjer engin samkvæmni í því að vilja kasta þessu á stjórnina. Það hlýtur að hafa vakað fyrir honum einhver stjórnarbreyting, og náttúrlega verður þetta annað mál, þegar vjer höfum fengið hinn nýja ráðgjafa með þýðingarmikilli ábyrgð; þá verður ef til vill ekki hætt við órjettlátum fjárútbýtingum. En þar eð vjer enn þá enga stjórnarbreyting höfum öðlazt, finnst mjer þetta of snemma upp borið.

Sami h. þm. kom við 1. umr. fram með aðfinningar út af því, hvernig undirbókavarðarstaðan hefði verið skipuð; kvartaði hann yfir því að til þess hefði verið tekinn maður, sem ekki væri sjerlega hæfilegur til þess starfa, en öðrum betri manni hrundið frá. En þessu verð jeg að svara því, að sá maður, sem skipaður var, hefir reynzt vel hæfur. (*Valtýr Guðmundsson*: Jeg talaði um forngripasafnið). Má vera að svo hafi verið. En því verð jeg að halda fram, að hinir núverandi bókaverðir hafi unnið meira en nokkur maður áður við safnið. Síðan síðasta þing var, hefir miklu verið raðað og undirbúin skrá yfir »tripliköt«, sem ætlazt er til að verði gefin öðrum bókasöfnum út um landið; og álít jeg heppilegt að amtsbókasöfnin fái það, sem landsbókasafninu er að eins til byrðar, og sjálfur væri jeg mjög þakklátur fyrir það.

Rjettast álít jeg að hefði verið, að samþ. stjórnarfrumvarpið að því er bókavarðarlaunin snertir, en þar sem jeg tel víst, að h. deild velji sjer veg nefndarinnar en ekki veg stjórnarinnar, og, sem betur fer, því síður villigötu h. þm. Vestm. (V. G.) með laun yfirbókavarðarins, þá álít jeg rjett fyrir deildina að samþ. líka uppástungu nefndarinnar á launaupphæð undirbókavarðarins, þar sem hækkunin frá því, sem er, er alveg hlutfallslega jöfn hjá báðum.

Jeg gleymdi áðan að minna á stöðu fyrverandi bókavarðar; hann hafði 1200 kr. í laun og aukreitis 50 aur. um tímann. Og þó hefir verkið aukizt mikið, síðan hinn núverandi bókavörður tók við, eða um 10,000 bindi; og það má þó kalla meiningarlaust og eindæmi að lækka launin að sama skapi sem verkið vex.

Þá vil jeg minnast á skáldastyrkinn til Þorsteins Erlingssonar; 1895 var jeg ekki á móti þeim styrk, en nú ætla jeg að vera á móti honum, því að þær ástæður, sem gjörðu það að verkum, að jeg þá ekki var á móti þeim styrk, eru nú horfnar. Hann var þá svo illa staddur í fjárhagslegu tilliti að hann gat naumast lifað; en hins vegar er maðurinn svo miklum hæfileikum búinn og landið búið að kosta svo miklu upp á hann, að jeg verð að telja það skaða, ef hann færi förgörðum. Þess vegna var jeg með þessari styrkveitingu í hitt eð fyrra. En nú er maðurinn búinn að fá stöðu og hefir styrkurinn að líkindum aukið álit hans, en álitið hlaut aptur að auka starf hans. Jeg sje heldur enga ástæðu til að taka hann einan út úr vorum fámenna skáldahóp. En svo er ein ástæða til: mjer finnst það næsta óviðkunnanlegt að veita þeim einum af skáldunum styrk, sem annaðhvort opinberlega hafa ráðizt á kristindóminn og reynt til að rífa það niður, sem þjóðinni er helgast, eða starfa í þjónustu kirkjunnar, en gjöra það þannig, að þeir eru hvorki heilir nje hálfir, heldur bera kápuna á báðum öxlum. Menn gætu dregið af því þá ályktun, að alþingi áliti það sjerstaklegra verðlauna vert að níða niður kirkju og kristindóm. Líklega er það nú ekki tilgangur alþingis með þessum skáldalaunum, en því er þá heldur ekki að neita, að það er varhugavert að halda lengi í þá eina stefnu.

Jeg veit það og, að rjett er að líta á listina eina, þegar um skáldskap er að ræða og að það er hún, sem á að verðlaunast, en til hins á að taka minna tillit, hvert efnið er; en þó er það varhugavert að ganga of langt í þessu.

Þótt Þorsteinn Erlingsson hafi gengið í berhögg við kristindóminn, mæli jeg samt ekki meira á móti því, að honum verði veittur þessi styrkur, heldur en skáldalaununum til síra Matthíasar Jochumssonar (13. gr. C, 12), því að hann gjörir nú á seinni tíð ekki neitt, sem væri vert að greiða 600 aura fyrir, því síður 600 kr., sem verðlaun úr landssjóði, og þótt hann hafi ekki sært tilfinningar þeirra, sem virða og elska kristindóminn, þá er þó ekki hægt að neita því, að hann er hvorki heill nje hálfur í kirkjulegu tilliti, og tel jeg það sorglegt um mann, sem beinlínis á að vinna eindregið í víngarði Krists, og hefir full laun fyrir það frá hálfu ríkisins, og úr því hann ekki vill leggja niður þann starfa, sem hann getur ekki fylgt fram með fullri alvöru, þá álít jeg heldur ekki gjörlegt, að taka hann fram yfir öll vor skáld og veita honum þennan styrk um fram embættislaunin. Því að sá, sem hvorki er heill nje hálfur í trúarefnum, hann er varla heill nje hálfur í öðru.

Jeg óska sjerstakrar atkvæðagr. um þennan lið og mun verða á móti honum, enda þótt jeg viðurkenni manninn sem mjög gott skáld og að hann hafi margt fagurt kvæði ort á fyrri árum, eða áður en þingið rak í hann tappann, nfl. með styrknum, og enda þótt jeg viðurkenni að honum væri veitandi fje til skáldskapar, ef hann vildi þá losa sig við embættið og snúa sjer eindregið að skáldskapnum.

Þá var það tölul. 109, um styrkveitinguna til Stefáns kennara Stefánssonar til fóðurfræðisrannsókna, sem jeg vildi minnast á. Jeg skal játa það, að

jeg hefi ekki fullkomna þekkingu á þessu efni, til þess að færa þau rök máli mínu til sönnunar, sem með þarf, til þess að gefa þeim það gildi, sem þau þurfa að hafa, þar sem um töluverðan fjárstyrk er að ræða frá landssjóðs hálfu, en mörgum víst óljóst hið praktiska gagn, sem styrkveiting þessi á að gjöra landsmönnum. Jeg veit að margir muni búast við því að þeir, sem eru hlynntir fjárveitingu til eflingar landbúnaðinum, mundu einnig verða þessum styrk meðmæltir, af því rannsóknir fóðurjurta sjeu einn undirstöðuliðurinn í jarðrækt vorri og búnaði; en þar sem búnaður vor með sjerstöku tilliti til jarðræktarinnar er í svo miklum barndómi, að ekki er hugsanlegt einu sinni, að koma honum á gelgjuskeiðið, sem kallað er, hvað þá heldur á fullkomið þroskastig, þá er nauðsynlegt að vjer höfum það hugfast, að haga svo fjárveitingum vorum, að þær verði að sem áþreifanlegustum notum. Vjer verðum að styrkja það fyrst, sem fyrst verður að byrja á. Meðan svo er ástatt fyrir oss, að jarðrækt vor er að eins fyrsta umbylting á óræktaðri jörð og að hún getur ekki heitið nema hálfræktuð eptir þessa fyrstu byltingu, þá er það auðsætt að sjerstök rannsókn fóðurjurta er ekki það bráðnauðsynlegasta fyrir oss, enn sem komið er. Mjer finnst það líka á ritgjörðum þeim, sem þessi h. höfundur hefir ritað um þetta mál, bæði í Ísafold í vetur og nú aptur í Dagskrá, sem kom út í dag, að honum sjálfum sje það ekki vel ljóst, hvað mikið gang vjer höfum af rannsókninni fyrst um sinn. Ef vjer byrjum á sjerstakri rannsókn fóðurjurta, þá finnst mjer það í praktisku tilliti vera líkt og hjá skipasmiðnum, sem byrjaði á því að smíða negluna. Sagan segir nú reyndar, að hann hafi aldrei komizt lengra, en jeg ætla nú ekki að segja, að svo fari fyrir oss, en hitt tel jeg víst, að eins og skipið gat orðið að miklum notum, þó negluna vantaði, — bara að troða einhverju upp í gatið — en að neglan gat að engu liði komið án skipsins, eins getur jarðrækt án sjerstakra innlendra fóðurjurtarannsókna gjört oss mikið gagn, en rannsóknirnar ekkert, nema skilyrðin sjeu til þess að nota þær.

Nú er og verður jarðrækt vor fyrst um sinn að vera innifalin í því, að girða túnin, svo skepnurnar rífi þau ekki upp og troði þau í sundur, að sljetta niður þúfurnar, að ræsa mesta vatnið burt úr mýrunum, að nota árnar og lækina til áburðar á engjarnar og að auka og bæta áburðinn eptir beztu föngum, en blöndun á jarðvegi getur alls ekki átt sjer stað að neinu ráði að sinni, nema í matjurtagörðum, og þó um blöndun á jarðvegi væri að ræða, þá þarf ekki innlenda fóðurjurtafræði til að kenna oss það; þetta er kennt á búnaðarskólunum nú, og í þessu tilliti mun það sama gilda hjá oss, sem í öðrum löndum.

Á búnaðarskólunum er einnig kennt, hverjar sjeu beztar fóðurjurtir, og sömuleiðis að þekkja þær, og einnig hvers kyns jarðveg hver þeirra krefur, og þó að þessi kennsla öll sje byggð á útlendum rannsóknum, þá má telja víst, að þessu sje öllu eins háttað hjer, að það sem er bezt fóðurjurt í öðrum löndum sje það einnig hjer, eins og t. d. smárinn og aðrar belgjurtir, og að hinn sami jarðvegur eigi við smárann hjer, sem á bezt við hann í öðrum löndum, en það, sem oss vantar, er að vita, hvort smárinn eða aðrar af fóðurjurtum vorum eru betri eða lakari til fóðurs en sömu fóðurjurtir erlendis, t. d., hvort smárinn hjer hjá oss hefir í sjer meira eður minna af holdgjafasamböndum en smári

í Danmörku eður Noregi, en til þess að vita það, vantar oss efnarannsóknarstöð, og það er hún, sem vjer ættum að láta ganga á undan öðru, sem undirstöðuatriði íslenzkrar búfræði, og þó efnarannsóknarstöð væri komin, þá væri þó rannsókn á sjerstökum fóðurjurtum meir vísindaleg en praktisk, meðan vjer erum ekki komnir svo langt, að sá til nokkurrar jurtar. Umsækjandinn tekur fram í Ísafold, að gul stör sje óvíða til í útlöndum; það virtist því liggja næst, að þessa jurt þyrfti að rannsaka öðrum fremur, hvaða efni í henni væru o. s. frv., en þó við færum að rannsaka þetta, þá yrði ekki hægt að sá til hennar, og þess vegna get jeg ekki sjeð, að praktiska þýðingin væri svo mjög mikil, en löng og almenn reynsla er búin fyrir löngu að sannfæra oss um, að gulstörin er mjög góð fóðurjurt, og það er fyrir miklu. Eins og nú stendur held jeg fjárveiting þessi reynist nokkuð »humbugs«-kennd, en ekki legg jeg mikla þýðingu í það, þó umsækjandinn telji sig ekki færan um að takast þetta á hendur, því jeg þykist hafa fulla vissu fyrir því, að hann muni allra manna færastur hjer á landi til þessa starfa, en fje vil jeg ekki veita til þess nú, ef það ekki getur orðið að praktiskum notum.

Þá sný jeg mjer næst að tölulið 121, og ætla jeg þar að lýsa því yfir, að jeg er ekki samþykkur fjárlaganefndinni, þótt jeg sje einn í henni, um þennan lið, viðvíkjandi lánum til þilskipakaupa. Ástæðurnar fyrir því eru þær, að jeg álít að það verði til þess, að drepa annan aðalatvinnuveg landsins og fjenu að því leyti kastað á glæ. Það er alls ekki af því, að jeg sjái eptir þessu fje til sjávarútvegsins, eða álíti ekki rjett að hann sje styrktur hlutfallslega við landbúnaðinn, en jeg er á móti honum svona löguðum. Að veita lán til þess að kaupa svo og svo mörg skip, án þess að menn sjeu til á þau, það get jeg ekki annað sjeð en miði til þess, að kippa fótum undan landbúnaðinum. Þetta ár er þegar búið að kaupa 10 eða 11 þilskip hjer í Reykjavík einni, og líklega í þann veginn að 5—6 bætist við innan skamms, eða alls um 16 skip. Svo má gjöra ráð fyrir, að á hvert þessara skipa þurfi að jafnaði undir 20 manns, þá verða það um 300 manns, eða rúmlega það, af úrvalsfólki. Hafi nú jafnvel verið hörgull á á fólki áður en þessi skip bættust við, þá er það víst ekki síður nú, og jeg get því ekki betur sjeð, en að þessi mikla þilskipafjölgun miði beinlínis til þess að kippa fótum undan landbúnaðinum. Verði nú næsta fjárhagstímabil veitt fje til jafnmikilla skipakaupa, þá er búið að taka þar 4—700 manns frá landbúnaðinum, og það hlýtur þó einhversstaðar að sjá stað.

Að því er snertir bátaútveginn, þá er hann lengur búinn að sýna sig arðberandi og fleiri hafa orðið efnaðir af honum en þilskipunum, enn sem komið er, og sá gróði líka stöðugri á flestum stöðum. Og með því margir vona enn, að hann muni affarasælli, þá sje jeg ekki ástæðu til að styrkja til gegndarlausra þilskipakaupa, sem miðar til þess að drepa bæði bátaútveginn og landbúnaðinn, sem er þó og verður undirstaðan undir velmegun landsmanna. Að veita að öðru leytinu styrk til búnaðarfjelaga og búnaðarskóla til eflingar landbúnaðinum, en að hinu leytinu veita fje til að kippa undan honum fótunum, það finnst mjer hreinasta mótsögn; það er rjett eins og ef slátrari tæki góða heyvisk í vinstri höndina, og ljeti svo sem hann ætlaði að gefa gripnum hana, en þegar gripurinn svo ætlaði að fara taka við henni úr hendi hans, þá brygði hann með hægri hendinni hnífnum á

hálsinn og kubbaði af honum höfuðið. Alveg eins finnst mjer vera á sama þingi að styrkja landbúskapinn með fje, en veita svo fje til höfuðs honum um leið. Og barnalegar aðfarir eru það líka, að ginna sjávarbændur til þilskipakaupa, án þess að hafa neina vissu fyrir því, að skip þessi verði ekki að standa uppi vegna fólksleysis. En svo kemur til tryggingin fyrir lánunum sjálfum, þar sem aðalveðið eru skipin. Er ekki vert að gæta að því, hvað þetta veð er áreiðanlegt, þar sem fje landssjóðs á hlut að máli? Það er auðvitað nóg trygging, þegar skipin farast eða stranda, því þá er vátryggingarverðið, en skip geta mjög hæglega eyðilagzt á fleiri vegu. Jeg sá skip fyrir skömmu standa uppi í fjörunni fyrir neðan Flensborg, sem jeg held að ekki hafi verið mjög mikilsvirði sem veð, ef átt hefði að bjóða það upp. Hvaða trygging ætli sje nú í slíkum skipum, sem ekki fást menn á og verða að standa uppi þess vegna? Jeg held að það sje næsta auðvirðileg trygging. Það væri miklu meiri trygging í að veita styrk til jarðabóta, þó ekki væri nema gegn veði í sjálfum jarðabótunum, en jeg hygg þó að þingið mundi aldrei vilja ganga svo langt. Til dæmis að maður, sem ætti jörð, gæti veðsett hana hverjum sem væri, og svo vildi hann fá lán til jarðabóta gegn veði í því sem jörðin batnaði; jeg ímynda mjer, að menn vildu aldrei ganga svo langt, heldur annaðhvort heimta sjálfskuldarábyrgð eða fasteignarveð, og þó er það auðsætt, að þegar t. d. jörð eykst í verði við jarðabætur um 1000 kr., að þá er sá hluti jarðarinnar eða þessi 1000 kr. viðbót fullgilt veð fyrir 500 kr. láni, tíu sinnum gildara veð en hverjar 1000 kr. vátryggðs verðs í skipum, sem liggja arðlaus á hliðinni í flæðarmálinu, eða skip sem lánast svo með, að þau geta ekki borið kostnaðinn. Allur styrkur, sem veittur er til landbúnaðarins, er um leið til að styrkja sjávarmanninn, en þessi styrkur gengur í öfuga átt, þar sem hann miðar til að eyðileggja landbúnaðinn. Styrkur til landbúnaðarins gengur sumpart til þess að bæta verkfærin, svo færri menn þarf til vinnunnar, og verður því hægra að miðla vinnukrapti til sjávarmannsins, sumpart til búnaðarskólanna, til þess að kenna mönnum að nota þessi verkfæri, og miðar því einnig til þess, að geta miðlað sjávarmanninum. Jafnvel styrkur til búnaðarritsins gengur í sömu átt, því þar birtast ritgerðir um alla helztu atvinnuvegi landsmanna. En svo vill þingið taka sig til og styrkja sjávarmanninn til þess að svipta okkur sveitabændurna þeim vinnukrapti, sem er skilyrði fyrir því, að landbúnaður geti þrifizt.

Jeg veit að jeg kann að fá það svar, að það verði að eins í bráðina, að apturkippur komi í landbúnaðinn við það, að menn streymi til sjávarins, en svo muni aptur koma apturkast (reaktion), þegar menn streyma frá sjónum til sveita. En jeg vil þá spyrja: Er landbúnaðurinn fær um, að apturkippur komi? Nei, hann þarf að feta sig áfram hægt og hægt, en má ekki ganga aptur á bak. Eða er þá sjávarútvegurinn fær um mikið apturkast? Jeg hygg, að hann megi því síður við því. Þá sæist bezt, hvað tryggingin í skipunum er mikils virði, þegar allir streymdu til sveitanna, en skipin lægju á mölinni. Bezt væri að mínu áliti, að þingið hagaði fjárveitingum sínum þannig, að þær miðuðu til að koma atvinnuvegunum hægt og hægt áfram, en ekki til að taka stórt stökk í einu, því að þá er síður hætt við apturkipp. Styrk til ís-

húsa get jeg verið meðmæltur, því að sá styrkur miðar alveg í sömu átt sem styrkur til landbúnaðar, og ekki sjáandi eptir fje til þess. Heldur ekki styrk til fjelaga, sem miðaði að því, að bæta skip, bátalag og fleira, því það kemur ekki í bága við landbúnaðinn.

Af þeim ástæðum, er jeg þegar hefi nefnt, get jeg ekki verið með þessari fjárveitingu, en af því jeg veit að menn hafa, eins og að nokkru leyti á síðasta þingi, verið ginntir til að fjölga þilskipum með von um að þingið mundi styrkja að því með fjárveitingu, þá gæti verið rjettara að verja 30 þúsundum til þess fyrra árið, en svo engu síðara árið.

Þá vildi jeg dálítið minnast á tölulið 127. Eðlilega er jeg ekki eins mótfallinn honum og tölulið 121, en þó get jeg ekki verið með honum sem stendur. Fyrst er nú það, sem mælir á móti því, að þetta setur fjeð fast um langan tíma, en það er þó ekki aðallega þetta, sem jeg hefi á móti því, heldur það, hve ójafnt fjeð mundi koma niður, því það mundi aðallega koma niður hjá þeim, sem engin ástæða væri til að styrkja og sem ekki þyrftu styrks með. Svo er það umbúnaðurinn um skilyrðin fyrir láni þessu, sem mjer þykir ekki góður. Þeir sem lánið vilja fá, verða að hafa óveðsetta fasteign til þess að geta sett fyrsta veðrjett fyrir láninu, og svo eiga þeir að sanna eptir 3 ár, að þeir hafi gjört jarðabætur, sem næmu að minnsta kosti 1000 kr. virði. Nú er gjört ráð fyrir að varið sje 30,000 kr. til þessara lána, allt að 1000 kr. handa hverjum, og er því líklegt að lántakendur yrðu 30, og sem að öllum líkindum yrðu að leggja hart á sig með afborganir, áður en lánið fjelli í gjalddaga; en hins vegar mundi mörgum þeirra ekki erfitt að sanna eptir 3 ár, að þeir hefðu gjört jarðabætur, sem væru 1000 kr. virði, að minnsta kosti mundi t. d. Jóni á Laugabóli ekki erfitt að sanna það, að hann hefði gjört jarðabætur, sem væru 1000 kr. virði. (*Sk. Thoroddsen*: Að þeir hefðu gjört það á 3 árum, eptir að þeir fengu lánið). Það er ekki tekið öðruvísi fram í tillögunni, en að þeir sanni eptir 3 ár, að þeir hafi gjört svona miklar jarðabætur; og því ekki hægt að sjá annað en þeir þar til geti talið allar þær jarðabætur, sem þeir hafa gjört. Líka mundi erfitt að vinza svo úr, að ekki gætu slæðzt með fyrri jarðabætur. Það er engin trygging fyrir því, heldur að eins spá, að þeir ekki mundu telja með áðurgjörðar jarðabætur, og gætu svo haft lánið til hvers sem vera skyldi, t. d. borgunar kaupstaðarskulda eða því um líks; gæti þá svo farið, að engar jarðabætur fengjust. Þar við bætist líka, að þó svo að láninu yrði varið til jarðabóta, þá mundi þetta fje einkum lenda hjá mönnum, sem gjörðu jarðabætur hvort sem er, þó þeir ekkert lán fengju.

Væri svo búið um, að meiri jöfnuður gæti komizt á, þannig t. d., að duglegir leiguliðar gætu orðið þeirra aðnjótandi, leiguliðar, sem enga aðra hvöt hafa til jarðabóta en þá, að þær muni borga sig, meðan þeir yrðu þeirra aðnjótandi, og vissa fengist fyrir því, að þeir ynnu fyrir láninu, þá skyldi jeg vera með ekki einungis 30,000 kr., heldur 300,000 kr. En undir þessum kringumstæðum get jeg ekki verið með þessari fjárveitingu, enda þó stefnan í sjálfu sjer sje heppileg. Jeg er hjer um bil viss um, að menn mundu nota þessi lán til þess að víxla þeim gegn öðrum skuldum, sem á þeim hvíldu, þar sem þeir fengju þessi lán með vægari kjörum og lengri borgunarfresti. — Jeg

ætla nú að þagna að sinni, en mun taka til máls aptur, ef mjer virðist við þurfa.

Tryggvi Gunnarsson: Jeg ætla þá að byrja á tölulið 58 á atkv.skrá, sem er um bráðabirgðauppbót á Meðallandsþingum, 200 kr. hvort árið; þetta er að vísu ekki stór upphæð, og sýnist ekki standa á miklu, hvort hún er veitt eða ekki, en ef betur er að gætt, getur þessi fjárveiting orðið stór, þegar fram í sækir. Sama er að segja um bráðabirgðauppbótina á Kvíabekk, 200—200 kr., í fjárlagafrumv. stjórnarinnar, ef uppbótin heldur áfram; þá verða það útgjöld fyrir landssjóð á 10 árum 2000 kr., og er það ekki lítið fje. Þær upphæðir, sem eru veittar í eitt skipti fyrir öll, eru hvergi nærri eins viðsjárverðar, eins og þær upphæðir, sem eru árlega veittar, því óviðfeldið þykir að taka aptur eða hætta, þegar fátækur embættismaður eða prestakall hefir fengið eitt sinn styrkinn. Vil jeg því, fyrir mitt leyti, ráða til, að farið sje gætilega í þessar fjárveitingar.

Allt öðru máli er að gegna um staflið 61 á atkv.skrá., þar sem farið er fram á 300 kr. styrk til síra Jes Gíslasonar á Eyvindarhólum til að byggja upp staðinn. Þessi fjárveiting er í eitt skipti fyrir öll, og því miklu hættuminna að veita hana. Í tölulið 58 er líka tekið fram um uppbót fyrir tekjumissi til síra Þorsteins Benidiktssonar á Bjarnanesi. Eptir því sem tekið var fram af nefndinni, var viðkomandi manni ekki trúað fyrir að hafa fjárhald undir höndum, og þess vegna var beiðnin ekki tekin til greina af nefndinni.

Svo jeg þá fari fljótt yfir sögu, þá er það næst töluliður 76 á atkv.skrá, sem er breyt.till. frá Skúla Thoroddsen; fjárlaganefndin stakk upp á 17,000 kr. til þess að byggja skólahús fyrir sjómannaskólann, en tillögumaður vill hafa það 19,850 kr., og byggir hann það á áætlun og teikningu Jóns Sveinssonar; en eptir áætlun Balds eru það 17,000 kr., og hefir nefndin aðhyllzt hana, því bæði er teikningin lagleg, og virðist líka mega byggja sæmilegt hús fyrir þetta verð. Það stendur þó nokkurn veginn á sama, hvor af þessum upphæðum verður samþykkt, því þessu þarf að breyta hvort sem er, af þeirri ástæðu, að verð fyrir grunninn undir bygginguna vantar í báðum áætlunum. Ef þessi breyt.till. er tekin til greina, þá er það víst, að grunnurinn verður miklu dýrari eptir teikningu Jóns Sveinssonar. Álít jeg því rjett að samþykkja þessar 17,000 kr., enda þýðingarlaust að taka áætlun J. Sveinssonar svo upp á eyri. Því jeg treysti því að landstjórnin sjái svo um, að fleiri mönnum gefist kostur á að gjöra undirboð en þessum tveim mönnum, við þessa byggingu, eins og venja er með allar opinberar byggingar.

Þá er töluliður 77 á atkv.skrá, þar sem farið er fram á að hækka styrk inn til kvennaskólans í Reykjavík um 700 kr., til þess bætt verði við einum nýjum bekk. H. þm. Skagf. (Ól. Br.) taldi það óþarfa, að veita þenna styrk, af því að nú væri kominn á kennsla fyrir meyjar í Hafnarfirði. En nefndin ætlaði, að ekki yrði að eins aukin bókleg kennsla í þessum 4. bekk, sízt kennslufræði, eins og í Hafnarfirði, heldur einnig aukin kennsla í verklegu, fram yfir það sem kennt er á hinum kvennaskólunum; hún hjelt að það gæti komið fyrir, að ýmsar stúlkur mundi langa til að menntast betur, eptir að hafa verið á kvennaskólunum á norður- og austurlandi, heldur en þær geta átt kost á þar, og að hægra væri að hafa einn bekk fullkomnari við Reykjavíkurskólann en við aðra skóla

út um landið, þar sem hjer er auðveldast að fá menntaða tímakennara.

Þá kemur næst að tölulið 91 á atkv.skrá, sem er um 200 kr. ársstyrk til Brynjólfs Jónssonar til fornmenjarannsókna. Jeg legg til að þetta verði samþykkt. Það kom til tals á þingmálafundi Árnesinga í vor, og var öllum þar mjög annt um að þessi maður fengi einhverja viðurkenningu fyrir fornmenjarannsóknir sínar o. fl. Brynjólfur hefir líka skrifað töluvert, og má taka tillit til þess, að allt, sem hann hefir skrifað, hefir miðað til að vekja eitthvað gott og gagnlegt, og til þess að bæta skoðanir manna í dugnaði og siðferði; er hann því góðs maklegur.

Þá er tölulíður 108, viðaukatillaga, sem nafn mitt stendur við; þar er ritvilla, ein lína tvítekin, sem á að strikast út. Þessi viðaukatillaga er ekki frá mjer einum, heldur frá mjer sem formanni nefndar þeirrar, sem þingið valdi til þess að athuga fiskimál landsins. Tillagan er, að 2 mönnum verði veittur styrkur til að fara á fiskisýningu í Björgvin að sumri, 500 kr. hvorum. Annar þeirra á að vera lærður fiskifræðingur, en hinn æfður sjómaður, sem hefir gott vit á, í hverju okkur helzt er ábótavant í því er að fiskiveiðum lýtur. Á fiskifræðingurinn að leggja fram þá bóklegu menntun, en hinn það praktiska. Ætti sú ferð að verða að talsverðum notum fyrir sjávarútveginn. Þó annað væri sagt áðan, þá er þó sjávarútvegurinn annar aðalatvinnuvegur landsbúa.

Í færeyska blaðinu »Dimmalætting« er talað um að Færeyingar ætli að senda menn til Björgvinar að sumri, og búast þeir við að hafa gagn af því; þar verður margt að sjá, bæði veiðiáhöld og aðferð við veiðar m. m., sem ekki þekkist hjer. Undir sama tölulið er farið fram á styrk til útgáfu fiskitímarits. Eins og mörgum mun kunnugt, þá gefa Norðmenn út slík fiskitímarit. Gæti það orðið til góðs, að verja fje til þess hjer, því slík tímarit eru mjög fræðandi, ekki að eins fyrir sjómenn, heldur einnig fyrir landmenn. Vona jeg því að þetta mæti góðum undirtektum, og verði samþykkt af deildinni, því sjómenn hjer eru harla ófróðir um allt, sem lítur að útveg þeirra, og veitir ekki af að bæta úr því.

Þá kemur tölulíður 109 á atkv.skrá, sem er um styrk til Stefáns Stefánssonar kennara á Möðruvöllum til fóðurfræðisrannsókna. Í því er jeg alveg samdóma h. þm. Strand. (Guðj. G.), að ekki mundi verða að þessu stór búnaðarbót, og get ekki verið með h. þm. Vestm. (V. G.), sem áleit að þetta væri eitt af fyrstu skilyrðum fyrir framför landbúnaðarins. Til þessara rannsókna þarf beinlínis að við hafa efnafræðisrannsóknir, en hjer höfum við engin tæki til slíkra rannsókna. En hann segir að það megi senda grösin út, og rannsaka þau þar. En um grösin er það að segja, að þau eru mjög misjöfn, bæði eptir stærð, stað og tíma. Sama grastegund er ekki jafnkraptgóð í Kræklingahlíð eins og á Jökuldal; slíkt fer eptir jarðlagi og landkostum. Á sama bletti er sama tegund af grasi ekki æfinlega jafnkröptug, það fer eptir árferði; í þurkasumrum er það sterkara, en í vætusumrum ljettara. Þessi fóðurjurtafræði er því eptir minni meiningu ekki svo mikils virði, enda hefir henni engin rækt verið sýnd í búnaðarritum vorum. Meðan svona stendur á, að náttúran ræður hjer sjálf, en hvorki er plægt eða sáð, heldur er sljettan þakin með hnausum, sem opt eru 10 tegundir af grösum í, þá höfum við lítið gagn af að vita nákvæmlega, hvort eitt grasið er miklu sterkara en annað. Þegar sá tími kemur, að bú-

endur hjer fara að plægja og sá með vissum grastegundum, þá fyrst höfum við þörf á þessum rannsóknum, og mun jeg, eptir því sem ástandið er nú, eindregið greiða atkvæði á móti þessari fjárveitingu.

Þá er töluliður 117 á atkv.skrá, um fjárveitingu til að byggja hús fyrir landsbankann, póstafgreiðslu o. fl. Það hefir lengi vakað fyrir mjer, að nauðsynlegt væri að byggja slíkt hús, því landið vantar hús til margs.

Orsökin til þess, að nefndin kemur fram með þetta nú, er sú, að bankinn þarf nú nauðsynlega að fá annað, stærra og betra húsrúm, því hann hefir vaxið svo á síðustu árum, að þetta húsrúm, sem hann hefir haft, er allt of lítið.

Nefndin áleit að það mundi verða miklu ódýrara að byggja saman eitt stórt hús fyrir þetta allt, heldur en að byggja 3 hús með sama húsrúmi á þrem stöðum. Póstafgreiðslan er eitt af því, sem húsrúm vantar fyrir. Bæði pósthús og banki þyrftu að vera neðst í byggingunni, sitt í hverjum enda; en ef nú yrði byggt eitt hús fyrir banka og annað fyrir pósthús, þá yrðu salirnir uppi naumast notaðir til annars en til íbúðar fyrir bankastjóra og póstmeistara, en slíkt væri óþarfa fjáreyðsla, að eyða fje til þess, að byggja yfir einstaka menn. Sumir vilja kannske álíta að ofmiklu sje hlaðið saman, með því að hafa allt í einu og sama húsi, en með því fyrirkomulagi yrði það bæði fallegri eign og miklu ódýrari að tiltölu. Í þessu húsi ætti einnig að vera skrifstofa landfógeta. Landið á 1 miljón króna, en ekkert herbergi til að geyma í veðbrjef, bækur og peninga. Mætti kannske draga það, meðan hinn núverandi landfógeti lifir, en of seint að fara fyrst að hugsa fyrir því, þegar hann fellur frá. Þá ætti og að vera þar til bráðabirgða húsrúm fyrir presta- og læknaskóla, og gætu þeir verið uppi á loptinu.

Það kom til tals í þinglok 1895, að eitthvað ætti að gjöra í minningu um 50 ára afmæli alþingis, nefnilega að byggja ætti hús fyrir hinar æðri menntastofnanir landsins. Að því er prestaskólann snertir, þá yrðu það engin útgjöld, því um leið og hann yrði fluttur, þá mætti selja hús það, er hann á nú, fyrir að minnsta kosti 10,000 kr., og mundi það vel svara kostnaði. Sömuleiðis er læknaskólinn hraparlega staddur, því landið á ekkert húsrúm fyrir hann, og verður því að lána herbergi fyrir hann hjá öðrum, og taka af húsrúmi því, sem ætlað er eingöngu sjúklingum, svo privatmenn verða aptur að lána húsrúm fyrir sjúklinga. Jeg hef átt tal um þetta við hinn núverandi landlækni, og telur hann það mjög æskilegt, að fá annað húsrúm fyrir læknaskólann, til þess að geta svo notað hitt eingöngu fyrir sjúklinga.

Þá vantar loks húsrúm fyrir Forngripasafnið, Náttúrusafnið og Málverkasafnið. Hef jeg átt tal við málara, og hefir hann sagt, að málverkasafnið skemmist hjer í þinghúsinu, og að bráðnauðsynlegt væri að fá betra húsrúm fyrir það. Enda er margt, sem mælir á móti því, að hafa þau hjer; í 1. lagi skemmast þau á vetrum í frostum, vegna slagans; í 2. lagi njóta þau sín ekki vegna birtunnar, og í 3. lagi er slæmt að hleypa mörgum hjer inn í þinghús í for og bleytu og láta sóða út gólf og teppi. Gjöri jeg þó mest úr því, að málverkin liggja undir skemmdum. Auk þess eru flest þessi málverk gefin af góðum hug, þjóðinni til gagns og ánægju, og fyrir það enn þá leiðinlegra, að eyðileggja þau. Enn fremur stuðla þau mikið að því, að bæta smekk manna, og sum þeirra eru sannkölluð

listaverk. Það má vera hörmulegt fyrir gefendur að sjá það og vita, að landið sýnir gjöfinni eigi meiri rækt en svo, að þingið vill ekki svo mikið sem leggja til skýli yfir listaverkin, þar sem þau njóta sín fullkomlega.

Forngripasafnið er leiðinlegt að geyma í kössum; það er þó okkar dýrmætasta safn og það helzta safn, sem útlendingar vilja sjá; er mjög leitt að bjóða útlendingum að skoða safnið, eins og það nú lítur út vegna plássleysis; ætti það að vera sem álitlegast og sýnilegast.

Jeg vil því leggja sterklega með því, að deildin greiði atkvæði með þessu, því ef hún fellir þessa tillögu nefndarinnar, þá byggir bankinn einn fyrir sig, og hann byggir svo, að ekki verður síðar hægt að bæta við það.

Að endingu vildi jeg fara nokkrum orðum um tölulið 120. á atkvæðaskrá, sem er breytingartill. frá þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.). Hann stingur upp á að orðin: »er veitast að eins þeim mönnum eða fjelögum, er hafa sjávarútveg að aðalatvinnuvegi«, falli burt.

Jeg vil biðja h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) að athuga, að ef þetta fjelli burt, þá væri þar með ekkert ákveðið, hvað gjöra ætti við skipin, og mætti þá eins verja láninu til þess að kaupa verzlunarskip. Honum þótti fjarstæða, að nefndin skyldi ætlast til, að þeir einir fengju lánið, sem hefðu sjávarútveg fyrir aðalatvinnuveg, en þetta er ofurauðskilið. Nefndin talar um að 30,000 kr. verði lánaðar til skipakaupa hvort árið, en þó má eigi veita meira en 5,000 kr. til hvers skips. Hjer á Faxaflóa koma nú á þessu ári 6 skip til útvegsbænda og kaupmanna, sem eiga jafna heimtingu á að fá þetta lán, ef nefnt ákvæði ekki stendur, en þá verður ekkert eptir handa efnalitlum útvegsbændum á Norður- og Austurlandi, ef kaupmenn hjer í Reykjavík ættu jafnt tilkall til lánsins. Nefndin vildi með þessu ákvæði fækka þeim, sem fengju lánið, og gefa einkum fátækari mönnum kost á að fá það. Kaupmenn eiga allt af hægra með að fá 5,000 kr. lán, bæði í bankanum hjer og erlendis, og sje jeg enga ástæðu til að vera að veita þeim þetta vaxtalitla lán. Aðalmeiningin var, að kaupmenn tækju eigi allt til sín. Reynslan hefir nú sýnt, að af 4 skipum, sem hafa fengið lán, þá eiga kaupmenn 3, en útvegsbóndi 1; og þessi 3 kaupmannaskip, sem hafa fengið lánið, gjöra það að verkum, að nú er ekki er hægt að veita fátækum útvegsbændum lán til að kaupa skip í haust, af því fjeð fyrir þetta fjárhagstímabil er upp gengið.

Þá kemur breytingartill. frá h. þm. Vestm. (V. G.), að í staðinn fyrir »til þilskipakaupa« komi: »til þess að kaupa haffærandi fiskiskip«. Því segir h. þm. Vestm. (V. G.) ekki heldur hreint og beint: »til þess að kaupa þilskip og gufuskip«, því þetta er hans meining? Nefndin hefir þá föstu skoðun, að eigi skuli í bráð veita styrk til gufuskipakaupa; ástæðurnar fyrir þessari skoðun nefndarinnar eru þær, að fyrst ekki er stungið upp á að veita meira en 30,000 kr. til skipakaupa, þá yrði ekkert eptir til þilskipakaupa, því þetta fje allt gengi til að kaupa eitt einasta gufuskip fyrir. Að sönnu er svo ákveðið, að eigi megi lána meira en 5000 kr. til hvers skips, en þá verður styrkurinn ekki heldur mikill í hlutfalli við allt verð gufuskipsins, en ef hneigzt yrði að því, að veita ekki meira en 5% af verði skipsins, þá verður þó styrkurinn enn minni, ekki meira en 2,250 kr. til skips, sem kostaði 45,000 kr., eins og gjöra má ráð fyrir að gufufiskiskip kosti. Hvað mun þann, sem

á annað borð getur keypt skip fyrir 45,000 kr., muna um það, þótt hann fái rúm 2000 kr. af verði þess með vægum kjörum. (*Valtýr G.*: Þetta átti að vera gjöf). Nú! ef meiningin er sú, skyldi það þá vera þörf eða góð meðferð á landsfje, að vera að gefa þeim mönnum landsfje, sem svo eru efnum búnir, að þeir geta keypt sjer fiskigufuskip fyrir 40—50 þús. kr.?

Það er einkennilegt við h. þm. Vestm. (V. G.), að hann vill aldrei feta sig áfram fet fyrir fet, heldur taka einlæg stór stökk; svona var það í stóra málinu forðum, í gufuskipamálinu í fyrra og mörgu öðru. Það er rjettast að lofa auðmönnunum að spreita sig á gufuskipunum, lofa þeim að reyna fyrir sjer, hvernig gufuskipa-útgerðin gefst, þeir hafa bezt tækin til þess, og jeg er viss um, að þeir gjöra það jafnt, hvort þeir fá einar 2000 kr. í styrk eða að gjöf, eða ekki.

Nefndinni var það ljóst, að nú er báta-útgerð mjög að leggjast niður; við það verða svo og svo margir at vinnulausir, og það bætir lítt úr atvinnuskortinum, þó komið sje upp einu eða tveim gufuskipum. Oss vantar nú fyrst um sinn lærða vjelamenn og skipstjóra á gufuskip, og verðum að fá þá frá útlöndum; en þegar þeir ganga frá, þá mundu ekki fleiri menn en 10—12 hásetar fá rúm á hverju skipi. — Fyrir 30,000 kr. má nú lang drægt fá 5 seglskip, sem rúma nálægt hundrað manns, en setjum svo, svo jeg tæki dæmið stærra, að keypt væru 3 fiskigufuskip; þau mundu kosta 120—130,000 kr., og ekki fá þar atvinnu fleiri en 30 manns. Hvort mun nú þetta heillavænlegra eða hitt, að dreifa atvinnunni út til sem flestra?

Nokkrir hafa sagt, að menn fái meira upp úr peningum sínum með því að leggja þá í gufuskip en seglskip. Þessu er að eins varpað fram, án þess það sje sannað; reynsluna vantar til að skera úr því. En þótt vera kynni, að einstakir auðmenn hefðu meira upp úr fje sínu á þennan veg, þá virðist það ekki höfuð-ætlunarverk þingsins að stuðla að því; þeir munu bjarga sjer án þingsins hjálpar; höfuð-ætlunarverk þingsins er hjer að hjálpa hinum fátækari eða atvinnulausu til að fá atvinnu. Nú veit jeg til að nokkrir menn á Seltjarnarnesi hafa tekið sig saman um að kaupa 6 seglskip, og gjöra ráð fyrir að þau muni kosta nálægt 36,000 kr. á Englandi. Á þessum 6 skipum geta fengið atvinnu rúmir 100 menn, þar sem að eins 10 menn geta fengið atvinnu á einu gufuskipi, sem þó væri dýrara en þessi 5 skip.

Jeg tek þetta upp aptur til að brýna fyrir mönnum, hvort ekki sje vænlegra að afla sem flestum atvinnu með því að fjölga seglskipum, heldur en að stökkva strax í gufuskipakaup, áður en ríkismennirnir eru búnir að reyna hvernig þau gefast.

H. þm. Mýr. (H. D.) tók það rjettilega fram, að því að eins mundi meiri arðvon að brúka gufuskip en seglskip til fiskiveiða, að hægt yrði að koma fiskinum nýjum á erlendan markað, en ef yrði að salta hann, eins og vjer höfum hingað til verið vanir, þá mundi sjálfsagt mega búast við tapi. Hagurinn er einmitt fólginn í því, að koma fiskinum nýjum á markaðinn, en vjer megum búast við miklum örðugleikum við það fyrst um sinn. Vjer verðum eins og aðrir að þoka oss smámsaman áfram, og láta oss nægja þilskipin í bráð. Jeg er mjög mikið á móti því að veita fje til gufuskipakaupa nú. — Það getur að vísu verið rjett, sem h. þm. Vestm. (V. G.) sagði, að auðmenn-

irnir geti grætt meira á gufuskipaveiði en seglskipaveiði, en höfuð-atriðið fyrir oss er að útvega sem flestum atvinnulausum mönnum bærilega atvinnu, eins og opt hefir verið tekið fram.

Þá skal jeg minnast fám orðum á styrkinn til íshúsanna. Jeg hef heyrt, að sú styrkveiting hefir mætt góðum undirtektum hjá h. deild, enda mun sannast að segja, að síldin úr íshúsunum hafi síðustu 3 árin einna mest hjálpað sjómönnunum til að fiska, bæði á opnum bátum og á þilskipum; yfir höfuð er íshúsabyggingin líklega mesta framfarasporið, sem hefir verið stigið nú nýlega.

Jeg tel sjálfsagt að háttv. deild vilji veita þær 30,000 kr, sem nefndin fer fram á, og sízt skyldi jeg hafa á móti, þó veittar yrðu 45,000 kr., eins og h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) fer fram á.

Þá skal jeg að eins minnast á 127. liðinn á atkvæðaskránni, þar sem h. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) fer fram á að veittar sjeu allt að 30,000 kr. lán til jarðabóta, þó eigi meir en 1000 kr. hverjum einstökum manni. Það eru allt svo einir 30 menn, sem styrk þennan geta fengið; jeg greiði atkvæði móti þessari tillögu, bæði vegna þess, að lánið kemur fáum að notum, og hætt við að láninu verði sumstaðar varið ekki sem heppilegast, og margt annað varhugavert sýnist mjer við slíka lánveitingu; en af því að jeg hygg að tillaga þessi eigi fremur litlum byr að sæta hjer í deildinni, þá skal jeg ekki eyða orðum um hana, en láta hjer staðar numið að sinni.

Klemens Jónsson: Jeg skal nú ekki þreyta h. deild á eins löngum ræðum og hjer hafa fallið í dag; en bæði á jeg hjer nokkrar breytingartill. og auk þess eru ýms önnur atriði, sem jeg vildi minnast nokkuð á.

Það hafa margir þurft að beina orðum að h. þm. Vestm. (V. G.) fremur flestum öðrum h. þingdeildarm., og jeg er einn í þeirra tölu, sem athugasemdir þarf að gjöra við ýms ummæli hans.

Fyrst ætla jeg að snúa mjer að 69. og 71. tölulið á atkvæðaskránni. Það hefir komið fram áður, einkum á hinum síðustu þingum, tilhneiging til að lækka ölmusur við lærða skólann, og hafa bændurnir eigi sízt verið þessu fylgjandi. Viðkvæðið hefir þá verið, að eigi væri vert að ginna menn út á hina hálu embættabraut. Það er gleðilegt að nú virðist komin breyting á þá stefnu, sem ríkti til skamms tíma hjá bændunum, þá stefnu, að álasa embættismönnunum fyrir það, hvað hátt þeir væru hafnir yfir aðra, og við hvílík sældarkjör þeir ættu að búa í samanburði við bændurna. Nú virðist sú skoðun vera að ryðja sjer til rúms hjá bændastjettinni, að embættisstaðan sje ekki svo sjerlega glæsileg og að miðlungi ráðlegt sje fyrir bændur að láta sonu sína ganga inn á hina hálu embættisbraut. Þó var eigi aðallega af þessum ástæðum að h. þingm. Vestm. (V. G.) vildi að námsstyrkur við lærða skólann væri lækkaður, heldur af því að honum væri ranglátlega útbýtt, þar sem Bræðrasjóðsstyrknum aptur á móti væri skipt einkar rjettlátlega. Samkvæmt þessu hefir h. þm. Vestm. (V. G.) sniðið breytingartillögur sínar, þar sem hann vill láta lækka ölmusur við lærða skólann, en efla Bræðrasjóðinn með tillagi úr landssjóði.

Reynsla mín á útbýting styrktarfjárins er talsvert önnur en reynsla h. þm. (V. G.) og er það þó undarlegt, þar sem við vorum jafnan báðir í sama bekk í skóla. Jeg fyrir mitt leyti verð að segja, að kæmi nokkursstaðar hlutdrægni fram, þá var það fremur við útbýting Bræðrasjóðsstyrksins. Það var efsti bekkur, sem skipti styrknum, og

um tíma hafði hann að minnsta kosti sterkar tilhneigingar til að draga hann mestallan til sín. Jeg er algjörlega á móti því að námsstyrkurinn til lærða skólans sje lækkaður, en jeg get verið með því, að einnig sje lagt nokkuð við Bræðrasjóðinn; hann ætti með tímanum að geta orðið svo stór, að hann gjörði ölmusurnar nær óþarfar. Jeg gæti því fremur greitt atkvæði með 71. tölulið en 69. tölulið. Þá á jeg tvær breyt.till. undir staflið 78 og 79; þær breyt.till. eru í raun og veru ekki annað en orðabreytingar, og þar eð h. framsögum. hefir lýst því yfir að nefndin mundi fallast á breytingar þessar, þá hef jeg ekki meira við þær að athuga.

Einnig á jeg breyt.till. á þingskjali 284, og hef jeg ekki orðið var við að nokkur hafi minnzt á hana, ekki einu sinni h. framsögum. (J. J., þm. Eyf.), og kemur það líklega til af því, að h. fjárlaganefnd hafi enn ekki haft færi á að íhuga hana, en eptir því sem mjer er kunnugt, hygg jeg að hún muni breyt.till. ekki mótfallin. Tillaga þessi fer fram á að ferða- og námsstyrkur sje veittur 3 námspiltum, er að tilhlutun stjórnar hins Eyfirska skipaábyrgðarfjelags sækja til skólans, 100 kr. handa hverjum. Eins og mörgum h. þingdm. mun kunnugt, þá er töluverður þilskipastóll við Eyjafjörð, og hefir verið um alllangan tíma. Þótt skipin týndu nokkuð tölunni síðasta vor og löskuðust eigi allfá, þá er vonandi að það verði ekki nema bráðabirgðahnekkir, og að brátt muni koma í skarðið ný skip stærri og sterkari. Það er farið að verða hálf-erfitt að halda skipum þessum út, ekki af því að á þau vanti háseta, eins og kvartað er yfir hjer á Suðurlandi, heldur af því að skortur er að verða á skipstjórum, er fullnægi ákvæðum laganna frá 26. okt. 1893, þar sem þess er krafizt í 2. gr., að rjetturinn til að vera skipstjóri á innanlandssiglingum skuli bundinn því skilyrði, ef skipið er meira en 12 en ekki yfir 100 smálestir, að hlutaðeigandi hafi fengið skírteini sem skipstjóri á innanlandssiglingum, en samkvæmt 7. gr fæst þetta skírteini því að eins að hlutaðeigandi hafi staðizt hið minna stýrimannapróf við stýrimannaskólann í Reykjavík. Samkvæmt 18. gr. sömu laga mega þó þeir, sem skipstjórar hafa verið 1. júlí 1895, halda áfram að vera skipstjórar, þótt eigi taki þeir stýrimannapróf nje hafi tekið það. Með öðrum orðum, hjer eptir geta eigi aðrir verið skipstjórar á skipum stærri en 12 smálestir en þeir, sem annaðhvort hafa tekið próf á stýrimannaskólanum, eða verið skipstjórar fyrir 1. júlí 1895.

Flestir af formönnum hákarlaskipanna eru rosknir menn, sem innan skamms munu láta af formennsku, og þá rekur að þessu, að nýja formenn muni skorta, því að flestum þykir dýrt að senda syni sína að norðan til Reykjavíkur til náms á sjómannaskólann, og því var á aðalfundi hins Eyfirzka ábyrgðarfjelags beint farið fram á, að leita skyldi styrks til þess að stofna sjómannaskóla á Norðurlandi. Jeg áleit samt ekki tilhlýðilegt að fara fram á þetta, bæði af því að telja má að þá hafi Vestfirðingar alveg sama rjett til að fá sjómannaskóla hjá sjer, og af því að jeg er yfir höfuð á móti því að verið sje að styrkja marga smáskóla. Apt ur tel jeg það rjett að styrkja pilta til náms hingað suður, og því hef jeg komið með þessa tillögu, að því er norðlenzka pilta snertir, en fjarri fer því, að jeg sje því móthverfur að Vestfirðingar verði sama styrks aðnjótandi.

Til tryggingar því að styrkurinn yrði

ekki vanbrúkaður, hef jeg farið fram á að hann yrði veittur að tilhlutun hins Eyfirska ábyrgðarfjelags; jeg vona að þetta fjelag sje svo góðkunnugt h. þingd., eigi sízt h. 1. þm. Árn. (Tr. G.), sem er fjárlaganefndarmaður, að meðmæli þess þyki fullgóð trygging fyrir því að styrkurinn komi að tilætluðum notum; þá skal jeg minnast á styrkhækkunina til amtsbókasafnanna, og breyt.till. þær, sem komnar eru fram við till. h. nefndar. Jeg álít það á góðum rökum byggt að styrkurinn sje hækkaður, og sömuleiðis að hann sje bundinn við það, að jafnaðarsjóðirnir veiti ríflegt tillag á móts við landssjóðsstyrkinn. Í nefndarálitinu er greinilega sagt frá, hvers vegna farið er fram á að hækka styrkinn, og sömuleiðis er þar skýrt frá, hvað ætlazt er til að gjört sje til þess að söfnin geti komið að sem beztum notum. Jeg skal taka það fram, að mjer virðist það rjett að styrkja betur þau söfn, sem ætla má að verði sem flestum að notum, en hin, sem að eins geta orðið notuð af einstökum mönnum úr næstu hjeruðum, og af því að jeg álít að söfnin eigi ríflegan styrk skilið, einkum er hið nýja skipulag kemst á þau, þá mun jeg fremur verða fylgjandi nefndinni en þeim, sem breyt.till. hafa borið fram.

Til þess að tefja ekki tímann um of, mun jeg hlaupa yfir ýmislegt það, sem þó hefði verið þess vert að minnast á, en snúa mjer að 13. gr. C eða hinum svo kallaða bitlinga-paragraf.

Jeg verð fyrst að halda fram þeirri skoðun, að það sje mjög óviðurkvæmilegt og leiðinlegt að þurfa að vera að halda langar ræður hjer í þingsalnum um einstaka menn. Þetta er leiðinlegt bæði fyrir þingmenn og eigi sízt fyrir umsækjendur, að þingið skuli vera að virða og meta kosti þeirra og draga persónulega hæfileika þeirra inn í umræðurnar. Jeg hefði kunnað bezt við að þingið þyrfti ekki að vera að fást við að úthluta bitlingum til neinna einstakra manna, heldur að veitt væri á þingi hverju ákveðin upphæð til verklegra og vísindalegra fyrirtækja, er stjórnin úthlutaði. Þessi var og venjan fram til 1885; þá tók þingið þetta fje og ómak af stjórninni, af því að því þótti hún hafa misbrúkað útbýtingarvald sitt. En jeg verð stórum að efast um að þingið hafi síður misbrúkað sitt útbýtingarvald. Auk þess kostar þessi úthlutun mjög mikinn tíma á hverju þingi, og getur gjört ekki svo lítinn glundroða. En þetta getur og orðið siðspillandi, bæði fyrir þingmenn og beiðendur. Það er allt annað en skemmtilegt og göfuglegt fyrir beiðendur að ganga milli þingmanna og leita knjekrjúpandi fylgis þeirra, og það getur verið freisting fyrir þingmanninn að slaka til um eitthvað, til að fá öðru framgengt, sem honum er áhugamál. Jeg hef að vísu ekki komið fram með breyt.till. um að fá þessu breytt, en sýnist mjer að það væri íhugað, hvort ekki mundi rjettast að fá stjórninni í hendur til úthlutunar þá upphæð til verklegra og vísindalegra fyrirtækja, sem þingið teldi nægilega. Þingið getur haft töluverð áhrif á útbýting stjórnarinnar, bæði með því að finna að þeim fjárveitingum hennar, sem því eigi líkuðu, og eins með því að fjárlaganefndin tæki til yfirvegunar fjárbænir þær, sem kæmu, og vinzaði úr þær, er henni þætti vert að sinna, og ljeti t. d. formann sinn gefa stjórninni vitneskju um álit sitt á bænunum. Þessu lík aðferð er höfð í ríkisþingi Dana, og er það föst venja að stjórnin veiti þann styrk, er meðmæli fjárlaganefndarinnar fylgja.

Þá skal jeg víkja orðum að styrknum til cand. mag. Boga Melsteð. Þessi maður hefir notið styrks nú í 6 ár, til

þess að safna til sögu Íslands, án þess að enn hafi sjezt hinn minnsti árangur af starfi hans. Þess var að vísu getið í athugasemdunum við stjórnarfrv. 1895, að hann hefði tilbúna ritgerð snertandi sögu Íslands, en þessi ritgjörð hefir enn sem komið er ekki sjezt. Að vísu kom út ritgjörð eptir hann í Búnaðarritinu, tæpar tvær arkir á stærð, en jeg get ómögulega skilið að þetta sje ritgjörð sú, sem átt er við í stjórnarfrv., og að hún sje eini árangurinn af 6 ára starfi mannsins, og það því síður, sem fróðir menn í þeim efnum segja að heldur lítið sje varið í ritgjörð þessa sem sjálfstæða rannsókn, en hún sje að mestu byggð á prentuðum ritum eptir Konráð Maurer. Mjer þykir nú tími kominn til að vjer förum að sjá árangur af störfum manns þessa; en af því að mjer þykir þó eigi rjett að landið svipti hann styrk, þá fer jeg fram á að honum sjeu veittar allt að 600 kr. á ári til að gefa út það, sem hann þegar hefir safnað til sögu Islands. Þetta er styrkur, sem hann á að muna talsverðu. H. framsögum. (J. J. þm. Eyf.) sagði að það væri ekki mikið að gefa út einar 12 arkir af Íslands sögu; hann sagði víst eitthvað í þá átt að það væri sama sem ekki neitt. Já, lítið kann það að þykja, en flestir munu þó telja það stórum betra en ekkert.

Þá verð jeg að minnast á styrkinn til Þorsteins Erlingssonar. Það hafa þegar orðið allmiklar umræður um þessa styrkveitingu, og eigi öllu ósnarpari en á síðasta þingi. Jeg er á sömu skoðun og þá, að styrkinn eigi hann að fá. Mjer þykir það undarlegt að stjórnin skuli hafa fellt burt styrkveiting þessa eina saman. Það virðist ljettvæg ástæða að segja, að það hafi komið til af því, að hann hafi eigi sótt um að mega halda styrknum áfram. Jeg hygg að það hafi ekki verið stöðug venja að ítreka við stjórnina styrkbeiðnir jafnan, áður en hún semur ný fjárlög. Jeg hef sjeð hjer á lestrarsalnum bænarskrár til þingsins frá þeim Benedikt Gröndal og Þorvaldi Thoroddsen, um að mega halda styrk sínum næsta fjárhagstímabil; líklega hafa þeir ekki einnig sent beiðni um þetta til stjórnarinnar, og þó er þeim báðum ætlaður styrkur á stjórnarfrumv.; en Þorsteini Erlingssyni er þar ekki gjört svo hátt undir höfði. Jeg verð að telja engu minni ástæðu til að veita honum styrk nú, en var á síðasta þingi. Það hefir einhver sagt, að hann hafi ekkert gert síðan. En það er einmitt síðan, að kvæðasafn hans hefir komið út. Þá hefir það og verið sagt, að ekki væri nú ástæða til að styrkja hann, því að hagur hans væri góður. Það er satt, að nokkru betri er hann nú sem stendur en hann var 1895, en þó eigi svo góður, að honum sje vanþörf á styrknum. Hann hefir gerzt blaðstjóri á Austfjörðum, og fær þar 1500 kr. í árskaup; en óvíst er, hvort hann heldur þeirri stöðu lengi. Mjer er kunnugt um það, að hann hefir verið mjög heilsulasinn seinni hluta vetrarins, og mun það stafa af því að hann þoli eigi loptslagið hjer. Er því viðbúið, að hann verði að hverfa aptur til Kaupmannahafnar og búa þar áfram við sama skorna skamtinn sem hann bjó við, áður en hann fjekk styrkinn hjá þinginu og kom hingað til landsins. Það var tekið fram 1895, að Þorsteinn Erlingsson væri það skáld, og sá andlegur kraptur byggi í honum, að Íslendingar mættu ekki við því að láta hann fara forgörðum fyrir handvömm og sýtingsskap. Þetta endurtek jeg nú.

Viðvíkjandi 24. töluliðnum í 13. gr. C., styrknum til sjera Bjarna Þorsteinssonar, hefir h. framsögum. (J. J. þm. Eyf.) lýst því yfir, að meiri hluti nefndarinnar mundi hallast að tillögum stjórn-

arinnar. Maður þessi sótti um styrk til síðasta þings og skrifaði þá mjög ýtarlega um málið. Hann fjekk eigi áheyrn í það sinn, þótt litlu munaði. Nú hefir hann leitað til stjórnarinnar og hún ætlað honum 1000 kr. til þess að safna og gefa út íslenzka þjóðsöngva, í stað 1600 kr., sem hann hafði sótt um. En fái hann þennan 1000 kr. styrk hjá þinginu, þá hefir kirkju- og kennslumálastjórnin danska að sínu leyti heitið honum 500 kr. Jeg vona að h. þing kunni svo að meta þetta þjóðlagasafn, að það telji það þó eigi þýðingarminna en safn íslenzkra þjóðsagna. Jeg vona annars að þessi styrkveiting mæti ekki mótspyrnu í þinginu; og jeg hef því fremur ástæðu til að vona þetta, þar sem hin danska kennslumálastjórn vill leggja fje fram til safnsins. En jeg tel sjálfsagt að stjórnin hafi boðið fjárframlag þetta af því að hlutaðeigandi umsækjandi hafi fengið mjög sterk meðmæli frá prófessor Hartmann, sem stendur manna fremst í söngfróðleik, og aðhyllist þingið eigi þessa fjárveitingu, þá hefir þingið þar með sýnt, að það stendur að baki hinni dönsku stjórn í því að efla innlendan þjóðlegan fróðleik, og er það eigi fagurt til afspurnar. Þá kem jeg loks að viðaukatill., sem jeg hef leyft mjer að koma með undir tölulið 109 á atkvæðaskránni, um að Stefáni kennara Stefánssyni á Möðruvöllum sjeu veittar 1500 kr. á ári til fóðurfræðisrannsókna. Þessi tillaga hefir þó verið álitin svo mikils virði, að flestir h. þdm., sem upp hafa staðið, hafa fundið ástæðu til að halda langan kapítula um hana, þótt ýmsir hafi ekki þótzt geta verið með henni. Bæði h. framsögum. (J. J., þm. Eyf.) og h. 1. þm. G. K. (Þ. Th.) lögðu áherzlu á það að umsækjandinn tæki það sjálfur fram, að hann treysti sjer ekki til að framkvæma rannsóknir þessar, og væri það undarlegt að hann skyldi vera að sækja um það, sem hann eigi treysti sjer til. Mig grunaði þegar að orð mundu rifin úr samhengi í umsóknarskjalinu; síðan hef jeg sannfærzt um að svo er, og skal jeg, til að sýna að svo er, leyfa mjer að lesa upp kafla úr bænarskránni. Þar stendur svo: »Orsökin til þess, að jeg hef ekki þegar fyrir löngu beint rannsóknum mínum algerlega í praktiska stefnu, er blátt áfram sú, að jeg hef ekki treyst mjer til þess, og treysti mjer að mörgu leyti ekki til þess enn; jeg vildi fyrst kynna mjer sem bezt gróðurríki landsins yfirleitt og afla mjer nokkrar praktiskrar reynslu við jarðabætur og grasrækt. Þetta hef jeg hvorttveggja gjört eptir föngum, og þó skortir mig enn ákaflega margt til þess að geta heitið vel fær til þess að takast á hendur fóðurjurtafræðisrannsóknir, eins erfiðar og þær eru hjer, þar sem allt er ókannað í því tilliti«. Jeg vona, að menn sjái að hjer er ekki um annað að ræða en að hjer er maður, sem talar »beskedent«, eins og vera ber, um hæfileika sína, en að langt sje frá því að leitt verði út úr þessu að hann sje ófær til rannsóknanna eða telji sig það, enda fer því svo fjarri að hann sje ófær til þess. Hjer er um mann að ræða, sem fyrst hefir stundað grasfræðisnám við Kaupmannahafnarháskóla og síðan ferðazt 9 ár um landið, til þess að kynna sjer gróðrarríki þess. Þetta út af fyrir sig sýnist veita töluverða tryggingu fyrir að hann sje rannsóknarstarfinu vaxinn, en svo bætist við þetta, að inspektor Fejlberg, sem jeg veit að h. þm. munu telja hafa vit á þessu máli, segir um hann: »Hr. Stefán Stefánsson er i Besiddelse af alle Betingelser for at kunne löse de herhenhörende Opgaver«. o: fóðurjurtarannsóknirnar; og prófessor Warming, sem er í mjög miklu áliti fyrir grasa-

fræðisþekkingu sína, ekki einungis í Danmörku, heldur og víðar, segir: »Han er et dygtigt Menneske, som kjender sit Födelands Plantevæxt særdeles godt«. Jeg vona að þessir vitnisburðir jafnmerkra manna sýni, að eigi sje ástæða til að neita um styrkinn, fyrir þá sök að umsækjandi sje ekki fær um að framkvæma rannsóknirnar. Að öðru leyti vantar mig þekkingu til þess að geta nógu rækilega sýnt fram á nauðsyn og nytsemi rannsókna þessara, enda gjörist þess ekki jafnmikil þörf, þar sem jeg gjöri ráð fyrir að þeir verði færri en hinir, sem móti henni hafa. H.framsögum. (J. J.) gat þess, að hann þó mundi vinna að þessum rannsóknum, þótt hann fengi eigi styrkinn. En að ætlast til þess, að lágt launaðir embættismenn fari að verja tíma og fje til rannsókna þessara án alls endurgjalds eða styrktarfjár, það gjöri jeg ráð fyrir að fæstum komi til hugar.

Um 120. og 121. töluliðinn á atkv.-skránni hef jeg það að segja, að þar fellst jeg algerlega á breyt.till. h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) við skilyrði nefndarinnar fyrir láni úr landssjóði, að orðin: »er veitast að eins þeim mönnum eða þeim fjelögum, er hafa sjávarútveg að aðalatvinnuvegi« eigi að falla burt.

Loks vil jeg minnast á eitt atriði í sjálfum fjárlögunum, sem eiginlega hefði átt betur við að minnast á við 1. umr., en jeg slepti því þó þá. Það er viðvíkjandi 16. gr. VI, f., 1000 kr. hvort árið til organleikara í dómkirkjunni. Það liggur engin breyt.till. fyrir um þetta atriði, og jeg er ekki að fara fram á neina breyting á upphæðinni. En jeg vil taka tilefni af þessu til að minnast á sönginn í dómkirkjunni eins og hann er nú. Það er næsta leiðinlegt að heyra, hvernig hann fer úr hendi, jafnvel við hátíðleg tækifæri, hvað þá heldur endranær. Það var mikill munur að heyra þann söng, meðan Pjetur heitinn Guðjónsson stýrði honum; þá sungu skólapiltar og stúdentar, lærisveinar Guðjohnsens sál., optast með í kirkjunni, og þetta hjelzt nokkur ár eptir dauða hans, en nú er engin mynd orðin á að heyra sönginn þar, því að hann er enda lakari en í sumum sveitakirkjum. Jeg hef viljað minnast á þetta til þess, að það kynni að verða tekið til greina.

Skúli Thoroddsen: Jeg skal fyrst víkja máli mínu að breyt.till. h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) á tölul. 58, um uppbót til síra Þorsteins Benediktssonar. Henni mun jeg greiða atkv. mitt, því mjer sýnist hann eiga fulla lagakröfu á uppbót þessari. Með tekjum brauðsins voru, þegar því var slegið upp, talin umboðslaun af Bjarnaness umboði, og námu þau 120 kr. árlega; en þegar síra Þorsteinn kemur til brauðsins, þá er umboðið fengið í hendur öðrum manni, fráfarandi presti. Til þessarar ráðstöfunar hefir landshöfðingi enga heimild haft; en með því að hjer verður ekki auðið að koma fram neinni ábyrgð fremur en vant er, þá er ekki annað að gjöra, en að landssjóður hlýtur að bæta prestinum upp þann órjett, sem hann hefir orðið fyrir.

Um breyt.till. h. þm. Vestm. (V. G.), um lækkun námsstyrks við presta- og læknaskólann, skal jeg geta þess, að jeg er kominn á þá skoðun, að vjer eigum að styrkja sem bezt vorar innlendu menntastofnanir til þess að hindra stúdentastrauminn til háskólans, og það því fremur, sem báðir þessir skólar eru á góðum vegi að komast í gott horf. H. þm. Vestm. (V. G.) minntist á, að háskólakandídatar í læknisfræði væru nú látnir ganga fyrir öllum læknaskólakandídötum til embætta, og það er satt, að þetta er nú að verða venja; en jeg mótmæli því, að þessi venja sje á rök-

um og rjettlæti byggð, t. d. að nýbakaðir háskólakandídatar gangi fyrir læknaskólakandídötum, sem búnir eru að »praktísera«, eða að vera í embætti hjer í mörg ár. Annað mál er hitt, þótt þeir kynnu að vera teknir fram yfir óreynda kandídata frá læknaskólanum, þar sem einkunnir og aðrir hæfileikar eru jafnir.

Ekki get jeg heldur verið með tillögu sama h. þm. (V. G.) um að lækka námsstyrkina við lærða skólann. Jeg hefi að vísu áður (1891) verið þessu fylgjandi, en þá var það venja, að Reykjavíkur-piltar gengju jafnt öðrum til ölmusustyrks; en í því var ekkert rjettlæti. Það er að eins í sjerstökum undantekningartilfellum að ástæða getur verið til að veita Reykjavíkursveinum námsstyrk, þar sem Reykjavíkurbúum er það miklu kostnaðarminna en öðrum að nota skólann. En nú er orðin breyting til batnaðar í þessu efni, og finnst mjer því eigi gjörlegt að lækka styrkinn meira en orðið er.

Hins vegar er jeg samþykkur tillögunni um að leggja nokkurn fjestyrk til Bræðrasjóðsins. Sá sjóður er næsta gagnlegur, og er vonandi, ef hann væri svo styrktur sem hann á skilið, að hann geti með tímanum síðar meir ljett af landssjóði öllum ölmusustyrkveitingum.

Þá er næst að minnast lítillega á latneska stílinn, sem enn er heimtaður til inntökuprófs, enda þótt það sje alveg gagnstætt reglugjörð skólans að gera þá kröfu til nýsveina. Jeg hefi nú satt að segja aldrei verið neinn latínu-hestur nje latínu-unnandi, enda hefi jeg aldrei orðið þess var, að latínu-nám það hið mikla, sem hjer er tíðkað, hafi komið nemendum, öðrum en málfræðingum, að neinu »praktisku« haldi í lífsstöðum þeirra. Og það á reyndar við gömlu málin bæði jafnt. Jeg veit það t. d., að þótt jeg væri præ-isti í grísku við burtfararpróf úr skóla, þá hefi jeg fyrir mitt leyti aldrei opnað gríska bók, síðan jeg fór frá examensborðinu, og gjöri ekki ráð fyrir að eiga það eptir; og svipað mun um fleiri. En hvaða vit er þá í því, að láta menn árum saman sitja við þess konar lærdóm? En jeg býst ekki við neinum árangri af því, þó að þessu sje hreyft í umræðum hjer á þingi, en hygg heldur vænlegra til árangurs að skjóta inn í fjárlögin við 3. umr. athugasemd um þetta efni, og vildi jeg í því efni samlaga mig við h. þm. Vestm. (V. G.). Það er og á síðari árum vöknuð sú hreyfing á Norðurlöndum, að takmarka að mun nám þessara fornmála. Vjer eigum og á nýju málunum nægar þýðingar, til þess að geta kynnzt bókmenntum, háttum og hugsun Grikkja og Rómverja; og þar sem vjer erum fámenn þjóð, þurfum vjer um fram allt að leggja alla áherzlu á nýju málin, sjer í lagi enskuna, sem er mest alheimsmál allra tungna. Hana ættu allir stúdentar að geta skilið, talað og ritað.

Þá verð jeg að fara nokkrum orðum um sjómannaskólann. Eins og kunnugt er, veitti síðasta þing fje nokkurt til skólahúss, en forstöðumanni skólans þótti það of lítið, og var fjárveitingin því aldrei notuð. Í þess stað var leitað til hr. Balds, og honum falið að gjöra áætlun um kostnað við byggingu nýs skólahúss, og nam sú áætlun hans 16,619 kr., og samkvæmt þeirri áætlun fer stjórnin nú fram á 17000 kr. fjárveitingu, enda er þar í fólgin borgun fyrir lóð undir húsið. Þessa tillögu stjórnarfrumv. hefir nefndin samþykkt ummælalaust, án þess að minnast einu orði á tilboð, sem fram hefir komið frá Jóni snikkara Sveinssyni. Stjórnin mundi því varla álíta sig hafa frjálsar hendur til að aðhyllast það tilboðið, eins og h. 1. þm. Árn. (Tr.G.) ljet í ljósi; hún mundi álíta húsfyrir-

komulag og áætlun Balds samþykkta af þinginu, og hún hefir fulla ástæðu til þess, ef ekkert kemur annað fram en það, sem fjárlaganefndin hefir lagt til málanna. En eins og jeg gat um áðan, þá hefir nú annar maður íslenzkur, Jón Sveinsson trjesmiður, gjört þinginu tilboð um byggingu þessa. Hann er ágætlega fær smiður, er stundað hefir smíðar, bæði í Ameríku (við Chicagosýninguna), í París, á Þýzkalandi og víðar, og hvervetna með góðum orðstír, enda er sá frágangur á uppdráttum hans, að engum getur dulizt kunnátta mannsins. Áætlun hans er að vísu lítið eitt hærri, 19,850 kr., en húsið eptir hans áætlun líka miklum mun stærra, fegurra og allt vandaðra. Mjer sýnist nú sjálfsagt, að taka beri Íslending fram yfir útlending, til þess að leysa þennan starfa af hendi, þegar hann er fullt eins fær eða betur en útlendingurinn, og húsið eptir hans teikningu myndi verða miklu viðunanlegra. Það mundi hver önnur þjóð gjöra, að láta landa sinn sitja í fyrirrúmi. — Og athugi maður betur kostnaðarmuninn hjá Jóni Sveinssyni og hjá Bald, þá sjest, að eptir fyrirhugun Jóns verður steinsmíðið við húsið miklu vandaðra, svo að það eitt nemur um 1500 kr. Svo er og í hans áætlun fólginn stígur að húsinu og girðing umhverfis það. Herbergi verða fleiri og stærri í húsinu og klæðning úr járni, sem ekki er ráð fyrir gjört hjá Bald nema að nokkru leyti. Þegar vjer byggjum slíkt hús á annað borð, virðist mjer ekki horfandi í 2—3 þúsundir króna til eða frá, en meira á hitt lítandi, að húsið sje stórt og vandað og gott til frambúðar. Vona jeg að h. þingd. verði einhuga á því, að taka heldur boði Jóns Sveinssonar og áætlun hans, og það því fremur, sem jeg hygg að fleiri en færri úr fjárlaganefndinni sjeu því samþykkir.

Alþtíð. B. 1897.

Þá er styrkurinn til amtsbókasafnanna. Nefndin ræður til að hækka hann, og er jeg því samþykkur, en sje eigi ástæðu til að gera misjafnt upp á milli þeirra. Vil jeg að þau fái öll saman jafn-háan styrk.

Hvað bókasafn Vesturamtsins snertir, þá verð jeg að segja að það er illa sett í Stykkishólmi; sú kaupstaðarhola er í apturför og hnignun, og fólkið þar að fækka. Það ætti að flytjast til Ísafjarðar; þar eru íbúar nú orðnir yfir þúsund og fólki óðum að fjölga. Sá bær á sýnilega mikla framtíð fyrir sjer.

Þá er breyt.till. h. þm. Vestm. (V. G.) um styrk til Þorsteins Erlingssonar. Styrkur þessi var veittur á síðustu fjárlögum og mig furðar það stórum, að stjórnin skuli ekki hafa tekið hann upp í frumv., eins og aðra styrki. Tilgáta þm. Vestm. (V. G.) um orsökina til þessarar útstrikunar er tæplega rjett. Það á sjer víst ekki stað, að þeir, sem slíkur styrkur hefir verið veittur, sæki ávallt árlega um hann til stjórnarinnar. Hitt er heldur líklegra, að stjórnin skoði sig sem vörð og skjöld kirkjunnar, og er það þó varla trúlegt heldur, ekki kirkju- eða kirstilegri, en hún er stundum í sínum gjörðum.

Út af ummælum þm. Strand. (Guðj. G.) um fjárveitingu til Þorsteins Erlingssonar verð jeg að segja, að mjer þykir leitt að heyra kveðið við þann tón; það er eins og sá h. þm. geti ekkert metið og vilji ekkert styrkja nema það, sem látið verður í askinn. Eigi þjóð vor að falla svo djúpt að hún geti aldrei hafið huga sinn neitt upp yfir munn og maga, þá gef jeg lítið fyrir framtíð hennar. Þegar vjer hjer á alþingi erum að hugsa og ræða um atvinnumál og efnalega hagsmuni, þá megum vjer þó aldrei gleyma því, að

66 (2. nóv.)

hin líkamlega velmegun er meðal en ekki tilgangur.

Það hefir verið tekið fram, að skoðanir Þorsteins Erlingssonar í trúarefnum, eins og þær lýsa sjer í skáldskap hans, sjeu svo lagaðar, að eigi sje rjett að veita honum styrk. En þó að hjer á landi sje evangelisk-lúthersk þjóðkirkja, þá er þingið sem slíkt ekki bundið við neina ákveðna kirkjutrú. Til þessa þings eru allir menn kjörgengir, án nokkurs tillits til trúarbragða sinna, og það jafnt, hvort sem þeir væru Tyrkir eða Gyðingar, trúleysingjar eða kaþólskir menn. Sama er og um þjóðina, að hún er ekki bundin við neina ákveðna trú. Vjer eigum því að skoða Þorstein Erlingsson sem skáld; trúarbrögð hans koma oss ekkert við. Og sem skáld má með sanni segja um Þorstein Erlingsson það, sem eitt sinn var kveðið um Jónas heitinn Hallgrímsson:

»Úr fjörugu máli fegri sprett
fjekk ei neinn af sveinum;
hjá honum bæði lipurt og ljett
lá það á kostum hreinum«.

Einkenni Þorsteins sem skálds er orðhagleiki og formfegurð, og það þarf engan spámann til að fullyrða það, að ef þingið fellir þessa styrkveitingu, þá mun það með því baka sjer biturt ámæli eptirtíðarinnar. Það mun jafnan verða talið sem ófrægilegur vottur þess, hve lítt vjer höfum kunnað að meta listina.

Till. nefndarinnar viðvíkjandi íshússmönnunum verð jeg einnig að minnast á, og falla mjer þær ekki alls kostar vel. Má vera, að eigi sje full ástæða til að endurgjalda þessum mönnum ferðakostnað sinn hingað til lands, en hitt er smámunasemi að vilja ekki veita Ísak Jónssyni styrk til að leiðbeina mönnum við byggingu og notkun íshúsa. Þekking á íshúsum er enn harla lítil meðal vor víða á landinu; svo er það að minnsta kosti á Vesturlandi. Þar er þetta mál að eins í mjög lítilfjörlegri byrjun enn. Væri því einkar gott, ef Ísak gæti gefið mönnum leiðbeiningar í þessu efni. Upphæðin, sem fram á er farið, er mjög smá, en þýðing málsins mjög mikil. Jeg mun því greiða atkvæði móti nefnd í þessu efni.

Mjer gleymdist áðan, er jeg var að tala um Þorstein Erlingsson, að minnast á það, á hve einkennilegan hátt þm. Strand. (Guðj. G.) notaði tækifærið til að sletta til Matthíasar Jochumssonar og viðhafði þau minnisverðu orð, að allur skáldskapur síra Matthíasar væri ekki 600 aura, því síður 600 kr. virði. Mig stórfurðar á að nokkur sá maður skuli geta átt setu hjer í þessum sal, sem ekki fyrirverður sig að láta slík orð til sín heyra. Svo jeg leiti ekki langt yfir skammt, skal jeg að eins minna á kvæðið »Draupni«, sem nýlega er út komið í »Stefni«. Það kvæði hefir í sjer fólgnar svo fagrar hugsanir, og er svo vel fallið til að vekja góðar og göfugar tilfinningar, að fyrir það eitt væri gefandi ekki 6, heldur 10 sinnum eða 100 sinnum 6 krónur; en af því jeg veit að önnur eins fjarstæða, eins og þessi ummæli þm., ekki hafa nein áhrif á atkvæði þm. um þenna staflið, þá skal jeg ekki fleiri orðum um þetta fara.

Þá er að minnast á breyt.till. mína um styrk handa Hólmgeiri Jenssyni til að stunda dýralækningar í norðurhluta Vesturamtsins. Jeg vona, að h. þm. hafi kynnt sjer bænarskrá hans og meðmæli amtsráðsins með henni. Maður þessi er búfræðingur frá Ólafsdal, en hefir, frá því hann var á unga aldri, verið einkar náttúraður fyrir dýr, og lengi fengizt við dýralækningar. Ljet honum það svo vel, að sýslufjelagið

styrkti hann til þess að fara til Noregs til að nema þar dýralækningar. Dvaldi hann þar hjá amtsdýralækni Kragerud um hríð, og fjekk beztu meðmæli frá honum fyrir ástundun og þekkingu. Jafnframt brá hann sjer og til bólusetningarmannsins Ivar Nielsen, til að læra að bólusetja sauðfje gegn bráðafári, og hefir, síðan hann kom aptur til landsins, fengizt við lækningar, eins og sjá má af skýrslu þeirri, er fylgir umsóknarskjali hans. Amtsráðinu hefir fundizt svo mikið til um verðleika hans, að það veitti honum styrk til að kaupa fyrir sjónauka til þess að rannsaka »bakteríur«, því að hann er svo varfærinn, að hann vill ekki bólusetja, nema hann geti rannsakað »bakteríurnar« vísindalega, svo að hann geti greint, hvort »bakteríur« þær, er hann bólusetur með, eru »sporaberandi« bráðasóttar-»bakteríur«, eða aðvífandi rotnunar-»bakteríur«, sem geta orðið mjög skaðlegar, ef bólusett er með þeim. Þó að nú sje einn dýralæknir fyrir Suðuramtið og Vesturamtið, þá erum vjer Vestfirðingar jafn-dýralæknislausir fyrir því. Hann er og verður að vera búsettur í Reykjavík, eða hjer í grennd, en getur aldrei »praktiserað« neitt á Vesturlandi, nema hann skyldi verða sendur þangað í einhverju sjerstöku erindi, svo sem ef almenn fjárpest kæmi upp.

Menn kunna nú sumir að kalla þennan mann eins konar »skottulækni«, en það hlýtur þá að vera í alveg sjerstökum skilningi, þar sem þessi maður hefir þó gengið undir eins konar próf hjá dýralækni í Noregi.

Svo hafa menn sett fyrir sig afleiðingarnar, sem þessi fjárveiting kynni að hafa í för með sjer, að þá kynnu fleiri óstúderaðir eða hálfstúderaðir dýralæknar að sækja um líkan styrk. En ætli þá væri hundrað í hættunni, þó svo færi? Afleiðingin yrði ekki önnur en sú, að þingið yrði þá í hverju einstöku tilfelli að meta verðleikana og þörfina.

Þá er breyt.till. mín og annara á tölulið 106 um styrkveiting til Jóns Ólafssonar. Nefndin hefir stungið upp á að veita honum styrk til útgáfu mánaðarrits; en vjer höfum lagt til að veita honum 1000 kr. styrk til ritstarfa, sjerstaklega til að vekja eptirtekt á Íslandi í útlendum blöðum.

Það vakti fyrir oss, að ekki væri svo brýn þörf á slíku mánaðarriti, þar sem vjer höfum bæði »Eimreiðina« og »Bókasafn alþýðu«. Auk þess væri líklegt, að slíkt rit seldist svo, að ekki væri þörf á að styrkja það, sízt í svona stórum stýl. Jeg hefði nú getað fellt mig vel við að þessi styrkur, sem vjer stingum upp á, hefði verið til ritstarfa yfirleitt; en þetta varð nú ofan á, að haga því, sem í tillögunni er gert. Það er og kunnugt, að maðurinn er sjerstaklegur hæfileikamaður, sem er vel verður þess að njóta styrksins, meðal annars sjerstaklega sem skáld; jeg hef opt lesið kvæði hans mjer til ánægju, og þykir leitt að hann hefir ekki meira ort.

Gagnvart tillögu h. þm. Vestm. (V. G.) í sömu átt, skal jeg geta þess, að vjer álítum enga þörf á að hlutaðeigandi sigldi til útlanda, enda hefði styrkurinn þá verið alveg ónógur; en á hinn bóginn getum vjer allir skilið, hverja þýðingu það gæti haft t. d. fyrir stjórnarbaráttu vora, ef af og til birtust greinir í útlendum blöðum, til að vekja athygli Dana á stjórnarskrárbaráttu vorri, og reyna að sannfæra þá. Auk þess er og kunnugt, hve margt er rangfært um land vort og þjóð í útlendum ritum, og getur sumt af því

einatt orðið oss til tjóns, og það getur opt orðið mikilsvert fyrir oss að fá útbreiddar rjettari hugmyndir um oss og land vort. Ef vjer viljum vera og heita sjerstök þjóð, verðum vjer að gera nokkuð til þess að vekja athygli á oss. Jeg vil því skjóta því til h. þm. Vestm. (V. G.), hvort hann vill ekki samlaga sig við oss, og mætti þá vel til næstu umræðu gera einhverja breytingu á upphæðinni.

Þá vildi jeg fara nokkrum orðum um breytingartill. *mína og* h. 2. þingm. Rangv. (Þórðar G.) við tillögu fjárlaganefndar um styrk til Björns á Álafossi. H. nefnd leggur það til, að honum verði gefnar af landssjóði 1000 kr., til þess að kaupa nýjar vjelar. Við, sem höfum gert breytingartill. við þetta, viðurkennum fyllilega, að þessi atvinnugrein sje þess verð, að hún sje styrkt; en við álítum ekki viðeigandi nje rjett, að gefa manni fje úr landssjóði í þessu skyni, við álítum ekki rjett, að þessu fyrirtæki sje gert hærra undir höfði en öðrum, — t. d. íshúsum, jarðabótum, þilskipaveiðum og öðrum þeim fyrirtækjum, sem veittur er kostur á láni til með vægum kjörum.

H. framsögum. (J. J.) sagðist hafa talað við styrkbeiðanda í dag, og sagði að hann vildi heldur aðhyllast tillögu fjárlaganefndarinnar, *og skal mig* ekki furða það. Mjer þykir það ofur-eðlilegt, að maðurinn vilji heldur fá 1000 kr. að gjöf, heldur en að fá lán, þótt með vægum kjörum sje, og álít jeg því, að þetta geti hvorki stutt tillögu h. nefndar nje verið í móti breytingartill. okkar. Jeg verð líka að taka það fram, að ef þessi atvinnugrein getur ekki staðizt með því að fá lán með svo góðum kjörum, sem hjer eru boðin, þá verður það að álítast vafasamt, hvort hún er þess verð, að vera styrkt.

Þá skal jeg minnast á breytingartill. h. þingm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) um að veita Sigurði Jónssyni 800 kr. styrk til að fara utan og kynna sjer tilbúning hreyfivjela. Þessari breytingartill. verð jeg fyrir mitt leyti að vera mótfallinn af því, að jeg vefengi að slíkur styrkur geti komið að tilætluðum notum, þar sem þessi maður er hniginn að aldri; ef styrkur væri veittur í þessu skyni, þá væri því sönnu nær að veita hann ungum manni. Það, sem við þurfum með, er ekki einn maður, sem hefur nasað í þetta, heldur þurfum vjer mechaniskt verkstæði, — sjerstaklega þegar það fer að tíðkast að brúka hjer gufuskip, því eins og nú stendur eru menn í vandræðum, ef eitthvað bilar í skipi. Vestanlands hafa menn orðið að leita til hvalveiðamannanna, sem hafa haft með sjer mann, sem kann til slíkra hluta.

Slíka verkstofu eigum vjer að fá, og það sem fyrst, en ekki gera okkur ánægða með annað eins kák og þetta.

Hvað snertir þá fjárveitingu nefndarinnar að veita nokkurt fje til láns til þilskipakaupa, þá er jeg fyrir mitt leyti í vafa um, hvort rjett sje að binda fjárveitinguna þeim skilyrðum, sem nefndin fer fram á; jeg álít heppilegast að binda að minnsta kosti ekki alla upphæðina, sem veitt er í þessu skyni, þessu skilyrði. Og út af því, sem komið hefir fram í umræðunum hjer í deildinni, þá skal jeg taka það fram, að eptir því, sem jeg þekki til — og jeg hef fengizt við þilskipaútgerð nokkuð lengi, — þá er reyndin sú, að bændur geta ekki haldið úti þilskipum nema sjer til stórskaða. Jeg veit marga bændur, sem hafa ráðizt í þilskipaútgerð, og endirinn hefir allt af orðið sá sami: kaupmaðurinn hefir tekið skipin upp í skuldir. Þetta leiðir af verzlunarfyrirkomulaginu; arðurinn af þilskipaveiðum er ekki svo mikill með því dýra

kaupi, sem nú verður að borga skipverjum, að þilskipaeigendur geti staðið sig, ef þeir verða að sæta almennum verzlunarkjörum. Þilskipaútvegur þeirra getur ekki borið sig, jafnvel þó þeir fái betri kjör en aðrir. Það er kunnugt, að kaupmenn leggja kapp á að ná í skip í reikning og bjóða eigendum þeirra nokkuð betri kjör en öðrum: fría verkun á fiskinum, sem annars mundi kosta þá 4—5 krónur á hverju skippundi; 3 kr. meira fyrir skippund af fiski en almennt verzlunarverð er, og þar á ofan 10% afslátt af vöruút tekt. En þrátt fyrir þetta er það ekki nema í einstöku árum að kostnaður og ábati stenzt á.

Eigi bændur að geta haldið úti þilskipum, svo að þeir hafi arð af, þá verða þeir að geta sætt hinum lægstu kaupum, sem hægt er að fá í kaupfjelögunum, eða panta sjálfir vörur þær, sem þeir þurfa á að halda, frá útlöndum. Annars geta þeir ekki staðizt. — Og það er því engin fjarstæða, sem sagt var hjer í deildinni í gær, að þessi styrkur yrði til þess að ginna menn út í ófæru, því að það eru fáir bændur svo efnum búnir og svo viti búnir, að þeir geti haft þilskipaútveg á hendi. Jeg undan skil auðvitað bændur hjer á Seltjarnarnesi, og þá, sem í Útgerðarmannafjelaginu eru; þeir hafa sætt ágætum verzlunarkjörum hjá einni verzlun hjer í bænum, en slíks eru engin dæmi utan Reykjavíkur.

Það er því efamál, hvort rjett sje að útiloka alla aðra en þá, sem stunda sjávarútveg sem aðalvinnuveg, frá því að fá lán til þilskipakaupa með þeim vægu kjörum, sem hjer er gefinn kostur á. Úrlausn þeirrar spurningar veltur á því, hvort menn álíta það gagnlegt að þilskipum fjölgi, eða ekki. Og jeg segi fyrir mig, að jeg álít það mjög gagnlegt, jeg álít þilskipaútgerð mjög gagnlega, sökum hinnar miklu atvinnu, sem þilskipin veita. Orsökin til þess, að fólki hefir svo mjög fjölgað á Ísafirði, er einmitt hin mikla atvinna, er af þilskipaútgerðinni leiðir. Sú atvinna er yfir höfuð góð atvinna, auðvitað að undanskildum þeim verzlunarkjörum, sem henni fylgja sumstaðar. En það er samt betra fyrir menn að fá atvinnu, þó ókostir fylgi, en að vera atvinnulausir, og auk þess fæst einmitt atvinna við ýmislegt varðandi þilskip að vetrinum, þann tímann, sem aðra atvinnu er ekki að fá, seglasaum og fleira þess háttar, og þó það sje ekki mikið, þá framfleytast nokkrar fjölskyldur við það.

Fyrir landið í heild sinni er það hagur að þilskipum fjölgi, og því er það ekki rjett gert af þinginu að einskorða lánskostinn við þá eina, sem hafa sjávarútveg að atvinnuvegi. — Þetta mætti ef til vill lagfæra við 3. umræðu á þá leið t. a. m., að helmingur þessa fjár sje ætlaður bændum ellegar bændur verði látnir ganga fyrir, en hinir ekki útilokaðir.

Ræða h. þm. Strand. (Guðj. G.) í dag var að mínu áliti óheppileg, þar sem hún virtist ganga í þá átt að ekkert bæri að gera fyrir eflingu sjávarútvegsins, vegna þess að það drægi frá landbúnaðinum; en þá stefnu held jeg að þingið muni ekki taka, og megi ekki taka, heldur eigi það að styrkja hvorntveggja atvinnuveginn jöfnum höndum. Reynslan mun skera úr því, hvor betur borgar sig á síðan.

Viðaukatill. 122. á atkvæðaskránni um styrk til gufuskipa get jeg ómögulega gefið atkvæði mitt; og það af þeirri ástæðu, að jeg álít að styrkurinn sje svo óverulegur, að hann hafi enga verulega þýðingu; en á hinn bóginn gæti jeg verið með því að ætla á fjár-

lögunum nokkra upphæð, t. a. m. 60 þúsundir króna, og gefa mönnum kost á láni með vægum kjörum, til dæmis þriðjungi kaupverðs; því enda þótt það sje rjett, sem h. 1. þm. Arn. (Tr. G.) tók fram, að þilskipin veittu fleiri mönnum atvinnu, en gufuskip mundu gera, þá ber þó þess að gæta, að gufuskip bera meira að landi, aflinn á þau er meiri, útflutningstollur af fiski þess vegna meiri, og atvinna við fiskiverkun miklu meiri.

Þá er loks viðaukatillaga um að verja allt að 30,000 kr. úr viðlagasjóði til lánveitinga handa einstökum mönnum til að gjöra jarðabætur, sem jeg ásamt nokkrum öðrum er flutningsmaður að. Eins og kunnugt er, liggur fyrir bænarskrá frá einum búanda úr mínu kjördæmi um slíkan styrk; og jeg álít æskilegt að bændur gætu fengið lán til jarðabóta með vægum kjörum. Það fje, sem lagt er í jarðabætur, er ekki svo fljótt að bera arð, að bændur geti staðið sig við að endurborga lán til þessa á 10 árum; hve erfitt það veitir, sjest bezt af því, hve opt bankinn hefir orðið að ganga að jarðarveðum. Það er því lífsspursmál fyrir landbóndann að fá lán til langs tíma.

Annars væri það heppilegast að hjer yrði stofnuð Kreditforening, lánsstofnun, sem gæti lánað gegn veði í jörðum; en það er engin von til að hún komist á stofn í bráð, og því er það nauðsynlegt, að veitt sje lán til þessa úr viðlagasjóði í þetta skipti. Það gæti líka orðið hvöt fyrir þingið að koma þessari lánsstofnun sem fyrst á fót. Tryggingin fyrir því, að láninu sje eigi varið til annars en jarðabóta, held jeg sje fullnægjandi, því það sem h. þm. Strand. (Guðj. G.) sagði um það í dag er útúrsnúningur, því hjer geta auðvitað ekki komið til greina neinar eldri jarðabætur. — Honum þótti lánið koma ójafnt niður, þar sem ekki gætu aðrir fengið það en þeir, sem jarðarveð hafa. Það væri og auðvitað heppilegast, að aðrir gætu einnig notið þess, t. d. leiguliðar, — en hver vill yfir höfuð lána efnalausum mönnum? Það væri gaman að heyra tillögur h. þm. Strand. (Guðj. G.) um það, svo drýgindalega sem hann ljet. Það er opt notuð sjálfskuldar-ábyrgð, þegar menn þurfa að fá lán, en þegar talað er um lán til 28 ára, þá er sjálfskuldarábyrgðarlán mjög óhentugt; því ef annar ábyrgðarmaðurinn deyr á því bili og lántakandi getur ekki fengið annan í staðinn, þá er strax gengið að honum og hann krafinn um allt lánið.

Jeg held að jeg hafi nú nefnt allar þær breytingartill., sem jeg er við riðinn, en jeg skal enn minnast á eitt atriði. H. framsögum. (J. J, 2. þm. Eyf.) andmælti fyr í ræðu sinni þeim ummælum h. 1. þm. Eyf., að það væri óviðfeldið að hafa þessar mörgu fjárveitingar á 13. gr. C., og að heppilegra væri að fela stjórninni að ráðstafa nokkru fje í þessu skyni. Ástæðan til þess að þingið hætti að veita stjórninni fje til vísindalegra og verklegra fyrirtækja var sú, að þingið treysti ekki stjórninni til að verja því heppilega, og jeg sje ekki enn ástæðu til að fá henni meira fje í hendur, en minnst verður komizt af með; og þar sem h. 1. þm. Eyf. (J. J.) sagði, að það væri siðspillandi fyrir þingið að hafa þessar fjárveitingar á hendi, þar sem þeir, er færu með fjárbónum, reyndu að hafa áhrif á þingmenn, þá vil jeg segja, að ekki sje það betra að safna kringum stjórnina hóp af smjaðrandi bitlingamönnum. Nei! Þá vil jeg heldur eyða 2—3 dögum af þingtímanum til þess að skipta þessu fje, heldur en að auka áhrif þeirrar stjórnar, sem jeg vildi miklu fremur rýra.

Landshöfðingi: Það hafa tveir af lögfróðum mönnum deildarinnar látið þá skoðun í ljósi, að presturinn í Bjarnanesi, Þorsteinn Benidiktsson, eigi lagalegt tilkall til 150 kr. uppbótar á ári, fyrir tekjumissi, sem er þannig tilkominn, að þegar prestaskipti urðu seinast í brauðinu, þá var sá fráfarandi prestur látinn halda Bjarnanesumboðinu.

Jeg get ekki kannazt við að Þorsteinn Benidiktsson hafi lagalegan rjett til þess fjár. Jeg þekki engan úrskurð, sem gefur prestinum í Bjarnanesi rjett til þessarar tekjugreinar. Það hefir verið skírskotað til brauðamatsins, en jeg held að enginn muni kannast við að landssjóðurinn sje skyldur til að ábyrgjast prestum allar þær tekjur óskertar, sem auglýstar eru í brauðamatinu; sú tekjuupphæð, sem þar er auglýst, er að eins til upplýsingar, en hefir enga skuldbindingu fyrir landssjóð í för með sjer.

Það stendur svo sjerstaklega á með þessa tekjugrein, að umboðið, Bjarnanesumboð, hefir verið falið prestunum í Bjarnanesi, en að landsstjórnin sje þar fyrir ætíð skyldug til að trúa prestinum í Bjarnanesi fyrir umboðinu, hver sem hann svo er, það nær engri átt. Ef landsstjórnin trúir ekki einhverjum Bjarnanespresti fyrir því, eins og hjer á sjer stað, þá fær hún það einhverjum öðrum í hendur. Mjer finnst presturinn ætti að fara í mál, og jeg fyrir mitt leyti vildi óska þess, svo að dómstólunum gæfist færi á að skera úr þessu, og jeg álít fullkomna ástæðu til þess að veita honum gjafsókn, en að veita honum fje úr landssjóði án dóms og laga álít jeg ekki rjett.

Jeg hefði ef til vill ástæðu til þess að minnast á fjáveitinguna til skólanna, sjerstaklega þær niðurfærslur á námsstyrkjunum, sem farið er fram á af h. þm. Vestm. (V. G.), en það hafa þegar margir talað um þær og lýst yfir þeirri skoðun, að rjettara væri að láta það haldast, sem tiltekið er í frv. stjórnarinnar. Jeg get sjerstaklega skírskotað til ummæla h. 1. þm. G.-K. (Þ. Th.); þau rök, sem hann flutti fyrir því að nauðsyn bæri til að hækka námsstyrkinn við læknaskólann, álít jeg alveg fullnægjandi.

Það var sjerstaklega sagt um prestaskólann, að hækkun á námsstyrk við þann skóla mundi laða menn til þess að ganga á þá stofnun, þó að ekki væri þörf á að fleiri gengju á þann skóla, þar sem svo margir kandidatar, bæði frá háskólanum og prestaskólanum, væru embættislausir, og því mundi sú raunin verða á, að hjer væru alin upp prestaefni handa Vesturheimi.

Jeg skal í því tilliti taka fram, að forstöðumaður prestaskólans hefir í skjali, sem hann hefir sent mjer, ljóslega sýnt fram á að nauðsynlegt væri, að aðsókn að skólanum ykist; það kunna að vísu að vera kandídatar í guðfræði brauðlausir, en það tjáir ekki að fara eptir því eingöngu. Það má eptir útreikningum, sem lector hefir gert og sent mjer, sjá, að til þess að brauð væru ekki prestlaus þyrftu 5—6 kandídatar að skrifast út árlega af prestaskólanum, og til þess að prestaefni væru alltaf til taks, þyrftu 15—18 nemendur að vera á skólanum á hverju ári, þar sem námstíminn er nú 3 ár, og við það er námsstyrkurinn miðaður, eins og hann er tiltekinn í frumv. stjórnarinnar. Og jeg hef vonir um að sú upphæðin verði samþykkt.

Viðvíkjandi námsstyrknum við læknaskólann þarf jeg, sem sagt, ekkert að taka fram í viðbót við orð h. 1. þm. G.-K. (Þ. Th.). En í umræðunum um námsstyrk á læknaskólanum hafa komið fram tvær sundurleitar skoðanir, sem sanna málsháttinn gamla: »Sínum aug-

um lítur hver á siltrið«, nefnilega um ágæti þeirra lækna, sem numið hafa og tekið próf á háskólanum, og um þessa lækna var það að einn þingm., jeg ætla að það væri h. þm. Vestm. (V. G.), tók það fram, að það væri föst regla hjá stjórninni að láta þá ganga fyrir öðrum, og áleit það alveg rjett, en það áleit h. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) hina mestu rangsleitni! Ja, hvor hefir nú rjettara fyrir sjer? Það rjetta liggur ltklega mitt á milli hjer eins og annars, en þó get jeg ekki sagt, að stjórnin hafi beitt neinu ranglæti í skipun læknaembætta.

Hvað latínuskólanum viðvíkur, þá flytur h. þm. Vestm. (V. G.) breyt.till. við þá upphæð, sem stjórnarfrumv. tekur til að veitt verði til námsstyrks við skólann, og ímynda jeg mjer að hann standi einn uppi með hana. Jeg er á þeirri skoðun, að ekki sje fært að færa styrkinn lengra niður. Fyrir nokkrum árum var hann 8000 kr. og var þá lækkaður; en þá var það tekið fram, að styrkurinn skyldi ekki burtu falla, heldur ætti að lækka hann hóflega, og þá var hann fyrst færður niður í 6000 en síðan 5000 kr., en, að styrkurinn verði færður lengra niður, álít jeg ekki æskilegt.

Þá er enn breyt.till. um að leggja fje til Bræðrasjóðsins úr landssjóði, 1000 kr. á ári; jeg get nú ekki verið því samþykkur; til sjóða, sem stofnaðir eru með samskotum, álít jeg ekki rjett, nema með einstaka undantekning ef til vill, að leggja fje úr landssjóði. Það gæti líka gengið nokkuð langt. Hví ætti þá ekki eins að styrkja Systrasjóðinn? Og mundi það þá ekki þykja skylt að landssjóður styrkti Menningarsjóð nemenda á Möðruvöllum? Eða Prestekknasjóðinn? Það mun vera margra manna skoðun, að rjett sje að leggja úr landssjóði til þess sjóðs. Jeg verð að halda því fram, að það sje ekki rjett að leggja fje úr landssjóði til þessara sjóða, sem stofnaðir eru með frjálsum samskotum.

Að námsstyrknum við latínuskólann sje ranglega útbýtt hefir verið vendilega hrakið. Og í því tilliti get jeg látið mjer nægja að vísa til þess, sem h. 1. þm. G.-K. (Þ. Th.) tók fram, að sú tilhögun, sem nú væri á úthlutun námsstyrksins, veitti fullkomna tryggingu fyrir að ekkert ranglæti kæmist þar að.

Í sambandi við þetta skal jeg minnast á, að því hefir verið farið fram hjer í deildinni að brotin væru lög á þeim, sem tækju inntökupróf við latínuskólann, með því að heimta af þeim próf í latneskum stíl.

Jeg get ekki kannazt við, að þetta sje rjett hermt; að gera latneskan stíl hef jeg ávallt skilið svo, að væri sama sem að snúa samanhangandi íslenzku lesmáli í samanhangandi latneskt lesmál. Það var gert hjer áður, allt fram að 1870, en síðan nýja reglugjörðin kom, hefir stílagerð ekki verið heimtuð við inntökupróf. Það, sem heimtað hefir verið, er að eins að stuttum setningum, svo sem 5—6 orð, sundurlausum sje snúið á latínu. Um að það sje ólöglegt, get jeg ekki kannazt við; það stendur í reglugjörðinni að reyna skuli inntökusveina í aðaðatriðum hinnar latnesku málmyndalýsingar; kennarar eiga að prófa, hvort svo sje, — en hvort það er gert með munnlegum spurningum eða skriflegum, hvort þeir eiga að svara þeim munnlega eða með penna og pappír, það er alveg sama, nema hvað piltarnir hafa lengri umhugsunartíma, ef þeir svara skriflega, og standa þannig betur að vígi, heldur en ef þeir væru spurðir munnlegum spurningum.

Það er eins um aðalgreinir talna-

fræðinnar; það er ekkert talað um í reglugjörðinni, að spurningum í þeirri grein skuli svarað munnlega. Það er vanalega gert með krít; en þó að það væri gert með penna, þá væri það ekki móti lögum.

Að því er landsbókasafnið snertir, skal jeg vera stuttorður. Það lá í orðum h. þm. Vestm. (V. G.) að hinir núverandi starfsmenn safnsins væru óhæfir til þess, og vil jeg algerlega mótmæla því. Þeir hafa báðir góða hæfilegleika og eru samvizkusamir menn. Það er heldur ekki að búast við því að h. þm. sje þetta svo kunnugt, að hann geti rökstutt ummæli sín, því hann kemur ekki til landsins nema annaðhvort ár, og hefir þá annað að starfa en að ganga á landsbókasafnið. Hann sýndi einnig ókunnugleik, þar sem hann var að tala um fyrirkomulagið á stjórn landsbókasafnsins, t. d. þar sem hann sagði um þá 5 manna nefnd, er stjórnar safninu, að hún bætti sjálf við sig, ef einhver gengi úr. Þetta er ekki rjett, því það gera stiptsyfirvöldin, þótt þau stundum fyrir kurteisis sakir beri það undir nefndina og láti hana ráða, og er þá venjulega kostað kapps um að fá sem fjölfróðastan mann í hana. H. þm. Vestm. (V. G.) sagði ennfremur, að bókavörður ætti að ráða bókakaupum til safnsins, og hafa sjer við hönd erlendar bókaskrár til að kaupa eptir. Þetta er líka tilfellið, þó hann kannske opt kunni að bera það undir nefndina. Þetta veit jeg frá nefndinni sjálfri. Það vill svo illa til, að sá eini embættismaður úr nefndinni, sem á sæti hjer í deildinni, situr ekki á þingbekkjunum heldur í forsetasætinu, og getur því ekki tekið til máls. Um fjárveitinguna til safnsins finn jeg því ekki ástæðu til að tala frekara.

Undir tölulið 103 hefir komið stór niðurskurður frá fjárlaganefndinni. Hún hefir skorið niður 5 liði. Jeg verð að vera á sama máli og h. þm. Ísf. (Sk. Th.) að því er snertir 19. og 20. lið í stjórnarfrumv., að ekki sje rjett að strika þá út. En einkum er jeg á móti nefndinni, er hún strikar út styrkinn til Otta Guðmundssonar, og ekki síður á móti breyt.till. þeirri, er hún hefir sett í þess stað. Jeg hef talað við mann úr Útgerðamannafjelaginu og hann hefir sagt mjer, að þar hafi aldrei komið til tals að styrkja útlendan skipasmið til að setjast hjer að, en það hefir aptur á móti óskað þess að styrkja efnilegan innlendan skipasmið til utanfarar. Mjer finnst því þetta fara allt í öfuga átt: að hafna efnilegum innlendum manni, sem kostur er á, en vilja í þess stað sækja eptir erlendum skipasmið. Menn úr Útgerðarmannafjelaginu hafa sagt við mig, að þeir ekki einu sinni vildu nota þessar 500 kr., því ef þeir fengju erlendan skipasmið, sem að eins hefði lært þá iðn, þá yrðu þeir annaðhvort að geta veitt honum vissa atvinnu allt árið, eða þá að fjelagið styrkti hann að vetrinum til, er ekki væri kostur á að stunda skipasmíðar. Aptur á móti er allt öðru máli að gegna með þann mann, sem hjer er að ræða um, því hann getur fengizt við hvaða smíði, sem vera skal, og er það allt jafnvel lagið. Jeg vildi óska að menn hugsuðu sig vel um, áður þeir fella þennan 21. lið stjórnarfrv.

Jeg get verið samþykkur viðaukatill. undir tölulið 108 á atkv.skránni, um að veita styrk til 2 manna til að fara á fiskisýninguna í Björgvin. En mjer finnst styrkurinn of lítill. Jeg álít ónóg að veita Bjarna Sæmundssyni 500 kr. til þessarar farar, því förin getur ekki komið að gagni með svo litlum styrk; 500 kr. gætu máske nægt

handa hinum manninum, en handa Bjarna álít jeg ekki minna en 800 kr. geta nægt.

Sama finnst mjer brenna við með ýmsa aðra smástyrki hjá nefndinni.

Fjárveitingunni undir tölulið 117 er jeg samþykkur í raun og veru, en mjer finnst byggingin mjög óákveðin. Þm. geta ekki gert sjer glögga hugmynd um, hvernig þetta hús ætti að vera eða hvað mikið það ætti að kosta. Jeg get ekki sjeð, hvernig allt það, sem til er tekið, ætti að komast þar fyrir. Mjer finnst nóg að hafa þar banka, pósthús og söfnin.

Að því er snertir styrk til þilskipakaupa, þá hallast jeg að breyt.till. h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.). Mjer finnst ekki ástæða til að binda þennan styrk við þá eina, sem hafa sjávarútveg að aðalatvinnuvegi, því það finnst mjer ekki koma málinu við. Það atriði, sem jeg legg áherzlu á, er að efla þilskipaútveg, hverjir svo sem reka þá atvinnu, því hann veitir mörgum vinnu bæði við fiskverkun og annað, og mundi bágt ástand í Reykjavík eptir fyrirfarandi ár, ef menn ekki hefðu notið góðs af þilskipunum. Mjer finnst landssjóði mega standa á sama, hvort sá, sem lánið fær, er ríkur eða fátækur, að eins að þilskipaútvegurinn aukist.

Jón Þórarinsson: Margt af því, sem jeg vildi segja, hefir þegar verið tekið fram, og vil jeg því að eins halda mjer við fá atriði.

Jeg vil þá fyrst minnast á latínuskólann. Sjómannaskólinn á svo góðan talsmann í stjórninni, auk margra velunnara í deildinni, að jeg þarf ekki að tala mikið um hann. Jeg skal að eins geta þess, að jeg mun greiða atkvæði með þeirri upphæð, sem stjórnin stingur upp á til skólahússbyggingar. Það er svo langt frá því að mjer þyki hún of lág, að jeg tel hana þvert á móti óþarflega háa. Stjórnin hefir lagt til að veitt yrði töluvert fje til skólahússins utan og innan. Í þessari upphæð er fólgið fje til að byggja nýtt leikfimishús. Mjer þykir upphæðin heldur lág, því hjer þarf miklu til að kosta, fyrir utan að reisa nýtt leikfimishús og kaupa áhöld til leikfiminnar. Borð og bekkir í skólanum eru allsendis óhæfileg, og svara að engu leyti til þeirra krafa, sem á vorum tímum eru gjörðar til skólaáhalda, og þyrfti nauðsynlega að endurnýja þau. Jeg er ekki með því að breyta svefnloptunum í lestrarstofur, og mætti verja því fje til annara aðgerða. Jeg er með því að afnema heimavist lærisveina algerlega, því jeg get ekki sjeð að neitt sje unnið við að halda piltum við lestur í sjálfum skólanum, að eins nokkra tíma á degi hverjum, úr því að þeim er ekki ætlað að hafa þar svefnherbergi. Aptur vona jeg að sá tími komi, að svefnloptin, sem nú eru, og sem gert er ráð fyrir að verði eptirleiðis lestrarstofur, verði höfð fyrir skólaiðnaðar-kennslustofur. Jeg treysti því, að sú kennsla verði innan skamms framin í latínuskólanum, og væru svefnloptin hentugar kennslustofur til þess.

Um ölmusurnar hef jeg ekki neitt að segja; þó álít jeg að skólinn biði ekki neitt tjón af því að þær væru enn lækkaðar. Um 6. lið í stjórnarfrumv. sagði h. þm. Vestm. (V. G.), að húsaleigustyrkur sá, er þar væri farið fram á, væri svo lítill að engan drægi um, og er jeg honum samdóma um það.

Ennfremur vil jeg drepa á 13. lið stjórnarfrumv. Það þykir sumum máske undarlegt að jeg, sem á undanförnum þingum hef verið meðmæltur styrk til leikfimiskennara latínuskólans til utanfarar, skuli nú vera móti því, að ungum og efnilegum pilti sje veittur utanfararstyrkur til að nema leik-

fimi. Jeg get heldur varla greitt atkvæði með því að leikfimiskennaranum við latínuskólann sje veittur þessi styrkur. En það kemur til af því að mjer þykir fjárlaganefndin hafa fært styrkinn of mikið niður, svo að hann verði þýðingarlaus. Þó er einnig önnur orsök, sem stuðlar til þess, og hún er sú, að nú er að koma fram beiðni frá manni, sem hefir gengið í enskan skóla, um styrk til að koma hjer á enskri leikfimi, en þessi beiðni kom of seint til að ganga til fjárlaganefndarinnar. Jeg legg til að beiðni hans komi til greina við 3. umr. og mun jeg koma fram með breyt.till. í þá átt, með því að jeg álít enska leikfimi hina heppilegustu fyrir líkamann, og er enginn, sem til þekkir, í efa um það, að hún hefir átt mikinn þátt í að hefja hina ensku þjóð til þeirrar fullkomnunar, sem hún hefir náð.

Svo skal jeg líka minnast á aðra skóla. Um sjómannaskólann þarf jeg ekki að tala, því hann hefir ávallt átt svo góða stoð hjá stjórninni og þinginu, að það er óþarfi fyrir mig að styðja hann með orðum mínum. Að eins skal jeg geta þess, að þær 17,000 kr., sem h. fjárlaganefnd vill verja til skólahússins eptir uppástungu stjórnarinnar, álít jeg meira en nóg, og þann kostnað vil jeg ómögulega hækka upp í 19,000 – 20,000 kr. eins og aðrir hafa stungið upp á, því jeg álít að jafnvel 10,000 kr. væri nægilegt fje til að byggja sómasamlegt og nógu stórt hús handa þessari stofnun.

Þá skal jeg minnast á kvennaskólana. H. þm. Skagf. (Ól. Br.) ympraði á tillögu einmitt í þá átt, sem jeg álít heppilegt að breyta kvennamenntuninni í hjer á landi. Jeg hefi fyrir nokkrum árum ympað á þessu sama, en þá var það tekið illa upp fyrir mjer. Mjer er þess vegna ljúft að styðja þá skoðun h. þm. Skagf., að aðgreina hina bóklegu menntun kvenna frá hinni verklegu, og jeg vil sameina bóklega menntun kvenna og karla og þannig spara fje. Jeg hefi haft þá ánægju og æru líka, að vera prófdómari við kvennaskólann í Reykjavík, og sú frammistaða, sem jeg heyrði þar, sýndi mjer ljóslega, að hin bóklega fræðsla var fjarska lítils virði. Aptur var hin verklega kennsla í ágætu lagi og vinnan mikil.

Annar þingdm. hefir lagt það til að kvennaskólarnir á Norðurlandi fengi því að eins styrk, að kennslan þar yrði færð í practiska átt. Jeg er með því líka. Jeg veit að sumir segja, að það geti verið óhollt að hafa karlmenn og kvennmenn saman við kennslu. Jeg veit að það eru til gamlir karlmenn og gamlar konur, sem ekki geta unað við að sjá unga karlmenn og unga kvennmenn sitja saman á skólabekkjunum, En það þætti mjer undarlegt, ef menn almennt ekki gætu komizt í skilning um, að til þess að fyrirbyggja allt ósæmilegt í sambúð karla og kvenna sje bezta ráðið það, að lofa þeim að tala saman, vinna saman og læra að bera virðingu hvert fyrir annars tilfinningum. Jeg hefi líka haft þá æru að hafa saman kvennmenn og karlmenn í mínum skóla. Nú síðast voru 7 stúlkur í Flensborgarskóla, sem tóku þátt í kennslunni með karlmönnunum, og jeg get sagt það, að þar bar alls ekki á neinu leiðinlegu fyrir skólann; þvert á móti hefi jeg reynslu fyrir því, að þessi sambúð karla og kvenna á skólum hafi góð áhrif á hvorttveggja. Kvennfólkið hefir t. d. það gott af þessu, að það verður einurðarbetra og upplitsdjarfara, og það veitir sannarlega ekki af að lypta því upp í þessu tilliti, því það er

sannast að segja, að kvennmenn kunna ekki að heilsa karlmanni á götu. Þeir líta ekki upp, tala ekki orð og taka ekki undir kveðju, fæstir af þeim. Þetta ætti þó að vera hægt að laga, og eitt ráðið til þess er það, að kenna þeim á skólum að umgangast skólabræður sína einarðlega, en þó siðlega og kurteislega.

Þá skal jeg minnast á einstaka liði og fylgja í því atkvæðaskránni. H. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) stingur upp á því, að cand. Boga Melsteð verði nú veittur styrkur til að gefa út sögu Íslands, sem hann hingað til hefir þegið styrk til að safna til. Jeg er þessu alveg samdóma, því jeg álít tíma til kominn að þessi maður fari nú að láta sjá eitthvað frá sjer. Jeg er líka viss um, að hann er nú undir það búinn að láta eitthvað koma út, því hann er iðju- og reglumaður, sem ekki hefir sóað tíma sínum í óþarfa.

Hjer er líka annar maður nefndur síðar, sem stungið hefir verið upp á að styrkja. Jeg hefði ekkert á móti því að láta hann fá tvöfalt það, sem stungið er upp á, því auk þess, sem hann er stakur sóma- og reglumaður, þá hefir hann þegar sýnt dæmalausan ávöxt iðju sinnar.

Þá hleyp jeg yfir alla þessa rímara, sem sumir vilja honorera með skáldalaunum, og yfirlæt öðrum að slást um þá.

Þegar jeg svo kem að tillögunni um 500 kr. styrk á ári til Geirs kennara Zoëga, þá er vandi úr vöndu að ráða, úr því maður hefir áður látið þá skoðun í ljósi, að fylgja ætti þeirri reglu, að veita ekki styrk til annara starfa en þeirra sem árangur sæist af. En af því, að mesta þörf er á þessari orðabók, og kennari þessi hefir þegar sýnt að hann er vel fær um að leysa þetta starf vel af hendi, þá mun jeg greiða atkvæði með þessari fjárveitingu. Hann er heldur ekkert hátt launaður, þessi maður, því hann hefir víst ekki nema tvö þúsund og fjögur hundruð krónur í laun, og svo hefir hann nóg annað með frístundir sínar að gjöra en að semja orðabók, ef hann fær ekki styrk til þess.

Þá vil jeg minnast á tillöguna undir 103. tölul. Hæstv. landsh. hneykslaðist á því, að nefndin vildi veita útgjörðarmannafjelaginu við Faxaflóa styrk að fá hingað erlendan skipasmið; en þessari till. er jeg fyrir mitt leyti fullkomlega samþykkur, því hún fer alveg í sömu átt, sem jeg hefi opt haldið fram. Jeg vil heldur fá hingað heim duglegan útlendan skipasmið, er getur kennt hjer út frá sjer, heldur en senda út mann til að dvelja erlendis við skipasmíði í nokkra mánuði, og það þó það sje lagtækur maður, eins og jeg veit að hr. Otti Guðmundsson er. Jeg hefi sjeð íslenzka menn vinna að skipasmíði, og jeg hefi líka sjeð útlenda skipasmiði vinna hjer, og verð jeg að segja að það er tvennt ólíkt og mikið fje í milli gefandi. Svo vil jeg líka benda á annað, sem sýnir að heppilegra er að fá útlenda skipasmiði en senda út innlenda menn, og það er það, hvernig gengið hefir með þá menn, sem sendir hafa verið út til að læra handiðnir. Við höfum áður sent út mann til að læra skipasmíði. Hann lærði að vísu þessa iðn, en gaf sig svo aldrei neitt við henni, og nú hefir hann í mörg ár verið vitavörður suður á Reykjanesi. Aptur mundi útlendur maður, sem ekki hefir lagt annað fyrir sig en þessa iðn, halda sjer við hana svo lengi, sem hann dvelur hjer.

Undir 107. tölulið sjest, að nefndin vill veita vjelameistara Birni Þorlákssyni á Álafossi 1000 kr. styrk. Þessi maður hafði skrifað fjárlaganefndinni

og beðið um 2500 kr. styrk til þess að kaupa fyrir ákveðnar vjelar. Nefndin hefir nú að eins viljað veita honum 1000 kr. og sett það skilyrði fyrir þessari fjárveitingu, að hann útvegi sjer á annan hátt allar þær vjelar, sem hann hafði nefnt, og sem hann hafði gjört ráð fyrir að mundu kosta 2500 kr. Þetta skilyrði get jeg ekki fellt mig við. Því það er sama sem að segja við hann, að hann verði að leggja fram úr sínum eigin vasa 1500 kr. til þess að geta fengið þessar 1000 kr.; honum er að vísu bent á, að hann muni geta fengið það fje, sem á vantar, að láni hjá sýslufjelögum þeim, sem hafa stutt hann til að útvega sjer þær vjelar, sem hann hefir. En þetta gjörir engan mun, því hann hefir þegar lagt í vjelarnar allt sitt fje, og meira til, og þó vjelarnar sjeu nytsamar, þá gefa þær eigandanum lítinn arð, að minnsta kosti enn sem komið er. Jeg veit að nefndin segir, að það sje góður styrkur, sem hún vill veita honum, þar sem hann sje meira en $^1/_3$ af þeirri upphæð, sem vjelarnar kosta. En þegar þetta er borið saman við það fje, sem þingið hefir veitt öðrum manni, Magnúsi Þórarinssyni í Þingeyjarsýslu, sem líkt stendur á með, og það ekki sem lán, heldur sem styrk, þá sýnist ekki rjettlátt af þinginu að gjöra svo mikinn mun þessara manna. Jeg vona þess vegna, að nefndin, ef hún vill ekki hækka styrkinn, breyti skilyrðinu svo, að hann þurfi að minnsta kosti ekki að kaupa allar þessar vjelar í einu. En til þess að þetta sje hægt, vil jeg bíða h. forseta að skipta atkvæðagr. um tillöguna þannig, að skilyrðið sje borið upp sjer.

Það gladdi mig að heyra, að hæstv. landshöfðingi var meðmæltur tillögunni um styrk til fiskifræðings Bjarna Sæmundssonar og annars manns til þess að fara á fiskisýningu í Björgvin næsta sumar. Hann hafði það þó á móti tillögunni, að styrkurinn, 500 kr., væri of lágur. En jeg hefi sjálfur farið þessa ferð og veit því af eigin reynslu, að þó styrkurinn sje ekki hærri en þetta, þá munu þessir menn sáralitlu þurfa til að kosta úr sínum eigin vasa; en jeg gjöri þá auðvitað ekki ráð fyrir að þeir þurfi að ferðast á fyrsta plássi á gufuskipum eða í gufuvögnum, en geti látið sjer nægja með 2. pláss eins og jeg og mínir líkar.

Þá vil jeg að eins lauslega minnast á 120. tölul., þar sem h. þm. V. Skaptf. (G. Guðm.) leggur það til, að skilyrði það, sem nefndin vill setja fyrir lánveitingu til þilskipakaupa, falli burt; en nefndin vill að lánið veitist að eins þeim, er hafa sjávarútveg að aðalatvinnuvegi. Það er sannarlegt vandaspursmál, þetta þilskipakaupsspursmál. Jeg hefi haft mörg tækifæri til að hugsa um það, en eptir mikla umhugsun og viðtal við marga menn, sem við sjávarútveg eru riðnir, hefi jeg þó ekki getað sannfærzt um, hvort rjett sje að bjóða fram mikið lán til þilskipakaupa. Hjer kemur margt til skoðunar, og meðal annars vaknar hjá manni þetta spursmál: Hverjir eiga að kaupa skipin, hverjir eiga að eiga þau? Sumir eru á því, að það eigi að styrkja hina fátækari til að kaupa þau og vilja láta veita lánið þeim, sem bátaveiðin hefir brugðizt. En viðvíkjandi þessu spursmáli verð jeg að taka undir með h. þm. Ísf. (Sk. Th.), að það sje erfitt fyrir bændur að gjöra út þilskip, enda hafa nærri allir bændur skaðazt á þeim útveg. Jeg þekki 5 bændur hjer syðra, sem hafa byrjað á þilskipaútvegi, en þeir hafa allir orðið að hætta við hann aptur; sumir seldu skipin, en aðrir urðu að setja skipin upp í mölina og þar rotnuðu þau niður, eigandanum til stjórtjóns. Það er að eins ein sveit hjer,

sem hefir haft gott af þilskipum. Það er Seltjarnarnesið; en sú sveit hefir líka betri skilyrði fyrir þennan útveg en flestar aðrar, þar eru hafnir og kaupstaður og bændurnir sjálfir uppaldir sjómenn. Þar af leiðir ekki að allir bændur á Íslandi ættu að kaupa skip. Það gæti meira að segja orðið hefndargjöf fyrir bónda, ef landssjóður gæfi honum þilskip. Jeg segi þó ekki að það geti á engan hátt gengið, að bændur keyptu skip. Þeir geta t. d. gjört það á þann hátt, að mynda fjelög og fá svo aðalforstöðu útvegarins og framkvæmd í hendur einum manni, sem vit hefði á útgjörð, en sjálfir hafa bændur ekki vit á þeim hlutum, nema kannske einstöku maður.

Það eru enn ýmsir póstar í þessum greinum, sem mig langaði til að tala um, en jeg vil syndga sem minnst upp á náð h. þingdm., og því læt jeg hjer staðar numið.

Sighvatur Árnason: Jeg stend ekki upp til þess að rekja atkvæðaskrána, heldur að eins til að minnast á viðaukatillöguna undir 127. tölul. Sú till. gjörir ráð fyrir lánveitingu úr viðlagasjóði til jarðabóta. Jeg er í sjálfu sjer með því, að opna mönnum slík lán til jarðabóta, en jeg get ekki fellt mig við að veita lánin eingöngu jarðeigendum, því með því móti munu fæstir geta orðið lánanna aðnjótandi. Á þann hátt verða líka þeir einir aðnjótandi þessara lána, sem veitt eru með góðum kjörum, sem ekki þurfa lánanna með. Jeg vildi þess vegna helzt að h. þingd. gæti fundið upp eitthvert ráð til þess að fleiri en jarðeigendur gætu fengið þessi lán. Jeg er samdóma h. þm. Strand. (Guðj. G.) um það, að helzt ættu leiguliðar að fá þessi lán, en þeir hafa fæstir jarðarveð að bjóða. Auðvitað meina jeg það ekki, að útiloka eigi jarðeignarmenn frá þessum lánum, en jeg vil að sem flestir geti fengið þau. Mjer hefir komið til hugar að slík lán til jarðabóta yrðu veitt sýslufjelögum, og þau hefðu lánin til umráða handa hjeraðsbúum, því sýslunefndunum, sem er vel kunnugt um efnahag manna, hverri í sínu hjeraði, er vel trúandi til þess að fleygja ekki fjenu á glapstigu. Það verður að vera mögulegt að fá þessi lán með einhverju öðru móti en gegn fasteignarveði. Jeg held að sjálfskuldarábyrgð ætti að geta gengið, en þá yrði lánveitingin auðvitað að vera upp á styttri tíma en hjer er ákveðið. Ef þessari lánveitingu yrði þannig háttað, þá vildi jeg gjarnan hafa upphæðina hærri, því einar 30,000 kr. segja ekki mikið, ef á að dreifa þeim út um allt land. Það má heita smámunir til þess, það fje. Við slíka lánveitingu ætti líka að gæta þess, að veita sýslufjelögunum tiltölulega upphæð eptir því, sem háttað er með landbúnaðar- og sjávarsveitir í hverju sýslufjelagi fyrir sig, því meiningin er að þeir einir fái þessi lán, sem stunda landbúnað, og með þessu móti álít jeg gjörlegt að nefna allt að 100,000 kr., sem megi verja úr viðlagasjóði til slíkra lána og ætti landssjóður þá ekki við aðra um þessi lán en sýslufjelögin, og væru það þá ekki margbrotin viðskipti, og má segja að ábyrgð þeirra sje viss.

Úr því mönnum er annt um að styðja atvinnuvegi landsins, þá álít jeg eigi að gjöra það með verulegum krapti. Jeg gef sýslunefndunum það traust, að þær fari gætilega með það fje, sem þeim kann að verða fengið til umráða í þessu skyni, og tryggi það á þann hátt, að því sje óhætt, og sömuleiðis treysti jeg þeim til að sjá um, að unnið verði að jarðabótum, að minnsta kosti fyrir þær krónur, sem lánaðar eru. Ef slík lán væru veitt til 10 ára gegn sjálfskuldarábyrgð, eða annari góðri ábyrgð, þá atborguðust lánin á 7 árum, þegar talin

eru frá þau 3 ár, sem ætlazt er til að lánin sjeu afborgunarlaus.

H. flutningsm. tillögunnar, 2. þm. Ísf. (Sk. Th.), sagði til meðmæla því, að fleiri gætu haft not af lánveitingunni en jarðeigendur, að þeir, sem ekki ættu jarðir, gætu fengið ljeð jarðarveð. Þetta getur hugsazt, en þar sem jeg þekki til, eru menn mjög tregir á að ljá jarðir í veð, og svo er þess að gæta, að það eru æði margir af jarðeigendum, sem hafa veðbundið jarðir sínar í sínar eigin þarfir.

Með þeirri tilhögun, sem jeg hefi bent á, gætu leiguliðar haft not af þessari lánveitingu. Það getur líka verið, að finna megi fleiri ráð til að tryggja þeim lánin, enda væri það hart, ef þeim, sem hafa einlægan vilja á jarðabótum, ekki væri opnaður vegur að fje, sem gæti orðið þeim til styrktar í viðleitni þeirra, þó þeir hafi ekki jarðarveð að bjóða. En sá vegur, sem tillagan bendir á, er ekki til þess að styrkja leiguliða, og þó veit jeg þess mörg dæmi, að leiguliðar hafa engu síður vilja til jarðabóta en jarðeigendur, og þó því miður eru það fæstir jarðeigendur, sem sjá það við leiguliða sína, þótt þeir bæti ábýlisjarðir sínar.

Út af orðum h. þm. Strand. (Guðj. G.) vildi jeg taka það fram, að mjer væri kært að koma mjer saman við hann um breyt.till. við þessa viðaukatill., er færi í þá átt, að tryggja leiguliðum not af þessari lánveitingu.

Þá er það að eins einn liður á atkv.-skránni, 61. liðurinn, sem jeg vildi líka minnast á. H. 1. þm. K.-G. (Þ. Th.) rjeðst talsvert á þessar 300 kr., sem þar er farið fram á, til að styrkja prestinn á Eyvindarhólum til að byggja upp staðinn. En ummæli hans um þessa tillögu virtust mjer vera byggð á ókunnugleik á málavöxtum. Hann sagði, að óþarft væri að veita þennan styrk af því, að presturinn gæti fengið lán upp á prestakallið, eins og aðrir prestar hefðu gjört. En jeg var búinn að taka það fram, að presturinn var búinn að þreifa fyrir sjer í þessa átt, en gat ekki fengið neitt lán á þennan hátt, með því að álitið var að prestakallið gæti ekki borið slíkt lán. Það var þá fyrst, er presturinn var orðinn afhuga því að geta fengið lán, að hann snjeri sjer til þingsins með beiðni um þennan litla styrk í eitt skipti fyrir öll. Mjer er vel kunnugt um það, að brauðið er á pappírnum nálægt 1000 kr., en í reyndinni er það ekki yfir 700 kr., því jeg get fært órækar sönnur á mál mitt. Þetta brauð hefir sem sje nýlega verið gefið upp til skattskrár fyrir 700 kr., og það af manni, sem er kunnur að því að gefa rjettar skýrslur. Af þessu sjest, að þetta brauð er eitt af hinum allra fátækustu á landinu. Þegar jeg hins vegar lít á þær kringumstæður, sem liggja að því að byggja þarf upp staðinn á Eyvindarhólum, þá skal jeg geta þess, að ekki hefir hinn þjónandi prestur búið á staðnum yfir 40 ár, og er því ekki að furða, þótt staðurinn sje fallinn. Seinast bjó þar síra Magnús Torfason; hann byggði staðinn upp, og það eru þau hús, sem hann byggði, sem nú á að fara að byggja upp, og það má geta nærri að þau muni vera farin að segja af sjer nú eptir 45 ár. Ef h. þingd. verður á móti þessari beiðni, þá finnst mjer þingið ekki vel samkvæmt sjálfu sjer, því það eru ekki meira en 4 eða 5 ár síðan, að einu brauði voru veittar 200 kr. styrkur, undir sömu kringumstæðum, sem hjer ræðir um. Það var Kvíabekkjarbrauðið fyrir norðan, og sá styrkur er enn þá fylgjandi því brauði. Svo jeg vona að h. þingd. fari ekki heldur að neita um þennan litla styrk, þar sem eins stendur á. Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta mál, enda vona jeg að jeg sje búinn

að skýra það svo, að h. þingdm. geti áttað sig á því og greitt atkvæði með því.

Eiríkur Gíslason: Það er að eins ein breytingartill. (tölul. 106), sem jeg er skrifaður fyrir ásamt tveimur öðrum þingmönnum, um það að Jóni Ólafssyni sjeu veittar 1000 kr. til ritstarfa, sjerstaklega til þess að vekja eptirtekt á Íslandi í útlendum blöðum.

H. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) hefir tekið fram, hvers vegna vjer höfum komið fram með þessa breytingartill., svo að jeg þarf ekki að fara um það mörgum orðum.

Þessari upphæð þótti oss ekki þörf á til útgáfu tímarits, því að nú sem stendur höfum vjer sýnilega nægilegt af slíkum ritum, þar sem vjer höfum »Eimreiðina« og fleiri, og auk þess eru dagblöðin svo mörg, að þau geta mikið bætt úr menntunarlöngun almennings. Og þótt slíkt rit, sem hjer er um að ræða, komi út, þá mundi varla verða keypt mikið af því með því verði, sem áætlað er. — Fyrir nokkrum árum kom hjer út alþýðlegt tímarit, sem var mjög vinsælt meðal alþýðu; jeg á við tímaritið »Iðunn«; en það varð að hætta, af því að kaupendurnir voru ekki nógu margir til þess, að það gæti borið sig. Nú stendur öðru vísi á, eins og þegar hefir verið bent á; vjer höfum fleiri tímarit og ekki eins margir til þess að rita í þau, eins og menn hefðu búizt við, t. d. í »Eimreiðina«. — En vjer höfum lagt til, að styrkurinn yrði veittur á þennan hátt, og má þá búast við að hann verði að notum, þar er þessi maður er eins og kunnugt er sjerstaklega hæfilegur til að vinna að ritstörfum.

Þá eru nokkrir fleiri liðir, sem jeg vildi minnast á, og þá fyrst þeir, sem að prestaköllunum líta. Jeg býst nú við því, að þeir, nú sem áður, mæti misjöfnum og daufum undirtektum í þessari háttv. deild.

H. þingm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) hefir tekið greinilega fram ástæðurnar fyrir styrkveitingunni til Meðallandsþinga og uppbótinni til prestsins í Bjarnanesi, svo að jeg ætla mjer ekki að fara frekar út í þá töluliði. En hvað viðvíkur styrknum til prestsins á Helgastöðum, þá verð jeg að taka það fram, að þar stendur svo sjerstaklega á, að mjer finnst sjálfsagt, hvernig sem fer um hina, að þetta sje veitt til þessa prestakalls.

H. framsögum. (J. Jónss.) tók fram, hvernig til hagar, að staðarhús og töluvert af fjármunum prestsins hefðu brunnið; tel jeg því sjálfsagt, að menn vilji veita þetta.

Þá kemur 61. töluliður á atkvæðaskránni, styrkur, sem h. þm. Rangvell. vilja fá handa prestinum á Eyvindarhólum. H. framsögum. tók það fram í byrjun þessarar umræðu, að þessi styrkur væri afleiðing af því, að ekki hefði orðið af sameiningu Eyvindarhóla og Holts undir Eyjafjöllum á síðasta þingi, Jeg var þá á móti þeirri sameiningu; mjer þótti það vera að þröngva um of kosti safnaðanna, og fundust kröfur safnaðarins í Eyvindarhólaprestakalli vera á svo góðum rökum byggðar. — Þessi upphæð er ekki stór og þingm. hafa stutt beiðnina við þær ástæður, að prestssetrið væri niðurnítt og presturinn mjög fátækur. Jeg verð að leggja meira upp úr fyrri ástæðunni, því í mörg ár hefir prestssetrið verið í ábúð annara en prestsins, sem þjónaði brauðinu. — En síðari ástæðunni geri jeg minna úr, þeirri, að efnahagur prestsins sje bágborinn, því að þessi upphæð — 300 kr. — er svo lítil, að jeg sje ekki, að hún verði til mikilla nota til að endurreisa staðinn. Og hins vegar þykir mjer undarlegt, ef þetta prestakall gæti ekki

fengið lán, eins og svo mörg önnur prestaköll, og þá auðvitað meiri upphæð en þetta, svo háa, sem nauðsynlegt er.

Þá hefir verið minnzt talsvert á ölmusurnar við latínuskólann. Það er kynlegt, sem komið hefir fram bæði frá sumum bændum og h. þm. Vestm. (V. G.), að vilja lækka þessa upphæð, því að ekki verður því neitað, að einmitt þessi styrkur hefir orðið til að hjálpa mörgum fátækum efnilegum piltum til að ganga námsveginn, sem þeir ella ekki hefðu getað gengið.

H. þm. Vestm. (V. G.) bar því fyrir, að styrknum hefði stundum verið illa útbýtt; jeg skal lýsa því yfir, að jeg er alveg mótfallinn því að skerða þennan námsstyrk, til að auka Bræðrasjóðinn, þótt jeg játi að sá sjóður sje mjög gagnlegur.

Þá vildi jeg minnast á 88. tölulið, styrk þann, sem h. fjárlaganefnd hefir ætlað bókasöfnunum í Vestur-, Norður- og Austurömtunum. Hún leggur til að bókasafninu í norðuramtinu sjeu veittar 500 kr., og hverju hinna 400 krónur. Þar við hefir h. þm. A.-Skaptf. (J. J.) komið fram með breytingartill. um að færa allar upphæðirnar niður um 100 kr., og byggir hana á því, að húsnæði, þar sem bókasöfnin eru geymd, sje svo farið, að ekki sje ástæða til að auka bókakaupin að mun. Jeg er nú ókunnugur bókasöfnunum í Norður- og Austurömtunum, en þar á móti er jeg vel kunnugur bókasafni Vesturamtsins, og veit að þar skortir ekki húsrúm, og gæti jeg því óskað enn meira fjár til þess safns, enda mundi húsnæðið ekki hamla því að bókakaupin gætu þar komið að fullum notum.

Þar er setið hafa í nefndinni menn, sem eru gagnkunnugir söfnunum í öllum ömtunum, mun jeg fallast á tillögu nefndarinnar.

H. þm. Vestm. (V. G.) hreyfði því, að bókasafn Vesturamtsins væri á óhentugum stað, þar sem það væri í Stykkishólmi, og að það mundi vera betur sett á Ísafirði; h. 2. þingm. Ísf. (Sk. Th.) tók í sama strenginn í dag og áleit sjálfsagt að flytja það til Ísafjarðar, því að sá kaupstaður væri nú orðinn miklu stærri.

Jeg get nú ekki verið háttv. þingmönnum samdóma um þetta. Sje safnið á einum stað, sem ekki er heppilegt, þá verð jeg að álíta að það sje mun betur sett í Stykkishólmi en á Ísafirði, því að Ísafjörður er miklu afskekktari fyrir amtið í heild sinni. Mjer er og kunnugt um, að safnið er mikið notað ekki að eins úr Snæfellsnessýslu, heldur einnig úr Barðastrandarsýslu, Dalasýslu og enda úr vestari hluta Mýrasýslu; en hitt er mjer ekki kunnugt um, hvort það muni vera notað úr Ísafjarðarsýslu, og varla mun það mikið notað, úr Strandasýslu. Það er óheppilegt að hafa slík söfn á einum stað, og þyrfti því að skipta þeim og koma því svo fyrir, að safn væri að minnsta kosti á einum stað í hverri sýslu.

En meðan safnið er á einum stað í Vesturamtinu, verð jeg að halda því fram, að það sje betur sett í Stykkishólmi en á Ísafirði, því að þar er gott húsrúm og sem stendur góð stjórn.

Þá vildi jeg minnast á tölulið 91, breytingartill. frá h. þm. Vestm. (V. G.), um að Brynjólfi Jónssyni sjeu veittar 200 kr. til fornfræðisrannsókna hvort árið. Þeirri breytingartill. er jeg meðmæltur, því að mjer finnst að sá maður hafi átt verri kjörum að sæta en hann hefir átt skilið.

H. 2. þm. Árn. (Þorl. G.) tók fram

verðleika hans, og hversu margar ástæður mæltu með því að hann fengi styrkinn; hann hefir orðið að ferðast um sem beiningamaður og er óviðurkvæmilegt að slikt eigi sjer stað.

Þá koma skáldalauna-liðirnir, og skal jeg fátt um þá tala, en lýsi að eins yfir því, að jeg mun ekki greiða þeim atkvæði mitt. Þessar upphæðir eru svo smáar og óverulegar, að mjer finnst ekki vert að veita styrk á þennan hátt; væri jeg heldur með því að veita einu skáldi svo ríflegan styrk, að unnt væri að gefa sig eingöngu við að yrkja, því að þá mætti búast við meira árangri.

103. liður er till. nefndarinnar um styrk til Útgerðarmannafjelagsins við Faxaflóa, til að fá hingað útlendan skipasmið. Þinginu hafa nú borizt 2 bænarskrár um þetta efni, frá Otta Guðmundssyni og Bjarna Þorkelssyni í Ólafsvík, sem einnig sótti um styrk 1895 til Noregsfarar til að nema skipasmíðar, og sem að dómi kunnugra og skynberandi manna hefir ágæta hæfilegleika til slíks náms. Þar sem nú h. fjárlaganefnd hefir eigi litizt að veita Bjarna Þorkelssyni þennan þarfa styrk, hefi jeg eigi sjeð til neins að koma fram með breytingartill. um það, enda þó að mjer geti ekki blandazt hugur um að þessi styrksynjun nefndarinnar sje mjög misráðin. Annars hefði jeg miklu fremur kosið að veita innlendum mönnum styrk til utanfarar, heldur en að fallast á tillögu nefndarinnar.

Aptur á móti er jeg meðmæltur þeirri breytingartill. nefndarinnar á tölulið 107, að veita Iðnaðarmannafjelaginu í Reykjavík 500 krónur til að styrkja efnilega menn til utanfarar; jeg verð að álíta, að einmitt þessi aðferð sje rjett, því að fjelögin, sem þekkja styrkbeiðendurna, eiga auðveldara með að veita styrkinn heppilega, heldur en stjórnarvöld, sem ef til vill brestur nægan kunnugleika á umsækjendum.

Þá hefir verið talsvert rætt um 121. tölulíðinn á atkvæðaskránni, þetta 30,000 kr. lán, sem nefndin vill veita einstökum mönnum til þilskipakaupa. — Jeg get því að eins gefið tillögu nefndarinnar atkvæði mitt, að breytingartill. h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) komist að, því að það er meiningarlaust að útiloka þá, sem hafa eitthvað annað en sjávarútveg að aðal atvinnuvegi.

Sumir h. þm. hafa talið það óvíst, hvort þetta miðaði til að auka þilskipaútveginn; einkum hefir h. þm. Vestm. (V. G.) látið efa sinn í ljósi um það, hvort styrkur þessi mundi verða að tilætluðum notum: í sama strenginn fannst mjer h. 2 þm. Ísf. (Sk. Th.) taka. Jeg skal ekki neita því, að jeg hef heyrt kaupmenn vera á þeirri skoðun að þessi atvinnuvegur borgi sig ekki, nema í sambandi við verzlun. En hins vegar þykir mjer þó undarlegt, að einstakir menn fari að leggja ærna peninga í fyrirtæki, sem þeir vita að ekki getur borgað sig. Jeg verð því að álíta, að þessi skoðun hafi ekki nægileg rök við að styðjast. Og víst er um það, að margir hafa næga og góða atvinnu á vegum þeirra manna, sem halda úti þilskipum; víða eru það þurrabúðarmenn, og geta þó sjeð fyrir fjölskyldu sinni.

H. þm. Strand. (Guðj. G.) lýsti yfir því í dag, að það væri að »kippa fótunum undan landbúnaðinum« að fara að veita þetta. Þetta þykir mjer of djúpt tekið í árinni og ekki rjett. Skal jeg reyndar játa, að sú framför, sem orðin er í þilskipaútveginum, gerir landbúnaðinum talsverða örðugleika. Mjer ætti að vera kunnugt um þetta, því að margir íbúar í minni sýslu reka atvinnu sína utan sýslu á þilskipaútvegum kaupmanna,

og koma því erfiðleikarnir glögglega í ljós þar. Í Snæfellsnessýslu, einkum í vesturhluta hennar, hafa svo margir árlega nú orðið atvinnu á þilskipaútveg Vestfirðinga, og menn í landbúnaðarsveitunum eiga nær ómögulegt með að fá menn úr sjávarsveitunum í vorvinnu og um heyannir, og verður því að fá þá úr fjarlægari sveitum. En eigi að síður sje jeg ekki að það sje ástæða til að vilja ekkert hlynna að þessum öðrum aðalatvinnuvegi landsins.

Þá vil jeg að lokum minnast á br.-till. h. þm. Vestm. (V. G.) undir 101. tölulið á atkvæðaskránni, um styrk til skólakennara Geirs Zoëga til þess að semja íslenzk-enska orðabók. Þessi styrkur mætti hjer í dag sjerstökum mótmælum frá h. 1. þm. G.-K. (Þ. Th.) og þótti mjer hann fara um breyt.till. miður rjettum og sanngjörnum orðum, þegar hann var að bera þennan mann saman við aðra, sem samið hefðu orðabækur. Mjer finnst margt mæla með þessari styrkveitingu. Þessi maður hefir sýnt sjerstaka hæfileika, þar sem hann hefir samið aðra orð bók, sem að dómi þeirra manna, sem vit hafa a, er einkar vel af hendi leyst. Svo finnst mjer líka nauðsynlegt að styðja að útbreiðslu og námi enskrar tungu hjer á landi, og væri þá góð liðveizla í slíkri orðabók. Að ætlast til þess að maður, sem hefir viðunanleg laun, verji frítímum sínum til þess að starfa að þessu verki, finnst mjer vera miður sanngjörn krafa. Jeg fyrir mitt leyti mun greiða atkvæði með þessum lið.

Ætla jeg svo ekki að fara út í fleiri liði, en mun, þegar til atkvæða kemur, sýna hvernig jeg tek í þá.

Pjetur Jónsson: Jeg ætla mjer ekki að fara vanalega boðleið eptir atkv.-skránni, enda er sú leið bæði fjölfarin og býsna torsótt. Að eins vildi jeg minnast á örfáa liði í þessum kafla. Það var dálítið í ræðu h. 2. þm. G.-K. (J. Þ.) viðvíkjandi styrk til tóvinnuvjela Björns á Álafossi. Honum þótti nefndin hafa tekið dauflega í það mál og styrkurinn of lágur. Jeg fyrir mitt leyti var málinu hlynntur og nefndin yfir höfuð, en hún áleit að þessi styrkur væri nægilegur, og þótti undarlegt, ef sýslufjelögin á annað borð sæju gagnsemi þessara vjela, að þau þá ekki vildu hjálpa til og leggja fram það, sem þyrfti til viðbótar, til þess að koma þeim á fót. Líka verð jeg að mótmæla því, að Magnús á Halldórsstöðum hafi fengið meiri styrk en Björn, þótt hann í byrjuninni fengi 500 kr. styrk. En jeg verð einnig að líta svo á, sem Magnús hafi brotið ísinn í þessu efni, og það svo greinilega, að hann hefir varið miklum hluta æfi sinnar til þess og lagt til mestan hluta af eigum sínum í sölurnar. Og reynsla hans og áhrif er margfalt meiri styrkur fyrir Björn á Álafossi en landssjóðsstyrkurinn. Jeg held þess vegna að samanburðurinn við Magnús hafi ekki verið sem heppilegastur.

Þá var það annað atriði, sem jeg vildi víkja að, og það var viðvíkjandi orgelkaupum til Vestmannaeyjakirkju. H. þm. Vestm. (V. G.) kvartaði yfir því, hve fjárlaganefndin hefði látið sjer illa fara í þessari fjárveitingu, og yfir höfuð við þessa kirkju.

Í þessu sambandi get jeg ekki stillt mig um að minnast á þann vitnisburð, sem söfnuðir landssjóðskirkna geta sjer á ýmsar lundir. Þeir eru í þá átt, að engir söfnuðir á landinu sjeu óræktarlegri við sínar kirkjur en þeir. Þetta sýnir sig t. d. á því, að tekjur landssjóðskirkna hrökkva miður fyrir útgjöldum en annara kirkna, og þó eru þær, eptir lýsingum, sem einlægt koma fram

á þingi, þær sem allra verst eru hirtar. Á Norðurlandi hafa söfnuðir t. d. ekki talið eptir sjer að kaupa orgel í kirkjur, þegar þeir á annað borð hafa viljað fá orgel. Einkennilegt er það líka, að söfnuðurinn í Vestmannaeyjum sækir um viðbót, eptir að frjettir eru komnar um, hvað stjórnin leggur til aðskuli veita. Það getur verið að orgel fyrir 350 kr. sje ekki hæfilegt fyrir Vestmannaeyjakirkju, þótt það mundi álitið hæfilegt víða annarsstaðar, en þá hefði söfnuðurinn, ef hann hefði viljað sýna nokkra ræktarsemi, átt að skjóta saman því, sem á vantaði. En hvað því viðvíkur, að fjárveitingarvaldið hafi að öðru leyti látið sjer illa farast við kirkju þessa, þá verð jeg að mótmæla því, þar sem það á fáum árum hefir lagt henni allmikið fje.

Þá var það eitt atriði í ræðu h. þm. Strand. (Guðj. G.), sem jeg vildi ekki láta ómótmælt, og það var viðvíkjandi styrknum til sjera Matthíasar. H. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) hefir reyndar mótmælt því að nokkru leyti, en ekki fyllilega, einkum þar sem þingm. sagði, að það væri kynlegt, ef landssjóðurinn vildi styrkja þann mann, sem bæri kápuna svo mjög á báðum öxlum í kirkjulegum efnum. Jeg get nú ekki vel sagt um, hverjar hans skoðanir kunna að vera, en kátlegt þykir mjer það að hafa mikið á móti því, þótt þessi prestur sje, ef til vill, dálítið frjálslyndari en vanalega gerist, og allra sízt vildi jeg láta ómótmælt að þetta kæmi fram, þegar verið er að tala um manninn sem skáld. Íslenzka kirkjan mætti þakka fyrir, ef hún ekki að mörgu leyti bæri kápuna meira á báðum öxlunum en skáldið Matthías Jochumsson.

Þá ætlaði jeg þessu næst að minnast dálítið á þilskipaútveginn, og þá einkum þann tölulið á atkvæðaskránni, þar sem gjört er ráð fyrir að veita lán til þilskipakaupa. Þótt jeg á sjómannamáli megi heita »landkrabbi«, þá hef jeg þó komizt að þeirri niðurstöðu, að ekki væri nema eðlilegt og rjett að farið sje að hugsa um sjávarútveginn meira en gjört hefir verið áður og þess vegna ekkert á móti því að styrkja þilskipaútveginn, en jeg vil að styrkur þessi sje veittur í hófi og með fyrirhyggju. Mjer finnst t. d. ekki nóg að kasta út fje til hans, alveg skilyrðislaust; það hljóta að vera tvær hliðar á þessu þilskipamáli, eins og hverju öðru máli. Og það kemur líka í ljós, að það reynist að einu leytinu gróðavegur en ætti að hinu leytinu að vera bjargræðisvegur, og jeg get ekki annað en gjört mun á þessu tvennu. Það má vel vera, að þetta sje að eins tvær hliðar á sama hlut, en ef hliðarnar eru tvær, þá liggur næst að átta sig á, að hvorri hliðinni maður á að snúa sjer. Annar vegurinn miðar eingöngu að gróða (spekulation) og það getur því verið mikið gott og blessað, en hinn vegurinn er lífsnauðsyn. Þó að gróðarhliðin sje glæsilegri, þá get jeg ekki álitið að það sje hún, sem menn eiga að styrkja, sjerstaklega þegar litið er á það, hversu lítið fje það er, sem hægt er að verja til slíks styrks. Jeg hefi ekkert á móti því, að kaupmenn eigi þilskip, og vil að þau fjölgi, en jeg hygg að sá rekspölur sje nú kominn á það, að ekki sje brýn ástæða til að styrkja þá, auk þess að hjá þeim mun efnahagurinn í svo góðu lagi, að þeir ekki beinlínis þurfi styrksins með. En þegar bjargræðisvegur þeirra manna, sem ekki hafa annað en sjávarútveginn sjer til framfæris, er í voða, þá álít jeg að það sje einmitt sú hliðin, sem eigi að snúa sjer að. Það má líka benda á eitt viðvíkjandi þilskipaútvegnum sem »spekulation« eða gróðafyrirtæki, að þeir menn, sem helzt nota hann í því skyni, leggja

ekki sjálfir til mannafla á skipin, heldur verða þeir að leita til sveitanna í þeim efnum, og verða að því leyti keppinautar landbúnaðarins, en jeg vil ekki auka þá samkeppni (konkurrence) meira en nauðsynlegt er, og ekki verður hjá komizt. Öðru máli er að gegna með sjómenn, sem ekki hafa annað að lifa á, og það sýnir sig, að sá útvegur, sem þeir til þessa hafa mest stundað, reynist mjög fallvaltur; þá get jeg ekki annan en álitið rjett að styðja að því að breyta honum í annað og betra horf, og er það margra manna álit, að sje heppilegast gjört með því að auka þilskipaútveginn. Jeg vil því ekki greiða atkvæði með þessum styrk, nema þeir menn geti einkum orðið hans aðnjótandi, sem að meira eða minna leyti lifa á sjónum. Það eru sumir, sem halda því fram, að það borgi sig ekki fyrir þá, það borgi sig að eins fyrir kaupm.; en borgi það sig ekki fyrir þá, sem aðall. þurfa þess með, þá sje jeg enga ást. til að styrkja það.

En jeg er nú þar að auki þeirrar skoðunar, að ef þilskipaútvegurinn borgar sig fyrir kaupmenn, geti hann alveg eins borgað sig fyrir bændur. Bændur geta sætt alveg sömu kaupum á öllum nauðsynjum sem kaupmenn, ef þeir að eins vildu breyta verzlun sinni í eðlilegt og rjett horf. Ef þeir að eins gengju í fjelag og keyptu vörur sínar á þeim stöðum, sem kaupmenn kaupa sínar, í stað þess að kaupa allt að kaupmönnum hjer, þá ættu bændur að geta haft alveg sama hag og kaupmenn af þilskipaútgerð, eða kannske öllu meiri; þar sem kaupmenn verða að hafa meiri, kostnað, en bændur sjálfir geta lagt til mannaflann. Það er að eins samtakaleysi og viljaleysi, ef það borgar sig ekki eins vel fyrir þá.

Það er líka eitt, sem jeg vil leggja áherzlu á, og það er, að ef vöxtur þilskipanna verður mikill, þá er hætt við að hann geti orðið keppinautur annars aðalatvinnuvegarins, og þá er styrkur til þess óeðlilegur; en ef styrkurinn lendir í höndum þeirra manna, sem lifa á sjávarútvegi, getur þilskipaútvegurinn ekki vaxið nema eðlilega, það er að segja: í hlutfalli við þörfina. Jeg verð að fara fljótt yfir, og læt því hjer staðar numið með þennan lið.

Þá er það einn liður, sem mætt hefir nokkrum mótmælum, nfl. styrkur til Jóns Ólafssonar, til þess að gefa út tímarit, Mjer finnst að þessi tillaga ekki hafi fengið þann byr, sem vænta mátti Jeg skal ekki fara langt út í þá sálma, hverja þýðingu tímarit geta haft fyrir alþýðu, og hvaða gagn þau geta gjört, ef þau eru í góðu lagi, en að eins taka fram, að eptir mínu áliti eru góðar bækur, sem alþýða vill lesa, þau beztu menntameðöl, sem völ er á. En svo jeg víki að þessu riti, eins og styrkbeiðandinn hefir hugsað sjer það og lýst því í beiðni sinni, þá get jeg ekki annað skilið en það hlyti að vekja mjög lestrarfýsn almennings, og yrði bæði vekjandi og fræðandi, en það er einmitt það, sem verið er að keppa að. — Menn hafa svarað því, að allmikið væri til af tímaritum, og væri því að bera í bakkafullan lækinn að fjölga þeim, en þannig lögð tímarit eru ekki til, og naumast hægt að breyta þeim, sem til eru í þá stefnu, nema þá á löngum tíma. Þetta tímarit á mánaðarlega að gefa yfirlit yfir það helzta, sem hugsað er og starfað í heiminum, og hugsa jeg að það mundi hafa mestu þýðingu til þess að vekja og mennta alþýðu. Það efast víst enginn um, að Jón Ólafsson muni fær til þessa starfa, og án þess jeg vilji bera á hann neitt skjall, þá tel jeg hann með þeim allra færustu, og þar til hefir hann öðrum fremur kynnzt slíkum tímaritum, sem þetta ætti að vera sniðið eptir. Það

hefir líka verið sagt, að þetta tímarit ætti að geta borið sig, og það er líka von mín, að það mundi gjöra það með tímanum. En ef það ætti að gefa yfirlit yfir það helzta, sem gjörist í heiminum, og auk þess skemmtandi greinar, þá yrði það að vera stórt, en má ekki vera dýrt, ef það á að geta náð útbreiðslu; yfir höfuð yrði ritið að vera svo ódýrt, að það gæti ekki borið sig, á meðan það væri að ryðja sjer til rúms, og yrði því nauðsynlegt að styrkja það í fyrstu. Eptir uppástungu styrkbeiðandans ætti örkin ekki að kosta meira en 6 aura, sem er langt um minna en vanalegt er, og svo lítið, að það er óhugsandi að það gæti borið sig nema með miklum kaupendafjölda; það er því auðsætt að það þyrfti styrk, að minnsta kosti framan af, en ekki víst að sá styrkur þyrfti að standa lengi, því jeg vona að það gæti borið sig með tímanum. Af því ekki eru fram komin nein mótmæli móti manninum, heldur hefi jeg sjeð velvilja hjá mönnum af breyttu till. þeim, sem fram hafa komið, þá vona jeg að menn fallist á þessa till.

Þá eru það mörg atriði í einu, sem mig langaði til að minnast á að lokum, og það er sá kafli 13. gr. fjárlaganna, sem vanalega er kallaður bitlingakafli. Mjer finnst ekki af vegi að minnast á hann hjer, þar sem svo mikið er um hann talað utan þings. Það er ekki talað um nokkurn kafla jafnmikið af þjóðinni og þennan, enda er þessi kafli mjög svo athugaverður. Hann hefir eiginlega tvær hliðar, bjarta hlið og skuggahlið. Ýmsir liðir í honum eru auðvitað komnir fram af því, að hjer vantar allar þær stofnanir, sem geta borið uppi verkleg og vísindaleg fyrirtæki, og því er eðlilegt að fjárveitingarvaldið hafi hjer fleiri skyldum að gegna en annarsstaðar, og auðsætt er, að ekki er hægt að ganga með öllu fram hjá öllu því, sem að þessu lýtur, nema því að eins, að mörg góð frækorn yrðu kæfð niður. Það er þess vegna rjett af þinginu að hlúa að góðum frækornum, hvort sem það er þingið, sem sáir þeim, eða einstakir menn. En gagnvart þessari viðleitni þingsins kemur opt fram hjá þjóðinni talsvert af hennar lakari eiginlegleikum, sem sje smásálarlegar eptirtölur, öfund og tortryggni, annaðhvort gagnvart umsækjandanum eða málefninu, sem verið að hlynna að. — En svo er aðgætandi, að í kjölfar þess, sem gagnlegt er og nytsamt, vill opt fljóta ýmislegt fleira, og það eru þeir eiginlegu bitlingar, og af því er upp komin hin svonefnda bitlingasýki.

Sá eiginlegleiki virðist eiga heima hjá æði mörgum, sem finnst að þeir vinni eitthvað í opinberar þarfir; þeim finnst þeir ómögulega geta gjört það, nema fyrir aukaborgun. Það munu margir, sem kunnugir eru búskap, þekkja vinnupilta, sem svo eru gjörðir, að þegar þeir hafa lokið ákveðnu verki, þó þeir þá hafi ekki annað að gjöra en að ganga með hendurnar í vösunum, þá er ómögulegt að fá af þeim vik, nema fyrir aukaborgun eða bita. Svipaðan hugsunarhátt er jeg ekki óhræddur um að þingið sje að ala upp. Jeg vil taka til dæmis, að ef smiðir vilja læra eitthvað, þá verða þeir endilega að fá styrk, en ef farið er að sinna slíku, þá er hætt við að það mundi verða talsvert löng bitlingagreinin, því jeg gjöri ráð fyrir, að þá mundi koma fram með styrkbeiðni allir húsasmiðir, skipasmiðir, snikkarar, járnsmiðir o. s. frv., og þá sjálfsagt þyrftu allir framfarasmiðir styrk, til þess að geta »gefið sig við« framförum. Meira að segja, það er ekkert líkara en bóndinn — landstólpinn sjálfur — sækti um styrk úr landssjóði, til þess að geta verulega gefið sig við búskap. (*Guðlaugur Guðmunds-*

son: Það fær hann líka). Ef þm. meinar styrk til jarðabóta, þá getur hann naumast heyrt þar undir, því jeg veit ekki betur, en að þeir búi bezt fyrir sig sjálfa, sem engar jarðabætur gjöra. Jarðabótastyrkurinn gengur eiginlega mest til þess, að skila jörðinni betri en maður tók við henni.

Jeg vildi að eins með þessum orðum vekja eptirtekt þeirra, sem þingtíðindin lesa, á því, að menn í fjárlaganefndinni eru farnir að veita þessum ólíku hliðum »bitlinganna« eptirtekt, en ekki til þess að prjedika fyrir deildinni.

Þrítugasti fundur, fimmtudag 5. ágúst, kl. 11. f. hád. — Allir á fundi.

Frumv. til fjárl. fyrir árin 1898 og 1899 (C. bls. 1. o. s. frv.); frh. 2. umr.

IV. kafli.
(13. gr. til enda, frh.).

Jens Pálsson: Nokkrir eru þeir liðir í þessum kafla fjárlagafrumvarpsins, er jeg vildi minnast á.

Það eru þá fyrst töluliðir 58, 60 og 61, sem hljóða um styrkbeiðni frá nokkrum prestum. Þessar málaleitanir prestanna hafa yfir höfuð fengið daufar undirtektir hjer í deildinni, og hafa þó allar við góð rök að styðjast. Jeg get ekki skilið, að það sje rjett stefna hjá þinginu að taka öllum málaleitunum frá prestum svo stirðlega, hversu mikil þörf sem er á bak við, eins og sú stjett ætti að vera útilokuð frá afskiptum þingsins og öllum fjárveitingum þess. Þessi stefna þykir mjer ekki rjett, því það verða þó allir að viðurkenna, að prestastjettin er ein hin uppbyggilegasta stjett landsins; og þar sem þinginu er í stjórnarskránni gjört að skyldu að vernda og styðja þjóðkirkjuna, þá er því skylt að yfirvega slíkar málaleitanir, og ekki vísa þeim frá sjer, ef þær eru byggðar á sannri þörf og að öðru leyti á góðum rökum. Jeg sje ekki betur, en allar þessar málaleitanir sjeu byggðar á góðum rökum; sumar á brýnni nauðsyn, og allar á mestu sanngirni. Mig furðar sjerstaklega á því, að úr því að h. fjárlaganefnd tók beiðni síra H. P. Hjálmarssonar til greina, og vill bæta honum að nokkru tjón það, er hann beið við brunann, að hún skuli þá hafa það svona lítið, því allir vita, að ekki er mögulegt að koma upp sæmilegu prestssetri fyrir einar 500 kr.; 1000 kr. eru sannarlega ekki of há upphæð í því skyni.

Prestinum í Bjarnanesi er líka ákaflega mikil ástæða að bæta einhverju. Hann sækir úr öðrum landsfjórðungi, þekkir ekki brauðið, en hvað tekju-upphæð snertir, treystir hann brauðamatinu, sem staðfest er með konungsúrskurði.

Hæstv. landsh. kvað brauðamatið eigi mega skiljast svo, að með því væru prestum tryggðar tekjuupphæðir brauðanna; hann kvað og brauðamatið ekki leggja neina endurgjaldsskyldur á hendur landssjóði fyrir tekjurýrnun brauða. Þetta vefengi jeg ekki, að því er hverja þá tekjurýrnun snertir, er stafar af breytingum þeim á prestssetrum og prestaköllum, þeim breytingum, er kirkju eður landsstjórn ekki er völd að. En í þessu tilfelli er öðru máli að gegna. Frá Bjarnanesprestakalli hefir verið tekin 150 kr. upphæð árlega af tekjuupphæð prestakallsins samkvæmt brauðamatinu; það hefir verið gjört af umboðsvaldinu, að viðkomandi presti fornspurðum. Þegar sjera Þorsteinn Benediktsson kom að Bjarnanesi, var Bjarnanesumboð selt öðrum í hendur. Hann er ekki einu sinni reyndur, heldur fyrirfram ákveðið að fá það öðrum, og tekið þegjandi frá brauðinu. Öll sanngirni mælir með því, að bæta prestin-

um þann skaða, er hann hefir þannig beðið. Að skipa prestinum að fara í mál, það nær engri átt. Það er vitanlega í þessu tilfelli ekki hægt fyrir prestinn að koma fram ábyrgð á hendur umboðsvaldinu, og hvað hefir presturinn þá upp úr málsókn? Hitt er annað mál, hvort brýn ástæða sje til að veita meira en 900 kr., sjá svo, hvar setur, og vita hvort frekari kröfur fram koma.

Að því er snertir hinar fjárveitingarnar til prestanna, þá er einnig brýn þörf á þeim, t. d. styrknum til sjera Jess Gíslasonar. Prestakallið gefur af sjer c. 700 kr. í tekjur, og á því hvílir lán, svo ekki er hægt að fá meira lán út á brauðið. Sannast að segja, þá er það líka neyðarúrræði fyrir presta, að þurfa að taka þessi byggingalán, því þeir mega borga þau tvisvar. Prestaköllin eignast húsin, og þeim eru þeir skyldir að skila af sjer í gildu standi, eða með fullu álagi. Ofan í kaupið borga þeir svo lánsfjeð með vöxtum. Tvíborga þeir þannig því opinbera lánið, fyrst í húsum og svo í peningum, allt af sínu eigin fje. Svona eru nú kjör prestanna að þessu leyti, og getur enginn sagt að þetta sjeu nein sældarkjör. Verði það nú ofan á, að öllum þessum málaleitunum verði neitað, þá fæ jeg ekki betur sjeð, en að prestarnir sjeu sannkölluð olnbogabörn þingsins.

Hvað sjerstaklega snertir Eyvindarhólastyrkinn, vil jeg ennfremur benda á, að sje hann felldur, þá fellst í þeirri ályktan þingsins sú yfirlýsing, að landssjóður sje ekki eigandi prestssetrana, því vilji þingið halda fram eignarrjetti landssjóðs til þeirra, þá verður það líka að viðurkenna landsdrottinsskylduna að leggja timbur til húsanna á þessum jörðum, þar sem þau eru fallin og ekkert ofanálag að fá. Viðurkenni þingið ekki þessa skyldu, þá getur það ekki haldið því fram að landssjóður sje eigandi kirkjueignanna, og er það huggun fyrir oss, sem skoðum kirkjuna sem sjerstaka löghelgaða stofnun, er eigi sínar eignir.

Þar næst vildi jeg fara nokkrum orðum um námsstyrkina, sjerstaklega til hinna æðri skóla, presta og læknaskólans. Jeg skal játa það, að jeg hef við ræðu hæstv. landsh. og h. 1. þm. G.-K. (Þ. Th.) styrkzt í þeirri skoðun, að það væri rjett að auka námsstyrkina að mun. Það er hrein og bein óhæfa að hafa þessar æðri menntastofnanir, sem eiga að búa til embættismenn fyrir landið, upp á það að svelta þær; það á að gjöra þær svo úr garði, að nemendurnir hafi hæfilega langan námstíma fyrir sjer, og geti tekið nægilegum og eðlilegum menntunarþroska, en sjeu ekki knúðir til að keppast við að ljúka náminu í fumi og flaustri, vegna þess hvað námstíminn er stuttur og styrkurinn lítill. Námstíminn ætti að vera svo langur að bæði kennarar og nemendur geti gefið sig við kennslunni og náminu í ró og friði, svo hvorugum væri að meini; þá mundu þessir skólar okkar geta staðið jafnfætis öðrum slíkum skólum erlendis. Íslenzka þjóðin er fær um að leggja til kennara, sem standa jafnfætis kennurum annara skóla, enda hafa ýmsir kennarar við hina íslenzku skóla fyr og síðar verið viðurkenndir sem vísindamenn um öll Norðurlönd. Jeg er viss um að það spor, sem nú hefir verið stigið, með því að lengja námstímann við prestaskólann upp í 3 ár, er til mikillar blessunar, og vildi jeg óska að þess yrði eigi lengi að bíða, að hann verði 4 ár. Að því er læknaskólann snertir, þá er jeg í öllu samþykkur því, sem h. 1. þm. G.-K. (Þ. Th.) sagði. Jeg man ekki, hvort hann minntist nokkuð á stofnun landsspítala, og vil jeg því gjöra það. Það er óhæfa, að ekki

skuli vera settur hjer á stofn landsspítali, sem samsvari kröfum tímans, og ætti þá jafnframt að auka kennsluna á læknaskólanum. Það er víst, að hjer frá læknaskólanum hafa komið margir góðir og vel lærðir læknar og hafa sumir þeirra að allra manna dómi reynzt eins vel og jafnvel betur en læknar frá háskólanum í Kaupmannahöfn; en læknaskólakandídatar virðast nú ekki eiga upp á háborðið hjá ráðaneytinu; þar er líklega sú skoðun ríkjandi sem hjá h. þm. Vestm. (V. G.), að læknaskólinn eigi að leggjast niður. Eitt nýtt dæmi sýnir það bezt að læknaskólakandídatarnir hjeðan eru engin óskabörn stjórnarinnar. Hjer losnaði fyrir eigi alls löngu eitt læknisdæmi og var í það settur læknaskólakandídat, sem er í góðu áliti. Manninum ferst læknisþjónustan vel, og hjeraðsbúar vilja að hann fái læknisdæmið. Hjeraðinu er nú slegið upp, og um það sækir meðal annara þessi kandídat. Bæði landlæknir og landshöfðingi mæla, að því er sagt er, með því að honum sje veitt. En hvað gjörir ráðaneytið? Það veitir ekki, en bíður eptir manni, sem ekki var búinn að ljúka sjer af, ekki orðinn »kvalificeraður«, til þess að geta veitt honum, ef hann kynni að verða embættishæfur. Og ástæðan engin önnur en að maður þessi hafði stúderað við háskólann.

Jeg veit eigi, hvort þetta er beint lagabrot, þótt jeg viti hitt, að stjórnin hefir leyft sjer að brjóta lög við embættaveitingar, þannig braut hún berlega tilsk. 6. jan. 1847 við síðustu veitingu Garðaprestakalls á Álptanesi, en það er beinlínis banatilræði við læknaskólann; það er sama sem að segja við menn: farið þið ekki á læknaskólann, þið hafið ekkert upp úr því, þið fáið ekki embætti. Jeg vil því harðlega mæla á móti þessari aðferð, sem ef hún færi að tíðkast, hlyti að verða til þess að eyðileggja læknaskólann.

Þá eru töluliðir 81 og 82 á atkvæðaskrá, um styrk til hússtjórnarskólans í Reykjavík. Mjer getur ekki blandazt hugur um, að hin háttvirta frú, sem hjer á hlut að máli, á mikla viðurkenningu skilið fyrir áhuga sinn á að mennta kvennfólk á Íslandi, áhuga, sem enn sýnir sig lifandi og sterkan í viðleitninni á að koma upp þessum skóla. Jeg gæti því fellt mig við að veita henni í viðurkenningar skyni styrk sjálfri persónulega, en um þenna svo nefnda hússtjórnarskóla veit jeg ekki, hvort jeg á heldur að skoða hann sem myndarlega »restauration«, sem eigi að bera sig sjálf, eða þá sem skóla, sem eigi að fá styrk. Hún getur þess í umsókninni að búnaðarskólar sjeu stofnaðir víðsvegar um landið fyrir karlmenn, en slíka skóla vanti fyrir konur, þar sem þær gæti lært hússtjórn og matreiðslu, eða að hagnýta afurðir búanna.

Jeg er þeirrar skoðunar, að skóli sje ekki vel settur í Reykjavík til þess að gegna þessum tilgangi, og ímynda mjer að skólinn verði fyrst um sinn í því formi, að stúlkurnar læri fremur annað, nefnilega að matreiða og bera fram mat og ganga fyrir beina í veizlum, en að fara með afurðir bús og stjórna heimilum. Skólinn er sem sje settur í húsi, sem ætlað er aðallega fyrir samkomuhús bæði fyrir sjónleiki og danssleiki og aðrar opinberar skemmtisamkomur, en þar með hlýtur að fylgja talsvert ónæði, sem tæplega mun verða samrýmt reglulegu skólahaldi.

Það er búið að ræða talsvert um launaviðbótina handa landsbókaverðinum, og þó vil jeg bæta þar dálitlu við. H. þm. Strand. (Guðj. Guðl.) hefir sýnt

fram á, hve óhæfilega þröng kjör landsbókavörðurinn hefir átt við að búa um langan tíma. Það, sem hann tók fram, fól í sjer órækar ástæður fyrir því, að þingið þyrfti að bæta rækilega og vel úr skák og sýna þessum starfsmanni sínum meiri sanngirni hjer eptir en hingað til. Það er einkum h. þm. Vestm. (V. G.), sem hefir talað á móti því að kjör þessa starfsmanns yrðu bætt. Hann talaði svo í garð bókavarðar á síðasta þingi, að mjer varð ljóst, að hann, sem er hjer ókunnugur, hlaut að hafa hlaupið eptir sögum, sem við ekk ert höfðu að styðjast, og sem kunnugir menn jafnvel aldrei höfðu heyrt. Þessi ámæli hans duttu þá niður eins og hjóm og var enginn gaumur gefinn; jeg ætlaði þá að mótmæla þeim, en gleymdist það. En nú kom þessi sami þm. aptur fram við 1. umr. þessa máls með sömu hviksöguna sem 1895, og hafði þar að auki fengið einhverjar nýjar sögur. Árið 1895 var bókavörðurinn veikur um tíma, og þau veikindi hans voru þannig löguð, að hann gat ekki neytt sín við störf sín eins og heilbrigður maður; þá getur þess vegna hugsazt, að einhver ókunnugur hafi skrifað það á reikning mannsins, sem átti að skrifa á reikning veikindanna. Nú er bókavörðurinn orðinn alveg heill heilsu aptur, en h. þm. Vestm. (V. G.) tekur samt enn fyrir gilda og góða vöru það misjafna, sem hann þykist heyra um hann. Hann segir að bókavörðurinn hafi rekið út mann, sem ætlaði að gefa safninu bók. Hvað sannar þessi saga? Jeg veit ekki til að hún sje sönn, en þó svo væri, þá sannar hún ekki neitt. Það gat hafa verið alveg rjett af honum að reka mann út, já, meira að segja, það gat verið skylda hans. Hann hefir kannske komið svo leiðis fram, þessi maður, að hann átti alls ekki að líðast þar inni, og bókin, sem hann hefir ætlað að gefa, hefir kannske verið einhver skræða, sem var einkis virði og nóg til af. En hvað sem því líður, þá er jeg alveg sannfærður um að hann hefir aldrei og mun aldrei reka mann út af safninu, nema hann hafi fullgilda ástæðu til þess. Jeg hefi þekkt þennan mann frá því að hann var barn, og veit að hann er að eðlisfari kurteis, grandvar og »beskeden«. Að hann hafi leyst störf sín vel af hendi, það hefir verið rækilega tekið fram af hæstv. landsh., sem er trúandi til að hafa kynnt sjer það efni vel. Mjer er það líka kunnugt, að þessi maður er mjög fjölmenntaður maður og hefir mikla bókmenntalega þekkingu. En það skal jeg játa, að hann er ekki fyrir það að trana sjer fram, og hann keppir ekki eptir virðingum með frekju og skrumi; en hann vinnur í kyrþey eins mikið og eins vel eins og þeir, sem láta meira á sjer bera.

Um fyrirkomulag safnsins skal jeg ekki dæma; en jeg ætla, að það sje tryggilegt og gott; þó má vera að breyta þurfi fyrirkomulagi þess. Jeg veit að nýlega hefir verið fundið upp praktiskt fyrirkomulag á bókasöfnum í Ameríku og á Englandi, og ætti kannske að innleiða það hjer. Jeg get líka fullvissað h. þm. Vestm. (V. G.) og aðra h. þingdm. um það, að hinn núverandi bókavörður hefir kynnt sjer rækilega þetta fyrirkomulag, og ef til þess kæmi að það yrði innleitt hjer, þá mundi hann þar góður liðsmaður. Hann er interesseraður fyrir öllu, er að starfi hans lýtur, og mjög vandvirkur maður. Mjer fannst mjer skylt að bera þetta fram, þar sem þessi maður hefir fengið hjer persónuleg ámæli, en hann er mjer persónulega kunnugur. Hann hefir fengið hörmulega lítið fyrir starfa sinn, en hann hefir sætt sig við það hingað til, máske með fram af því, að

hann hefir stundum verið lasinn og því ekki viljað gjöra háar kröfur. Nú er hann orðinn heilbrigður, og þar sem hann hefir svo lengi haft lítið fyrir sín mikilsverðu störf, þá greiði jeg nú atkvæði með þeirri upphæð, sem honum er ætluð á frumvarpinu, en vitanlega greiði jeg næst því atkvæði með uppástungu nefndarinnar. Um uppástungu h. þm. Vestm. (V. G.) vil jeg ekki tala, því hún er óhæfileg. Að samþykkja hana væri sama sem að gjöra tilraun til að svelta mann þennan frá stöðu sinni. En að bola hann þann veg ómaklega frá lífsstarfi sínu er ekki drengilegt.

Þá vildi jeg minnast á húsbygginguna handa sjómannaskólanum. Um hana hafa komið fram tvenn tilboð. Er annað frá byggingameistara Bald, sem gjörir ráð fyrir að skólahúsið kosti 17,000 kr., en hitt frá timburmeistara Jóni Sveinssyni, sem áætlar að það muni kosta nálægt 20,000 kr. eptir sinni teikningu. En kostnaðarmunurinn mundi verða minni í reyndinni, en hann er á pappírnum, því í áætluninni gjörir herra Bald ekki ráð fyrir neinni girðingu kringum lóð skólans, eins og Jón Sveinsson gjörir.

Jeg hefi leitazt við að kynna mjer þessi tilboð og hefi við það komizt að þeirri niðurstöðu, að tilboð Jóns Sveinssonar sje að öllu aðgengilegra og taki fram tilboði herra Balds. Það er engri rýrð kastað á herra Bald, þó vjer sjeum svo heppnir að eiga nú »flinkan« innlendan byggingafróðan mann. Jón Sveinsson hefir lært timbursmíði hjer heima hjá þeim manni, sem talinn var öðrum fremri í sinni iðn; síðan hefir hann fullkomnazt úti um lönd og lært margt iðn sinni viðkomandi bæði í Kaupmannahöfn, Hamborg, París, Chicago og ef til vill víðar.

Þegar tilboðin og teikningar þessara manna eru borin saman, þá kemur munurinn í ljós.

Hús Jóns er talsvert stærra en Balds, því gólfflöturinn í húsi Jóns er 26×14 álnir, en í húsi Balds 20×13 álnir. Í húsi Balds fást ekki nema 3 verulegar kennslustofur, en í húsi Jóns 4 góðar kennslustofur, og álít jeg það mikils virði, því jeg hygg að ekki líði á löngu, áður en 4 kennslustofur verða upp teknar, því maður verður að hugsa sjer að þetta land eigi þá framtíð fyrir höndum, að hjer verði notuð gufuskip til fiskiveiða, og þá þarf að innleiða vjelameistarapróf við sjómannaskólann. Væri því nauðsynlegt að hafa skólann svo úr garði gjörðan, að hægt væri að stofna sjerstakan bekk til kennslu í vjelafræði. Yfir höfuð vil jeg hafa þessa byggingu svo úr garði gjörða, að öll herbergin verði ekki upp tekin nú þegar.

Það er talsverður munur á þessum tveimur byggingum og meiri en nemur mismuninum á kostnaði. Bygging Jóns Sveinssonar er stærri, traustari, vandaðri, fegurri og loks tiltölulega ódýrari en bygging Balds, og skal jeg nú sýna þetta með dálitlum samanburði. Hjá Bald er hæð undir lopt 5 álnir niðri og uppi, hjá Jóni 6 áln. niðri og $5^1/_2$ al. uppi. En herbergin því stærri og loptbetri hjá Jóni. Efniviðurinn er traustari hjá Jóni en Bald, því hjá Jóni er grindin í útveggjum niðri $5^1/_2$ þuml. × $5^1/_2$ þuml. trje, en hjá Bald úr 5 þuml. × 5 þuml. trjám niðri og uppi. Gólfbitar eða undirlög eru hjá Bald 5 þuml. × 6 þuml, trje, en hjá Jóni 6 þuml. × 6 þuml. trje. Gólf er hjá Bald úr $^5/_4$ þuml. borðum, en hjá Jóni úr $1^1/_2$ þuml. þykkum borðum. Veggir eru tvíklæddir með óplægðum borðum hjá Bald, en tví-

klæddir með plægðum borðum hjá Jóni. Pappi á veggjum einfaldur og veggir ekki járnaðir hjá Bald, en tvöfaldur pappi á veggjum og járnvarðir veggir hjá Jóni, þak undir járni er einföld plægð 1 þuml. klæðning hjá Bald, en hjá Jóni er þakið undir járni tvöföld plægð 1 þuml. klæðning. Auk þessa er alstaðar pappi undir þiljum inni hjá Jóni, en enginn pappi hjá Bald. Enginn skúr hjá Bald, en hjá Jóni tvíloptaður skúr við bakhlið hússins. Engin girðing hjá Bald, en girðing um alla lóðina hjá Jóni. Engar steinlagðar stjettar hjá Bald, en stjettar úr höggnu grjóti og stígur til götunnar steinlagður hjá Jóni. Engir kvistir og lítið skraut hjá Bald, en 8 stórir þakkvistir, þak margbrotnara og skraut á framhlið hússins hjá Jóni.

Þannig er bygging Jóns Sveinssonar að öllu fegurri og myndarlegri, þrátt fyrir lítinn verðmun, og álít jeg hans tilboð því aðgengilegra en tilboð hr. Balds, enda mun jeg gefa því mitt atkvæði, og það því fremur, sem jeg álít rjettara að nota byggingafróðan íslenzkan mann, úr því vjer höfum hann, en að sækja til útlends manns. Það er til upphvatningar fyrir Íslendinga að vilja læra eitthvað til gagns, þegar landið vill nota þá; en hitt, að kasta þeim burtu og taka útlendinga að þarflausu fram yfir þá, það er til þess að flæma þá burtu. Þannig getur það verið, að þessi maður sje góðkunnugur þeim, sem hann hefir unnið hjá í útlöndum, og fari þangað aptur, ef vjer viljum ekki nota hann.

Þá vil jeg minnast á nokkrar styrkveitingar, og skal jeg byrja á þeirri, sem sjálfsagt kostar einna mestar umræður; það er styrkveitingin til Þorsteins Erlingssonar. Jeg segi það satt, að það kom alveg flatt upp á mig að þessi styrkur skyldi verða vakinn hjer upp aptur, því jeg áleit, að stjórnin hefði gjört rjett í því að stryka hann út, því hafi nokkur fjárveiting síðasta þings mælzt illa fyrir, þá var það þessi svo kallaði skáldastyrkur til Þorsteins Erlingssonar. Jeg minnist nú sjerstaklega þess, sem einn bóndi sagði við mig eptir þingið 1895. Þessi bóndi, sem er mjög vel greindur maður og frjálslyndur, ekki síður í trúarefnum en öðru, sagði að það væri hneykslanlegt, að taka þennan eina mann fram yfir öll vor ágætu skáld og krýna hann skáldalaunum. Jeg mælti ekki á móti þessum styrk á síðasta þingi, enda skoðaði jeg hann þá sem styrk til fátæks manns, sem menn vildu bjarga úr hálfgjörðri neyð. Þá þykir mjer fara skörin upp í bekkinn, þegar menn eru að bera það fram þessum manni til meðmæla, að hann hafi nýlega gefið út ljóðasafn. Hann hefir tínt saman kvæði sín, prentuð og óprentuð, og svo selt öðrum manni handritið, sjálfsagt fyrir fulla borgun; það er allt og sumt. Hann hefir ekki einu sinni gefið samtíninginn út sjálfur. Hvaða skáldverðleikar er þá þessi útgáfa? Ef jeg á að geta greitt atkvæði með því að þetta skáld verði tekið fram yfir öll önnur skáld, þá verð jeg að vera viss um, að gildi kvæða hans sje meira en annara. Jeg hefi farið nákvæmlega yfir þessi kvæði, og reynt eptir megni að meta gildi þeirra, og sú niðurstaða, sem jeg hefi komizt að, er þessi: Formið, búningur hugsana er sumstaðar prýðisfagurt, og víðast hvar fagur, ó víða stórgallað, þó þar finnist gallar á. Málið er mjög fagurt og smellið bundið mál. Þessir eru höfuð-kostirnir; aptur á móti er efnið í kvæðunum sumum sáralítið og ekki allfáum ljelegt. Hvaða efni er t. d. í kvæðinu: »Árgalinn«? Það er sannarlegt ljettmeti, það kvæði; en það segir ekki mikið. Hitt

er verra, að efnið er sumstaðar ljótt og spillandi, bæði andlega og siðferðislega. Jeg man t. d. ekki að jeg hafi sjeð eða heyrt hrottalegra níð um kristindóminn en í kvæðinu »Örlög guðanna«. Maðurinn er auðvitað í sínum rjetti að ráðast á kristindóminn, úr því hann hefir yndi af því og finnur hjá sjer styrk til að vera án hans, og köllun til að vera í fjandskap við hann, en það er mikill munur á því, hvernig slíkt er gjört. Þegar það er gjört með fyrirlitning fyrir slíkri andlegri stærð, sem kristindómurinn er, þá hlýtur manni að blöskra hrottaskapur og dramb mannsins. Jeg gæti nefnt fleiri kvæði, sem jeg finn ekki mikið fallegt við, því síður holl að efni til, heldur þvert á móti, þó sumir sjeu að hrósa þeim, svo sem: »Örbirgð og auður«, »Á spítalanum« eða þá »Kossinn« með daðrið milli Daða og Ragnhildar, kámugt kvæði, þar sem kitlaðar eru viss ar fýsnir lesandans.

En það er sjálfsagt, að þetta skáld hefir rjett til að slá þá tóna, sem honum þóknast, og stilla sitt hljóðfæri eins og honum þóknast. En ljóð hans eru snauð að því, sem gefur skáldskapnum sitt sannarlega gildi. Hann skortir lyptandi krapt og göfugar hugsanir, og ekki kemst hann heldur í djúpleik hugsana í hálfkvisti við Jónas Hallgrímsson, Bjarna Thorarensen, Grím Thomsen, Steingr. Thorsteinsson, Matthías Jochumsson, Valdimar Briem og Hannes Hafstein, sem honum vitanlega helzt svipar til, þessara skálda, og þó maður velji úr það bezta, sem Þorsteinn Erlingsson hefir gjört, þá hefir það allt til samans, að mínum dómi, ekki gjört þjóðinni eins mikið gagn eins og eitt einasta kvæði eptir Hannes Hafstein: Brúardrápan. Jeg vildi fyrst fá það rökstutt, að skáldskapur Þorsteins Erlingssonar hefði meira gildi, meiri göfgandi og lyptandi krapt en skáldskapur nefndra íslenzkra skálda, áður en jeg get gengið með til þess að draga hann einan, annan en síra Matthías, út úr hóp íslenzkra skálda og krýna hann skáldalaunum. Af núlifandi skáldum má nefna: Steingr. Thorsteinsson, Benidikt Gröndal, Jón Ólafsson, Valdimar Briem, Hannes Hafstein, Einar Hjörleifsson, Hannes Blöndal og Þorstein Gíslason, sem allir gætu eins vel komið til greina við útbýting skáldastyrks úr landssjóði eins og Þorsteinn Erlingsson, og flestir af þeim miklu fremur, með því þeir standa honum flestir miklu framar sem skáld. Það kemur svo einkennilega fram, að velja einmitt þennan mann úr og vilja veita honum styrk af opinberu fje, þennan mann, sem öðrum fremur hefir ráðizt á og nítt þá stofnun, sem hverjum alþingismanni samkvæmt stjórnarskránni, er hann hefir unnið eið að, er skyldugt að verna og styðja. Jeg segi þetta ekki til að álasa þessum manni, sem er svo óheppinn, að hafa gagntekizt af lífsskoðun, er skaðvæn er bæði fyrir sjálfan hann og þjóðina, en jeg geng út frá því, að hann haldi áfram að hafa þessa lífsskoðun, og þykir mjer ótilhlýðilegt að hið opinbera styðji að því að breiða hana út; jeg veit líka, að mikill meiri hluti þjóðarinnar aðhyllist hana ekki, nje vill að hún breiðist hjer út. H. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) sagði, að h. þm. Strand. (Guðj. G) hefði sýnt það með ummælum sínum um þetta atriði, að hann vildi ekki styðja neitt annað en það, sem snerti askinn. Það er langt frá því, að sá h. þm. sje svo takmarkaður í hugsunum sínum; en hann hafði á móti því að styrkja menn til að brjóta niður þau sannindi, sem eru eldri og helgari en þau sannindi, sem Þorsteinn Erlingsson er að breiða út.

Jeg er í flestu ósamdóma h. þm.

Strand. (Guðj. Guðlaugss.) um síra Matthías Jochumsson. Þótt því verði ekki neitað, að hann hafi stundum stigið víxlspor, þá ber og hins að gæta, að hans andlegu skeiðsprettir eru svo stórkostlegir, að þeir gleymast aldrei. Síra Matthías er afbrags-skáld, og það ekki að eins sem veraldlegt skáld, heldur einnig sem kirkjulegt skáld. Það var vissulega sannmæli, þegar sagt var um hann hjer um árið, að hann sje ekki fyllilega með sjálfum sjer, nema þegar hann yrkir, að hann njóti sín eingöngu sem skáld. Hann ætti því ekki að vera prestur, heldur að eins skáld; hefði síra Matthías borið það traust til þingsins, að segja af sjer síðasta vor, þá skyldi jeg hafa gert mitt ýtrasta til þess að honum hefði verið veitt ríflog skáldalaun. En nú er því ekki til að dreifa, og stendur því styrkurinn til síra M. J. auðvitað óbreyttur. Að því einu leyti er jeg samdóma h. þm. Strand. (Guðj. G.), að sjera Matthías ætti ekki að vera prestur. Með að eins einu móti gæti jeg fellt mig við þennan skáldstyrk til Þorsteins Erlingssonar, — því sem sje, að hin skáldin öll fengju þetta frá 600 til 1200 kr.; þá mundi jeg una því, að Þorsteinn væri látinn vera einhvers staðar á neðsta bekk með 600 kr.; en það, að hann sje tekinn fram yfir öll hin skáldin, er óviðurkvæmilegt. H. þingm. Ísf. (Sk. Th.) vakti máls á, hvern dóm hinn komandi tími og síðari kynslóðir mundu fella, og hversu þinginu mundi talið það til vanvirðu að það hefði ekki kunnað að meta slíkan skáldsnilling. En eptirtíminn mun ekki verða þeirrar skoðunar, að það hafi verið ástæða til þess að taka Þorstein Erlingsson fram yfir hin skáldin og setja hann jafnhliða sjera Matthíasi.

Hvað styrkinn til Páls Ólafssonar snertir, þá veit jeg það, að hann hefir ort mörg lipur ljóð og það með eins mikilli snilld og Þorsteinn, og stendur því allt eins framarlega eins og hann. En þó er margt af því, sem hann hefir ort, rusl-kveðskapur, kastað fram við tækifæri, drykkjuvísur og önnur ljettúðar-ljóð. Sje jeg því ekki, að það sje nein ástæða til að fara að taka hann, frekar en Þorstein fram yfir hin skáldin okkar.

Brynjólfi Jónssyni vil jeg heldur ekki veita nein skáldalaun; til þess er ekki ástæða, en aptur á móti vil jeg auka styrkinn til hans til forntræðisrannsókna, því að maðurinn er í þeirri grein duganda og alls góðs maklegur.

Að veita Geir kennara Zoëga styrk til þess að semja íslenzk-enska orðabók, álít jeg ekki að eins hættulaust, heldur og nytsamlegt. Jeg hef það traust til hans, að hann vinni með áhuga og gefi út það, sem fyllilega svarar styrknum. Um styrk til útgáfunnar, þegar þar að kæmi, getur ekki nú verið að tala, því að ekki er víst að þeir, sem þá sitja á þingi, vilji veita slíkan styrk.

Þá er sú till. frá h. þm. Ísf. (Sk. Th.) og mjer, að Hólmgeiri Jenssyni sje veittur styrkur til dýralækninga; viðvíkjandi þeirri styrkveitingu skal jeg geta þess, að það eru vitrustu og beztu menn í Vesturamtinu, sem hafa fylgt þessu fram, og hafa þeir fært sönnur fyrir því, að maður þessi hafi aflað sjer nauðsynlegrar þekkingar í mennt sinni. Á þingmálafundi í Dalasýslu var farið fram á þessa styrkveiting og áskilið, að hann sæti í Barðastrandarsýslu sunnan Þorskafjarðarheiðar, og þjónaði Vesturamtinu vestan Bröttubrekku.

Þá vil jeg minnast á styrkinn, sem h. fjárlaganefnd ætlar Jóni Ólafssyni til útgáfu tímarits. Jeg verð nú að lýsa því yfir, að jeg tek það mjög nærri mjer að verða að vera á móti þessari

styrkveitingu til hans, því að jeg þekki manninn persónulega; ber jeg hlýjan hug til hans sem kunningja míns og gamals skólabróður; en þó get jeg ekki fallizt á skoðun nefndarinnar. Jeg sje ekki, að það sje nægileg ástæða til að styrkja slíkt tímarit, þótt það sjálfsagt yrði fjölbreytt að efni og kynni að standa framar öllum fyrri tímaritum vorum. Vjer höfum þegar fjölda af tímaritum, sem ættu að geta leyst þetta verk af hendi. Ef jeg man rjett, höfum vjer nú 10 tímarit:

1. Tímarit Bókmenntafjelagsins.
2. Andvara, tímarit Þjóðvinafjelagsins.
3. Tímarit kaupfjelaganna.
4. Eimreiðina.
5. Bókasafn handa alþýðu.
6. Búnaðar-tímaritið.
7. Fiskifræðis-tímaritið.
8. Aldamót, kirkjulegt ársrit.
9. Skírni.
10. Lögfræðistímaritið, sem amtmaður Páll Briem ætlar að gefa út. — Auk þessa höfum vjer 16 dagblöð, sem öll fræða oss um það, sem hugsað er og gert í nútíðinni.

Margir af þeim mönnum, sem líklegastir eru til þess að lesa þetta fyrirhugaða tímarit, halda nú þegar sumir bæði »Review of reviews« og »Kringsjaa«. Sumir svara því, að blöðunum skjátlist nú opt, og vitanlega getur það komið fyrir; en mundi ekki geta farið á líkan hátt fyrir manni, sem hjer á landi ætti að skrifa slíkt tímarit? Jeg verð því að vera á þeirri skoðun, að það sje engin brýn nauðsyn að kosta þetta fyrirhugaða tímarit af landssjóði.

Hitt gæti komið til máls, ef þessi háttv. herra vildi vinna á þann hátt, sem breytingartillögurnar fara fram á, og þiggja styrk til þess. En nú er það tvísýnt, þar eð hann hefir sótt um styrkinn til útgáfu tímarits, en alls ekki til þess, sem breytingartill. fara fram á. Jeg ætla því að bíða átekta að svo stöddu, og mun sitja fyrir þessari styrkveitingu.

Töluliður 109. fer fram á, að veita Stefáni kennara Stefánssyni á Möðruvöllum 1500 kr. til fóðurfræðisrannsókna hvort árið. Þetta er eitt hið nytsamasta verk, sem hægt er að gera, og þar eð maðurinn er sjerlega fær til þessa starfa, þá vildi jeg helzt styðja að því að hann gæti hætt við kennarastörf og gefið sig allan við fóðurjurtarannsókn.

Því næst skal jeg minnast nokkuð á 117. tölulið á atkvæðaskránni; það er um tjárveitingu til að byggja stórhýsi fyrir landið í sambandi við bankann, þar sem á að vera nægilegt húsrúm fyrir bankann, pósthús, söfnin og fleira; upphæðin, sem áætluð er, er 80,000 kr. og skilst mjer, að bankinn eigi að leggja hitt fjeð til.

Vjer megum vera bankanum þakklátir fyrir það, að hann vill leggja fje til þessa, því auðvitað verður það mikið fje, ef húsið á að verða sæmilegt, og að öðrum kosti vil jeg ekki byggja; jeg vil ekki reisa þetta hús, nema það geti orðið til sóma fyrir þjóðina, dýrgripur og gersemi fyrir landið. Ef það yrði byggt eins og vera ætti, hlyti það að kosta allt að 200,000 kr.

Ef ráðizt verður í að byggja slíka landsbyggingu, ætti helzt að taka allt með, og ekki að eins ætla hinum æðri menntastofnunum þar húsnæði fyrst um sinn, heldur og til langframa. Þar gæti pósthús og banki verið á neðsta gólfi, söfn landsins á öðru gólfi, stjórnarskrifstofurnar á þriðja gólfi og svo hinar æðri menntastofnanir kóróna bygginguna á efsta gólfi. Þá væri ef til vill rjettara að háskólanum væri á sínum tíma byggð höll sjer í lagi.

En í öllum tilfellum verðum vjer að byggja svo, að þessum stofnunum sje

byggt vel við vöxt. Jeg er sannarlega ekki á móti alþjóðlegu stórhýsi, en það áskil jeg, að þegar vjer reisum það, þá, sje ekki nartað við nögl sjer, heldur reist vegleg höll, sú er sómi sje að, svo rúmgóð, að nægi um nokkra mannsaldra, svo sterk, að það sjái ekki á henni í tvær aldir og svo skrautleg, að hún þoli samanburð við skrautbyggingar heimsins erlendis. Þegar efni eru fyrir hendi og þegar tími er til kominn og áætlanir liggja fyrir, þá er jeg með að reisa slíkt þjóðlegt stórhýsi, en þá vil jeg líka hafa það svo myndarlegt, að sómi sje að.

Þá eru nú þilskipalánin. Tilgangurinn með þeim er að minni skoðun aðallega sá, að hjálpa þeim sjómönnum, sem missa atvinnu sína við það að bátfiskið afleggst, fremur en að hvetja eða teygja menn, sem áður hafa ekki stundað sjávarútveg til að hverfa frá öðrum atvinnuvegum til sjávarúthalds. Því þykir mjer það rjett, að þessi lánveiting sje ætluð þeim einum mönnum, sem aðallega stunda sjávarútveg, og vil jeg í þessu efni sjerstaklega benda til orða h. þm. S.-Þing., því jeg er alveg samdóma því, sem hann tók fram um þetta efni.

Um lánin til jarðabóta er jeg að vísu samdóma h. 1. þm. Rangv. (Sigh. Á.), að það væri æskilegast að lánin gætu orðið veitt fleirum en jarðeigendum; en með því engin till. liggur fyrir um nauðsynleg tryggingarskilyrði í þá átt, verð jeg að greiða atkvæði með till., eins og hún liggur fyrir.

Einar Jónsson: Jeg skal fyrst minnast á orgelið í Vestmannaeyjakirkju og vil jeg benda þeim, sem það mál vilja styðja, til að greiða atkvæði með lægri upphæðinni; því að samkvæmt reynslu þeirri, sem jeg hef í því efni, get jeg fullyrt, að 350 kr. er nægileg upphæð til að fá fyrir sterkt og rómgott orgel í meðalstóra kirkju.

Þá vil jeg mótmæla orðum 1. þm. Eyf. um sönginn í dómkirkjunni; jeg skal ekki neita því, að honum er í ýmsu áfátt, og að hann er engin sjerleg fyrirmynd, en að hann sje verri en í sveitakirkjunum er alls eigi rjett; að minnsta kosti þekki jeg enga þá sveitakirkju hjer á landi, þar sem söngur sje í betra lagi en hjer, eins og líka er eðlilegt.

Tillögunum um niðurfærslu á námsstyrk og húsaleigustyrk við skólana get jeg með engu móti verið samdóma.

Jeg hef mælt á móti þeirri niðurfærslu, eins og jeg hef getað, bæði 1893 og 1895, með því að jeg fæ ekki annað sjeð, en að slík niðurfærsla miði beint að því að útiloka fátækari hluta þjóðarinnar frá því að geta notað námsstofnanirnar, og gleður það mig því að sjá, að þingið er þó nú farið að láta sjer skiljast það, og jeg vona hætt við að færa lengra niður þann styrk. Út af því, er hæstv. landsh. sagði um latneska stílinn, getur mjer skilizt að það sje máske ekki reglugjörðarbrot að halda honum við inntökupróf, þegar honum er þannig háttað eins og hæstv. landsh. lýsti; en allt um það þætti mjer þó æskilegast að hann væri með öllu aftekinn.

Kvennaskólarnir virðist mjer æskilegt að væru yfirleitt meira praktiskir en þeir eru, einkanlega þeir, sem eru út um landið. En æskilegt er líka að hjer í Reykjavík sje einn slíkur skóli, sem gefi kost á meiri bóklegri menntun, og því er jeg meðmæltur því, að fje sje veitt til að bæta við einum bekk í hann. Það er líka vert að minnast þess nú, að það er forstöðukonunni mesta áhugamál að fá fullkomnað skólann á þennan hátt, áður en hún hættir starfi sínu

við hann, en hún er einmitt sú, sem hefir komið upp hinum fyrsta kvennaskóla hjer á landi, og svo framarlega sem vjer metum það nokkurs, að kvennaskólar hafa komizt hjer upp, þá ætti það að vera okkur ánægja að gleðja þau heiðurshjón, sem svo mikið hafa lagt í sölurnar fyrir það mál, sem kunnugt er, gleðja þau með því, að styrkja þau á hinum síðustu árum þeirra, til þess að koma skólanum í það horf, sem þau óska, áður en þau skilja við hann, og sem vjer einmitt hljótum jafnframt að játa, að sje heppilegt fyrirkomulag á skólanum. Það er ekki nema skyldug viðurkenning.

Styrkhækkuninni til amtsbókasafnanna er jeg meðmæltur. Þar sem h. þm. A.-Skaptf. (J. J.) minntist á bókasafn Austurumdæmisins og áleit það vafasamt að jafnaðarsjóður amtsins gæti veitt tiltölulegan styrk, þá skal jeg geta þess, að í hitt ið fyrra voru safninu veittar 500 kr. af jafnaðarsjóði og í fyrra 500 kr., og nú í ár er úr honum aptur veittur 500 kr. styrkur. Þar sem hann sagði, að safnið væri lítið eða ekkert notað af suðurhluta amtsins, þá hygg jeg það sje varla rjett hermt; í öllu falli er það þá íbúum þeirra sveita sjálfum að kenna, ef svo er, því að þegar safnið var stofnað, þá voru þegar birtar í blaðinu Austra reglurnar fyrir notkun safnsins, og síðan hafa stöðugt staðið í því auglýsingar um það. Það ætti líka að vera þeim sem öðrum amtsbúum kunnugt, og ekki sízt hinum h. þm. A.-Skf. (J. J.), að á amtsráðsfundi Austuramtsins 1895, þá var gerð sú ákvörðun, sem lesa má í Stjórnartíð. það ár, B-deildinni, bls. 221, að »bókavörður mætti lána mönnum úr fjarlægari sveitum bækur safnsins allt að 9 mánuði, og að hreppsnefndunum skyldi heimilt að fá allt að 10 bækur í einu gegn ábyrgð fyrir skemmdum og venjulegu tillagi». Jeg vona því að samsýslungar h. þm. komist upp á að nota safnið betur framvegis; enda býst jeg við að á fundi amtsráðsins í sumar hafi verið gerðar af nýju ráðstafanir til enn auðveldari og útbreiddari afnota safnsins.

Styrknum undir 291. tölulið til Brynjólfs Jónssonar, til fornmenjarannsókna, er jeg fyllilega samþykkur, þótt jeg ekki vilji að honum sje veittur styrkur sem skáldi.

Nefndin leggur til að veita Boga Melsteð styrk til að semja sögu Íslands, en h. þm. Eyf. (J. J.) vill veita honum styrkinn til að gefa út sögu Íslands. Þessari breyt.till. h. þm. get jeg eigi verið samþykkur, því að þetta starf er svo lagað, að varla er að búast við að hann sje þegar tilbúinn að gefa út sögu Íslands. Hingað til hefir honum verið veitt fje til að safna til sögu Íslands, og það um nokkur fjárhagstímabil. Og hafi hann verið að safna hingað til efninu, — sem auðvitað hlaut að taka mjög mikinn tíma, — þá er ekki rjett að hugsa að það taki svo lítinn tíma að semja söguna, að yfir það megi hlaupa og heimta hana strax gefna út. Þess vegna er rjettara að fylgja tillögu nefndarinnar, og gefa viðkomandi manni bendingu um það, að þingið ætlist til, að hann gefi sig nú beinlínis að því að semja söguna úr því efni, sem hann þegar hefir safnað, og hann nægilega bundinn við borð með því.

Það gleður mig, að till. um styrk til Páls Ólafssonar skálds hefir engum mótmælum sætt hjá neinum nema hjá þm. Dal. (J. P.) og þeim þó ekki sterkum. Jeg get ekki varizt að minnast á, hve mikil áhrif hann hefir haft á skáldskap hinnar yngri kynslóðar. Það er að vísu ekki svo mjög hugmyndaauður eða

djúpsæi, sem auðkennir skáldskap hans, heldur fyrirtaks formfegurð fram yfir flesta eða alla aðra, ásamt fjöri hans og fyndni. Auðsær vottur þess er það, hve ótrúlega fljótt vísur hans og kvæði hafa flogið undir eins um land allt, þegar þær hafa birzt. Hvað vel það fellur í smekk og hugsun þjóðarinnar, sýnir sig á því, hversu skjótir menn eru að nema það, sem hann kveður, já, meira að segja, geta ekki látið vera að læra það. Þegar þeir yngri menn, sem skáldgáfu hafa haft, hafa heyrt kvæði hans, þá hefir þeim hlotið að finnast svo, að þetta ljetta og lipra form, þetta alþýðlega, hreina mál, sem einkennir kvæði hans og sem menn segja allt af um, að sje rjett eins og menn tala það í daglegu máli, — að þetta form væri einmitt það, sem þyrfti að leggja áherzlu á, — og svo hefir þeim ósjálfrátt orðið að líkja eptir honum. Eitt af yngri skáldum vorum, Þorsteinn Erlingsson, sem sýnir nú svo framúrskarandi snilld í sams konar formi, hefir líka opinberlega viðurkennt, að Páll hafi haft mjög mikil áhrif á sig. Jeg vil því leyfa mjer að mæla sem bezt með þessari tillögu. Hans grænzkulausu gamankvæði hafa lengi glatt landsmenn, eins og hans staka gestrisni og glaðlyndi hafa glatt alla, sem honum hafa kynnzt, og þegar meðfram er litið á það, þá er enn meiri ástæða til að gleðja hann á þennan hátt á elliárum hans og þakka honum þannig eigi að eins fyrir gagnið, sem hann hefir gjört, heldur og fyrir alla skemmtunina.

Styrkurinn til Brynjólfs Þorlákssonar til hljóðfæranáms og Sigurðar Þorlákssonar til leikfimisnáms er auðvitað nokkuð naumt ákveðinn hjá nefndinni, er hún hafði í mörg horn að líta og varð að halda spart á. Hæstv. landsh. áleit rjettara, að þessar upphæðir hefðu verið hærri, úr því þær eru veittar, og jeg fyrir mitt leyti er á sama máli og svo er um fleiri nefndarmenn, og hefðum vjer búizt við, að þingið vildi vera enn óspart á fjárveitingum, án tillits til tekjuhallans, eins og breyt.till. benda á, þá hefðum vjer að líkindum verið í sumu djarftækari.

Næsta atriði er 107. töluliður. Þar leggur nefndin til, að Jóni Ólafssyni verði veitt talsvert fje til þess að gefa út mánaðarrit. Jeg get verið með þessari fjárveitingu, því að það er mitt álit, að slíkt rit, sem hjer er um að tala, sje sannarlega þarft. Jeg álít einnig, að það standi okkur nær að fræða okkar eigin þjóð um önnur lönd og hugsanir og störf annara þjóða, heldur en að fræða aðrar þjóðir um okkur. Jeg kann ekki við að setja sjerstakan mann til þess að vekja eptirtekt á okkur í útlendum tímaritum; það lítur næstum því eins út og við viljum láta bera meira á okkur en við verðskuldum. Jeg treysti því einnig að útlendingar, sem hingað koma, fræði nægilega um okkur; það skyldi þá að eins vera að þörf væri á að leiðrjetta, ef þeir ranghermdu eitthvað. Jeg fyrir mitt leyti vona að álit útlendinga á okkur skýrist smám saman, án þess að við þurfum að kosta sjerstakan mann í því tilliti.

Þá ætlaði jeg að víkja lítið eitt að tölulið 110, viðvíkjandi styrk til Sigurðar Jónssonar járnsmiðs, og verð jeg að lýsa því yfir, að það er nokkuð, sem jeg ekki get greitt atkvæði með, enda finnst mjer þessi tillaga næsta óákveðin. H. þm. V.-Skaptf. (Guðl. Guðm.) fór að vísu nokkrum orðum um þessa styrkveitingu, en tók þó ekki nægilega skýrt fram, við hvað eiginlega væri hjer átt, og hugsa jeg að það verði fleiri en jeg sem ekki treysta sjer til

að greiða atkvæði með þessum lið, meðan eigi er betur skýrt, hvað tilgangurinn er með fjárveitingunni.

Þá talaði h. þm. Dal. (J. P.) talsvert um hina fyrirhuguðu byggingu stórhýsis hjer í bænum. Jeg hugsa að h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) muni gjöra grein fyrir því, og skal þess vegna ekki fjölyrða um það. Að eins skal jeg geta þess, að nefndin hefir ekki hugsað sjer að landsbókasafnið hefði rúm þar, heldur miklu fremur að byggt yrði á sínum tíma hús fyrir það, og þá ætti í sambandi við það að fást rúm fyrir hinar æðri menntastofnanir. En nefndin var á því, að þetta hús gæti nægt, að minnsta kosti fyrst um sinn, fyrir það, sem tekið er upp í viðaukatill. nefndarinnar, sem sje bankann, póstafgreiðsluna o. s. frv. Jeg get heldur ekki verið h. þm. Dal. (J. P.) samdóma um það, að þetta hús þyrfti að vera svo sjerlega skrautlegt, svo að það gæti staðist »Kritik« 100—200 ára. Jeg held nægilegt að það væri sæmilega skrautlegt eptir dómi manna nú. Það er heldur ekki ólíklegt, að það eptir 100—200 ár mundi reynast ónógt fyrir það, sem það er nú ætlað fyrir, en þá mætti líklega hafa það til einhvers annars.

Þá hefir lánveiting til þilskipakaupa mætt talsverðum mótmælum, og jeg verð að segja, að jeg er ekki nægilega kunnugur í þeim efnum, svo jeg veit varla, hvað jeg á um það að segja. Því hefir verið haldið fram, að þilskip væru ekki til góða fyrir aðra eu kaupmenn, og verði þar af leiðandi eiginlega ekki til eflingar sjávarútveginum, heldur að eins til þess að veita fleirum mönnum atvinnu. Ef svo er, þá virðist naumast ástæða til að veita styrk til þeirra úr landssjóði. Jeg hefi ávallt haldið að þilskip mundu efla sjávarútveginn, og við það eru orð nefndarinnar miðuð, nefnilega, »er hafa sjávarútveg að aðalatvinnuvegi«. Ef svo er, að það sjeu kaupmenn einir, sem græða á þeim, þá er ekki ólíklegt, að þeir haldi áfram að fjölga þeim eptir sem áður, þótt þeir fái ekki styrk til þess, þar sem þetta lán gæti ekki munað þá neitt verulega, en getur aptur á móti munað efnalitla menn miklu. Það er máske eitt, sem mönnum þykir að við orðalag greinarinnar, að það bendir á að bændur upp til sveita, þótt þeir mynduðu fjelög með sjávarmönnum, geti ekki orðið þessa styrks aðnjótandi, af því þeir ekki hefðu sjávarútveg að aðalatvinnuvegi. Mætti kannske draga dálítið úr orðunum »að eins«. Verði það ofan á, að þilskip ekki borgi sig, þá get jeg ómögulega sjeð ástæðu til að styrkja þau. Þegar jeg var prestur í Skagafirði, þá var mjer sagt, að eptir það að menn fóru að koma sjer upp þilskipum í Fljótum, þá hefðu þeir hætt að græða, og um Svein bónda á Hraunum, sem var mjög framarlega í þeim flokki, var mjer sagt, að hann hefði látið í ljós, að hann hefði hætt að græða, þegar hann tók upp þilskip til hákarlaveiða í stað hinna opnu hákarlaskipa. Þessi skip Fljótamanna voru aðallega hákarlaskip, og það mun satt vera, að eptir að þilskipin komu upp, fór sú veiði hnignandi þar í Fljótum fyrir almenning, sem eigi hafði nema opna báta, því að þilskipin drógu hákarlinn til djúps, en jeg vona að hjer verði reynslan önnur.

Björn Sigfússon: Það er nú orðið svo langt, síðan jeg bað um orðið, að jeg held helzt, að jeg sje nú búinn að gleyma því, sem jeg einkanlega vildi taka fram, og síðan eru líka ýms ir búin að taka fram það, sem jeg aðallega ætlaði að tala um. Það eru því ekki nema örfáir liðir sem jeg þarf að

minnast á. Jeg ætla þá fyrst að víkja að tölulið 81 á atkv.skránni. Þar á jeg ásamt fleirum breyt.till. um styrk til hússtjórnarskólans í Reykjavík. Eins og menn sjá, þá er upphæðin sú sama og sú, sem nefndin fer fram á, en að eins lagt til að víkja við orðalaginu, þannig, að í staðinn fyrir »fyrra árið« komi: »eitt skipti fyrir öll«. Það, sem vakti fyrir okkur, var það, að við vildum ekki gefa skóla þessum vonir um áframhaldandi styrk, þar sem vel gæti svo farið að það reyndust að eins tálvonir. Menn eru opt hræddir við að bæta nýjum styrkveitingum inn á fjárlögin vegna þess, að ef þær einu sinni eru komnar þar inn, er erfiðara að nema þær burtu aptur, og þess vegna var það, að við vildum ekki gefa neinar slíkar vonir. Getur auðvitað vel verið að reynslan sýni það og sanni, að skólinn sje styrks verður, og ef svo fer, þá er ætíð hægt að halda áfram styrkveitingu til hans, án þess slíkar vonir sjeu gefnar í byrjuninni. Jeg fyrir mitt leyti er þeirrar skoðunar, að þessi tilraun til að bæta úr því, sem einkum hefir verið áfátt við kvennaskólana, sje einkar-þarfleg, og er því mjög meðmæltur að veita þessa upphæð í þetta sinn. Jeg vona líka að aðrir h. þingdm. verði svo sanngjarnir, að þeir álíti það rjett að styrkja þessa stofnun til að komast á fót, sem er fjelaus í byrjuninni. Mjer finnst einnig talsverð ástæða til að vonast eptir að þetta fyrirtæki svari tilgangi sínum, þar sem forstöðukonan er viðurkennd fyrir áhuga og hæfilegleika í þeim efnum, og kennslukonan viðurkennd að vera framúrskarandi vel að sjer í því, er að hússtjórn og matreiðslu lítur. Jeg vil leggja áherzlu á það, að þó að ýmsir þm. ef til vill hafi minni trú á þessu fyrirtæki, af því, að þessi skóli standi hjer í Reykjavík, eins og kom fram 1895, þá vona jeg samt að þeir verði svo sanngjarnir og rjettsýnir að veita þessa upphæð eins og hjer er orðað: í eitt skipti fyrir öll. Jeg ætla svo ekki að fjölyrða um þetta, en að eins minnast á ummæli h. þm. Dal. (J. P.) um þenna lið. Hann sagðist vera í vafa um, hvort þetta væri fremur skólastofnun en »Restauration«. Mjer kom þetta nokkuð kynlega fyrir, því jeg get ekki sjeð, hvað stofnun þessi hefir sameiginlegt við veitingahús, annað en matsölu. Aptur á móti eru þar engar vínveitingar, og það er þó nokkuð einkennilegt veitingahús, sem er án þeirra. Annars get jeg ekkert undarlegt sjeð við það, og álít ekki nema gott að skólinn geti tekið gestum og selji mat, og enda standi fyrir fjölmennum samkomum eða veizlum; slíkt verð jeg að álíta kost, en ekki ókost. Það geta allir sjeð, að það er ekki nema gagnlegt fyrir stúlkur að venjast við að standa fyrir fjölmennum veizlum, því slíkt getur opt komið fyrir þær í lífinu, en þetta kemur heldur ekki daglega fyrir á skólanum, heldur við og við, og er því ekki aðalstarf skólans. Í öðru lagi hlýtur það að vera gott fyrir fjárhag skólans, og jeg veit að það er víst meining forstöðukonunnar, að gjöra sitt ýtrasta til að stofnunin geti borið sig sjálf, og það hygg jeg að flestum muni vel líka. Jeg held einnig að nokkuð ólíkt sje hjer og á almennum veitingahúsum, þar sem stúlkur í hússtjórnarskólanum stunda nokkra bókfræði, sjerstaklega að halda búreikninga og læra efnafræði, sem sjálfsagt er nauðsynlegt skilyrði fyrir því að kunna að búa til holl an og góðan mat; það mun vera aðalmark og mið skólans að kenna að búa til ódýran mat og jafnframt góðan, en

til þess er nauðsynlegt að stúlkur læri talsvert í efnafræði, læri að þekkja efnasambönd fæðunnar. Reglugjörð fyrir skólann er auðvitað ekki samin enn, enda er skólinn í byrjun, en jeg veit að meiningin er sú, að semja reglugjörð innan skamms, og að skólinn standi undir stjórn og umsjón Búnaðarfjelags Suðuramtsins, og verð jeg að álíta það mjög heppilega tryggingu fyrir því, að skólinn starfi í rjetta og praktiska átt. Jeg get annars ekki skilið, að nokkrum blandist hugur um að rjett sje að veita þenna styrk nú í byrjuninni, og vona að flestir þingdm. verði á einu máli um það.

Hingað til hefir lítið verið rætt um kvennaskólana, og má það furðu gegna, þar sem styrkveitingar til þeirra standa þó í þessari grein fjárlaganna. Það lítur raunar svo út, að enginn ágreiningur sje um það, að veita þá upphæð sem í frv. stendur, en ummæli nokkurra þm. um þessa skóla gefa mjer tilefni til að minnast á þá, því jeg vil ekki láta sumum af þeim ómótmælt. H. þm. Vestm. (V. G.) sagði um skóla þessa, að þeir væru mjög ljelegir; en jeg verð að spyrja: Hvaðan kemur þm. sú vizka? Jeg skil naumast að hann hafi nægа þekkingu á þessu til þess að viðhafa slík orð. Mjer fannst hann vilja kenna því um, að skólarnir væru svona á »hverri þúfu«. Hann viðhafði þau orð. Þá varð jeg nú fyrst alveg hissa. Hvernig getur þm. kallað það á hverri þúfu, þótt 3 kvennaskólar sjeu á öllu Íslandi? Mjer finnst talan alls ekki svo gífurleg, að það sje ástæða til að kenna fjöldanum um, hve ljelegir þeir sjeu. Hann hjelt því fram, eins og fleiri, að þessir skólar ættu að sameinast, og að því leyti ber honum að nokkru saman við fjárlaganefndina. En slíkt getur verið álitamál, sem þrátta má um bæði fram og aftur. Það má ekki gleyma því, að hjer verður að taka tillit til þess, sem búið er að gera; það verður að taka tillit til ástandsins sem er. Hjer er búið að stofnsetja 3 kvennaskóla, sem — sumir að minnsta kosti — standa á föstum fæti og verða ekki aldeilis umsvifalaust teknir upp. Það væri nokkuð öðru máli að skipta, ef nú væri verið að byrja að koma upp slíkum menntastofnunum. Það er líkt ástatt nú með kvennaskólana og var fyrir nokkrum árum með búnaðarskólana. Þá reis upp sú alda, að rjettast mundi að sameina þessa skóla, og út af þeirri öldu var leitað álits sýslunefnda og amtsráða um sameining þeirra. Eptir mikla rekistefnu fram og aptur um þetta mál varð það loks niðurstaðan, að ekki væri rjett að sameina þá. Fjöldinn af hinum hyggnari mönnum rjeð frá að rífa upp þá skóla, sem þegar voru stofnaðir, og var það að mínu áliti vitið meira. Nú eru ýmsir á því að rjettast muni að sameina kvennaskólana, en mjer þykir mjög líklegt, að þetta fari eins og með búnaðarskólana, að þegar menn hafa ýtarlega hugsað það mál, þá verði niðurstaðan sú, að ekki sje ráðlegt að leggja þá niður nje fækka þeim. Jeg er alveg gagnstæðrar skoðunar við þá, sem vilja fækka þeim, en hins vegar er það alls ekki meining mín, að jeg vilji fjölga þeim fram yfir það, sem nú er. Jeg vil láta þá tölu halda sjer, sem er, en aptur á móti gæti verið spursmál um, hvort ekki væri rjett að breyta sumum þeirra að einhverju leyti, t. d. í þá átt, sem h. 1. þm. Skagf. (Ól. Br.) stakk upp á, að þar sem þeir standa í kaupstað við hliðina á öðrum skólum, að þá væri ekki áherzla lögð á bókfræði, heldur yrðu þeir að mestu hannyrða- og hússtjórnarskólar. Jeg

er þeim sama h. þm. alveg samdóma um það, að við ættum að keppa að því takmarki, að koma á samfræðslu fyrir konur og karla í ýmsum bóklegum fræðum.

Meðmælin með því að sameina kvennaskólana hafa hingað til ekki getað sannfært mig; sumt mælir með því, en eptir minni skoðun fleira á móti. Það yrði sjálfsagt of langt mál að fara nákvæmlega út í það efni, en þó vil jeg að eins drepa á einstök atriði. Því stærri sem skólinn er, því erfiðara hlýtur að verða að fá forstöðukonu, sem fær sje að gegna því starfi; það er hægra að stjórna skóla með 40 nemendum en 100. Og þar að auki, ef nemendafjöldinn er mikill, þá er hætt við að kennslan verði ekki eins góð. Sjeu skólarnir fleiri, er æðið nokkur samkeppni milli þeirra, því enginn skóli vill fá þann orðstír að vera lakari en hinir, og svo geta menn gert samanburð á þeim, og metið hverjir bezt reynast, meðal annars, hvort þeir gefast betur í sveit eða kaupstað, og valið svo um eptir því. Svona mætti halda áfram að nefna mjög margt, sem mælir á móti sameiningunni, en jeg skal sleppa að fara langt út í það að svo stöddu; jeg nefndi þetta að eins, sem dæmi. Mjer finnst líka, að þegar kvennfólkið hefir nú einu sinni fengið þessar 3 menntastofnanir, þá væri sannarlega hart að svipta það þeim aptur, og það því fremur sem þessir skólar eru svo afaródýrir í samanburði við aðra skóla. Allir til samans kosta þeir landssjóð ekki meira en 5—6 þúsund kr. árlega, sem ekki er meira en sem svarar launum annars amtmannsembættisins. Jeg er sannfærður um, að landið fær ekki meiri eða gagnlegri fræðslu í karlmannaskólunum fyrir sama verð. Gagnfræðaskólarnir tveir, sem mega þó heita ódýrir skólar, kosta rúml. 13,000 kr. á ári, og er það ekki lítill munur, eins og allir sjá.

Mjer hefir fundizt í þessu sameiningarmáli, sem einkanlega hefir snert Norðurland, að það vera meiningin, að kippa upp þeim skólanum, sem stendur í sveit, en láta þann standa, sem í kaupstað er. En auðsjeð er það, að fjárlaganefndin hefir ekki viljað slá neinu föstu um það, þar sem hún leggur til að veittar sjeu 10000 kr. til að byggja kvennaskóla á Norðurlandi, án þess að taka neitt fram um, hvar skólinn ætti að standa. En eins og jeg drap á áðan, þá finnst mjer eins og það hafi legið í loptinu að kippa upp þeim skólanum, sem í sveit stendur, en láta þann haldast, sem í kaupstað er. Þeir, sem þessu halda fram, gjöra það sjálfsagt af þeim ástæðum, að þeir álíta skólanum, eða þeim, sem hans eiga að njóta, það fyrir beztu, því ekki vil jeg gjöra ráð fyrir að þeir hugsi mest um að hlynna að kaupstaðnum, en jeg álít það ekki rjett, að skólinn sje betur settur í kaupstað en í sveit, að minnsta kosti ekki í byrjuninni, og það af mörgum ástæðum. Fyrst og fremst er enginn efi á því, að skólaveran verður nemendunum miklu dýrari í kaupstað en í sveit. Hvers vegna hefir skólavistin á Möðruvöllum verið svo ódýr? Af engu öðru en því, að skólinn stendur í sveit. Hvers vegna hefir hún einnig orðið ódýr á Flensborgarskólanum? Af því að þar hefir ýmsu verið hagað líkt og í sveit. — Hjer í Reykjavík borga stúlkur víst almennt 1 kr. fyrir viðurværi á dag, og, að því er jeg hygg, mun það svipað á Akureyri, en á Ytrieyjarskólanum tæpa 50 aura. Þetta er ekki þýðingarlítill munur; það er svo mikill munur, að það er ekki fyrir aðrar en efnaðar stúlkur að ganga á kaupstaðarskólann, þar sem fátækar stúlkur geta haft aðgang að sveitaskólanum. Það

mun ekki of mikið í lagt, þó gjört sje, að hver stúlka á Eyjarskólanum hafi sparað um 100 kr. í fæðispeningum, þegar miðað er við kaupstaðarskólana, og eptir skýrslu frá þeim skóla voru nemendur þar 41 síðastliðið skólaár. Sú upphæð, sem sá sparnaður nemur, er þá rúmar 4000 kr., eða hjer um bil tvöfalt það fje, sem landssjóður leggur til skólans. Þetta get jeg ekki álitið annað en sterk meðmæli með því að hafa skólana heldur í sveit en kaupstað. Hjer við bætist líka, að lítill efi getur leikið á því, að nemendur læra meira á þeim skóla, sem stendur í sveit, en hinum, sem stendur í kaupstað. Það vill æfinlega vera svo margt, sem glepur fremur fyrir í kaupstöðum, og það eru víst fullljós dæmi til þess, að kaupstaðarlífið hefir haft miður holl áhrif á nemendurna, og, meira að segja, jafnvel beinlínis spillandi áhrif. En þó að slík dæmi hafi verið nefnd, þá ætla jeg ekki nú, af því jeg álít það ekki sjerstaklega nauðsynlegt, að fara lengra út í þá sálma. En ef nú þessi sameiningarstefna væri, því ætti þá ekki eins að sameina gagnfræðaskólana? Það væri þó í fullu samræmi við hitt.

H. 2. þm. K.-G. (J. Þór.) sagði í ræðu sinni, að kvennaskólinn hjer í Reykjavík væri beztur af öllum kvennaskólunum. — Mjer þykir að vísu leitt, að hann skuli ekki vera hjer inni í salnum, en get samt sem áður ekki gengið fram hjá því. — Hann sagði, að í þessum skóla væri bóklega fræðslan lítils virði. Jeg hefi nú raunar aldrei heyrt það fyrri, að þessi skóli tæki hinum sjerstaklega fram, en, hvað um það, þm. fullyrti að svo væri, og gaf með því í skyn, hversu afar-ófullkomnir hinir væri. Hann þóttist byggja þennan dóm sinn á eigin kunnugleik, því að hann hefði verið prófdómari við þennan skóla, en síðan hefi jeg fengið að vita, að það eru iðin 11 ár síðan, og skólinn þá að eins í 2 bekkjum. Mjer þykir það annars nokkuð kynlegt, að dæma skólann nú eptir því. Mjer virðist þetta vera tilraun til að blekkja menn, og kasta skugga á skólann óverðuglega. Jeg tel sjálfsagt að kennslunni hafi farið mikið fram, einmitt á þessu 11 ára tímabili. En út af þessum umm̀ælum þm. hefi jeg nú kynnt mjer skýrslur frá öllum kvennaskólum á landinu og borið saman vitnisburðina, bæði kvennaskólanna innbyrðis og svo líka við Flensborgarskólann. Það má að vísu segja sem svo, að ekki sje áreiðanlegt að byggja á slíkum vitnisburðum, vegna þess að ekki sjeu alstaðar sömu prófdómendur, en því hefir nýlega verið haldið fram í einu tímariti, að prófvitnisburðir sjeu það eina, sem hægt sje að byggja á, þegar dæma skal um menntun þá, sem skólar veita. Af þessum prófskýrslum sjest, að prófdómendur við þessa skóla eru alstaðar ungir skólamenn frá latínuskólanum, og verður því að ganga út frá, að vitnisburðargjafirnar sjeu ekki mjög mismunandi. En hver varð svo niðurstaðan við þennan samanburð minn? Hún varð á annan veg en jeg bjóst við. Jeg hafði búizt við hæstum vitnisburðum við Flensborgarskólann, þar sem námið er eingöngu bóklegt; en það reyndist öðru vísi; vitnisburðirnir eru þar ekki hærri, heldur lægri. Yfir höfuð eru vitnisburðirnir mjög svipaðir á öllum kvennaskólunum innbyrðis, en þó jafnastir í Eyjarskólanum, einkum í efri deildinni, það er að segja, að þar er minnst af ljelegum einkunnum. — Jeg hef allar þessar skýrslur hjer fyrir framan mig. Það getur hver sem vill skoðað þær sjálfur, og sannfært sig um þetta, sem jeg nú hefi sagt.

Þegar h. 2. þm. G.-K. (J. Þór.) var að gjöra lítið úr bóklegu fræðslunni í kvennaskólunum, datt mjer í hug: Já — »það er þá víða pottur brotinn«,

því jeg þóttist vita, að hann sjálfur mundi ekki óvanur að hafa nemendur, sem vissu lítið, heldur hlyti slíkt opt að hafa komið fyrir hann. En þó jeg taki svo til orða, þá vil jeg alls ekki láta skilja það þannig, að jeg álíti kennsluna við Flensborgarskólann svo ljelega, en hins vegar veit jeg það, að frá þessum skóla hafa margir komið svo illa að sjer, að þeir hafa alls ekki verið jafnsnjallir mörgum námsmeyjum frá kvennaskólunum. Þessum orðum mínum til sönnunar skal jeg með leyfi hæstv. forseta lesa upp brjefkafla frá mjög merkum og menntuðum manni til mín. — Svo leiðis var ástatt, að það var stúdent frá Flensborgarskólanum, sem skrifaði ritgjörð í sveitablað, og hafði þýtt kafla (»Bogtrykkerkunstens Opfindelse«) úr lestrarbók þeirra Jóns Þórarinssonar og Jóhannesar Sigfússonar. Kaflinn stendur á bls. 154 í þeirri bók, en kaflinn úr brjefinu til mín, sem jeg ætlaði að leyfa mjer að lesa upp, er þannig:

»Það er einkennilegast við þetta, hve »hroðalega hann hefir flaskað á orða»safninu, þar sem hann þýðir »ophöjet« »með »vegsamlegur«. Annars er greinin »orði til orðs þýdd eptir orðasafninu »(nema þar sem misskilningur kemur »fram líkt þessu), sem eðlilegt er, þar »sem maðurinn vitanlega skilur svo sem »ekkert í dönsku«.

Hinn tilfærði þýddi kafli hljóðar þannig:

— — — »Þetta höfðu menn að vísu »reynt fyr í einstöku munkaklaustr»um. Þeir höfðu (þar) skorið út ýmsar »vegsamlegar myndir á trjespjöld, með »litlum versum eða áritunum neðan»undir, með því að rjóðra lit á þessar »vegsömuðu hluta höfðu þeir reynt að »setja myndirnar af trjeplötunum á lausa »pappírsmiða; en Guttenberg var sá »fyrsti, sem datt í hug að búa til tölu»vert af bókum á þenna hátt«.

Seinna í greininni þýðir hann setninguna: »Som tænkt, saa gjort«: »Eins og hugsað, var það gjört«, og ýmislegt fleira þessu líkt.

H. þingdm. geta nú sjálfir dæmt um þessa þýðingu, og mega ekki gleyma því, að hún er gjörð af »Realstúdent«. Það er alkunnugt, að fleiri slíkir stúdentar eru alls ekki sendibrjefsfærir.

Ljelegir nemendur geta komið frá öllum skólum, og er það ekki tiltökumál, þótt þeir komi líka frá kvennaskólanum í Reykjavík. Jeg held því ekki, að það sje byggjandi á öðru eins og þessu, til að kasta skugga á bóklega kennslu í kvennaskólunum.

Að því er sjerstaklega snertir kvennaskólann á Ytriey, þá skal jeg leyfa mjer að drepa lítið eitt á ástandið þar, af því að jeg vil gjarna að menn kynnist því máli vel, og fái að vita hið rjetta um það.

Í fyrsta lagi eru kennslukraptarnir beztir þar, af því að þessi skóli borgar kennurunum bezt, og getur því valið um þá.

Í öðru lagi er tíminn betur notaður þar en ef skólinn væri í kaupstað, af því að hann er í sveit og verður því meira úr náminu þar en í kaupstaðarskólunum.

Í þriðja lagi eru kennsluáhöld bezt þar; það hef jeg frá þeim, sem þekkja til þess. Þar eru ágæt kort, betri en í hinum skólunum. Þar er einnig bókasafn allstórt; eru í því rúm 300 bindi. Mjer er ekki kunnugt um, hvort hinir skólarnir hafa nokkurn menntunarsjóð, eins og þessi skóli hefir; hann er að upphæð rúmlega 1000 kr.; en það er ekki enn þá farið að útbýta vöxtunum af honum. Svo er einn kostur enn á þessum skóla, sem jeg hygg að þeim

geðjist vel að, er vilja leggja mesta áherzlu á að kennslan sje praktisk, og það er það, að í kvennaskólanum í Ytriey er mestum tíma varið til fatasaums. Þetta er einmitt atriði, sem jeg legg mikla áherzlu á, að kennslan sje sem bezt í þessari grein. Í Reykjavíkur kvennaskóla er ekki kennt að sníða og taka mál, en það er kennt á Eyjarskólanum. Það munu allir kannast við, að geti orðið að verulegum notum í lífinu.

A Eyjarskólanum er námsmeyjunum einnig heimilt að læra matreiðslu og hússtjórnarstörf. Að vísu nota þær ekki allar þá heimild, en sumar þeirra gjöra það þó, en þær eiga ávallt kost á því, þegar þær óska þess. Þessu er ekki hægt að koma við í kaupstöðum.

Ur því að jeg er að tala um þenna skóla á annað borð, þá vil jeg um leið drepa á eitt atriði, sem notað hefir verið sem vopn á móti því að hafa skólann í Ytriey, nfl. það, að aðflutningar til hans sjeu svo dýrir. Það hefir síðan 1892 verið látið klingja, að aðflutningarnir kostuðu árlega hjer um bil 400 kr.

Jeg hef fengið skýrar upplýsingar um þetta efni frá forstöðumanni skólans. Árið 1892 var í reikningum skólans útgjaldaliðurinn fyrir »störf og aðflutninga« um 400 kr. Svo hafa óvinir skólans, eða þeir, sem hafa búizt við að hafa hagnað af því að hann væri lagður niður, vitnað í þetta eina ár, og þannig hefir það flogið út, að svona dýrir sjeu aðflutningarnir árlega. En útgjaldaliður þessi var ekki eingöngu fólginn í aðflutningum, heldur voru þar í fólgin útgjöld þau, er hjer skal greina:

Bikun skólahússins og aðgjörð á kjallara	kr. 34,50
Fyrir að byggja móhús að grundvelli	— 45,50
Flyt	kr. 80,00

Flutt	kr. 80,00
Fyrir að slátra fje skólans, brytja kjöt og salta o. fl. .	— 42,50
Fyrir að mala 20 tunnur af kornmat	— 40,00
Fyrir karlmannastörf um veturinn, burð á vatni, mó og kolum, snjómokstur og smávik eptir samningi . .	— 50,00
Kaup tveggja vinnukvenna .	— 60,00
Fyrir ýmsar smáaðgjörðir .	— 31,00
Alls	kr. 303,50

Af því að jeg hefi heyrt svo mikið talað um þetta, þá vildi jeg að það kæmi í ljós, í hverju þessi 400 kr. upphæð væri fólgin. En allir sjá, að það eru minnst aðflutningar af þessari upphæð; að eins rúmar 100 kr. En í fljótu bragði mun það sýnast svo, að þessar 100 kr. mætti spara, ef skólinn væri í kaupstað. En þar sem Eyjarskóli hefir 2 verzlanir á hverja hönd, nfl. á Skagaströnd og Blönduós, mun óhætt að fullyrða, að þessi aðflutningskostnaður vinnur sig upp, vegna þess að samkeppni þessara verzlana gjörir það að verkum, að skólinn kemst að miklu betri kjörum en ella, ef að eins við einn eða tvo væri að eiga; og af því að skólinn er á góðri sveitajörð, þar sem hægt er að fá nóga mjólk, þá er hún ódýrari þar en í kaupstað, nfl. að eins 10 aura potturinn af nýmjólk og 5—6 aura potturinn af undanrennu. Einnig í þessu er töluverður sparnaður fólginn, af því að skólinn er í sveit; enda hefir reynslan sýnt það, að þó að þessi skóli hafi gefið bezt kjör, að því er kennslukaup snertir og einnig meðgjöf námsmeyja, þá er samt fjárhagur hans í einna beztu lagi, þótt hann byrjaði með nálega engu fje. Húsakynni þar eru svo góð, að þeir, sem þekkja til þar og á hinum kvennaskólunum, telja þau talsvert betri og haganlegri. Þar eru stórar og hent-

ugar stofur og húsið er hlýtt og vel vandað, þó það sje ekkert skrauthýsi.

Þegar jeg nú hefi skýrt stuttlega frá þessu, vil jeg ætla h. þingdm. að meta, hvort rjett sje að leggja sjerstaklega þenna skóla niður.

Eins og jeg hef áður tekið fram, álít jeg rjettast, að láta þenna skóla standa óhreyfðan, og yrði að telja það bæði ómaklegt og hið mesta gjörræði að leggja hann niður. Það getur verið bæði gaman og gagn að hafa hann til samanburðar við aðra líka skóla í kaupstað. Jeg skal svo að eins bæta því við, að þessi skóli hefir í raun og veru miklu fremur verið landsskóli en hjeraðsskóli, í mörg ár. Það sjest ljóslega af skýrslu þeirri, sem legið hefir fyrir þinginu, sem sýnir, að námsmeyjar á honum hafa verið úr flestum sýslum á landinu. Þó jeg sjálfsagt hafi gleymt ýmsu, sem vert hefði verið að taka fram, skal jeg nú samt yfirgefa þetta efni, af því að jeg finn að jeg hef orðið nokkuð langorður um það. Það er sjerstaklega útgjaldaliður sá, sem gjörir ráð fyrir 30,000 kr. láni til þilskipakaupa, sem jeg er í nokkrum vandræðum með. Mjer finnst þessi hugmynd svo fögur, að jeg fyrst var eindregið með að styðja hana. En þegar jeg hafði heyrt h. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) og h. 1. þm. G.-K. (J. Þór.) láta í ljós álit sitt um hana, en þeir eru báðir mjög vel kunnugir þilskipaveiðum, þá var jeg í vafa um, hvort jeg ætti að styðja hana. Báðir þessir þm. hafa tekið það fram, að þilskipaútvegur borgi sig ekki nema fyrir kaupmenn, en að bændur almennt skaðist á því og sumir fari jafnvel alveg á höfuðið á því. Jeg legg því meiri áherzlu á þenna dóm þessara h. þm., sem jeg veit að þeir eru þessu máli kunnugir, og þykist sannfærður um, að þeir mundu vilja styðja þessa till., ef þeir álitu að hún mundi að gagni verða. En mjer fannst liggja í orðum þeirra, að þeir álitu að þetta væri að freista manna út á of hála braut, að ginna þá til slíkra kaupa. Svo er eitt atriði enn, sem talar öfluglega á móti þessari hugmynd. Jeg fæ sem sje ekki betur sjeð en að tryggingin í skipunum sje ónóg, eins og h. þm. Strand. (Guðj. G.) tók svo glögglega fram. Þetta allt saman verður því til þess, að jeg ekki mun gefa þessum lið atkv. mitt.

Jeg finn að jeg hefi talað alllengi og skal jeg því láta hjer staðar numið, enda er hreinasti óþarfi að allir sjeu að tala um alla útgjaldaliði; jeg ætla að eins með atkv. mínu að sýna, hvernig jeg lít á hverja einstaka fjárveitingu.

Sigurður Gunnarsson: Það hafa nú margir mælskir og glöggskyggnir þdm. talað um þennan kafla fjárlagafrumv., og er því óþarft að bæta þar mörgu við. Fjárlaganefndin hefir verið svo heppin, að hún hefir fengið meðmæli meiri hluta h. þdm. með flestum uppást. sínum, og sjerstaklega með höfuðatriðum þeim, er segja má um að varði mestu fyrir land og lýð, og það er nefndinni fyrir mestu

Þá er jeg lít á breyt.till. þær, er fram eru komnar frá einstökum þingm., öðrum en nefndinni, sje jeg að h. þm. Vestm. (V. G.) mun eiga þær flestar, og flestum þeirra er svo háttað, að þær ættu ekki að komast að; í því er jeg sammála mörgum h. þdm., sem talað hafa á móti þeim. Þeir hafa þegar tekið fram hið helzta, er mælir á móti þeim, svo að jeg skal ekki verða langorður.

Það var eitt orðatiltæki, er h. þm. Vestm. (V. G.) viðhafði, þá er hann var að mæla með niðurfærslu þeirri á námsstyrknum, er hann hefir stungið upp á við prestaskólann, læknaskólann og lærða skólann. Þá er hann var að

tala um þessa skóla sagði hann, að kennararnir vildu »unga út sem flestum candidötum frá þeim skóla«. Þetta eru óviðurkvæmileg orð, og bera vott um megna fyrirlitningu fyrir hinum innlendu menntastofnunum vorum. Þess væri óskandi að hann sjálfur ekki ungaði út einhverju, sem ekki væri frýnilegra en aumingja candidatarnir af innlendu skólunum okkar. Þegar að er gætt, sjáum vjer, að breyt.till. h. þm. Vestm. (V. G.) eru byggðar á þeirri skoðun hans, að innlendir skólar eigi ekki að existera hjer á landi. Mín skoðun og flestra annara er þessu öldungis mótsett. Bæði mun það vera hollast fyrir oss að hafa vorar menntastofnanir sjálfir, og í öðru lagi rýrir það álit þjóðarinnar í augum annara, ef hún getur eigi fóstrað innlendar menntastofnanir.

Því neitar enginn, að nauðsynlegt sje að sækja nýtt blóð úr hinum menntaða heimi handa skólum þessum við og við, en það getur ógnar-auðveldlega látið sig gjöra; samgöngur hafa batnað svo á síðari tímum, og vjer vonum að þær standi enn til bóta; og menntamönnum stendur opið að skreppa út í heiminn og auka við þekking sína.

Annars skal jeg sleppa því að svara frekar h. þm. Vestm. (V. G.); ýmsir aðrir h. þdm. hafa gjört það nægilega.

Jeg vildi minnast með fáum orðum á styrkinn til amtsbókasafnanna. H. þm. Ísf. (Sk. Th.) hallaðist þar að breyt.till. h. þm. Vestm. (V. G.) um að hafa þann styrk jafnan til allra bókasafnanna. Jeg skal ekki hafa neitt sjerstaklega á móti þessari uppástungu, enda þótt jeg muni þó heldur greiða atkvæði með till. nefndarinnar. En h þm. Ísf. (Sk. Th.) áleit, að bókasafn vesturamtsins væri betur sett á Ísafirði en í Stykkishólmi; færði hann til sem ástæður fyrir því það tvennt, að verzlun færi minnkandi í Stykkishólmi og fólk væri þar að fækka.

Það er nú að vísu satt, að verzlun hefir minnkað þar á síðari árum, en orsakirnar til þess munu vera helztar, að þar eru gamlir kaupmenn, sem því eru seinir til að fylgja með tímanum. En nú eru þar að rísa upp nýir kaupmenn, og er það mín spá, að þetta sje að eins periodiskt; verzlunarmagnið muni ná sjer aptur, því að Stykkishólmur er að mörgu leyti vel settur fyrir verzlun. Þar er hin tryggasta höfn við Breiðafjörð, samgöngur greiðar í allar áttir og fjölbyggðar sveitir í kring. Það er því einkarhægt að ná til bókasafns í Stykkishólmi fyrir fjölda fólks. Hin önnur ástæða h. þm. Ísf. (Sk. Th.), sú, að fólki sje að fækka í Stykkishólmi, er ekki á neinu byggð, og verð jeg að ætla, að jeg sje kunnugri sálnaregistrinu í Stykkishólmi en h. þm. Ísf.

Jeg skal fúslega játa það, að það væri mjög gott að bókasafn væri til á Ísafirði, þar sem allmikið fjölmenni er þar komið. En kaupstaðurinn er afskekktur, umgirtur háum og ófærum fjöllum og heiðum, sem eru vondar yfirferðar, svo að þar þyrfti þá sjerstakt bókasafn. Jeg treysti h. þm. Ísf. (Sk. Th.) manna bezt til að koma slíku bókasafni á stofn.

Jeg vildi einnig minnast lítið eitt á styrkinn til Þorsteins Erlingssonar. Um hann hafa margir h. þdm. talað og flestir á móti; og skal jeg játa, að jeg er einn í þeirra tölu. En ástæða mín fyrir því er ekki sú, að maðurinn er ekki orþodox í trúarefnum, enda þótt jeg kysi heldur að hann hefði þar sömu skoðun sem jeg. Og heldur ekki sú, að hann hefir ráðizt á kirkjuna; hún hefir að sjálfsögðu galla, þarf að fá kritík og hefir gott af því. En ástæð-

ur mínar eru þær, að, þegar jeg lít á kveðskap þessa skálds, virðist mjer, þrátt fyrir hina miklu formfegurð, sem í honum er, hann þó eigi hafa meira skáldlegt gildi en annara skálda vorra, er einskis opinbers styrks eru aðnjótandi. Önnur ástæða mín er sú, að þetta skáld hefir eigi látið sjer nægja að ráðast á kirkjuna, heldur hefir hann einnig ráðizt á kristindóminn, jafnvel sjálfa guðstrúna. Þetta gengur næst því að vera »kyniskt«. Á þennan hátt grefur hann sumstaðar í kveðskap sínum grundvöllinn undan hinni rjettu siðferðislegu tilfinningu. Það er þetta, sem jeg legg mesta áherzlu á; jeg get ekki verið með því að launa þessar tilraunir með því að veita til þeirra styrk af opinberu fje.

Þá vil jeg minnast á styrkinn til cand. mag. Helga Jónssonar. Í stjórnarfrumv. er hann áætlaður 2500 kr., en meiri hluta nefndarinnar þótti upphæðin of há og lækkaði hana ofan í 1500 kr. hvort árið. Jeg fylgi auðvitað nefndinni í þessari styrkveitingu, en jeg lýsi því hjer með yfir, að það mundi ekki hryggja mig, þótt upphæð stjórnarfrumvarpsins gengi fram. Mjer er kunnugt um, að þessi maður er mjög efnilegur vísindamaður, eins og brjef þau og vottorð, sem fylgja umsókn hans og eru frá þekktum vísindamönnum í Danmörku, bera með sjer. Starf hans, að rannsaka jurtaríki Íslands og plöntulíf meðfram ströndum landsins, er mjög umfangsmikið og þarf mikið fje til. Yfir höfuð vil jeg mæla með, að sje efnilegur maður styrktur, eigi að styrkja hann svo ríflega, að peningaskortur hamli því ekki að hann geti fengið starfi sínu framgengt. Þessi maður hefir verið styrktur frá Danmörku, en mjer finnst það hneisa fyrir alþingi Íslendinga að styrkja ekki slíka menn sem hann, svo þeir þurfi ekki að leita styrks í öðrum löndum.

Af ýmsum h. þm. hefir verið minnzt á kvennaskólana, einkanlega kvennaskólann hjer í Reykjavík. Sumir hafa verið því andvígir að veita 700 kr. til kvennaskólans hjer, til að bætt verði einum bekk við. Jeg álít vel vert að gjöra þetta, því það verður að álítast heppilegt, að einn kvennaskóli í landinu geti veitt góða og verulega bóklega menntun. Það má ekki blanda kvennaskólamenntuninni saman við kennaramenntunina í Flensborg, því þar er sjerstaklega haft fyrir augum að gjöra nemendurna færa um að fræða börn.

Svo skal jeg ekki tefja tímann með því að fara út í fleiri einstök atriði. Jeg vil að eins lýsa ánægju minni yfir frumv. í heild sinni, og vona að öll aðalatriði þess verði samþykkt.

Jeg sje ekki annað en h. þm. megi vera ánægðir, þegar þeir líta yfir komandi fjárhagstímabil; á því verður lokið við hinar dýru, en merkilegu flutningabrautir, sem byrjað hefir verið á; þjóðvegir verða studdir vel; útlit fyrir að samgöngur á sjó verði í góðu lagi, hvort sem samningur kemst á við sameinaða gufuskipafjelagið eða landsútgerðinni verður haldið áfram; tvær þarfar stórbyggingar verða reistar, holdsveikraspítali og stýrimannaskóli, og ef til vill auk þess banki og pósthús; landbúnaður verður styrktur meir en áður og andleg mál fá betri skipun. Mjer finnst því allir ættu að vera ánægðir. Jeg óska að allar hinar þörfustu breytingartillögur fái fram að ganga, en hinum vísað á bug.

Valtýr Guðmundsson: Það hefir sannazt á mjer við umræðurnar við þennan kafla, að »víða koma Hallgerði bitlingar«, því flestir þeirra h. þingdm., er

talað hafa, hafa þurft að koma við mig og ræðu mína.

Jeg skal fyrst minnast á breyt.till. minar, tölul. 59. og 63. á atkv.skránni, um bráðabirgðaruppbót handa Vestmannaeyjaprestakalli og hækkun á fjárveitingu til að kaupa orgel handa Vestmannaeyjakirkju úr því, sem lagt er til í stjórnarfrumv., og hef jeg fáu þar við að bæta, er jeg sagði áður, og vona jeg að menn hafi sannfærzt um að meðmæli mín sjeu á rökum byggð, og gefi þessum breyt.till. atkvæði sitt, einkum hinni síðari, að minnsta kosti þeirri upphæð, sem farið er fram á í stjórnarfrumv., sem kannske mundi nægja, eptir því sem h. þm. N.-Múl. (E. J.) hefir skýrt frá, sem er manna fróðastur í þeim efnum hjer í deildinni. Hitt, að menn neiti algerlega um þessa fjárveiting, vona jeg að ekki komi fyrir.

Það hefir verið töluvert rætt um styrkveitinguna til Jóns Ólafssonar. H. 1. þm. G.-K. (Þ. Th.) mælti mjög á móti styrkveitingu þeirri til hans, er nefndin fer fram á að veita, til útgáfu tímarits, og sömuleiðis á móti því að styrkja hann til þess að vekja eptirtekt á Íslandi í útlendum blöðum og tímaritum, því þess væri ekki þörf að styðja slíkt, því ritstörf þau væru borguð mjög vel. Það er að vísu satt, að útlend tímarit, t. d. á Englandi, borga mjög góð ritlaun fyrir þær ritgerðir, sem þau óska eptir, en á hinn bóginn getur það og komið fyrir, að menn þurfi að borga fyrir að þær ritgerðir verði teknar, er tímaritin kæra sig minna um.

H. 1. þm. N.-Múl. (E. J.) vildi ekki að við færum að veita fje til þess að skrifað væri um okkur, því það væri nóg til að glæða þekkingu útlanda á okkur, er um okkur væri skrifað af útlendum ferðamönnum. Jeg held, að einmitt að þessvegna, að útlendir ferðamenn skrifa um okkur, sje enn meiri þörf að vjer gjörum það sjálfir, til að leiðrjetta það, er útlendingar hafa ritað rangt um okkur. Jeg get heldur ekki sjeð, að það sje neitt óviðkunnanlegt, að við verjum fje til slíks, því sama gjöra og aðrar þjóðir, t. d. Norðmenn, einkum til þess að laða menn að Noregi, og jeg efast ekki um, að Jón Ólafsson muni vera manna færastur og hæfastur til þessa starfa. Það er að sönnu satt, sem tekið hefir verið fram, að þar sem Jón Ólafsson hefir sótt um styrk til að gefa út tímarit, en ekki til þessa starfa, að þá væri ekki víst, hvort hann vildi ganga að þessari fjárveitingu. Hef jeg því, til að ganga úr skugga um þetta, spurt hann að því, hvort hann mundi vilja nota þetta fje, og kvað hann ekkert því til fyrirstöðu, ef fje það, er honum væri veitt í þessu skyni, væri ekki of lítið. Jeg held því að heppilegt væri að h. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) tæki aptur sína breyt.till. og sameinaði sig breyt till. minni um fjárveitingu þessa.

Þá hefir mönnum orðið æríð skrafdrjúgt um breyt.till. minar, er fara í þá átt, að lækka námsstyrkinn til skólanna, og hefir h. 1. þm. G.-K. (Þ. Th.) jafnvel farið svo langt að segja, að jeg vildi eyðileggja hinar æðri menntastofnanir landsins, og í sama strenginn hefir h. 1. þm. S.-Múl. (Sig. G.) tekið að nokkru leyti. Jeg get ekki viðurkennt, að það sje rjett að draga slíkar ályktanir út úr orðum mínum, hvað prestaskólann snertir, en það er satt, að læknaskólann vildi jeg helzt afnema; en ef honum er haldið, vil jeg ekki styðja svo mjög að því að auka þar tölu nemendanna, heldur miklu fremur reyna að búa menntunarstofnun þessa sem bezt úr garði, að föng eru á. Því jeg vil ekki með fjárveitingum lokka menn á læknaskólann, sjer og þjóðinni til skaða

Hvað námsstyrkinn til lærðaskólans snertir, þá hefir komið fram sú aðalmótbára gegn því að lækka hann, að þá yrði svo afarörðugt fyrir efnilega og fátæka pilta úr sveit að ganga menntaveginn. Þetta er að vísu satt, en það yrði ekki svo tilfinnanlegt, væri minni tillögu fylgt, að efla Bræðrasjóð lærðaskólans, en jeg vil ekki að aðgangur að skólanum sje gerður of greiður. Jeg álít það óhollt fyrir þjóðina og henni til stórskaða, að lokka efnilega unga menn inn á þessa lærðu braut, þar sem oss vantar duglega menn til annara starfa. Nú er sú reyndin á, að hittist drengur með góðum gáfum, er hann sendur á latínuskólann til þess að læra latínu og grísku, til þess að hann gangi síðan embættisveginn, en aptur á móti finnst næstum enginn menntaðnr hæfileikamaður, sem fæst við verzlun eða iðnað. Af því leiðir, að við eigum enga duglega verzlunarmenn og öll vor verzlun er í höndum útlendinga. Jeg álít því beinlínis hættulegt að tæla menn á þessa lærðu braut, og jeg held jeg gjöri ekki of mikið úr mjer, þó jeg segi, að jeg hafi meira víðsýni og sjái lengra í þessu efni en aðrir h. þdm., sem nú eru mótfallnir skoðun minni; en sú mun koma tíðin, að menn munu sjá þetta um land allt, og að þingmálafundirnir krefji, að tekin sje önnur stefna í þessu máli, og reynslan mun á sínum tíma sannfæra menn um, að jeg hef í þessu atriði rjett fyrir mjer.

H. 1. þm. G.-K. (Þ. Th.) talaði sjerstaklega um læknaskólann, og að ekki mætti gjöra hann svo úr garði, að ódýrara yrði fyrir stúdentana hjeðan að nema við háskólann en hjer. Er það af því, að þm. haldi að þeir fái minni menntun við háskólann en hjer? (*Þ. Thoroddsen*: Nei, þeir tapast). Það er satt, að þeir töpuðust um eitt tímabil, en nú er komin mikil breyting á þetta til hins betra, og meira að segja mesta reglu- og lestraröld meðal íslenzkra stúdenta í Kaupmannahöfn, svo að þeir lesa þar eins vel, ef ekki betur en í Rvík. (*Þ. Thoroddsen:* Þeir tapast landinu). H. sami þm. sagði, að legðist læknaskólinn niður, mundi ekki vera hægt að fá nóga lækna í læknahjeruðin hjer á landi, ef hin nýja læknaskipun kæmist á, því þá mundi þurfa 2—3 nýja lækna á ári hverju. Jeg er sannfærður um, að hægt er að fá 2—3 lækna á ári frá háskólanum, því þar eru nógir íslenzkir nemendur, sem lesa læknisfræði, enda fjölgar þeim árlega sökum þess, að nú fer læknanámið að verða líklegast til að komast til embætta.

En hvernig mundi fara, ef menn vildu fara hina leiðina og verja því fje, sem gengur til læknaskólans, til þess að styrkja íslenzka stúdenta til læknanáms við Hafnarháskólann? Við getum gjört ráð fyrir, að til hvers þeirra fari 200 kr. á ári og þeir sjeu 5 á ári hverju. Það verða 1000 kr. H. 1. þm. G.-K. (Þ. Th.) taldi meðalnámstíma þeirra 8 ár, en þetta er ofhátt reiknað, því hann er að meðaltali 7 ár, og íslenzkir læknar hafa margir tekið próf eptir 6 ára tíma (*Þórður Th.*: Sumir eptir 12 ár), því þó 1 eða 2 hafi verið töluvert lengur, eða 10—12 ár, hafa flestir þeirra lokið námi eptir 6—7 ár. Sje nú talið, að 5 læknaefni sjeu við háskólann 7 ár að meðaltali, verður styrkurinn til þeirra 1000 kr. á ári eða alls 7000 kr., og sje þetta borið saman við hin árlegu útgjöld til læknaskólans, þá má fljótt sjá, hvort kostar meira. (*Þórður Th*: Það verða ekki 7000 kr. heldur 35000 kr.). Það er ekki rjett reiknað hjá þm. (*Þórður Th.*: Jú, 5×7 eru 35). Þetta er rangt hjá þm. (*Þórður Th.*: Svo?). Já, 5 stúdentar á ári, hver með 200 kr., eru 1000 kr. og í 7 ár er sama sem 7000 kr. Það er því

rangt hjá þm., að þetta kosti 35000 kr., og ef við berum þessa upphæð saman við það fje, sem nú gengur til læknaskólans, þá má sjá, að til þessa styrks útheimtist minna fje, en læknarnir fengju meiri og betri menntun. H. sami þm. (Þ. Th.) sagði, að læknaefni í Höfn sæju ekki svo mjög miklu meira þar til læknisstarfa en hjer ætti sjer stað, og taldi, hvað mörg sjúkdómstilfelli ættu sjer stað hjer á landi. En hvaða gagn er að því fyrir læknaskólann, þó svo eða svo mörg sjúkdómstilfelli komi fyrir út um landið, því hjer er fólksfjölinn svo lítill og fáir, sem settir eru á spítala? Það væri gott að fá það upplýst, hvað margir eru á spítala hjer í Reykjavík á ári, og hvað margir þeir eru í Höfn. Þótt svo færi að hægt væri að koma hjer upp spítala, þá er ekki hægt að koma honum upp með sömu áhöldum og nauðsyn krefur, og þótt góður spítali væri settur á stofn, þá vantar fólk til þess að nógu mörg sjúkdómstilfelli komi fyrir, að læknaefnin hefðu næg not af að ganga á spítala hjer. H. sami þm. (Þ. Th.) sagði, að stúdentar í Höfn fengju ekkert að sjá, er að lækningum lyti, fyr en þeir hefðu tekið próf. Þessu verð jeg að mótmæla. Læknaefni fá þar að ganga að minnsta kosti 4 ár á spítala eða eptir að þeir hafa tekið »Kantussen«, sem þeir gjöra vanalega eptir eitt ár, en þaðan af fá þeir að ganga með prófessorunum á spítalana á degi hverjum, þangað til þeir taka próf. Að sönnu gjöra þeir ekki »Operationer«, en þeir fá að sjá og heyra og eru látnir skrifa upp sjúkdómslýsingar á sjúklingum þeim, er þeir sjá. Það er að vísu satt, að eptir að þeir eru orðnir kandídatar, fá þeir fyrst að gjöra kandídatsþjónustu og framkvæma reglulég læknastörf, en það er nokkuð annað. H. sami þm. (Þ. Th.) sagði, að talað væri um, að Hafnarháskóla væri ábótavant í læknisfræði og þyrfti að endurbæta hann. Þetta getur vel verið. En hvað sannar það? Er ekki svo í öllum heiminum? Eða hvar mun finnast sá háskóli, sem í engu sje ábótavant eða ekki þurfi endurbótar við? Að minnsta kosti sannar þetta ekki að Hafnarháskóli standi ekki framar en læknaskólinn, enda hefir Hafnarháskóli fengið orð á sig í útlöndum fyrir læknisfræðina.

Hvað ölmusurnar til lærðaskólans snertir, þá ætla jeg ekki að fara um þær mörgum orðum. Jeg hef ekki farið fram á að þær væru beinlínis lækkaðar, heldur að nokkur hluti þeirra væri látinn ganga til Bræðrasjóðsins. Þetta álít jeg heppilegt, því væri þetta gjört framvegis, kæmi svo að lokum, að Bræðrasjóðnum yxi svo fiskur um hrygg, að hann gæti staðizt allar ölmusuveitingar, svo ekki þyrfti að hreyfa við landssjóði. Jeg álít heppilegt, að fje þessu sje að miklu leyti úthlutað af piltum sjálfum, og þar sem h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) sagðist hafa aðra reynslu en þá, að ölmusum hefði verið hlutdrægt útbýtt, þá er það af misskilning sprottið að bera mjer á brýn að jeg hafi sagt að svo væri, en jeg tók fram, að piltar þekktu aptur betur ástæður skólabræðra sinna en kennararnir, enda hefði það komið fyrir, að piltar úr Reykjavík hefði stundum borið meiri styrk frá borði en piltar úr sveitum, þótt jafnfátækir hefðu verið, sökum þess að kennararnir hefðu síður þekkt ástæður þeirra. Jeg get vel skilið, að h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) hafi ekki orðið var við þetta, þar sem hann átti heima í Reykjavík, og komst þó svo hátt að hann fjekk heila ölmusu, þar sem jeg, sem var sveitapiltur, komst aldrei svo

hátt, en báðir munum við hafa verið jafnfátækir. En annar var úr Reykjavík, hinn úr sveit.

Aður en jeg skil við latínuskólann, verð jeg að minnast á skýringar hæstv. landsh., hvað snertir þá venju að heimta latneskan stíl til inntökuprófs, — og jeg get ekki skilið í því, að þeir h. þm., sem lært hafa latínu, geti fallizt á skoðun hæstv. landsh. í þessu máli, því þó reglugjörð skólans segi, að reyna skuli inntökusveina í helztu atriðum latneskrar málfræði, er það allt annað en að skrifa stíl í samanhangandi máli. Því til þess að snúa íslenzku á latínu útheimtist, að piltarnir sjeu orðnir allorðauðugir í latínu, eða þá að minnsta kosti í dönsku, því, eins og menn vita, verða menn að nota dansk-latneskar orðabækur, ef menn þekkja ekki orðin á latínu. Jeg mun því sameina mig h. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) um að koma með viðaukatill. til 3. umr., er setji það skilyrði, að latneskur stíll sje afnuminn við inntökupróf í latínuskólanum, því það er engin meining að halda honum hjer, þar sem hann er ekki heimtaður við neina aðra skóla í ríkinu.

Þá sný jeg mjer að orðum h. þm. Strand. (Guðj. Guðl.), þar sem hann sagði, að margir menn, sem hefðu verið við háskólann eða erlendis, hefðu tapað allri þjóðræknistilfinningu. Þessu verð jeg að mótmæla í fyllsta máta; það er þvert á móti hægt að sanna, að það gengur eins og rauður þráður gegnum alla sögu Íslands, að þeir menn, sem dvalið hafa erlendis, hafa staðið fremstir í flokki til að berjast fyrir rjettindum landsins. Það hefir lengi þótt brenna við, að íslenzkir stúdentar við Hafnarháskóla hafi verið æðifrjálslyndir í skoðunum og þjóðræknir, en þegar þeir hafa verið búnir að vera hjer heima um nokkur ár og komnir í embætti, hafa þeir verið orðnir svo gegnumsýrðir af skoðununum hjer, að þeir hafa beinlínis verið orðnir óþjóðræknir. Hvar sat Jón Sigurðsson mestan hluta ævinnar? Eða var hann óþjóðræknir? Hvar dvaldi Jón Eiríksson, og er hægt að kvarta yfir að hann hafi verið óþjóðræknir? Og svona mætti halda lengi áfram að spyrja. Þetta er líka eðlilegt, því þó menn sjeu sömu hæfilegleikum búnir, þá standa þeir ólíkt að vígi, þeir, sem farið hafa utan, og hinir, sem aldrei hafa farið út fyrir landsteinana, og þess vegna hafa aldrei getað notið sín, þar sem þeir heyrðu og sáu svo lítið fyrir sjer. Jeg álít hreint og beint skaðlegt, að halda mönnum heima, af því þeir læra þá ekki að verða nýtir borgarar í mannfjelaginu, enda sýnir saga vor, að þegar utanferðir hafa verið mestar, hefir hagur vor staðið í mestum blóma og menntun landsins hefir aukizt, enda er hægt að sýna og sanna, að allar fornsögur vorar og bókmenntir hvíla á útlendum grundvelli, og allir fræðimenn vorir í fornöld höfðu numið í útlöndum. Þar til má fyrsta telja þá Sæmund fróða og Ísleif biskup. Höfðu þeir báðir numið fræði sín í útlöndum, en frá þeim eru bókmenntir vorar upphaflega runnar. Teitur og fleiri afkomendur Ísleifs biskups kenndu aptur út frá sjer, og af Teiti lærir Ari fróði, svo hann fær þekkingu sína að minnsta kosti óbeinlínis frá útlöndum. Sama er að segja um Snorra; hann fer fyrst að skrifa sögu sína, þegar hann kemur út hingað aptur, þótt áhugi hans á sagnfræði og öðrum fróðleik hafi sjálfsagt vaknað í Odda, þar sem hann var alinn upp hjá niðjum Sæmundar fróða.

H. 1. þm. G.-K. (Þ. Th.) sagði, að sumir íslenzkir námsmenn hefðu tapazt alveg við það, að þeir hefðu sezt að í útlöndum, og tekið þar við embætti,

og tók það sjerstaklega fram að því er læknana snerti. Jeg held að ekki sje mjög mikil hætta á ferðum með slíkt, því nú er slík yfir-»produktion« af læknum í Danmörku, að æði örðugt mun fyrir íslenzka lækna að komast þar að, því margir innlendir læknar þar eiga við bág kjör að búa, t. d. í Kaupmannahöfn; það kom einmitt fyrir með lækni þar síðasta vetur, að hann gat ekki innunnið sjer fyrir fæði og húsnæði, svo að grípa varð til þess óyndisúrræðis að setja hann á letigarðinn, að því er blaðið »Politiken« sagði frá. Þannig er ástandið í Danmörku, því að aðgætandi er, að fæstir læknar þar eru embættismenn, heldur lifa eingöngu á »praxis«, en það getur verið æði dýrt fyrir þá að lifa, þangað til þeir eru orðnir svo þekktir, að þeir hafa næga »praxis« til að lifa á, og er ekki líklegt, að margir íslenzkir kandídatar muni vilja eiga á hættu eða hafa fje til að brjóta sjer braut á þann hátt, í stað þess að taka embætti hjer á landi. En þar sem jeg held því fram, að læknaskólinn komi ekki að tilætluðum notum, þá er það ekki eingöngu mín orð, heldur beinlínis kennaranna við skólann, því eins og allir vita hefir Guðmundur læknir Björnsson haldið slíku fram, og Guðmundur docent Magnússon hefir enda látið sama álit í ljósi, og að því væri rjettast að afnema læknaskólann. Sömu skoðun hefir og einn hinn helzti læknir hjer á landi, sem numið hefir við læknaskólann, nfl. Ásgeir Blöndal, því hann segir að augu sín hafi fyrst opnazt fyrir læknisfræðinni, eptir að hann hafi komið til útlanda og sjeð hvað fram fór á spítölum þar, og þá hafi hann einnig sjeð, hversu læknaskólinn var ónógur, — því þó sumir læknar, er þaðan koma, sjeu dýrðlegir í samanburði við skottulæknana, þá sannar það ekki neitt. Jeg get ekki verið samdóma þeim h. þm., sem ljet sjer þau orð um munn fara, að það væri nóg að hafa fengið stimpilinn og vera löggiltur læknir; sje kunnáttan ekki nóg til að inna læknisstörf af hendi, svo vel fari, þá stoðar stimpillinn lítið.

H. 1. þm. G.-K. (Þ. Th.) og fleiri með honum hafa minnzt á tölul. 96 á atkvæðaskránni, og tekið fram að þessi styrkveiting hafi mælzt illa fyrir út um land. Jeg hef öfuga reynslu að því er það snertir, og hef í mörgum brjefum til mín af Norðurlandi sjeð lýst ánægju yfir þeirri fjárveitingu. Einkum virðist svo, sem þessi styrkveiting eigi ekki upp á háborðið hjá prestum þeim, er sitja í deildinni, og sjerstaklega er það einkennilegt, að h. þm. Dal. (J. P.) og h. 1. þingm. G.-K. (Þ. Th.) hafa báðir komið þar með alveg sömu mótbárur á móti kvæðum Þorsteins Erlingssonar og komið hafa fram í tímaritinu »Sameiningin«, t. d. að því er snertir dóminn um »Örlög guðanna«. Þar var tekið fram, að Þorsteinn hefði með þessu kvæði ráðizt á kristindóminn, og t. d. kallað Krist »austræna skrímslið«. — En þetta er allt saman byggt á tómum misskilningi. Kvæðið talar út frá skoðun heiðinna manna á kristindóminum, og það er ekkert undarlegt í því, þó heiðingjar kalli Krist, sem berst svo á móti forntrú þeirra, austræna skrímslið. Jeg held því fram, að kvæðið sje snilldarverk. Það má kannske segja, að í enda kvæðisins sje að nokkru leyti ráðizt á guðskenninguna, en meginið af því er hrein list. Ef meta ætti allan skáldskap út frá kristilegu sjónarmiði, hvað yrði þá til dæmis um Eddurnar? Skáldskapurinn er list, hvaða trúarskoðun svo sem kemur þar fram, og allir eru samdóma um að skoða Þorstein

sem skáld. Sumir hafa verið því mótfallnir, að taka hann fram yfir önnur skáld, en jeg get ekki betur sjeð, en að hann taki flestum íslenzkum skáldum fram, ef borið er saman. Það getur verið að ymsir hinna hafi afkastað meiru, en mjer finnst minni ástæða til að veita gömlum skáldum, sem komin eru á fallanda fót, og sem auk þess eiga við betri kost að búa, árlegan styrk, heldur en þessu unga og efnilega skáldi, og auk þess hætt við að hann verði að minna gagni, ef honum ekki verður veittur styrkur.

H. þm. Strand. (Guðj. G.) hjelt langa ræðu um Landsbókasafnið, og sagði að breytingartill. mín væri sprottin af persónulegum hvötum. Það er kannske nokkur ástæða til að halda því fram, af því jeg var á því, að ástæða gæti verið til að hækka laun bókavarðar, en vildi ekki hækka þau við þann mann, sem nú gegnir þeim starfa. — Þetta er ekki af því, að jeg kunni ekki að meta þessa stofnun, því á síðasta þingi stakk jeg upp á að leggja til safnsins ekki 1200 heldur 12000 kr. á ári, og þó jeg kannske hafi komið persónulega fram í þessu máli, þá efast jeg um, að jeg hafi komið þar persónulegar fram, heldur en h. þm. Strand. (Guðj. G.), því hann mun bókaverðinum kunnugri en jeg.

Hæstv. landshöfðingi sagði, að jeg væri of ókunnugur til að dæma um þetta og hefði verið hjer of skamman tíma. Þetta er að nokkru leyti satt. Jeg skal játa það, að jeg er ekki nógu kunnugur safninu eða manninum til að kveða upp fullnaðardóm í því máli. — Jeg hef ekki heyrt annað en að bókavörðurinn væri persónulega heiðarlegur maður, og jeg neita því að jeg hafi kastað nokkrum skugga á mannorð hans, þó jeg segði, að hann væri ekki hæfur til að standa í þeirri stöðu. — Hvað ætli jeg tæki til þess, ef jeg færi að sækja um stöðu sem búnaðarskólastjóri, þótt einhver segði að jeg væri óhæfur til þess? Jeg játa það að jeg er ekki persónulega nægilega kunnugur þessu, en jeg hef gert mig að talsmanni þeirra radda, sem jeg hef heyrt koma fram hjer í bænum, og álít jeg vitnisburð þeirra nógu áreiðanlegan. Það er auðvitað að jeg nefni hjer ekki nein nöfn, og tek jeg ábyrgðina upp á mig. Jeg er þess vegna ekki með fjárveitingunni, þó jeg álíti launin í sjálfu sjer of lág. Jeg hef heyrt raddir í deildinni, sem farið hafa í öfuga átt, og það frá mönnum, sem máske eru kunnugir, en jeg vil benda á það, að jeg álít þessar umræður þarfar, af því óánægjan með safnið er svo mikil. Þar sem sumir hafa sagt að ummæli mín einnig næðu til undirbókavarðarins, þá er það ósatt, en jeg held því að eins fram að hækka ekki laun hans, af því jeg álít óviðkunnanlegt að hækka þau, en ekki hin um leið.

Þá vil jeg minnast lítið eitt á styrkinn til þilskipakaupa. H. 1. þm. Árn. (Tr. G.) sagði, að nú mætti fá skip frá Englandi næstum því að gjöf, og væri því heppilegast að kaupa þau nú, meðan svo stæði á. En hvers vegna fást þau með svo góðum kjörum? Af því þetta eru aflögu-skip, sem þeim þykir ekki borga sig, og vilja þeir losa sig við þau, af því þessi atvinnuvegur er þar kominn í annað horf. Er það þá rjett, að leggja inn á þann veg en ekki hinn, sem reynslan er fyrir að getur borgað sig, nefnilega að kaupa gufuskip til fiskiveiða? Hvers vegna skyldi það ekki geta blessazt? H. 1. þingm. Árn. (Tr. G.) sagði, að ekki væri hægt að koma fiskinum nýjum á markaðinn, en hvað gera útlendingar? Trawlararnir fara með fisk sinn nýjan til Grimsby og Skotlands.

Þá sný jeg mjer að styrknum til Stefáns Stefánssonar. H. þm. S.-Múl. (S. G.) mælti sterklega með styrk til Helga Jónssonar í sambandi við meðmæli þau, er hann hefði frá útlöndum, og áleit sömuleiðis styrk þann, er hann hefði notið frá Danmörku, hvöt til þess að veita honum hjer, og kallaði minkun, ef þingið ekki sinnti honum. Þetta er rjettmæli, því að maðurinn er mjög efnilegur. En alveg sama er að segja um Stefán. Hann hefir fullt eins góð meðmæli. Jeg skal geta þess, að prófessor Warming, sem er talinn frægur maður um Norðurlönd og víðar, sagði, eptir að Helgi var búinn að sækja og beiðni kom frá Stefáni, að hann hefði gefið honum sterkari meðmæli en Helga, því hann áliti hann færari. Stefán hefir líka notið styrks úr Carlsbergsjóðnum í 4 eða 5 ár, og eru menn mjög ánægðir með það, sem frá honum hefir komið. Jeg skil því ekki að menn skuli vilja gera mun á þeim. Það hefir verið tekið fram af mörgum, að rannsóknir þær, sem Stefán ætlar að taka sjer fyrir hendur, væru afar-nauðsynlegar fyrir okkur.

H. þm. Strand. (Guðj. G.) sagði, að þessar rannsóknir ekki gætu komið að gagni, nema því að eins að þær einnig væru efnafræðislegar. Þetta er einmitt það, sem Stefán sjálfur hefir tekið fram. Hann hefir gert ráð fyrir að sigla með plönturnar, þegar hann væri búinn að safna nægilega, og láta rannsaka þær efnafræðislega erlendis.

Að lokum skal jeg minnast á styrkinn til Geirs Zoega. H. 1. þm. G.-K. (Þ. Th.) tók fram að ekki væri þörf á að styrkja þennan mann, og taldi upp margar orðabækur til samanburðar, sem ekki hefði verið veittur styrkur til. En það vill nú einmitt svo illa til með þessi dæmi, að allar þessar orðabækur hafa verið samdar með styrk. Það er að eins eitt dæmi, sem jeg þekki til, að ekki hefir verið veittur styrkur til orðasafns, og það er dr. Jón Þorkelsson, en þetta er líka einstök ósjerplægni. Þessi íslenzk-enska orðabók, sem Geir ætlar að fara að safna til, þarf nauðsynlega styrks með, því það er afarmikið verk. Hjer er engin fullkomin ný-íslenzk orðabók til, og verður því að safna til hinnar íslenzk-ensku orðabókar úr ýmsum ritum. Allt öðru máli er að gegna með ensk-íslenzka orðabók, því það er lítið annað en þýðing. — Hin enzk-íslenzka orðabók Geirs er betur úr garði gerð en nokkur önnur jafnstór ensk orðabók, sem jeg þekki. Hann hefir t. d. alstaðar sett við sagnirnar, hvaða præpositionum þær stýri, en þetta er einmitt það, sem flestum, er rita ensku, hættir mest við að flaska á. Af því þessi bók er svo vel af hendi leyst, finnst mjer vert að styrkja hann til frekari vinnu í þá átt.

Tryggvi Gunnarsson: Jeg ætla að eins að tala fáein orð á móti þeim, sem talað hafa um styrkinn til þilskipakaupa. Það hefir komið fram bæði frá h. þm. Ísf. (Sk. Th.) og h. 1. þingm. G.-K. (Þ. Th.), að það væri til skaða fyrir bændur að eiga skip, og væru þau bezt komin í höndum kaupmanna. Þessu verð jeg fastlega að mótmæla og tek þar sjálfan mig til dæmis. Jeg hef átt skip síðan 1867, og varð mjer sú raun á, að þau borguðu sig tvisvar á 12 árum. Flest skip, sem voru í Eyjafirði í minni tíð, áttu bændur, og varð jeg ekki var við að þeir töpuðu á því. — Á Seltjarnarnesi eru margir bændur, sem mega teljast auðugir menn, og er sá auður nær eingöngu skipunum að þakka. Allir segja, að kaupmenn græði á skipunum, en því geta þá ekki bændur grætt á þeim líka, ef þeir fá vör-

urnar til þeirra með líku verði og kaupmenn? Og það geta þeir með því að vera í pöntunarfjelagi. Þó sumir bændur tapi af ráðleysi, af því að þeir kaupa bæði áhöld og annað til skipanna of dýrt og um leið illt, þá sannar það ekki, að þilskipaútvegur bænda ekki geti blessazt, ef rjett er að farið. Þetta gæti einnig h. þm. G.-K. (Þ. Th.) sannað af eigin reynd, ef hann vildi, því hann á part í skipi, sem hann græðir á, þótt eigi sje hann kaupmaður. Það er einn af kaupmönnum hjer í bænum, sem fyrstur manna hefir gengizt fyrir því að hækka svo laun háseta, að skipin ekki geta borgað sig, nema því að eins að þeir verzli við skipaeigendurna, því þá er það umsetningin á vörunum, sem borgar skaðann á skipunum. En þegar bændur gjalda mönnum sínum sömu laun og kaupmenn, en verða jafnframt að kaupa allar vörur til skipanna fyrir hærra verð, þá er ekki von að þau borgi sig. En ágóðinn gæti orðið alveg eins hjá bændum eins og kaupmönnum, að eins ef bændurnir færu skynsamlega að ráði sínu í kaupunum; það er að eins af fákunnáttu, að einstaka maður hefir skaðazt á skipseign sinni.

Jeg vil í þessu sambandi taka Færeyinga til dæmis. Þeir hafa á 12 árum fjölgað skipum sínum upp í 65, og af því eiga kaupmenn ekki 1/5. Hví gæti ekki verið eins með Íslendinga? Sumir þingmenn þykjast vilja styrkja sjávarútveginn, en segja þó í öðru orðinu, að skipaeign borgi sig ekki fyrir bændur. Hvers vegna vilja þeir nú styrkja fyrirtæki, sem þeir álíta skaðleg? Þeir hljóta að hugsa annað en þeir tala.

Svo að jeg minnist á ráðningu á skipsmönnum, þá eru þeir nú teknir í nokkurs konar akkordsvinnu, því þeir eru flestir ráðnir upp á hálfdrætti, en áður voru þeir ráðnir upp á fast kaup og svo nefnda premíu. Einn auðmaður hjer í bænum, sem er kaupmaður og eigandi að mörgum skipum, hefir á þann hátt reynt að svínbinda háseta til að verzla við sig, og fleiri kaupmenn hafa fetað í hans fótspor. Ef mikið af skipseigninni færðist yfir til bændanna, mundi þessi gamaldags einokunarverzlunar- og ráðninga-máti leggjast niður; álít jeg því það miklu skipta að styrkja sjávarbændur til að eignast þilskip.

H. þm. Vestm. (V. G.) er allt af að tala um gufuskip, allt á að gjörast með gufu hjá honum, og fylgir því fast að styrkja ekki neitt nema gufuskip til fiskiveiða. En þilskip eru ekki að leggjast niður í útlöndum, af því að ekki fiskist vel á þau, heldur af því að þau geta ekki komið fiskinum nógu fljótt og nýjum á markaðinn, en þar er gefið 4 sinnum meira fyrir nýjan fisk en saltaðan. Það, sem Englendingar veiða hjer á gufuskipum, er flatfiskur, en hirða ekki um annað, og hafa þeir í ár kastað meira af þorski og ýsu í sjóinn en fiskazt hefir hjer í mörg ár á opnum bátum, því þeim þykir ekki annað borga sig, að flytja til Englands, en flatfiskur. Bæði Akurnesingar og Álptnesingar hafa sótt í þá hvern skipsfarminn á fætur öðrum í sumar, og dettur engum hjer orðið í hug að renna færi í sjó á opnum bát, heldur sækja þeir allan fisk sinn í botnvörpuskipin, sem þau annars fleygja í sjóinn sem ónýtu, eða of lítils virði til að flytja til Englands. Þetta er allur þorskur og ýsa, sem kemur í poka þeirra. Mjer virðist þetta full-ljós sönnun fyrir því, að ekki svari kostnaði fyrir Íslendinga að kaupa gufuskip til að fiska á þeim þorsk og ýsu; hingað til hefir þetta verið þær tvær fiskitegundir, sem landsmenn hafa lifað af að fiska. Nú

vill h. þm. Vestm. (V. G.) kasta fyrir borð þessari veiði, og kaupa gufuskip til að fiska kola. Svona eru þessir nýju framfaramenn.

Hvað hina fyrirhuguðu húsbygging snertir, þá hafa fallið orð um það, að eigi sjeu komnar fram nægilegar upplýsingar um, hvað hún muni kosta og til hvers eigi að brúka hana. Það er eðlilegt að eigi sje komin fram greinileg lýsing á húsinu nje ágizkan um verðhæð þess, því að svo óvíst hefir verið, hvort það mundi verða byggt eða eigi, að enginn hefir viljað leggja vinnu og tíma í að semja áætlun og búa til teikningar af húsinu. H. deild mun muna að á þingi 1893 var farið fram á að veita 1500 kr., til þess að hægt væri að fá gjörða teikningu af stórhýsi og samda áætlun yfir byggingarkostnað þess, en margir muna, hvernig undir þetta var tekið. Það er því, eins og jeg sagði, ekki von að nokkur vilji ókeypis leggja verk og tíma í aðra eins óvissu, eins og hingað til hefir verið, að búa til áætlun og teikningu yfir stórhýsisbyggingu hjer í bæ; nú fyrst eru nokkur líkindi fyrir því að húsið verði reist bráðlega. Líklegt er að fyrst um sinn mundi nægja hús, lítið stærra en alþingishúsið; það kostaði nálægt 130,000 kr., þegar það var byggt fyrir 18 árum, en nú er þess að gæta, að miklu ódýrara er orðið að byggja hjer í bæ nú en þá var; það er víst óhætt að segja, að steinsmíðið muni geta orðið fjórðungi ódýrara nú en þá; mönnum hefir farið svo mikið fram við alla grjótvinnu; ýmislegt annað er og ódýrara nú en þá. Jeg hygg því að nú sje hægt að byggja talsvert stærra hús en þinghúsið fyrir 120000 kr. H. þm. Dal. (J. P.) vildi hafa húsið svo stórt, að þar yrði nægilegt húsrúm að minnsta kosti næstu 50 árin. Þetta held jeg sje ekki praktisk tillaga. Jeg hef hugsað mjer fyrirkomulagið þannig, að neðst væri póststofa og banki, á miðloptinu skrifstofa landfógeta og til bráðabirgða læknaog prestaskóli, og á efsta loptinu söfnin. Jeg geri ráð fyrir að þessi niðurröðun geti þó ekki dugað nema um nokkur ár. Þegar söfnin eru orðin svo stór, að þau rúmast ekki á efsta loftinu, þá liggur ekki annað fyrir en að flytja nokkuð af þeim niður á miðloptið, en skólarnir rými þá þaðan. Það væri bæði óhyggilegt og mundi verða óvinsælt að byggja húsið svo stórt, að mörg herbergi yrðu að standa auð og ónotuð í mörg ár. Hitt sýnist ráðlegra að byggja húsið ekki miklu stærra en á þarf að halda, en byggja svo, við skulum segja eptir 20—30 ár, nýtt hús handa skólunum og ef til vill einhverju af söfnunum; þá hafa menn vonandi gleggri yfirlit en nú á, hverju vjer þurfum að halda og hvað vjer megum ráðast í að byggja stórt og dýrt. Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um húsbygginguna nú, því hún hefir mætt svo góðum undirtektum, að jeg vona að mjer gefist kostur á að tala um hana við 3. umr. og koma þá með betri upplýsingar.

Þórður Thoroddsen: Jeg þarf að víkja fáeinum orðum að h. þm. Vestm. (V. G.). Það er skrítið að okkur skuli ekki bera saman í útreikningnum á því, hvað það mundi kosta að láta öll læknaefni vor læra í útlöndum. Jeg tók það fram að þyrfti að leggja til af landsfje 200 kr. á ári, auk Garðstyrksins. Þetta verður meira en 6-7000 kr. á ári. En auk þess hljótum vjer að hækka laun læknanna, ef vjer eigum að geta vonazt eptir að fá þá heim aptur til að taka að sjer læknaembætti hjer á landi. Þegar sú launahækkun er talin með, þá mun það sízt of hátt sett að reikna þetta hvorttveggja um 50,000 kr. á ári. Jeg skal játa það, að læknaefnin geti átt kost á betri menntun á

háskólanum en þau eiga á læknaskólanum nú. En ef vjer vildum verja 50—60,000 kr. á ári til þess að mennta lækna hjer, hvað ætli að þá mætti gjöra? Væru læknaefnin svo send til útlanda um tíma, eptir að þau hafa lokið námi hjer, þá mundu þau varla standa á baki læknaefnunum frá háskólanum.

Það er ekki byggt á öðru en ókunnugleik h. þm. Vestm. (V. G.) að hjer geti ekki komið fyrir nóg sjúkdómstilfelli handa læknaefnunum, að eins að vjer hefðum góðan spítala. Auk þess er, svo sem kunnugt er, hver læknaskólakandídat skyldur að fara til Hafnar og ganga þar einn vetur á spítala; þennan tíma væri allhægt að lengja, ef þörf þætti. Eitt, sem h. þm. (V. G.) færði því til sönnunar, hve kennsla hjer væri ónóg og læknar ófróðir, var það, að berklaveiki, sem hann gaf í skyn að mundi hafa verið hjer um langan aldur, hefði verið óþekkt, þangað til hinir góðu læknar frá Kaupmannahafnarháskóla hefðu fundið hana. En einmitt þetta ámæli h. þm. Vestm. (V. G.) fellur fremur á háskólann sjálfan en læknaskólann, því að hjer í Reykjavík, þar sem berklaveikin gerir einna mest vart við sig, hafa jafnan verið læknar frá háskólanum. Jeg skal að eins nefna Jón Hjaltalín, Jónasen, Schierbeck, Tómas Hallgrímsson, og fyrir norðan Jón Finsen, sem bæði var talinn góður læknir og var háskólagenginn; engir þessara manna fundu berklaveikina, og mun h. þm. (V. G.) þó ekki segja, að þeir hafi notið ónógrar kennslu og verið ófróðir í læknisfræði. Sannleikurinn mun líklega vera sá, að hvorki þeir nje læknaskólalæknarnir hafi getað fundið hjer berklaveiki, af þeirri ástæðu að hún sje fyrst nýlega komin upp hjer í landi og meira að segja enn ekki orðin útbreidd um land allt.

Viðvíkjandi ölmusunum við lærða skólann skal jeg taka það fram, að það munu vart vera þær, sem ginna menn til að senda sonu sína í skólann; aðsóknin að latínuskólanum og embættaveginum er miklu fremur sprottin af því, að latínuskólinn má heita sú eina menntastofnun, sem vjer höfum handa piltum, sem vilja afla sjer töluverðrar menntunar. Jeg er viss um, að ef vjer hefðum fullkominn gagnfræðaskóla, þá mundi straumurinn í latínuskólann stórum minnka, og jeg gæti vel trúað því, að ef vjer hefðum góða menntastofnun, aðra en latínuskólann, þá gæti svo farið að vjer yrðum fegnir að ginna menn með styrkveitingu til að ganga embættisveginn.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg finn enga ástæðu til að svara h. þm. Vestm. (V. G.) viðvíkjandi bókaverðinum við landsbókasafnið, því að jeg heyri að hann hefir sannfærzt um að allt, sem jeg bar fram, er á góðum rökum byggt, en sjálfur játað, að allur framburður sinn hafi verið reykur einn, byggður á óljósum og óáreiðanlegum hviksögum, sem í raun og veru eigi væru takandi til greina; sömuleiðis hefir h. þm. (V. G.) játað, að það hafi verið rjett hjá mjer, að árás hans á bókavörðinn mundi sprottin af persónulegum hvötum, þar sem hann kveðst eigi vilja hækka laun bókavarðarins, af því að hann hafi svo slæmt álit á honum, þótt hann á hinn bóginn játi að hann sje honum ókunnugur. Það er engin ástæða til að segja að jeg dragi fram laun bókavarðarins, af því að jeg sje honum kunnugur. Fyrir það hef jeg ekki gjört það, en af því að jeg hef kynnt mjer málið svo vel, sem jeg hef gjört, þá gat jeg hrakið ummæli h. þm. (V. G.) með svo góðum rökum, að hann sjálfur varð að játa að jeg hefði á betri grundvelli að byggja en hann. Það væri líka allólíkt, að minnsta kosti í augum þeirra,

sem mig þekkja, að jeg af persónulegri velvild vildi kasta svo þúsundum króna skipti úr landssjóði, ef mjer ekki þætti það rjett og sanngjarnt, einkum þar sem mjer er það ljóst, hve hæpið það er, að jeg mundi geta fengið bókavarðarlaunin lækkuð aptur, ef þau eru hækkuð nú, t. d. við bókavarðarskipti, hversu feginn sem jeg vildi. Jeg verð því að vísa öllum þess háttar dylgjum frá mjer sem allsendis þýðingarlausum. Viðvíkjandi bókasöfnunum skal jeg taka það fram, að jeg mun hafa verið fyrsti uppástungumaður þess í nefndinni, að þeim öllum væri veittur meiri styrkur en til var tekinn í frv. Frá stjórn bókasafnsins í Norðuramtinu hafði komið beiðni um aukinn fjárstyrk úr landssjóði handa bókasafni þar; beiðni þessi var á góðum rökum byggð, þar sem henni fylgdu upplýsingar um það, að bæði hefði safninu verið lagt jafnmikið fje úr jafnaðarsjóði, og ráðstafanir gerðar til þess að það gæti komið að meiri og betri notum en hingað til. Af því að hin bókasöfnin höfðu í þetta sinn ekki getað gefið samskonar skýrslu um framkvæmdir sínar, þá var eðlilegt að þeim væri ætlaður nokkru minni styrkur en amtsbókasafninu í Norðuramtinu, sem riðið hefir á vaðið með umbæturnar. Meiningin með hina hækkuðu fjárveitingu til bókasafnanna í Vesturamtinu og Austuramtinu er sú, að einnig þau leggi fram fje úr jafnaðsjóðum sínum, eins og líka er tekið fram í skilyrðunum fyrir styrkveitingunni, og setji aukabókaverði. Það kom fram hjá h. 1. þm. Ísf. (Sk. Th.), að rjettara væri að bókasafn Vesturamtsins væri geymt á Ísafirði en í Stykkishólmi; en þar verð jeg að vera á sama máli og h. þm. Snæf. (E. G.) að rjettara sje að hafa það í Stykkishólmi, því að hann er sá af kauptúnum Vesturamtsins, sem næst liggur miðbiki þess. Það er fjarstæða að hugsa sjer, að t. d. Mýrasýsla muni nota sjer bókasafn á Ísafirði. En þegar aukabókaverðir koma, þá gjöri jeg ráð fyrir að einn þeirra verði settur á Ísafjörð, og að jafnvel nokkur hluti safnsins dragist þangað. Svo geri jeg ráð fyrir öðrum aukabókaverði í Gilsfirði, svo sem í Ólafsdal, og svo á nokkrum öðrum stöðum í amtinu; með því fyrirkomulagi má gera ráð fyrir að safnið komi að almennum notum, annars ekki. Það er undir atvikum komið, hvort jeg get gengið inn á það, að Ísafjörður sje sjálfkjörinn höfuðstaður Vesturlandsins; jeg skal játa það, að nú sem stendur er hann mestur, að því er þorskinn snertir, en fyrir það er ekki sjálfsagt að hann sje það einnig í bókfræði.

Næst skal jeg minnast á lánið til fiskiskipakaupa. Mjer þykir það leitt, að h. 1. þm. Ísf. (Sk. Th.) skyldi misskilja mig svo, að hann fann ástæðu til að segja að jeg væri svo þröngsýnn, að jeg vildi ekkert leggja til sjávarútvegarins. Þetta er fjarri hinu rjetta; jeg sagði, að jeg vildi leggja eins fram fje til að efla sjávarútveginn eins og landbúnaðinn, að eins sagðist jeg eigi vilja að hallað væri á landbúnaðinn á kostnað sjávarútvegarins. Jeg held að jeg geti fært glöggar sönnur á það, að jeg er á því að vilja styrkja sjávarútveginn, með því að bæði hef jeg þegar greitt atkvæði með fjárveitingum honum til eflingar, og mun greiða atkvæði með ýmsum upphæðum, sem enn hafa eigi komið undir atkvæði. — Þannig greiði jeg atkvæði með 29550 kr. til sjómannaskólans, 1600 kr. til fiskifræðings, 1000 kr. í ferðastyrk á fiskisýning, 800 kr. til að gefa út fiskitímarit, 5000 kr. til skipaábyrgðarfjelags, 10000 kr. til að byggja skipakví, 600 kr. til að rannsaka hafnastæði, 500 kr. til að útvega útlendan skipa-

smið, og 5170 kr. til vita, eða samtals 54220 kr., og eru þar þó ekki meðtaldar 1980 kr. til vitans á Reykjanesi, því að jeg tel kostnað við hann fremur koma verzlun en fiskiveiðum til góða.

Auk þessa greiði jeg atkvæði með 30,000 króna láni til íshúsbygginga og 30,000 kr. láni til þilskipakaupa eða samtals 60,000 kr. Það er því alls á annað hundrað þúsund krónur, sem jeg greiði atkvæði með að veittar sjeu til eflingar sjávarútveginum; þetta tel jeg miklu meira en ekki neitt, og jeg verð að ætla, að þeir, sem þykjast hafa skilið orð mín svo, að jeg vildi ekkert láta af mörkum til sjávarútvegarins, hafi sjálfir hringað sig ofan í ask eða farðakollu og látið lokið yfir, svo að þeir hafi hvorki getað sjeð nje heyrt, hvað fram fer.

Jeg skal þó taka það aptur fram, að með því að fjölga þilskipunum takmarkalaust hlýtur að verða kippt fótunum undan landbúnaðinum, og meira að segja undan þilskipaútgerðinni líka. Í fyrra hefir Pjetur fengið 5000 kr. lán úr landssjóði og keypt þilskip fyrir, sem hann hefir 20 manns á. Í ár fær Páll aðrar 5000 kr., og kaupir líka skip, en nú er orðin svo mikil mannfæð, að hann fær ekki aðra á skip sitt en nokkra af skipverjum Pjeturs; afleiðingin af þessu verður sú, að annaðhvort verða bæði skipin að standa á landi eða fara út með hálfa skipshöfn, og er auðsjeð að hvorugt er arðvænlegt.

Jeg sje ekki betur en að samfara þilskipafjölguninni þyrfti þingið, ef vel á að vera, að koma á gang mannfjölgunarfyrirtæki.

Landshöfðingi: H. þm. Dal. (J. P.) vildi halda því fram, að presturinn í Bjarnanesi hefði lagarjett til uppbótar þeirrar, sem hann fer fram á; og byggði hann það sjerstaklega á því, að brauðamatið væri staðfest með konungsúrskurði. En jeg verð svo á að líta, að konungsúrskurður þessi skeri ekki úr því, hvort hvert einstakt brauð eigi tilkall til allra þeirra tekjuliða, sem taldir eru í brauðamatinu eða ekki. Það má taka til dæmis, að einn tekjuliður einhvers brauðs sje afrakstur af ítaki; nú er það auðsætt, að fyrir getur komið að þetta ítak sje dæmt frá prestakallinu, en þó svo fari, mun engum koma til hugar að prestakallið eigi heimtingu á uppbót úr landssjóði fyrir þennan ítaksmissi. Eins stendur nú á með umboðslaunin; þau höfðu að vísu lengi verið talin með tekjum brauðsins, en það stóð í sambandi við það, að þangað til hinn núverandi prestur fjekk embættið, átti hið sama stjórnarvald að veita bæði brauðið og umboðið, og gat jafnan tekið tillit til hvorstveggja við veiting brauðsins. En nú, eptir að söfnuðirnir hafa fengið hluttöku í veitingu brauðanna, þá getur veitingavaldið að litlu leyti tekið þetta tillit lengur, og getur því svo farið, að því þyki rjett að selja öðrum en prestinum umboðið í hendur.

Mjer finnst það annars ekki sitja á h. deild, að halda þessu fram með miklu kappi, þar sem hún með atkvæðagreiðslu sinni hefir að sínu leyti fyrirgirt það, að presturinn í Bjarnanesi geti eptirleiðis fengið umboðslaunin; eins og vjer vitum, hefir það rjett nýlega verið samþykkt hjer í deildinni, að Bjarnaneseignin renni til kirkjunnar, og þá má telja sjálfsagt að sóknarnefndin hafi á hendi innheimtu jarðarafgjaldsins, og jeg hef ekki orðið var við að nein ráðstöfun hafi verið gjörð til þess að presturinn fengi eptirleiðis uppbót á þeim tekjumissi, sem af þessu stafar.

Mjer sýnist h. deild með þessum aðgjörðum sínum hafa sýnt það, að hún

væri hjer á sama máli og stjórnin; annars mundi hún, um leið og hún ákvað að jörðin skyldi falla til kirkjunnar, einnig hafa ákveðið, að presturinn skyldi fá uppbót fyrir tekjumissinn.

Guðlaugur Guðmundsson: Í fyrra sinn, sem jeg tók til máls og minntist á tillögu mína um uppbót til sjera Þorsteins Benediktssonar, lýsti jeg ljóslega yfir því, að jeg leiddi minn hest frá að dæma um, hvort presturinn hefði lagarjett eður eigi til þessarar uppbótar. En einmitt af því að þetta getur verið vafamál, þá er það því ósanngjarnara að vísa honum til dómstólanna um kröfu sína; einmitt því fremur mælir sanngirni með að veita honum uppbót þessa á fjárlögunum, því að á því getur enginn vafi legið, að hann hefir siðferðislega sanngirniskröfu til uppbótarinnar. Það er mjög eðlilegt, að landshöfðingi haldi fram lagalegum rjetti umboðsstjórnarinnar til að veita umboðið, hverjum sem hún vildi, því að veitingavaldið á umboðinu er annað veitingavald heldur en það, sem veitti brauðið. Dæmi það, sem hæstv. landshöfðingi tók um ítaksrjett, þótti mjer ekki alls kostar sem heppilegast; jeg vil heldur taka annað dæmi til samlíkingar, en það eru »Maríu- og Pjeturslömbin«, sem opt hafa verið nefnd hjer áður fyrri. Sú kvöð er ekki á lögum byggð. (*Landshöfðingi*: Máldögum). Á þeim eru ítökin líka byggð. En þó hefir jafnan verið álitið sjálfsagt að bæta prestum upp missinn þar. En nú er ástæða til að álíta að nú sje umboðið og Bjarnanesskall endilega aðskilið, en þá er og jafnframt ástæða til að bæta prestinum upp missinn. Breytingartill. fer að eins fram á að bæta upp missinn þessum presti, sem fyrir honum varð; en auðvitað fellur sú uppbót burtu við prestaskipti.

Þá eru lánveitingarnar til einstakra manna á tölulið 127. Jeg álít þær nú að vísu ekki að öllu leyti heppilegar. Mundi ekki stjórnin vilja koma á næsta þingi fram með frumv. um að koma á fót lánsstofnun til að veita lán gegn fasteignarveðum til lengri tíma? Sú stofnun gæti tekið að sjer fasteignarveð bankans, og yrði það til hagsmuna bæði fyrir bankann og skiptavini hans, því að það, að binda fje sitt um mörg ár gegn fasteignarveðum, hlýtur að draga mjög úr megni bankans til að fullnægja aðal-tilgangi sínum. Sömuleiðis gæti sú stofnun tekið að sjer lánsfje landssjóðs. Hún gæti veitt hagfeldari kjör en bankinn. Hin núverandi lánsskilyrði við bankann eru og hljóta að vera algerlega óaðgengileg fyrir landbúnaðinn.

Um breytingartill. mína á tölul. 120 í sambandi við tölul. 121 hefir þegar verið rætt ýtarlega. Ef við 3. umræðu kæmi fram tillaga um að setja »einkum« í staðinn fyrir »að eins«, þá væri jeg fús að ganga að því. Jeg vil hvetja þá menn til að kaupa þilskip, sem hafa vit og dugnað til að hagnýta sjer fiskiveiðar, og þá stendur á engu, hvort heldur mennirnir eru útvegsbændur eða kaupmenn. Jeg álít að það beri að styrkja sjávarútveginn, hvort heldur hann er stundaður sem atvinnuvegur eða gróðavegur.

Þá eru nú þessar 80,000 kr. til stórhýsis í samlögum við landsbankann. — Jeg er með þessari hugmynd, en jeg get ómögulega greitt atkvæði með tillögunni, því að eins og hún er hjer fram komin, áætlunarlaus um kostnað og fyrirkomulag, hangir hún algerlega í lausu lopti. Auk þess verð jeg að álíta mjög vafasamt, að stjórn bankans

hafi nokkra heimild til að ráðast í slíkt fyrirtæki án samþykkis landshöfðingja og jafnvel alþingis líka.

Þá er að minnast á 110. tölulið, um styrk til manns til að fara til útlanda til þess að kynna sjer tilbúning hreyfivjela. Það er ekki nóg, eins og sumir hafa haldið fram, að panta sjer hingað hreyfivjel. Einhver verður að kunna að setja hana saman, stýra henni til vinnu, gera við hana, ef hún bilar o. s. frv.; annars er hún til einskis gagns. En til þess að kunna þetta, þarf einhver að fara utan og kynna sjer það. En maðurinn, sem um þetta hefir sótt, járnsmiður hr. Sigurður Jónsson, er að allra dómi mjög vel hæfur til slíks, og hefir einkum áhuga á því máli.

Breytingartill. mína á tölulið 138, uppbót til Meðallandsþinga, tel jeg á mjög góðum rökum byggða, og hafa þau rök áður verið tekin fram. Það er enginn efi á því, að brauðið, sem hjer er um að ræða, hefði fengið miklu meiri uppbót, ef það hefði verið í því ástandi, sem það nú er, þegar prestakallalögin voru samin.

Frms. (*Jón Jónss.*, 2. þm. Eyf.): Jeg finn það á sjálfum mjer og sje það á öðrum, að menn eru teknir að gjörast þreyttir; skal jeg því reyna að vera stuttorður og kappkosta að kasta engu því fram, sem veki nýjar umræður, því að það er skoðun mín, að umræður um þennan kafla sjeu varla til gagns úr þessu. — Jeg er þakklátur b. þingmönnum fyrir, hve þeir hafa gert mjer framsöguna ljetta, því að margir hafa svarað fyrir nefndina, en einkum er jeg þó þakklátur háttv. samnefndarmönnum mínum fyrir liðveizluna. — Tilgangur nefndarinnar hefir verið sá eini, að gera það, sem rjett er og sæmilegt. Undirtektir þingmanna undir það, sem nefndin hefir látið sjer hugarhaldið um, hafa og yfirleitt verið góðar. Þótt umræðurnar hafi orðið svona langar, þá er það ekki af því að allir vilji ekki vel, heldur af því, að skoðanir manna eru svo misjafnar; og þótt þær hafi verið langar, þá hafa þær ekki gefið tilefni til persónulegs kapps, og yfirleitt verið rólegar, og vil jeg þá ekki spilla friðsemdarblænum.

Jeg vil nú ekki tala eingöngu sem framsögumaður, heldur og sem þingmaður.

Breytingartill. fjárlaganefndarinnar á fjárframlagningunni til vega hefir fengið góðar undirtektir hjá deildinni, og það hefir verið tekið fram, að sú stefna væri heppileg, að veita heldur styrki fjelögum en einstökum mönnum; gleður það mig að þeir, sem minnzt hafa á þetta, eru mjer samdóma, og að þessi stefna hefir mælzt vel fyrir, og vona jeg að sú stefna ryðji sjer æ meir til rúms, og verður þá hin alræmda og, mjer liggur við að segja, illræmda 13. gr. C, umfangsminni.

Þá skal jeg minnast á breytingartill. h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) um styrk til einstakra manna, sem meðmæli hafa frá þilskipafjelagi Eyfirðinga, til náms á sjómannaskólanum. Jeg hafði gleymt að minnast á hana fyr, en nú get jeg lýst yfir því, að nefndin fellst á þá tillögu.

Þá verð jeg að drepa á eitt einkennilegt atriði, sem fyrir kom við atkvæðagreiðslu um síðasta kafla, er ein tillaga nefndarinnar, um utanfararstyrk til lækna, var felld, án þess nokkur maður hefði hreyft mótmælum á móti henni. Jeg tek mjer það dálítið nærri sem framsögumaður, af því að það getur litið svo út, sem jeg hefði ekki fært nægileg rök fyrir tillögunni, og það hefði jeg þó reynt að gera, ef jeg hefði álitið nokkurt tilefni til þess.

Þá skal jeg drepa á það, að útgjaldahækkun sú, sem þeir töluliðir hafa í för með sjer, sem þegar er búið að samþykkja, mun nema 55—56,000 kr. Tillögur þær um hækkanir, sem enn liggja fyrir ósamþykktar, nema um 30,000 kr. Þó þetta hafi ef til vill ekki áhrif á atkvæði manna, hef jeg þó álitið rjett að taka það fram til athugunar.

Að svo mæltu skal jeg minnast á nokkra einstaka liði, án þess þó að binda mig við að taka þá í nokkurri röð. Jeg vil fyrst tala um nokkra styrki til einstakra manna.

Af slíkum styrkveitingum, sem tilfærðar eru í stjórnarfrumv., hafa ekki komið mótmæli fram nema að eins gegn einum, sjera Matthíasi Jochumssyni, og það að eins frá einum þm. En jeg vænti að álit sjera Matthíasar sje svo rótfest hjá þjóðinni, að þessi eina hjáróma rödd h. þm. Strand. (Guðj. G.) finni hvergi bergmál.

Sama er að segja um till. um Pál Ólafsson. Af þeim, sem á þá till. hafa minnzt, hafa allir verið með nema þm. Dal. (J. P.); en hann er nú ekki við, og skal jeg því færra um það segja en jeg hefði ella gert. Hann setti þetta í samband við Þorstein Erlingsson og varð niðurstaðan hjá honum, að hvorugum bæri styrk að veita. Aðalástæða hans var sú, að ljóðagerð þeirra hefði ekki sannarlegt gildi. En í öllum þeim umræðum, sem hjer hafa orðið, hefir gjörsamlega skort alla skilmerkilega ákvörðun á því, hvað væri sannarlegt gildi skáldskapar. En það eitt er mjer ljóst, að þm. Dal. (J. P.) virðist hafa sáralitla hugmynd um það efni.

Þegar hann t. d. talar um að »tendens« í kvæðum Þorsteins Erlingssonar sje siðspillandi, þá verð jeg að vera á algjörlega gagnstæðu máli, því jeg held að við eigum ekkert íslenzkt skáld, sem sje minna siðspillandi heldur en Þorsteinn Erlingsson.

H þm. nefndi ýms íslenzk skáld, sem honum þóttu standa framar Þorsteini; jeg skal ekki fara út í neinn metning milli neins þeirra og hans, en þori að fullyrða það eitt, að í því efni eru þeir honum ekki fremri. Hann nefndi meðal annara Hannes Hafstein, og mun fáum auðsjeð, að kvæði hans hafi í neinu minni spillandi áhrif á menn heldur en kvæði Þorsteins. En um leið vil jeg taka það fram, að jeg vil alls ekki með því hafa sagt, að þau hafi siðspillandi áhrif. Hann minntist á Pál Ólafsson og drykkjuvísur hans. Frá sama þröngsýnu sjónarmiði verður dómurinn sjálfsagt ekkert mildari yfir Hannesi en Páli.

H. þm. S.-Múl. (Sig. G.), sem annars mælti svo hlýtt með Páli, var harðari í garð Þorsteins Erlingssonar; honum fannst andinn í kvæðum hans ganga í þá stefnu að grafa hinn siðferðislega grundvöll undan hugsunarhættinum; þetta er að mínu áliti gjörsamlega ástæðulaust. Eins og h. þm. tók fram á síðasta þingi, er stefnan í kvæðum Þorsteins strang-siðferðisleg. Jeg kann hinum h. þm. þökk fyrir þessi ummæli. Grundvallartónninn hjá Þ. Erlingssyni er mannúðin og mildin gegn hinu veika, og hún er í sínu innsta eðli kristileg og enda grundvöllur kristindómsins, ef rjett er á litið.

Brynjólfi Jónssyni get jeg eigi fallizt á að veita styrk sem skáldi, en hann er styrksins verður sem þarfur og nýtur fræðimaður, og skal jeg því fúslega greiða atkvæði með breyt.till. h. þm. Vestm. (V. G.) um styrk til hans til fornmenjarannsókna.

Tillöguna um lán til þilskipakaupa skildi h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) svo,

að menn, sem ekki hafa þilskipaútveg að aðalatvinnuvegi, ættu eigi að geta fengið styrk, t. d. ekki embættismaður, sem vildi fara að halda úti þilskipi. Þetta er rjett að vísu, en ef embættismaðurinn gengur í fjelag við aðra um útgerðina, þá getur fjelagið fengið styrk. Annars gleður það mig, að hann er fús til samkomulags um þetta atriði. Út af þessari till. ljet h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) í ljósi, að eina höfuðástæðan til að styrkja þilskipaútveginn væri sú, að veita þannig mörgum mönnum atvinnu, og vildi hann fremur styrkja þilskip en gufuskip til fiskiveiða, af því að á þilskipunum fengi fleiri menn atvinnu. Á sama máli er einnig h. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.). Mín skoðun persónulega er nú sú, að þetta sje algjörlega órjett. Menn eiga einmitt að efla atvinnuveginn á þann hátt, að sem fæstar hendur þurfi til að afkasta sama verki og framleiða hið sama. Fyrir því er jeg samþykkur stefnu h. þm. Vestm. (V. G.) um fiski-gufuskipin, enda þótt jeg geti ekki verið með till. hans um styrkveitingu í þá átt, þar sem ekkert útlit er fyrir, að neinn maður verði að sinni til að nota hann.

Þá var það ein setning í ræðu h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.), sem jeg ætla að minnast á, þótt hún snerti ekki atkvæðagr. um hið fyrirliggjandi mál; h. þm. lýsti yfir þeirri skoðun sinni, að hann áliti heppilegt að stjórnin hefði það fje til umráða, sem þingið veitir í 13. gr. C fjárlaganna, eins og verið hefði til 1888, miklu heppilegra en að þingið þyrfti að fást við það. Og margt af því, sem hann sagði um þetta, var alsendis rjett. Mjer er vel kunnugt um, hvernig á stóð, þegar þingið tók sjálft að sjer úthlutun þess fjár, því jeg var í fjárlaganefndinni 1887. Það var bæði að þingið var í opposition við stjórnina, og fann þá ástæðu til að draga undir sig þau ráð, sem stjórnin hafði haft yfir þessu fje, og að fjeð var misbrúkað; ef gáð er að, til hvers það var veitt nokkur undanfarin ár, þá dylst ekki, að það er ólíklegt að það hafi orðið til mikils gagns. Og því verð jeg að mótmæla þeim orðum h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.), að því hafi verið varið ver eða engu betur, síðan þingið tók við ráðstöfun þess, en áður, meðan stjórnin hafði það á hendi! H. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) sagði, að það hefði siðspillandi áhrif á þingið, þar sem þeir menn, sem leituðu til þingsins með bænarskrár, færu í þingmenn og reyndu að agitera fyrir sjer; en jeg get ekki sjeð annað, en að sama mundi eiga sjer stað hjá stjórninni. Og jeg efast um að sú »agitation« yrði minna siðspillandi.

Það var eitt, sem jeg noteraði hjá mjer í gær út af orðum h. þm. V.-Skf. (Guðl. G.). Jeg man ekki, hvernig orðin fjellu, en þegar hann var að tala um kvennaskólana, sagði hann eitthvað á þá leið, að slæmar sögur hefðu komizt á lopt um einn kvennaskólann; h. 1. þm. Húnv. (B. Sigf.) drap á eitthvað líkt um sama skóla, og skal jeg ekki rengja h. þm. um að þeir hafi heyrt þetta. En jeg vona að menn líti svo á, að þess konar sögur beri ekki að taka til greina, og vona jeg að þær hafi ekki áhrif á atkvæðagreiðsluna.

Um styrkinn til Björns á Alafossi hafa komið fram ýmsar skoðanir, sumar með og sumar að nokkru leyti móti tillögu nefndarinnar. Skoðun nefndarinnar lýsti jeg skýrt, en h. 2. þm. G.-K. (Þ. Th.) átaldi nefndina fyrir að hún hefði tiltekið styrkinn of lágan. Skoðun nefndarinnar var sú, að ef Björn fengi $^2/_5$ hluta vjelanna fyrir landsfje, þá mundi hann sennilega geta fengið lán til þess að kaupa það, sem á vantaði, móti veði í vjelunum sjálfum, og líklegast að sýslunefndir þær, er hafa tekið

lán til að koma fyrirtæki hans á stofn, mundi hlaupa undir bagga með honum. Talað hefir verið um það, að þessi maður hefði orðið hart úti í samanburði við annan mann, sem brotizt hefir í álíka og verið styrktur til þess af landsfje, Magnús á Halldórsstöðum; en jeg vildi þá benda á það, að sá maður fjekk lán að vísu, en að eins með vanalegum kjörum, gegn ábyrgð sýslunefndar, en henni varð hann að setja fullt fasteignarveð fyrir láninu.

Þá er styrkurinn til Jóns Ólafssonar. Jeg sje af umr., að tillaga nefndarinnar muni ekki fá þann byr, að hún verði samþykkt. Það kemur mjer ekki beinlínis á óvart, en mig persónulega tekur það sárt. Mín skoðun hefir um mörg ár verið sú, að við gætum ekki gert neitt eins áhrifamikið fyrir okkar alþýðumenntun eins og þetta, og jeg hef þá skoðun enn í dag. Menn hafa sagt, að vjer hefðum svo mörg tímarit, og það er að vissu leyti satt. Vjer höfum mörg blöð, líklega of mörg, og svo lítil, að þau fullnægja engan veginn tilgangi sínum; og tímaritin eru svo einstaklegs eðlis, að þau fullnægja ekki þeirri þörf, sem álíka tímarit og þetta, sem Jón Ólafsson hefir áformað, mundi uppfylla. Andvari var upphaflega pólitiskt tímarit, og ætti að vera það enn þá. Tímaritið flytur mjög lítið af því, sem getur aukið menntun alþýðu í almennum skilningi. Eimreiðin er það af tímaritunum, sem sjálfsagt kemst næst því, sem hjer er farið fram á, en jeg skoða hana sjerstaklega sem literært tímarit; hún ætti að vera tímarit fyrir innlendar bókmenntir, og þá svo stórt sem þyrfti, og svo er hún mikils til of dýr, og verður að vera það, nema hún fengi ríflegan styrk af almannafje. En jeg er þess fullviss, að ekki muni líða á löngu, áður en slíkt tímarit, sem það er Jón Ólafsson hefir farið fram á að fá styrk til að stofna, muni rísa hjer upp, og vjer munum innan skamms allir viðurkenna, að rjett sje að styrkja það af landssjóði. Og mjer þykir hreint og beint furða, að h. þm. skuli ekki skilja þá hugsun mína, að hjer er um mikilsverða ráðstöfun til alþýðumenntunar að ræða.

Þá skal jeg minnast á prestaköllin örfáum orðum. Ef á það er litið, hvað þörfin er mikil hjá prestunum, þá væri ekki nema sjálfsagt og sanngjart að veita þeim styrk og uppbót o. s. frv., því þeirra kjör eru svo auðvirðileg, að þeim veitti ekki af því og meira til. En áður en jeg fer lengra, skal jeg minnast þess, að það var skakkt á litið af h. þm. Rangv., að jeg vildi ekki vera með því að veita styrk til Eyvindarhólaprestsins vegna þess, að það prestakall var ekki sameinað við Holtsprestakall á þingi 1895; nei, jeg sagði að þetta væri afleiðingin af að hafa brauðin of mörg, að prestarnir bæðu sí og æ um styrk og uppbót, og eigi mundi hafa komið fram styrkbeiðni úr þeirri átt, ef Eyvindarhólar hefðu verið sameinaðir við Holt. Það er mín sannfæring, að prestaköllin sjeu langtum of mörg. Jeg kynoka mjer ekki við að segja þessa setningu. Hvort sem maður er kirkjulega sinnaður eða ekki, hvort sem maður er þjóðkirkjumaður eða fríkirkjumaður, frá hvaða sjónarmiði sem það er skoðað, þá er rjett að fækka prestaköllunum; meðan prestarnir hafa slík hungurslaun, að þeir geta ekki annað en gefið sig við öðru en prestskapnum til þess að draga fram lífið, á meðan er ekki að búast við að kirkjulegt líf vakni. Jeg hef haldið þessari skoðun fram á fyrri þingum, jeg geri það nú, og mun gera það hjer eptir.

Það gladdi mig að heyra, þegar h. 2. þm. G.-K. (J. Þ.) í gærkveldi fór að

tala um nýja stefnu í leikfimiskennslu hjer á landi; og ef breyt.till. kemur við 3. umr. um að veita fje í þessu skyni, sem líklega mun verða, þá mun nefndin verða því meðmælt.

Jeg ætla ekki að tala langt um landsbókasafnið; umr. um það eru orðnar vægari, eptir því sem á hefir liðið; jeg vona að h. deild sýni, þegar til atkv. kemur, að hún álíti tillögur nefndarinnar um það hóflegar og gætilegar.

Þá er lán til jarðabóta. Stefnan er sjálfsagt góð og heppileg. Það er sjálfsagt, að landbúnaðurinn sje styrktur með lánum á borð við hina aðra atvinnuvegi landsins: sjávarútveg, iðnað o. s. frv., en fyrirkomulagið, skilyrðin eru alls ekki aðgengileg. Jeg vildi að engu síður fjelög, sýslufjelög, jarðabótafjelög gætu notið lánsins, engu síður en einstakir menn, og að minna mætti lána hverjum en 1000 kr. Um afborgunina er það mjög álitamál, hvort rjett sje, og jeg get að minnsta kosti ekki fallizt á, að lánið sje afborgunarlaust í 3 ár, með svo lágum vöxtum. Þá gæti jeg betur fellt mig við að lánið sje rentulaust í 5 ár, og endurborgist þegar frá upphafi, til þess alborgað er.

Þá er tryggingin. Hjer segir, að lánið veitist að eins gegn fasteignarveði; en margar aðrar tryggingar eru til jafngóðar, og því er það, að þegar lánsstofnun sú er komin á fót, þá ætti lán að geta veitzt gegn ábyrgð fjelaga. Af þessum ástæðum get jeg ekki að svo stöddu fallizt á tillöguna, en ef til vill mætti koma sjer saman við flutningsmanninn um breytingar á henni til 3. umr.

Að svo mæltu held jeg að ekki sje ráðlegt að tala frekara; ef eitthvað skyldi vera eptir, þá gefst mjer væntanlega kostur á að tala um það við 3. umræðu.

ATKVÆÐAGR.: 13. gr. A. a. og b. 1—3 samþ. með 22 samhlj. atkv.

13. gr. A. a. og b. 4. samþ. með 16 samhlj. atkv.

Nr. 58 á atkv.skrá 5. liður felldur með 14 : 7 atkv.

Nr. 58 á atkv.skrá 6. liður felldur með 12 : 7 atkv.

Nr. 59 á atkv.skrá fellt með 13 : 6 atkv.

13. gr. A. b. 5. samþ. með 21 samhlj. atkv.

Nr. 60 á atkv.skrá samþ. með 12 : 7 atkv.

Nr. 61 á atkv.skrá samþ. með 12 samhlj. atkv.

13. gr. A. b. 6. samþ. með 19 samhlj. atkv.

Nr. 62 á atkv.skrá samþ. með 16 : 1 atkv.

Nr. 63 á atkv.skrá þar með fallið.

13. gr. B. I. a. b. 1. samþ. með 22 samhlj. atkv.

Nr. 64 á atkv.skrá samþ. með 22 samhlj. atkv.

Nr. 65 á atkv.skrá fellt með 18 : 1 atkv.

13. gr. B. I. b. 2—8 samþ. í e. hlj.

13. gr. B. II. a. samþ. í einu hlj.

Nr. 67 á atkv.skrá samþ. með 22 samhlj. atkv.

Nr. 66 á atkv.skrá felld með 17 : 1 atkv.

13. gr. B. II. b. 1—8 samþ. með 21 samhlj. atkv.

13. gr. B. III. a. b. c. 1—2 samþ. með 22 samhlj. atkv.

Nr. 68 á atkv.skrá samþ. með 17 samhlj atkv.

13. gr. B. III. c. 3. og 4. samþ. í e. hlj.

Nr. 69 á atkv.skrá felld með 15 : 2 atkv.

13. gr. B. III. c. 5. samþ. í e. hlj.

Nr. 70 á atkv.skrá sþ. án atkv.greiðslu.

Nr. 71 á atkv.skrá felld með 13 : 7 atkv.

Nr. 72 á atkv.skrá felld með 14 : 6 atkv.

13. gr. B. III. c. 6—12 samþ. í e. hlj.

Nr. 73 á atkv.skrá samþ. með 12 : 2 atkv.

13. gr. B. III. c. 13 sþ. með 12 : 8 atkv.

13. gr. B. IV. sþ. með 22 : 1 atkv.

Nr. 74 á atkv.skrá samþ. með 15 samhlj. atkv.

Nr. 75 á atkv.skrá samþ. með 18 samhlj. atkv.

13. gr. B. V. b. 2—4 samþ. með 22 samhlj. atkv.

Nr. 76 á atkv.skrá samþ. með 13 : 8 atkv.

13. gr. B. V. b. 5. samþ. með 16 samhlj. atkv.

13. gr. B. V. b. 6—7 samþ. með 18 samhlj. atkv.

Breyt.till. á þingskj. 284 felld með 13 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Einar Jónsson,	Björn Sigfússon,
Klemens Jónsson,	Eiríkur Gíslason,
Benedikt Sveinsson,	Guðjón Guðlaugss.,
J. Jónss., þm. Eyf.,	Guðl. Guðmundss.,
Ólafur Briem,	Halld. Daníelsson,
Pjetur Jónsson,	Jens Pálsson,
Sighv. Árnason,	Jón Jensson,
Sigurður Gunnarss.,	J. Jónss., þm. A-Sk.,
Tryggvi Gunnarss.,	Jón Þórarinsson,
Þórður Thoroddsen.	Skúli Thoroddsen,
	Valtýr Guðmundss.,
	Þórður Guðmundss.,
	Þorl. Guðmundsson.

Breyt.till. á þingskj. 288 samþ. án atkv.greiðslu. Nr. 77 á atkv.skrá samþ. með 14 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Einar Jónsson,	Eiríkur Gíslason,
Klemens Jónsson,	Guðj. Guðlaugsson,
Bened. Sveinsson,	Jens Pálsson,
Björn Sigfússon,	J. Jónss., þm. A.-Sk.,
Guðl. Guðmundss.,	Jón Þórarinsson,
Halld. Daníelsson,	Ólafur Briem,
Jón Jensson,	Pjetur Jónsson,
J. Jónss., þm. Eyf.,	Þórður Guðmundss.,
Sighv. Árnason,	Þorl. Guðmundss.
Sig. Gunnarsson,	
Sk. Thoroddsen,	
Tr. Gunnarsson,	
Valtýr Guðmundss.,	
Þórð. Thoroddsen.	

13. gr. B. VI. a. 1—2 samþ. með 14 samhlj. atkv.; nr. 78 a. á atkv.skrá samþ. án atkv.greiðslu; nr. 78 b. á atkv.skrá samþ. án atkv.greiðslu; 13. gr. B. VII. a. 3—4 samþ. með 19 samhlj. atkv.; nr. 80 á atkv.skrá samþ. með 13 : 3 atkv.; nr. 81 á atkv.skrá felld með 15 : 7 atkv.; nr. 82 á atkv.skrá samþ. með 13 : 3 atkv.; nr. 83 á atkv.skrá: Til barnaskóla o s. frv. samþ. með 17 samhlj. atkv.; nr. 83 á atkv.skrá 5500 í stað 4500 samþ. með 18 samhlj. atkv.; 13. gr. B. VI. b. til enda samþ. með 22 samhlj. atkv.; 13. gr. B. VII. samþ. með 21 samhlj. atkv.; nr. 84 á atkv.skrá felld með 14 : 1 atkv.; nr. 85 á atkv.skrá samþ. með 17 samhlj. atkv.; nr. 86 á atkv.skrá tekin aptur; nr. 87 á atkv.skrá samþ. með 17 : 1 atkv.; 13. gr. C. 1. c. d. og e. samþ. í einu hlj.; nr. 89 á atkv.skrá felld með 14 : 8 atkv.; nr. 90 á atkv.skrá felld með 16 : 3 atkv.; nr. 88 á atkv.skrá samþ. með 15 : 6 atkv.; 13. gr. C. 3—9 samþ. í einu hlj.; nr. 91 á atkv.skrá samþ. með 20 samhlj. atkv.; 13. gr. C. 10. samþ. með 22 samhlj. atkv.; nr. 92 á atkv.skrá samþ. með 16 samhlj. atkv.; nr. 93 á atkv.skrá samþ. með 12 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Klemens Jónsson,	Einar Jónsson,
Björn Sigfússon,	Benedikt Sveinss.,

já:	*nei:*
Eiríkur Gíslason,	Guðjón Guðlaugss.,
Guðl. Guðmundss.,	J. Jónss., þm. A.-Sk.,
Halldór Daníelss.,	J. Jónss., þm. Eyf.,
Jens Pálsson,	Ólafur Briem,
Jón Jensson,	Pjetur Jónsson,
Jón Þórarinsson,	Sighv. Árnason,
Skúli Thoroddsen,	Sigurður Gunnarss.,
Valtýr Guðmundss.,	Tryggvi Gunnarss.,
Þórður Guðmundss.,	Þórð. Thoroddsen.
Þorl. Guðmundsson.	

Nr. 94 á atkv.skrá þar með fallin; nr. 95 á atkv.skrá samþ. með 18 samhlj. atkv.; 13. gr. C. 12. samþ. með 17 : 1 atkv.; nr. 96 á atkv.skrá felld með 12 : 8 atkv.; nr. 97 á atkv.skrá (Páll Ólafsson) felld með 14 : 7 atkv.; nr. 98 á atkv.skrá felld með 12 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Einar Jónsson,	Klemens Jónsson,
Ben. Sveinsson,	Björn Sigfússon,
Guðjón Guðlaugss.,	Eiríkur Gíslason,
J. Jónss., þm. A. Sk.	Guðl. Guðmundss.,
Jón Jónss., þm. Eyf.,	Halldór Daníelsson,
Ólafur Briem,	Jens Pálsson,
Pjetur Jónsson,	Jón Jensson,
Sigurður Gunnarss.,	Jón Þórarinsson,
Skúli Thoroddsen,	Sighv. Árnason,
Tryggvi Gunnarss.,	Valtýr Guðmundss.,
Þórður Thoroddsen.	Þórður Guðmundss.
	Þorl. Guðmundss.

Nr. 97 á atkv.skrá (Br. Jónsson) felld með 15 : 2; 13. C. 13., samþ. með 20 samhlj. atkv.; Nr. 99 á atkv.skrá, samþ. með 14 samhlj. atkv.; 13. gr. C. 14 samþ. með 17 : 2 atkv.; 13. gr. C. 15 með 14 samhlj. atkv.; nr. 100 á atkv.-skrá samþ. með 22 samhlj. atkv.; nr. 101 á atkv.skrá samþ. með 13 : 3 atkv. nr. 102 á atkv.skrá samþ. með 16 : 4 atkv.; 13. gr. C. 17 samþ. með 16 samhlj. atkv.; 13. gr. C. 18 samþ. með 19 samhlj. atkv.; nr. 103 á atkv.skrá (19) samþ. með 18 samhlj. atkv.; nr. 103 á atkv.-skrá (20) samþ. með 13 : 7 atkv.; nr. 103 á atkv.skrá (21) samþ. með 14 : 6 atkv.; nr. 103 á atkv.skrá (22) samþ. með 15 samhlj atkv.; nr. 103 á atkv.-skrá (23) samþ. með 13 samhlj. atkv. nr. 103 á atkv.skrá (23 sem verður 24) samþ. með 16 samhlj. atkv.; 13. gr. C. 24 samþ. með 14 : 5 atkv.; nr. 104 á atkv.skrá felld með 14 : 9 að við höfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei:*
Ben. Sveinsson	Einar Jónsson,
Eiríkur Gíslason,	Klemens Jónsson,
Guðjón Guðlaugsson,	Björn Sigfússon,
Guðl. Guðmundsson,	Halld. Daníelsson,
Jens Pálsson,	J. Jónss., þm. A.-Sk.,
Jón Jensson,	J. Jónss., þm. Eyf.,
Sighv. Árnason,	Jón Þórarinsson,
Skúli Thoroddsen,	Ólafur Briem,
Valtýr Guðmundss.	Pjetur Jónsson,
	Sig. Gunnarsson,
	Tr. Gunnarsson,
	Þórður Guðmundss.,
	Þórður Thoroddsen,
	Þorl. Guðmundsson.

Nr. 105 á atkv.skrá samþ. með 14 samhlj. atkv.; breyt.till. á þingskj. 278 felld með 15 : 9 atkv.; nr. 106 á atkv.-skrá felld með 12 : 11 að við höfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei:*
Klemens Jónsson,	Einar Jónsson,,
Ben. Sveinsson,	Guðl. Guðmundss.,
Björn Sigfússon,	Halld. Daníelsson,
Eiríkur Gíslason,	Jens Pálsson,
Guðjón Guðlaugss.,	Jón Jensson,
J. Jónss. þm. A.-Sk.,	J. Jónsson þm. Eyf
Jón Þórarinsson,	Ólafur Briem,
Sighv. Árnason,	Pjetur Jónsson,
Skúli Thoroddsen,	Sig. Gunnnarsson,
Þórður Guðmundss.,	Tr. Gunnarsson,
Þorl. Guðmundss.,	Valtýr Guðmundss.,
	Þórður Thoroddsen.

Nr. 107 á atkv.skrá, 1. liður, felld með 12 : 8 atkv.; nr. 107 á atkv.skrá, 2. og 3. liður, samþ. með 14 : 9 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei:*
Einar Jónsson,	Klemens Jónsson,
Guðjón Guðlaugss.,	Ben. Sveinsson,
Guðl. Guðmundsson,	Björn Sigfússon,
Halld. Daníelsson,	Eiríkur Gíslason,
Jens Pálsson,	Ólafur Briem,
Jón Jensson,	Sk. Thoroddsen,
J. Jónss., þm. A.-Sk.,	Tr. Gunnarsson,
J. Jónsson, þm. Eyf.,	Þórður Guðmundss.,
Jón Þórarinsson,	Þorl. Guðmundsson.
Pjetur Jónsson,	
Sighv. Árnason,	
Sig. Gunnarsson,	
Valtýr Guðmundss.,	
Þórður Thoroddsen.	

Nr. 107 á atkv.skrá 4 liður, samþ. með 19 samhlj. atkv.; nr. 107 á atkv.-skrá 5. liður, felldur með 12 : 11 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Einar Jónsson,	Klemens Jónsson,
Björn Sigfússon,	Ben. Sveinsson,
Guðj. Guðlaugsson,	Eiríkur Gíslason,
Guðl. Guðmundsson,	Jens Pálsson,
Halldór Daníelsson,	Jón Jensson,
J. Jónss. þm. A.-Sk.,	Jón Þórarinsson,
J. Jónsson þm. Eyf.,	Ólafur Briem,
Pjetur Jónsson,	Sighv. Árnason,
Sig. Gunnarsson,	Sk. Thoroddsen,
Tr. Gunnarsson,	Valtýr Guðmundss.,
Þórður Thoroddsen.	Þórður Guðmundss,
	Þorl. Guðmundsson.

Nr. 108 á atkv.skrá, 1. liður, samþ. með 18 samhlj. atkv.; nr. 108 á atkv.-skrá, síðasti liður, samþ. með 12 samhlj. atkv.; nr. 109 á atkv.skrá felldur með 14 : 6 atkv.; nr. 110 á atkvæðaskrá felldur með 16 : 1 atkv.; 13. gr. með áorðnum breyt. samþ. með 20 samhlj. atkv.; 14. gr. óbreytt samþ. með 22 samhlj. atkv.; nr. 113 á atkv.skrá samþ. með 19 samhlj. atkv.; 15. grein með áorðnum breyt. samþ. með 22 samhlj. atkv.; 16. gr. óbreytt samþ. í e. hlj.; 17. gr. óbreytt samþ. í e. hlj.; nr. 117 á atkv.skrá samþ. með 13 samhlj. atkv.; 18. gr., sem verður 19. gr., samþ. í e. hlj.; nr. 119 á atkv.skrá felld með 13 : 4 atkv.; nr. 120 á atkv.skrá felld með 13 : 9 atkv.; nr. 121 á atkv.skrá samþ. með 14 : 5 atkv.; nr. 122 á atkv.skrá felld með 17 : 1 atkv.; nr. 123 á atkv.-skrá samþ. með 20 samhlj. atkv.; nr. 124 á atkv.skrá 1. liður felldur með 13 : 6 atkv; nr. 124 á atkv.skrá 2. liður samþ. með 13 : 7 atkv.; nr. 125 á atkv.skrá með áorðn. breyt. samþ. með 20 samhlj. atkv.; nr. 126 á atkv.skrá tekið aptur; nr. 127 á atkv.skrá samþ. með 12 : 4 atkv.; 7. gr. með áorðn. breyt. samþ. með 22 samhlj. atkv. Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þrítugasti og fyrsti fundur, föstudag 6. ágúst, kl. 12 á hád. Allir á fundi.

Forseti gat þess, að til sín væri komið og yrði lagt fram á lestrarsalnum: skjöl snertandi brúargjörð á Örnólfsdalsá.

Frumv. til laga um brúargjörð á Örnólfsdalsá (C. 334); 1. umr.

Tryggvi Gunnarsson: Þetta mál var til umræðu í fjárlaganefndinni á síðasta þingi, og má lesa álit hennar um það í C-deild Alþingistíðindanna 1895 bls. 262. Þar segir nefndin, að nauðsyn sje að bæta hinn fyrirhugaða póstveg og þjóðveg, sem leið 2 pósta liggur um, yfir Grjóthál í Mýrasýslu, og enn fremur segir nefndin: »og þyrfti þá sennilega um leið að brúa Örnólfsdalsá, því »meðan sú vegabót er eigi unnin, kemur hin nýja Kláffossbrú á Hvítá, með »vönduðum og dýrum vegaköflum beggja »megin árinnar, eigi að notum fyrir »póstana og aðra langferðamenn«. — Þetta eru höfuðmeðmælin með þessari brúargjörð. Það er búið að leggja veg að ánni beggja megin, en þessir vegir

koma ekki að hálfum notum vegna vöntunar á brú á þessari á, sem opt er ófær. Stjórnin hefir látið verkfræðinginn rannsaka brúarstæðið, og er álit hans birt í ástæðunum fyrir frumvarpinu. Það er vonandi, að háttv. þingm. sjái, að full nauðsyn er að brúa þessa á, og mun þess vegna ekki þurfa að mæla með því, en jeg vildi þó taka þetta fram af því, að hæstv. landsh. sagði mjer, að hann gæti ekki verið á fundi í dag, en hann mundi sjálfsagt hafa talað fyrir þessu stjórnarfrumv., ef hann hefði verið í salnum. Skal jeg svo leyfa mjer að mæla sem bezt með því, að frumv. verði vísað til 2. umr., svo að landshöfðingi geti átt kost á að gefa frekari upplýsingar. Málið er svo undirbúið, að óþarft virðist að skipa nefnd í því.

Halldór Daníelsson: Jeg er þakklátur hæstv. landshöfðingja fyrir góðar tillögur hans í þessu máli, og er um leið samdóma h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) um þetta mál. Eins og h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) tók fram, fjekk þetta mál góðar undirtektir í h. fjárlaganefnd á síðasta þingi, og jeg vona að það fái einnig góðan byr nú í þessari h. þingdeild og þinginu yfir höfuð. Jeg skal samt með fáum orðum skýra frá, hvernig tilhagar á þessum stöðvum. Nú fyrir nokkrum árum var lagður vegur beint yfir Borgarfjörð frá Stóra-Kroppi að Norðtungu og yfir Kláffossbrú, en að þessum vegi verða ekki full not, meðan ekki er komin brú þarna á Örnólfsdalsá. Pósturinn er t. d. ekki látinn fara þessa leið. Á þessi er auðvitað ekki mikil á sumrum, en haust og vor eru miklir vatnavextir í henni, og á vetrum er hún opt ófær vegna ísruðninga. Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta mál, en að eins óska þess, að því verði vísað til 2. umr.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 18 atkv.

Frumv. til laga um að nema dómsvald hæstarjettar í Kaupmannahöfn, sem æðsta dóms í íslenzkum málum, úr lögum (C. bls. 247); 2. umr.

Flutningsmaður (Benidikt Sveinsson): Jeg finn alveg enga ástæðu til að fjölyrða um þetta frumv.; það er að eins eitt, sem jeg finn ástæðu til að taka fram, og það er það, að jeg get ekki skilið öðru vísi atkvæðagreiðslu háttv. þingdeildar um málið til 2. umr. en svo, að hún ætli sjer að halda því áfram. Ástæðurnar fyrir þessu máli eru svo marg-teknar fram áður, að jeg ætla ekki að eyða tímanum til að endurtaka þær á þessari stundu.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg leyfi mjer að stinga upp á því, að skipuð verði 3 manna nefnd til að íhuga þetta mál.

ATKV.GR.: 3 manna nefnd samþ. og í hana kosnir:

Benidikt Sveinsson	með	13	atkv.
Klemens Jónsson	—	11	—, og
Skúli Thoroddsen	—	9	—

2. umr. frestað.

Frumv. til laga um að gjöra landsyfirdóminn í Reykjavík að æðsta dómi í íslenzkum málum (C. bls. 247); 2. umr.

Flutningsmaður (Benidikt Sveinsson): Jeg sje því síður ástæðu til að fjölyrða um þetta frumv., sem það er svo nátengt málinu næst á undan, að þau verða ekki aðskilin. Forlög þessa máls eru algjörlega bundin við forlög hins málsins, því það er þá fyrst ástæða til að auka tölu dómendanna í landsyfirrjettinum, þegar búið er að samþykkja afnám hæstarjettar í Kaupmannahöfn sem æðsta dóms í íslenzkum málum.

Þess vegna skal jeg ekki orðlengja meira um þetta mál.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg sting upp á því, að þessu máli verði vísað til nefndarinnar í málinu um afnám hæstarjettar.

ATKV.GR.: Samþ. með 12 atkv. að vísa málinu til nefndar þeirrar, sem skipuð var í málinu næst á undan.

2. umr. frestað.

Frumv. til laga um stofnun lagaskóla (C. bls. 257); 2. umr.

Guðlaugur Guðmundsson stakk upp á því, að vísa þessu máli til nefndarinnar í málinu um afnám hæstarjettar, en sú uppástunga var felld með 11 atkv. á móti 11, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Klemens Jónsson,	Einar Jónsson,
Guðjón Guðlaugss.,	Benidikt Sveinsson,
Guðl. Guðmundss.,	Eiríkur Gíslason,
Jens Pálsson,	Halld. Daníelsson,
Jón Jensson,	Ólafur Briem,
J. J., þm. A. Sk.,	Pjetur Jónsson,
J. J., þm. Eyf.,	Sighv. Árnason,
Jón Þórarinsson,	Sig. Gunnarsson,
Tr. Gunnarsson,	Skúli Thoroddsen,
Valtýr Guðmundss.,	Þórður Guðmundss.,
Þorl. Guðmundss.	Þórður Thoroddsen.

Guðlaugur Guðmundsson: Þessi uppástunga hefir, ef til vill, verið felld af því, að menn hafa heldur viljað skipa sjerstaka nefnd í þetta mál, og leyfi jeg mjer því að stinga upp á því, að sjerstök 3 manna nefnd verði kosin.

ATKV.GR.: Nefnd felld með 12 atkv. á móti 10, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Guðjón Guðlaugss.,	Einar Jónsson,
Guðl. Guðmundss.,	Klemens Jónsson,
Jens Pálsson,	Ben. Sveinsson,
Jón Jensson,	Eir. Gíslason,
Jón J., þm. A.-Sk.,	Halld. Daníelsson,
Ólafur Briem,	Jón J., þm. Eyf.,
Skúli Thoroddsen,	Jón Þórarinsson,
Tr. Gunnarsson,	Pjetur Jónsson,
Valt. Guðmundss.,	Sighv. Árnason,
Þorl. Guðmundss.	Sig. Gunnarsson,
	Þórður Guðmundss.,
	Þórður Thoroddsen.

Flutningsmaður (*Klemens Jónsson*): Úr því svo hefir tekizt til, að málinu hefir hvorki verið vísað til nefndarinnar á undan nje heldur verið skipuð sjerstök nefnd, þá vona jeg að það sje meining h. þingdeildarm. að láta það ganga sína leið áfram. Frumv. þetta er orðrjett eins og samskonar frumvörp á undanförnum þingum, og því ekki ástæða til að tala neitt um þetta frumv. sjerstaklega. Það hefði þó kannske verið ástæða til að minnast á synjunarástæður hæstv. landshöfðingja, er hann sendi stjórninni með frumvarpinu síðasta; en af því að hann er ekki viðstaddur, vil jeg ekki fara langt út í það mál. Aðal-ástæðan, sem hæstv. landshöfðingi ber fram, er sú, að nokkrir af hinum »skynsömustu mönnum« á þinginu hafi ráðið frá því að samþykkja frumv. – Jeg verð að segja það, að jeg kann ekki við að verið sje að sigta þannig úr þingmönnum og kalla suma skynsama, en aðra óskynsama. Jeg ber mikla virðingu fyrir þeim þingmönnum, sem voru á móti málinu 1895, en jeg ber engu síður mikla virðingu fyrir hinum, sem greiddu atkvæði með málinu þá og endranær. Lengra skal jeg ekki fara út í þetta; en málið er gamall gestur hjer á þinginu, svo gamall, að fá mál hafa verið þar optar eða meira rædd en þetta, og mun því ekki þurfa að mæla frekar með því að þessu sinni.

ATKV.GR.: 1. gr. frv. samþ. með 17 atkv. samhlj.

2. gr. frv. samþ. með 16 atkv. samhlj.
3. — — — — 17 — —
4. — — — — 17 — —
5. — — — — 17 — —

Fyrirsögn frumv. samþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. með 16 atkv. samhlj.

Frumv. til laga um útbúnað og ársútgjöld spítala handa holdsveikum mönnum (C. 139, 361, 425); frh. 1. umr.

Framsögumaður (Þórður Thoroddsen): Jeg vona að nefndarálitið, sem háttv. þingdeildarm. hafa fyrir sjer, sje svo ýtarlegt og skýrt, að jeg þurfi ekki að tala frekar um málið að svo stöddu, og sízt þar sem engin mótmæli eru komin fram.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. í einu hlj.

Frumv. til laga um fjárkláða og önnur nœm fjárveikindi á Íslandi (C. bls. 298, 329, 341); 2. umr.

Framsögum. (Guðlaugur Guðmundsson): Nefndarálitið í þessu máli er talsvert ýtarlegt, og er því óþarft fyrir mig frá nefndarinnar sjónarmiði að fara mörgum orðum um málið.

Það eru ekki mörg nýmæli, sem nefndin fer fram á, og er nákvæmlega gerð grein fyrir þeim í nefndarálitinu, og ástæðurnar fyrir þeim eru teknar þar svo skilmerkilega fram, að jeg hef þar engu við að bæta að sinni.

Eptir að nefndin hafði lokið áliti sínu, hefir henni hugkvæmzt ein viðbót, en það er að bæta orðinu »baðlyf« inn í 5. gr., eins og tekið er fram í breyt.till. hennar á þingskj. 255.

Það liggur engin breyt.till. fyrir frá neinum öðrum, og læt jeg mjer því nægja að óska að þingd. samþykki frv. og breyt.till. og leyfi málinu svo að ganga til 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. samþ. með 18 samhlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 samhlj. atkv.
3. — — — 17 —— —
4. — — — 16 —— —

Breyt.till. við 5. gr. samþ. með 16 samhlj. atkv.

5. gr. svo breytt samþ. með 15 shlj. atkv.
6. gr. samþ. með 16 samhlj. atkv.
7. — — — 17 —— —
8. — — — 17 —— —

Fyrirsögn frumv. samþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. með 17 smhlj. atkv.

Þrítugasti og annar fundur, laugardag 7. ágúst, kl. 12 á hádegi. — Allir á fundi, nema 2. þm. Húnv. (Bj. Sigfússon), er var veikur.

Frumv. til laga um samþykkt á landsreikningnum 1894—1895 (C. bls. 338); 3. umr

Framsögumaður (Ólafur Briem): Jeg þarf ekki að fara neinum orðum um frumv. þetta, þar sem engin breyt.till. hefir komið fram við það síðan við 2. umr., enda hefir nefndin ekkert við það að athuga.

ATKVÆÐAGR.: Frv. í heild sinni samþykkt í einu hljóði og afgreitt til efri deildar.

Frumv. til fjáraukalaga fyrir árin 1894 og 1895 (C. bls. 339); 3. umr.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Það er sama að segja um þetta frumv.; það er óbreytt frá því sem það var samþ. hjer í deildinni við 2. umr., og annað hefi jeg ekkert sjerstaklega við það að athuga.

ATKV.GR.: Frumv. í heild sinni samþykkt í einu hlj. og afgr. til e. d.

Frumv. til fjáraukalaga fyrir árin 1896 og 1897 (C. 319); frh. 1. umr.

Framsögumaður (*Jón Jónsson*, 2. þm. Eyf.): Jeg gjöri ekki ráð fyrir, að jeg þurfi að halda langa ræðu fyrir breyt.-till. þeim, sem nefndin hefir leyft sjer að gjöra, að minnsta kosti ekki að þessu sinni, en þegar til 2. umr. kemur, býst jeg við að mjer gefist færi á að skýra þær lítið eitt.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar við Haganesvík í Fljótum (C. 178, 315); frh. 1. umr.

Framsögumaður (*Ólafur Briem*): Eins og kunnugt er, hafa mótbárur þær, sem koma fram í ágreiningsatkvæði minni hluta nefndarinnar móti löggilding nýrra verzlunarstaða, opt komið fram áður, en eptir vandlega íhugun verið vegnar og ljettvægar fundnar. Þingið hefir um allmörg ár að undanförnu fylgt þeirri stefnu, að löggilda flestar þær hafnir, sem æskt hefir verið löggildinga á, og láta svo reynsluna skera úr, hvernig þær heppnuðust, og veit jeg ekki til að þessi aðferð hafi valdið neinum vandkvæðum hingað til.

Það hefir verið tekið fram sem mótbára móti löggildingu nýrra verzlunarstaða, einkum við upphaf þessarar umræðu, að það miðaði til að dreifa verzluninni á fleiri hendur og yrði því að eins til að spilla henni. En jeg get ekki sjeð að það sje bein afleiðing af fjölgun verzlunarstaðanna, heldur verður afleiðingin hin sama, þegar verzlunarmönnum fjölgar á sama stað. Mín skoðun er sú og meira hluta nefndarinnar, að meðan löggjöfin ekki gjöri meira en hingað til, til þess að kippa verzluninni í betra horf, t. d. með því að reyna að sporna við lánsverzlun og vöruskiptaverzlun, þá sje ekki ástæða til að fara að setja skorður fyrir því, að hún gangi sinn eðlilega gang, með því að neita mönnum um löggilding á nýjum verzlunarstöðum. Ef til þess kæmi einhvern tíma, að þingið færi að kippa verzluninni í betra horf, þá líklega þyrfti ekki síður að taka fyrir ýms önnur atriði en þetta eina.

Ein ástæðan, sem tilfærð er í ágreiningsatkvæði minni hlutans, er sú, að ábyrgðargjald skipa muni hækka við nýjar löggildingar. Þessi ástæða hefir ávallt áður verið höfð sem ástæða á móti löggildingunum, og hafði þá meiri þýðingu en nú, því þá var ekki reynslan enn fengin, sem gæti hrakið hana, en nú er sú reynsla fengin. Ábyrgðarfjelögin gjöra mun á höfnum að vísu, en þau fara ekki eptir því, þó þau sjái í Stjórnartíðindunum að sú og sú höfn sje löggilt, heldur eptir því, hvernig skipum farnast á hverri höfn fyrir sig, jafnhliða þeim upplýsingum, er þau fá hjá skipstjórum þeim, er þangað sigla. Það er og eitt atriði hjá h. minni hluta, að hann vill láta alla þessa nýju verzlunarstaði vera í einu lagaboði; þeirri reglu hefir áður verið fylgt, en það hefir komið í ljós sá agnúi á því fyrirkomulagi, að hafi menn eitthvað sjerstaklega á móti einum þessara staða, þá getur það orðið öllum að falli, og sjerstaklega gæti þetta orðið bagalegt, ef stjórnin fyndi ástæðu til að gjöra athugasemdir við slíkt lagafrumv, svo að því yrði neitað staðfestingar. Annars finnst mjer þetta svo óverulegt atriði, að ekki sje leggjandi mikil áherzla á það. En hvað sjerstaklega snertir Haganesvík, þá hafa komið fram upplýsingar um það, að það muni bezta höfnin í Skagafirði, og álít jeg vert að taka tillit til þess, því það verður þó jafnan mikilsvert atriði, þegar um löggildingar verzlunarstaða er að ræða. H. 1. þm. Árn. (Tr. G.) gat þess, að það væri fátækt hjerað, sem

lægi að þessum stað, og skal jeg játa að svo er, en hins vegar er aðgætandi að það er hjerað, sem liggur að sjó og fiskiveiðar mikið stundaðar þar, en sjávarsveitir hafa tiltölulega meira vörumagn til verzlunar en landsveitir.

Ef þingið færi nú að víkja frá þeirri stefnu, sem það hefir fylgt í þessu efni, þá mundi það leiða til misrjettis meðal landsmanna. Sumstaðar hefir því verið frestað að æskja eptir löggildingu nýrra verzlunarstaða, en sjálfsagt hefir almenningur gengið út frá því, að engin fyrirstaða mundi verða á því, þegar þar að kæmi. Ef nú ætti að breyta þeirri stefnu fyrirvaralaust, þá yrðu þau hjeruð hart úti, sem ekki kemur beiðni frá fyrri en nú. Það má skoða þingið sem æðsta dómstól í þjóðarmálum, og er ekki heppilegt fyrir þann dómstól að víkja frá þeim grundvallarreglum, sem hann hefir fylgt, enda mundi það að líkindum veikja álit þingsins.

Það er ein ástæða, sem ekki er tekin fram í ágreiningsatriðum minni hluta ans, en sem í mínum augum hefir verið aðalástæða móti löggilding nýrra verzlunarstaða, og það er sú ástæða, að hætt sje við að það auki áfengissöluog gjöri mönnum hægra fyrir að misbrúka áfengi. En nú hefir hjer í deildinni nýlega verið samþykkt frumv., sem miðar í þá átt að stemma stigu fyrir því, og þar sem því var mikið greiðlega tekið, þá er vonandi að það verði afgreitt sem lög frá þinginu; verði það að lögum, þá er að miklu leyti komið í veg fyrir þennan agnúa. Jeg treysti því, að h. deild lofi þessu frumv. að ganga óhindrað áfram.

Tryggvi Gunnarsson: Jeg verð með nokkrum orðum að bera hönd fyrir höfuð minni hlutans, en skal gjöra það með sem allra fæstum orðum, er jeg get. Það væri þægilegast og stytti umræðurnar, ef tala mætti um alla þessa 4 staði í einu, en eptir þingsköpunum mun það óhjákvæmilegt að ræða hvern þeirra út af fyrir sig, og skal jeg þá fyrst fara fáeinum orðum um Haganesvík. Eins *og jeg tók fram við byrjun 1. umr.*, þá er hjeraðið þar í kring lítið og fátækt. Það er að eins dálítið svæði, sem liggur á milli tveggja verzlunarstaða; þar er Siglufjörður annarsvegar, en Hofsós og Grafarós hinsvegar; til beggja staðanna er stutt kaupstaðarleið. Það mun koma fram, sem jeg sagði um daginn, að verzlun fyrir þetta litla svæði, sem liggur að Hofsós og Siglufirði, getur ekki verið nema fyrir tvo menn, ef nokkur kraptur á að vera í verzlun þeirra. Ef fleiri settust þar að, þá mundu þeir ekki hafa verzlunarmagn til að birgja sig nægilega með vörur að vetrinum til. En það er af ýmsum ástæðum miklu meira áríðandi á Norðurlandi en á Suðurlandi að kaupmenn sjeu vel birgir af nauðsynjavörum, meira að segja getur það verið hættulegt í ísasumrum fyrir fátæk hjeruð norðanlands, að dreifa þannig verzluninni, þegar skip komast ekki að landi fyr en í júlí eða ágúst. Þá er betra að hafa eina kraptmikla verzlun heldur en 3 verzlanir máttlausar. Auk þess er það enginn hagur fyrir landsmenn, að verzlunin dreifist, hvað vöruverð snertir. Það er misskilningur hjá h. framsögum. meiri hlutans (Ól. Br.), ef hann og aðrir álíta að vöruverð batnaði við það, að verzlun kæmi á Haganesvík; það yrði þvert á móti. Miklu heppilegra væri, hvað það snertir, að sá maður, sem ætlar að verzla á Haganesvík, væri annaðhvort á Siglufirði eða Grafarósi. Setjum svo að Pjetur og Páll hefðu báðir verzlun, annaðhvort á Grafarósi eða Siglufirði, þá væru þar tvær verzlanir, hvor við hliðina á annari, sem hlytu að hafa líkt verð á vörum; en ef Pjetur

væri á Grafarósi, en Páll í Haganesvík, þá væri ekki nema einn maður á hvorum staðnum, svo hvor um sig væri einn um sína hitu, og engin verzlunarkeppni, svo útlenda varan yrði sjálfsagt í hærra verði. Reynslan hefir sýnt það, að þar sem ekki er nema ein verzlun, þar er verðlag ekki eins gott og þar sem fleiri eru á sama stað. Einkum er það þó á kramvöru, sem verðið mun verða hærra, þar sem ekki er samkeppni. Ef verðmunur er mikill á nauðsynjavöru, þá sækja menn hana heldur þangað sem verðið er lægra og menn fá betri kaup.

Eins og jeg tók fram í upphafi þessa máls, þá álít jeg að ekki eigi að löggilda nýja verzlunarstaði, nema það sje til mikils hægðarauka fyrir nábúasveitirnar. En til Siglufjarðar úr Fljótum er ekki lengra en frá Reykjavík upp á Kjalarnes, — milli Fljóta og Hofsóss er nokkru lengra, — svo ekki sýnist að vegalengdin og hægðarauki við flutninga sje mikil meðmæling með löggildingunni. Eins og h. framsögum. (Ól. Br.) tók fram, þá er þetta sjávarsveit, þar sem margir bátar ganga stundum vikulega milli Siglufjarðar og Haganesvíkur. Ef Fljótamönnum er svo mikið áhugamál að fá verzlun hjá sjer, því fá þeir sjer þá ekki sveitaverzlun? Munurinn á löggiltum stað og sveitaverzlan er enginn annar en sá, að sveitaverzlanir mega ekki selja brennivín. Nú er sú stefna þingsins að ryðja sjer til rúms að hindra menn frá því að geta haft greiðan aðgang að áfengissölu. Jeg get því ekki betur sjeð, en að það sje hrein mótsögn þingsins, að löggilda til vínsölu hverja verzlunarholu, sem beðið er um, en þó í hinu orðinu og með öðru lagaboði hindra vínsölu í landinu. Fljótamenn mundu ekkert vinna við þessa löggildingu að öllu samanlögðu, en Siglufjarðar- og Hofsóssverzlun talsvert veikjast við hana.

Eitt er enn athugavert við það að fjölga svo mjög þessum verzlunarholum, eins og jeg hefi tekið fram áður, og það eru tollsvik, sem alls ekki er óhugsandi að kynnu að leiða af þessum takmarkalausu löggildingum; auðvitað er ekki mikil hætta með vörur frá Danmörku, því að danska stjórnin lætur sína tollþjóna setja á farmskrá allar vörur, sem tollskyldar eru hjer á landi. En aptur á móti með vörur t. d. frá Noregi og Englandi er allt öðru máli að gegna; þaðan fylgja ekki tollskrár með skipunum, svo auðvelt væri að skipa í land, þar sem þessar afskektu smáverzlunarholur eru, tollskyldum vörum úr skipunum, og flytja svo til aðalkaupstaðarins vörurnar einhverja nóttina, því að þar vantaði allt eptirlit (Kontrol) með slíku. Yfir höfuð get jeg ekki sjeð eina einustu ástæðu fyrir deildina að samþ. þetta frumv.; vilji hlutaðeigendur endilega fá verzlun hjá sjer, þá geta þeir komið á fót sveitaverzlun.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Jeg álít meðmæli h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) með Siglufirði mest sprottin af gamalli tryggð við staðinn. Þar sem hann lagði mikla áherzlu á að stutt væri milli Siglufjarðar og Fljóta, þá er það ekki vegalengdin ein, sem kemur til greina, heldur hitt, að það er yfir slæman fjallveg að fara, sem stundum fram á sumar er lítt fær sökum illviðra og snjóþyngsla. Það er heldur ekki alveg rjett, sem h. þm. sagði, að hjer væri að eins um einn hrepp að ræða, því það er bæði Fljót, sem nú er skipt í tvo hreppa, og Sljettuhlíð sá þriðji. Að því er snertir þá ástæðu að hætt sje við tollsvikum, þá get jeg ekki fundið að hún hafi svo sjerlega mikla þýðingu,

með því öllum skipum, er koma hingað til landsins, fylgja tollskrár, sem eru sjerstaklega nákvæmar að því er snertir tollskyldar vörur, einkum frá Danmörku, enda ber ekki mjög á því að torvelt sje fyrir lögreglustjórana að hafa eptirlit með tollskyldum vörum enn sem komið er. Jeg verð að álíta að það ekki leggi neinar sjerstakar tálmanir fyrir tolleptirlitið fyrst um sinn, þó löggildum verzlunarstöðum væri fjölgað.

Klemens Jónsson: Mjer er það óskiljanlegt að h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) skuli leggja svo mikið kapp og áherzlu á að eyða þessum löggildingum, einkum þó á norðanhöfnunum, Haganesvík og Hjalteyri. Jeg álít löggildingu verzlunarstaðar á Haganesvík einna mest áríðandi af öllum löggildingum. Það kemur ekki til mála, að ekki sje lengra og erfiðara fyrir Fljótabúa að fara sjóleið til Siglufjarðar en fyrir menn hjeðan að fara upp á Kjalarnes, og auk þess er ekki hægt að komast það sjóveg nema með höppum og glöppum. Þó er það enn þá erfiðara á landi, því þar er yfir fjallveg að fara, sem flestir víst hafa heyrt getið um sem einn hinn versta á landinu. Jeg hef sjálfur farið hann og óska engum að komast í það, sízt með nauðsynjaflutning. Það er töluverð verzlun á Siglufirði, en jeg mæli harðlega á móti því að tollsvik eigi sjer þar stað. Mjer er það vel kunnugt, að minnsta kosti, að hinn núverandi forstjóri Gránufjelagsins ekki hefir þar nein tollsvik í frammi, hvað sem hinn fyrverandi forstjóri kann að hafa gert, en jeg ímynda mjer að hann hafi eigi gjört það, að minnsta kosti sje það fjarri mjer að bera slíkan áburð á hann, en ef hinn h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) vill gjöra það, þá er það á hans ábyrgð. Mjer finnst engin ástæða til að ætla, að það mundi fremur eiga sjer stað í Fljótum en annarsstaðar. Jeg held að það sje óvíða, ef það er nokkursstaðar hjer á landi, að tollsvik sjeu höfð í frammi. Eins og h. flutningsm. tók fram, eru til nákvæmar tollskrár, einkum að því er Danmörku snertir, og ætti því að vera hægt að hafa gætur á því, þó lengra væri frá lögreglustjóra en þessi staður er. Það er þess vegna engin ástæða til að hafa þær grýlur í frammi við þingmenn. Jeg álít það rangt gagnvart íbúunum á þessum stöðum, að bregða þeim vana þingdeildarinnar, að lofa þessum eins og öðrum löggildingum að fara sinn veg. Jeg finn ekki ástæðu til að tala frekar um þetta mál, en vona að deildin samþykki að láta það ganga til 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 17 atkv. móti 9.

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar á Hjalteyri við Eyjafjörð (C. bls. 173, 315); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. með 16 atkv. móti 1 og afgreitt til efri deildar.

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar hjá Hallgeirsey í Rangárvallasýslu (C. 177, 315); 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumvarpsgr. samþ. með 17 samhlj. atkv. Vísað til 3. umr. með 16 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar á Grafarnesi við Grundarfjörð (C. 194, 315); framh. 1. umr.

Tryggvi Gunnarsson: Jeg sje að deildin er á sömu skoðun og að undanförnu, því hún samþ. allar löggildingaróskir, sem fram koma; veit jeg því að ekki er til neins fyrir mig að tala í þessu máli. Um þá höfn, sem hjer er um að ræða, veit jeg, að það er ekki þjóðar-

vilji að löggilda hana eða ósk hjeraðsbúa þar, jeg veit ekki til að neinn hafi farið fram á það, nema Pjetur nokkur í Flatey; hjer liggur brjef frá honum til þm. hans um að hann óski að setja þar upp fiskistöð og verzlan; finnst mjer þess vegna ekki ástæða til að löggilda þennan stað. Hjer er um lítið svæði og fátæka menn að ræða. Á Grundarfirði var gamall verzlunarstaður, en hann hefir nú legið niðri í mörg ár, og sýnir það að þar er ekki þörf á sjerstökum verzlunarstað. Grundarfjörður liggur mitt á milli Stykkishólms og Ólafsvíkur og hefir Björn kaupmaður Sigurðsson um undanfarin ár flutt þangað vörur frá Ólafsvík, en eins og kunnugt er flytur hann ekkert vín. Ef þarna kæmi nú hola, sem seldi brennivín, þá gæti það orðið til þess, að menn leituðu þangað úr nágrenninu til að verzla, og að hún drægi þannig frá Ólafsvík. Ef kaupmaðurinn auk þess setti þar upp fiskistöð, mætti búast við að eins mundi fara og hjer í Reykjavík, að kaupmaðurinn mundi binda sjómenn til að leggja fiskinn inn hjá sjer og hepta þannig frelsi manna. Jeg sje því enga ástæðu til að löggilda þennan stað, og jeg segi það satt, að jeg skil ekki í þessu stefnuleysi þingsins. Það á að vera aðalstefna þingsins, eptir því sem þm. segja, að styðja að verzlun innlendra kaupmanna, en það gera menn ekki með þessu móti, því þegar búið er að löggilda Grafarnesið, þá hafa útlendir óbúsettir spekulantar rjett til að verzla þar, og geta þar með dregið verzlun frá hinum innlenda kaupmanni í Ólafsvík. Þessi og því líkar löggildingar mundu því eingöngu verða til þess að rýra innlendar verzlanir, og máske setja þær um koll.

Eiríkur Gíslason: Jeg vil svara h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) fáum orðum út af ástæðum hans móti löggildingu verzlunarstaðar á Grafarnesi. Hann tók fram, að ekki lægi fyrir nein yfirlýsing eða beiðni frá hjeraðsbúum um þetta, en að eins frá einum manni í Flatey. Jeg gat þess síðast við þessa umr., að á sýslufundinum í Snæfellsnessýslu kom fram beiðni frá þessum manni um að fá borgarabrjef til að verzla á Grundarfirði, og fylgdi þeirri beiðni meðmæli frá hjeraðsbúum um að sýslunefndin veitti slíkt leyfi. En svo notaði þessi maður aldrei þetta leyfi, af þeirri ástæðu, að honum þótti hentugra að setja verzlun á Grafarnesi. Jeg tók þá einnig fram, að mjer fyndist þessi staður hentugri til verzlunar að ýmsu leyti heldur en Grundarkampur. Hin önnur ástæða hins h. þm. var sú, að þetta mundi verða til að auka brennivínssölu. En jeg skal geta þess, að maður sá, sem hjer er um að ræða, hefir verið við verzlun í Flatey hjá Birni kaupmanni Sigurðssyni, þeim manni, sem hefir gengið á undan með því lofsverða dæmi að selja ekki vín, og get jeg fullvissað h. þm. Árn. (Tr. G.) um að það er engin hætta á ferðum, hvað það snertir. Að því er skipalegu víkur, þá er þessi staður heppilegastur allra þeirra, sem hjer er um að ræða. Menn kunna máske að segja, að þessi staður liggi of stutt frá öðrum löggiltum verzlunarstað, en sama má segja t. d. um Geirseyri, sem ekki liggur nema 4—500 faðma frá Vatneyri, og var sá staður löggiltur einmitt á þeim tíma, sem þingið mest var á móti löggildingum. Jeg vona því að þetta frumv. fái framgang.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 13 atkv. móti 1.

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar á Firði í Múlahreppi í Barða-

strandarsýslu (C. 258, 315); framh. 1. umr.

Framsögumaður (*Ólafur Briem*): Jeg vona að frumv. þetta nái framgöngu því fremur, sem það hefir verið til meðferðar og vandlega íhugað í efri deild.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 17 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um afnám löggildinga verzlunarstaða (C. 302); 1. umr.

Flutningsmaður (*Tryggvi Gunnarsson*): Jeg veit ekki, hvort deildinni er eins annt um að halda fast við þá verzlunarstaði, sem reynslan er fengin fyrir að enginn vill nota, eins og hitt, að löggilda nýja verzlunarstaði. Þar sem 5 ára reynsla er fengin fyrir að enginn vill nota staðinn til verzlunar, finnst mjer engin ástæða til að halda fast við löggildinguna. Eptir því sem þessar löggildingar fjölga, finnst mjer líta verr út með þessa löggildingaveiki þingsins, og vildi jeg helzt fara að fækka löggildingunum. Þó menn ekki nú sem stendur álíti neina hættu búna af tollsvikum, þá gæti það þó orðið með tímanum. Jeg þekki fleiri löggiltar hafnir, sem ekki eru notaðar, þó langt sje síðan þær voru löggiltar. Um Fjallahöfn í Þingeyjarsýslu veit jeg að þar hefir aldrei komið skip, og á Múlahöfn í Múlasýslu er ómögulegt að komast með hesta eða liggja þar með skip, og svo er um fleiri staði, sem hafa verið löggiltir ófyrirsynju, að þeir verða aldrei notaðir. Þetta þarf nú auðvitað ekki að verða að kappsmáli, hvorki fyrir mig, sem vil fækka, nje heldur hina, sem vilja fjölga löggildingum, því mönnum má standa á sama um hafnir, sem aldrei eru notaðar, hvort þær eru löggiltar eða ekki, en mjer þykir laglegra að fækka þessum ónýtu löggildingum, sem að eins eru á pappírnum og verða aldrei notaðar landsbúum til gagns; vil jeg því óska þess, að h. deild afnemi löggilding á þeim stöðum, sem ekki hafa verið notaðir í 5 ár undanfarin.

ATKVÆÐAGR.: Málið fellt frá 2. umr. með 13 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Benid. Sveinsson,	Einar Jónsson,
Halldór Daníelsson,	Klemens Jónsson,
Jón Jensson,	Eiríkur Gíslason,
J. J., þm. A.-Sk.,	Guðj. Guðlaugsson,
J. J., 2. þm. Eyf.,	Jens Pálsson,
Jón Þórarinsson,	Ólafur Briem,
Tr. Gunnarsson,	Pjetur Jónsson,
Þórður Guðmundss.	Sighv. Árnason,
	Sig. Gunnarsson,
	Skúli Thoroddsen,
	Valtýr Guðmundss.,
	Þórður Thoroddsen,
	Þorl. Guðmundsson.

Guðlaugur Guðmundsson var eigi viðstaddur.

Frv. til laga um brúargjörð á Lagarfljóti (C. 172, 373); frh. 1. umr.

Framsögumaður (*Tryggvi Gunnarsson*): Það er ekki heppilegt að jeg skuli vera framsögumaður í þessu máli, því það er mín sannfæring að undirbúningurinn undir þessa fyrirhuguðu brúargjörð sje enn svo ófullkominn, að ekki verði lagt annað til en að málinu verði frestað. Fljótið er ákaflega breitt, þar sem verkfræðingurinn ætlast til að brúin verði gjörð.

Eptir áliti verkfræðingsins verður að byggja 14 brýr, sem eiga að hvíla á stöplum, er gangi niður í fljótsbotninn; en nú veit enginn, hvernig botninn er, og þá ekki heldur, hvort hægt er að festa stöplana. Yfir höfuð er málið svo ónóglega undirbúið, að meiri hluti nefndarinnar verður að ráða til að því verði frestað til næsta þings.

Einar Jónsson: Mjer heyrðist h.

framsögum. (Tr. G.) álíta illgjörandi að leggja brú á þessum stað; en jeg get ómögulega verið á þeirri skoðun. Það er auðvitað að brú á þessum stað verður dýr, eins og allar brýr yfir stórvötn, en þar fyrir þarf hún alls ekki að vera ómöguleg. Jeg hefi ekki heyrt hann koma með þessa skoðun fyr en nú, og það er því víst í fljótræði að hann ber þetta fram.

Jeg hefi gjört skýra grein fyrir skoðun minni í þessu máli í nefndarálitinu á 299. þingskjali, og vona að h. þingdm. hafi lesið það, svo jeg þurfi ekki að taka það upp aptur. Jeg verð að leggja það til, að brúin verði sett á »Einhleypingi«, og eru ástæðurnar fyrir því teknar fram í nefndarálitinu.

Það hlyti að verða landssjóði, þegar allt er aðgætt, ódýrara að byggja brúna á Einhleypingi en á Steinsvaði, einkum sakir þess, að allur sá vegur, sem búið er að leggja frá Seyðisfirði og yfir Fjarðarheiði og frá brúnni á Jökulsá að Einhleypingi, hlyti þá að verða landssjóði gagnslaus, því þessir vegir eru miðaðir við »Einhleyping«, en þessar vegagjörðir hafa kostað landssjóð yfir 10,000 kr.

Verkfræðingur landssjóðsins, hr. S. Thoroddsen, hefir skoðað brúarstæðið á þessum stað, og áætlað að brú þar muni ekki kosta meira en 55,000 kr. og það getur ekki kallazt dýr brú, þegar þess er gætt, hvað fljótið er ákaflega breitt. Hann gjörir ráð fyrir trjebrú á trjástöplum, en ef stöplarnir verða grjótstöplar í sökkvikössum, þá álítur hann að brúin verði 15,000 kr. dýrari, og komi þá til að kosta 70,000 kr. En eins og menn vita, er botninn ekki kannaður enn nægilega. Það er auðvitað galli. En jeg hefi skýrt frá því áður, að mikil líkindi sjeu til að hið lausa efni í botninum sje nægilega djúpt til að reka niður stöplana. En þó það væri nú ekki, þá ætti að vera hættulaust að byggja þar steinstöpla á þann hátt, sem áður hefir verið lýst. Það má telja áreiðanlega víst, að botninn hefir ekki breytzt svo að teljandi sje, síðan land byggðist. Það er talað um vað á »Einhleypingi« í fornsögunum, og þar hefir víst verið vað um margar aldir. Þar er líka alveg straumlaust og þess vegna ekki hætt við því að ís róti botninum upp. Jeg get heldur ekki sjeð, að áætlun Sigurðar Thoroddsens sje mjög ábótavant. Það sem Windfeld Hansen finnur að henni, er einkum það, að botninn hafi ekki verið kannaður. Þetta eitt getur haft nokkra þýðingu fyrir oss. Hitt annað, sem hann finnur að, eru ekki gallar í vorum augum, sem kunnugir erum, þó það sjeu gallar í augum hans, sem er gjörsamlega ókunnugur maður. Hann veit ekki, hvaða þýðingu það hefir fyrir vegalagning og vegalengd, ef brúin verður sett á Steinsvaði. Hann veit heldur ekkert um strauma í fljótinu eða ísrek. Við vitum þar á móti, hvaða áhrif það hefði, að því er snertir vegalengd og vegagjörð, ef brúin yrði sett á Steinsvaði, og við vitum, að hvorki straumur nje ís getur haft nein skaðleg áhrif á brú, sem gjörð yrði á »Einhleypingi«.

Þó jeg nú sje með þeirri tillögu, að láta ætðan útlendan verkfræðing skoða brúarstæði á ám hjer á landi næsta ár og síðan brúa fleiri ár í senn, þá finnst mjer jeg geta lagt það til, án þess að komast í mótsögn við sjálfan mig, að þetta fljót verði brúað sjerstaklega, því jeg tel vafasamt að brú á Lagarfljóti gæti orðið ódýrari, þó að sami maður tæki hana að sjer með brúm á Norðurlandi, bæði af því að hún yrði svo langt frá þeim, að einn maður gæti varla haft yfirumsjón yfir

byggingu hennar og þeirra, og umsjónarkostnaðurinn því lítið eða ekkert minni, og svo af því, að ef þessi brú skyldi verða úr trje, þá þyrfti varla að búast við gróða af innkaupi efnisins, því járn og trje yrði varla keypt á sama stað. Þess ber líka að gæta, að flutningur á efninu í þessa brú hlyti að verða mjög erfiður, eins og tilhagar þar eystra. Það er mjög óvíst að efnið gæti komizt jafnfljótt upp að brúarstæðinu á Lagarfljóti eins og að brúarstæðum á hinum ánum. Slíkt yrði alveg komið undir akfæri, nema ef hægt yrði að flytja það upp að »Hjeraðssöndum«, sem ekki er að reiða sig á.

Jeg skal geta þess að endingu, sem reyndar öllum h. þingdm. er kunnugt, að þingið hefir lítið gjört til samgöngubóta í Austfirðingafjórðungi, og þó borga Austfirðingar einna mest í landssjóð allra landsfjórðunga.

Pjetur Jónsson: Jeg gæti verið með þessu frv., ef mjer þætti ekki upphæðin, sem stungið er upp á til brúargjörðarinnar, allt of há. Mjer finnst þetta allt of mikið fje fyrir trjebrú. Jeg gæti skilið, að járnbrú kostaði þetta að minnsta kosti.

En þó málið sje ekki betur undirbúið en þetta, þá gæti jeg þess vegna verið með því, því að það, sem ávantar undirbúninginn mætti bæta áður en brúin yrði gjörð; en kostnaðarins vegna get jeg ekki greitt atkvæði með málinu, nema hann yrði færður niður í 60,000 kr.

Framsögumaður (*Tryggvi Gunnarsson*): Mig furðar að h. 1. þm. N.-Múl. (E. J.) skuli bera fram mál þetta, eins og nú á stendur; hann er því samþykkur að fenginn sje útlendur verkfræðingur, til þess að rannsaka brúastræði og gjöra áætlanir um brúabyggingar; enn fremur er hann á því, að hyggilegra sje að búa undir margar brúargerðir í einu, heldur en að taka fyrir eina og eina brú í senn; með því muni brýrnar fást ódýrari; einnig vill hann láta vanda allan undirbúning sem mest; þrátt fyrir allt þetta vill hann um fram allt drífa fram brúargerðina á Lagarfljót, eina sjer og jafnlítt undirbúið og það mál þó í sannleika er. Lagarfljót er nú búið að vera svo mörg ár brúarlaust, að minnstu munar, hvort brú kemur á það einu eða tveim árum fyr eða seinna. Aðalatriðið er að fá brúna trausta og vandaða, þegar hún er byggð; hitt er lítilsvert í samanburði við það, hvort hún er byggð hóti fyr eða síðar. Brúargerð á Lagarfljóti er sjálfsagt einhver hin vandasamasta brúargjörð hjer á landi; því dugir ekki að hrapa að henni, heldur ríður á sem beztum undirbúningi. Það er gjört ráð fyrir að brú þessi verði 532 álnir á lengd, og efalaust hin lengsta brú, sem byggð verður á Íslandi nú fyrst um sinn. Það er harla athugavert að byggja slíka brú úr trje, þar sem gjöra má ráð fyrir að mörg spýtan verði orðin lítt nýt eptir 20—30 ár, og er þá brúin eptir áætluninni of dýr til þess að endast ekki lengur en svo.

H. þm. S.-Þing. (P. J.) kvað höfuðástæðuna fyrir sjer að vera á móti þessu máli nú, að sjer þætti áætlunin of há. Nei, höfuðástæðan er sú, að málið er óundirbúið; vjer vitum ekki einu sinni, hvernig fljótsbotninn er, því að meðan menn vita ekki gjörla um hann, á meðan er ómögulegt að vita, hvort hægt er að byggja stöpla undir þessa 14 brúarparta, sem ætlazt er til að brúin saman standi af. Enn bætist það við, að nokkuð fyrir neðan Einhleyping er annað brúarstæði nálægt Steinsvaði, sem sjálfsagt er fimm sinnum styttra, og þar hefir engin rannsókn farið fram enn, eða áætlun verið

gjörð um, hvað mundi kosta að gera brú þar.

H. 1. þm. N.-Múl. (E. J.) sagði, að það væri hentugra að hafa brúna á Einhleypingi en við Steinsvað; það kann að vera svo fyrir suma, en fyrir aðra, sem búa neðar við fljótið, er það aptur, óhentugra. Jeg fór margar ferðir landveg milli Eyjafjarðar og Seyðisfjarðar og fór aldrei yfir fljótið á Einhleypingi, en jafnan á hinum staðnum, við Steinsvað.

H. þm. N.-Múl. (E. J.) segir að vegalagningu landssjóðs hafi þannig verið hagað, að þess vegna liggi beint við að byggja brúna á Einhleypingi. Hjer kemur glögglega fram planleysið í vegagjörð vorri, og þetta meðal annars sýnir að oss er nauðsynlegt að koma okkur niður á, hvar byggja skuli helztu brýr landsins, svo að ekki reki sig hvað á annað, vegagjörðin og brúagjörðin.

Eitt verðum vjer að taka til greina með öðru fleiru, og það er, að viðhald á 532 álna langri trjebrú verður æði mikið dýrara en á þrefalt styttri járnbrú. Jeg verð að segja það, að mjer þykir þingmenn miklir fullhugar, ef þeir fara að samþykkja frv. þetta nú, eins og það er úr garði gjört, og geta þó átt von á að á næsta ári komi verkfræðingur til að gjöra allan nauðsynlegan undirbúning. Það væri meira kapp en forsjá.

Einar Jónsson: H. 1. þm. Árn. (Tr. G.) gjörði mikið úr ósamkvæmni minni í máli þessu, þar sem jeg vildi fá útlendan verkfræðing til að skoða brúarstæði og gjöra áætlun um brúargjörð, og þó nú þegar láta brúa Lagarfljót á Einhleypingi. En hjer er um enga ósamkvæmni að ræða, því að tilætlun mín er að þessi útlendi verkfræðingur skoði einnig brúarstæðið á Einhleypingi, áður en brúargjörð fer þar fram, og ef honum þykir það að einhverju leyti ekki álitlegt, þá er ekki annað en brúargjörðin verður ekki framkvæmd á næsta fjárhagstímabili.

H. 1. þm. Árn. (Tr. G.) sagði á þá leið, að það hefði verið af hendingu að þjóðvegurinn hefði verið lagður að Einhleypingi; þetta er ekki svo; að vísu er lítill munur á því, hvort farið er yfir Lagarfljót á Einhleypingi eða á Litla Steinsvaði, ef ferðinni er heitið á Seyðisfjörð; en ef halda skal frá brúnni á Jökulsá til Eskifjarðar eða að Egilsstöðum og svo suður á land, þá er hjer um bil þriðjungi lengra að þurfa að fara yfir fljótið á Litla Steinsvaði en á Einhleypingi. En hver sem afdrif máls þessa kunna að verða, þá óska jeg að h. deild leyfi því að minnsta kosti að ganga til 2. umr., því að þó nefndin hafi komið með þingsályktunartillögu í brúamálinu, þá er ekki víst fyrir það að hún verði samþykkt.

Fari svo að tillagan verði ekki samþykkt, sje jeg ekki betur en að ástæðulaust sje að fresta málinu, því að þá liggur ekki annað fyrir en að rannsaka brúarstæðið betur, og það líklega af sama manninum og áður.

Jeg hygg að hann geti bætt úr galla þeim, sem nú er á skoðunargjörð hans, þegar í haust eða á næsta vori, og að því búnu mætti fara að taka til að byggja brúna.

Jeg býst annars við að hann muni ekki fara að hverfa frá hinni fyrri áætlan sinni, nema ef vera skyldi að þingið vildi heldur að gjörð væri járnbrú en trjebrú, en við því get jeg varla búizt, þar sem hann hyggur að brúin muni þá kosta nálægt 115,000 kr., og það hygg jeg að muni þykja of mikið fje.

Kunnugir menn töluðu svo við verkfræðinginn, þegar hann var að skoða brúarstæðið haustið 1895, að hann af samtali við þá, ásamt eigin skoðun sinni, mun hafa sannfærzt um að heppileg-

ast væri að hafa brúna á Einhleypingi, einkum vegna vegarstefnunnar til Eskifjarðar og suður um land. Hann sá þegar, að brúarstæðið var í sjálfu sjer betra á Steinsvaði, en frá sjónarmiði landssjóðs og ferðamanna taldi hann þó rjettara að brúin væri sett á Einhleypingi.

Jeg mundi að vísu fremur óska þess að brúin gæti verið úr járni en úr trje; þó er þess að gæta, að þar eystra er þurkahjerað og hús standa þar lengi. Brúin á Jökulsá mun hafa verið byggð um 1819 og entist fram til 1880, eða um 60 ár; af þessu sjest, að það muni vera töluverður munur á að byggja trjebrýr á Austurlandi eða á Suðurlandi.

Það getur ekki verið af blutdrægni fyrir mjer, að jeg tel hentugra vegna vegarstefnunnar að hafa brúna á Einhleypingi en á Steinsvaði, því að fyrir mig sjálfan væri það hagkvæmara að hún væri á Steinsvaði, og jeg veit að jeg gjörði Tungumönnum hagræði með því, ef jeg fengi því til vegar komið að hún yrði sett þar; en jeg verð að líta á það, að hitt er fleirum að gagni og landssjóði ódýrara, ef trjebrú er byggð á Einhleypingi en járnbrú hjá Steinsvaði, og því hlýt jeg að halda því fram að hún sje heldur sett á Einhleypingi.

Enn er eins að gæta, og það er að eigi er loku skotið fyrir um yfirferð fljótsins á Steinsvaði, þótt eigi sje brú þar, því að þar er fremur góður ferjustaður, sem optast má nota.

Jón Jónsson, þm. A. Sk.: Það er skaði að mál þetta skuli vera svo illa undirbúið, því að hins vegar er þörfin brýn að fá Lagarfljót brúað, og Austfirðingar hafa fyllstu sanngirniskröfu til þess, en væri farið að samþykkja þetta eins og á stendur, þá mætti virðast hrapað að málinu, þar sem menn geta ekki haft nógu glöggva hugmynd um, hver kostnaðurinn myndi verða, eða hvort fje það, er veitt yrði, kynni að verða nægilegt. Þar sem h. 1. þm. N.-Múl. (E. J.) sagði, að þjóðvegur sá, er nú væri gjörður eptir hjeraðinu, yrði að miklu leyti ónýtur, ef brúin yrði lögð á Steinsvaði, þá er það ekki rjett, því að fljótið er opt riðið á Einhleypingi, og yrði þá hinn gamli vegur notaður eptir sem áður, enda mundi ferjuflutningur haldast, þegar fljótið væri óreitt. Af því það er komin fram þessi tvíbenda í málinu, þá vildi jeg óska, að flutningsm. vildi taka frumv. sitt aptur í þetta sinn.

Þórður Guðmundsson: Það hefir verið fundið að því af ýmsum þm., að mál þetta væri laklega undirbúið, og það verður varla varið, að ekki hefði verið æskilegt, að það hefði betur verið, þar sem verkfræðingur landsins ekki gat skoðað botninn í fljótinu, en það er það atriði, sem Windfeld-Hansen hefir mest fundið að. Hins vegar verð jeg að taka trúanleg orð svo nákunnugs manns sem h. 1. þm. N.-Múl. (E. J.) um það, að fljótið sje hjer svo lygnt, þar sem brúna á að byggja, að engin hætta sje þar búin af ísreki. Og auk þess sem Windfeld-Hansem hefir aldrei Lagarfljót sjeð, þá þekki jeg einnig til þess, að honum getur yfirsjezt, jafnvel um ár, sem hann hefir sjeð og skoðað. Þannig var áætlun hans um Þjórsá mjög ófullkomin og óáreiðanleg, eins og líka sýndi sig, þegar Þjórsárbrúin var byggð, að þá var brúarstæði það, sem hann hafði valið þar, álitið ótiltækilegt og alls ekki notað.

Í þessari áætlun um Lagarfljót virðist mjer einna athugaverðast, að ætlazt er til að byggja brúna úr trje. Mjer þykir óheppilegt að spara nokkur þúsund króna og kaupa ódýrara efni nú í brúna, og verða svo ef til vill valdandi þess, að brúin nái framtíðinni komi

til að kosta miklu meira, heldur en ef hún væri nú þegar byggð úr járni. Því er haldið fram af þeim þm., sem kunnugir eru á Austurlandi, að það sje svo þurkasamt í Fljótsdalshjeraði, að trje endist þar miklu betur, heldur en menn hjer í rigningaplássunum á Suðurlandi hafi hugmynd um. Þetta rengi jeg ekki, en óefað hlýtur þó trje að vera endingarverra en járn; en þá er spurningin, hve mikill endingarmunurinn sje, og hvað ódýrast verði til langframa. Mjer þykir mjög illt að greiða atkv. móti þessu máli, en teldi það æskilegt, að flutningsmaður vildi taka frumv. aptur að sinni.

Sigurður Gunnarsson: Jeg er eindregið og algjörlega samdóma h. 1. þm. N.-Múl. (E. J.) í þessu máli. Mig furðar mjög á því, að svo sterk mótmæli skuli hafa komið hjer fram, og það sjer í lagi frá 1. þm. Árn. (Tr. G.), sem ætti þó að vera kunnugur á Austurlandi frá fornu fari.

Við 1. þm. N.-Múl. (E. J.) og jeg erum báðir fæddir og uppaldir þar eystra og höfum dvalið þar á fullorðinsárum okkar og erum báðir nákunnugir þessu hjeraði; og hin háttv. þingd. má trúa okkur til þess, að brúin sje miklu betur og heppilegar sett á Einhleypingi, heldur en á Steinsvaði. Einhleypingur liggur rjett í miðju Hjeraðinu, en Steinsvað nærri ytri enda Hjeraðsins.

Brú á Einhleypingi fellur bezt við þjóðvegi um Hjeraðið, og hún kæmi mjög vel heim við brúna á þverá eina, mjög illa yfirferðar, sem heitir Eyvindará, og h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) hlýtur að kannast við hana, því hann hefir sjálfur gefið þá brú á ána. Sú brú lægi beint við, þegar komið væri yfir um brúna á Einhleypingi.

Það hafa margir tekið fram, að það ætti að vera svo bágur undirbúningur á þessu máli, og hafa verið að koma með ýmsar áætlanir frá eigin brjósti. Jeg verð þó að segja þeim h. herrum, að jeg treysti miklu betur verkfræðing landsins, sem rannsakaði brúarstæðið að öllu leyti, utan botninn, sem ekki var kostur á að rannsaka, þegar hann var þar. En það get jeg fullyrt, að botninn er þar alstaðar jafn; hyldýpið, sem h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) sagði að væri þar, er þar alls ekki til. Þar er alstaðar jafn-grunnt, utan skora ein allra nyrzt, og hún ekki djúp nje breið. Botninn sjálfur er fastur og heldur stórgjörður malarbotn.

Hinum h. þingdm. ætti að þykja það sanngjarnt, að þessi brú gæti komizt upp á næsta fjárhagstímabili. Hjeraðið er stórt og fjölbyggt og umferð mikil, enda langt síðan að þessu máli var fyrst hreyft. Ef menn endilega ætla að fá upp hingað útlendan verkfræðing næsta ár, þá getur hann rannsakað botninn og þyrfti ekki að vera löng töf að því. Ef hann gjörði það um vorið, mætti ná bryggjunni upp að hausti, flytja hana upp að brúarstæði um veturinn, og byggja hana síðara ár fjárhagstímabilsins. En reyndar álít jeg að verkfræðingur landsins geti gjört þessa rannsókn á botninum allt eins vel. Jeg álít þetta umtal um undirbúningsleysi þýðingarlitlar viðbárur. Þó að ætlazt sje til að byggja brúna úr trje, þá getur hún orðið endingargóð fyrir því, þar sem svo þurkasamt er eins og í Fljótsdalshjeraði. En sjálfsagt verða hafðir steinstöplar undir henni, enda er bent til þess í brjefi Sigurðar Thoroddsens. Grjót er þar nálægt og aðdráttur á því hægur

Þórður Thoroddsen: Hjer er allt of mikið gjört úr undirbúningsleysi á þessu máli, sem mest á að vera fólgið í því, að botninn hafi ekki verið kannaður; og það hefir verið sagt, að Windfeld Hansen hafi lagt mesta áherzlu á það.

En þetta er ekki rjett; því eptir því, sem stendur í brjefi hans, leggur hann mesta áherzlu á það, að hann geti ekki lagt til um byggingu á brúnni, af því hann hafi ekki fengið neinn uppdrátt af henni. »Men det væsentlige er at en Tegning af Broen mangler«. En þó segir hann, að þrátt fyrir þetta megi byggja brúna. Verkfræðingur vor lýsir og því, hvern framgangsmáta megi hafa, þótt eigi hefði hann færi á að rannsaka botninn, er hann skoðaði brúarstæðið; hann segir nefnilega, að sumarið 1898 megi rannsaka botninn, panta svo brúna um haustið eða veturinn, og byggja hana 1899. Stöplana megi hafa úr trje eða grjóti eptir því, hvernig botninn reynist.

Þótt jeg sje sjálfur eigi kunnugur á staðnum, blandast mjer þó ekki hugur um, að greiða atkvæði með því, að brúin verði byggð, og það einmitt á Einhleypingi, eptir því sem þeir h. 1. þm. N.-Múl. (E. J.) og 1. þm. S.-Múl. (S. G.) hafa lýst ásigkomulaginu.

H. 1. þm. N.-Múl. (E. J.) segir, að brúin lægi miklu nær sínu heimili og miklu þægilegri fyrir sig og sína sveit til afnota, ef hún væri á Steinsvaði, en þó heldur hann fast fram að byggja hana á Einhleypingi, og er það mjer nægileg ástæða til að sannfæra mig um að þar eigi hún að vera.

Það virðist svo, sem nefndin hafi látið sjer svo annt um að fella þetta mál, að hún hafi í því skyni dregið fram og borið fyrir alveg óveruleg atriði, og sumt ekki einu sinni rjett hermt.

Benidikt Sveinsson: Jeg vildi leggja hið bezta til þessa máls; mjer finnst hjer hafa óþarflega mikið kapp verið sett inn í málið. Jeg skil ekki að það geti haft mikla þýðingu, hvort þessi lög verða samþykkt degi fyr eða degi síðar, því að verði þau að eins samþykkt á þinginu í ár, þá verður brúin jafn-snemma byggð. Annars þykir mjer undarlegt að ákveða með lögum að byggja brú á vissum stað, án þess að hafa neina »officiel« skýrslu um botninn í fljótinu. Án þess að vefengja í einu nje neinu orð þeirra h. þm. N.-Múl. og S.-Múl., verð jeg þó að segja, að þau eru ekki »officiel« skýrsla. — Jeg vil því stinga upp á, að málinu sje frestað, þar til útrædd er tillagan til þingsályktunar um brúargjörðir. Það er hægt að leiða frumv. þetta til lykta í tíma á þinginu eins fyrir það; bæði er til þess nægur tími, og svo er hægt að víkja frá þingsköpum, og stytta frest milli umræðanna, ef á þarf að halda.

Fyrir hönd minna kjósenda vildi jeg heldur fresta brúun Jökulsár til næsta þings, en að leiða það mál til lykta nú illa undirbúið.

Einar Jónsson: Jeg get verið þakklátur fyrir það, að allir sem talað hafa eru hlynntir málinu í sjálfu sjer. Jeg hefi forðazt að fylgja málinu fram með kappi, og hefði þó verið nokkur ástæða til kapps, því að lengi hafa Múlasýslumenn beðið eptir þessari brú. Þegar beðið var um brúna 1893, voru allir málinu hlynntir á þingi, en vildu láta málið bíða eitt fjárhagstímabil. 1895 var hið sama uppi á teningnum; enn þurfti að bíða eitt fjárhagstímabil; og nú 1897 klingir sama hljóð enn í bjöllunni, — enn þarf að bíða eitt fjárhagstímabil. Þótt slíkar undirtektir sje vingjarnlegar og velviljaðar að sumu leyti, þá geta þær þó þreytt mann og heldur vakið grun um, að nokkuð geti orðið löng biðin með þessu móti.

Nú er verið að tala um að slengja saman mörgum brúargerðum, og láta skoða margar ár af sama manni samsumars; þá gæti nú svo farið, að verkfræðingur sá, sem til þess yrði fenginn, sæi sjer ómögulegt að koma fram þess-

ari brú jafnhliða brúm í Norðurlandi, og þá gæti það komið upp, að rjettast mundi að fresta málinu enn um eitt fjárhagstímabil. Jeg verð að álíta, að undirbúningur þessa máls sje sæmilegur, að því undanskildu, að botninn hefir eigi verið nægilega kannaður, og það má gjöra án þess, að fresta málinu nú. Hjer er talað um trjebrú, en hinar aðrar brýr, sem talað er um að panta og byggja jafnframt, munu vera járnbrýr, og sje jeg því engin líkindi til, að neinn sparnaður muni að því verða að panta trjeð í þessa brú jafnframt járninu í hinar. Hin einasta ástæða til að fresta málinu ætti helzt að vera sú, ef þingmenn væru einhuga á því, að setja járnbrú á Lagarfljót, en ekki trjebrú. En 1899 kynni mönnum að virðast þörf á að fresta máli þessu um enn eitt tímabil, ef farið væri fram á 120,000 krónur til brúar þessarar, vegna þess, að það þætti þá of mikið fje, auk þess sem hún gæti orðið samferða öðrum landssjóðsbrúm. Mjer virðist annars sem auðveldlega mætti breyta í frumv. orðinu »trjebrú« í »brú«; skyldi það svo verða ofan á við nánari rannsókn, að óráðlegt þætti að byggja brúna úr öðru en járni, þá yrði stjórnin auðvitað að fresta byggingunni, og leita á næsta þingi fjárveitingar fyrir þeirri upphæð, sem til þess þyrfti. Mjer er auðvitað sama, hvort umræðunni um þetta mál verður frestað nú, eða þingdeildin leyfir málinu að ganga til 2. umræðu.

Jeg get satt að segja ekki sjeð, hvaða ástæðu háttv. þingdeild getur haft til þess, að vera á móti því að málið fái að ganga til 2. umræðu; þá umræðu þarf ekki að hafa fyrri, en þingsályktunin um brýrnar er gengin um garð á undan. Alveg hið sama gildir að sínu leyti um næsta mál á dagskránni.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg álít sjálfsagt að brúa beri Lagarfljót. Það er ekki nema sanngirniskrafa, að hlutaðeigandi hjeruð fái þá brú; og í sjálfu sjer er það eðlilegt, að slíkur farartálmi, sem Lagarfljót er á fjölfarinni almannaleið, sje að þessu leyti rutt úr vegi. En undirbúningurinn er auðsjáanlega ekki góður, og það er mjög athugavert, ef þær áætlanir, sem þarf að fara eptir, eru ekki nægilega áreiðanlegar. Það þarf alls engan verkfræðing til að sjá, að það er ísjárvert, að byggja slíka brú á sandi eða möl, og það er ógerlegt að byggja svo kostbæra brú sem þessi er, eða á að verða, á svoleiðis grundvelli, án þess eða fyr en botninn er fyllilega kannaður. — Það er, sem sagt, mjög svo áríðandi, að botninn sje góður, og jeg ímynda mjer, að enginn ólærður, — hvað þá heldur lærður, — taki að sjer að byggja brúna án þess, að trygging sje fyrir því, að brúarstæði og botn sje vel rannsakaður. Jeg get ekki verið með því, að brúin sje byggð, nema betur sje rannsakað. En mjer gerir auðvitað ekkert til, þó jeg greiði atkvæði með frumv. til 2. umræðu, því að það er þá allt af hægt að koma breytingunni að, eða taka aptur frumv. eða fella það. Því að jeg verð að álíta það ábyrgðarhluta fyrir þingið, að samþykkja það svona undirbúningslaust eða rjettara sagt með jafn-ófullkomnum undirbúningi, sem hjer liggur fyrir.

Jeg sje, að nefndin í heild sinni vill hafa útlendan verkfræðing hingað, og út af því dreg jeg, að nefndin hafi haft eitthvað fyrir sjer í því, að sá, sem vjer allareiðu höfum, sje svo ófullkominn að einu eða öðru leyti, að hann dugi ekki, eða sje ekki alls kostar fær til þess, að vinna það, sem honum er ætlað. Jeg verð að skoða það svoleiðis. — Og af þessum rökum öllum, sem jeg hefi nú

talið, verð jeg að álíta ástæðu til að fresta máli þessu að svo stöddu, meðan nægilegur undirbúningur er ekki fenginn.

Tryggvi Guunarsson: H. þm. N.-Múl. (E. J.) sagði, að það mætti standa á sama, þó frumv. yrði samþykkt, því að það mundi ekki verða byrjað að byggja brúna, fyrr en nægur undirbúningur væri fenginn. Það kann satt að vera. En jeg kann ekki við, og get ekki heldur skilið, að þingið vilji veita fje til fyrirtækis, sem er eins illa undirbúið og þetta er. Þingmenn vita ekkert með vissu, hvað brúin muni kosta, hvort hentugra er að hafa trjeeða járnbrú, og ekki einu sinni, hvort brúin getur staðið þarna.

Ef brúin ætti að vera á Einhleypingi, þá yrði hún að vera 532 álnir, en á Steinsvaði innan við 100 álnir. Jeg vona að jeg hafi litið svo rjett til, þegar jeg var þar á ferð, að þetta sje ekki fjarri sanni. — Jeg vil slá því föstu, að bezt sje að byggja brú þar, sem hún er ódýrust og traustust — H. þingm. N.-Múl. (E. J.) sagði, að það væri bezt fyrir landið að hafa hana þarna. Nei! fyrir sveitamenn er það kannske bezt, en fyrir landið er bezt að hún sje á þeim stað, sem hún getur verið traustust og ódýrust.

Þegar Svenson, sænskur verkfræðingur, var hjer um árið, rjeð hann til þess, að brúin á Blöndu yrði lögð nálægt Finnstunguvaði; þar hefði brúin orðið nálægt 80 álnum og kostað allt að 70,000 kr., en af því þetta þótti of dýrt fyrir landssjóð, þá var brúin sett niður við Blönduós, þar sem hún er helmingi styttri; var þó sá krókur fyrir ferðamenn miklu lengri en sá krókur, sem hjer er að ræða um, vegalengdin milli Einhleypings og Steinsvaðs. Þá var litið á byrði þá, sem lögð var á landssjóð, en í þessu málefni á að fleygja út 40—50 þús. kr. úr landssjóði í dýrari brú en hún þarf að vera, bara til þess, að ferðamenn þurfi ekki að fara dálítinn krók, og nokkrir innsveitarmenn eigi hægri kaupstaðarleið.

Jeg talaði opt um þetta málefni við Þorvarð heitinn Kjerúlf, og okkur kom saman um þetta, sem nú held jeg fram. Jeg veit ekki, hvort það er af því að jeg hef bitið þetta inn í mig, eða af því að jeg er forspár, — en jeg er sannfærður um að brúin verður aldrei höfð á Einhleypingi, ef hygginn verkfræðingur ræður, og ef þingmenn nokkuð hugsa um fjárhag landsins.

Ef ekki væri annað brúarstæði til milli fjalls og fjöru en þetta eina, þá væri svo sem sjálfsagt að notast við það, því það er nauðsynlegt að brú komist á Lagarfljót; en þegar annað betra brúarstæði, í hið minnsta helmingi ódýrara, er skammt frá þessu, þá sje jeg ekki, hvers vegna menn endilega vilja velja þetta.

Mjer þykir undarlegt, eins og jeg sagði áðan, ef þingið fer að veita fje til brúargjörðar, þegar það veit ekki, hvar brúin hentugast verður lögð, og heldur ekki, hvað mikið fje þarf til að byggja hana og halda henni við.

Skúli Thoroddsen: Jeg vildi að eins tala nokkur orð út af ummælum háttv. framsögum. (Tr. G.). Sá h. þm. lagði mikla áherzlu á það, hve illa þetta mál væri undirbúið, og furðaði mig sjerstaklega að heyra þetta af vörum þessa manns, sem einmitt sjálfur hefir borið upp fyrir fáum dögum hjer í deildinni tillögu eina svo illa undirbúna, sem hugsanlegt var. Hann hefir lagt það til, að landið legði til 80000 kr. til þess, að byggja fyrir stórhýsi í sameiningu við landsbankann, stórhýsi, sem engin áætlun er til um, engin teikning af, og ekki einu sinni tiltekið með einu orði, hve mikið bankinn skuli leggja fram að sínu leyti gegn landssjóðstillaginu.

Í stuttu máli, hann vill láta landið kasta út 80 þúsund krónum til þess, að byggja í sameiningu við bankann, án þess að hafa tryggingu fyrir að bankinn leggi fram einn eyri! Og hjer talar h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) ekki um undirbúningsleysi, auðvitað af því, að hann er sjálfur faðir þessarar tillögu, og þannig persónulega »interesseraður« í því að koma henni fram. — En þegar um brúargjörð á Lagarfljóti ræðir, þá er ómögulegt að gera h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) til hæfis, hvað undirbúninginn snertir. — Þessi ósamkvæmni þingmannsins gefur tilefni til að ætla, hvort hjer geti ekki einnig verið um eitthvert persónulegt »interesse« að ræða frá þingmannsins hálfu.

Meiri hluti nefndarinnar hefir verið þeirrar skoðunar, að mál þetta væri eigi nægilega undirbúið, og til þess er í sjálfu sjer ekkert um að segja, þó að skiptar muni skoðanir um það, hve rökstutt það álit er; en hitt er óviðfeldnara, að skrifari nefndarinnar hefir notað tækifærið til þess að koma fram með þungar árásir á mann, sem ekki getur borið hönd fyrir höfuð sjer, og í nefndarálitinu lýst yfir eins konar vantrausti á verkfræðingi landsins, og byggir þau ummæli sín að eins á því, að danskur verkfræðingur, Windfeld Hansen, sem fengið hefir málið til umsagnar, hefir sem bráð-ókunnugur maður ekki þótzt getað áttað sig fyllilega á málinu. En hver af h. nefndarmönnum þekkir Windfeld Hansen? Hver af þeim er bær um að gera upp í milli hinna tveggja verkfræðinga? Eða er það sjálfsagt, að dæma hinum útlenda verkfræðing í vil, af því að hann er ókunnugur og útlendur?

Þessar kvartanir um undirbúningsleysi eru og, þegar að er gáð, engan veginn á rökum byggðar. Að botninn sje ekki nægilega rannsakaður, er rjett. En verkfræðingurinn hefir tekið það fram í brjefi til landshöfðingjans, að hann hafi ekki haft tök á að rannsaka botninn til hlítar, þar sem hann var á hraðri ferð, en getur þess þó, að þar sje föst möl, eptir kunnugra manna sögn. Enda er Lagarfljót svo lygnt og djúpt, að botninn getur ekki verið mjög laus, þar sem svo mikið vatnsmagn hvílir á; auk þess getur verkfræðingurinn þess, að rannsókn þessi taki svo lítinn tíma, að hana megi gera á svipstundu, áður pantað verði efni til brúargjörðarinnar; það er því engin ástæða til þess að hindra framgang málsins. Þó að frumv. sje samþykkt og staðfest, þá er ekki brúin komin á fyrir því; það tekur langan tíma, og vinnst þá nægur tími til rannsóknar botnsins.

H. þm. N.-Múl. (E. J.) og fleiri hafa tekið það fram, að hjá Einhleypingi væri einkar-hentugt brúarstæði, og þó að brú á Steinsvaði kynni að verða nokkru ódýrari, þá lægi sú brú talsvert frá alfaravegi, sem einmitt liggur að hinu fyrirhugaða brúarstæði á Einhleypingi, og til þess vegar hefir fyrir skömmu verið varið 10 þús. krónum, sem segja má að kastað væri í sjóinn, ef brúin væri byggð annarsstaðar, svo af þessum rökum tjáir ekki að horfa allt í það, þó að brú á Steinsvaði kynni að verða nokkuð ódýrari, sem óvíst er.

En svo að jeg nú aptur víki mjer að Windfeld Hansen, þá furðar mig það stórum, að stjórn Íslands skuli, úr því hún hefir innlendan verkfræðing í þjónustu sinni, fara að bera mál þetta undir álit verkfræðings dönsku stjórnarinnar, sem mál þetta er óviðkomandi, og ekki getur haft neitt vit á því. En mjer virðist augljóst, að verkfræðingur landsins hefir undirbúið og skrifað um málið fyrir Íslands stjórn, en ekki bú-

izt við að þurfa að útlista það fyrir óviðkomandi útlending, sem ekkert þekkir til, máske Tyrkja eða Kínverja, sem stjórninni kynni að þóknast að bera brúamál Íslands undir. Hann hefir að sjálfsögðu undirbúið það fyrir stjórnina og þingið, með öðrum orðum fyrir kunnuga menn, en ekki fyrir herra Windfeld Hansen, sem sýnir svo einkennilega þekkingu sína á þörfum vorum, að hann segir í þessu áliti sínu, að það geri ekkert til fyrir Íslendinga, þó að þeir ríði krók!

Jeg get því ekki álitið, að ummæli nefndarinnar hafi við allra minnstu rök að styðjast, og sízt situr það á h. 1. þm. Árn. (Tr. G.), sem boðið hefir þinginu svo óheyrt undirbúningsleysi, sem jeg áðan gat um, að vilja hindra þetta nauðsynjamál Austfirðinga, eða fella það fyrir undirbúningsleysi. Og þó að þessi Windfeld Hansen sje mikill pinni í augum nefndarinnar, þá veit jeg ekki, hvort Íslendingar hafa ástæðu til að skrifa undir það álit nefndarinnar, þar sem það eina, sem þeir hafa af honum að segja, er það, að hann mældi hjer um árið brúarstæði á Þjórsá, sem reyndist óbrúkandi, af því maðurinn hafði ekki haft vit á því verki, vegna ókunnugleika á ísl. staðháttum.

Í þetta skipti skal jeg ekki tala frekar um þetta; jeg hafði ekki búizt við að þurfa að tala í þessu máli að þessu sinni, og hefi því eigi búið mig undir að leita allra þeirra upplýsinga og gagna í málinu, sem skyldi.

Framsögumaður (Tryggvi Gunnarsson): Jeg get fullvissað h. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) um, að jeg er ekki minnstu vitund persónulega interesseraður í því, hvort brúin á Lagarfljóti verður sett ofarlega eða neðarlega. En jeg verð að halda fast við það, að þessu máli beri að fresta fyrst um sinn af undirbúningsleysi. Hitt ber einnig á að líta, að þar sem liggur fyrir að brúa margar ár, þá væri æskilegt að þær yrðu brúaðar sem flestar á sama tíma. Jeg minnist þess nú, að þegar jeg og Vaughan, sá er lagði til efnið í Ölfusárbrúna, einu sinni riðum austur að Þjórsá, þá varð okkur tilrætt um, hve margar ár þyrfti að brúa hjer á Íslandi, og sagði hann á þá leið, að það væri óhyggilegt að kaupa efni í eina brú í einu; hitt væri miklu hyggilegra, að kaupa fleiri í senn, og mundi þá mega fá brýrnar tilbúnar erlendis miklum mun ódýrara. Jeg er viss um, að ef efni í einar 4 brýr væri keypt allt í senn, mundi mega spara á því meir en 10,000 kr. En hvað snertir undirbúningsleysið á þeim tillögum, sem jeg flutti, um styrk til að byggja skipakví, og um framlag úr landssjóði til húsbyggingar, þá liggur það ekki fyrir til umræðu nú; að eins skal jeg geta þess, að í skipakvína ætla prívatmenn að leggja fje fram til helminga móts við landssjóð; flestir, nema h. þm. Ísf. (Sk. Th.), munu skilja það, að þessir menn munu ekki vilja kasta 10,000 kr. á glæ eða byrja á verkinu, fyrr en vissa er fengin fyrir því að verkið sje framkvæmanlegt, fyrir álíka fjárupphæð, sem hjer er að ræða um.

En hvað því viðvíkur, að áætlun Windfelds Hansens um brúarstæði á Þjórsá hafi ekki orðið notuð, þá stendur svo á því, að Hovdenak, vegfræðingurinn norski, var fenginn til þess að skoða brúarstæðið á eptir honum, og tók hann til annað litlu ofar. Svo fór jeg til og fann enn annað brúarstæði mitt á milli, og var það síðan skoðað af fleirum en einum vegfræðing, og þar var brúin sett, og þar stendur hún nú; hann valdi sinn stað, ekki af vanþekkingu, heldur eins og gengur, að »sínum augum lítur hver á silfrið«.

Einar Jónsson: Það eru að eins fáein orð í ræðu h. framsögum. (Tr. G.) út af

brúarstæðinu á Lagarfljóti, sem jeg vildi leyfa mjer að gjöra athugasemd við. Hann tekur ekki orð mín trúanleg viðvíkjandi brúarstæðinu á Einhleypingi, en segir að bezt sje að hafa brúna þar, sem hún geti orðið ódýrust og um leið traustust; en þá mundi rjettast að hafa hana út undir sjó á svo kölluðum Steinboga; en hversu haganlegt það væri fyrir Hjerað í heild sinni eða landið, það er annað mál. Brúna á auðvitað að hafa þar, sem hún er haganlegast sett, til að verða að almennum notum, enda þótt hún verði nokkru dýrari, og það er á Einhleypingi. Trjebrú þar mundi líka verða ódýrari en járnbrú á Steinsvaði. Líka verður að taka tillit til þess, eins og jeg hef bent á, að þjóðvegurinn frá brúnni á Jökulsá verður haganlegast sameinaður í einn veg með því að velja brúarstæðið á Einhleypingi.

H. framsögum. minntist þess, að hann og aðrir hafi ætið farið yfir hjá Steinsvaði, þegar hann hefði verið að fara úr Norðurlandi á Seyðisfjörð, og það veit jeg vel að var títt, áður en vegurinn var bættur milli Jökulsárbrúar og Einhleypings, því að þá munaði það litlu eða engu, það er að segja á þeirri leið. En þá var sú leið fremur farin af langferðamönnum, af því að maður var í leiðinni, sem margur hafði gaman af að hitta og vildi gjarnan fara krók til að sjá, og það var Páll Ólafsson. Eptir að hann flutti burt þaðan og vegurinn var bættur að Einhleypingi, hafa víst engir langferðamenn farið Steinsvaðsleiðina, nema þeir hafi átt sjerstakt erindi.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 17 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um brúargjörð á Jökulsá í Axarfirði nálægt Þerjubakka (C. 177, 373); frh. 1. umr.

Benidikt Sveinsson: Samkvæmt því, sem jeg tók fram áðan, þá gaf jeg í skyn, að jeg hefði verið tilleiðanlegur til að framlengja ekki frekar þessar umræður, þar eð jeg áleit heppilegra að fresta umræðum um brúargjörð á Lagarfljóti. Óska jeg því að einnig þessu frumv. verði vísað til 2. umr. og vil óska þess að þetta mál fái góðan framgang, þar sem það er afarnauðsynlegt. Að því er snertir þessa brúargjörð, þá er hún líka formlega betur undirbúin en brúargjörðin á Lagarfljóti. Jeg tók það fram, að brúna ætti að leggja þar, sem þjóðvegurinn á að liggja síðar. Jeg vona því að deildin leyfi frumv. þessu til 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. var vísað til 2. umr. með 16 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um brúargjörð á Hörgá við Staðarhyl (C. bls. 182, 373); framh. 1. umr.

Klemens Jónsson: Eins og nefndarálitið ber með sjer, þá hefir nefndin tekið vel undir þetta mál, og lagt til að 10,000 kr. yrði veittar í fjárlögunum til brúargjörðarinnar. Reyndar er þetta mjög lítil upphæð, einkum þegar tillit er haft til þess, að brúin eptir áætlun og teikning hr. Sigurðar Thoroddsen mun kosta 15 þús. kr., og kostar líklega meira. Sýslunefndin þarf því að leggja að minnsta kosti 5 þús. kr. til, og auk þess leggja veg að brúnni, sem verður æðidýr. En þrátt fyrir þetta treysti jeg því þó, að þessi upphæð verði samþykkt á fjárlögunum, og í fullu trausti til þessa lýsi jeg því yfir, að við flutningsmenn tökum þetta frv. aptur.

Frumv. til laga um brýrnar á Skjálfandafljóti og Laxá í Þingeyjarsýslu (C. 198, 322); frh. 1. umr.

Flutningsmaður (Benidikt Sveinsson): Jeg skal vera mjög stuttorður, og skal

lýsa því yfir, að jeg fellst á uppástungu fjárlaganefndarinnar, þingskj. 238. Þetta ákvæði setti jeg í frumv. í því skyni, að það væri hagur fyrir landssjóð að legja brýr á þeim stöðum, sem þjóðvegur liggur um. Skal jeg svo ekki fjölyrða þetta meir, en lýsa því yfir, að jeg er fús á að taka breyt.till. til greina og óska jeg góðrar undirtektar hjá deildinni.

Klemens Jónsson: Jeg vil að eins leyfa mjer að gjöra stutta athugasemd til fjárlaganefndarinnar. Breyt.tillaga nefndarinnar fer fram á að fella burtu orðin: »og brýrnar á Laxá hjá Grenjaðarstað«, en þó á orðið »Laxá« að standa í fyrirsögninni; þetta er ósamkvæmni, og vil jeg því leyfa mjer að skjóta því til h. fjárlaganefndar, að lagfæra þetta og koma með breyt.till. fyrir 3. umr.

Pjetur Jónsson: Jeg þakka fyrir bendinguna. Að þetta var ekki nákvæmar ákvarðað, var að eins af því að nefndinni, sem hafði ofmikið að gjöra, sást yfir þetta, en þessu mun verða breytt og lagt þannig fyrir 3. umr.

Jeg þarf ekki að gjöra grein fyrir, af hvaða ástæðu fjárlaganefndinni kom saman um að fella Laxárbrúna, því henni er þetta ekkert kappsmál og ekki heldur flutningsmanni. Jeg skal að eins geta þess, hvað það er mikið, sem farið er fram á að landssjóður gæfi eptir af skuld brúarinnar. Með lögum 1880 er ákveðið að veita skuli 20,000 kr. til brúargjörðar á Skjálfandafljóti, og síðan eru 17 ár. Mjer er ekki kunnugt um, hve mikið búið var að borga af þessu láni, þegar uppgjöfin var veitt á hálfum eptirstöðvum 1891, en það, sem er eptir að borga 31. des. 1896, er þetta:

Norðuramtið	kr. 1,556,66
Austuramtið	— 1,070,28
Suður-Þingeyjarsýsla . . .	kr. 4,400,06
Norður-Þingeyjarsýsla . .	— 853,77
Þetta er samtals	kr. 7,880,77

og gjalddagi er 4. nóvember. Ef lögin nú ekki öðlast gildi fyr en eptir gjalddaga, þá yrðu það fullar 7000 kr., sem nú yrði gefið upp.

Jón Jónsson, þm. A.-Skf.: Jeg heyrði reyndar fátt af því, sem h. þm. (P. J.) sagði, en eptir því sem jeg hef komizt næst, þá þykist jeg skilja, að hann hafi verið að færa fram rök fyrir því, að landssjóði bæri að taka að sjer Skjálfandafljótsbrýrnar, og get jeg ekki annað en verið því samþykkur, þar sem þær eru á þjóðvegi, sem landssjóði er skylt að annast. Það má líka ganga að því vísu, að þetta mál fái góðan byr hjer í deildinni, þar sem Hörgárbrúarmálið hefir engum mótmælum sætt, og var þar þó farið fram á mjög ríflegan styrk úr landssjóði til vegabóta á sýsluvegi

Tryggvi Gunnarsson: Jeg skal ekki vera margorður, en ætla að eins að bæta við fáum orðum. Mjer þykir þessi tillaga svo háíslenzk, að biðja fyrst um hjálp, — lána svo peninga, lofa að borga, — en svo þegar á að fara að borga, þá er beðið um uppgjöf, og ætlazt svo til að allt lendi á landssjóði. Jeg fyrir mitt leyti get ekki verið með þessum hugsunarhætti nje greitt atkvæði með slíku.

Jón Jónsson (þm. Eyf.): Jeg vil að eins mótmæla orðum h. 1. þm. Arn. (Tr. G.). Jeg neita því að þetta sje byggt á þessu, sem hann kallar íslenzkt, nefnilega að biðja fyrst um lán til þess að fá síðar uppgjöf á því. Þingeyingar eiga það ekki skilið að þeim sje brugðið um þetta, þar sem þeir þó hafa orðið fyrstir til að brjóta ísinn og brúa stórvatn fyrir eigin framkvæmd upphaflega. Þeir eru einnig búnir að borga

allmikið af því, þar sem önnur hjeruð hafa fengið og fá árlega stórbrýr, er að öllu eru kostaðar af landsfje.

Einar Jónsson: Jeg vil geta þess, að þegar Þingeyingar eru búnir að borga brúna, þá geta þeir skoðað hana sem sína eign og lokað henni, nema þeir fengi leigu eptir hana, og þá gæti svo farið, að landssjóður yrði neyddur til að kaupa hana eða byggja aðra brú, og væri það heldur en ekki óþægilegt fyrir landssjóðinn.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 16 samhlj. atkv.

Tillaga til þingsályktunar frá nefndinni í brúamálinu (C. 391); hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á 2 umr., og var það samþ. með 16 samhlj. atkv.

Þá gat forseti þess, að lagt væri fram á lestrarsalinn tilboð frá stúdent Magnúsi Magnússyni frá Cambridge, um að kenna hjer enska leikfimi ókeypis, ef hann fengi 1200 kr. ársstyrk úr landssjóði.

Þrítugasti og þriðji fundur, mánudag 9. ágúst, kl. 11 f. hád. Allir á fundi.

Frumv. til fjárl. fyrir árin 1898 og 1899 (C. bls. 393, 412, 415, 416—418, 421, 423, 424, 426, 431, 437—439, 445); 3. umr.

Framsögumaður (*Jón Jónsson*, 2. þm. Eyf.): Eins og vant er og við mátti búast, eru framkomnar allmargar breyt.till. við frumv. eins og það var samþ. við 2. umr., en af því að ekki liggur fyrir nein atkvæðaskrá, þá er óþægilegt að lesa sig fram eptir þeim. Jeg skal nú hafa þá aðferð, að minnast fyrst á breyt.tillögur nefndarinnar og síðan á tillögur frá einstökum h. þingdm.

Allar ganga tillögurnar út á að hækka útgjöldin um til samans 44,000 kr., en þar sem sumar fara fram á lækkun, er nemur um 20,000 kr., þá er hækkunin í raun og veru ekki nema 24.000 kr. hjer um bil, og ef þeirri hækkun er bætt við tekjuhallann, eins og hann er nú eptir frumv., þá verður tekjuhallinn samkvæmt þessu um 170,000 krónur.

Breyt.till. nefndarinnar eru að vísu ekki margar, en þær eru yfir höfuð töluvert efnismiklar. Breyt.till. við 10. gr. C. 1. gengur svo að segja ekki út á annað en að leggja það til, að útgjöldin undir staflíðunum »b« og »c« verði dregin saman í einn lið »b«. Fyrir skömmu síðan barst fjárlaganefndinni loks erindi frá þeim manni, sem haft hefir á hendi útsending Stjórnartíðindanna, og kvartar hann þar mjög yfir því, hvað borgunin fyrir útsendinguna sje lág og segir að ekki sje við hana unandi. Nefndinni sýnist samt rjett, að hækka ekki fjárveitinguna að mun. Hún stingur að eins upp á að hækka hana um 70 kr., en draga saman í einn lið kostnaðinn til pappírs og prentunar, sem veittur er í frumv. undir staflið »b«, og kostnaðinn við útsending tíðindanna undir staflið »c«. Þetta vill nefndin af því, að það kom fram við 2. umr. að ekki væri ólíklegt að spara mætti dálítið kostnaðinn við prentun og pappír, og mundi þá sá sparnaður nægja til að bæta upp þóknunina fyrir útsendinguna.

Þá kemur breyt.till. nefndarinnar við 10. gr. C. 4. a. 2. Það er loks svo komið, að nefndin treystir sjer til að koma með ákveðna tillögu um hlutfallið milli styrkveitingarinnar til búnaðarskólanna. Nefndin vill halda sjer við aðalupphæðina, 10,000 kr., eins og hún er í frumv., en finnur ekki ástæðu til að gjörður sje sá munur á skólunum,

sem samþ. var við 2. umr. Nefndin byggir þessa tillögu sína á skýrslum og þekkingu þeirri, er hún hefir fengið á högum skólanna, og vonast eptir, að þessi jöfnuður mælist vel fyrir.

Þá stingur nefndin upp á nýjum lið við 11. gr. frumv. (6. lið), um 600 kr. styrk hvort árið til utanferðar handa hjeraðslæknum. Nefndin lagði með því upphaflega, að þessi liður yrði samþ.; en, eins og menn muna, var hann felldur við 2. umr. Það kann að þykja óviðfeldið og kenna kapps, að nefndin skuli stinga upp á því, að setja inn aptur lið alveg sama efnis og þann, sem áður hefir verið felldur; en hjer stendur alveg sjerstaklega á. Það var ekki talað eitt orð á móti þessari fjárveitingu við 2. umr.; hún var felld orðalaust. Nefndin kemur nú með tillögu aptur um þessa fjárveitingu, sjerstaklega af því, að hún óskar að fá að heyra ástæður þeirra, sem eru á móti henni. Nefndin sjálf álítur, að hún geti orðið til mikils gagns. Það var eytt mörgum orðum um það hjer við 2. umr., að læknaskólinn veitti nemendum sínum að eins ófullkomna menntun, eða að minnsta kosti miklu ófullkomnari kennslu en háskólar erlendis veitti í læknislistinni, og því datt nefndinni ekki í hug að h. þingd. mundi neita um þennan litla styrk, sem miðar til þess að gefa læknum kost á að fara utan og æfa sig betur, og sjá meira í þrótt sinni viðvíkjandi en hjer er kostur á. Þessi tillaga er annars upphaflega fram komin eptir tillögum læknafundarins í fyrra sumar og áskorun landlæknis til fjárlaganefndarinnar. Hjer er að eins um það að ræða, að gjöra læknum, sem óska að fara utan, vitundar-ögn ljettara að framkvæma þann ásetning, en hjer er alls ekki um það að ræða, að borga allan utanfararkostnaðinn. Nú gefst, sem sagt, kostur á að heyra ástæður þeirra, sem voru á móti þessari fjárveitingu við 2. umr., því sjálfsagt hafa þeir haft sínar ástæður.

Þá leggur nefndin það til, að breytt sje nokkuð tölulíðum og stafliðum í 12. gr. »B«, og munu menn sjá, að það er ekki ástæðulaust. Það hefði, ef til vill, mátt lagfæra þetta á skrifstofunni, en nefndinni þótti þó vissara að bera breytinguna undir h. þingd. Að öðru leyti er sú breyt.till. við 12. gr. »B«, að þessi nýja fjárveiting »til sýsluvega« verði gjörð að sjerstökum tölulið, er verði »6. liður«. Þetta er til að laga formið. En svo er það efnisbreyting, að lagt er til, að undir þessum væntanlega 6. tölulið verði felldur burtu styrkurinn til sýsluvegagjörðar í Austur-Skaptafellssýslu og styrkurinn til sýsluvegagjörðar í Ísafjarðarsýslu. Það var skýrt frá því við 2. umr., hvert væri sjónarmið fjárlaganefndarinnar, er hún kom fram með tillögu um að leggja fje til sýsluvegagjörðar. Það hefir kannske ekki verið tekið nógu skýrt fram, að nefndin vill veita fje til ýmsra sýsluvega, en ekki margra í einu, heldur smám saman eptir þörfum. Nefndin vill að byrjað sje á þessari fjárveitingu á þessu þingi, og svo haldi næsta þing áfram að einhverju leyti o s. frv. Nefndin álítur líka, að sjerstaklega sje þörf á að styrkja þessar vegagerðir í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu og Strandasýslu, og því leggur hún til að byrjað sje á þessum sýslum. Aptur kemur það í bága við álit nefndarinnar, að þessi styrkur sje veittur mörgum sýslum í senn, og því leggur hún, sem sagt, til að felldur verði aptur burt úr frumv. styrkurinn til hinna tveggja sýslnanna, sem jeg nefndi áðan. Það er þó ekki meiningin, að nefndin vilji

gjöra þessa tillögu sína að neinu kappsmáli, en hún vildi sýna, hvernig hún lítur á þetta mál.

Þá kem jeg að hinni stærstu, yfirgripsmestu og efnismestu breyt.till. nefndarinnar, tillögunni um nýja tilhögun og ný skilyrði fyrir styrkveitingu til gufuskipsferða. Það væri, ef til vill, ástæða til að tala langt mál um hvað fyrir sig, er þessa tillögu snertir, en jeg finn samt ekki ástæðu til þess að þessu sinni, því jeg býst við að h. þingdm. hafi þegar sett sig inn í þetta mál, og það því fremur sem þetta er eitt hið mesta áhugamál þjóðarinnar. Það eru, eins og menn vita, sjerstakar ástæður til þess, að það hefir ekki komizt inn í þingsalinn á þessu þingi fyr en nú. Jeg skal leyfa mjer að benda á, að þingið, sem slíkt, getur ekki gjört samninga við neinn, en það ákveður þau skilyrði, sem stjórnin á að byggja á samninga sína við hinn málsaðilann, gufuskipafjelagið, og sem nefndin veit að sá málsaðili ekki er ófáanlegur til að ganga að. Breyti þingið síðar þessum skilyrðum, þá er allt málið komið á reik og í óvissu. Sjerstaklega vill nefndin halda því föstu, að allar ferðir innanlands og utan komist undir eina stjórn, svo að menn og vörur komist jafnkostnaðarlítið milli ákveðinna staða, hvort sem skipt er um skip eða ekki, og tel jeg víst, að þetta atriði út af fyrir sig nái samþ. flestra h. þingdm. Annað meginatriðið, sem felst í þessum skilyrðum, er það, að ferðirnar milli helztu staða á landinu geti orðið sem greiðastar. Þess vegna er nauðsynlegt að setja takmark fyrir því, á hve marga staði skipin skuli koma. Það vita allir, hvað leiðinlegt og kostnaðarsamt það er að þurfa t. d. að vera 10 daga á leiðinni milli Akureyrar og Reykjavíkur. Þetta kemur til af því, að viðkomustaðirnir eru svo margir. Jeg hygg að fjárlaganefndin og samgöngumálanefndin, sem mest hafa fjallað um þetta mál, sjeu sammála um þessi tvö meginatriði, sem jeg nú hefi drepið á. Annars gjöri jeg ráð fyrir að það sje praktiskast af mjer, að fara ekki að svo stöddu lengra út í þetta mál, því jeg gjöri ráð fyrir að h. þingdm. sjeu alveg sjerstaklega búnir að setja sig inn í það.

Þá skal jeg fara nokkrum orðum um breyt.till. þær, sem fram eru komar frá ýmsum h. þingdm. og skýra afstöðu fjárlaganendarinnar til þessara breyt. tillaga. En jeg verð að biðja afsökunar, ef mjer skyldi skjótast yfir eitthvað, því það er ekki svo gott að átta sig á öllum þessum breyt.till., þegar engin atkvæðaskrá er til.

Verður þá fyrst fyrir mjer breyt.till. frá h. 1. þm. G.-K. (Þ. Th.) o. fl., um 1500 kr. til að byggja fyrir hús handa vitamanni á Garðskaga. Um þessa húsbyggingu var all-mikið rætt við 2. umr. fjárlagafrumv. og þá var sýnt fram á, að hún væri nauðsynleg. Nú er stungið upp á lægri upphæð en þá lá fyrir, og þess utan er gjört ráð fyrir, að vitamaður taki við húsinu með venjulegum leiguliðaskilmálum, og er þessi tillaga því aðgengilegri frá fjárveitingarvaldsins hlið. Af því að hús það, sem hjer er um að ræða, þar að auki er nauðsynlegt, þá vill nefndin mæla með þessari tillögu.

Þá er næst breyt.till. við 10. gr. C. 9. frá h. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) o. fl., þar sem þeir í staðinn fyrir styrkinn handa Útgjörðarmannafjelaginu við Faxaflóa til að gjöra skipakví, vilja veita sömu upphæð, allt að 10,000 kr. »til að gjöra vetrarlægi fyrir þilskip«, án þess að tiltaka, hverjum fjeð skuli veita. Það getur verið nokkurt álitamál, hvort

heppilegra sje; en frá sjónarmiði nefndarinnar er það meira út í bláinn að veita þetta þannig, heldur en að veita fjeð Útgjörðarmannafjelaginu eða einhverri ákveðinni stofnun. Mjer er ekki ljóst, hvað fyrir h. tillögumönnum hefir vakað, er þeir gjörðu þessa uppástungu, eða á hvern hátt þeir hafa hugsað sjer að þetta yrði framkvæmt, nema í gegnum ákveðið fjelag. Það er allt af óþægilegra fyrir fjárveitingarvaldið, að veita fje á þennan hátt. Ef þar á móti styrkur er veittur ákveðnu fjelagi, þá er þó að minnsta kosti aðgangurinn að því, ef það notar ekki það fje, sem það er að biðja um Auk þess hygg jeg að munurinn á því að gjöra vetrarlægi fyrir þilskip og skipakví, sje ákaflega mikill. Í frumv. er ætlazt til að byggð sje þur kví, þar sem skip ekki einungis geta legið á þurru á vetrum, heldur líka má leggja skip inn í til aðgjörðar. Vetrarlægið mun aptur á móti, að því er skynberandi menn segja, eiga að vera eins konar »dokk«; en ef skip liggja á vatni slíkri dokk, þá er hætt við því, að þessi sjóormur, sem talað hefir verið um geti skemmt skipin. Jeg er ekki sjómaður og hefi því kannske ekki sem bezt vit á þessu, en jeg skýri frá því, sem mjer hefir verið sagt um þetta efni, og nefndin vill heldur veita fjeð ákveðnu fjelagi en á þennan hátt.

Þá er breyt.till. frá h. 1. þm. G.-K. (Þ. Th.) o. fl. við 11. gr. 4. a. þess efnis, að aukalæknirinn skuli halda ókeypis »klinik« handa fátækum mönnum að minnsta kosti einu sinni á mánuði. Nefndinni virðist þessi viðbót við athugasemdina um styrkinn til augnalæknisins mikið vel til fallin. Aptur finnst henni krafa h. þm. Húnv. (B. Sigf.) o. fl. á þingskjali 243 of hörð, þar sem þeir vilja breyta uppástungunni um ókeypis klinik einu sinni á mánuði í ókeypis klinik einu sinni »í viku«. Nefndin heldur að slíkt ákvæði gæti orðið til þess að svipta augnalækninn tilfinnanlega mikilli praxis.

Líkt hefi jeg að segja fyrir nefndarinnar hönd um þá till. h. 1. þm. G.-K. (Þ. Th.) o. fl. (þingskjal 322), að hækka styrkinn til tannlæknis upp í 1000 kr., en gjöra honum jafnframt að skyldu að veita stúdentum á læknaskólanum tilsögn í tannlækningum og halda ókeypis »klinik« handa fátækum mönnum, að minnsta kosti einu sinni á mánuði. Jeg get sagt það fyrir hönd nefndarinnar, að hún fellst á þessa tillögu. En mjer finnst sjálfum ekki gjörlegt að leggja svo miklar skyldur á herðar þessum lækni, nema því að eins, að hækka þá styrkinn til hans. Það er sök sjer með aukalækninn, sem hefir helmingi meiri laun.

Þá er enn breyt.till. frá h. 1. þm. G. K. (Þ. Th.) á sama þingskjali (322) við 11. gr. 10 um, að þar komi nýr liður, sem verði 11. liður og orðist svo: »Til undirbúnings landsspítalastofnunar í Reykjavík, svo og byggingar sóttvarnarhúsa samkvæmt lögum 11. desember 1875, allt að 2500 kr. fyrra árið«. Nefndin getur ekki verið með þessari viðaukatill., bæði af því að þetta mál um stofnun landsspítala er ekki búið að festa neinar rætur hjá þjóðinni, þar sem það er naumast komið á dagskrá hennar enn, en sjerstaklega vegna tillögunnar um sóttvarnarhúsin, því nefndin álítur rjett, að stjórnin sjái um framkvæmd laganna frá 11. des. 1875. Þangað til stjórnin óskar fjár til að framfylgja þeim lögum og koma upp sóttvarnarhúsum, álítur nefndin að þingið geti leitt það mál hjá sjer.

Þá er breyt.till. við 12. gr. B. frá h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) o. fl. um að fá æfðan verkfræðing frá Noregi til að

skoða brúarstæði og gjöra áætlanir um brýr á ám víðsvegar um land fyrir allt að 4000 kr. hvort árið. Tilætlunin mun þá vera, að þessi verkfræðingur skoði fyrst þær stórár, Lagarfljót og Jökulsá í Axarfirði, sem h. brúarnefnd hefir lagt til að fresta brúargjörð á vegna ónógs undirbúnings, og svo ýmsar fleiri ár, sem landssjóður á að brúa. Spurningin er þá um það, hvort nauðsynlegt sje að skoða og mæla brúarstæði hjer á landi eða ekki. Nefndin verður fyrir sitt leyti að álíta það nauðsynlegt og álítur að það megi ekki dragast; en það er ólíklegt, að verkfræðingur landsins geti tekið þetta verk að sjer fyrst um sinn, þar sem hann t. d. næsta ár mun þurfa að sjá um brúargjörðina á Örnólfsdalsá. Verður meiri hluti nefndarinnar þess vegna að vera með þessari fjárveitingu.

Þá er breyt.till. frá þm. Strand. (Guðj. G.) um að lækka fjárveiting til flutningabrauta, en hækka að sama skapi til þjóðvega. H. þm. Dal. (J. P.) leggur til, að skjóta þar inn í orðinu »akfær« og er það á góðum rökum byggt, því að aðalástæðan gegn því, að leggja þjóðveg frá Þjórsá, er sú, að vegurinn verði þá ekki akfær. Annars munu h. tillögumenn færa frekari rök fyrir þessu. Meiri hluti nefndarinnar mun vera þessu hlynntur, þó sjálfsagt með þeim fyrirvara, að hæstv. landshöfðingi vilji láta í ljósi að sá skilningur vegalaganna, sem hjer er á byggt, sje rjettur.

Þá hefir brúanefndin lagt til að veittar sjeu allt að 10,000 kr. til að brúa Hörgá og að fjárveitingin sje bundin sams konar skilyrði sem landssjóðsframlagið til sýsluvega. Mál þetta er vel undirbúið og engin ástæða til að efa að hún verði greiðlega framkvæmd, þar sem sýslunefndin mun hafa sitt framlag á reiðum höndum.

Þá er næst tillaga frá þm. Rvík. (J. Jenss.), um tillag til vagnaksturs austur yfir Fjall. Um hana get jeg fátt sagt að sinni, fyr en h. þm. hefir talað og gjört ljóst, hversu hann hugsar sjer fyrirkomulag þessara vagnferða, hvort fyrir því eigi að standa farstjóri, póststjórnin eða landsstjórnin.

Þegar jeg minntist á till. nefndarinnar, gleymdist mjer að geta um, að hún leggur til að burt falli styrkurinn til fjórðungsgufubáta, nema að styrkurinn til Faxaflóagufubátsins haldist með sömu skilyrðum sem nú. H. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) o. fl. leggja nú til að þessi skilyrði falli burt, þ. e. með öðrum orðum: að landssjóður borgi allan kostnaðinn. Nefndin er á móti þessu; þykir það viðsjárvert vegna afleiðinganna. Því það má ganga að því vísu, að verði skilyrði þessi niðurfelld, muni streyma inn á þingið kæfandi mergð af samkynja beiðslum. Tvær eru þegar komnar: um Breiðafjörð og Ísafjörð. Það er sjálfsagt nauðsynlegt að landssjóður styrki slíka flóabáta, en þó því að eins að hlutaðeigandi hjeruð leggi einnig fram styrk og hann ef til vill tiltölulega hærri en nú er áskilið. Jeg verð að skora á forseta að haga svo atkvæðagreiðslunni, að till. um burtfelling skilyrðanna verði fyrst upp borin, því að verði hún samþykkt, mun nefndin greiða atkv. gegn hinum töluliðunum.

Auðvitað verður að víkja orðunum við í skilyrðisgreininni, því að hún á að eins við 1. stafliðinn (a), úr því nefndin leggur til að fella hina stafliðina (b—d) burtu.

Þá er komin fram breyt.till. um að sett verði skilyrði fyrir styrkveitingunni til lagningar frjettaþráðarins. Nefnd-

in er ekki mótfallin því, að sett sjeu einhver skilyrði fyrir þessari fjárveiting, en hins vegar þykir henni fresturinn of skammur. Ef skilyrðið verður orðað eins og í till., þá mundi það upphefja skuldbindingu alþingis til að veita þetta fje framvegis árlega í 20 ár, svo framarlega sem lagningin ekki á sjer stað á næsta fjárhagstímabili; en mjer sýndist nægja, að sagt væri t. d. árið 1900.

Till. um uppbót til síra Þorsteins í Bjarnanesi er komin hjer fram á ný. Nefndin er enn á sama máli sem áður, þótt upphæðin sje nú færð niður; hún álítur rjettast fyrir prestinn, að sækja rjett sinn að lögum.

H. þm. Vestm. (V. G.) o. fl. koma enn með till. um að fella niður húsaleigustyrk til pilta á lærða skólanum. Till. er hin sama sem felld var við 2. umr., og ástæðurnar gegn henni samar nú sem þá.

Þá hafa nokkrir þm. komið með till. á 28. tölulið við 13. gr. B. V, um styrk til námspilta úr fjarlægum hjeruðum á stýrimannaskólanum. Till. var felld áður við 2. umr. og var þó þá í talsvert aðgengilegra formi, þar sem styrkurinn átti þá að veitast eptir tillögum þilskipafjelags Eyfirðinga. Í því lá þó nokkur trygging; en úr því deildin hafnaði till. þá, skil jeg ekki að hún fari að samþykkja hana tryggingarlausa nú, að eins 2—3 dögum síðar.

Það eru allt af að koma fram nýjar breyt.till., sem verið er að útbýta, og er bágt fyrir mig að svara til þeirra frá nefndarinnar hálfu. Þó má jeg segja, að meiri hluti nefndarinnar muni vera meðmæltur till. um styrk til húsbygginga á Þingvelli.

H. 2. þm. Árn. (Þorl. G.) fer fram á að hækka styrkinn til Brynjólfs Jónssonar um 100 kr. Mjer er ekki ljóst, hvað fyrir hefir komið síðan við 2. umr., sem gefi nýja ástæðu til að breyta upphæðinni.

Þá er till. frá 2. þm. N.-Múl. (E. J.) um 500 kr. ársstyrk til Páls Ólafssonar. — Nefndin var öll með hærri styrk um daginn, og er þá líka sjálfsagt samþykk þessari till. nú.

Mjer er ekki vel við till. h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.), um að færa styrkinn til Helga Jónssonar úr 1500 kr. niður í 1000 kr. Nefndin hafði áður fært styrkinn niður um $^2/_5$ og getur ekki verið með frekari niðurfærslu, með því að styrkurinn yrði þá ónægur og kæmi alls ekki að notum. Það er persónulega kunnugt sumum í fjárlaganefndinni, að beiðandinn treystir sjer ekki til að halda áfram rannsóknum sínum með svona lágum styrk.

H. þm. Rvík. (J. Jens.) leggur til að styrkurinn til útgáfu fiskitímarits falli burt. Nefndinni er ekki fast í hendi með það. Jeg skal játa, að það er óviðkunnanlegt að vera að veita fjárstyrk, sem enginn hefir sótt um og enginn tjáð sig fúsan til að nota, og mætti því máske segja, að slíkt væri veitt út í loptið.

Meiri hluti nefndarinnar er meðmæltur till. 2. þm. K.-G. (J. Þór.) um leikfimisstyrk til Magnúsar Magnússonar. Oss er sagt að hann muni vera hæfur maður til að innleiða hjá oss þessa list, sem allir sakna hjer svo mjög.

Sama er að segja um styrkinn til Hólmgeirs Jenssonar skottudýralæknis. Eptir því, sem frá er skýrt, er sennilegt að hann sje allþarfur maður, og ef til vill ekki síður en lærðir dýralæknar, enda er skortur á þeim enn.

Þá er og nefndin meðmælt till. 1. þm. N.-Múl. (E. J.) og annara, um styrk til tveggja manna til að sækja landbúnaðarsýningu í Noregi. Úr því að áður var samþykkt að styrkja menn til að

sækja fiskisýninguna, þá er og eðlilegt að veita einnig þetta, því fremur, sem sýningin mun verða að meiru leyti landbúnaðarsýning en fiskisýning,

Þá er till. frá þm. Vestm. (V. G.) o. fl. um 1200 kr. styrk til Jóns Ólafssonar. Þetta er samskonar till. og kom fram við 2. umr. og mun meiri hluti nefndarinnar ekki vera henni samþykkur, því að honum þykir betri sín till., sem telld var við 2. umr. Þó vill nefndin engan veginn gjöra þetta að kappsmáli. En meiri hlutinn verður að lýsa yfir því, að hann álítur það illa farið, ef þinginu tekst eigi að hagnýta betur en nú horfist á hina góðu krapta þessa manns.

Br.till. þm. Vestm. (V. G.) á þingskj. 348 getur nefndin ekki aðhyllzt.

Till. nefndarinnar um styrkinn til þilskipakaupa er að mestu leyti orðabreyting ein, sem jeg vona að allir samþykki.

Svo hefir nefndin komið fram með till. um að niður falli síðasta athugasemdin um lán til einstakra manna til jarðabóta. Nefndin verður að vera mótfallin þessari till., úr því ekki tókst að orða breytinguna eins og ráðgjört var við 2. umr.

Þá held jeg að jeg sje búinn að fara yfir allar hinar helztu till., sem fyrir liggja, og skal því ekki orðlengja þetta mál meira að sinni.

Jón Jónsson, þm. A.-Sk.: Jeg sje að nefndin hefir viljað fella burt till. mína um styrk til sýsluvegar í Austur-Skaptafellssýslu. Framsögum. (J. J.) þótti ekki liggja á þessum styrk að sinni; en jeg vil leyfa mjer að fullyrða, að það liggi mest á þessum vegi allra þeirra sýslu vega, sem hjer hafa verið gjörðir að umtalsefni í þingdeildinni, því að hann miðar til að gjöra sýslubúum fært að nota þennan eina viðkomustað strandskipanna, sem þeir geta til náð. Mjer þykir þetta því undarlegra, sem þrír menn úr fjárlaganefndinni hafa orðið til að feðra till. um styrk til Hörgárbrúarinnar að $^2/_3$ móti $^1/_3$ úr sýslusjóði. Jeg skil ekki í þeirri sanngirni, sem vakir fyrir þessum heiðruðu þingmönnum. En mest furðar mig á 1. þm. N.-Múl. (E. J.), sem er Austfirðingur, og ætti því að láta sjer að minnsta kosti eins annt um þennan veg og sýsluveg í Eyjafjarðarsýslu. Það er eins og hann vilji hafa Austur Skaptafellssýslu út undan. Það hefir verið notað sem átylla af sumum, að það lægi þjóðvegur um endilanga sýsluna; en jeg hef tekið það fram áður, að það sje lítið gagn að þessum þjóðvegi á pappírnum, úr því aldrei hefir verið varið neinni verulegri fjárupphæð til að gjöra við hann. Menn geta sagt að það sje mín sýsla, sem hjer á í hlut, og kallað þetta hreppapólitík. En jeg vil leyfa mjer að minna á orð h. þm. V. Skapf. (Guðl. G.) hjerna um árið, að hin versta hreppapólitík er sú, að hafa einstaka sýslu ranglega út undan.

Framsögumaður (Jón Jónsson, 2. þm. Eyf.): Jeg heyri að h. þm. A.-Skaptf. (J. J.) hefir misskilið dálítið skilyrðin fyrir styrkveitingu til sýsluvegagjörða, þar sem hann talaði um ósamkvæmni í því, að þar ættu sýslubúar að leggja fram helming kostnaðar, en aptur á móti væri skilyrðið fyrir styrkveitingu til brúar á Hörgá það, að sýslubúar legðu fram þriðjung. En jeg skal vekja athygli hans á því, að skilyrðin eru hin sömu á báðum stöðum. Sýslubúar í A.-Skaptafellssýslu eiga að leggja fram helming á móts við styrkinn, sem verður þá 1500 kr., eða þriðjung alls kostnaðar, og sýslubúar í Eyjafirði þriðjung alls kostnaðar eða sem svarar 5000 kr., en það er aptur helmingur móts við landssjóðsstyrkinn. Skilyrðin eru því hin sömu, að eins mismunandi orðuð.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg á hjer breyt.till. á þingskj. 321 ásamt fleirum þingm. Þessi breyt.till. fer fram á að færa niður upphæðina til akbrauta um 36,000 kr., en færa þjóðvegina upp um sömu upphæð. Ástæðan fyrir þessu er hin sama sem jeg tók fram við 2. umr., að það kæmi ekki í bága við vegalögin, þótt gjörður væri þjóðvegur milli Þjórsár og Rangár, í stað akbrautar. Þetta er að eins breyting á formi, en ekki efni. Ef þingið veitir fje, sem ætlað er til þjóðvega, þá er ekki nema eðlilegt að breyta orðunum þannig, því það væri efasamt, hvort landsstjórnin áliti sjer heimilt að verja því fje til þjóðvega, sem veitt væri til akbrauta. Þessi breyt.till. fer einnig fram á, að verja 14,000 kr. af akbrautafjenu til þess að leggja flutningabraut fram Eyjafjörð, og við 2. umr. greiddi jeg atkv. með meiri upphæð til hennar, því mjer sýnist ekki rjett að ganga fram hjá henni, fyrst á annað borð menn vilja halda áfram með akbrautir. Jeg hefði að vísu helzt óskað, að princip eða grundvallarregla þingsins hefði ekki raskazt í þessu efni, nfl. að byrja ekki á nýjum akbrautum, nema hjeruðin legðu sjálf til fje, og hefði því helzt kosið, að eins hefði verið ástatt hjer, en af því að jeg er viss um að Eyjafjarðarsýsla hefir áður lagt fram mikið fje til vegar fram fjörðinn, og sem hlýtur að verða til mikils ljettis fyrir akbrautina, þá get jeg ekki verið á móti þessari fjárveitingu.

Hjer er breyt.till. á þingskj. 351 frá h. þm. Dal. (J. P.) og öðrum þm. til. Þar er farið fram á, að bæta orðinu »akfær« framan við »þjóðvegur milli Þjórsár o. s. frv«. Jeg er ekki beinlínis á móti því að vegur þessi, austan Þjórsár, sje gjörður akfær, en álít þó að rjettast væri að gjöra ekki undantekningu með þennan eina þjóðveg. Mjer þykir líka hálf-undarlegt, að þar sem þingið hefir að undanförnu haldið því til streitu, að leggja fram stórfje til akbrauta í þessum eina landsfjórðungi, þá skuli það nú vilja fara út fyrir ákvæði vegalaganna meira en þörf gjörist. Í vegalögunum stendur, að akbrautin eigi að ná austur í Rangárvallasýslu, án þess ákveðið sje hve langt, og á síðasta þingi var af mörgum tekið fram, að þegar akbraut væri komin frá Ölfusá og austur að Þjórsá, þá skyldi vegagjörð vera lokið í bráð á þessu svæði. En þrátt fyrir það þá finnst mjer ekki nema sanngjarnt, að þjóðvegur sje lagður á þessum umrædda kafla. Og með því að jeg hefi heyrt ástæður fyrir því, að eptir því sem landslagi sje þar varið, þá muni akvegur ekki kosta miklu meira en vanalegur þjóðvegur, þá er jeg ekki beinlínis á móti því, að svo sje ákveðið, þó jeg hins vegar sjái ekki sjerstaka ástæðu til að gjöra undantekningu á þessum vegi fremur öðrum. En viðvíkjandi þeirri skoðun minni, að heppilegra kunni að vera að breyta orðalaginu þannig, að fjeð sje veitt til þjóðvegar, en ekki til akbrautar, sem að eins er formsatriði, þá vil jeg leyfa mjer að spyrja hæstv. landsh., hvort hann álíti nokkuð móti þeirri breytingu. Og í öðru lagi, hvort hann álíti eigi þjóðveg nægilegan. — Jeg veit að vísu, að þeir sem mestir eru meðmælendur flutningabrauta muni segja að ekki sje fullkomið gagn að þeirri braut, sem komin er, nema óslitin akbraut komi alla leið austur að Eystri-Rangá. En jeg get ekki skilið í því, svo framarlega sem fullgóður akvegur kemur fyrir austan Þjórsá alveg að enda brautarinnar, og það því síður, sem jeg veit að akbrautin liggur heim að fæstum bæjum í því hjeraði, sem hún liggur um. Þó jeg sje ekki kunnugur þar, þá veit jeg

að það hlýtur að vera langt til sumra bæja, og þá þarf sjálfsagt að gjöra vegi heim að þeim. Mjer er alveg óskiljanlegt, að hjeraðsbúar ekki megi þakka fyrir að fá ágætan þjóðveg að akbrautinni, einkum þó þeir, sem búa rjett við hann, ef þeir bera saman þá, sem langt eiga að brautinni.

Mig furðar á að jafn-heiðvirðir menn og þm. þessa kjördæmis, sem hjer eiga einkum hlut að máli, skuli halda svo fast við akbrautina; mjer liggur við að segja, að það beri vott um ágengni að halda því til streitu. Einkanlega furðar mig á h. 2. þm. Rangæinga (Þ. G.), sem eptir því, sem kom fram hjá honum áður, þegar jeg átti tal við hann um þetta efni, virtist engu trúaðri á akbrautir en jeg.

Þá er ein till. á þingskj. 332, frá h. þm. Rvík. (J. Jens.) o. fl. Jeg hefi lítið um þá till. að segja annað en það, að það er einkum nafn hins fyrsta flutnm., sem setur mig í efa um að tillagan sje hrein og bein vitleysa. Væri ekki hans nafn þar fyrst á blaði, mundi jeg skoða það sem kjánaskap, að bera slíkt upp hjer í deildinni. En jeg ætla ekki að fjölyrða um það að sinni; jeg býst við að hann komi fram með ástæður fyrir henni, og má vera að honum takist þá að sannfæra mig.

Sighvatur Árnason: Jeg vil fyrst minnast á breytingartill. á þingskjali 321, sem fer fram á, að skipta því fje, sem samkvæmt frumv. var ætlað til vegagjörðar yfir Holtin frá Þjórsá og austur að ytri Rangá. Ef þessi till. fær framgang, þá á að skipta þessu fje þannig, að 14000 kr. leggist til flutningabrautar fram Eyjafjörð, og 36,000 kr. til Holtavegarins.

Jeg verð nú að álíta, að 36,000 kr. nægi ekki til að gjöra óslitinn veg, auk heldur til akbrautar á þessu svæði, sem um er talað, nefnilega frá Þjórsá og austur að Rangá, þar sem landslagi er svo háttað, að ekki er tiltækilegt, að gjöra góðan veg, þannig, að hann sje nokkursstaðar sundurslitinn, auk heldur ef tilgangurinn er sá, að gjöra þar akveg. Þar er ekki að vísu um neitt sjerstakt að ræða á þessu svæði, sem gjörði veginn að mun dýrari, þótt hann væri hafður akfær, því það er að mestu sljettlendi og forarmýrar, en að eins lág holt og hæðir, sem hægt væri að sniðskera lítið eitt til að fá hæfilegan halla. En hvað nafnið sjálft snertir, hvort heldur það er nefnt akbraut eða þjóðvegur, þá legg jeg ekki mikla áherzlu á það, að eins að vegurinn sje lagður óslitinn, og þannig, að hægt sje að nota hann fyrir vagna, ef það lag kemst á, að mönnum lærist að nota þá, sem jeg vona að verði innan skamms, þó eigi verði það allir. En það yrði auðvitað fyrst og fremst sú byggð, sem næst veginum liggur, sem hefði notin af honum sem akvegi.

H. þm. Strand. (Guðj. G.) hafði heldur á móti því, að taka til greina br.-till. á þingskj. 351, sem jeg vil mæla með, til þess að vegurinn gæti orðið akfær. Jeg vildi heldur kjósa, að vegurinn næði ekki yfir allt svæðið í þetta sinn, en að hann væri lagður þannig, að hann ekki væri akfær, auðvitað í þeirri von, að síðar yrði bætt við hann. Sami h. þm. Strand. (Guðj. Guðl.) veik orðum sínum að því, sem fyrri, að við værum búnir að fá okkar skerf fyllilega í hlutfalli við aðra landsmenn. — Jeg játa það fúslega, að við höfum fengið mikið fje til samgöngubóta. En sje nú það fje, sem varið er til vegabóta á Suðurlandi, borið saman við allt það fje, sem varið er til gufuskipaferða, þá er ekki sagt, að munurinn verði mikill, þegar þess er gætt, að af þeim höfum við Sunnlendingar ekki haft neitt gagn, að heita má. Auk þess er það,

að það eina, sem við höfum gott af gufuskipum, eru gufubátaferðirnar með suðurströndinni, sem við þó erum, nefnil. hlutaðeigandi hjeruð, látnir leggja til fjórða part á móts við landssjóðsstyrkinn, án þess að þau skilyrði sjeu sett annarsstaðar, og skil jeg ekki, hvers vjer eigum að gjalda í þeim efnum. Við höfum að vísu ekki farið þess á flot, að fá að losna við þetta tillag frá sýslusjóðunum, en háttv. fjárlaganefnd hefir heldur ekki hugkvæmzt að rýmka til við okkur með því, að losa okkur við þetta tillag úr sýslusjóði.

Ef till. nefndarinnar gengur fram, þá fer ekki að verða svo mikil ástæða til að sjá ofsjónum yfir fjárveitingunni til okkar Sunnlendinga í móts við aðra landsfjórðunga, eins og h. þm. Strand. (Guðj. G.) virðist gjöra.

Ef nú á að fara að leggja yfir 50,000 kr. á ári til gufuskipa og gufubátaferða í kringum landið, og þessi skip eiga að fara 16—18 millilandaferðir hvert ár, auk 6—8 hringferða um landið, ásamt gufubátaferðum jafnharðan, þá óttast jeg, að hjer sje óþarflega tekið djúpt í árinni. Jeg get ekki annað en álitið, að allur þessi mikli kostnaður sje óþarfur, og þessar mörgu ferðir, því landssjóðsútgerðin hefir sýnt það undanfarið, að einhvern tíma muni þessar mörgu ferðir, sem hjer er farið fram á, verða ljettvægar og tómhendar, og þá er kostnaðurinn óþarflega mikill. Mjer hefir verið sagt, að »Vesta« og aukaskipin líka, sem komið hafa við og við, hafi stundum verið galtóm, að heita mætti, kannske með eitthvað dálítið af salti, og sárfáa farþega, 2 til 10. Jeg veit þess vegna ekki, hvað allar þessar ferðir og allur þessi kostnaður á að þýða, þegar við þó höfum fengið nokkra reynslu í því efni, hvað þarfirnar útkrefja.

Þegar jeg sá í frumv. stjórnarinnar, að áætlaðar voru 35,000 kr. til þessara gufuskipaferða, þá datt mjer ekki í hug, að þingið færi að hækka þann styrk frekar, en nú er lagt til að hækka hann um fullan þriðjung. (*Jón Jónss.*, 2. þm. Eyf.: Munar ekki öðru en því, að hann lækkar um nokkur þúsund). Jeg hefi litið svo á, að þar sje farið fram á 35,000 krón., en hjer fram á 50,000 kr. og þar yfir, en hvað sem um það er, þá er þess samt sem áður að gæta, að ekki sje stigið óþarflega stórt spor, því að jeg get ekki hugsað mjer, að flutningur á vörum nje farþegum aukist svo mjög á næstu árum, fram yfir það, sem nú er.

Jeg vildi gjarnan að menn vildu hugleiða þá reynslu, sem fengin er með eimskipaútgerð landsstjórnarinnar, og bera hana saman við það, sem farið er fram á í till. nefndarinnar.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg skal fyrst leyfa mjer að minnast á breytingartill. á þingskj. 323, sem jeg á þátt í. Það er þá fyrst, að jeg legg til að við 12. gr. B. b. í frumv. komi »verkfróðra aðstoðarmanna« í stað »verkfróðs aðstoðarmanns«, og er það samkvæmt því, sem tekið var fram við 2. umr. Því næst sný jeg mjer að hinni breytingartill. við 13. gr. A. b., viðvíkjandi bráðabirgðauppbót til sjera Þorsteins Benidiktssonar í Bjarnanesi. Jeg hef komið fram með þessa breytingartill. við 3. umr. til að freista, hvort ekki væri hægt að ná samkomulagi. Jeg tók fram við 2. umr., að það, sem mestu varðaði fyrir mig, væri ekki, hvort presturinn hefði lagarjett eða lagakröfu til að fá þessa uppbót, heldur það, að hann hefði sanngirniskröfu. Jeg álít ófært að vísa þessu til málssóknar, þar sem um fátækan sveitaprest er að ræða, og vona jeg að deild-

in samþykki þessa breytingartill. auk þess, sem hjer er farið fram á minni upphæð en í nefndarfrumv. Mjer skildist á hinum hæstv. landshöfðingja eins og hann hefði skilið ummæli mín við 2. umr. svo, að jeg væri að gefa landstjórninni ávítur; en það var engan veginn tilgangur minn.

Jeg skal að eins minnast lítið eitt á tillögur fjárlaganefndarinnar, að því er snertir gufuskipaferðirnar, því það er allt of umfangsmikið efni til þess, að jeg geti farið nákvæmlega út í það. — Var það einkum eitt atriði við tölul. II., er jeg vildi taka fram, nefnilega atriðið um, að alþingi ákveði viðkomustaði strandbátanna. Mjer finnst við hafa fengið reynslu fyrir því, að það sje ekki heppilegt, að láta þingið semja áætlun um það, heldur ætti landshöfðingi að gera það eptir tillögu sýslunefndanna.

Jeg treysti mjer ekki að greiða atkvæði með breytingartill. á þingskj. 315, því úr því deildin sumpart hefir skert og sumpart fellt hinar aðrar styrkveitingar til slíks, sem sótt hefir verið um, þá sje jeg enga ástæðu til að veita þessum manni 1200 krónur á ári. — Það, sem hann hefir sýnt, virðist mjer ekki vera annað en almenn sænsk leikfimi, sem læra má eptir góðri kennslubók. Mjer finnst því að rjettara hefði verið að halda sjer við hina, sem yrðu ódýrari.

Að því er snertir breytingartill. á þingskjali 329, þá finnst mjer heppilegast, að samþykkja hana eins og hún liggur fyrir, og ekki binda þennan styrk við Útgerðarmannafjelagið, auk þess, sem það heldur ekki er útilokað með þessari breytingartill. Það gæti líka verið að menn fyndu heppilegri aðferð til að koma þessu í kring en þá, sem Útgerðarmannafjelagið hefir hugsað sjer. Eptir því, sem jeg hef komizt næst, finnst mjer engin ástæða til að binda þennan styrk við það, að byggja þurra skipakví. Menn segja auðvitað, að það sje ástæða til þess af því, að sjómaðkur eyðileggi skipin, ef þau ekki standi á þurru landi vetrarlangt, og hefir hjer í þinghúsinu staðið sýnishorn af því, hvernig sjómaðkur hafi eyðilagt bryggjustuðul. Jeg bar þetta fyrir þann mann, er hjer er álitinn færastur að dæma um slíkt, Bjarna cand. Sæmundsson, og gaf hann mjer þá upplýsingu, að skemmdirnar á bryggjustuðlinum stöfuðu af krabba og ekki af trjeormi, og sagði, að engin hætta væri á, að þessi krabbi legðist á sjóskip, þó þau lægju í sjó. Jeg sje því enga ástæðu til að binda þennan styrk við þurra skipakví. Jeg hef líka heyrt, að Útgerðarmannafjelagið hefði í hyggju að byggja þessa skipakví á stað, sem lægi í töluverðri fjarlægð frá Reykjavík. Þó jeg annars að öðru leyti láti mig það litlu skipta, þá vildi jeg þó helzt styðja að því, að þessi skipakví lægi sem næst Reykjavík, og mundi það styðja að vexti bæjarins. Ef hún aptur á móti lægi annarsstaðar, langt frá bænum, þá yrði hún heldur til þess að draga frá bænum, og álít jeg ekki rjett að haga fjárveitingum á þann veg, allra sízt ef hjer væru eins góð skilyrði fyrir höndum. Jeg get því ekki verið með því að binda hendur manna með þetta, og sízt meðan málið er svo lítt rannsakað.

Undir breytingartill. á þingskj. 335, um gufubátaferðir á Breiðafirði og Ísafjarðardjúpi, hef jeg skrifað með þeim fyrirvara, að jeg hallaðist að tillögu fjárlaganefndarinnar viðvíkjandi skilyrðunum. Sama er að segja um síðari breytingartill. á sama þingskjali. Jeg vil hjer ekki setja nein skilyrði fyrir

lagningu frjettaþráðarins, er gætu orðið til þess, að fjelag það, er í hlut á kynni að misskilja þau, og þannig máske stuðla til þess að þetta fjelli niður. Mjer finnst því bezt að fresta öllum skilyrðum í þessa átt nú sem stendur, og er nógur tíminn að koma fram með þau á alþingi 1899, ef ekki verður búið að leggja þráðinn fyrir lok fjárhagstímabilsins. Jeg vil ekki að svo stöddu fæla fjelagið með neinum skilyrðum, og er að því leyti á sama máli og h. framsögum. (J. J.).

Jón Þórarinsson: Jeg ætla að eins að tala örfá orð um breytingartill., sem jeg stend fyrstur á, viðvíkjandi styrk til cand. Magnúsar Magnússonar til að kenna hjer ókeypis leikfimi. Jeg gat þess við 2. umr., að jeg mundi koma fram með þannig lagaða breytingartill. og hún liggur nú hjer fyrir. Jeg er þakklátur h. framsögum. fjárlaganefndarinnar (J. J.), sem hefir tjáð, að meiri hluti nefndarinnar væri hlynntur þessari tillögu. Hjer er ekki tími til fyrir mig að halda langan fyrirlestur um nauðsyn og ágæti hinnar ensku leikfimi. Jeg veit að mörgum h. deildarmönnum er kunnugt um ágæti líkamsæfinga yfir höfuð, og að þeir kunna að meta ágæti hinnar ensku leikfimi sjerstaklega. — Hinir, sem kann að skorta þekkingu á þessum hlutum, verða þá að greiða atkvæði eptir því, hverja trú þeir hafa á leikfimisæfingum. Jeg hef heyrt það á sumum utanþings, að þeir hafa haldið, að það væri meining mín, að þessi maður ætti að kenna við latínuskólann á þann hátt, að hann kæmi í staðinn fyrir hinn núverandi kennara í leikfimi. Jeg skal taka það fram, að þetta hefir aldrei verið meining mín en mjer finnst styrkur sá, er leikfimiskennaranum nú er ætlaður á fjárlagafrumv. til siglingar, allt of lítill til þess, að hann geti lært nokkuð verulegt nýtt, og mundi hann koma úr utanförinni lítið fróðari en áður. Sá maður, sem um er að ræða á breytingartill., hefir sýnt þinginu leikfimi sína; jeg gat því miður ekki verið viðstaddur; en jeg hef heyrt, að þeim þingmönnum, sem sáu hana, hafi getizt vel að.

H. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) áleit, að menn gætu fengið innfærða leikfimiskennslu hjer á hentugri og ódýrari hátt; en hann benti ekki á, á hvern hátt það sje hægt. Þessi maður er alinn upp í skóla á Englandi, og hefir þar fengið svo mikla »rutine«, að leikfimin er orðin eins og blóð at hans blóði, og þarf slíkt að vera, ef kennslan á að koma að verulegum notum. Jeg álít það því vænlegra til að bera góðan ávöxt, að fá slíkan mann til þessa starfa, heldur en að senda mann hjeðan út um stuttan tíma til að læra, og er reynsla fengin fyrir, að opt hefir sjezt lítill árangur at því.

Eptir undirtektum h. framsögum. (J. Jónss.) að dæma, vona jeg að deildin samþykki þetta, enda er ekki víst að slíkt tækifæri bjóðist fljótt aptur, ef menn nú hafna því.

H. þm. Húnv. (B. Sigf.) hafði verið að minnast á skóla þann, sem jeg stend fyrir, um daginn, þegar jeg var ekki viðstaddur, og með því að mjer er því ókunnugt um, hvað það var, sem hann sagði, get jeg ekki svarað honum að sinni. Hann hefir nokkrum sinnum áður minnzt á þennan skóla, og geri jeg ráð fyrir, að ummæli hans í þetta skipti hafi verið af líkum toga spunnin. En því heldur er óþarft að svara þeim.

Að því er snertir tillögur nefndarinnar um gufuskipaferðir, þá vildi jeg óska, að nefndin hefði komizt að þeirri niðurstöðu að leggja minna til ferðanna milli Íslands og útlanda. Jeg ímynda mjer að fullnægjandi millilandaferðir

mundu haldast uppi, þó ekkert væri til þeirra lagt, því »konkurrencen« er svo mikill, en strandferðirnar kasta enn litlu af sjer, og er því enn sem komið er nauðugur einn kostur, að leggja fje til þeirra. Jeg býst nú samt sem áður ekki við miklum árangri af að mæla á móti þessu, og skal því ekki tefja tímann með því.

Einar Jónsson: H. þm. A.-Skaptf. (J. J.) tók mig til sem sjerstaklega mótsnúinn fjárveitingunni til vegagerðar í Austur-Skaptafellssýslu, og setti þar í samband við setningu um þá hreppapólitík, sem neitar öðrum um fjárframlag, til þess að geta náð í sem mest sjálfur, og virtist mjer sem hann ætli mjer það. En jeg mótmæli hvorutveggju. Jeg hef að vísu greitt atkvæði á móti þeirri fjárveiting, sem hann talar um, vegna stefnu þeirrar, sem fjárlaganefndin tók í þessu atriði, og hef þó máske minnst allra nefndarmanna verið á móti henni. En að jeg hafi verið móti þessari veitingu, af því að jeg vildi geta dregið þeim mun meira fje til míns kjördæmis, þá getur það auðvitað ekki verið rjett, þar sem það fje er mjög lítið, sem nú er beðið um til Austfirðingafjórðungs, að undanskildu fjenu til brúarinnar yfir Lagarfljót, og það er þó svo sjerstaklegs eðlis, að það getur ekki komið hjer til mála. Og þó að jeg hafi greitt atkvæði með fjárveitingu til sýsluvega annarsstaðar, þá var það sannarlega ekki af því, að jeg vildi hafa þessa sýslu út undan. Jeg vona, að það komi miklu fremur Austur-Skaptafellssýslu til góða, að jeg hef fylgt því fast fram, að sú stefna væri tekin upp í nefndinni, að leggja meira fje til þjóðvega en flutningabrauta, svo að miklu meira fje verður eptirleiðis til umráða til þjóðvega en áður. Jeg hjelt satt að segja, að sýsluvegur og þjóðvegur fjelli saman í Austur-Skaptafellssýslu, og áleit ekki Austur-Skaptfellingum um megn að leggja veg sjálfir á þessum litla sýsluvegarspotta, sem hjer er um að ræða, þar sem ekki er áætlað að það kosti meira en 3000 kr.

Svo jeg minnist fáum orðum á veginn frá Þjórsá austur Rangárvöllu, þá er það auðvitað, að þjóðvegur er ódýrari en flutningabraut, en jeg get þó því að eins verið því samþykkur, að leggja þar þjóðveg, að hann sje lagður svo, að hann spilli ekki síðar fyrir lagningu flutningabrautar, og vildi jeg einkum haga því þannig, að síðar mætti gera flutningabraut úr þjóðveginum, ef það þætti rjettara. Þar sem h. þm. Dal. (J. P.) um daginn var á því að mjókka brautirnar, þannig, að þær væru 5 álnir í stað 6, þá gæti jeg verið með því um allar flutningabrautir, ef þær væru samt sem áður nógu breiðar, því að það væri auðvitað sparnaður. En að leggja 5 álna breiðan veg fyrst og breikka hann síðar um 1 alin, ef þörf þætti á, get jeg ekki samþykkt. Það mundi kannske verða til sparnaðar í svipinn, en miklu meiri kostnaður síðar. Jeg fyrir mitt leyti vil hafa þá trú, að flutningabrautir reynist gagnlegar, og að þær þá líka muni koma með tímanum, og vil því ekki gjöra ráð fyrir því nú, að það muni eigi verða haldið áfram að byggja þær síðar.

Ef því væri tekin upp sú stefna, að gera þjóðveg austur frá Þjórsá, en ekki flutningabraut, þá treysti jeg því að byggingamennirnir láti vera svo langt á milli skurðanna, að síðar mætti breikka veginn og gera hann að flutningabraut. Ef nú svo færi, að breyt.-till. sú, sem fer í þá átt að gera þjóðveg þar eystra í staðinn fyrir flutningabraut, næði samþykki, þá mundi jeg

heldur ekki vera beinlínis á móti því, að byrja flutningabraut í Eyjafirði, þó jeg annars yfir höfuð haldi þeirri stefnu, að byrja, ekki á flutningabrautum í öðrum hjeruðum fyr en búið er að fá reynslu fyrir því fyrir sunnan, hvort þær koma að tilætluðum notum.

H. þm. V. Skaptf. (Guðl. G.) minntist á, að mönnum mundi nægja að hafa góðar kennslubækur í þeirri leikfimi, er ætlazt væri til að cand. Magnús Magnússon kenndi. Jeg verð að mótmæla því, að menn geti haft full not af kennslubókum í leikfimi, því þó þær geti gefið leiðbeiningar, þá eru þær ekki einhlítar, og verður verkleg kennsla að fara fram að auki, ef nokkurt verulegt gagn á að verða að því.

Jón Jensson: Jeg hef ekki nema eina breyt.till. til að mæla með. Það er einkennilegt við hana, að hún sýnist hafa inni að halda töluvert nýmæli, eptir því sem er að heyra á þeim h. deildarm., sem um hana hafa talað.

Við 2. umr. minntist jeg á að vera mætti, að jeg kæmi með breyt.till. þessa, en skaut því þó til h. fjárlaganefndar, hvort hún vildi ekki taka hugmyndina upp, og gjöra hana að sinni tillögu. Mjer datt þá ekki annað í hug, en að h. nefnd mundi taka þessu feginshendi. En h. nefnd er enn ekki komin lengra en það, að hún þykist ekki skilja tillöguna og tilgang hennar. Einn h. nefndarmaður hefir verið svo kurteis að kalla hana sprottna af kjánaskap, og segja að hún bæri vott um skort á allri skynsemi. Jeg þarf ekki annað en tilfæra þessi orð, til þess að allir h. deildarmenn viti, við hvern jeg á, því það er ekki nema einn maður hjer í deild, sem brúkar slík orð, í stað þess að bera fram ástæður.

Breyt.till. fer fram á það, að komið sje á föstum vagnflutningaferðum frá Reykjavík og austur í Rangárvallasýslu 1—2 í viku. Ástæðan fyrir tillögu þessari er sú, að þrátt fyrir það, þótt varið hafi verið fleiri hundruðum þúsunda króna til flutningabrauta austur í Rangárvallasýslu, þá hefir enn ekkert gagn orðið að þessum dýrkeypta vegi sem flutningabraut; það hefði mátt gera góðan reiðveg þangað austur, fyrir ef til vill þrefalt minna fje, en nú var ráðizt í að setja þessi hjeruð í samband hvort við annað, á sama hátt og vant er að sameina hjeruð hjá öðrum þjóðum, og færa þau þannig nær því stigi, sem menningarþjóðirnar standa á.

Við hugsuðum svo hátt, þegar stóra málið var á ferðinni hjerna um árið, að leggja járnbraut úr Reykjavík austur í Rangárvallasýslu. Það varð nú ekkert af því, og ekki ólíklegt að það eigi nokkuð í land. En þær ástæður, sem voru til þess að það mál fjekk eitt einasta atkvæði hjer á þingi, þær ættu að vera margfalt sterkari hjer. Þingið er nú búið að láta leggja akbrautina; en svo kemur spurningin um það, hvernig eigi að fara að gera allt það fje, sem til brautarinnar hefir gengið, arðberandi. Það var sagt hjer í þingsalnum í dag, að þegar búið væri að leggja einar 5 miljónir til einhvers fyrirtækis, þá væri það vitleysa og laust við alla skynsemi, að kosta til 6. miljóninni, til þess að gera fyrirtækið arðberandi. Mjer aptur á móti fyndist það fjarska skynsamlegt; en það gat hann nú ekki skilið, maðurinn, sem hjelt hinu fram; það var ekki heldur til þess að ætlast af honum.

Tillagan fer fram á að leggja fram einar 1000 kr. á ári, til þess að vegur, sem kostað hefir svo mikið, að árlegar rentur af þeirri upphæð eru milli 10 og 20,000 kr. og sem kostar annað eins í árlegt viðhald, — til þess að slíkur vegur, sem nú er arðlaus, borgi allt þetta framlag. Jeg hjelt í sannleika, að ekki

þyrfti annað en að ympra á þessu, til þess að allir tækju því feginshendi. Spurningin er að eins, hvort upphæðin sje ekki allt of lág. Það getur verið að svo sje; jeg vildi ekki vera of stórtækur, og satt að segja vona jeg að komast megi af með hana. Það hafa sumir sagt, að hjeraðsstjórnirnar ættu að koma á flutningum þessum. Víst ættu þær að geta komið þeim á, og þá þyrfti landsstjórnin ekki að skipta sjer af máli þessu. En reynslan hefir nú sýnt, að þær hafa hingað til látið það vera, þó að liðið sje 1—2 ár, síðan þær höfðu fulla hvöt til að gera það. Það útheimtast töluverð samtök hjá hjeraðastjórnunum til þess að koma flutningunum á, því að það eru í raun og veru 3 sýslur, sem þeirra hefðu not: Árnessýsla, Rangárvallasýsla og að nokkru leyti Skaptafellssýsla. Það sýnist heldur engin knýjandi ástæða til að heimta þessi samtök af þeim, einkum þegar þetta fyrirtæki er sett við hliðina á gufubátaferðunum. Þessir vagnflutningar eru eins konar gufubátaferðir á landi; og ef landsstjórnin tekur að sjer að koma vagnflutningunum á, þá er það að sýnu leyti eins og þegar hún leigir gufuskip, til þess að greiða fyrir samgöngum í þeim sýslum, sem gufuskipaferðir geta notað. Einmitt af þessari ástæðu hef jeg skipað viðaukatillögunni sæti í 12. gr. C, en ekki í 12. gr. B, af því að ekki er farið fram á fje til vegabóta, heldur til samgöngubóta, sem fullkomlega má setja við hliðina á gufuskipaferðunum.

H. framsögum. (J. J., þm. Eyf.) þóttist ekki skilja í því, hvernig þetta ætti að koma til framkvæmda, og spurði, hvort hjer ætti að skipa farstjóra. Jeg geri ráð fyrir, að h. framsögum. (J. J., þm. Eyf.) hafi verið að gjöra að gamni sínu, því að mjer finnst það ólíklegt, að h. þm. hafi verið svo fjarri því að skilja það, til hvers hjer er ætlazt. Tilætlunin er, að landsstjórnin sjái um framkvæmd þessa máls, og jeg get ekki skilið, að svo mikið umstang sje við það, að henni þurfi að verða nokkur skotaskuld úr því. Jeg ímynda mjer, að það gangi þannig til, að landsstjórnin kaupi hentugan flutningavagn, og fái svo einhvern til að taka að sjer ferðirnar, á sama hátt og hún fær nú póstana til að taka að sjer póstferðirnar. Jeg geri ráð fyrir, að þessi flutningamaður leggi sjer sjálfur til hestana, en stjórnin fái honum vagninn. Ennfremur gjöri jeg ráð fyrir, að stjórnin ákveði flutningsgjaldið, og að hún annaðhvort ákveði fastan styrk til ferðanna, og veiti svo þeim starfið, er hún telur álitlegastan til að leysa það vel að hendi, eða hún gefi mönnum kost á að koma fram með undirboð. Jeg skal bæta því við, að jeg álít ekki að þessar ferðir eigi beinlínis eða eingöngu að vera póstferðir; og því er ekki meiningin, að þær að sjálfsögðu heyri beint undir póststjórnina, en auðvitað geta þær leitt til þess, að aðrar póstferðir leggist niður eða fækki.

Ef einhver finnur ástæðu til að misskilja þetta enn, þá skal jeg fúslega leitast við að skýra það, en satt að segja hjelt jeg að það væri ekki svo þungskilið, að hægt væri að villast á því. — Þá skal jeg minnast á leikfimiskennsluna. Jeg sje að hjer er komin fram tillaga um að veita 1200 kr. á ári til nýs leikfimiskennara. Jeg vil leggja mitt bezta til að sú tillaga fái framgang. Reyndar var jeg ekki svo heppinn að geta verið við, þegar umsækjandinn sýndi leikfimi sína; en eptir því, sem jeg hef heyrt frá því sagt, skil jeg ekki í að vjer fyrir jafnlitla peninga getum fengið jafnmikla bót á leikfimiskennslu hjer, eins og með því að veita fje þetta.

Landshöfðingi: Það hefir verið skorað á mig úr fleiri en einni átt, að segja álit mitt um breyt.till. á þingskj. 321, sem fer fram á aðra skiptingu en gjörð var í fjárlagafrumv. á fje því, sem ætlað er til flutningabrauta og þjóðvega. Breytingin er aðallega fólgin í því, að í stað þess sem í frumv. er ætlað allmikið fje til flutningabrautar austur eptir Ásahreppi, þá skal að eins lagður þar þjóðvegur. Það getur enginn ágreiningur verið um það, að vegurinn um Ásahrepp sje þjóðvegur samkvæmt vegalögunum, því að þar liggur aðalpóstleið. En hins vegar er það ákveðið í vegalögunum að flutningabraut skuli liggja úr Reykjavík og austur í Rangárvallasýslu, og eins og h. 1. þm. N. Múl. (E. J.) tók fram, þá er ekki nóg að vegurinn liggi að eins að sýslumótunum, heldur hlýtur meiningin að vera, að hann liggi eitthvað inn í sýsluna. En hins vegar er þess að gæta, að eptir hinum gildandi vegalögum er harla lítill munur á flutningabraut og þjóðvegi, einkum ef til er tekið, að hann skuli vera akfær, þá þekki jeg engan verulegan mun á honum og flutningabraut, því að ekki er annað ákveðið um flutningabrautirnar en að þær skuli vera akfærar. Jeg get því ekki sjeð neitt á móti, þótt ákveðið sje að lagður sje þjóðvegur um þetta svæði, einkum ef það er tekið fram að hann skuli vera akfær, og nú hefir það verið tekið fram, að auðvelt sje að gera veginn akfæran þar austur eptir, svo að ekkert sýnist á móti að taka upp það ákvæði. Jeg er hræddur um að það sjeu einhverjar endurminningar frá eldri lögum, sem vaki fyrir mönnum, ef þeir ætla að flutningabrautir þurfi að vera svo og svo breiðar, og með ákveðnum halla. Nú er að eins tekið fram að þær skuli vera svo, að hlaðnir vagnar geti mætzt á þeim.

Jeg sem sagt sje ekkert á móti því að þessi vegur sje fyrst um sinn gerður sem þjóðvegur; munurinn kemur þá ef til vill fram í því, að hann verður ekki alstaðar svo breiður, að hlaðnir vagnar geti mætzt á honum, en úr því má bæta með því að haga svo til, að þeir þó geti mætzt á ákveðnum stöð um, svo að umferðin þurfi ekki að stöðvast. Jeg sje ekki þörf á að rekja hinar aðrar breytinga- og viðaukatillögur; h. framsögum. (J. J., þm. Eyf.) hefir gjört það rækilega, og jeg get vel fellt mig við flest af því, sem hann tók fram. Jeg hef ekki komið með neina breyt.till. að þessu sinni, því að ef jeg hefði gert það, þá hefði það verið í þá átt að setja inn liði, sem felldir hafa verið úr stjórnarfrumv; en jeg kann ekki við að koma með tillögu um að setja það inn aptur, sem h. deild hefir fellt fyrir 2—3 dögum; það liggur við að með því væri gefið í skyn að h. deild mundi ekki hafa yfirvegað atkvæði sitt vel. Mjer getur og gefizt kostur á að koma með breyt.till. í h. Ed., ef mjer sýnist ástæða til.

Benidikt Sveinsson: Jeg get sagt það mjer til hróss, að jeg hef ekki lengt umræður um fjárlögin að þessu sinni, og ætla ekki heldur að gera það að mun nú, jafnvel þó jeg eigi eina breyt.till. á þingskj. 337. Af því að vera má að breyt.till. þessi yrði misskilin, skal jeg þó fara nokkrum orðum um hana. Breyt.till. þessi er fyrst komin fram á 11. stundu, en hún er svo vaxin; að jeg tel það enga nauðsyn að eyða mörgum orðum henni til meðmælingar. Þingvellir við Öxará hafa svo gott nafn, að það mælir með sjer sjálft, og jeg efast ekki um að þinginu muni ljúft að veita 2500 kr. eitt skipti fyrir öll, til þess að stuðla að því að vistin verði sem þægilegust fyrir ferðamenn, jafnt útlenda sem innlenda, á hinum

fornhelga þingstað vorum. Jeg held að það sje ekki ofsögum sagt, að hjá flestum þeim, sem komnir eru til vits og ára, vakni þjóðlegar og veglegar hugsanir, þegar þeir heyra þennan stað nefndan, og renna huganum til fornaldarinnar og forfeðranna, sem þangað söfnuðust saman til starfa. Þó getur mjer að öðru leyti ekki dulizt, að mjer finnst þessi hugsunarháttur nokkuð hafa dofnað fyrir áhrifum hinna nýju strauma. Af því að jeg geri ráð fyrir að hver góður Íslendingur, og þá fyrst og fremst alþingi Íslendinga, vilji þó heldur glæða hann en deyfa, þá vona jeg að mönnum komi saman um að sýna beri þeim stað sóma, sem þessi hugsunarháttur ætti að vera tengdur við með sterkum böndum. Mjer getur ekki dulizt það, að hjer í landi hefir fest rætur sterkur indivídualismus, og þetta gildir ekki að eins einstaka menn, heldur og einstök hjeruð. Þetta á sjálfsagt rót sína að rekja til þess, að vjer byggjum á strjálingi stórt land, þar sem samgöngur eru strjálar og erfiðar, og af því að ólíkt hagar til í hinum ýmsu hjeruðum; vjer verðum eins og tvístruð hjeruð, þar sem hverjum hættir til að draga taum síns hjeraðs, en eigum erfitt með að fá heildar-yfirlit yfir alþjóðarhag og alþjóðarheill. En því nauðsynlegra er það fyrir oss að hafa sameiningarpunkta, sem dragi alla að sjer eins og Ólympsvellir Grikki forðum; og hver staður skyldi það vera, sem Íslendingum stæði nær og ætti að vera ljúfara að velja til þessa, en einmitt Þingvöllur. En eins og það er nauðsynlegt fyrir Íslendinga inn á við að hlynna að þessum stað, eins er það eigi síður út á við vegna útlendra gesta, sem vjer viljum draga að landinu; vjer getum naumast verið þekktir fyrir að vísa þeim þangað, og hafa ekkert skýli að bjóða þeim, hverju sem viðrar. Vjer getum varla ætlazt til þess, að presturinn á Þingvöllum taki að sjer þá skyldukvöð, að sjá gestum fyrir nægilegu húsnæði og beina.

Fyrir utan þetta er bein sanngirnisástæða til að veita fje þetta. Svo er mál með vexti, að fyrir mörgum árum var til hinn svo kallaði skýlissjóður, safnaður af góðum Íslendingum, sem nú eru komnir undir græna torfu; skal jeg þar nefna sjera Flannes sál. Stephensen og Jón sál. Guðmundsson Þessi sjóður óx til muna, og mun hann hafa verið orðinn 5—600 kr. 1874; þá hvarf hann á þann hátt, að honum var varið í kostnað við útbúning undir þjóðhátíðarhaldið á Þingvöllum af Jóni Guðmundssyni; þá var þar allmikið um viðhöfn, en lítið um fje, svo að grípa varð til sjóðs þessa. Eptir því sem jeg veit bezt, þá tók landssjóður síðar að sjer að greiða skuldir þær, sem fjellu á við þetta hátíðarhald, og eigi voru borgaðar á annan hátt. Þannig hefir landssjóður losazt við að greiða þær 500 kr., sem skýlissjóðurinn lagði að mörkum 1874, og sem nú væru orðnar með vöxtum og vaxtavöxtum talsvert á 2. þúsund kr., hefði sjóðnum ekki verið eytt. Ef til vill mun mönnum máske virðast, að það sje ekki nógu greinilega tekið fram, undir hvers stjórn húsbyggingin eigi að vera, en jeg bið h. þm. vel að gæta þess, að í skilyrðunum fyrir fjárveitingunni er sagt, að húsið sje ætlað bæði fyrir þjóðlegar samkomur og útlenda ferðamenn; með þessu er það óbeinlínis tekið fram, að landsjórnin eða landsh. hafi hönd í bagga með því að byggingunni verði svo hagað, að hún fullnægi þessum tilteknu augnamiðum, og að öðrum kosti ekki verði borgað út úr landssjóði; hygg jeg því að hjer sjer alltryggilega um hnútana búið, einkum þegar þess er gætt, að ætlazt er til að einstakir menn

leggi að minnsta kosti eins mikið fje fram til byggingarinnar eins og landssjóður, því að þess má vænta, að þeir muni hafa eptirlit með að fjenu sje sem haganlegast varið.

Jeg ætla svo ekki að fjölyrða meir um málið, en tek það að eins fram, að mörgum mundi þykja h. neðri deild mislagðar hendur, ef hún vildi ekki samþykkja þessa litlu fjárveitingu. Jeg skal svo ekki lengja umræðurnar um fjárlögin; það yrði hvort sem er oflangt mál, ef jeg ætlaði að fara að ræða um málið í heild sinni, enda get jeg ekki gert mjer von um að orð mín mundu hafa mikla þýðingu fyrir úrslit málsins, sem þegar munu vera orðin fastráðin.

Framsögumaður (*Jón Jónsson*, 2. þm. Eyf.): Jeg býst nú ekki við að umr. sje lokið um málið, þótt enginn þm. hafi beðið um orðið. Það eru einkum 2 atriði, sem jeg vildi tala um, og reyna að skýra.

Sný jeg mjer þá fyrst að því, sem h. 1. þm. Rangv. (S. Á.) og h. 2. þm. G.-K. (J. Þ.) sögðu um styrkveitinguna til gufuskipsferða. Jeg heyrði nú raunar ekki glöggt orð 1. þm. Rangv., en að því, er jeg komst frekast að, mun honum hafa þótt tillagið of hátt, og kvartaði mjög um að nefndin hefði hækkað það úr 35 þús. í 55 þús.

H. 2. þm. G.-K. (J. Þ.) fannst tillagið of hátt, að því er millilandaferðirnar snertir, en of lágt, að því er strandferðirnar snertir.

Jeg veit nú ekki, hvernig h. þm. fer að reikna þetta út, því að hjer verður samkvæmt till. nefndarinnar veittur einn og ódeildur styrkur fyrir bæði millilanda- og strandferðir. Samkvæmt frv. stjórnarinnar átti tillag til gufuskipafjelagsins að vera 35,000 kr. fyrir millilandaferðir, er jafnframt væri farnar kring um land. Auk þess var farið fram á 26,000 kr. tillag til fjórðungsbátanna, fyrir utan Faxaflóaferðirnar. Þetta eru ekki 61,000 kr. Aptur á móti verða eptir till. nefndarinnar tveir strandferðabátar á stöðugri hringferð í kringum landið í sambandi við millilandaskipin, og fyrir allt þetta fær fjelagið, sem tekur hvorartveggju ferðirnar að sjer, 55,000 kr. á ári tvö fyrstu árin og 50,000 kr. á ári þrjú síðustu árin, eða að meðaltali 52,000 kr. á ári, án þess að greinarmunur sje á gjörður, hve mikill partur tillagsins verði greiddur fyrir strandferðirnar og hve mikill fyrir millilandaferðirnar. Eptir stjórnarfrv. átti þetta að kosta landið 61,000 kr. og sýslurnar að auki 6,500 kr., og varð þannig kostnaðurinn fyrir landið alls nærfellt 70,000 kr., auk Faxaflóabátsins. Í hlutfalli við ferðafjöldann og í samanburði við núverandi og fyrverandi fyrirkomulag er óhætt að segja, að fyrirkomulag það, sem hjer er farið fram á, verður hið hagfeldasta og langódýrasta sem vjer nokkru sinni höfum haft eða átt kost á.

H. þm. Rvík. (J. Jens.) fórust svo orð, að nefndin hefði ekki viljað skilja till. sína. Jeg fyrir mitt leyti vildi reyna að skilja hana og vildi einnig gjarna reyna að skilja síðustu ræðu hans, en verð að játa, að mjer hefir ekki tekizt það að fullu enn. Á þetta fyrirtæki að rekast fyrir landssjóðsreikning eða eiga einstakir menn að reka það? Eptir því, sem jeg gat skilið, er hvorugt af þessu tilgangur hans. Mjer skildist það helzt vera meiningin, að fyrir þetta fje skyldi kaupa vagna, sem landssjóður svo leggi til ferðanna. En þá skilst mjer að einnig þurfi hesta eða eitthvert annað afl til að hreyfa þessa vagna. Og hver á svo að taka að sjer flutninginn? Og hvernig stendur á því, að til þess þarf 1000 kr. á ári, þ. e. jafnmikið fje bæði árin? *(Jón Jensson*: Það er breyt.till. komin við þetta). Hana hef jeg því

miður ekki sjeð fyrr en nú í þessu augnabliki. Hún skýrir auðvitað málið fyrir mjer að nokkru leyti, en þó ekki að öllu, og þarf því frekari skýringar enn.

Jón Jónsson, þm. A.-Skaptf.: H. 1. þm. N. Múl. (E. J.) hefir misskilið mig. Jeg setti ekki till. mína í neitt samband við Lagarfljótsbrúna. Það tvennt á ekkert skylt saman, því að annað er smámál, en hitt er stórmál, og þau geta í engan bága komið hvort við annað. En hitt þykir mjer undarlegt, ef það er brýnni þörf á brúnni í Eyjafjarðarsýslu heldur en á veginum til Hornafjarðaróss. Engin sýsla á landinu hefir farið fremur varhluta af afnotum strandferðanna, heldur en Austur-Skaptafellssýsla. En þegar vjer loksins höfum fengið einn viðkomustað, þá hagar svo til, að því nær ómögulegt er að ná til hans á landi. Það er ofvaxið jafnfátæku sýslufjelagi að byggja alveg á sinn kostnað 180 álna langa brú. Hitt hefir mjer aldrei í hug dottið, að vilja með þessu eða neinu öðru spilla fyrir Lagarfljótsbrúnni.

Jens Pálsson: Jeg skal minnast á breyt.till. mína á staflið 16 (þingskj. 321), að orðið »akfærs« bætist inn í á undan orðinu »þjóðvegar«. Þessi till. er fram komin til að nema burtu ótta fyrir því, að þjóðvegur þessi verði ekki nýtur sem kerruvegur. Jeg veit að það er bráðnauðsynlegt að leggja veg frá Þjórsárbrúnni austur á Rangárvöllu. Sömuleiðis er sótt með miklu kappi að fá akveg lagðan í Eyjafirði. Bezta úrræðið til að fá þessu hvorutveggju framgengt er það, að vegurinn í Rangárvallasýslu verði ekki breiðari en vanalegur þjóðvegur, en þó hæfur fyrir akbraut hvað hallann snertir. Eins og hæstv. landsh. tók fram, er engin ákveðin breidd veg-tegunda tiltekin í nú gildandi vegalögum; 5 álna breiður vegur getur því vel verið akbraut. Að hafa akbrautir 6 álna breiðar, en þjóðvegi 5 álna breiða hefir að vísu verið venjan síðan 1894, að hin nýju vegalög komu í gildi; en út af þeirri venju má auðvitað bregða, þegar sjerstakar knýjandi ástæður eru fyrir hendi, því lögin ákveða ekkert um breidd veganna. Jeg þykist vita að kerrur, sem notaðar mundu verða fyrst um sinn á veginum austan Þjórsár, munu ekki verða stærri en svo, að nota megi á 5 álna breiðan veg. Á honum mætti og með vissum millibilum hafa breiða smá-kafla, þar sem stærri vagnar gætu mætzt og farið hver fram hjá öðrum. Jeg vona því að menn fallizt á till. á þingskjali 321 ásamt breyt.till. minni.

Þá vildi jeg minnast á till. þm. Rvík. (J. Jenss. 332), og í sambandi þar við á breyt.till. á þingskj. 352 um fjárveiting til vagnferða úr Reykjavík austur í sýslur. Jeg er principielt alveg samdóma h. þm. Rvík. (J. Jens.). Eins og hann sagði, er tilgangurinn að stíga spor í þá átt, að fara að nota brautina sem akbraut, og væri það næsta uppörvandi, ef landssjóður gæfi þannig fyrirmynd þess, hvernig slíka vegi ber að nota, og hvernig haganlegastan flutningsvagn megi fá. Framsögum. þóttist enn, eptir ræðu þm. Rvík. (J. Jens.), ekki hafa fengið nægа skýring á fyrirkomulaginu, og skal jeg því leyfa mjer að gera ýtarlegri grein fyrir, hvernig tillögumenn hafa hugsað sjer það. Fyrst er ætlazt til að verja nokkru af fjenu, segjum t. d. 500 kr., til að kaupa góðan flutningsvagn, og þegar hann er fenginn, ásamt aktygjum, þá sje boðið upp á undirboðsþingi, hver vilji taka að sjer ferðirnar og leggja til hesta fyrir lægstan styrk, sem þó er ætlazt til, að ekki fari fram úr því, sem fjárveitingin

hrekkur til hvort árið. Með þessu fengjust flutningaferðir mjög hagkvæmar fyrir bændur, til að skiptast á sendingum við höfuðstaðinn á talsvert ódýrri hátt en nú er, þegar hvert smáræðið verður að kosta sjerstaka ferð. Með þessum ferðum mætti og senda blöð og aðrar póstsendingar, og þegar vegurinn er lagður svo langt, mætti sjálfsagt spara klyfjaflutning á póstkoffortum austur að Odda. Er ekki ólíklegt að með því einu mætti ef til vill spara á póstflutningum eins mikið og styrknum til þessara vagnferða nemur. Þegar menn svo færu að venjast að nota þessar ferðir, gætu þær unnið sig upp svo, að styrkur með tímanum yrði óþarfur.

Jeg þekki tvo menn í Þingvallasveit, sem í vor keyptu sjer flutningsvagn, er þeir ætluðu að hafa til milliferða milli sín og Reykjavíkur yfir Mosfellsheiði. En svo hef jeg frjett, að vagninn sje óþarflega viða-mikill og óhæfilega þungur, svo að varla veiti af tveim drógum til að draga hann lausan. Þannig er einstökum fáfróðum mönnum hætt við að renna blint í sjóinn og kaupa óhæfileg áhöld. Þetta verður svo til þess að draga kjarkinn úr þeim og öðrum. »Þetta er ekki til neins«, segja menn svo, og fá þá trú, að það sje ógerlegt að aka með vögnum í þessu landi, eins og annarstaðar í heiminum. Landssjóður má gera ráð fyrir að hafi betri forsjá við kaupin; en það er mjög áríðandi, að hið bezta og hentugasta fáist, þegar fyrst er keypt, svo það geti orðið öðrum til uppörvunar og fyrirmyndar. Kæmist þetta á, mundi mönnum þykja mjög vænt um slíkt fyrirmyndardæmi, og helztu menn austan fjalls mundu taka sig saman um, að láta slíkan vagn ávallt hafa nóg að gera. Notin af slíkum vagnferðum geta haft að sínu leyti sviplíka þýðingu fyrir Árnes- og Rangárvallasýslu eins og strandferðabátarnir fyrir hinar sýslur landsins. Notin, sem af þessu má hafa, geta orðið svo fjarskamikil, en fjárframlagið til þess að hinu leytinu svo fjarskalega lítið, að jeg vona að h. þingdm. hugsi sig vel um, áður en þeir hafna þessari tillögu, sem getur haft svo ótrúlega mikla þjóðmenningarlega (civilisatoriska) þýðingu fyrir aldna og óborna.

Þá vil jeg minnast á breyt.till. mína á þingskj. 357, sem fer fram á, að sameina megi styrkveitingarnar til gufubáts á Breiðafirði og Faxaflóa. Það stendur nú svo vel á, að nú höfum vjer til Faxaflóaferðanna gufubát, sem er sjerstaklega hentugur, hæfilega stór og vel lagaður til þessara ferða. Hann vil jeg með engu móti missa; en skilyrðið fyrir að hann haldist við er, að hann fái meira að gera, því að reynslan í sumar hefir sýnt, að hann getur gert meira, og því finnst mjer liggja beint við að stækka verksvið hans, og láta það einnig ná til Breiðafjarðar, þar sem Breiðfirðingar hafa óskað gufuskipsferða og hafa án efa þörf á þeim.

Sje þessum Faxaflóagufubát einnig ætlað að fara til Víkur, verður hann að notum alla leið úr Barðastrandarsýslu og austur í Skaptafellssýslu. Jeg skal í sambandi við þetta geta þess, að jeg talaði við fulltrúa útgjörðarmanns gufubátsins, Björn Guðmundsson, í dag, og ljet hann í ljósi, að æskilegt væri að báturinn hefði meira að gjöra og færi heldur um stærra svæði, og taldi hann víst, að frá útgerðarmannsins hálfu mundi ekkert því til fyrirstöðu. Hvað fjártillaginu viðveik kvaðst hann ekki geta gefið nægilegar upplýsingar, en taldi líklegt, að ekki mundi það þurfa að vera tiltölulega hærra en nú. Þar sem í frv. er ætlað 7,500 kr. til gufubáts á Faxaflóa, og í breyt.till. er far-

ið fram á 2,500 kr. til báts á Breiðafirði, þá yrðu það allt í allt 10,000 kr. Jeg verð að ætla, að hægt mundi að fá bát fyrir 10,000 kr. styrk fyrir allt svæðið, en þó skal jeg ekki segja neitt ákveðið um það. En ef einum bát yrði ætlað allt svæðið, verð jeg sterklega að mæla með, að skilyrðin um framlag frá sýslufjelögum yrðu felld burtu, því það yrðu þá 10 sýslufjelög, sem ættu að koma sjer saman, bæði um ferðaáætlun og styrkveitingu. Og þótt svo væri að sumar ferðirnar, t. d. austur, yrðu farnar af einhverjum öðrum bát, t. d. bátnum »Oddur«, þá yrðu það samt 7 sýslufjelög, sem þyrftu að koma sjer saman. Það eru opt miklir erviðleikar að koma á samkomulagi, þar sem margir eiga hlut að máli, og vafasamt nema það kynni að geta orðið fyrirtækinu að falli. Þetta svæði er svo stórt, að það mundi samsvara fjórða parti alls Íslands strandlengis, og að fólksfjölda líklega þriðjungi allra landsmanna. Það virðist því ekki nema sanngjart, að sá bátur, sem fara ætti um svo stórt svæði, yrði styrktur úr landssjóði, án þess skilyrðis, að hann yrði styrktur af sýslufjelögunum, einkum þar sem nú er í ráði, að aðrir bátar bæði fyrir norðan og austan gangi eingöngu fyrir styrk úr landssjóði, og eiga þeir þó líklega að koma inn á hverja höfn. Jeg er heldur ekki óhræddur um, að það kynni að valda óánægju hjá sýslufjelögunum, ef aðrir landshlutar fengju báta eingöngu styrkta úr landssjóði, en þau yrðu að leggja fje til. Færi svo, að oftítið fje yrði veitt, svo að ekki væri hægt að fá bát fyrir það, þá tel jeg hreint og beint hægra, að fá fje hjá privatmönnum en sýslufjelögunum; svo miklum örðugleikum mundi það bundið, ef um svona stórt svæði væri að ræða. Af þessum ástæðum vil jeg, að Faxaflóabáturinn gangi nokkrar ferðir til Breiðafjarðar, og vil því sameina styrkinn til Faxaflóa og Breiðafjarðar, en fella burtu styrkinn frá sýslufjelögunum. Hjer er einnig komin fram tillaga um styrk til gufubáts á Ísafirði, og álít jeg ástæðu til að veita hann. Það mundi þeim tilfinnanlegt, ef þeir ættu nú að missa gufubátsferðir, þar sem þeir eru orðnir þeim vanir, en hjer stendur nokkuð öðruvísi á, þar sem einkum er um einn afmarkaðan fjörð að ræða, og auk þess að eins ein sýsla, sem notin hefir. Jeg sje þess vegna ekkert á móti því, að skilyrðinu um styrk frá sýslufjelaginu yrði haldið þar, því þar er engum erfiðleikum bundið að fullnægja því.

Á hinu stóra svæðinu, suð-vesturströndinni aptur á móti, þarf skilyrðið endilega að fellast burt, ekki að eins vegna jafnrjettis við Norður- og Austurland, heldur einkum vegna erfiðleika á samvinnu og samkomulagi. Það er engan veginn fjárupphæðin, sem jeg legg mesta áherzlu á, því hún er í sjálfu sjer ekki svo stórvægileg, heldur eru það örðugleikarnir við að koma á samkomulagi. En ef skilyrðin verða felld burtu og styrkurinn sameinaður, hver á þá að semja um ferðirnar og hafa hönd í bagga með tilhögun ferðanna fyrir hönd sýslnanna? Sjálfsagt landshöfðinginn. Framkvæmdin mundi eðlilega falla svo, að bátseigandinn gjörði tilboð og legði fram ferðaáætlun, sem hvorttveggja lægi undir samþykki landshöfðingjans. Þetta voru nú þær breyt.till., sem jeg aðallega vildi minnast á, en jafnframt vil jeg drepa á lítið eitt fleira.

Jeg er mótfallinn tillögunni frá brúanefndinni, um að fá mann frá Noregi í viðbót við þann lærða verkfræðing, sem við höfum. Jeg veit ekki ann-

að, en að þessi verkfræðingur hafi reynzt vel. Hann fór utan með leyfi landsh. og mun þá hafa kynnt sjer bæði brúagjörð og fleira, en svo veiktist hann upp úr þeirri ferð og mátti um hríð ekki vinna. Þegar þess er gætt, að þessum tíma gat hann ekki varið til starfs, þá get jeg ekki annað sjeð en hann hafi afkastað eins miklu og búast mátti við. Þegar honum batnaði, fór hann að ferðast og svo um haustið tók hann að starfa að teikningum og öðru, sem að starfi hans lýtur, og má jeg fullyrða, að hann hefir starfað mikið.

Jeg veit heldur ekki til að neitt það sje komið fram, sem sanni að hann sje ekki fær til þess starfs, sem hann á að gefa sig við, og hann hlýtur að verða æ betur fær til þess, með vaxandi reynslu. Jeg get þess vegna ekki sjeð ástæðu til að fá annan mann, og sízt þar sem jeg er ekki viss um, að við þurfum eða getum lagt fje fram til þess að brúa margar brýr á sama árinu, en ef það er ekki, þá er heldur engin þörf á að gjöra áætlanir um þær allar í einu. Jeg get því ómögulega greitt atkvæði með þessari tillögu. Aptur á móti er jeg meðmæltur tillögu h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.), því jeg álít að það gæti verið einkarþarflegt, að hafa verkfróða menn, sem gætu gefið sig við hinum smærri verklegu framkvæmdum, en þurfa ekki að tefja aðalverkfræðinginn til þess. Jeg ímynda mjer, að ef einhver óánægja hefir verið með hann, þá hafi hún sprottið einkum af því, að menn hafi viljað fá hann til að skoða hreppavegi, sýsluvegi o. s. frv., en sú óánægja, sem kann að hafa risið út af slíku, er ekki á rökum byggð.

Þá ætla jeg að fara nokkrum orðum um breyt.till. frá h. þm. N.-Þing. (Ben. Sv.) o. fl. viðvíkjandi styrk til húsbyggingar á Þingvöllum. Jeg er þeirri tillögu svo hlynntur og fylgjandi, sem frekast má vera. Staðurinn sjálfur heimtar, að við nú loksins gjörum eitthvað fyrir hann. Allir útlendingar, sem hingað koma, fara til Þingvalla, ef þeir hafa nokkurt færi á því, og aðrir sem hingað koma til að skemmta sjer, fara allir þangað, ef viðstaða þeirra með nokkru móti leyfir þeim það. Þegar jeg var á Þingvöllum, munu skipaferðir hafa verið allt eins tíðar og nú, því þá voru skip Slimons opt á ferðinni, og þá var það æfinlega sjálfsagt, að þeir sem með þeim komu, ef þeir höfðu einn eða tvo daga aflögu, fóru allir til Þingvalla. Jeg fann sannarlega til þess þá, að það er ekki gott fyrir prestinn þar, að standa straum af öllum þeim gestum, bæði hvað húsnæði snertir og annað. Jeg fann sárt til þess, hvað það hlaut að vera ófullkomið, og reyndi jeg þó að gjöra mitt ýtrasta. Það veit jeg líka, að eptirmaður minn hefir gjört. Eins er það þegar fundarhöld hafa verið þar, þá hefir svo berlega komið í ljós, hver nauðsyn væri á skýli á þessum stað, að jeg þarf ekki að eyða orðum að því.

Það var áðan minnzt á fjárveitingu til undirbúnings undir stofnun landsspítala í Reykjavík. Það er komið inn hjá mönnum sem sjálfsagður hlutur, og sem ekki geti dregizt lengi, að hjer komist upp landsspítali, sem samsvari tímanum, og allir landsmenn eigi aðgang að, og á þingmálafundi Dalamanna kom fram sterk áskorun í þá átt. Jeg hygg að allir, sem kunnugir eru spítalanefnunni hjer í Rvík og ástandinu yfir höfuð, sjeu á einu máli um það, að þetta sje bráðnauðsynlegt. Við höfum tveir þm. og kannske fleiri hugsað okkur að koma fram með þingsályktunartillögu um, að stjórnin taki málið að sjer, og búi það undir næsta þing. — Þó það kunni að virðast of snemma upp borið, að fara fram á að veita fjeð,

áður en þingsál.tillagan er samþykkt, þá verður að skoða þetta sem slíka nauðsyn, að hjer geti varla verið að tala um frest. Þegar sjerstakir spítalar eru komnir á fót, er sjálfsagt að koma upp landsspítala. Við getum einkanlega búizt við, að hafa góða lækna hjer í Reykjavík, sem gjörir stórar operationir, og þurfa þeir þá að hafa góðan spítala, auk þess sem slíkur spítali er nauðsynlegt skilyrði fyrir læknaskólann.

Jeg skal svo ekki lengja umr. meira að þessu sinni.

Björn Sigfússon: Við 2. umr. fjárl. vakti jeg máls á því, að það væri æskilegt að læknaskólasveinar hefðu sem mest not af þessum sjerfræðingum, sem styrktir eru af landssjóði, og nú hefir h. 1. þm. G.-K. (Þ. Th.) ásamt fleirum komið fram með breyt.till., þar sem gjört er ráð fyrir að augnlækninum verði gjört að skyldu að halda ókeypis »klinik« einu sinni í mánuði, og sama ætti að gilda, að því er snertir tannlækninn. Af því að mjer finnst þetta »einu sinni í mánuði« vera öldungis ónóg, þá hefi jeg leyft mjer að koma fram með breyt.till. við þessa breyt.till., að í staðinn fyrir einu sinni í mánuði, komi einu sinni í viku. Jeg get ekki sjeð, að það væri mikil bót í því, þó þetta væri einu sinni í mánuði, og að það hlýti að verða mjög ófullkomin kennsla. Það stendur reyndar ekkert um það, hvorki í hinni upphaflegu breyt.-till. eða minni, hvort það ættu að vera að eins 1 eða 2 kl.tímar í senn. Væri það að eins 1 kl.tími, þá yrðu það líklega 9 kl.tímar á ári, því læknaskólinn stendur ekki nema 9 mánuði af árinu. Geta því allir sjeð, að þetta er svo lítið, að læknaskólapiltar mundu græða mjög lítið á þessu, en væri það 1 kl.-tími í hverri viku, væri það strax töluvert betra. Það sem fyrir mjer vakti er það, að jeg vil gjöra svo mikið, sem kostur er á, til þess að auka og bæta kennsluna á læknaskólanum, og vona jeg að allir þeir h. þm., sem unna þeim skóla og vilja halda honum, sjeu mjer samdóma um þetta. Mjer skilst að því væri nokkurn veginn líkt varið, ef kennslan ætti eingöngu að vera bókleg, eins og ef kenna ætti skósmið að búa til skó eptir bókum. Enda er það víst að kennarar skólans hafa fundið að fræðsla þeirra mundi bera margfalt meiri árangur, ef lærisveinarnir gætu átt kost á að taka þátt í verklegum æfingum, og einmitt þess vegna var það að landlæknir Schierbeck byrjaði á því að halda ókeypis klinik tvisvar í viku, 2 kl.tíma í senn, og munu hinir núverandi kennarar hafa fylgt sömu reglu. Ef kennararnir hefðu ekki álitið, að þetta væri nauðsynlegt fyrir lærisveinana, þá mundu þeir ekki hafa gjört það, því það liggur í augum uppi, að ekki er hægt að heimta þetta af kennurunum, þar sem það er ekki embættisskylda þeirra.

H. framsögum. (J.J.) fjárl.nefndarinnar gat þess, að nefndin mundi ekki geta fallizt á þessa breyt.till., »einu sinni í viku«, því það mundi svipta viðkomandi sjerfræðinga of mikilli praxis; en það er engin afsökun, því sama hlýtur að gilda um kennara læknaskólans, sem halda einmitt þessa ókeypis klinik, en það ber ekki á öðru en þeir hafi nóg að gjöra fyrir það.

Að því er snertir bæði augnlækni og tannlækni, þá hafa þeir svo mikið að gjöra, að naumast getur verið ástæða til að óttast þetta, því þó það aldrei nema tæki nokkuð frá þeim, þá ætti það að vera tilvinnandi fyrir þá, þar sem styrkurinn til hins fyrra er mjög ríflegur, og í sambandi við þetta er farið fram á að hækka styrkinn til hins síðara. Jeg skal geta þess, að engin

vissa er fyrir því, að tannlæknirinn mundi vilja bæta þessu við sig, ef hann ekki fengi nema 1000 kr., en hefi aptur heyrt að hann mundi fús til þess, ef hann væri hækkaður upp í 1200 kr. Ef læknaskólinn græddi á því, þá finnst mjer mest vera undir því komið, og þá ekki horfandi í að bæta við þessum 200 kr.; aðalatriðið er, að læknaskólinn hafi gagn af þessu, og þar gefist kostur á meiri verklegum æfingum.

Þegar maður athugar nú, hvaða borgun þessir kennarar læknaskólans fá fyrir tímann, sem þeir kenna, þá sjer maður að læknaskólakennarinn fær um 6 kr. fyrir tímann, en auk þess bætir hann við sig 2 stundum tvisvar í viku fyrir ókeypis klinik. Hjeraðslæknirinn, sem kennir færri tíma, og fær fyrir þann starfa sjerstaklega 800 kr. þóknun á ári, fær um 4 kr. fyrir tímann. Ef augnalæknirinn kenndi 2 tíma í viku, þá fengi hann um 28 kr. fyrir tímann og tannlæknirinn um 14 kr. Ef maður ber saman laun augnlæknisins og fasta kennarans við læknaskólann, þá sjer maður, að munurinn er að eins 400 kr., en kennaranum er gjört að skyldu að kenna milli 10 og 20 stundir á viku. Þegar því launamismunurinn er ekki meiri en þetta, þá getur maður naumast sagt, að sje til of mikils ætlazt af augnlækninum. Annaðhvort er, að láta þessa verklegu æfingu vera svo verulega, að hún komi að gagni og eitthvað lærist af henni, eða þá vera alls ekkert að káka við það, bara til að koma nafni á það, því það er verra en ekki neitt. Jeg vona því að hin h. deild fallist á þessa breyt.till. mína.

Jeg tel sjálfsagt að h. 1. þm. G.-K. (Þ. Th.) muni tala nánara um þetta mál, og þó hann hafi viljað ganga skemra en jeg, þá vona jeg að fá frá honum upplýsingar þessu viðvíkjandi. Ætla jeg svo ekki að tala fleira að sinni, og mun halda minni skoðun í þessu atriði, þangað til jeg kynni að fá aðrar betri upplýsingar.

Þórður Guðmundsson: Þó jeg eigi enga af öllum þessum aragrúa af breyt.-till., þá vil jeg samt leyfa mjer að gjöra nokkrar athugasemdir. Sá gjaldakafli, sem vakið hefir einna mestar umr. hjer í deildinni, er kaflinn um fjárveitinguna til flutningabrautar í Rangárvallasýslu. Þó hæstv. landsh. hafi reyndar gefið góðar skýringar í þessu máli, þá vil jeg samt bæta nokkru við, af því jeg sje að þetta er sprottið af misskilningi sumra háttv. þm. Engum getur dulizt, að þó brautin sje komin austur að Þjórsá, þá er hún ekki þar með komin inn í Rangárvallasýslu. Það er ekki þar með sagt, að þörf okkar Rangvellinga sje ekki mikið bætt með þessu, eins og líka tekið var fram af hæstv. landsh. og h. þm. N. Múl. (E. J.), en af því vegalögum frá 13. apríl 1894 er ekki fylgt með þessu, þá get jeg fyrir mitt leyti ekki fallizt á það.

H. þm. Strand. (Guðj. G.) kastaði því fram að jeg hafi sagt, að jeg hefði ekki meiri trú á flutningabrautum en hann, og hafði á móti því, að haldið væri áfram að leggja brautina austur á bóginn. Þetta er ekki rjett hjá h. þm., því jeg hef aldrei látið mjer þessi orð um munn fara síðan 1893, og aldrei á þingi heldur við hann privat, en þá var allt öðru máli að gegna, því reynsluna vantaði, en nú er hún fengin, og hefir það sýnt sig, að flutningabrautir eru afarþýðingarmiklar; þá var brautin líka að eins komin hjer upp frá Reykjavík, en ekki farið að leggja hana á þeim stað, sem menn álitu að erfiðast væri að leggja flutningabraut, nefnilega í hinum svokölluðu Kömbum.

Með allri virðingu fyrir þingmanninum, sem virðist vera hjartnanna og nýrnanna rannsakari, þar sem hann er

að lýsa áliti manna án þess að hafa nokkra sönnun fyrir sjer, þá skal jeg taka það fram, eins og jeg áður hef sagt, að þó þessi vegur væri færður undir þjóðbraut, þannig að 1 alin vanti upp á venjulega flutningabrautarbreidd, þá álít jeg það ekki gjöra svo mikið til fyrst um sinn. En jeg get ekki sjeð, að það mundi verða svo mikill kostnaðarsparnaður, þó vegurinn sje látinn mjókka um 1 alin.

Þá vildi jeg með fám orðum minnast á gufuskipaferðirnar. Jeg get játað að sú fjárupphæð, sem fjárlaganefndin áætlar til gufuskipaferða á fjárhagstímabilinu, er tiltölulega lág, þegar miðað er við ferðafjöldann, og að þetta verða þær billegustu gufuskipaferðir, sem við höfum nokkurn tíma átt kost á. En er nú þörf á svona mörgum ferðum milli Íslands og útlanda? Jeg held ekki, því framleiðslan í landinu hefir ekki aukizt svo á síðari árum, að þörf sje að fjölga ferðunum svo mjög.

Allt öðru máli er að gegna með strandferðirnar, því þar eru líka fólksflutningar fram og aptur, af fólki, sem er að leita sjer atvinnu. Að því er snertir strandferðirnar, þá kemur þar fram mikið misrjetti, þar sem sumir landsfjórðungar fá strandferðirnar alveg borgaðar úr landssjóði, en aptur aðrir sem verða að borga þær að nokkru leyti úr sýslusjóði. Þetta finnst mjer ekki rjett, og er Sunnlendingafjórðungur þar mjög hart leikinn, og vona jeg að þetta verði jafnað hið allra fyrsta.

Þá vildi jeg fara nokkrum orðum um breyt.till. 332, um fastar flutningabrautarferðir austur að Þjórsárbrú o. s. frv. frá h. þm. Rvík. (J. Jens.) o. fl. Þessi till. hefir fengið harða móttöku hjer í deildinni, og gat jeg heldur ekki í fyrstu áttað mig á þessari breyt.till., en eptir ræður h. þm. (J. Jens.), og h. þm. Dal. (J. P.), þá er jeg kominn á þá skoðun, að þetta væri heppileg aðferð til þess að bæta samgöngur og jafnframt til að kenna mönnum að nota vagnvegina. Það hefir verið tekið fram, að við Íslendingar værum svo seinir til að taka upp allt sem nýtt er, en hjeldum fast við gamlar venjur, og því finnst mjer alveg rjett að reyna þessa vagna 1 ár fyrst um sinn, til þess að vita, hvort það mundi ekki borga sig, en ef það gjörir það ekki, þá er allt af hægt að hætta við það aptur. Jeg fyrir mitt leyti mæli með tillögunni, og mun gefa henni atkvæði mitt.

Mjer gleymdist áðan, þegar jeg minntist á þjóðveginn, að taka það fram, að skilyrðið fyrir því að þetta geti komið að tilætluðum notum, er það, að breyt.till. 351 verði samþykkt.

Enn er ein tillaga, sem jeg vildi að eins minnast á. Það er breyttill. 336 um 1200 kr. styrk á ári til Jóns Ólafssonar, til þess að vekja eptirtekt á Íslandi í útlendum blöðum og tímaritum. Þó jeg vilji gefa atkvæði mitt með þessu, þá gat jeg ekki fallizt á breyt.till. nefndarinnar um styrkinn til útgáfu mánaðarrits. H. framsögum. fjárlaganefndarinnar (J. J.) lýsti því yfir í dag, að hann gæti ekki fallizt á þessa nýju breyt.till. 336. Ástæðan til þess, að jeg gat ekki verið með styrkinum til mánaðarritsins, var sú, að jeg áleit ekki beinlínis vera þörf á slíku riti, og of miklu til kostað, ef það gengi ekki út. En af því jeg og margir aðrir eru fullvissir um, að þessi maður, sem styrkurinn er ætlaður, hefir mikla hæfileg-leika til að bera, þá mun jeg greiða atkv. með þessari breyt.till. á þingskj. 336.

Tryggvi Gunnarsson: Jeg sje að enn er komin fram breyt.till. um bráðabirgðaruppbót handa prestinum í Bjarnanesi. Jeg er á sama máli og áður, að h. þingd. gjöri ekki rjett í að samþykkja þetta; það rjetta er að láta dómstólana

skera hjer úr málum; það er ekkert harðræði gegn prestinum, þar sem hæstv. landsh. hefir lýst yfir, að hann muni fá ókeypis málsókn. Það er ekki rjett að fleygja út fje landsins, þegar ekki er meiri ástæða til þess en hjer á sjer stað; það væri gjöf en ekki gjald, að mínu áliti.

Jeg mundi hafa gengið fram hjá breyt.-till. á þingskjali 332, um vagnflutningana austur, ef h. 2. þm. Rangv. (Þ. G.) hefði ekki farið að tala um hana, og kveðið sig henni alveg samþykkan. Einn af höfuðflytjendum tillögu þessarar, h. þm. Rvík. (J. Jens.) talaði á þá leið, að þessi tillaga væri borin fram til þess að einhver not yrðu þó að hinum mörgu tugum þúsunda (*Jón Jensson*: hundruðum þúsunda), sem búið væri að kosta til vegagjörðar í austursýslurnar. Jeg nefndi af ásettu ráði tugi, en ekki hundruð þúsunda, því að jeg tel í þessu sambandi það sjerstaklega til útgjalda fyrir landssjóð, sem kostað hefir verið upp á veginn fram yfir það, sem hann hefði kostað, ef hann hefði verið byggður sem þjóðvegur. Þingmanninum kemur víst ekki til hugar að finna að því, að vegur var lagður austur í Árnessýslu, heldur að það hafi orðið of dýrt að byggja hann sem vagnveg. H. 2. þm. Rangv. (Þ. G.) talaði um samræmi milli þessarar fjárveitingar og fjárveitinganna til strandferðabátanna. Já, mjer er nú farinn að leiðast þessi eilífi samanburður h. þmanna Rangv. á vegum og strandferðum. Jeg held nærri því, að ef þeir á annað borð eru færir að taka sönsum, þá sje hægt að sýna þeim fram á, að kjósendur þeirra hafa ekki lítil bein og óbein not af gufuskipaferðunum bæði að landinu og kringum það; jeg er sannfærður um að margir kjósendur þeirra eru svo sjóngóðir, að þeir munu sjá þetta og munu því kunna þeim litla þökk fyrir sýtingsskapinn og allar eptirtölurnar með gufuskipaferðirnar. Mjer þykir það beinlínis leiðinlegt, að tillaga þessi skuli hafa birzt á prenti, því að hún sýnir berlega, hve skammt þjer erum komnir á veg í öllum framförum. Það er líkt því, að sumir vilji kaupa að mönnum að þeir ljúki upp augunum, til að sjá það, sem augljós framför væri fyrir þá. Hjer kemur fram líkt tilfelli eins og þegar þingið er að veita margar þúsundir króna til að kaupa bændur til að skera þúfurnar úr sínum eigin túnum, og lakara þó. Fyrst er þeim gefin dýr braut til að flytja á varning sinn, og svo á að fara að kaupa vagn til þess að þeir geti sjeð og þreifað á, að hægt sje að aka heim til þeirra vörunum á vagni með minni kostnaði heldur en á hestabryggjunum. Mjer er alveg ómögulegt að verða stuðningsmaður þess, að ala svo mikinn amlóðaskap upp í mönnum, með því að greiða atkvæði með tillögu þessari. H. þm. Dal. (J. P.) sagði, að tilgangurinn væri sá að kenna mönnum að kaupa góða vagna og nota þá. Í þessu skyni er styrkurinn þýðingarlaus, því að hyggnir bændur munu kaupa sjer vagna sjálfir, ef þeir sjá sjer hag í því, og jeg efast ekki um að þeim muni heppnast alveg eins vel eins og landsstjórninni að útvega góða vagna. Menn geta ekki ætlazt til að stjórnin sje kunnugri vagnakaupum en aðrir. Jeg sje ekki heldur að bændur geti lært svo mikið af þessari tilraun, sem á að gera með allmiklum styrk af landstje. Það skyldi helzt verða það, að tilraunin yrði fremur letjandi en hvetjandi, því að sú er reyndin, að landssjóðsfyrirtæki verða optast nokkuð dýr, og þegar bændur svo heyra um kostnaðinn við vagnflutninga landsstjórnarinnar, og frjetta, að hún tæplega beri sig með stórum landssjóðsstyrk, þá reikni þeir svo út, að slíkt geti ómögulega borgað sig fyrir þá. Jeg vona að

það verði svo miklar framfarir á landi voru, að eptir 20 ár hristi menn höfuðið yfir því, að slík tillaga skuli hafa komið fram á þingi.

Þá skal jeg minnast á skipakvína. Jeg sje að hjer er komin breytingartill. fram um hana. Jeg var svo óheppinn, að jeg hafði ekki tíma til að vera við, þegar h. framsögum. (J. J., þm. Eyf.) talaði um lið þennan, og má því vera að jeg taki eitthvað upp af því, sem hann hefir sagt um málið. Jeg vil nú spyrja: Er breytingartill. heppilegri en það, sem samþykkt var við 2. umr. Þar var svo ákveðið, að útgerðarmannafjelagið skyldi sjá fyrir starfinu og, hvar það skuli fara fram; hjer er ekkert tiltekið um, hvar á landinu skipalægið skuli vera, hvort heldur á Norðurlandi, Suðurlandi eða Vesturlandi. En mjer verður þó að sýnast, að mest meining sje í að skipakvíin sje byggð einmitt hjer á Suðurlandi, því að bæði eru skip hjer langflest og auk þess trjámaðkur hjer, sem getur stórskemmt skipin og eyðilagt, ef þau geta ekki staðið á þurru nokkurn tíma ársins, því maðkurinn drepst, ef hann er um tíma þar, sem sjór ekki nær til. Það er satt, að sá staur úr hafnarbryggjunni, sem hjer hefir verið til sýnis í þinghúsinu, er ekki skemmdur af trjeormi, heldur af krabbategund einni, sem er hjer og nagar trjeð að utan, þangað til það dettur sundur; en hjer er líka til trjámaðkur, sem jetur sig inn í viðinn, eins og opt má sjá á rekaviði, en jeg get ekki sýnt merki þess, því að sá maður, sem hefir sýnishorn af þeim skemmdum, er ekki hjer viðstaddur nú. Þessi maðkur er sá, sem búinn er að grafa sig inn í og skemma mörg skip hjer í Reykjavík og Hafnarfirði, og er brýn nauðsyn að koma sem fyrst í veg fyrir frekari skemmdir. — Einnig verð jeg að telja óheppilegt, ef orðinu skipakví yrði breytt í vetrarlægi, óheppilegt að því leyti, að þá er undir hælinn lagt, að náð yrði öðrum höfuðtilgangi tillögunnar, sem sje, að til væri staður, þar sem hægt væri að leggja skip á þurrt til viðgerðar. Enn fremur sýnist mjer það heppilegt, að ákveða fjárveitinguna handa ákveðnu fjelagi, útgerðarmannafjelaginu, því að með því hefir það fengið nokkurt aðhald og mikla hvöt til að framkvæma verkið. Það hefir sótt um styrkinn og sje hann veittur því beinlínis, þá getur það ekki verið þekkt fyrir að nota hann ekki, en sje styrkurinn veittur óákveðið og út í bláinn, þá getur það lagt árar í bát og sjeð sig um hönd, ámælislaust.

Mikið hefir verið talað um það, hve lítið undirbúið þetta mál væri um skipakvína, og einnig um stórhýsisbyggingarnar; einkum fór h. 1. þm. Ísf. (Sk. Th.) mörgum orðum um það; en hyggja mín er, að hann hefði ekki farið jafnhörðum orðum um undirbúningsleysið, ef honum hefði verið kunnugt um, hverjum það er mest að kenna. Verkfræðingur landsins þóttist ýmist ekki hafa tíma eða heilsu til að gjöra áætlun og mynd af skipakvínni næstliðinn vetur; þess vegna liggur málið fyrir hjer svo berskjaldað.

Það gleður mig, hve hóflegar og litlar umræður hafa orðið um gufuskipamálið; jeg vil ekki vekja spenning í málinu, og mun jeg því láta vera að tala um það, þótt jeg hafi töluverða tilhneiging til að minnast á sum atriði þess bæði á yfirstandandi og komandi tíma. Að eins vona jeg, að h. deild geri sig ánægða með tillögur nefndarinnar; og sömuleiðis vona jeg að h. 1. þm. Rangv. (Sighv. Á.) sje nú búinn að átta sig á því, að gufuskipaferðirnar

verða ódýrari, ef tillögum nefndarinnar er fylgt, en til var ætlað í stjórnarfrumv.

Lítið eitt mun jeg minnast á tillöguna um að veita fje til að útvega útlendan verkfræðing til að kanna brúarstæði hjer á landi. Þessi tillaga er komin frá brúanefndinni. Það hefir verið sagt ýmislegt um þessa tillögu; sumir hafa talið hana þarfa, aðrir óþarfa. Jeg held nú að það mundi margborga sig að fá þennan útlenda verkfræðing, og það jafnvel þótt verkfræðingur vor hefði tíma til þessa starfa; hjer er um svo mikið vandaverk að ræða, að ekki veitir af að tveir verkfræðingar sjeu um skoðunina. Á það hefir verið minnzt, að Windfeld Hansen hafi bent á brúarstæði á Þjórsá, sem svo eigi hafi álitizt síðar brúklegt. — Hovdenak valdi annað brúarstæði nokkru ofar fám árum síðar, og svo fann jeg seinna brúarstæði mitt á milli, þar sem brúin stendur nú, og er vafalaust 10—20,000 krónum ódýrari, heldur en hún hefði orðið á hinum báðum stöðunum. Þetta bendir ekki á það, að Windfeld Hansen sje ljelegur verkfræðingur, heldur á það, sem áður er sagt, að það muni geta margborgað sig að fleiri en einn skoði brúarstæðin, og án þess að gera neitt lítið úr þekkingu verkfræðings þess, sem vjer nú höfum, þá vona jeg að h. deild fallist á að tillaga nefndarinnar er hyggileg.

Mjer dettur ekki í hug, að allar þær ár sjeu brúaðar í einu, sem útlendi verkfræðingurinn skoðar brúarstæði á; en það er auðsjeð, að mjög þægilegt er að fá heildar-yfirlit yfir brúamál vort, þá á þingið hægra með starfa eptir fastri fyrirætlan að brúargerðinni, og síður hætt við, að þjóðvegir verði lagðir að ánum á röngum stað, eins og átt hefir sjer stað í Múlasýslu að Lagarfljóti. Það er ekki skaði skeður, þó brúarstæðin sjeu ákveðin nokkru áður en brýrnar eru lagðar, hitt er óþægilegra, að þurfa að vera að veita fje til brúagerða, á meðan málið er lítt eða ekki undirbúið, eins og nú stendur á um Lagarfljótsbrúna. Windfeld Hansen skoðaði brúarstæðið á Ölfusá um 1870, en brúin var ekki gerð fyr en eptir 1890. Jeg er sannfærður um, að þótt þingið eyði 8000 kr. í næstu tvö ár handa útlendum verkfræðing, þá muni það marg-borga sig.

Þá er komin fram tillaga um að 18. gr. frumv. falli burt; hún er um stórhýsisbygginguna. Jeg skil ekki í, á hverju h. þm. Vestm. (V. G.), sem telja mun eiga höfuðflutningsmann tillögunnar, byggir þetta. Það hefir verið talað um, að hjer skorti undirbúning, og líka spurt um, hvað bankinn mundi leggja til að sínum hluta. Hvað síðara atriðið snertir, þá held jeg að það sje ljóst, að bankinn eigi að leggja fram fje í hlutfalli við það húsrúm, sem hann mun þurfa að brúka, á móts við landið. Ef hann notar 1/3 af húsrúminu, þá ætti hann að leggja til 1/3 af byggingarkostnaðinum, og ef hann notar 1/4, þá líka leggja fram 1/4 af kostnaðinum. Jeg er alls ekki á móti því, að bankinn leggi fram meira fje en svarar því húsrúmi, sem hann notar í bráð; mjer sýnist rjett, að hann leggi til fyrir það húsrúm, sem líklegt er að hann muni nota nú um all-langan tíma.

Hvað undirbúninginn snertir, þá er það engin furða, þó hann sje ekki nákvæmari; það er sízt að furða, þótt enginn privatmaður hafi farið að leggja út í það að búa til teikningu og áætlun yfir byggingarkostnaðinn, þar sem engin var vissa fyrir því, að landið vildi leggja fram fje til byggingarinnar. Eins og jeg hef áður tekið fram, þá hef jeg hugsað mjer að í húsinu ætti að vera banki, póststofa, skrifstofa land-

fógeta, forngripasafn og málverkasafn. En af því að húsið verður að byggja nokkru stærra en það þarf handa þessu, eins og það er nú, þá lagði jeg það til í fjárlaganefndinni, að menntastofnanirnar hefðu þar og húsnæði fyrst um sinn. En ef menn vilja ekki blanda svona mörgu saman, þá er ekki annað en flytja menntastofnanirnar þangað ekki, en láta nokkur herbergi standa auð fyrst um sinn; þó álít jeg það miður heppilegt.

Jeg verð að ætla, að þeir h. þingm., sem hafa lagt til að 18. gr. falli í burtu, hljóti að hafa hugsað eitthvað fyrir húsrúmi handa póstafgreiðslunni og söfnunum, og væri fýsilegt að fá að heyra eitthvað um það.

Það er ljóst og verður varla á móti því haft, að landið þarf að eignast nýtt pósthús, og að hið núverandi húsrúm bankans er ófullnægjandi. Ef tillaga h. þm. Vestm. (V. G.) fær framgang, þá liggur ekki annað fyrir, en að bankinn byggi einn út af fyrir sig, og þá verður landið annaðhvort að byggja sjerstakt pósthús eða kaupa barnaskólahúsið hjer. Þó yrðu eptir sem áður vandræði með húsrúm handa söfnunum, svo að varla yrði hjá því komizt að byggja innan skamms tíma hús yfir þau. Þannig kæmu þá upp 3 fremur smá hús í stað eins, sem sjálfsagt gæti orðið tiltölulega miklu ódýrara og meiri bæjarprýði; og jeg er sannfærður um, að síðar mundi menn iðra þessa, að hafa kostað til þriggja húsa í stað eins. Þess er og að gæta, að þegar bankinn hefir byggt fyrir sig, þá er tapað það pláss, sem nú stendur til boða, og ekki hlaupið að því að fá annað eins pláss fyrir stórhýsi, sízt á þeim stað, þar sem hentugt er að hafa pósthús.

Jeg held að menn beri fyrir undirbúningsleysið, af því að þeir í raun og veru vilji komast hjá að byggja, en kunni ekki við að kveða upp úr með það, og þykir mjer slíkt vorkunn, að þeir ekki vilji verða berir mótstöðumenn jafn-nauðsynlegs fyrirtækis. Eigi var undirbúningurinn meiri, þegar ákveðið var að byggja alþingishúsið 1877. Þá var hvorki til teikning nje kostnaðaráætlun. En þingmenn sögðu: Vjer getum ekki haft þing í hinum forna og litla skólasal, og þurfum því nýtt hús, og vjer þurfum á húsi að halda yfir söfnin; svo voru veittar 100,000 kr., og því næst valdir 5 menn, sem áttu að sjá um framkvæmd verksins, gefa byggingarmeistaranum upplýsingar og gjöra innkaup á öllu efni o. s. frv.

Jeg var einn af þeim, sem í nefndinni voru, svo að jeg þekki vel til og veit að málið var enn minna undirbúið þá, þegar þingið gjörði ályktun sína, heldur en þetta mál er nú; og þótt mitt álit sje lítils metið nú, þá verð jeg að segja það, að þá leitaði byggingameistari Meldal opt álits míns og tók tillit til tillögu minnar. Það er varla sá nagli eða spýta hjer í þinghúsinu, að jeg hafi ekki keypt það, og sömuleiðis rjeð jeg margt af verkamönnunum til byggingarinnar; þá þóttu tillögur mínar fullgóðar, þó að nú sje annað uppi á teningnum hjá þessum byggingameisturum, sem nú prýða þingmannabekkina.

Jeg álít að sje þinginu nokkur alvara með húsbygginguna, þá þurfi undirbúningsleysi alls eigi að verða fyrirtækinu að falli; það er meira að segja varla hægt að hafa meiri undirbúning, fyr en þingið hefir sagt að það vilji byggja, og gefið upp, hvað það vill leggja til byggingarinnar.

Mjer sýnist, að rjett væri fyrir þingið að hafa sama ráð og þegar þinghúsið var byggt, að velja framkvæmda-

nefnd til að standa fyrir byggingunni, en veita að öðru leyti fje það, sem ætla má að nægi. Einmitt nú er margt svo einkar hentugt; hjer hefir nýlega verið arkitekt, sem setti sig nokkuð inn í málið, og hjer er einnig nú maður, sem alkunnur er að því að vera hinn bezti verkstjóri, Bald byggingameistari; hann mætti fá til að standa fyrir byggingunni; og nú er hægt, en ekki seinna, að fá svo ágæta lóð undir þetta stórhýsi, að ómögulegt er að fá jafn-góða og hentuga lóð síðar; það er ekki að vita, hve nær annað sinn stendur að öllu leyti jafnvel á með byggingu þessa eins og einmitt nú.

Jeg skil ekki í því, hvað h. þm. getur gengið til að vilja heldur byggja þetta hús seinna heldur en nú þegar. Ef Oddfellow-reglan í Danmörku hefði eigi gefið Íslandi sem svarar 80 þús. krónum til að byggja fyrir holdsveikisspítala, hefði þingið nú í sumar verið nauðbeygt til að veita þá upphæð af landssjóði til byggingar spítalans. En þegar ekki þarf nú að brúka peningana til holdsveikraspítala, þá virðist mjer það vera heppilegt að láta líka upphæð ganga til byggingar þessa húss, sem enginn getur neitað að sje bráðnauðsynleg.

Á þingskj. 348 er breyt.till. frá fjárlaganefndinni um lánin til þilskipakaupa, að fyrir orðin: »að eins« komi: einkum. Jeg er ekkert á móti þessari breyt.-tillögu.

Á þingskj. 325 er síðasta till. að fella burtu styrkinn til fiskitímarits. Jeg get ekki verið þessari till. samþykkur. Mjer virðist þessi styrkur vera svo ákaflega lítill, en á hinn bóginn mjög gagnlegt að slíkt rit geti komið út.

Danir eru ekki miklir fiskiveiðamenn, en samt virðist þeim nauðsynlegt að halda slíku tímariti úti; Noregur hefir mörg þess háttar rit, og gjöra þau mikið gagn með því að fræða menn um ýmislegt viðkomandi fiskiveiðum og markaði á fiski og hvetja menn til framkvæmda. Jeg vil því mæla með því að þessi litli styrkur fái að standa.

Síðustu málsgrein frumv. get jeg ekki fellt mig við. Mjer virðist það ekki tilhlýðilegt að lána 30 þús. kr. upp á 3% vexti, afborgunarlausar 3 fyrstu árin, og síðan með jöfnum afborgunum í 25 ár, til einstakra manna, og það til jarðabóta, sem geta verið orðnar bráðónýtar, áður en hálfur afborgunartíminn er liðinn. Allt öðru máli væri að gegna, ef um einhver stórfyrirtæki væri að ræða, er mikla þýðing gæti haft fyrir heilar sveitir, svo sem til dæmis stórkostlegra umbóta á Safamýri, eða til vatnsveitinga úr Þjórsá yfir Skeiðar og Flóa. Þá skyldi jeg með ánægju gefa því atkvæði mitt; en jeg get alls ekki verið með því að búta þetta fje niður í smáparta og skipta því milli einstakra manna, opt og tíðum til lítt nýtra jarðabóta.

Þórður Thoroddsen: Jeg vildi fara nokkrum orðum um fáeinar af þeim breyt.till., sem fyrir liggja, og er það þá fyrst viðaukatill. á þingskj. 326, við 11. gr., að eptir tölul. 5. komi nýr liður. H. framsögum. (J. J.) hefir skýrt frá, hvernig á því stendur að viðaukatill. þessi kemur aptur fram. Við 2. umr. frumv. heyrðist sem sje engin rödd, er minntist á hana, og vildi því fjárlaganefndin draga hana aptur fram til umr. En nú hafa menn enn talað í 4—5 kl.-tíma um breyt.till. við fjárlögin, en samt hefir enginn minnzt á viðaukatill. þessa. Jeg veit ekki, hvernig á þessu stendur, hvort það er af því, að menn fyrirlíti hana svo mjög. Jeg vil heldur ímynda mjer, að h. þm. sjeu nú sammála um að láta hana komast að, og að hún muni hafa fallið við 2. umr. af einhverju ólagi, enda get jeg ekki

skilið, hvað menn ættu að hafa á móti henni. Jeg hefi utan þingsalsins heyrt þá ástæðu hafða á móti henni, að kjör lækna verði nú á þingi bætt svo mjög, að þeir geti á eptir kostað sig sjálfir til utanferða. En þetta er engin ástæða Í fyrsta lagi er það alls ekki víst enn, að frumv. það um nýja læknaskipun, er fyrir þinginu liggur, verði samþykkt, og svo er það, að þó að eitthvert slíkt frumv. verði samþykkt, eru líkurnar meiri fyrir því, að kjör læknanna verði bætt svo lítið, að þeir geti ekki, eptir sem áður, kostað sig til utanferða. Eins og frumv. þetta er hingað komið frá h. efri deild, verða kjör margra lækna lakari á eptir en áður. Hin eina verulega bót frá því, sem nú er, er sú, að laun aukalæknanna eru nokkuð hækkuð. En taxtinn er aptur á móti lækkaður að sumu leyti að miklum mun og við það verða kjör læknanna lakari en þau eru nú, nema h. þingd. ætli að hella í þá of fjár á annan hátt.

Menn hafa einnig haft það á móti þessum ferðastyrk, að hann sje gjörður vegna læknanna. En þetta er misskilningur. Ef þeir ekki fá neinn styrk, sigla þeir ekki, því þeir eru ekki skyldugir til þess; en ef þeir fá einhvern styrk, knýr það þá til að sigla, og við það verða þeir á eptir hæfari til að hjálpa þjóðinni með lækningum sínum. Jeg get heldur ekki skilið, að Íslendingar sjeu svo miklir menn, að þeir geti ekki í þessu efni farið að dæmi annara þjóða.

Þær raddir hafa heyrzt, að læknaskóli vor sje ónýtur og veiti læknaefnum eigi nægilega kennslu; þeir, sem einungganga á hann, fái því ekki nægilegan undirbúning undir starf sitt. Ef ástandið er nú þannig, hví eigum vjer þá eigi að gjöra okkar til að læknar þeir, sem af honum eru útskrifaðir, geti fengið meiri menntun. Gætum að því, hvað aðrar þjóðir gjöra.

Norðmenn eiga háskóla í Kristjaníu, er eigi stendur á baki neinum háskóla á Norðurlöndum. Samt sem áður veita þeir á hverju ári 6 hjeraðslæknum styrk til þess að fara til háskólans, til að kynna sjer nýjungar og framfarir læknisfræðinnar. Þeirri vísindagrein fleygir fram ár frá ári, eins og allir vita, svo svo að það er ókleyft fyrir hvern einstakan hjeraðslækni að kaupa öll þau ritverk, sem um það eru samin, og geta á þann hátt fylgzt með. En með því að sækja til uppsprettunnar sjálfrar, geta þeir aukið þekkingu sína á skemmri tíma. Jeg hygg, að hverjum lækni sjeu ætlaðar 600 kr., og eru þeir svo skyldir til að taka »kursus« hjá háskólakennurunum í nýjustu uppgötvunum læknisfræðinnar.

Jeg get varla annað skilið, en að þessi litli styrkur verði nú samþykktur af h. þingd. Hann er felldur burt við 2. umr. með litlum atkvæðamun, 12 : 11, og vona jeg að einhver einn að minnsta kosti hafi síðan hugsað sig betur um og komizt að annari niðurstöðu.

Um 4. liðinn, bygging íbúðarhúss handa vitamanni, þarf jeg ekki að tala margt; það er gamall kunningi og h. framsögum. (J. J.) hefir tekið svo vel í hana. Aptur á móti verð jeg að víkja máli mínu til h. 1. þm. Húnv. (B. S.); hann hefir komið með breyt.till. við 11. gr., 4. og 5. lið, og talað fyrir þeim. Jeg get skrifað undir margt af því, sem hann sagði, en í sumu fannst mjer honum skjátlast allmikið. H. þm. stingur upp á því, að augnalæknirinn hafi ókeypis klinik einu sinni í viku, og hafði það fyrir ástæðu fyrir því, að nauðsynlegt væri að auka praktisku kennsluna við læknaskólann; lærisveinar skólans eiga

að sjálfsögðu að hafa aðgang að klinikinni og aðstoð við hana. En h. framsögum. (J. J.) hefir tekið það rjettilega fram á móti þessu, að hjer er til allt of mikils mælzt. Við svona tíða ókeypis klinik mundi praxis augnlæknisins minnka að miklum mun, hann mundi við það líða mikinn tekjumissi og er þetta því öldungis ógerlegt. Hann á einnig auk klinikinnar að veita tilsögn á læknaskólanum fyrir enga sjerstaka borgun. Það er reyndar ekki tiltekið, hve marga kenslutíma hann skuli hafa, en sje gengið út frá að hann hafi til bóklegrar kennslu einn tíma í viku og stúdentarnir hafi auk þess aðgang að klinik hans einu sinni á mánuði, má ætla að stúdentarnir hafi á þann hátt fengið nægilega tilsögn í þessari vísindagrein, eða svo mikla, sem nægir hverjum hjeraðslækni. Annars skyldi jeg ekki hafa neitt á móti þessu, ef hlutaðeigandi læknir vill sjálfur taka það að sjer, en um það er mjer ekki kunnugt. Um skilyrðin fyrir styrkinn til tannlæknis er flest hið sama að segja; þó stendur þar nokkuð öðru vísi á, þar sem sá styrkur er ætlaður svo lítill; fyrir því hef jeg við nánari yfirvegun komizt að þeirri niðurstöðu, að ekki sje rjett að skylda hann til að veita tilsögn í tannlækningum við læknaskólann. Eins og kunnugt er, hefir hjeraðslæknirinn í Reykjavík þá skyldu, að kenna eina vísindagrein á læknaskólanum, og fær hann fyrir það 800 kr. á ári. Af því sjest, að það er til ofmikils ætlazt af tannlækni, sem að eins er ætlaður 1000 kr. styrkur á ári, að hann skuli hafa sömu skyldu sem hjeraðslæknirinn, og að auki halda ókeypis klinik. Ef menn vilja ætlast til svo mikils af honum, yrði að hækka styrkinn að miklum mun.

Reikningur h. þm. Húnv. (B. S.), þó hann kunni að vera góður reiknings-meistari, var mjög athugaverður. Það nægir ekki að skoða tölurnar einar. Ef um það er að ræða, hverja borgun læknirinn hefir fyrir kennsluna, nægir ekki að reikna það út eptir tímatöflunni einni, því að það getur hæglega útheimzt 5–6 klukkutímar fyrir kennara að búa sig undir eina einustu kennslustund. Kennarinn tekur máske lærisveinana með sjer til sjúklings út í bæ, og til þess ganga 2—3 klukkutímar. Þegar lík berast að skólanum, eyðir kennarinn ef til vill heilum dögum til þess að vera uppi yfir lærisveinunum, o. s. frv. En allt þetta og margt fleira er ekki skrifað í tímatöflunni, og vona jeg því að h. þm. sjái, að reikningur sá, sem byggður er á tímatöflunni einni, er rammvitlaus.

Jeg þarf engu að bæta við orð h. þm. Dal. (J. P.) fyrir breyt till. okkar við 11. gr. 10. Jeg tek undir það með honum, að landsspítali verður byggður hjer fyrr eða síðar, og mín spá er sú, að það verði gert innan fárra ára. Það er því í alla staði mjög vel til fallið að dálítil fjárupphæð sje veitt því máli til undirbúnings nú. Eptir þingsályktunartill. þeirri, er h. þd. hefir sjeð hjer í dag, er ætlazt til, að stjórnin leggi fyrir alþing að 2 árum liðnum áætlun yfir kostnað við bygging slíkrar stofnunar. Enda þótt það sje á þingsins valdi, hvenær sú bygging verður reist, er það mjög gott að fá að vita, hvað hún mundi kosta; þá er sú vissa er fengin, er það á valdi þjóðar og þings, hvenær fje er til hennar veitt.

Um bygging sóttvarnarhúsa hefir hæstv. landsh. upplýst, að stjórnin hefir fyrir mörgum árum síðan beðið um fje til þess, en þingið neitaði því þá. Fyrir því virðast mjer þau ummæli h. framsögum. einkennileg, að hann vildi ekki veita fje til þeirra, af því að till. um það væri ekki komin fram frá

stjórninni. Auk þess sem beiðni um slíka fjárveitingu hefir þannig komið frá stjórninni, er þessi röksemdaleiðsla í eðli sínu röng, því að samkvæmt henni ættum vjer ekki að ræða um neitt annað á þingi en það, sem stjórnin stingur upp á, og þingm. sjálfir ættu engan frumkvæðisrjett að hafa. Jeg vona, að h. framsögumaður sansist á því, að þetta sje ekki rjett. Það er bæði lagaskylda að byggja þessi hús, og einkar nauðsynlegt, með því að reynslan hefir sýnt, að ekki er auðið að fá hentug hús til sóttvarna á þeim stöðum, sem þau eiga eptir lögunum að vera. Nú liggur fyrir þinginu frumv., sem líklegt er að verði samþykkt, um að fjölga þeim stöðum á landinu, þar sem slík hús eiga að vera, en slíkt sýnist vera einkennilegur leikur, úr því þingið neitar um fje til að byggja þau.

Jeg mun greiða atkv. með tölul. 22. á atkvæðaskránni. Mjer virðist það sanngjarnt að gufubátsferðir á Faxaflóa, Breiðafirði og Ísafjarðardjúpi sjeu að öllu leyti kostaðar af landssjóði, úr því að Norðurland og Austurland eiga að fá gufubátaferðir hjá sjer tillagslaust. Sanngirni mælir með því, að eitt sje látið ganga yfir alla parta landsins. Auk þess hefir reynslan sýnt það, að það er mjög óhentugt að það sje undir framlögum frá mörgum sýslufjelögum komið, hvort nokkuð verður úr slíkum gufubátaferðum eða alls ekkert.

Jeg verð að vera á móti till. undir staflið 14., um að fá nýjan verkfræðing upp til að gjöra áætlanir um brýr á ám víðs vegar um land allt. Jeg get ekki sjeð, að þetta sje praktiskt. H. 1. þm. Árn. (Tr. G.) ætlast ekki til, að allar þessar ár verði brúaðar; hann vill að eins láta skoða brúarstæði og gjöra áætlanir um kostnað brúnna, en leggja svo allt í salt. En þessu er jeg algjörlega á móti. Ur því búið er að mæla og gjöra áætlanir um 20—30 brúarstæði, mun það sannast, að lagafrumv. koma fram um allar þessar brýr í einu á þingi; og þar sem slíkt mundi að sjálfsögðu kosta 4—500 þús. kr., er ljóst að landssjóður gæti ekki risið undir því. Tími og fje þingsins eyðist svo í þráttanir um það, hverjar brýr eigi að sitja í fyrirrúmi.

Jeg held að það sje heppilegra, að feta sig smátt og smátt áfram, sníða sjer stakk eptir vexti, og láta skoða og mæla brúarstæðin jafnóðum og vjer höfum ráð á að byggja brýrnar.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg er hjer riðinn að eins við eina litla breyt.till., og nafn mitt stendur ekki heldur ljeð undir öðrum breyt.till. Þessi breyt.till. er á þingskj. 317. við 13. gr. C., tölul. 10., um að styrkurinn til Brynjólfs Jónssonar til fornmenjarannsókna verði hækkaður úr 200 kr. upp í 300 kr. H. framsögum. fjárlaganefndarinnar (J. J., 2. þm. Eyf.) var á móti till. þessari, og minntist á að svo stutt væri síðan upphæð þessi hefði verið samþykkt, að engin ástæða væri til að breyta henni. Játa jeg að svo sje, enda hefði mjer ekki dottið í hug að fara fram á þessa breytingu, ef annar styrkur til sama manns, er átti að vera skáldalaun, hefði ekki fallið. — Jeg efast ekki um að allir viðurkenni, að Fornleifafjelagið gjöri mikið gagn, og að æskilegt hefði verið, að það hefði verið stofnað miklu fyr, og að forngripasafnið sje ein af aðalgreinum þeim, er þjóð vor á; það leiðir af sjálfu sjer, að þar sem svo seint var byrjað á söfnun og verndun forngripa hjer á landi, þá sjeum vjer í því sem öðru langt á eptir öðrum þjóðum, en því seinna sem þetta hefir verið byrjað, því meir ríður á að það sje betur stundað, svo vjer getum komizt dálítið í humátt á eptir samtíð vorri. Hjer er um litla fjárupphæð að ræða,

svo jeg vona að þinginu vaxi ekki í augum að hækka hana um 100 kr. á ári. Jeg ímynda mjer að allir hljóti að játa, að Fornleifafjelagið hafi farið vel með fje það, sem því hefir verið trúað fyrir, og því sje ekki hætta á því að það fari ekki vel með þetta fje, og að muni naumast leggja minna fje fram frá sjálfu sjer í sama tilgangi. Jeg skal taka það fram, að ef um marga færa menn hefði verið að velja til fornmenjarannsókna, þá er ekki líklegt, að þessi maður, sem hjer er um að ræða, hefði verið valinn til þess starfa, þar sem hann hefir alla æfi verið mjög heilsutæpur, og er nú hniginn á efra aldur, en stjórn Fornleifafjelagsins vissi engan færari á að skipa, úr því Sigurð heitinn Vigfússon leið.

Jeg ætla ekki að fara fleiri orðum um breyt.till., en vona að hún fái fram að ganga.

Þá ætla jeg að minnast fáeinum orðum á breyt.till. á þingskjali 336, sem er að nokkru leyti ekki nýr gestur hjer í deildinni. Það er styrkveitingin til Jóns Ólafssonar, sem var hjer í deildinni til 2. umr., en var þá klofin í þrennt og varð því að engu. Jeg segi fyrir mitt leyti að jeg gat ekki fellt mig nema við tillögu fjárlaganefndarinnar, um styrk til útgáfu á fræðandi tímariti fyrir alþýðu, nema að því leyti að mjer þótti upphæðin vera of há og tímaritið verða því of stórt og of dýrt fyrir almenning, því 80 arka tímarit, sem kostar 5 kr., er stærra og dýrara en svo að almenningur kaupi það. H. framsögum. tók það ljóslega fram, að við eigum ekki mikið af tímaritum, sem eru við alþýðuhæfi, því þó bæði Bókmenntafjelagið og Þjóðvinafjelagið haldi úti tímaritum, þá er verkefni hvorugs þess tímarits að vera fræðandi fyrir alþýðu, og þó Bókmenntafjelagið gefi stundum út þjóðlegar bækur, eru fleiri þeirra meira eða minna vísindalegs efnis, þungskildar, sem ekki draga hugi unglinganna að sjer. Hið sama er að segja um Þjóðvinafjelagið, því þó það hafi gefið út gagnlegar bækur, hafa þær ekki verið beinlínis ætlaðar til fræðslu fyrir alþýðu, nema Dýravinurinn, sem þó er nokkuð sjerstaks eðlis. Jeg hefði því betur fellt mig við styrk til tímarits, heldur en þess sem hjer er tekið fram, og að tímaritið hefði verið minna og ódýrara en ákvarðað var í fyrstu, og sakna jeg þess, að fjárlaganefndin tók ekki tillögu sína upp aptur, því oss vantar sannarlega rit, er sje fræðandi og við alþýðu hæfi. Það er ekki nóg að telja það að blaðafjöldinn sje orðinn mikill, því verkahringur blaðanna er allur annar en að vera beinlínis fræðandi í almennum skilningi, og þó einstaka sinnum bregði fyrir slíku í þeim, svo sem neðanmálssögum og smáritgjörðum, þá hverfur það eins og gullpeningur í ruslakistu. Jeg get alls ekki verið samdóma h. 2. þm. Rangv. (Þ. G.), að vjer höfum nóg af fræðiritum fyrir alþýðu. Jeg sakna Iðunnar hinnar yngri, því að hún var þó að mörgu leyti fræðandi fyrir alþýðu manna. Það er annars merkilegt á þessari bóka-öld og blaða, þegar svo mikið er um ritsmíðar, að vjer skulum ekkert rit hafa, er jafnist á við Kvöldvökurnar, sem eru eitt hið bezta fræðirit og það enda fyrir menn nú á tímum.

Þá sný jeg mjer að þingskjali 325. Þar er farið fram á ýmsar breytingar, og meðal annars á þá breytingu, að 31. tölul. í 13. gr. C, »styrkur til útgáfu fiskitímarits«, falli burt. Jeg verð að vera með þessari till., ekki af því að jeg álíti fiskitímarit ónauðsynlegt, heldur af því, að þar sem við höldum úti búnaðarriti, virðist mjer það geta fullnægt þessum þörfum, enda eru fiskiveiðarnar ein tegund búnaðarins. Auk þess sem útgefendur búnaðarritsins munu

opt vera í hraki með nýtilegt efni í það, og mundu því taka fegins hendi á móti ritgjörðum um sjávarútveg og fiskiveið ar, og mundi slíkt fyrirkomulag verða miklu ódýrara en að halda úti sjerstöku tímariti.

Þá er breyt.till. frá fjárlaganefndinni á þingskjali 356, að síðasta athugasemdin við fjárlagafrv. um lánið til jarðabóta, falli burt. Jeg tók það fram við 2. umr., að jeg væri samþykkur láni úr landssjóði til jarðabóta í aðalefninu, því það væri gagnlegra að lána fje til jarðabóta, þar sem það gæti borið landssjóði vexti og lántakanda jafnvel margfaldan arð, heldur en eiga mikið fje útistandandi í ríkissjóði Dana. En jeg tók það jafnframt fram, að aðalskilyrðin fyrir lánveitingu þessari væru ef til vill ófullkomin og þeim ábótavant. H. fram. sögum. (J. J.) tók það fram að hyggilegra hefði ef til vill verið að veita sýslunefndunum slíkt lán í stað þess að veita það einstökum mönnum, þó hún hefði ekki komið með till. í þá átt, og er jeg á því að svo mundi hafa verið.

Það má segja um fjárlaganefnd Nd., »að allra augu vona til þín« og bjuggust menn því við að hún mundi lagfæra þetta, en nefndin hefir kannske ekki haft tíma til að íhuga þetta atriði, svo sem hægt er að setja sig inn í, þar sem hún hefir haft ýmsum stórum vandamálum að gegna.

Þá er breyt.till. á þingskjali 332, frá h. þm. Rvík. (J. Jens.) og fl. um að veita fje til flutningavagnferða austur að Þjórsá. Hugsun till. er góð, en jeg get ekki verið með henni, því í 1. lagi kann jeg ekki fullkomlega við að veita fje af hinu opinbera til slíkra flutninga, þar sem mjer virðist, að einstakir menn eigi að koma vagnferðum á eptir veginum, og í 2. lagi um skilyrðin fyrir fjárveitingu þessari óákveðin og ekki nógu ýtarleg nje tryggileg, þar sem flutningstaxta vantar og margt fleira. Þar er ekki talað um, hvort landsstjórnin eigi að semja um slíka flutinga við einstakan mann eða hafa þá sjálf á hendi. Jeg álít því að undirbúningurinn sje ekki svo tryggur nje fullkominn, að till. geti gengið fram.

Þá er loks breyt.till. frá nokkrum h. þingmönnum um að 18. gr. falli burt. Jeg stóð ekki upp fyrir henni við atkvæðagreiðsluna síðast og sakna lítið, þó hún fjelli burt, því jeg held hún mætti missa sig. Jeg veit og játa, að bankinn þarf á meiri og betri húsakynnum að halda og hann þurfi að byggja sjer húsnæði, en hann hefir efni á að byggja sjálfur af eigin ramleik, og gæti enda byggt svo stórt hús, að hann gæti leigt landinu póststofu, sem landið vanhagar einna mest um. En vjer höfum í mörg horn að líta, og hvaðan hefðum vjer átt að taka þessar 80 þús., ef útlendingar hefðu ekki hjálpað oss með tvær stórgjafir, nefnilega til þeirra manna, er biðu tjón við jarðskjálftana í fyrra og til byggingar holdsveikisspítalans. Hefðu ekki jarðskjálftasamskotin komið frá útlöndum, er enginn efi á því að óhjákvæmilegt hefði verið að veita mikið fje í styrk úr landssjóði handa þeim mönnum, er hefðu orðið fyrir mestum skaða við jarðskjálftana, og sama er að segja um bygging holdsveikisspítalans, hefði hjálp ekki komið annars staðar að; og þá er hætt við að farið hefði að rýmast í landssjóði og ekki hefði verið hægt að ráðast í að byggja stórhýsi, að svo komnu. Auk þess er aðgætandi að árferðið er nú sem stendur ekki glæsilegt, og gjöri jeg ráð fyrir að skarð komi í viðlagasjóð á næsta fjárhagstímabili, þegar allar fjárveitingar þessa þings eru komnar í kring. Nú hefir verið fiskilaust við Faxaflóa um langan tíma, og

þó eitthvað glæddist til, má búast við botnverpingum að eyðileggja það, og þar sem hjer er um eitt stærsta fiskimið landsins að ræða, hefir slíkt töluverð rýrandi áhrif á útflutningstollinn. Harðindavor gekk yfir land allt, og þar af leiðandi fjárhöld slæm víða og afurðir rýrar, grasbrestur og óþurkar, og mun slíkt draga æði úr lausafjárskattinum, og þar að auki er fjármarkaður vor við útlönd teptur, þó vera kunni að pöntunarfjelögin gjöri einhverja tilraun með útflutning á fje á komandi hausti. Má því gjöra ráð fyrir að allt þetta muni draga úr verzlun vorri, og þar af leiðandi munu allir aðflutningstollar reynast minni en undanfarin ár. Er því hvorki hyggilegt nje heppilegt að ausa út miklu fje til að byggja stórhýsi og það því fremur, sem að því lendir fyr eða síðar að byggja landsspítala, svo sem h. 1. þm. G.-K. (Þ. Th.) tók nýlega fram, og þótt bygging spítalans yrði frestað um eitt eða tvö fjárhagstímabil, yrði það naumast lengur, en slíkt yrði dýr bygging og árlegur viðhaldskostnaður hennar mikill, enda þótt Reykjavík kynni að leggja töluvert fje til frá sinni hálfu, og að sjálfsögðu yrði að gera. Jeg lít þá svona á kringumstæðurnar.

Valtýr Guðmundsson: Það er breyt.till. við 10. gr. C. 9 um skipakví (þingskj. 329): Styrkur til að gjöra vetrarlægi fyrir þilskip, allt að helmingi kostnaðar, þó ekki yfir 10,000 kr. Eins og þessi liður fjárlaganna var samþ. við 2. umr., álítum vjer of litla tryggingu fyrir því, hvernig fje þessu yrði varið, þar sem enginn undirbúningur hefir verið hafður; menn vita ekki neitt um kostnaðinn og ekki einu sinni, hvort hægt er að gjöra skipakvína, þar sem ætlazt er til. Það er því heppilegra að binda ekki styrkinn við Útgjörðarmannafjelagið, heldur gefa stjórninni heimild til að veita þeim styrkinn, sem mesta tryggingu gefur fyrir því, að honum verði varið vel. Fram á þetta fer breyt.till.

Þá er breyt.till. (þingskj. 321) við 12. gr. B. e—d, sem fer fram á að breytt sje fjárveitingunni til flutningabrauta og færð niður í 24 þús. í stað 60 þús. fyrra árið, en að fjárveitingin til þjóðvega aptur á móti sje hækkuð fyrra árið úr 30 þús. upp í 60 þús. Jeg er í vafa um, hvort rjett sje að byrja á nýjum flutningabrautum, og jeg sting því upp á að liðirnir um þær sjeu bornir upp sundurliðaðir til atkvæða. Jeg veit ekki, hvort 10 þús. kr. nægja til flutningsbrauta austanfjalls, ef 14 þús. kr. ganga til flutningsbrautarinnar fram Eyjafjörð. En jeg er aðalstefnu tillögunnar samþykkur, sem er ósköp skiljanlegt, þar sem það er mín fasta sannfæring, að ekki líði á löngu, þangað til járnbrautir komi, og álít því ekki hyggilegt að ausa fje út í flutningabrautir, áður en útsjeð er um að þær geti komizt á.

Svo er breyt.till. (þingskj. 332) frá þm. Rvík. (J. Jens.) o. fl., um að 1000 krónum sje varið hvort árið til að halda uppi flutningavagnaferðum milli Reykjavíkur og Þjórsárbrúar. Jeg skal fúslega játa, að það er dálítið leiðinlegt að þurfa að koma með slíka tillögu og þessa, að landið hryndi slíku á stað, sem er verksvið einstakra manna. En það er nú einu sinni komið svo hjer hjá oss, að ekki er hægt að byrja á neinu, nema það opinbera kosti það. Reynslan sýnir, að þótt nú sjeu komnir vagnvegir austur, eru þeir ekki notaðir, því jeg tel það ekki, þótt jarðskjálfta-krakkarnir væru sóttir á vögnum. Eitthvað verður því að gjöra til að hrinda þessu á stað, og jeg álít rjett að veita fje til þessa, til þess að sýna mönnum, hvernig nota megi þessar

brautir. En jeg álít ekki heppilegt að landsstjórnin sjálf fari að kaupa vagn og hesta og annast þennan flutning, heldur sje bezt að veita einstökum mönnum styrk til að koma slíkum ferðum á gang, og halda þeim uppi, eða þá veita póststjórninni hann.

Það er nauðsynlegt að kippa þessu í lag; jeg er því með breyt till., þótt vandræði sjeu að landssjóður þurfi að kosta annað eins og þetta.

Þá eru breyt.till. frá fjárlaganefndinni (þingskj. 326), og er sú við 12. gr. C, um gufuskipaferðirnar, mikilvægust. Mjer þykir vænt að heyra, að þessi tillaga um gufuskipaferðirnar hefir mætt góðum undirtektum. Að eins hefir h. 2. þm. Rangv. fundið það að, að millilandaferðirnar væru helzt til margar, annars hafa engar raddir heyrzt móti tillögunni. Jeg hjelt sízt að það mundi verða fundið að, að ferðirnar væru of margar, heldur gat jeg skilið að mönnum fyndist þær of fáar. Jeg skal játa, að tillagan er ekki eins vel úr garði gjörð og æskilegt hefði verið, og er ástæðan tímaleysi, þar sem enginn tími var til að semja hana nema dagana á milli 2. og 3. umr. Vjer gátum aldrei talað við manninn, sem átti að semja fyrir hönd »sameinaða fjelagsins«, nema einn einasta dag, og hvernig átti þá vel að fara. Jafnvel síðan tillögurnar voru prentaðar, hef jeg sjeð galla, sem laga þyrfti. Þar sem h. 2. þm. Rangv. fundust vera of margar millilandaferðir, þá held jeg einmitt að þær sjeu of fáar. Tilboðið var um 19 millilandaferðir, en vjer færðum þær niður í 16—18 í þeirri von að fá fleiri hringferðir í staðinn. En nú fáum vjer ekki fleiri hringferðir en í hinu upphaflega tilboði, en færri millilandaferðir og færri viðkomustaði. Hjer er því galli.

Það er ýmislegt fleira að athuga við þetta, en þýðingarlaust að tala um það, úr því ekki er hægt að breyta því. En þó skal jeg taka eitt enn: Það hefir verið farið fram á að strandbátarnir sjeu nægilega stórir. Þetta finnst mjer athugavert, því að það er undir hælinn lagt, að stjórnin í Kaupmannahöfn hafi vit á því eða nægilega þekkingu. Nefndin vildi því tiltaka lestarúm, en vjer gátum ekki komið því fram við umboðsmann »Sameinaða gufuskipafjelagsins«, því að honum þótti það óaðgengilegt.

Mig furðar á því að enginn skuli hafa minnzt á þessi ódýru farrúm fyrir 50 iðnaðar- og almúgamenn; það má þó telja kost og framför frá því, sem verið hefir. Eins finnst mjer vert að taka það fram, að það er mikill kostur, að menn geta notað sama farseðilinn, þótt menn skipti um fleiri skip, og eins hitt, að flutningsgjaldið verður hið sama, þótt vörurnar sjeu fluttar úr einu skipi í annað; umfermingskostnaður verður enginn.

Þar sem einum h. þm. þótti tillagið — 55,000 kr. — of hátt, þá stafar slíkt víst af misgáningi eða misskilningi. Þess ber nefnilega að gæta, að strandbátarnir eru nú reiknaðir með, en það hefir ekki áður verið. Eiginlega verður nú varið að eins 20,000 kr. til millilandaferðanna, í stað áður 35,000 kr.

Þá er breyt.till. á þingskj. 335, um styrkveitingu til gufubáta á Breiðafirði og Ísafjarðardjúpi. Ef strandbátarnir ættu að koma mjög víða við og krækja inn á hverja höfn, þá mundu þeir verða of seinir í förum. Þess vegna er það nauðsynlegt að veita fje til báta á hinum einstöku fjörðum, er geti komið við á öllum smáhöfnum.

Á Ísafjarðardjúpi hafa menn um nokkur ár haft slíkan bát og mundi

hans verða saknað þar; tel jeg það því varúðarvert að svipta hann styrknum. Samgöngunefndin hefir lagt til að athugasemdin við styrkveitinguna falli burtu, en jeg verð að vera algerlega á móti því að styrkurinn frá bæjar- eða sýslufjelögum falli burtu. En hins vegar finnst mjer rjett að veittur sje styrkur til gufubátsferða á einstökum fjörðum og flóum, svo framarlega sem hlutaðeigandi sýslufjelög borga kostnaðinn að nokkru leyti. En að demba slíku alveg á landssjóð er ósanngjarnt og ójöfnuður gegn öðrum hjeruðum, sem engin slík hlunnindi hafa. Aptur á móti tel jeg það rjett, að það sje ekki undir sýslufjelögunum komið að semja ferðaáætlunina, og er jeg því hlynntur þeirri breyt.till., sem fer fram á að landsh. samþykki ferðaáætlunina; auðvitað verða sýslunefndirnar spurðar, hvort þær vilji styrkja ferðirnar og tillögur fengnar frá þeim um ferðaáætlun, án þess að þær tillögur verði bindandi fyrir landsh., og þarf þá ekkert að stranda á skilyrðum, sem þær kynnu að finna upp á að setja. Mjer finnst hjer svo mikill órjettur ger gegn öðrum, að jeg get ekki verið með að samþykkja tillöguna um að skilyrðið falli burtu.

Samgöngunefndin hefir komið fram með till. um skilyrði við fjárveitinguna til ritsímalagningar.. Sumir álíta þetta skilyrði hættulegt. Jeg sje nú ekki að svo sje. Það er að eins til að herða á. En í sjálfu sjer gerir þetta ekkert til, því að síðara fjárhagsárið er alþingi saman komið og getur því endurnýjað veitinguna. Persónulega álít jeg þessa athugasemd alveg óþarfa, þótt h. meðnefndarmenn mínir sjeu á öðru máli. Hins vegar vildi jeg gjarnan hafa fengið sett inn skilyrði um það, að ritsíminn yrði lagður til Reykjavíkur, en gat ekki komið að till. um það. Oss er ekki nóg, þótt ritsíminn verði lagður á land við Dyrhólaey eða einhversstaðar annarsstaðar á útkjálkum. Það hefði engin hætta verið á að setja þetta skilyrði. Verði engin leiðrjetting síðar gerð við fjárlögin um þetta atriði, vona jeg að stjórnin sjái um að áskilja það.

Breyt.till. mín á þingskj. 334 er um húsaleigustyrk við latínuskólann, að hann sje felldur burtu. 20 kr. í húsaleigustyrk er svo óverulega lítið og ómerkilegt, að það er alveg þýðingarlaust. Jeg er hræddur um að h. þingdeildarmenn, sem greiddu atkvæði með þessu við 2. umr., sjeu ekki nægilega kunnugir málavöxtum. Ástæðan til að útbyggja piltum úr skólanum á að vera rúmleysi. Auðvitað mætti nú vinna rúm á annan hátt, t. d. útbyggja rektor úr skólanum. En annars er jeg ekkert á móti því að byggja piltum út úr honum. En til hvers er að vera að láta þá lesa í skólanum, ef þeir mega ekki búa þar? Jeg veit það af reynslu að piltar, sem búa einn eða tveir saman úti í bæ, geta lesið miklu betur heldur en piltar, sem búa í skólanum, þar sem einn óróaseggur í bekk getur eyðilagt allan lestur. Að það muni verða til að verja þá óreglu álít jeg heldur ekki rjett; því að þegar þeim er haldið föstum til klukkan 10 á kveldin, og svo látnir sleppa á hættulegasta tímanum, þá verður freistingin meiri til þess að fara út, og þeir geta þá auðveldara lent út í óreglu. Auk þess mun það kosta lítið minna að leigja sjer herbergi til að sofa í, heldur en að maður lesi þá í því líka.

Till. á þingskj. 325, um að veita piltum á sjómannaskóla námsstyrk, virðist mjer allsendis óþörf, þar sem aðsókn að skólanum er miklu meiri en hann getur við tekið.

Það gleður mig þó að geta eitt sinn

á hinni pólitisku æfileið orðið samferða þm. N.-Þing. (B. Sv.). Till. hans á þingskj. 337 um styrkveiting til Þingvallaskýlis er jeg samdóma; að eins þykir mjer fjárveitingin of lág. Jeg hefði óskað miklu stærra og betra húss.

Á þingskj. 325 er till. um að fella burtu styrk til fiskiveiðatímarits — styrk, sem enginn maður hefir beðið um, og enginn maður veit til að nokkur lifandi sál ætli að nota.

Þá hef jeg komið með till. um 1200 kr. styrk til Jóns Ólafssonar, sem jeg vona að fái góðan byr, því að till. um 1000 kr. styrk til sama manns, sem fyrir lá við 2. umr., hefði verið samþ. hjer í deildinni, hefði jeg ekki verið á móti henni; en það gerði jeg af því, að jeg vissi að hlutaðeigandi vildi ekki nota þann styrk. Þessi maður er svo miklum hæfileikum búinn, að vjer eigum sjálfsagt ekki völ á neinum öðrum, sem getur rekið jafnvel það erindi, sem hjer er um að ræða. Auk þess hefir hann um svo langan aldur haft svo mikil vekjandi áhrif á þjóð vora, að hann er þess verður að honum sje sómi sýndur.

Þá hef jeg komið fram með breyt.-till. um að fella úr 18. gr. fjárveitinguna, að upphæð 80,000 kr., til stórhýsabyggingar. Jeg skyldi sannarlega ekki vera á móti að veita fje til að reisa stórhýsi til þeirra nota, sem hjer er farið fram á, ef nokkur mynd væri á undirbúningi till., og nokkur minnsta hugmynd gefin um stærð og fyrirkomulag hússins og einhver flugufótur af áætlun til að byggja á; en eins og þetta kemur hjer fram, þá er það meira en samvizkusök að greiða atkvæði fyrir að kasta 80,000 kr. beint út í loptið, án þess að geta gert sjer nokkra hugmynd um, hvar og hvernig þær koma niður á jörðinni. Engin minnsta tryggíng er fyrir að húsnæði þetta verði nægilegt, hvort heldur fyrir forngripasafn, málverkasafn, pósthús eður skrifstofur þær, sem um er að ræða. Hin eina stofnun, sem farið er fram á að hafa skuli að sjálfsögðu nægilegt húsrúm, er landsbankinn. En engin trygging er fyrir því, hvað hann á að leggja til kostnaðarins, hvort það eru 5 kr., 50 kr., 500 kr., 5,000 kr. eða 50,000 kr. Eptir þessari till. getur hann vel lagt fram 5 kr. og tengið fyrir þær nægilegt húsrúm handa sjer, og ætlað svo hverri af hinum stofununum 1 herbergi í húsinu. Jeg get ómögulega tekið á mig ábyrgðina á að vera með svona loptkenndri flaustursáætlun.

Auk þess hef jeg átt tal við ýmsa lögfróða menn, sem allir hafa einhuga verið á því áliti, að landsbankinn, jafnvel með samþykki landshöfðingja, hefði enga heimild til að reisa slíkt hús án samþykkis alþingis. En með þessari till. virðist mjer vera gerð tilraun til að fá á laun samþykki þingsins til þessarar húsbyggingar; því að verði þessi till. samþykkt, þá er þar með gefin óbeinlínis heimild til að verja alveg óákveðinni upphæð af fje landsbankans til húsbyggingar án nokkurrar tryggingar eða eptirlits.

Eiríkur Gíslason: Á þingskj. 321 er breytingartill., sem jeg er við riðinn, viðvíkjandi flutningabrautum. Jeg hef orðið þess var, að sumum h. þingm. og þar á meðal þeim, er síðast talaði, er ekki ljóst, hversu vjer hugsum oss þetta. Meining vor er sú, að af því fje, sem ætlað er til flutningabrauta, sjeu 14,000 kr. varið til flutningabrauta í Eyjafjarðarsýslu, en hinu til brautar frá Eyrarbakka upp Árnessýslu, og svo til viðhalds flutningabrautum þeim, sem nú eru. Um þetta hafa ýmsir rætt, einkum háttv. þingmenn Rangvellinga. Nái þessi tillaga fram að ganga, spar-

ast við það mikið fje, svo meira verður unnið. Þó að þjóðvegur en eigi flutningabraut sje gjör frá Þjórsá yfir Ásahrepp austur að Ytri-Rangá, vona jeg samt, hann verði að tilætluðum notum, enda var ekki meining vor að hindra að svo yrði. Þar liggja að svo fjölmenn hjeruð, sem standa í svo nánu sambandi við Reykjavík, að þörf er á góðum vegi þar eystra; enda mun þar og umferð af útlendum og innlendum ferðamönnum meiri en nokkursstaðar annarsstaðar á landinu. Þótt vegurinn verði að eins þjóðvegur, ættu að geta orðið full not af honum bæði fyrir kerrur og vagna.

H. 1. þm. Rangv. (S. Á.) áleit ekki, að vagnar mundu verða mikið notaðir á þessu svæði fyrst um sinn.

H. 2. þm. Rangv. (Þórður G.) var reyndar nokkuð á öðru máli; þótti honum þegar reynsla fyrir því fengin, að vagnar yrðu brúkaðir á þessari leið. Þessu hlýt jeg að mótmæla, því að reynsla þessi mun vera lítil sem engin. Báðir þessir h. þm. hafa minnt á, hve sýsla þessi er algerlega afskipt öllum afnotum strandferðanna. Þetta er gamall og nýr uppvakningur hjer á þingi, þessi ummæli h. þingmanna. En það er ekki alþingi að kenna, heldur hafnleysi sýslunnar; jeg skal þá minna á það, að fleiri sýslur hafa til skamms tíma haft strandferðanna lítil not, svo sem Austur-Skaptafellssýsla og Norður-Þingeyjarsýsla Sama er að segja um Dalasýslu. Hún hefir engar strandferðir hvorki af millilandaskipum eða innfjarðabátum. Þegar þess er gætt, að þessar 3 sýslur hafa engin not haft af strandferðum undanfarin ár, finnst mjer óþarfi að hafa þetta á oddinum með Rangárvallasýslu eina, þar sem hún að því leyti er eigi ver komin en þessar 3 sýslur, sem jeg hefi nefnt.

Þá er breytingartill. á þingskj. 332 frá 6 h. þingm. Hún stendur nú í nánu sambandi við þetta, sem jeg minntist á. Jeg bjóst við, eptir því sem fram kom við 2. umr., að flutt mundi verða tillaga í nokkuð aðra átt en þessi fer. Háttv. þm. Rvík. (J. Jenss.) hreyfði því þá, að það væri landssjóðs skylda, að fá menn til þess að nota þessar flutningabrautir, sem búið er að kosta svo stórkostlega mikið upp á. Jeg bjóst við, að breytingartill. mundi fara fram á að greiða fyrir póstflutningum; en jeg bjóst alls ekki við að hún færi í þessa átt. Jeg get ekki annað en furðað mig á, að nokkur skuli láta sjer hugkvæmast að koma fram með slíka tillögu; jeg er alveg á sama máli og h. 1. þm. Árn. (Þorl. G) um það, að það er fjarstæða, að kaupa menn til þess að nota þessa góðu vegi. Jeg ber miklu meiri virðingu fyrir Árnesingum og Rangæingum sem nýtum og dugandi mönnum heldur en svo, að jeg fyrir mitt leyti vilji með atkvæði mínu styðja það, að farið sje að verja fje úr landssjóði til þess að kenna þeim að brúka þá góðu vegi, sem þegar eru lagðir austur og kostað hefir verið til fje úr landssjóði, sem nemur hundruðum þúsunda. — Það sýnist liggja næst, að þeir, sem næstir eru brautinni og hægast eiga með að nota hana, læri sjálfir að nota hana; og ef þeir eru þess ekki megnugir hver í sínu lagi, þá í fjelagsskap. Og jeg skal skjóta því til h. þingdeildar, hvort henni þyki það eiga við að veita fje í þessu skyni, þegar þess er gætt, hversu vegirnir víðs vegar um landið eru afar-illir yfirferðar, eigi að eins þeir, sem viðkomandi hjeruð eiga að kosta, heldur líka þeir vegir, sem landssjóði að lögum er skylt að standa straum af, svo sem í Austur-Skaptafellssýslu, eins og háttv. viðkomandi þingm. ljóslega hefir sýnt fram á.

Þá er breytingartill. á þingskj. 357,

þar sem farið er fram á að styrkurinn til gufubáta á Faxaflóa og Breiðafirði sje ætlaður einum bát. Jeg verð þar að vera á máli h. þm. Dal. (J. P.) og h. 1. þm. G.-K. (Þ. Th.), að rjett sje að sýslur þær, sem nota þessa báta, sje ekki látnar leggja fram neina sjerstaka upphæð, fremur en sýslur austaneða norðanlands. Jeg verð líka að álíta, að bátur af hæfilegri stærð hefði ekki svo mikla flutninga um Faxaflóa, hvorki af farangri eða fólki, að hann gæti ekki sinnt þörfum manna bæði við Faxaflóa og Breiðafjörð.

Það er kunnugt, að sá bátur, sem nú fer hjer um flóann, Reykjavíkin, hefir haft mjög lítið að gjöra á mörgum ferðum sínum, sjerstaklega við Faxaflóa sunnanverðan. Ferðirnar, sem sá bátur er búinn að fara vestur á Snæfellsnes, hafa og eigi verið notaðar sem æskilegt hefði verið, en ýmislegt hefir verið því til fyrirstöðu, t. a. m. hvassviðri og enda ónærgætni skipstjóra gagnvart hjeraðsbúum.

Það er einna mest til Borgarness að báturinn er notaður. Enda liggur vel við að ná þaðan til hans, ekki einungis úr Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, heldur einnig frá Dala-, Húnavatns- og Strandasýslum. Jeg ímynda mjer, að bátur af sömu stærð og »Reykjavík« mundi fullnægja þörfum manna, þó að hann færi bæði hjer um flóann og Breiðafjörð.

Þá er hjer breytingartill. á þingskj. 330, frá brúanefndinni, sem sætir talsverðum mótmælum, sjerstaklega af hálfu h. þm. Dal. (J. P.) og h. 1. þm. G.-K. (Þ. Th.). H. þm. Dal. (J. P.) tók það fram, að ekki væri þörf á að fá slíkan verkfræðing, sem hjer er til tekinn, og fannst honum, að því er mjer skildist, ekki brýn þörf á að ár þær væru brúaðar, sem brúanefndin sjerstaklega benti á. (*Jens Pálsson*: Misskilningur! Ástæðulaus!). Orð h. þm. Dal. (J. P.) fjellu á þessa leið:

Vjer, sem í brúanefndinni vorum, álítum, eins og h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) tók fram, að þessi eini verkfræðingur, sem landið hefir ráð á, hefði svo miklum og margbreyttum störfum að gegna, að hann hefði alls ekki tíma nje kringumstæður til að skoða og rannsaka brúarstæði á þeim ám, sem vjer brúarnefndarmenn álítum rjett að sjeu brúaðar svo fljótt sem ástæður leyfa.

H. 1 þm. G.-K. (Þ. Th.) áleit ekki þörf á þessu, af því að það væri tilgangslítið að skoða þær ár, sem lítil líkindi eru til að brúaðar verði fyrr en eptir langan tíma. Jeg er á annari skoðun en h. 1. þingm. G.-K. (Þ. Th.). Mín skoðun er sú, að fje sje eigi betur varið til neinna annara vegabóta, heldur en einmitt til að brúa þær ár, sem eigi að eins eru farartálmi fyrir menn og skepnur, heldur eru einnig opt svo illar yfirferðar, að lífi manna og skepna er stofnað í lífsháska með því að fara yfir þær. Meira að segja, jeg vildi að sem flestar ár væru brúaðar hið allra fyrsta, enda þó að stórfje þyrfti til þess, og jeg skal bæta því við, að jeg sje ekkert á móti því, þó að landssjóður yrði að taka lán til að brúa þær stórár, sem honum er skylt að annast samkvæmt gildandi vegalögum.

Þá er breytingartill. á þingskj. 324, styrkveitingin til Hólmgeirs Jenssonar. Þessi styrkur fjell, eins og menn muna, við 2. umr., en upphæðin var þá önnur, og nokkru meiri en þessi. — Jeg fyrir mitt leyti verð að líta svo á, að það sje mjög óheppilegt að styrkur þessi fjekk ekki framgang, því að þegar þess er gætt, að við höfum að eins einn mann, sem stundar dýralækningar, þá liggur í augum uppi að slíkt

er mjög ónógt. þegar miðað er við allt Suður- og Vesturland. Og af upplýsingum þeim, sem fram hafa komið um þennan mann, ræð jeg, að hjer sje ekki um neina hættu að tala; þessi maður er allt annað en hinir svokölluðu, vanalegu skottulæknar. Þessi eini dýralæknir, sem nú er á landinu, getur lítið ferðazt, að minnsta kosti í hin fjarlægari hjeruð, og þau helztu not, sem almenningur hefði af honum, ætti þá að vera, ef hann ritaði eitthvað fyrir almenning; en til hins verður naumast ætlazt, að slíkur maður fari í læknisferðir í fjarlægari hjeruð.

Jeg tek það upp, eptir þeim upplýsingum, sem þinginu hafa verið gefnar um þennan mann, að það væri mjög misráðið, ef deildin samþykkti ekki þessa upphæð.

Klemens Jónsson: Jeg á hjer þrjár breytingartill., og þó að jeg geti ekki sagt, að nein af þeim sje mjer kappsmál, þá býst jeg þó við að það þyki betur hlýða, að jeg fari um þær nokkrum orðum.

Fyrsta breytingartill. mín á þingskj. 325 fer fram á, að við 13. gr. B. V. 7 komi nýr liður: til styrkveitingar námspiltum úr fjarlægari hjeruðum 800—800 kr. Við 2. umr. flutti jeg, eins og h. þingdeildarm. mun vera í minni, breytingartill. um að veita 500 krónur til styrks námspiltum, er sæktu til stýrimannaskólans í Reykjavík að tilhlutun hins eyfirzka skipaábyrgðarfjelags, og var hún felld; en af því að mjer þykir þetta nokkru skipta, þá ber jeg hana nú upp aptur í nokkuð öðru formi. Jeg gat þess þá, við 2. umr., að ástæðan til þess að jeg flytti þessa breytingartill. væri sú, að eptir atvinnu- og siglingalögunum getur enginn orðið skipstjóri, nema þeir, sem hafa stýrt skipi fyrir 1. júlí 1895, eða tekið próf á stýrimannaskólanum, en þeim fer óðum fækkandi, sem hafa verið skipstjórar fyrir þenna tíma. Þetta er ekki eingöngu tilfinnanlegt fyrir Eyfirðinga, heldur líka fyrir önnur hjeruð, sem hafa mikla skipaútgerð og langt til stýrimannaskólans, t. d. Ísafjörð og Austfirði. Og því hef jeg sameinað mig við h. þingmenn úr þeim hjeruðum, og fært upphæðina upp um 300 kr., og tekið til »úr fjarlægari hjeruðum«, í staðinn fyrir »úr Eyjafirði«. Reyndar er þetta orðalag ekki eins ákveðið, eins og óskandi væri, en jeg vona, að þeir sem veita eiga, taki tillit til þess, sem hjer er fram komið um tilganginn með þessari styrkveitingu.

H. þm. Vestm. (V. G.) tók það fram, að hann sæi ekki ástæðu til að samþykkja þessa styrkveiting, af því að aðsóknin að stýrimannaskólanum væri nægilega mikil. Þetta kann að vera, að því er nærsveitirnar snertir, en frá Norður- og Vesturlandi er aðsóknin ekki mikil, svo að þeim þar kemur að engu haldi, þó að margir sæki skólann hjeðan af Nesjum og nærsveitunum. — Reyndar mætti segja, að þeir ættu að geta útvegað sjer skipstjóra hjeðan að sunnan, en þau kjör, sem fyrir norðan verða boðin, eru ekki eins góð og þau, sem hjer tíðkast.

Þá er önnur breyt.till. á sama þingskj. um að færa styrkinn til Helga Jónssonar úr 1500 kr. niður í 1000 kr. Jeg bar hjer upp tillögu um að Stefáni kennara Stefánssyni væri veittur styrkur, en sú tillaga var felld. Jeg get nú ekki sjeð, að það sje meiri ástæða til þess að veita þessum manni styrk til þess að rannsaka gróður landsins vísindalega, en til þess að veita Stefáni styrk til að rannsaka hann fóðurfræðislega. Og mjer fyrir mitt leyti þvirðist full ástæða til að fella hann burtu, því að mjer er með öllu óljóst, hvað slík vísindaleg rannsókn hefir að þýða fyrir

oss, að minnsta kosti álít jeg þörf á að rannsaka margt fyr vísindalega hjer á landi en þetta. En þar sem breyt.till. fer fram á að veita hr. Helga Jónssyni 1000 kr., þá er præcedens fyrir því: Þorvaldur Thoroddsen hefir aldrei fengið meira en 1000 kr. öll þau ár, sem hann hefir haft styrk af almannafje, svo að þessar 1000 kr. ættu að vera hr. Helga Jónssyni fullnóg, ef hann á annað borð á að fá nokkuð.

Þá er 3. breyt.till., að styrkurinn til útgáfu fiskitímarits falli burtu. Jeg þarf ekki að tala margt um hana, því að allir þeir h. þm., sem jeg hef talað við, hafa tekið henni svo líklega, að jeg efast ekki um að þessi styrkur verði felldur burtu. Það eru ekki mikil líkindi til, að mikið verði skrifað í þetta tímarit, því að jeg veit ekki til að hjer á landi sjeu margir færir til þess, og það getur varla verið um nema einn mann að tala. Og ef hann vildi skrifa eitthvað, maður sá, þá er nóg rúm í Búnaðarritinu og Andvara — hann hefir lengi verið þunnur, í tvöföldum skilningi, og veitti varla af að fá þetta til uppfyllingar.

Fleiri breyt.till. á jeg ekki. Jeg hef reyndar skrifað undir fleiri breyt.till., en það er orðin þingvenja að lána nafn sitt undir breyt.till., til þess að koma þeim að, hvort sem manni stendnr á sama um þær eða ekki.

Jeg skal samt enn minnast á brúna á Hörgá á Staðarhyl. Við flutningsmenn tókum aptur frumv. um brúargjörð á Hörgá, af því við vorum þess fullvissir, að tillaga eins og sú, sem hjer liggur fyrir, mundi verða samþykkt. Jeg hef heldur enga mótbáru heyrt flutta á móti henni, nema hvað h. þm. A.-Skaptf. ætlaði, að ekki væri samræmi í tillaginu úr landssjóði og því, sem sýslusjóður legði í móti; hann er þessu ókunnugur; því er það. Því að sýslan leggur ekki eingöngu fram 1/3 part til brúarinnar á móts við landssjóð, heldur einnig mjög mikið fje að auki í upphleyptan veg að brúnni, svo að það má óhætt fullyrða að sýslan leggi fram fullkominn helming á móts við tillagið úr landssjóði.

Þá er breyt.till. á þingskj. 321, viðvíkjandi flutningabrautunum. Það hefir verið rætt mikið um það mál í dag; h. þm. Strand. (Guðj. G.) hefir talað vel fyrir því, og margir tekið þar undir með honum, svo jeg finn ekki ástæðu til að orðlengja um það. Jeg ímynda mjer að ekkert verði því nú til fyrirstöðu, að hinar áætluðu 14000 kr. til flutningabrautar fram Eyjafjörð verði samþykktar, en þó það sje lagleg upphæð, þá er hún þó eigi nægileg, en það getur verið góð byrjun. Jeg vil leyfa mjer að skjóta því til forseta, að bera breyt.till. upp í tvennu lagi, tölurnar fyrst, því þó þær fjellu, gæti þó athugasemdin um flutningabrautina staðið alveg eins.

Því næst vil jeg snúa mjer að breyt.till. frá h. þm. N.-Þing. (B. Sv.) um fjárveitingu til að byggja hús á Þingvöllum. Jeg er þessari breyt.till. samþykkur, en mjer finnst sá galli á, að maður veit ekki, hverjum maður á að veita fjeð, og sje heldur ekki að full sönnun sje fyrir því, að fjeð verði notað til þess. Hjer liggja ekki fyrir neinar upplýsingar um þetta, og vil jeg því skjóta því til h. þm., hvort hann ekki vilji gefa deildinni slíkar upplýsingar.

Þá kemur loks stærsta og atkvæðamesta breyt.till., nefnilega um að fella burt 18. gr. Jeg er samþykkur h. þm. Vestm. (V. G.) í því, að ekki eigi að fella þessa fjárveitingu alveg, og álít brýna þörf að byggja hús handa söfn-

unum o. fl., en aptur á móti er jeg fleiri h. þingm. samdóma í því, að þetta mál sje ekki nógu vel undirbúið enn. Allir eru á einu máli um það, að brýna nauðsyn beri til að reisa nýtt pósthús, því þetta, sem við nú höfum, er ekki nægilegt til póstafgreiðslunnar. Það var vont áður, eins og alkunnugt er, en er nú enn verra, eptir að nýr póstmeistari kom, því það hefir verið klipið af því húsrúmi, sem áður var notað. Jeg hef haft tal af hinum nýja póstmeistara, og hefir hann kvartað yfir hinu núverandi pósthúsi, og álitið nauðsynlegt að byggja nýtt, en jeg fyrir mitt leyti sje enga ástæðu til að það þurfi endilega að vera í sambandi við landsbankann. Það hefir flogið hjer, að tilboð hafi komið frá bæjarstjórninni um að láta barnaskólahúsið falt fyrir pósthús fyrir þolanlegt verð, en það hefir ekkert heyrzt frá fjárlaganefndinni í þá átt, og væri vænt að fá að vita nánar um það. Hjer er ekkert hús, sem liggur betur við en barnaskólahúsið, og þarf ekki mikið að breyta því, til að gera það hentugt. Húsið er stórt, og væri hægt að stækka það enn meir, því þar fylgir með töluvert stór og ágæt lóð, og verð jeg að telja það mjög æskilegt, að hús þetta verði keypt fyrir pósthús. Verði þetta ekki ofan á og verði ekki hægt að byggja nýtt hús, þá þarf þingið samt að útvega þolanlegt húsrúm til póstafgreiðslunnar.

Jeg held að h. þm. Vestm. (V. G.) hafi misskilið þessa 18. gr. að nokkru leyti, jeg vil ekki segja að hann hafi ekki lesið hana. Það var svo á honum að heyra, eins og honum skildist að hjer væri það ætlað fullnóg, ef söfnin fengju einhverja kytru, en að það væri tekið skýrt fram, að bankinn hefði nægilegt húsrúm. En hjer stendur að söfnunum skuli ætlað nægilegt rúm í þessari byggingu, og ætti ekki h. þm. að þurfa að vera annar eins íslenzkumaður og hann fær orð fyrir, til að skilja orðið »nægilegur«, og að það á eigi einungis við bankann heldur einnig söfnin. Að svo mæltu hef jeg ekki frekar að athuga, mjer er ekki hægt að fara gegnum alla liði, og verður atkvæðagreiðslan að sýna, hvernig jeg sný mjer. Þó skal jeg geta þess, að jeg verð að vera á móti utanfararstyrknum til læknanna til þess að rifja upp fræði sín, því þá gætum við juristarnir farið fram á styrk til þess að studera corpus juris og theologarnir til þess að glöggva sig á kirkjufeðrunum og á moral, og yrði enginn endir á því.

Skúli Thoroddsen: Það eru hjer nokkrar breyt.till., sem jeg vildi fara fáum orðum um, og er þá fyrst að nefna breyt.till. á þingskjali 324, um styrk til Hólmgeirs Jenssonar, til að stunda dýralækningar í norðurhluta Vesturamtsins. Við 2. umr. fór jeg fram á að veita þessum manni 400 kr. árlega, en það var fellt; en með því að mjer fannst á sumum þm., að það hefði verið af því að þeir ekki hefðu athugað þetta mál nógu vel, þá hef jeg komið hjer með það aptur, og fært styrkinn niður í 300 kr. á ári. H. framsögum. tók vel undir þetta mál, og gleður það mig, því það kann að styðja að því, að það nái framgangi. Þetta er mjög þörf fjárveiting, þar sem Vesturamtið er dýralæknislaust, og stoðar það lítið, þó 1 dýralæknir sitji í Reykjavík. Það hefir komið fram ósk um þetta bæði frá amtsráðinu og frá þingmálafundum vestra, og jeg má óhætt segja, að það er almenn ósk þar vestra, og væri því illt, ef þingið ekki vildi sinna því.

Þá er breyt.till. á þingskj. 329, þar sem farið er fram á að styrkur sá, er samþykktur var til skipakvíar, sje ekki einskorðaður við útgerðarmannafjelagið. Jeg skal geta þess, að það sem vakti

fyrir okkur, sem skrifuðum undir breyt.-till., var það, að við höfðum heyrt jafnvel á sumum mönnum úr útgerðamannafjelaginu, að óvíst væri, hvort þeir vildu nota þetta tilboð, og væri þá þar með loku fyrir skotið að aðrir gætu fengið styrkinn. ef hann væri bundinn við útgerðarmannafjelagið. Þessi breyt.till. getur því aldrei orðið til að hindra, heldur miklu fremur til að tryggja, að kvíin verði byggð og fjárveitingin komi að tilætluðum notum, ef svo færi að útgerðarmannafjelagið ekki vildi gangast fyrir því. H. þm. Árn. tók það fram, að enn væri óákveðið, hvar þessi skipakví ætti að liggja, en nú hefir að eins komið fram ósk um þetta frá Faxaflóa, enda útgerðin mest þar, svo það er auðsætt að kvíin ætti helzt að vera þar; en ef það sýndi sig að þar væri ekki nóg framkvæmd í mönnum til að ráðast í þetta, þá mætti veita öðrum styrkinn.

Þó jeg sje þakklátur h. fjárlagan. fyrir að hún styður styrkinn til Hólmgeirs Jenssonar, þá er öðru máli að gegna, að því er snertir styrkinn til sýsluvegagerðar í Ísafjarðarsýslu. H. framsögum. (J. J.) kom með það, að þessi styrkveiting kæmi í bága við stefnu þá, er nefndin hefði tekið, er hún ákvað styrk til vegagerða í Snæfellsness og Stranda sýslum, en mjer virtist hann ekki geta gert fulla grein fyrir því. Í Ísafjarðarsýslu er eins ástatt og í Stranda og Snæfellsness sýslu að þar er engin þjóðbraut til, og ætti hún því að fá þennan styrk. Mjer finnst að Ísafjarðarsýsla, sem borgar einna mest fje allra sýslna til landssjóðs, ætti fyrst en ekki sízt að njóta góðs af þessum styrkveitingum. Jeg þykist því viss um, að þeir, sem greiða atkvæði með styrk til Strandas., Snæfellsness-og Austur-Skaptafellssýslu, muni einnig greiða atkvæði með styrk til Ísafjarðarsýslu. Það getur verið að rjettast sje að veita ekkert fje úr landssjóði til sýsluvega, en úr því þingið gerir það á annað borð, þá finnst mjer það ekki geta verið þekkt fyrir annað en láta þessa fjárupphæð til Ísafjarðarsýslu fá framgang, enda munar það minnstu, hvort þingið veitir nokkur hundruð kr. meira eða minna í þessu skyni.

Því næst vil jeg minnast á breyt.till. frá h. þm. Rvík. (J. Jenss.) o. fl. um að veita fje til flutningavagnferða hjeðan og austur að Þjórsárbrú. Mig hefir furðað á þeim mótmælum, sem komið hafa fram því viðvíkjandi, því jeg sje ekki, að það sje nema eðlilegt að landssjóður gangist fyrir að kenna mönnum að nota flutningabrautina, úr því hann hefir lagt hana. Mjer finnst það meira að segja náttúrlegt, að landsstjórnin sjálf kosti flutningaferðir, alveg eins og hún kostar póstferðir. Hún gæti hagað því þannig, að hún auglýsti, að sá starfi stæði til boða að annast þessar ferðir yfir sumarið, og látið menn gera undirboð; væri og sjálfsagt að setja þau skilyrði, að til ferðanna skyldi hafa hagfeldan vagn, óþreytta hesta til taks á ákveðnum stöðum o. s. frv. Jeg skil þetta ekki svo, að það eigi að vera styrkveiting til einstaks manns, heldur að landsstjórnin gangist fyrir að fá mann, sem framkvæmi þetta fyrir hennar hönd, og fyrir landssjóðsins reikning. Jeg þarf ekki að lýsa því, hvað mikið gagn gæti hlotizt af slíkum ferðum, bæði fyrir Reykjavík, Árness og Rangárvalla sýslur, og sömuleiðis fyrir útlenda ferðamenn, sem margir hverjir mundu heldur kjósa vagna en hesta, ekki sízt fyrir farangur sinn. Þetta ætti því einkum að geta orðið til þess að laða útlendinga hingað, því nú sem stendur

búum við þeim lítið í haginn, og það er meira að segja skömm að því, hvernig farið er með þá; þeir eru dregnir upp af ófyrirleitnum fylgdarmönnum og opt látnir hafa miklu fleiri hesta en þeir þurfa o. s. frv.

Þá er önnur tillaga frá fjárlaganefndinni, sem þingm. hafa að vonum gert að umtalsefni, og það er sú tillaga hennar, að lánin til jarðabóta falli burt.

Mjer þykir það kynlegt af fjárlaganefndinni að vilja fella þetta lán burt. Það hefir flogið fyrir, að landbúnaðarnefndin hefði í hyggju að koma fram með tillögu um að stofna búnaðarsjóð í sambandi við bankann, en jeg ímynda mjer að það mál geti ekki komizt fram á þessu þingi. Jeg skal ekki segja, hvað rjettast væri í þessu, þar sem mjer enn eigi hefir gefizt kostur á að sjá frumv. þetta, en það vita allir, að bankinn hefir enn ekki getað fullnægt skyldum sínum, að því er stofnun útibúa snertir, og finnst mjer því ekki rjett að binda fje bankans við annað en það, sem beint liggur fyrir eptir bankalögunum. Jeg tel og þinginu skylt að koma á sjerstakri, sjálfstæðri landsstofnun, óháðri bankanum, sem í nógu hefir að vasast, og sumir eru ekki sem ánægðastir með; en slík stofnun myndi, að minni hyggju, betur til þess fallin en bankinn, að í sambandi við hana stæði sjerstök útlánsdeild, er lánaði fje með vægum kjörum til jarðabóta; en á meðan slíkt kemst ekki á, þá finnst mjer öll ástæða til að deildin láti þessa fjárveitingu á fjárlögunum standa, enda er það ekki mikið fyrir landið, þó 30,000 kr. stæðu til boða sem lán til jarðabóta, og þó menn kannske játi að sú aðferð, sem hjer er farið fram á, sje ekki sá eðlilegasti vegur til að koma landbúnaðinum upp, þá gæti þó máske þetta fyrirkomulag nægt til bráðabirgða á þessu fjárhagstímabili.

Því næst snýr jeg mjer að breyt.till. á þingskj. 334 um að fella burt 80,000 kr. úr viðlagasjóði til steinbúshyggingar í sambandi við landsbankann. Það, sem fyrir mjer vakti, þegar jeg fór að hugsa um þetta mál rækilega, var það, að eptir mínum skilningi á bankalögunum, þá álít jeg að bankinn hafi ekki leyfi til að byggja fyrir einn einasta eyri úr varasjóði, en að hann verði að leita heimildar þingsins í því efni, enda fæ jeg ekki betur sjeð, en að þingið með fjárveitingu þessari samþykki óbeinlínis, að bankastjórnin hafi án íhlutunar löggjafarvaldsins leyfi til að verja varasjóði bankans, sem henni sýnist.

H. 1. þm. Árn. (Tr. G.) sagði að sjer fyndist mótmæli gegn þessari fjárveitingu lýsa vantrausti á sjer, lýsa því, að menn treystu honum ekki til að byggja þetta stórhýsi í sambandi við hús fyrir bankann, svo í lagi færi. Í breyt.till. sjálfri felst nú að vísu ekkert slíkt, en persónulega verð jeg að segja, að jeg hefi ekki það oftraust á honum, að jeg kjósi ekki heldur að hafa ákveðna áætlun og teikningu að halda mjer við. Þingið ætti því ekki að sinni að veita annað en ofurlitla ákveðna upphæð í því skyni, að stjórnin gæti búið málið undir næsta þing.

Að því er snertir breyt.till. á þingskj. 337, viðvíkjandi styrk til húsbyggingar á Þingvöllum, líklega í sambandi við einstaka menn, þá er jeg í töluverðum vafa um, hvort jeg á að gefa henni atkvæði mitt eða ekki. Þetta er ekki af því að jeg vilji ekki koma upp húsi á Þingvöllum, heldur af því, að jeg vil hafa þar reisulegt hús, en ekki verja fje til að byggja þar lítið og óvandað hús fyrir svo sem 4—5000 kr. Jeg hefði getað verið með því, úr því farið var að byggja á annað borð, að verja til þess allt að 20,000 kr., því jeg vil ekki byggja þar hús, sem yrði nokkurs konar

ómynd. En sje að eins um það að ræða að byggja hús á Þingvöllum, sem einkum mun ætlað til að taka á móti útlendum ferðamönnum, þá gæti það eins vel skoðazt sem gróðafyrirtæki fyrir einstaka menn, og er nóg af efnuðum mönnum hjer í Reykjavík til að ráðast í það, og jafnvel hver þeirra manna, sem stóðu undir áskoruninni í vor, hefði getað reist slíkt hús af eigin ramleik.

Þá vil jeg minnast á styrkinn til gufuskipafjelagsins sameinaða. Þó jeg sje einn í samgöngumálanefndinni og hafi starfað að því máli eins og aðrir nefndarmenn, þá hefi jeg látið í ljós, að jeg áliti þessa stefnu alveg ranga; en jeg mun standa einn uppi með mína skoðun, og mun því ekki til mikils að fara um hana mörgum orðum.

Mín skoðun er sú, að stefna síðasta þings í þessu máli hafi verið alveg rjett, en hún var sú, að vjer tækjum samgöngurnar alveg í vorar hendur og reyndum að koma þeim í betra og betra horf. Þær samgöngur, sem gufuskipafjelagið sameinaða á að láta okkur í tje um 5 ára tímabil, eru svo litlar, að jeg get ekki skilið að landið geti sætt sig við þær um svo langan tíma. Þannig er það hreinasta ómynd, að engar ferðir skuli eiga að vera kring um landið 4 mánuði ársins, nóvember — febrúar, og að ætla sjer að byrja næstu öld með þeim samgöngum, vil jeg ekki styðja með mínu atkv. Land eins og Ísland, sem er umflotið af sjó, ætti að hafa hringferðir skipa allt árið. Norðmenn, Englendingar og allir aðrir nema Danir, geta farið í kring um þetta land allt árið. Í öðru lagi tel jeg það ísjárvert, að veita einu fjelagi einkarjett til að ákveða farmgjald og fargjald um 5 ára tíma, því enda þótt fjelagið sje bundið þeim skilyrðum, að hafa þessi gjöld eins og »Vesta«, 10% lægri en þau voru áður hjá fjelaginu, þá var þetta gjald allt of hátt, og þó að styrkurinn til sameinaða gufuskipafjelagsins sje ekki nema 55,000 kr. tvö fyrstu árin og verði ekki nema 50,000 kr. hin þrjú næstu, þá er þar mikið lagt í sölurnar, bæði beinlínis og einkum þó óbeinlínis. Það er stakt vogunarleysi af þinginu, að taka svona í þetta mál nú, og það ber leiðinlegan vott um þrekleysi þjóðarinnar að geta ekki haldið lengur þá stefnu, sem hún var búin að taka, en leggja nú aptur allt upp í hendurnar á dönsku fjelagi. Það er líka frá pólitísku sjónarmiði alveg rangt að láta þetta danska fjelag hafa styrk til ferða þessara; og því mun jeg greiða atkv. móti þessari fjárveitingu í heild sinni, enda álít jeg jafnvel, að landið væri betur farið, þó þessi liður fjárlaganna stæði »in blanco«, en að binda sig þessu fjelagi í 5 ár. En hik og hræðsla þings og þjóðar út af kostnaðinum við Vestu-útgjörðina er svo mikil, að mín skoðun getur ekki komizt fram, og því var þýðingarlaust fyrir mig að koma með sjerstakar till. í þessa átt.

Þá mun jeg líka greiða atkv. á móti 14. tölul. á atkvæðaskránni, þar sem h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) stingur upp á að fá útlendan verkfræðing til að skoða brúarstæði og gjöra áætlanir um brýr á ám hjer á landi. H. 1. þm. G.-K. (Þ. Th.) hefir tekið greinilega fram, hvað sje á móti þessari fjárveitingu, og er jeg honum alveg samdóma í því efni. Ef ákveða á á tveimur árum brúarstæði á allar þær ár, sem á að brúa, þá vill hvert hjerað fyrst fá brúað hjá sjer, svo annaðhvort verður að brúa allar ár í senn, eða allt lendir í ósamlyndi og rifrildi í þinginu. Þessi tillaga sýnist líka koma of fljótt fram. Það er eins og h. tillögumenn vilji láta h. þingd. binda sig fyrirfram, áður en henni gefst kostur á að ræða og gjöra út um þings-

ályktunartillögu brúarnefndarinnar um sama efni, því setjum svo, að sú tillaga yrði felld, og þá væri þessi fjárveiting óþörf. Þessi till. ætti því að minnsta kosti að bíða, þangað til þingd. hefir sjeð afdrif þingsál.till. Hefi jeg nú talað um breyt.till. þær, sem jeg er við riðinn og finn svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um málið að sinni.

Björn Sigfússon: Jeg vildi að eins gjöra örstutta athugasemd út af orðum h. 1. þm. G.-K. (Þ. Th.) áðan. Hann gat ekki fallizt á þá tillögu mína, að gjöra augnlækninum að skyldu að halda ókeypis »klínik« fyrir fátæka menn einu sinni á viku. En mótbárur hans gátu ekki sannfært mig, enda bröktu þær ekki ástæður mínar. Út af því að jeg hafði sýnt hlutfallið milli launa læknanna, eptir því hvað margar kennslustundir hver læknir hefði á læknaskólanum, taladi hann um að útreikningur minn væri ekki rjettur, og hann vildi fræða mig um, að kennararnir þyrftu að hafa mikinn undirbúning undir kennslustundirnar. Jeg þurfti alls ekki þessarar fræðslu við, því jeg vissi vel að þeir þurftu undirbúning. En þetta á ekki fremur við sjerfræðingana en hina. Ef hann hefði getað sýnt mjer, að þessir sjerfræðingar þyrftu meiri undirbúning en hinir, þá hefði það verið töluverð ástæða á móti minni tillögu. En þetta mun nú þvert á móti. Því hinir reglulegu kennarar, aðalkennararinn og hjeraðslæknirinn, sem hafa flestar kennslustundirnar og vandamestu kennslugreinarnar, hljóta að þurfa miklu meiri undirbúningstíma, en sjerfræðingarnir líklega engan eða mjög lítinn. Það verða víst allir að játa, að kennsla hinna föstu kennara sje mjög umfangsmikil við læknaskólann. Hann sagði, að hjeraðslæknirinn kenndi ekki nema eina vísindagrein við skólann; en þetta held jeg að sje ekki rjett. Mjer er ó hætt að fullyrða, að hann kennir miklu fleiri og umfangsmeiri vísindagreinir en sjerfræðingunum er ætlað eptir tillögu minni. Annars sje jeg nú, að jeg hefi líklega misskilið dálítið tilgang þessa h. þm., því það hefir víst aldrei verið meining hans að láta læknaskólanemendurna græða neitt á tilsögn tannlæknisins. Þetta sjest á breyt.till. á þingskj. 358, sem er nýkomin frá honum, um að orðin í fyrri tillögu hans: »að veita »stúdentum á læknaskólanum tilsögn í »tannlækningum — —« falli burtu. Hann vill þá ekki að hinn aukni styrkur til tannlæknisins komi læknaskólanum neitt að góðu. Það er þá einungis tilgangur hans að hækka styrkinn, til þess að hann veiti nokkrum fátæklingum ókeypis læknishjálp, Þó þetta geti verið gott í sjálfu sjer, þá ætla jeg ekki að það sje hlutverk landssjóðs að sjá fátæklingum fyrir ókeypis læknishjálp; hann er ekki, og á ekki eptir eðli sínu að vera fátækrasjóður. Það heyrir öðrum til en landssjóði að útvega fátæklingum læknishjálp.

Þó jeg hefði hugsað mjer að fara nokkrum orðum um fleiri liði hjer á atkvæðaskr. þá ætla jeg að sleppa því. Umr. eru orðnar svo óhóflega langar, að nóttin mundi ekki endast ef allir, sem enn geta talað, færu að ræða hvert atriði.

Jens Pálsson: Jeg skal geta þess, að jeg kom hingað til þings með sömu skoðun og að jeg sit hjer með sömu skoðun sem h. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.), að því er gufuskipamál vort snertir. En það er komið á daginn, að ekki dugir að sitja við sinn keip. Það danzar margur, þó hann danzi nauðugur. Maður verður að beygja sig fyrir almenningsálitinu og jafnvel yfirgefa rjett princip, þegar svo ber undir. Það, sem nú er komið fram, er ávöxturinn af Ramaópi þeirra, sem æptu hæst á móti Vestuútgjörðinni, sem jeg þó er sannfærður

um, að er eitt hið bezta og þjóðnýtasta fyrirtæki, sem landssjóður hefir kostað, og hefir borgað sig fyllilega, ef rjett er á litið. Jeg skal ekki fara lengra út í það mál hjer, en skeð getur að jeg geti sannað orð mín síðar á öðrum stað; þó skal jeg játa, að hjer hefir ráðizt betur úr en vænta mátti, úr því að binda átti landið á klafa í þessu máli um 5 ára tímabil.

Þá skal jeg minnast með fám orðum á hina fyrirhuguðu bankahúsbyggingu. Það var rætt ýtarlega um það mál við 2. umr., og jeg bjóst við tillögu um það mál til 3. umr. í endurbættri mynd en sú von hefir brugðizt. Jeg veit að það liggur fyrir að byggja stórhýsi, en jeg veit líka, að til þess þarf stórfje. Það fje, sem búið er að samþykkja, er ekki nóg, nema bankinn leggi fram stórfje. Ef þingið hefði viljað veita 150,000 kr. og bankinn svo lagt til 50,000 kr., þá hefðum vjer getað fengið reglulegt skrauthýsi og stórhýsi. En þó landssjóður leggi fram þessar 80,000 kr. og bankinn legði fram fyllilega fyrir húsrúmi handa sjer í þessari byggingu, þá mundi alls ekki fást það hús, sem vjer gætum verið ánægðir með. Að varpa orðalaust þessari áhyggju sinni upp á bankann og segja sem svo: hann er nógu ríkur og getur lagt til allt, sem á vantar, — það er ekki varlegt nje hyggilegt; — enda hefir því verið hreyft, að bankinn mundi ekki geta lagt fram stórfje án samþykkis löggjafarvaldsins.

H. þm. Snæf. (Eir. G.) sagði að jeg hefði sagt, að það væri óþarfi að útvega hingað útlendan verkfræðing að brúa þær ár, sem brúanefndin hefði lagt til að yrðu brúaðar. Þetta hefi jeg aldrei sagt, en hitt lá í orðum mínum, að jeg gæti ekki samþykkt þá skoðun, að rjett væri eða nauðsynlegt að skoða og undirbúa brýr á margar stórár, rjett eins og ætti að brúa þær allar í senn. Jeg hefi þótzt fús á að fylgja með í verklegum framfarabreyfingum, ekki sízt til samgöngubóta, og þó um stórfje hafi verið að ræða, þá hefir mig ekki sundlað. En þegar jeg hugsa til þess, hvað landssjóður hefir margt að vinna einmitt á þessum tímum, þá þykir mjer hjer of hart farið af stað í einu einasta atriði. Ef á að brúa fjölda af ám í senn, þá er jeg hræddur um, að vjer verðum á eptir í öðrum atriðum. Að öðru leyti álít jeg, að verkfræðingur landsins sje góður starfsmaður, sem geti undirbúið, að minnsta kosti, brúargjörð á einni stórá á ári, og það verð jeg eptir kringumstæðunum að álíta nóg.

Hvað viðaukatill. um það, »að landshöfðingi samþykki ferðaáætlunina«, snertir, þá ætlaði jeg að í henni fælist að þeir, sem vildu taka að sjer útgerð ina, kæmu fram með áætlanir og sendu þær til landshöfðingja; landshöfðingi kynni sjer svo kröfur og þarfir manna og fái áætluninni þokað í viðunanlegt horf og afrjeði, hver útgerðarmaðurinn skyldi vera. Það er engin ástæða til að vantreysta landshöfðingja í þessu efni, að minnsta kosti ekki fremur en sýslunefndunum.

H. þm. Vestm. (V. G.) taldi hugsanlegt, að ritsímin yrði lagður á land við Dyrhólaey eða hver veit hvar, og þá sætum vjer uppi og yrðum að kosta viðtenging við hann innan lands. En það er alveg óhugsanlegt, að fjelagið láti sig engu skipta, hvort nokkur notar ritsímann eður ekki. Verði hann lagður á land á eyðisandi, verður hann alls ekki notaður. Slíkt getur fjelaginu aldrei komið til hugar.

Báðir, h. þm. Árn. og h. þm. Snæf., hafa talað um till. h. þingm. Rvík. (J. Jenss.) um styrk til vagnferða austur sýslur. Þeim hefir þótt fjárveiting þessi ekki nægilega tryggð; menn ættu sjálfir að geta gert þetta o. s. frv. Jeg skil

nú ekki, hvernig slíkar mótbárur eiga að geta komið til álita um svo lítilmótlegan styrk til einhvers þess manns, sem vill takast þessar ferðir á hendur. Að fara að ákveða fyrir fram, hvað mikið vagninn skuli kosta, hve hátt farmgjald skuli vera o. s. frv., það væri hreint og beint hlægilegt, þar sem um slíkt lítilræði er að tala. Því geta menn ekki trúað landshöfðingja fyrir slíku, þeim manni, sem keypt hefir alla vagna og verkfæri til vegagerðar hjer á landi og staðið fyrir þeim. Mjer dettur ekki í hug, að vera að gera neitt númer úr slíkum smámunum, ef að eins þeim góða tilgangi verður náð. Vjer trúum landshöfðingja fyrir miklu meira en þessu. Slíkar mótbárur stafa af formalismus af allra versta tagi. Fáist einhver til að gera þetta fyrir ekki neitt, þá verður fjeð ónotað; »ekki tekur til nema þurfi«.

H. þingm. Arn. þótti þjóð vorri gerð vanvirða með því að láta menn sjá það í Alþingistíðindunum, að alþýða hefði ekki haft mannrænu á að nota þær akbrautir, sem þingið væri búið að kosta til að leggja. Hvernig stendur á þessum hugsunarhætti hjá h. þm.; er hann svona af því að alþýðan á í hlut? Styrkjum vjer ekki menn til ýmislegs náms á skólum vorum? Er það þá ekki eins mannrænuleysi, að alþýða skuli ekki styrklaust nota þá skóla, sem búið er að kosta upp á af almannafje að stofna? Og hvernig er það með þilskipin? Þegar landssjóður er búinn að lána mönnum peninga til að kaupa þau, þá koma eigendurnir og biðja um fje fyrir kvi til að geyma þau í. Er þá ekki þetta aulaskapur og mannrænuleysi? Það eru firn að nokkur maður skuli tala svo, þegar spursmál er um óverulega upphæð, sem þó miðar til að hefja alþýðuna á hærra menningarstig, styrk, sem mundi hafa stór civilisatorísk áhrif á alla þjóðina. Jeg get ekki heyrt á slíkt! Í fáu því, sem veitt er á þessum fjárlögum, mun felast stærri vísir til ávaxtaríkra gagnsmuna.

Sje till. eitthvað ábótavant í orðalagi eða formi, er h. efri deild vel treystandi til að lagfæra það.

Ýmsir hafa talað um að fjárveitingin til Þingvallaskýlisins væri lítil. En jeg álít að það megi koma upp all-stóru og rúmgóðu sæluhúsi fyrir þetta verð. Húsið verður byggt fyrir sumarbústað eingöngu, og getur því kostað minna.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg get nú verið ánægður með það, að h. þingmenn hafa tekið vel undir till. mína á 17. tölul. á atkvæðaskránni. Jafnvel h. 2. þm. Rangv. (Þórður G.) vildi gefa eptir nafnið akbraut, ef þjóðvegurinn gerði sama gagn sem akbraut. Annars er það furða hvað þingmenn Rangvellinga verða jafnan lausir í sæti í þessu máli, og þurfa mikið að tala; það er eins og sjón þeirra sje þar mjög einbundin við þeirra kjördæmi. Þó þykir mjer hitt meiri furða, er h. 2. þm. Rangv. (Þórður G.) hefir breytt skoðun sinni á þessu máli fyrir sakir reynslu þeirrar, sem fengin sje á notkun akbrautanna. Mjer hefir nú satt að segja skilizt, að um þetta muni lítil sem engin reynsla vera fengin, því að vegirnir sjeu lítt eða ekki notaðir enn sem akbraut. Mótsögn þykir mjer það og hjá þingm., er honum þykir tillagan á tölulið 124 nauðsynleg, svo að landssjóður verji 1000 kr. til að fara nú að kaupa sjer reynslu, þá reynslu, sem h. þingm. þó segir í öðru orðinu, að þegar sje fengin. H. þingm. hafði þó 2 ár til þess að breyta skoðun sinni á akbrautunum, en til að breyta skoðun sinni á þessari fjárveiting hefir hann ekki þurft nema

1 dag. Þetta kalla jeg hjóllipurð mikla á sannfæringu, enda munu hagsmunir kjördæmis hans hafa smurt hjer ásana.

H. þingm. Rvík. (J. Jenss.) sagði, að þegar jeg talaði um tillögu hans, hefði mjer farizt svo einkennilega orð, að engum, sem heyrði eða læsi orð mín, mundi blandast hugur um, hver þau hefði talað, þótt honum væri ekki sagt það. Jeg álít það nú satt að segja engan vanza að tala einkennilega. — En það get jeg sagt um þessi ummæli h. þingm., að enginn maður mundi á þeim þekkja, hvor okkar hefði heldur talað þau. Jeg hafði sagt um tillögu hans að hún væri líkust því, sem menn mundu kalla kjánaskap, ef ekki hefðu staðið nöfn merkra þingmanna við hana. Jeg gat nú ekki sannara um hana sagt og get ekki sjeð, að neitt væri ósæmilega með því sagt. Að minnsta kosti vita allir, að h. þm. Rvík. (J. Jenss.) er ekki orðvarari sjálfur. Það er ekki langt síðan hjerna á dögunum, að hann tók fram í ræðu h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) og sagði: »Þetta er ósvífni«. (*Jón Jensson*: Það var það líka). Jæja, h. þingmaður á það að sjer bæði fyrr og síðar að tala nokkuð hispurslaust, og gæti jeg fært gott dæmi til þess úr Alþingistíðindunum 1894, þar sem h. þm. Rvík. (J. Jenss.) komst þannig að orði:

»Hann er opt með þessa löngu innganga, sem lítið er á að græða. Inngangurinn í þetta skipti átti víst bara að vera til þess, að breiða yfir hinar fátæklegu og heimskulegu ástæður hans með mikilmennsku-tali«. Þetta er nú auðvitað smáræði við sumt, sem h. þm. Rvík. (J. Jenss.) hefir stundum skútyrt menn hjer á þingi, en það sýnir, að ekki þarf að leita lengi til þess að finna eitthvað þess kyns.

Jeg verð að segja það um þessa till., að það er annaðhvort eins og hún beri vott um vitskort eða þá hún komi frá manni, sem ávallt hímir einhversstaðar langt úti í horni eða hala, þegar um almenn velferðarmál er að ræða; og þann mann þekki jeg engan, sem þessi lýsing passar betur á en þingm. Rvík. (J. Jenss.).

Þá ætla jeg að snúa mjer að málinu. Ástæður háttv. flutningsmanna þessarar vagnflutninga-tillögu voru einkum þær, að með þessu ætti landssjóður að kaupa reynslu öðrum til leiðbeiningar. En hvernig á að fara að því að kaupa slíka reynslu? Það er nú álitið, að það borgi sig ekki fyrir neinn að halda þessum ferðum uppi nema með landssjóðsstyrk. En þó að það kunni að borga sig fyrir einhvern mann að vinna þetta verk með landssjóðsstyrk, þá sje jeg ekki, hvernig slík reynsla ætti að sanna það, að það borgi sig fyrir aðra að gera það án landssjóðsstyrks; og sanni hún ekki það, hvað er þá af þessu að læra? Mjer finnst allur þessi landssjóðsakstur vera bara hlægilegur.

H. þingm. sagði, að það væri nauðsynlegt að setja upp þessa landssjóðsflutninga til þess að hafa eitthvað upp úr því fje, sem landssjóður er búinn að kasta út í þessa akbraut, sem enginn maður notar. En eigi sá tilgangur að nást, þarf landssjóður að fá vexti af fje því, sem að búið er að leggja í brautina; en svo telst mjer til, að þá yrði hann að fá upp úr flutningunum 17000 kr. á ári. En svo bætist nú þar á ofan árlegt viðhald á veginum og kostnaðurinn við flutningana. Og þyrfti landssjóður því að líkindum að hafa 27000 kr. á ári upp úr þessu, ef það ætti að borga brautarkostnaðinn. Það hefir verið sagt, að þetta yrði eins konar gufubátur á landi, og ætti þessi ein-

kennilega landfleyta að ferðast að minnsta kosti einu sinni í viku allt sumarið, eða helzt tvisvar. En hvað er nú sumar? Er það sumar eptir almanakinu, eða að eins sá kafli ársins, sem vjer höfum sumartíð? En vjer skulum nú gera sumarið heilt missiri eða 26 vikur, og að ferð væri einu sinni á viku, hvað flytti þá þessi veglega landfleyta? Eptir minni reynslu mundi hún hlassast með í mesta lagi svo sem 1000 pund eða 1/2 ton í hverri ferð, og yrði það þá 13 tons, sem hún ylti með austur að Þjórsá allt sumarið. — Þá er nú að athuga, hversu ódýr þessi flutningur er, þar sem landssjóðnum er ætlað að leggja fram 1000 kr. til þess að flytja 13 smálestir örfáar mílur, auk þess, sem þeir verða að borga, er flutninginn eiga. Halda nú ekki hinir háttv. uppástungumenn, að strandferðirnar okkar yrðu nokkuð þungar á landssjóðnum, ef hann ætti að leggja til 1000 kr. fyrir hverjar 13 smálestir yfir jafn langa leið og austur að Þjórsá?

Setjum að oss byðist 200 smálesta gufubátur, sem vjer ljetum ganga líkt og nú mun vera gjört ráð fyrir, 16 ferðir yfir sumarið austur um land til Akureyrar, gæti hann þá flutt þangað 3200 smálestir. Og ef hverjar 13 smálestir í því kostuðu landssjóðinn 1000 kr., þá mundi allur flutningurinn kosta landssjóð 246,154 kr. yfir sumartímann. En nú má óhætt fullyrða, að vegalengdin austur um land til Akureyrar er tíföld vegalengd hjerna austur að Þjórsá, svo að óhætt er að bæta 0 aptan við, og þá kostar flutningurinn á bátnum til Akureyrar yfir sumarið 2,461,540 kr.; en flutningur tveggja jafnstórra báta, sem gengju annar að austan en hinn að vestan til Akureyrar, eins og nú er til ætlazt, kostaði þá landssjóðinn um 5 miljónir yfir árið; flutningar, sem vjer þykjumst nú kaupa full-dýrt móti 30—35 þús. króna eða 167 sinnum minni upphæð. Því get jeg ekki annað sagt en að þessi vagnsflutningstillaga sje í fyllsta skilningi kjánaleg; jeg get ekki verið að draga af að segja það, og ætla að reyna að standa við það, og að hún sje hlægileg, sanna h. þingdeildm. með því að vera allt af hlæjandi, meðan verið er að draga af henni heimskublæjuna.

H. þm. Dal. (J. P.) hjelt því fram, að till. þessi yrði þó til þess, að með þessu móti fengjum vjer góða vagna. En það er nú svo fyrir þakkandi, að það hafa líklega fleiri vit á að kaupa vagna en landssjóður. Annars er h. þm. Dal. (J. P.) nú »dauður«, og hann var svo andríkur, þegar hann talaði þetta síðast, að jeg vil ekki særa tilfinningar hans með því að svara honum frekara.

Þá er síðasti liðurinn eptir. Jeg mun greiða atkvæði með því, að sá liður falli burt. Jeg tók það fram um daginn, að þó ekki væri annað en orðalagið, þá væri liðurinn fyrir það óhafandi, þar sem ekki verður annað af því ráðið en að þeir einir eigi að njóta styrksins, sem ekki þurfa hans með.

Jeg hef allt af verið í vafa um, hvernig á því stæði, að h. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) skyldi flytja þessa tillögu, af því að mjer hefir ekki fundizt hann svo sjerlega interesseraður fyrir landbúnaðinum hingað til. En það rann upp ljós fyrir mjer, þegar hann gat þess, að einn af kjósendum hans hefði sent þinginu bænarskrá um styrk til jarðræktar. En það mælir ekki fram með tillögunni við mig, þó að einhver af kjósendum h. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) sje svo, að ætlazt til að landssjóður færi að styrkja hann til að rækta jörð sína.

Sigurður Gunnarsson: Það voru ein eða tvær breyt.till., sem jeg vildi minnast dálítið á. Og er það þá fyrst

breyt.till. á þingskj. 325, sem jeg man ekki til að neinn hafi minnzt á, nema h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.), enda er hann höfundur þeirrar breyt.till. Hún gengur út á að lækka styrkinn til Helga Jónssonar. Jeg get ekki fellt mig við þessa lækkun. Jeg tók það fram við 2. umr., að mjer fjelli illa að sá styrkur, sem til er tekinn í frumv. stjórnarinnar, væri færður niður, því að jeg ætlaði að sú upphæð væri sú eina rjetta, ef ætlazt væri til þess, að því plani, sem þessi maður ætlar að fylgja, væri dyggilega fram fylgt.

H. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) ætlaði að rjettast væri að þessi styrkur allur fjelli burt, og skildist mjer að sú væri ástæðan, að annar maður, Stefán kennari Stefánsson á Möðruvöllum, ekki hefði fengið neinn styrk.

Jeg get nú ekki gert mikið úr þeirri ástæðu, meðan h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) ekki sannar, að hr. Helgi Jónsson sje ófærari til að framkvæma það, sem hjer er farið fram á, en Stefán, — en það ætla jeg að hann geti ekki, að hr. Stefáni ólöstuðum. Hann er sjálfsagt vel að sjer, jeg efa það ekki, en munurinn milli þessara tveggja manna er sá, að Helgi hefir lagt þetta studium fyrir sig, tekið próf með góðu lofi og fengið bezta vitnisburð nafnkenndra manna um að hann sje vel fallinn til þessa starfs. Annars hefði jeg getað fellt mig betur við það, að þessir efnilegu ungu vísindamenn hefðu báðir fengið styrk. Það hefir ennfremur verið notað sem ástæða á móti þessum styrk til hr. Helga Jónssonar, að starf hans gengi að eins í vísindalega átt. Jeg vil biðja þá, sem því halda fram, að gæta betur í athugasemdir stjórnarinnar við þessa fjárveiting. Jeg skal með leyfi hæstv. forseta leyfa mjer að lesa upp lítinn kafla úr þeim. Þar segir, að hr. Helgi Jónsson hafi hugsað sjer að rannsaka plöntulíf og jurtir á sjávarbotni við Ísland, og síðan: »Af þessum efnum er hið fyrnefnda (o: jurtalífið í sjó) mjög lítið rannsakað, og er rannsókn, er að því lýtur, ekki að eins merkileg í vísindalega tilliti, heldur getur það einnig haft hagfræðislega þýðing, því eptir jurtragróðri á botni sjávar fer dýralíf þar«. Og síðar er rjettilega bent á, hvað snertir jurtarannsóknir á landi, »að við slíkar rannsóknir komist maður fljótt inn á hagfræðislegar rannsóknir um það, hvort hægt sje að rækta landið meir en gert er, og hvernig það verði framkvæmt, og lætur hann þá skoðun sína í ljósi, að mikið megi gera í því efni, því rækta muni mega stór svæði, er vel liggi fyrir, miklu betur en nú er gert, ef landsmönnum að eins er sagt til um, hvernig heppilegast sje að gera það«.

Hjer er sýnt greinilega, að starf hans muni ekki eingöngu snúa í vísindalega átt, heldur einnig í hagfræðislega. — Hann hefir nú fengið 2700 kr. styrk af Carlsbergssjóðnum til þess að rannsaka sjávarbotninn með ströndum fram og landjurtir, og góð og vönduð verkfæri hefir hann fengið, sem hann hefir von um að fá að halda, ef hann fær þennan styrk af landssjóði, sem hann sækir nú um.

H. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) færði það meðal annars til sönnunar því, að 1000 kr. mundi nægja, að annar vísindamaður, Dr. Þorvaldur Thoroddsen, hefði ekki fengið meiri styrk til sinna rannsókna fyrirfarandi en 1000 kr. En hjer stendur svo á, að tvennu ólíku er saman að jafna. Hr. Þorvaldur Thoroddsen er embættismaður og hefir haft embættismannslaun, en hr. Helgi Jónsson er embættislaus, og hefir engin

laun önnur en þenna styrk, sem honum hefir verið veittur í 2 ár.

Það skyldi enginn ætla, að hr. Þorvaldur Thoroddsen hefði afrekað svo mikið og merkilegt starf, ef hann hefði ekki haft embættislaun, og ekkert annað en einnar þúsundar króna styrk. En það hefði víst margur viljað, að hann hefði ekki þurft að gefa sig við embætti jafnframt, heldur eingöngu mátt gefa sig við jarðfræðisrannsóknum sínum.

Jeg tók það fram við 2. umr., að það væri undarlegt af þinginu, að ef það vildi styrkja efnilega menn á annað borð, til vísindastarfa eður annara þarflegra starfa, að styrkja þá ekki svo, að ekki verði tómt kák, eða svo að þeir geti ekki tekið við styrknum. Og hvað Helga Jónsson snertir, þá held jeg að þetta verði niðurstaðan. Það sjer hver maður, að ef rannsaka skal á landi og sjó öll sumur, ferðast milli Kaupmannahafnar og Íslands, — því það er tekið glögglega fram, að í Kaupmannahöfn þarf hann að vera til að vinna það materiale, sem safnað er, — hjer eru engin tæki til þess, eins og allir vita, — það sjer hver heilvita maður, segi jeg, að það hlýtur að hafa mikinn kostnað í för með sjer. Það stafar af því svo mikill kostnaður, að jeg veit að sú upphæð, sem farið er fram á í frumv. stjórnarinnar, er einmitt hæfileg. Að minnsta kosti vona jeg, að sú upphæð, sem fjárlaganefndin tók til, 1500 kr., og samþ. var við 2. umr., nái að ganga í gegn við þessa umr. Vilji einhver bera upp breyt.till. þess efnis, að hr. Stefán Stefánsson fái líka nokkurn styrk, t. d. h. 1. Eyf. (Kl. J.), þá hef jeg ekkert á móti því að sameina mig við þá.

Þá er önnur breyt.till. frá h. þm. Vestm. (V. G.) o. fl. um að 18. gr. falli burtu. Þeir vilja sem sje fella burtu það ákvæði, að leggja skuli fram 80,000 kr. til steinhúsbyggingar handa söfnum landsins, pósthúsi, æðri menntastofnunum og fleiru. Sumir h. þm. hafa gert mikið úr, hve illa tillagan væri undirbúin; þeir hafa játað að vísu, að nauðsyn væri að byggja pósthús, að nauðsyn bæri til að byggt yrði bankahús, en þeir geta ekki verið með þessari tillögu svona lagaðri, vegna þess, að hún sje svo illa undirbúin. Jeg verð að vera á máli h. 2. þm. Árn. (Þorl. G.), og skírskota til hans orða, að hið sama hafi átt sjer stað, þegar alþingishúsið var byggt. Vona jeg að greinin fái að standa óröskuð.

Það er satt, sem h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) sagðist hafa heyrt, að fjárlaganefndinni barst tilboð frá bæjarfógetanum í Reykjavík um kaup á barnaskólahúsinu fyrir 28,000 kr. En nefndinni þótti það ekki aðgengilegt, húsið tekið að eldast, óþægilegt fyrir pósthús, hvað innrjettingu snertir, og mundi kosta allmikið að breyta því, og þar að auki dýrt; hún hallaðist þá heldur að þessari tillögu um að byggja eitt stórt hús í þessu skyni, og taldi það ódýrara og hagkvæmara, er á allt væri litið.

Jeg skal svo ekki lengja umr. öllu meira; það er búið að tala svo mikið um allar breyt.till., sem fyrir liggja, nema þá stærstu af þeim öllum: tillögu nefndarinnar um gufuskipaferðirnar. Í síðari tíð hafa þó heyrzt tvær raddir móti því að semja við gufuskipafjelagið um fimm ára tímabil; jeg skal ekki fara mörgum orðum um þessar mótbárur, því að jeg veit að framsögumaður muni svara því á sínum tíma. Jeg skal að vísu játa, að jeg er fyllilega samdóma h. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) og h. þm. Dal. (J. P.) um það, að eimskipaútgerðin hefir borið marga góða ávexti, og sje jeg alls ekki eptir því að landið skyldi leggja út í hana. Það er

sjálfsagt, að landssjóður hefir orðið að leggja mikið fje til hennar, en mikið af því hefir runnið í vasa landsmanna, og útgerðinni er það að þakka að gufuskipafjelagið er þó farið nú að gefa sig fram við okkur til samninga að fyrra bragði, þótt sumir ef til vill vilji ekki mikið gera úr því. En slíkt tel jeg stórmikils virði.

Benedikt Sveinsson: Jeg ætla að eins að geta þess stuttlega, að jeg er þakklátur h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) fyrir undirtektir hans undir þá einu breyt.till., sem jeg flyt við fjárlögin í þetta sinn, sömuleiðis h. framsögum. fjárlaganefndarinnar (J. J.) og fl. h. þm.

H. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) tók það fram sem galla á tillögu þessari, að ekki væri tiltekið, hverjir ættu að taka á móti því fje, sem veita skal til húsbyggingarinnar á Þingvelli, og þá heldur ekki, hverjir legðu fje til móts við landssjóðsstyrkinn. Þetta er satt. Þess er ekki getið í tillögunni. En jeg hjelt að það væri kunnugt bæði h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) og öðrum h. þingdm., að það eru 7 menn, sem hafa gengið í fjelag, til þess að koma þessari hugmynd í framkvæmd. Það eru þrír af hinum merkustu og duglegustu borgurum bæjarins, þar að auki landsbankastjórinn, farstjóri eimskipaútgerðinnar og Hannes ritstjóri Þorsteinsson, og svo jeg sjálfur sá sjöundi, til þess að fylla höfðatöluna. Þessir menn hafa samið áskorun og sent út um allt land; og er ætlazt til að menn kaupi hlutabrjef, og leggi þannig fje til fyrirtækisins. Nú tel jeg líklegt, að þessir menn hafi einhver ráð til þess að taka á móti þessu landssjóðsfje, sem lagt verður til fyrirtækisins, engu síður en safna því, sem á vantar. Jeg efast um að þörf sje á öllu stærri nefnd en þetta, til þess að taka á móti þessum 2500 kr., sem hjer er farið fram á, — eða sýnist h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) svo?

Ur því jeg tala um þetta á annað borð, þá get jeg ekki þakkað h. 2. þm. Ísfirðinga, mínum h. sessunaut, fyrir það, hvernig hann hefir tekið í þessa tillögu; honum þótti það ókostur, að upphæðin, sem til væri tekin, væri of lítil. Það skil jeg ekki að spilli fyrir henni. Og mjer þykir það undarlegt, að sá, sem getur greitt atkv. með 20,000 kr. í þessu skyni, sem þm. stakk upp á, eða rjettara nefndi, hann skuli ekki geta greitt atkvæði með 2,500 kr. (*Skúli Thoroddsen*: Það var skrítið). Hann hjelt að þetta væri gróðafyrirtæki, en ef svo væri, þá þyrfti það engan styrk af landssjóði. Og hvernig getur h. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) sagt, að þessi styrkur, sem hjer er farið fram á, sje of lítill, og þó í sömu andránni haldið því fram, að fyrirtækið sje gróðafyrirtæki? Ætti þessi h. þm. ekki í hlut, mundi mönnum hjer í salnum koma slík áþreifanleg mótsögn óvænt. Jeg held satt að segja, að hjer sje einhver meinloka hjá h. þm. En sje það alvara hjá honum, að fyrirtækið sje þess vert, að það sje styrkt, og sje hann því hlynntur, þá ætla jeg að vona, að hann bæti ráð sitt og leggi sjálfur eitthvað af mörkum til þess, því mjer er ekki kunnugt að hann hafi gert það enn þá. (*Skúli Thoroddsen*: Og ætla ekki að gera). Nú jæja, hann um það, en þá vil jeg jafnframt lýsa yfir því, að jeg álít þessa útúrdúra þingmannsins jafnónýta til að fella málið eins og til að styðja það.

Jón Jensson: Jeg ætla að leyfa mjer að minnast á eina breyt.till., sem lítið hefir verið talað um — hún er líka töluvert ómerkileg; — það er breyt.till. nefndarinnar við 10. gr. C. 1. Þar finnst mjer nefndin hafa skemmt fjárlögin frá því, sem þau voru. Í hittið fyrra, þá var

með breyt.till. sú breyting gerð frá því, sem áður hafði verið, að C-deild stjórnartíðindanna skyldi felld burtu, og setja í staðinn landshagsskýrslur sem sjálfstætt rit, og studdist sú breyting við það, að það væri óhentugt, að landshagsskýrslurnar væru einn partur stjórnartíðindanna, og var hæstv. landshöfðingi breytingunni samþykkur.

Jeg veit nú ekki af hverju það er, að stjórnin hefir samt sem áður ekki tekið þetta til greina, framfylgt þessari áformuðu breytingu, því að ár hafa stjórnartíðindin verið alveg í sama formi og áður, og C-deildinni þannig haldið áfram, í stað þess að prenta landshagsskýrslurnar sem sjerstakt rit. Þar sem þing og stjórn voru samdóma um í hittið fyrra að breytingin væri æskileg, þá hefir þetta líklega orðið óvart, og má því búast við lagfæringu á því í næsta árgangi. En þá má auðvitað ekki breyta fjárveitingunni, svo að C-deildin sje aptur sett inn. Þetta er nú samt nefndin að gjöra með breyt till., sem hjer liggur fyrir og sem gengur út á dálitla hækkun á fje til útsendingar stjórnartíðindanna m. m. Jeg ætla að nefndin hafi ekki ætlað að vekja C deildina upp með þessari tillögu sinni, og þar sem ekki mun gjöra til nje frá hvort þessi litla hækkun á liðnum um 70 kr. verður samþykkt eða ekki, sting jeg upp á að breyt.till verði felld, svo að tilgang þingsins um aðskilnað stjórnartíðindanna og landshagsskýrslna megi verða framgengt.

Þá vil jeg minnast nokkrum orðum á stórhýsið. Jeg get ekki verið með þeim lið. Jeg vil fella hann burtu og það af þeirri ástæðu, sem margir hafa tekið fram, að þetta vantar allan undirbúning. Við vitum ekki einu sinni hvað mikið landsbankinn leggur á móts við landssjóð. En það þurfum við að vita. Landsstjórnin kærir sig heldur ekkert um að fá 80,000 kr. til þessa stórhýsis. Hæstv. landshöfðingi tók það þó fram, að hann væri ekki beinlínis á móti fjárveitingunni. Hann áleit málið illa undirbúið; hann vildi ekki mæla á móti því, en heldur ekki með. Og mjer finnst þingið ekki geta kastað út 80,000 kr., þegar stjórnin ekkki vill hafa þær, eða er drumbs við þeim. Þingið á helzt ekki að veita stjórninni fje, fyr en hún mælist til þess; því þar í liggur ábyrgð hennar að miklu leyti, að verja því vel. Það má geta nærri, hvern áhuga stjórnin muni hafa á því að láta vinna fyrir þá peninga, sem hún ekki vill hafa með að gera, sem er svo gott sem neytt upp á hana

Jeg get heldur ekki sjeð, hvaða nauðsyn er á slíku stórhýsi. Það kann að vera nauðsynlegt að byggja bankahús, en á þeim húsum, sem hjer eru talin og landssjóður á að kosta, er engin brýn þörf. (*Tryggvi Gunnarsson:* En pósthús?) Nei, það stendur svo á, að það hefir komið tilboð um að selja landssjóði gott hús, barnaskólahúsið, fyrir pósthús. Og þó að fjárlaganefndinni þyki það ekki vel lagað til þess, þá legg jeg ekki mikla áherzlu á það, þegar, eins og heyrzt hefir, póstmeistarinn álítur það í alla staði vel lagað til þess. (*Framsögum., J. J.:* Fjárlaganefndin hefir líka talað við póstmeistarann) Hann hefir þá líklega sagt það sama.

Þá eru það flutningavagnarnir, sem vakið hafa svo mikla óánægju, en sem jeg var það barn, að jeg hjelt að fjárlaganefndin mundi gleypa við þeim. H. 1. þm. Árn. (Tr. G.), sem líklega er mestur framfaramaður af okkur öllum, talaði mikið um það, að það væri lítilmannlegt að biðja fyrst um að gefa sjer vegina, og síðan láta kaupa sig til að nota þá. Hjer má þó segja, að sje næstum alveg eins ástatt, eins og þeg-

ar verið er að byggja skóla, og síðan veita ölmusur þeim, er sækja þá. Hvernig stendur á því, að það þarf að kaupa menn til þess að sækja skólana? Jeg er með því að veita mönnum úr fjarlægum hjeruðum styrk til þess að geta sótt skólana, því, hvaða gagn er í því, að vera að byggja skóla, ef svo engir verða til að sækja þá?

Annars get jeg frætt h. þm. á því, að þetta er engin nýjung, að land veiti fje til líkra samgöngubóta og þessara, sem hjer er um að ræða, því þetta var síður í öllum löndum, áður en járnbrautir komust á. Þetta veit h. þm. líklega ekki. Hann sagði að menn mundu hrista höfuðið yfir þessu eptir 20 ár, en jeg ímynda mjer að menn munu miklu fremur hrista höfuðið yfir hans þankabrögðum eptir 20 ár.

Meiningin með þessari tillögu er sú, að koma hinum einstöku landspörtum í sem nánast samband hvorum við aðra. Er hjer einkum ástæða til að stuðla að þessu, þar sem þessir landspartar hafa svo mikið saman að sælda, en hins vegar er svo langt á milli þeirra. Að segja einstökum mönnum að taka þetta að sjer, það nær engri átt. Mundi h. þm. (Tr. G.) gjöra kjósendum sínum betra og meira gagn með því að hjálpa þessu áleiðis, heldur en að koma með annað eins frumvarp eins og smjörlíkisfrumvarpið; en það er reyndar nokkru öðru máli að gegna með það, því honum var skipað það, en ekki þetta.

Ef hrepparnir ættu að taka þetta að sjer, þá mundi það ekki vera heppilegt fyrirkomulag, því þá yrðu það svo margir, sem vildu ráða ferðunum; en ef sýslurnar ættu að eiga saman um það, þá eru þær þrjár, og er það óhægra en fyrir landsstjórnina; hún er ein, og á henni hvílir forsjónin yfir þessu, og þess vegna er það hún, sem á að taka að sjer þessar ferðir. Ferðirnar geta líka verið billegri og haganlegri, ef einn heldur þeim uppi, heldur en ef margir gjöra það, án þess að taka höndum saman.

Eitt var það, sem haft var á móti þessu: að ekki væri gjörandi að fara með vagn allan þennan veg, og að það mundi verða ill meðferð á hestum. Finnst mjer það vera mjög ljettvæg ástæða, og miklu hættara við því, ef einstökum mönnum eða hreppsnefndum væri ætlað að hafa framkvæmdina á hendi, hverjum eptir sínum þörfum, heldur en ef landsstjórnin ætti að sjá um það í einu lagi, því hún mundi haga því svo, að hafa mætti betri undirbúning um hestaskipti á ákveðnum stöðvum, og þá væri eigi hægt að tala um slæma meðferð á hestum.

Ef nú þessar ferðir kæmust á, og þó þær fengju nokkurn styrk úr landssjóði, þá ímynda jeg mjer að þær mundu ekki verða tilfinnanlegur baggi fyrir landssjóðinn, því hjeraðsbúar sjálfir mundu álíta sjer skylt að styðja fyrirtækið eptir megni, og þá eru öll líkindi til, að þessi styrkur yrði notaður að eins 2 fyrstu árin, og síðan mundu ferðirnar geta borið sig án styrks.

Hjer hafa líka heyrzt raddir um, að þetta mál væri eigi nægilega undirbúið, og h. framsögum. fjárlaganefndarinnar spurði, hver ætti að nota þennan styrk. Auðvitað landsstjórnin, eins og allar aðrar fjárveitingar á fjárlögunum, sem ekki er nánar ráðstafað í þessu tilliti, og hefði h. framsögum. (J. J.) átt að vita þetta. Það, sem gjörir að þessi fjárveiting á svo erfitt uppdráttar, er aðallega það, að hjer er ekki um neina hreppapólitik að ræða; því þess konar veitingar virðast ganga liðugast. Þeir, sem mundu njóta mest góðs af þessu, eru Árnesingar og Rangvellingar, en þm. Árnesinga eru einmitt einna mest á móti veitingunni, þó kynlegt sje. H. þm.

Strand. (Guðj. G.) hefði átt að geta látið tillögu þessa í friði, en honum er svo sárt um, ef einhver önnur sýsla fær styrk til einhvers en Strandasýsla. Jeg ætla þá ekki að tefja h. þm. meira með þessu atriði, en læt það deyja drottni sínum, ef hin heiðraða þingdeild vill svo vera láta; jeg tek mjer það ekki nærri, en jeg ímynda mjer, að eptir 20 ár muni menn hrista höfuðið yfir þeim fulltrúum, sem hafa hneykslazt svo mjög á tillögunni.

Þá vildi jeg minnast lítið eitt á fiskitímaritið. Hefir komið fram tillaga um að fella það, og finnst mjer það mjög illa farið, ef svo færi, því hjer er um annan aðalatvinnuveg landsins að ræða, og eins og Norðmenn og aðrar þjóðir hafa um langan tíma notið góðs af slíkum tímaritum, eins verð jeg að ætla, að margt gott gæti leitt af þeim fyrir oss.

Það hefir verið sagt, að enginn hafi beðið um þennan styrk. En það er ljettvæg ástæða. Jeg vildi helzt að við værum allt af að veita fje, sem enginn bæði um, því þá er jeg viss um að farið yrði meir eptir því, sem landinu væri farsælast og hollast, en minna eptir vild einstakra manna eða þingmanna.

H. 1. þm. G.-K. (Þ. Th.) o. fl. hafa komið með tillögu um undirbúning landsspítalastofnunar í Reykjavík. Þykir mjer vænt um þá tillögu; en svo er bætt þar við um byggingu sóttvarnarhúsa. Þessa viðbót get jeg ekki fellt mig við; og yfir höfuð kann jeg illa við það, að vera að skora á stjórnina að undirbúa það, sem þingið er ekki einráðið í að halda fram, og jeg tel það óvíst, að þingið muni næst vilja leggja út í þann kostnað, sem bygging 7—8 sóttvarnarhúsa mundi hafa í för með sjer. En ef við samþykkjum þessa tillögu, þá erum við þar með búnir að binda okkur til að gjöra eitthvað í þessu efni, ef óskin verður uppfyllt.

Framsögumaður (*Jón Jónsson*, 2. þm. Eyf.): Jeg hefi nú dregið lengi að biðja um orðið, en þori nú ekki að geyma það lengur. Margir hafa þegar talað með og móti ýmsum atriðum, og held jeg að jeg hafi fáu við að bæta. Einstaka atriði vildi jeg þó minnast á.

Jeg ætla þá að byrja á því, sem h. 1. þm. G.-K. (Þ. Th.) sagði, að jeg hefði ekki verið með því að veita styrk til að byggja sóttvarnarhús. Þetta er alveg satt, því jeg er þeirrar skoðunar, að þegar verið er að ræða um að leggja til fje úr landssjóði, þá eigi ekki að gjöra það, nema brýn nauðsyn sje til, en hjer er ekki því að heilsa. H. þm. dró það út af þessu, að eptir þessari setningu minni, þá ætti maður aldrei að stinga upp á neinu.

Það mun vera venja sumstaðar í öðrum löndum, að minnsta kosti hef jeg heyrt að svo sje á Englandi, að þingm. hafa ekki rjett til að stinga upp á neinum fjárveitingum, og væri kannske vel farið, að sama ákvæði væri hjer.

Núna upp á síðkastið hefir mikið verið talað um flutningavagnana fyrirhuguðu. Hjer er um lítla upphæð að ræða og lítið mál, en sem skortir allan undirbúning, og sem flutningsmennirnir hafa ekki sjálfir hugsað til hlítar.

H. þm. Vestm. (V. G.) gat þess, að æskilegt væri að þessi styrkur yrði veittur, þar eð reynslan hefir sýnt, að aldrei væri hjer lagt út í neitt, nema það opinbera byrjaði á því. — Hjer er ekki um neitt stórvægilegt að ræða; það er að eins farið fram á að fá 2—3 vagna á kostnað landssjóðs. Margir hjer á landi hafa nú fengið hjer þau áhöld, sem eru nauðsynleg til þess að hafa gagn af mjólkinni, en hefði eng-

inn orðið til að byrja á því, þá mundi þetta vanta enn þá, því menn vilja ógjarna leggja peninga í annað en það, sem þeim er ljóst að muni verða til gagns.

H. þm. Rvík. (J. Jenss.) hefir mælt mikið fram með þessum flutningavögnum, og segir hann sjálfur að þeir sjeu nauðsynlegir; og þegar er að ræða um annað eins nauðsynjamál eins og þetta er í hans augum, þá mun ekki standa á honum, hvað þá öðrum, til framkvæmdanna.

Jeg tók það fram, að mjer fyndist þessi breyt.till. talin undir skökkum staflið, og betur við eiga að telja hana undir staflið B, en h. þm. Rvík. (J. Jenss.) heldur því fram, að það eigi að teljast undir liðinn um gufuskipaferðir.

Meðan jeg því ekki hef fengið nánari skýringar á þessu máli, þá mun jeg halda því föstu, að ef það verður samþykkt svona, án þess að vera skýrt, þá er ekki hægt að sjá hver eigi að framkvæma það. Þetta hlýtur að verða tillögunni til falls.

Það er annars undarlegt, að heyra hvað eptir annað hjer í salnum raddir um að menn furði á því, að ekki skuli þegar vera farið að nota þessa nýju vegi fyrir vagna; en vegurinn er svo ungur, og því engar líkur til að það sje farið til þess enn þá, en jeg er sannfærður um að það mun verða innan skamms. Jeg kann ekki við að fara um þetta fleirum orðum, af því flutningsmennirnir eru báðir dauðir úr sögunni; enda var það ekki þess vegna, að jeg hef ekki talað um það fyrr en nú.

H. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) talaði um hina ráðgerðu húsbyggingu og hefir mótbárum hans þegar verið svarað allrækilega. En jeg vil leyfa mjer að benda á, að það er ekki rjett, sem virtist liggja í orðum hans, að fjárlaganefndin hafi viljað dylja h. þingd. tilboðs bæjarstjórnarinnar í Reykjavík, um að selja landinu barnaskólahúsið hjer í bænum. Það hefir alls ekki verið tilgangur nefndarinnar, enda ímynda jeg mjer að flestir, ef ekki allir h. þingdm. hafi vitað um þetta tilboð fyrir löngu. Það er líka kynlegt, að vera að álasa nefndinni fyrir þetta, þar sem þeir, er vissu um tilboðið, og þar á meðal h. þm. Rvík. (J. Jenss.), ekki hafa neytt þess rjettar síns, að koma með breyt.till. um að kaupa þetta hús. Sú tillaga hefði þá komið til umræðu og atkv.gr.

Það, sem einna mest hefir verið talað um, eru athugasemdirnar eða skilyrðin fyrir styrkveitingu til gufubátaferða á flóum. Jeg vildi mega benda á, að það gæti verið talsvert varhugavert að veita þennan styrk án skilyrða um styrk frá hlutaðeigandi hjeruðum; því að jeg er hjer um bil viss um, að fleiri vildu fá slíka báta, ef þetta ákvæði fengi framgang. Á Húnaflóa er t. d. ekki síður þörf fyrir gufubát en á Breiðafirði, og á Eyjafirði lík þörf og á Ísafjarðardjúpi. Að veita þennan styrk án nokkurs styrks á móti frá hjeruðunum er þess vegna ekki rjett gagnvart öðrum landshlutum, sem ekki fengi líkar ferðir. Auk þess er það, að þegar hjeruðin taka þátt í kostnaðinum, þá er það aðhald fyrir viðkomandi sýslunefndir og bæjarfjelög til að spara kostnaðinn sem mest, og reyna að komast að sem beztum kjörum hjá þeim, sem gjöra bátana út. Jeg veit hvað bæjarstjórnirnar og sýslunefndirnar á Norður- og Austurlandi hafa gjört til þess að fá hr. Tulinius til að bæta ferðir gufubátsins og fá þær fyrir sem lægsta borgun. Hvötin til að leita fyrir sjer um sem bezt kjör hverfur eða minnkar ákaflega, ef landssjóður á að borga allt.

Þetta sýnir bæði hlutarins eðli og reynslan.

Það hafa margir látið falla svo orð hjer í þingd., og einkum h. 1. þm. G.-K. (Þ. Th.), að það væri jafnrjettisskortur, ef svo færi, að gufubátar sameinaða gufaskipafjelagsins gengi á landssjóðskostnað fyrir Norður- og Austurlandi. Jeg skil ekki, á hverju þetta er byggt, þar sem annar báturinn á að ganga hjer að vestanverðu líka, og búast má við því að viðkomustaðirnir verði eins þjettir við Faxaflóa og Breiðafjörð eins og við Norður- og Austurland. Annars vil jeg líka benda á, að jeg sje ekki betur, en að það sje alveg nauðsynlegt að samþykkja athugasemd frumv. við þennan útgjaldalið. Það er komin fram breyt till. á þingskj. 365 frá h. þm. Dal. (J. P.) um, að landshöfðingi skuli samþ. ferðaáætlun þessara báta, en jeg sje ekki betur en að hún sje alveg gagnslaus, því, má jeg spyrja, hver á að taka »initiativið?« (*Guðl. Guðm.:* Landshöfðinginn). Hvar stendur það? Það kæmi ekki til að standa neinstaðar í lögunum eptir þessu. Hvaða stjórnarvöld eiga að ráða viðkomustöðum þessara báta og semja áætlanir, sjá um að bátarnir sje hæfilegir o. s. frv.? Jeg sje ekki betur, en að unnendum og fylgjendum þessa máls ætti að vera annt um að allt þetta væri tekið fram. Jeg sje ekki betur en að það verði þýðingarlausir töluliðir, þessir liðir um gufubátana, ef þessi breyt.till. verður samþ. og skilyrði fyrir styrkveitingunni feld burt. Það má segja, að landsh. eigi að gjöra þetta og þetta og hugsa sjer allt svona og svona, en það verður allt þýðingarlaust, þegar lagastafinn vantar.

Þá skal jeg að síðustu minnast á stærsta málið, gufuskipamálið. Jeg verð að taka undir með h. 1. þm. S.-Múl. (Sig. G.) í því, að það er óheppilegt að þessi mótmæli gegn ráðstöfun nefndarinnar í þessu máli hafa komið svo seint. Það eru ólukku vagnflutningarnir austur og fleira smávegis, sem hefir dregið að sjer hugi manna og eytt tímanum.

Mjer heyrðist h. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) segja, að hann væri alráðinn í að greiða atkv. á móti till. nefndarinnar, og að hann vildi heldur ekkert en ganga að því. Ennfremur sagði hann, að þessar till. nefndarinnar bæru leiðinlegan vott um þrekleysi þings og þjóðar. Allar þessar setningar eru mjer hjer um bil óskiljanlegar og koma undarlega fyrir, þar sem hann var einn í ráðum með, þegar þessar till. voru búnar til, og hreyfði þá ekki neinum mótmælum í nefndinni. Þar sem hann sagði, að hann vildi heldur láta liðina um gufuskipaferðirnar standa »in blanco«, en ganga að tillögum nefndarinnar, þá álít jeg slíkt fremur talað í hita og af frekju en í alvöru. Hvernig hann fer að bregða þinginu um þrekleysi í þessu máli, það skil jeg ekki, þegar það er vitanlegt, að ekkert annað hefir legið fyrir þinginu en þetta. Það bar ekki vott um þrekleysi, þegar þingið 1895 samþykkti eimskipaútgjörðina, og það ber heldur ekki vott um þrekleysi, þótt það vilji nú um tíma njóta gleðinnar og ávaxtanna af því spori, sem það steig þá, eða þó það ekki vilji taka sporið of langt.

H. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) og h. þm. Dal. (J. P.) þótti það báðum lítilfjörlegt að fara að binda sig við gufuskipafjelagið sameinaða um 5 ára tíma. Jeg get ekki sjeð, að þetta sje neinn vansi fyrir vora þjóð, þar sem það er alvani að stærri þjóðir og auðugri leyfa útlendingum að setja á stofn fyrirtæki í löndum sínum, t. d. gjöra járnbrautir og njóta ávaxtanna af þeim um lengri tíma, og það er ekki langt síðan, að báðir þessir h. þingdm. voru með því

að veita útlendum mönnum fje til að koma hjer á fót járnbrautum og einkaleyfi til að reka ferðir á þeim um margfalt lengra tímabil en hjer er um að ræða.

Einn sjáanlegur og áþreifanlegur kostur við það, að láta samninginn við gufuskipafjelagið ná til 5 ára, er þó sá, að þingið 1899 mun sjá, hvað gott það er að þurfa ekki að vera að strita við þetta mál og eyða tímanum í bollaleggingar um það, hvernig ráða eigi fram úr því. Næstu 5 árin mun þingið trauðlega iðrast eptir aðgjörðir sínar í þessu máli. Jeg hefi bent til þess áður, að Vestu-útgjörðin hafi unnið oss ákaflega mikið gagn, og er eitt gagnið, sem hún hefir unnið oss, það, að vjer getum nú komizt að ekki verri kjörum en þetta með gufuskipaferðirnar næstu 5 árin. En hvað ættum vjer annars að gjöra, ef vjer ekki tækjum þetta? Það er ekki af þrekleysi þings og þjóðar, heldur fyrir allt annað, að vjer hættum við Vestu-útgjörðina. Þvert á móti væri það óforsvaranleg fífldirfska að halda þessari útgjörð áfram. Vjer vitum það allir, að landsskipsútgjörðin í ár verður oss enn kostnaðarsamari en í fyrra, enda þó engin óvanaleg óhöpp hafi hent hana eins og í fyrra. En af hverju gengur hún svona illa? Af því að skipið tær ekkert að flytja. Það er af því, að landsins eigin börn, kaupmennirnir fremstir í flokki, hafa gjört samtök um að eyðileggja þetta fyrirtæki. Jeg er eins heitur fyrir því að halda þessari útgjörð áfram eins og á síðasta þingi, en jeg verð nauðugur viljugur að beygja mig fyrir nauðsyninni, og jeg vona að álit nefndarinnar og tillögur hennar í þessu máli fái meðhald h. þingd. yfir höfuð, og tel þá þessum degi vel varið, ef sú von rætist. Með þeirri ósk, að þetta geti orðið, get jeg lokið máli mínu.

Þegar hjer var komið, var eptir skriflegri ósk 8 þingdm. (Pjeturs Jónssonar, Guðjóns Guðlaugssonar, Eiríks Gíslasonar, Sighv. Árnasonar, Björns Sigfússonar, Jóns Þórarinssonar, Kl. Jónssonar og Tr. Gunnarssonar) samþ. að hætta umræðum.

ATKVÆÐAGR.: Þá voru atkvæði greidd um breyt.till. samkvæmt atkv.-skránni (C. 439) sem hjer segir: Fyrsti tölul. felldur með 12:8 atkv.; 2. tölul. samþ. með 18 shlj. atkv.; 3. samþ. með 13 sahlj. atkv.; 4. samþ. með 15 shlj. atkv.; 5. samþ. með 14:2 atkv.; 6. felldur með 13:7 atkv.; 7. samþ. með 22 shlj. atkv.; 8. felldur með 14:9 atkv.; 9. var tekinn aptur; 10. samþ. með 18 shlj. atkv.; 11. samþ. með 13:7 atkv.; 12. orðin »Til — Rvk.« felld með 12:9. Hitt þar með fallið.

13. samþ. án atkvgr.; 14. felldur með 13:7 atkv.; 15. samþ. með 20 shlj. atkv.; 17. c. tölurnar samþ. með 12:3 atkv, athugasemdin samþ. með 15 shlj. atkv.; 16 samþ. með 17:1 atkv.; 17. d. með áorðnum breytingum samþ. með 22 shlj. atkv.; 18. að 3. liður falli burt, fellt með 13:6 atkv.; 19. samþ. með 18 shlj. atkv.; 20. I—III samþ. með 19:2 atkv.; 20, að 12. gr. b. c. d. falli burt, samþ. með 17 sahlj. atkv.; 22. athugasemdin felld með 12:11 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Eiríkur Gíslason,	Einar Jónsson,
Guðj. Guðlaugsson,	Klemens Jónsson,
Guðl. Guðmundss.,	Benid. Sveinsson,
Halldór Daníelsson,	Björn Sigfússon,
Jens Pálsson,	J. J., þm. A.-Sk.,
Jón Jensson,	J. J., 2. þm. Eyf.,
Sighv. Árnason,	Jón Þórarinsson,
Skúli Thoroddsen,	Ólafur Briem,
Þórður Guðmundss.,	Pjetur Jónsson,
Þórður Thoroddsen,	Sig. Gunnarsson,

Þorl. Guðmundsson. Tr. Gunnarsson, Valtýr Guðmundss.

22. b. samþ. með 15 shlj. atkv.; 21. samþ. með 22 shlj. atkv.; 22. c. samþ. með 14 shlj. atkv.

Breyt.till. á þingskj. 365 samþ. með 16:2 atkv.

23. tl. felldur með 12:9 atkv.; 24. samþ. með 12:11 að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Klemens Jónsson,	Einar Jónsson,
Guðl. Guðmundss.,	Benedikt Sveinss.,
Halldór Daníelss.,	Björn Sigfússon,
Jens Pálsson,	Eiríkur Gíslason,
Jón Jensson,	Guðjón Guðlaugss.,
J. Jónss., þm. A.-Sk.,	J. Jónss., þm. Eyf.,
Jón Þórarinsson,	Ólafur Briem,
Sighv. Árnason,	Pjetur Jónsson,
Skúli Thoroddsen,	Sigurður Gunnarss.,
Valtýr Guðmundss.,	Tryggvi Gunnarss.,
Þórður Guðmundss.,	Þorl. Guðmundsson.
Þórð. Thoroddsen.	

25. tekinn aptur; 26. samþ. með 14:8 atkv.; 27. felldur með 12:4 atkv.; 28. felldur með 12:8 atkv.; 29. samþ. með 15 shlj. atkv.; 30. samþ. með 13:10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Einar Jónsson,	Klemens Jónsson,
Ben. Sveinsson,	Björn Sigfússon,
Halldór Daníelsson,	Eiríkur Gíslason,
Jens Pálsson,	Guðjón Guðlaugss.,
J. Jónss., þm. A. Sk.	Guðl. Guðmundss.,
Jón Þórarinsson,	Jón Jensson,
Sighv. Árnason,	Jón Jónss., þm. Eyf.,
Skúli Thoroddsen,	Ólafur Briem,
Tryggvi Gunnarss.,	Pjetur Jónsson,
Valtýr Guðmundss.,	Sigurður Gunnarss.
Þórður Guðmundss.,	
Þórður Thoroddsen.	
Þorl. Guðmundss.	

31. tl. samþ. með 12 shlj. atkv.; 32. samþ. með 13:7 atkv.; 33. samþ. með 14:2 atkv.; 34. samþ. með 15 shlj. atkv.; 35. samþ. með 15:8 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Einar Jónsson,	Klemens Jónsson,
Bened. Sveinsson,	Björn Sigfússon,
Eiríkur Gíslason,	Guðl. Guðmundss,
Guðj. Guðlaugsson,	Ólafur Briem,
Halld. Daníelsson,	Sk. Thoroddsen,
Jens Pálsson,	Tr. Gunnarsson,
Jón Jensson,	Þórður Guðmundss.,
J. Jónss., þm. A.-Sk.,	Þorl. Guðmundss.
J. Jónss., þm. Eyf.,	
Jón Þórarinsson,	
Pjetur Jónsson,	
Sighv. Árnason,	
Sig. Gunnarsson,	
Valtýr Guðmundss.,	
Þórð. Thoroddsen.	

36. tl. samþ. með 17 shlj. atkv.; 37. samþ. með 14:5 atkv.; 38. felldur með 12:7 atkv.; 39. samþ. með 19 shlj. atkv.; 40. felldur með 14:7 atkv.

Frumv. í heild sinni samþ. með 20 shlj. atkv. og afgreitt til Ed.

Þrítugasti og fjórði fundur, þriðjudag 10. ágúst, kl. 12 á hád. Allir á fundi.

Frumv. til fjáraukalaga fyrir árin 1896 og 1897 (C. bls. 39, 319, 439); 2. umr.

Landshöfðingi: Jeg er þakklátur nefndinni fyrir undirtektir hennar, og skal jeg jafnframt minnast lítillega á viðaukatill. á þingskj. 359. Í hitt ið fyrra kom hjer fram till. um fjárframlag til að reisa geymsluhús við Ölfusárbrúna fyrir ýms verkfæri, efni í palla, sem eru notaðir við máling brúarinnar og ýmislegt fleira, sem er eign landssjóðs. Það er alveg nauðsynlegt fyrir landssjóðinn að hafa eitthvert skýli fyrir þessi áhöld sín. Þessu var þó ekki sinnt á þinginu í það sinni,

sem kom til af því, að fjárlaganefndin þá hafði fengið vitneskju um, að sýslunefndin í Árnessýslu hafði leigt hús við ána til tveggja ára, sem landssjóður gat fengið leigt að hálfu. Nú er sá leigutími útrunninn og samningurinn fæst ekki endurnýjaður, og húsið verður nú rifið niður, nema kaupandi fáist að því. Ef landssjóðurinn vildi kaupa hálft húsið, býðst brúarvörður til að kaupa hinn helminginn, svo hann geti haft þar skýli fyrir sig. Húsið á að kosta 1500 kr. og mun það vera ódýrt; en svo þarf að járnklæða það og mun það kosta um 200 kr. Verði upphæð þessi ekki veitt, þá er landssjóður í vandræðum með áhöld sín, og þarf hann þá að reisa sjer hús, og mætti að líkindum rjettlæta það að verja til þess fje af því, sem ætlað er til viðhalds brúnni. En æskilegast væri að þingið vildi veita þá upphæð, sem hjer er farið fram á.

Nú er líka í ráði að byggja flutningabraut frá brúnni niður á Eyrarbakka, og væri því mjög þægilegt og nauðsynlegt að geta haft húsið til að geyma í vegagjörðarverkfærin, meðan á því stendur. Jeg vil því leyfa mjer að mæla sem bezt með því, að h. þingd. samþykki þessa viðaukatill.

Framsögumaður (*Jón Jónsson*, 2. þm. Eyf.): Mönnum kann að vaxa í augum upphæð sú, sem alls er farið fram á að veita samkvæmt 1. gr. í frumv. stjórnarinnar, og ekki sízt þegar nefndin hefir orðið að leggja það til, að veita þó meira en þar er fram á farið, alls yfir 20,000 kr. En nefndin gat ekki annað, eptir því sem á stóð, enda hefir engin breyt.till. komið fram um neina niðurfærslu.

Um beiðni Stefáns Halldórssonar er talað í nefndarálitinu. Hann fór í stórt landamerkjamál eptir fyrirmælum stipts yfirvaldanna. Það má geta þess, að hann vann málið fyrir Hofteigsprestakall, og mun hafa verið talsvert í þau úrslit varið. Hann var þá prestur í Hofteigi og fjekk gjafsókn veitta hjá amtinu; en fyrir ókunnugleika gætti hann þess ekki að leggja gjafsóknarleyfisbrjefið fram fyrir rjettinn undir rekstri málsins, og því hefir hann ekki fengið endurgoldið málskostnaðinn, sem hann hafði lagt út sjálfur. Kvittun sýslumanns vottar að hann hefir borgað þessa upphæð (116 kr. 3 aur.) í málskostnað. Undirrjettardómaranum var kunnugt um að presturinn hafði gjafsóknarleyfi, en vanrækti þó að leiðbeina honum með að leggja leyfisbrjefið fram. Beiðnin er því í alla staði svo sanngjörn sem hugsazt getur.

Viðvíkjandi till. um fjárauka á þessu ári til undirbúnings holdveikisspítala, þá stendur svo á því, að Oddfellowreglan, sem gefur landinu spítalann, hefir sett það skilyrði, að vagnvegur verði lagður milli Reykjavíkur og Laugarness. Nefndinni þótti því einsætt að veita þetta, þótt ekki væri farið fram á það í stjórnarfrumv.

Viðaukatill. hæstv. landsh. á þingskj. 359 gefur mjer tilefni til að taka fram, að mjer er ekki ljóst, hvort ástæða sje til að kaupa þetta hús fyrir verkfærin svona dýrt hálft, eða hvort ekki mundi ef til vill mega reisa minna hús heilt, jafn-ódýrt. Um þetta bið jeg betri upplýsinga, því að hjer liggur ekkert mat eða áætlun fyrir.

Landshöfðingi: H. framsögum. (J. J.) efaðist ekki um að landssjóði væri nauðsynlegt að eiga geymsluhús á þessum stað; að eins vakti fyrir honum nokkur vafi á því, hvort ekki mundi fullt eins ódýrt að byggja sjerstakt hús nýtt. Jeg er nú ekki byggingarfróður maður, en mjer þykir þó ólíklegt að jafn vandað hús nægilega stórt geti orðið byggt fyrir 850 kr., hvað þá

heldur minna. Þetta hús er úr góðu efni, vandað og traust, og verði það járnklætt, verður það mjög varanleg eign. Það er því líklega rjettara að kaupa þetta hús en að fara að byggja.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. nefnd. 1 a. (við 2. gr.) samþ. með 19 samhlj. atkv.

Breyt.till. nefnd. 1 b. (við 2. gr.) samþ. með 19 samhlj. atkv.

2. gr. frumv. þar við fallin.

Breyt.till. nefnd. við 3. gr. samþ. með 19 samhlj. atkv.

3. gr. svo breytt samþ. í einu hlj.

4. gr. frv. 1—2 samþ. með 20 samhlj. atkv.

Viðaukatill. landsh. við 4. gr. samþ. með 17 samhlj. atkv.

5. gr. frumv. samþ. með 15 samhlj. atkv.

6. gr. frv. samþ. í einu hlj.

1. gr. frumv. með breyttri upphæð samþ. í einu hlj.

Fyrirsögn frumv. samþ. án atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 19 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um fjárkláða og önnur nœm fjárveikindi á Íslandi (C. bls. 391); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. orða laust með 14 samhlj. atkv. og afgreitt til Ed.

Frumv. til laga um stofnun holdsveikraspítala (C. bls. 139, 361, 425); 2. umr.

Framsögumaður (*Þórður Thoroddsen*): Nefndin hefir komið fram með tillögur, sem ekki eru óverulegar og hafa nokkurn kostnað í för með sjer; en þær eru alveg nauðsynlegar. Oddfellow-reglan hefir lýst yfir því, að hún gefi landinu spítalann, sem verður gott og veglegt hús, eins og sjá má af uppdráttum þeim, sem nefndinni hefir verið gefinn kostur á að sjá, og á að rúma 60 sjúklinga. Þegar oss er gefin svo konungleg gjöf, þá ætti oss að vera gleði að leggja sem ríflegast til af vorri hálfu það, sem vjer eigum til að leggja, svo að gefendurnir geti verið ánægðir, sjúklingunum vel borgið og landinu sómi. Nefndin gengur að því vísu, að allir sjeu samdóma um að taka svo í þetta mál.

Fyrsta till. nefndarinnar er um að veita 18,000 kr. til útbúnaðar spítalans fyrsta árið. Að upphæð þessi er svo há, hærri en menn hafa búizt við, stafar af því, að þegar Guðmundur læknir Björnsson gerði sína áætlun, þá reiknaði hann sem tilheyrandi byggingunni sjálfri margt af því, sem raun hefir nú á orðið að gefendurnir ekki telja viðkomandi húsinu, og ætla því ekki að gefa, og sumt stafar af því, að spítalinn verður á öðrum stað en Guðmundur læknir ætlaðist til að hann væri, þegar hann gjörði áætlun sína. Því var alveg nauðsynlegt að hækka þenna gjaldlið. Nefndin hefir talið upp í 8 liðum það, sem kaupa þarf; en það getur verið að þessi upptalning sje alls ekki nákvæm og getur verið smávegis fleira, sem kaupa þarf, eins og líka upphæðirnar geta verið of lágar, ef til vill, þó að nefndin reyndi að fara svo nálægt sem auðið var. En eins og sjá má af athugasemdunum við stjórnarfrumv., er ekkert þar talið til útbúnaðar spítalans annað en það, sem alveg nauðsynlegt er til húsbúnaðar handa sjúklingunum og til húsbúnaðar í herbergjum þjónustufólksins.

Önnur till. nefndarinnar er það, sem að hennar áliti er mest í varið; en hún er í þá átt að skipaður verði sjerstakur læknir við spítalann með 3000 kr. launum. Guðmundur Björnsson áleit að það mætti komast af með 1000 kr. í laun handa lækninum, ef það starf

væri falið á hendur einum af kennurunum við læknaskólann. Ástæða hans til þessarar uppástungu var, eptir því sem hann segir, sú, að hann gekk að því vísu, að landssjóður mundi þurfa að kosta bygginguna sjálfur, og vegna þess kostnaðar mundi þingið vilja spara sem mest í þessu efni, og sýndist þá þetta vegur; en æskilegast áleit hann þó að sjerstakur spítalalæknir yrði skipaður, sem ekki hefði annað á hendi en forstöðu spítalans og læknisstörf við hann, og skyldi hann þá geta gefið sig við vísindalegum rannsóknum viðvíkjandi holdsveikinni; yrði þá sá læknir að hafa 4000 kr. í laun. Nefndin gat nú ekki gengið inn á þetta heldur, en fór milliveg. Hún áleit kennslukraptana við læknaskólann ónóga, og áleit hún að mætti auka þá með því að fela spítalalækninum kennslu þar í nokkrum fræðigreinum; með þessu mætti spara að bæta sjerstökum kennara við á læknaskólanum.

Auðvitað mátti fara einn veg enn, að láta spítalalækninn einnig vera ráðsmann spítalans, en á það gat nefndin þó ekki fallizt; það kæmi ef til vill ekki ávallt vel heim, því að ekki er víst að jafnan væri völ á manni, sem væri vel hæfur til hvorstveggja þessa starfs.

Þar sem nú nefndin ætlaðist til, að sami maðurinn yrði spítalalæknir og kennari við læknaskólann, þá þótti henni ófært að ákveða allt of lág laun; að öðrum kosti hefðu að eins einhverjir ungir og óreyndir, og líklega óhæfir menn, gjörzt til að sækja um embættið.

Það, að fela annað hvort læknaskólakennaranum, sem nú er, eða hjeraðslækninum í Reykjavík að hafa á hendi læknisembættið við spítalann, sá nefndin sjer ekki fært. Með tilliti til hjeraðslæknisins, þá hefir hann afar-mikið að gera, stórt hjerað og kennslu við læknaskólann að auki, og áleit nefndin einhuga, að ekki væri spítalanum vel borgið á þann hátt. En hvað læknaskólakennarann snertir, þá hefir hann svo mikla praxis, að hann mun ekki vilja sleppa henni og taka að sjer spítalann fyrir 1000 kr. kaup.

Nefndin vonar því, að h. deild sje henni samdóma um þessa breytingartill., sem er aðal-breytingartill. nefndarinnar. Breytingartill. við 4. gr. er viðbót, sem nefndin áleit nauðsynlega, — að það skilyrði sje sett inn í lögin, sem Oddfellow-reglan setur viðvíkjandi stjórn spítalans.

Þá eru ársútgjöldin, sem stjórnin gerir ráð fyrir að veitt verði á fjárlögunum, sem jeg vildi minnast á. — Nefndinni fannst ástæða til að ætla, að útgjöldin, sem nú eru sett í fjárlögin eptir áætlun hr. hjeraðslæknis Guðm. Björnssonar, sje of lágt sett, og sjerstaklega að laun starfsmanna muni vera of lágt sett. Sjerstaklega vil jeg taka þetta fram um yfirþjónustu sjúkra. — Hr. P. Beyer áleit, að yfirþjónusta sjúkra væri of lágt launuð með 200 kr., þar sem Oddfellow-reglan áskilur sjer rjett til að skipa það embætti með æfðri, útlendri hjúkrunarkonu, og mundi hún ekki fást fyrir svo lítið kaup. Og um sjúkraþjónusturnar er sjerstaklega að segja, að það munu ekki verða notaðar aðrar en lærðar sjúkraþjónustur, og liggur í augum uppi, að þær, sem hafa varið lífi sínu til að læra að stunda sjúka, geta ekki gert sig ánægðar með sama kaup sem óvaldar og fákunnandi vinnukonur.

Þá vildi jeg minnast eins, sem nefndin lagði mikla áherzlu á; það eru ráðsmannslaunin. Nefndin áleit stöðuna einkar áríðandi, og væri ekki gjörlegt að nema launin við nögl sjer, og fyrir það fá ef til vill óduglegan mann til

þessa starfa. Ráðsmaðurinn á að hafa samskonar starf hjer, sem forstöðumaður og bryti við norsku spítalana. — Það starf er ekki svo lítið, að taka megi hvern óvalinn mann. Þessi ráðsmaður á, eptir erindisbrjefi, sem slíkir menn hafa á norskum spítölum, að sjá um daglega reglu á spítalanum, sjá um ráðningu vinnufólks á spítalann, sjá um að allir starfsmenn gæti skyldu sinnar, sjá um að sjúklingar hafi nóga og góða fæðu, að þá vanti ekki föt, að þeir sjúklingar hafi nóg að starfa, sem starffærir eru, og að þeir, sem þurfa skemmtunar við og aðhlynningar, fái það eptir föngum. Auk þess verður hann að annast öll innkaup og aðflutninga og sjá um hús og lóð spítalastofnunarinnar. Og enn fremur ávísa til útborgunar af gjaldkera það, sem borga þarf.

Þetta eru aðalstörfin ráðsmannsins, og ef vjer viljum hafa þau vel af hendi leyst, þá þarf mikilhæfan mann til að gegna þeim, sjerstaklega þegar þess er gætt, að þessu fylgir mikil bókfærsla. Og jeg verð að segja það, að þótt embættinu fylgi 500 kr. meiri laun, og fengist fyrir það góður maður í það, þá mundi það kannske ekki vera lengi að borga sig á ársútgjöldum spítalans.

Hvað hin önnur útgjöld snertir, þá er það álit nefndarinnar, að þau sjeu nokkuð lágt áætluð, án þess þó hægt sje að segja með fullri vissu, hvað þau muni verða. Fæði mun vera í lægsta lagi sett. Hjer mun vera farið eptir matarskrá, sem gildir við spítala í Noregi, en sem Íslendingar, að minnsta kosti eptir minni þekkingu á þeim, mundu álíta sultarfæðu, og þess vegna ímynda jeg mjer, að útgjöldin til þessa verði dálítið meiri en gert er ráð fyrir. En jeg álít að það hafi enga þýðingu samt að breyta þessum tölum að svo stöddu. Reynslan sker úr, hvað rjett er í þessu efni.

Jeg þarf ekki að fara fleirum orðum um þetta að sinni. Að eins skal jeg minnast á breytingartill. h. þm. Dal. (J. P.) við 3. gr. Meiningin er náttúrlega það, að gjöra vistina handa öllum, bæði þeim, sem fara nauðugir á spítalann, og eins þeim, sem fara sjálfviljugir, alveg ókeypis. — Þetta er í sjálfu sjer mjög fagurt, enda ekki meira en skyldugt, sjerstaklega þegar þess er gætt, að þessir sjúklingar eiga inni í landssjóði, jafnt efnaðir sem fátækir, og spítalinn er gefinn oss, þá er mikið, sem mælir með þessu. Enda mun meiri hluti nefndarinnar ekki verða móti þessu. Það kemur að nokkru leyti í bága við lög um aðgreining holdsveikra frá öðrum mönnum, en eptir því sem jeg sje, þá er í dag fram komin breytingartill. frá nokkrum háttv. þingm. í efri deild í þá átt að breyta lögum þessum svo, að þessi breytingartill. h. þingm. Dal. (J. P.) sje í samkvæmni við þau.

Jens Pálsson: Jeg hef fáu við að bæta viðvíkjandi þessari litlu breyt.till. Jeg skal að eins bæta því við það, sem h. framsögum. (Þ. Th.) sagði, að það getur svo á staðið fyrir hlutaðeigandi holdsveikum manni, að ástæðurnar geri honum það nauðsynlegt að fá ókeypis vist á spítalanum, þó honum sje það ekki skipað að leggja sig inn. Jeg skal taka dæmi. Maður er kvongaður og brýzt út í honum holdsveiki; hann er hræddur við veikina, honum er ljóst að veikin er smittandi; hann er hræddur við að smitta ástvini sína, konu og börn. Hann vill koma í veg fyrir það, og vill gjarnan komast á spítalann. — En gerum ráð fyrir, að maðurinn að eins bjargist af, en efnahagurinn þröngur. Ef hann legði sig inn, yrði hann að gjalda með sjer t d. 100 kr. árlega. Nú sjer hann, að það verður ómögulegt að taka það frá konu og börnum: fjeð eyðist þeim, og þau komast á vonar-

völ. Þá kallar tvennt að í einu: annars vegar skyldan og þörfin að fara á spítalann, hins vegar að spítalavistin verður honum svo dýrkeypt, að kona hans og börn fara á vonarvöl. Afleiðingin verður að hann situr heima, og ef til vill smittar konu og börn.

Þetta sýnir, að það er nauðsynlegt og samkvæmt anda og tilgangi þessarar stofnunar, að öllum sjúkum sje veitt ókeypis vist á spítalanum.

Svo skal jeg taka það fram, að þegar svo og svo margir nota spítalann, sem skipað er að fara þangað, og þar að auki allir holdsveikir menn, þeir sem eru á sveit, þá verða líklega ekki nema örfá pláss, sem notuð yrðu á þennan hátt, og þar af leiðandi mundi landssjóð muna það mjög litlu, þó örfáir menn gæfu með sjer eitthvert lítilræði. Og þar sem þessi stofnun er oss gefin af staklegu veglyndi, þá er oss skylt að sýna það veglyndi, að vistin veitist öllum þessum aumingjum frítt og ókeypis.

Jeg skal svo ekki ræða þetta frekar, en vona að þessi breytingartill. nái fram að ganga.

Ólafur Briem: Eins og menn vita, er þetta eitt af þeim frumvörpum, sem bezt hefur verið undirbúið af stjórnarinnar hendi, þar sem það er samið í samráði við mann, sem hefir kynnt sjer í útlöndum álíka stofnanir og þessa, og er læknir, og ætti því að hafa öll skilyrði fyrir því að geta gefið fullnægjandi bendingar og upplýsingar um málið. Strax þetta gerði það að verkum, að mjer fannst undarlegt að nefndin skyldi fara fram á svo miklar breytingar við frumv., sem raun hefir á orðið. H. framsögumaður kom með þá aðalástæðu, að stjórnin og ráðaneyti hennar í máli þessu mundu hafa haft fyrir augum að spara sem mest, — en nefndin hefir yfirgefið þá stefnu, — og bar fyrir helzt, að landssjóður fengi þessa stofnun að gjöf. Íslendingar mega vera þakklátir fyrir hana, en gleðin yfir henni er þó ekki alveg laus við að vera sorgblandin, að þurfa að þiggja slíkar gjafir. Og það ætti ekki að vera oss ástæða til þess að halda ósparlega á, ausa út landssjóðnum, heldur reyna að draga saman svo mikið, að vjer þyrftum ekki að vera upp á aðra komnir.

Nefndin leggur til að færa útgjöldin til spítalans úr 12000 kr. upp í 18000 kr. Þó að það væri fullkomlega víst, að það fje, sem stjórnin leggur til að veitt sje, væri ófullnægjandi, þá er samt engin ástæða til að fá stjórninni meira fje í hendur, en hún hefir beðið um. Því ef það reyndist of lítið, þá er ekki annað fyrir stjórnina en fá það á næstu fjáraukalögum, sem á vantar.

Hjer sjer maður í nefndarálitinu, að sumt af því, sem nefndin hefir tekið upp í viðbót við kostnaðinn, getur að nokkru leyti talizt með byggingarkostnaðinum, og sá maður, sem nefndin hefir samið við, hefir jafnvel gefið í skyn, að sá kostnaður mundi verða endurgoldinn, og ætti ekki að slá hendinni á móti því. — Það er fleira smávegis, sem ef til vill er athugavert. Jeg efast t. a. m. um, að landssjóður hafi hag af því að eiga hest fyrir vagn og kosta fóður handa honum; ætli það væri ekki fullt eins heppilegt, að ráðsmaðurinn ætti hestinn og vagninn og leigði landssjóði?

Þá er sú tillaga nefndarinnar, sem hækkun ársútgjaldanna aðallega stafar af: að skipa sjerstakan lækni við spítalann. Og í þessu efni ber jeg fyrir mitt leyti miklu meira traust til herra hjeraðslæknis Guðmundar Björnssonar, þess manns, sem aðallega hefir undir-

búið þetta mál. Reyndar álítur hann æskilegt að stofna sjerstakt læknisembætti við spítalann, ef nóg fje væri til þess, en hann vildi ekki einu sinni fara fram á það; en ef sjerstakur læknir yrði skipaður, þá ætti sá eingöngu að gefa sig við vísindalegum rannsóknum og það yfirgefur nefndin. En þó aldrei nema nefndin hefði rjett fyrir sjer í því, að heppilegra væri að skipa sjerstakan lækni, þá liggur ekki endilega á því nú; það er eins gott að bíða eptir reynslunni, sjá hve margir sækja spítalann, og hversu fram fer með því fyrirkomulagi, sem ráðgert er í frumv.; ef þá reynist þörf á sjerstökum lækni, þá er allt af hægur nærri að skipa hann; en sje þegar nú sjerstakt læknisembætti stofnað, og reynist það óþarft, þá verður það ekki afnumið nema með talsverðum kostnaði.

Af þessum ástæðum er jeg eindregið með frumv. stjórnarinnar, og móti tillögum nefndarinnar.

Valtýr Guðmundsson: Jeg verð að taka undir með h. þm. Skagf. (Ól. Br.) að það er næsta vafasamt, hvort nauðsynlegt eða jafnvel heppilegt sje að stofna sjerstakt læknisembætti við spítalann. Í öðrum löndum eru það kallaðar hjúkrunarstofnanir, en ekki spítalar, þar sem þeir menn hafast við, sem engin von er að verði læknaðir. Og um þennan sjúkdóm gera menn sjer engar vonir að læknaður verði, að dómi hinna helztu lækna. Jeg hef talað við ýmsa mikla lækna, sem hafa sagt mjer þetta. (*Klemens Jónsson*: Hverja?) T. d. dr. Ehlers og ýmsa fleiri. Læknisstarfinn við slíka hjúkrunarstofnun yrði ekki annað en það, að hafa umsjón með að vel færi um sjúklingana og sjá um þá sjúkdómskvilla, sem þessari veiki væru samfara. Mundi því nægja að skipa sem lækni við stofnunina ungan kandidat með svo sem 1000 kr. launum, — undir yfirumsjón einhvers af Reykjavíkurlæknunum.

Látum vera að sjerstakur læknir yrði skipaður, það er ekki sú versta af tillögum nefndarinnar, en þegar hún fer fram á að hækka laun ráðsmannsins úr 1500 kr. upp í 2000 kr., þá þykir mjer nóg boðið. Hann á að hafa frían bústað og 2000 kr. í laun, maður, sem engan undirbúning þarf undir stöðu sína. Miklu betri kjör en hinir hæst launuðu hjeraðslæknar! Embættismenn með slíkum launum þurfa annars vanalega að kosta miklu til þess að búa sig undir stöðu sína. En þessi maður þarf ekki að kunna annað en skrifa, ekki einu sinni reikningsfærslu, því í stjórnarfrumv. er gert ráð fyrir sjerstökum manni, sem annist bókfærslu og gjaldkerastörf. Jeg get ekki betur sjeð, en að það sje svo vel launað með 1500 kr., að mesta samkeppni verði um það; svo girnileg staða er það, hvað þá, ef það verður launað með 2000 kr.! Jeg er svo alveg hissa! En það er ekki hægt við þessu að gjöra framar. Hjer er hrúgað svo inn á mann störfunum, að það er ekki hægt að fylgjast með, hvað þá heldur kynna sjer öll mál ýtarlega. Hjer kemst engin breytingartill. að framar. Þessu hefir verið lætt inn á fjárlögin (*Þórður Thoroddsen*: Hver hefir lætt því?), og þau eru náttúrlega afgreidd hjeðan, áður en þetta mál lá fyrir! Nefndin hefir líklega lætt því inn á fjárlögin, í sambandi við fjárlaganefndina!

Um hjúkrunarkonurnar er öðru máli að gegna (*Klemens Jónsson*: Já, þær eru danskar!); þær leggja svo mikið í hættu, og hafa varið löngum tíma og miklu erfiði til þess að undirbúa sig undir sitt mikilvæga og þunga starf.

Að öðru leyti verð jeg, eins og h. þingm. Skagf. (Ól. Br.), heldur að hallast að frumv. stjórnarinnar en tillögu nefndarinnar.

Framsögumaður (*Þórður Thoroddsen*): Mig furðar á ræðum h. þingm. í þessu máli. Jeg get ekki annað ætlað en að þeir tveir þingmenn, sem talað hafa, annaðhvort hafi misskilið þetta mál, eða að þeir hafi ekki kynnt sjer það nógu rækilega, og margt bendir til þess að þeir alls ekki hafi lesið athugasemdirnar við stjórnarfrumvarpið.

H. þm. Skagf. (Ól. Br.) gat þess, að nefndin heimtaði allt of mikið fje, þótti hún vera of eyðslusöm, og vildi í öllu fara eptir tillögum Guðm. hjeraðslæknis Björnssonar. En þetta er nú einmitt það, sem nefndin hefir gert. Hann taldi mikið um, að Guðm. Björnsson hefði leyst verk sitt vel af hendi. Jeg skal fúslega játa það; en þar fyrir er ekki sagt, að þingið eigi endilega að fylgja honum í öllu. En það, sem h. þingm. Vestm. (V. G.) einkum fann nefndinni til foráttu, nefnilega það, að ráðsmaðurinn skyldi hafa 2000 kr. laun, það er einmitt komið frá Guðm. Björnssyni, því það er hann, sem stingur upp á 2000 kr. handa ráðsmanninum, en það er landshöfðingi, sem telur 1500 kr. laun mundu nægja. Ef því á að fylgja tillögum Guðm. Björnssonar, eins og h. þingmenn virðast leggja svo mikla áherzlu á, þá ætti eins að gjöra það í þessu sem öðru. Annars lítur út fyrir að h. þingm. Vestm. (V. G.) hafi ekki haft tíma til að íhuga þetta mál eða leita sjer upplýsinga því viðvíkjandi. Eins og jeg tók fram í fyrri ræðu minni, eru ráðsmanninum ætluð þau störf, sem í Noregi er skipt milli ráðsmannsins og brytans. Við hjúkrunarstofnunina nr. 1 í Bergen fær ráðsmaðurinn 2400 kr. í laun og brytinn 800 krón., eða báðir 3200 kr., en hjer er farið fram á að borga 2000 kr. að eins fyrir sömu störf, og er það engin fjarstæða. Að taka megi fyrir ráðsmann hvern óvalinn mann, nær engri átt; hann verður að vera bæði vel að sjer, útsjónarsamur, duglegur og reglusamur, og þarf auðvitað að kunna vel reiknings- og bókfærslu, enda hefir Guðm. Björnsson læknir tekið það fram við nefndina, að hann áliti nauðsynlegt að sá maður, sem tæki að sjer ráðsmennskustarfið, yrði að fara til Noregs til þess að kynna sjer samskonar störf við spítala þar.

Þá vil jeg benda á, að það er einmitt ein af tillögum Guðm. Björnssonar að hafður sje sjerstakur læknir við spítalann, og hann vill nú láta þann lækni hafa 4000 kr. laun. Hann segir í skýrslu sinni: »Áður en jeg skil við þetta atriði, ætla jeg að minnast á það fyrirkomulag, sem eptir hlutarins eðli mundi vera hið allra æskilegasta, en það er, að settur væri sjerstakur læknir við stofnunina, er auk lækn is- og stjórnarstarfa við hana, að eins gæfi sig við vísindalegum rannsóknum viðvíkjandi holdsveikinni. Læknir þessi yrði að hafa góð laun, að minnsta kosti 4000 kr. á ári«.

Þó hann gjöri þetta ekki að aðaltillögu sinni, þá er þó auðsætt, að þetta vill hann helzt; en hann gjörir hitt út úr vandræðum, af því hann hefir álitið, að fleirum h. þingm. mundi ef til vill verða jafnmjótt milli augnanna og h. þm. Skagf. (Ól. Br.).

Það var líka byggt á misskilningi hjá h. þingm. Skagf. (Ól. Br.), að ekki ætti að veita þetta fje, af því stjórnin æskti ekki eptir því, og verð jeg því að halda, að hann hafi ekki heldur lesið frumvarp stjórnarinnar; þar stendur: »mun mega ætla, að 12,000 kr. muni hrökkva til húsbúnaðar-áhalda á spí-

talanum í byrjun, sbr. meðfylgjandi brjef hjeraðslæknis Guðmundar Björnssonar, en þar eru til húsbúnaðar handa sjúklingunum áætlaðar 9000 kr. og til húsbúnaðar í herbergjum þjónustufólksins, eldhúsgagna og fleira 3000 kr.« — Hjer er því að eins talað um húsbúnað og eldhúsgögn, en eins og jeg tók fram í fyrri ræðu minni, taldi Guðm. Björnsson ýmislegt annað, sem til útbúnaðar heyrir, t. d. baðáhöld, hreinsunarofn, geymsluhús o. fl. byggingarkostnaðinum til, og var það eðlilegt, því þegar hann var í Kaupmannahöfn og gjörði þessa áætlun, þá vissi enginn af því að gefa ætti spítalann, og hvað honum ætti að fylgja frá gefandanna hálfu.

Það er því hreinasti misskilningur, að byggja mótmæli sín á því að stjórnin hafi ekki óskað eptir þessu. Hún óskaði ekki eptir þessu af því, að hún vissi ekki að þess þyrfti með.

Það getur verið álitamál, hvort ódýrara mundi verða fyrir stofnunina, að eiga sjálf hest, eða leigja hann af ráðsmanni eða öðrum; en fyrst og fremst er ólíklegt að ráðsmaður geti leigt hest eða haldið, þar sem hann er grasnytarlaus, og svo mundi munurinn á þessu aldrei verða mikill. Jeg skal því ekki halda langa ræðu um aðra eins smámuni.

Þessar læknisfræðislegu athugasemdir, sem h. þm. Vestm. (V. G.) kom með, eru ekki einu sinni svara verðar. Það gjörir minnst til, hvort þessi stofnun verður kölluð spítali eða hjúkrunarhús. Nefndin hefir haldið nafninu spítali, enda hefir það nafn allt af verið brúkað, frá því fyrst var farið að minnast á þetta. Oddfellow-reglan, sem gefur húsið, ætlast líka til að það beri nafnið holdsveikraspítali, en ekki hjúkrunarhús. Skal jeg svo ekki eyða fleirum orðum um þetta atriði.

Hvernig nefndin lítur á þetta mál, það ber nefndarálitið með sjer, og vona jeg að hinir h. þm. sjeu búnir að lesa það, og geti eptir því gjört sjer grein fyrir, hvort rjett sje að samþykkja það eða ekki.

H. þm. Vestm. (V. G.) gat þess, að setja mætti kandídat fyrir forstöðumann og lækni með 1000 kr. launum. Þetta kom til tals í nefndinni, en hún fjell frá því aptur, af þeirri ástæðu, að varla mundi verða kostur á að fá kandídat, sem væri fær um að standa í svo vandasamri stöðu, enda setti Dr. P. Beyer það upp, að spítalinn væri ekki lengra frá Rvík en svo, að læknaskólapiltar gætu haft gagn af honum; en nefndin áleit að kandídat gæti ekki, svo í lagi færi, staðið fyrir slíkri stofnun, og um leið leiðbeint læknaskólapiltum við kennslu þá, er þar ætti fram að fara. Stúdentar af læknaskólanum mundu vera óhæfir til þess; kynni að vera, að læknisfræðiskandídatar frá Höfn væru hæfir til þess að hafa að minnsta kosti læknisstörfin á hendi við spítalann, en efasamt, hvort þeir fengjust til þess fyrir svo lítil laun, og líklegra að þeir mundu fremur sækjast eptir öðru embætti, þar sem læknahjeruðin eru betur launuð en þetta.

Tryggvi Gunnarsson: Það getur verið, að nefndin hafi verið nokkuð rífleg í sumum atriðum, t. d. að því er snertir laun ráðsmannsins, en h. deild getur þá lagfært það með breyt.till. við næstu umræðu. Þó nefndin hafi verið nokkuð rífleg í tillögum sínum, hvað fjárveitingarnar snertir, þá er það ekki svo hættulegt, því dr. P. Beyer tók það fram, að ef svo miklir peningar fengjust við samskotin erlendis, að eitthvað yrði afgangs byggingarkostnaðinum, þá mundu þeir gefendur láta það ganga til þess, sem helzt vantaði til spítalans. Bæði er það, að mjer virðist að vjer landsmenn megum ekki vera mjög

naumir í framlagi gagnvart þessari stóru höfðingsgjöf, 80,000 kr. frá útlendingum, og svo verður þetta fje, sem þingið veitir nú til ýmsra áhalda, ekki brúkað nema til að bæta í skarðið, þar sem útlendu gjafirnar ekki hrökkva.

Laun læknisins, 3000 kr., þykir sumum of hátt, og getur verið að það álit sje rjett. En sumir nefndarmenn höfðu það fyrir augum, að nokkuð af þessum launum mundi ekki verða bein útgjöld fyrir landssjóð, þegar fram í sækir. Sem stendur eru ekki nógir kennslukraptar við læknaskólann, og ætti þá læknir spítalans að geta kennt þar það, sem ávantar, og sem þessir tveir núverandi kennarar skólans geta ekki komizt yfir að kenna.

Hjeraðslæknirinn í Rvík á mjög óhægt með að kenna við læknaskólann, og vakti það því fyrir mjer og fleirum nefndarmönnum, að það væri heppilegt að fá þennan spítalalækni til þess að kenna í hans stað. Hjeraðslæknirinn fær 800 kr. fyrir þessa kennslu, og er auðvitað ekki hægt að taka það frá þessum manni, sem nú er í embætti, frekar en hann sjálfur vill. Fengi þá landssjóður þar 800 kr. á ári við næstu læknaskipti. Jeg álít það alveg nauðsynlegt, að hjeraðslæknirinn sje laus við þessa kennslu, því hann getur verið sóttur, t. d. suður á Álptanes eða upp í Mosfellssveit eða enn þá lengra burt, einmitt á þeim tímum, sem hann á að kenna í skólanum; en þessi nýi læknir við holdsveikisspítalann á sjálfsagt hægt með að ákveða vissa tíma við spítalann og aðra tíma við læknaskólann, án þess að hann sje kallaður frá starfi sínu til annara verka.

Svona hefir nefndin hugsað sjer þetta; og mundi með því sparast nokkurt fje, þegar frá líður og skipt verður um lækna.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg skal ekki tala mikið um þetta mál, því þess þarf ekki með, þar sem h. framsögum. hefir gjört það svo rækilega. Einkum var það h. þm. Skagf. (Ó. Br.), sem beindi því að mjer, að jeg væri óspar á fje landsins.

En jeg vil ekki í þessu atriði knífa það svo, að það verði okkur til minnkunar, og ef til vill til skaða.

Við verðum að gæta að því að þessi veiki er svo viðurstyggileg, einkum á seinni tíð, síðan farið var að breiða út þá kenningu að veikin væri næm, og sem vel má vera að sje satt, að það er vafasamt, hvort hægt væri að fá menn til að þjóna við slíka stofnun fyrir lítið gjald, en ekki er hægt að skylda neinn til þess með lögum. H. þm. Vestm. (V. G.) sagði, að 1500 kr. væru nóg laun handa ráðsmanninum og bar það saman við laun hjeraðslækna, og áleit hann vera vel sæmdan með því að hafa sömu laun og þeir, og skal jeg ekkert þræta við hann út af því. En h. þm. hefir ekki tekið allt með á reikninginn; það er allt annað að lifa sama sem á möl inni hjer í Vík en í sveit. Sveitalæknar hafa margir allmikið bú, en þessi maður getur ekki haft neitt nema sín laun; á hann að vísu að hafa frían bústað, en hann á þó að fæða sig sjálfur og klæða, og má vera konu og börn.

H. framsögum. (Þ. Th.) gat þess, að ætlazt væri til að þessi maður hefði ýms önnur störf á hendi heldur en forstöðu spítalans, og þyrfti því að vera vel menntaður. Er jeg líka á þeirri skoðun, að ekki mundi heppilegt að taka til þessa starfa smala ofan úr sveit, heldur þyrfti að vera í þessari stöðu sjerlega flinkur og vel menntaður maður, og þar að auki sjerstaklega ökonomiskur maður, sem sjeður væri með öll innkaup og reglusamur; það mundi spara mikið fje til móts við hið gagnstæða.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. 1 á þskj. 283. samþ. með 11 : 5 atkv; 1. gr. með áorðnum breyt. samþ. með 11 shlj. atkv.; breyt.till. 2 á þskj. 283 samþ. með 11 : 10, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Einar Jónsson,	Björn Sigfússon,
Klemens Jónsson,	Guðjón Guðlaugss.,
Eiríkur Gíslason,	Halld. Daníelsson,
Jens Pálsson,	J. Jónss., þm. A-Sk.,
Jón Jensson,	J. Jónss., þm. Eyf.,
Jón Þórarinsson,	Ólafur Briem,
Sk. Thoroddsen,	Pjetur Jónsson,
Tr. Gunnarsson,	Sighv. Árnason,

Þórður Guðmundss., Sigurður Gunnarss, Þórður Thoroddsen, Valtýr Guðmundss., Þorl. Guðmundsson.

Benedikt Sveinsson og Guðl. Guðmundsson voru eigi viðstaddir. 2. gr. frv. samþ. með 18 samhlj. atkv.; breyt.till. 4 á þingskjali 283, samþ. með 14 shlj. atkv.; breyt.till. á þingskjali 339 samþ. með 11 : 5 atkv.; 3. gr. frv., sem verður 4. gr., með áorðnum breyt. samþ. með 16 shlj. atkv.; breyt.till. á þskj. 283 a samþ. með 19 shlj. atkv.; breyt.till. 5 á þskj. 283 b. samþ. með 19 shlj. atkv. 4. gr.. sem verður 5. gr., með áorðnum breyt. samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkv.greiðslu. Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um brúárgjörð á Örnólfsdalsá (C. bls. 334); 2. umr.

Landshöfðingi: H. deild mun reka minni til þess, að á síðasta þingi var beint þeirri áskorun til stjórnarinnar, að gjöra gangskör að því að brú gæti orðið sett á Örnólfsdalsá og vegur yrði lagður yfir Grjóthála. Samkvæmt þessari áskorun hefir vegfræðingur landsins rannsakað brúarstæðið og gjört áætlun yfir kostnað við brúarbygginguna. Þó er það nokkrum vafa bundið, hver kostnaðurinn muni verða, og það er aptur komið undir því, hvaða verð muni verða á járninu, þegar það er keypt. Vegfræðingurinn ætlar að brúin muni ekki kosta meira en 12,000 kr., en ráðaneytið gjörir ráð fyrir 16—18 þús. kr. Hjer er farinn meðalvegur og gjört ráð fyrir 14,000 kr., til þess að gjöra fyrir því, ef verkfræðingurinn kann að hafa áætlað verðið á járninu of lágt. Jeg vona að þetta verði ekki málinu til fyrirstöðu, en að fjárveitingin til brúarinnar fáist, því að jeg veit að hjeraðsbúum er þetta hið mesta áhugamál, og jeg að mínu leyti leyfi mjer að mæla hið bezta með því.

ATKVÆÐAGR.: Frumv.greinin samþ. með 20 samhlj. atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. með 20 samhljóða atkv.

Frumv. til laga um að lög 25. október 1895, um leigu eða kaup á eimskipi og útgerð þess á kostnað landssjóðs, skuli úr gildi numin (C. bls. 120, sbr. 425); frh. 1. umr.

Landshöfðingi: Jeg sje að h. nefnd hefir ekki viljað fallast á frv. stjórnarinnar um að nema úr gildi lögin frá 25. okt. 1895 um eimskipaútgjörðina, en í þess stað komið með uppástungu um að fresta framkvæmd þeirra um 5 ár. Jeg sje nú ekki mikinn mun á þessu tvennu, því að sje framkvæmd laganna frestað um 5 ár, þá má ganga að því vísu, að það sje hjer um bil hið sama sem að nema þau úr gildi, því að næg reynsla er fengin fyrir því, að vilji landssjóður halda áfram útgerð sinni, þá verður að gjöra svo gagngjörða breyting á öllu fyrirkomulaginu, og þá líka lögunum, að það muni verða hjer um bil sama sem að semja ný lög. Nú munu t. d. flestir orðnir sannfærðir um það, að eitt skip sje allsendis ónógt til að bæta úr þörfum vorum. Af þessu finn jeg enga ástæðu til að taka frumv.

stjórnarinnar aptur; það er eins gott að það sje fellt í deildinni, og af því að jeg sje að frumv. h. nefndar muni gjöra sama gagn sem þetta frv., þá hef jeg ekki á móti, þó svo fari; það er að eins tvíverknaður að viðhafa þá aðferð, sem nefndin fer fram á, því að það liggur í augum uppi, að eptir 5 ár verður að gjöra einhverja nýja ráðstöfun, ef framkvæmd laganna er að eins frestað, en óvíst að þess hefði þurft, ef þau hefðu verið numin úr gildi.

Framsögumaður (*Jón Jónsson*, þm. Eyf.): Jeg er ekki á sömu skoðun og hæstv. landsh. um að hjer sje ekki um verulegan mun að ræða, hvort eimskipalögin sjeu úr gildi numin eða framkvæmd þeirra að eins frestað, og þeirri skoðun mun nefndin halda fast fram. Hæstv. landsh. sagði, að ef lögin kæmu aptur til framkvæmda eptir 5 ár, þá mundi þurfa að breyta þeim svo mjög, að þau yrðu sama sem ný lög. Þetta getur vel verið; en það er þó allur munur að hafa fastan lagalegan grundvöll til að byggja á, og þeim grundvelli viljum vjer fyrir engan mun sleppa. Það er ekki trygging fyrir að þingið verði þannig skipað eptir 5 ár, að það þá ráðist í að semja ný lög um eimskipaútgerð, ef á engu er að byggja, nje heldur að stjórnin staðfesti ný lög, þótt þingið samþykki þau, og þótt eimskipalögin frá 25. okt. 1895 sjeu að ýmsu leyti ófullkomin, þá getur þó svo farið, að betra þyki að veifa röngu trje en engu.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. fellt frá 2. umr. með 18 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um frestun á framkvæmd laga 25. okt. 1895 um leigu eða kaup á eimskipi og útgerð þess á kostnað landssjóðs (C. bls. 425); 1. umr.

Framsögumaður (*Jón Jónsson*, 1. þm. Eyf.): Jeg finn ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um þetta frumv., þar sem jeg þykist mega treysta því að það fái fylgi h. deildar.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 21. samhlj. atkv.

Frumv. til laga um breyting á lögum um lausafjártíund 12. júlí 1878 (C. bls. 381, 412); ein umr.

Framsögumaður (*Guðjón Guðlaugsson*): Þetta frumv. hefir fengið nokkrar breytingar í h. efri deild, og hefir nefndin hjer í deild nú yfirvegað þær. Breytingarnar snerta að eins þilskipin og eru fólgnar í því, að h. efri deild hefir hækkað þau til muna í tíund; þannig hefir hún hækkað þilskip í fyrsta flokki úr 3 hundruðum upp í 5 hundruð, í öðrum flokki úr 4 upp í 8 hundruð, og í þriðja flokki úr 5 hundruðum upp í 10 hundruð. Þessi hækkun þykir nefndinni óhæfilega mikil, sjerstaklega þó á stærstu skipunum, því að hún er á þeirri skoðun, að þau veiti ekki þeim mun meiri arð, því stærri og dýrari sem þau eru. Þó hefir nefndin kosið að breyta ekki frumv. í sama horf og það var áður, heldur lagt það til að meðalvegur sje farinn, eins og sjá má á þingskj. 316, og leggur hún til að frumv. sje samþykkt með þeim breytingum, sem þar er farið fram á.

ATKVÆÐAGR.: 1. breyt.till. við 4. gr. samþ. með 13 samhlj. atkv.

2. breyt.till. við 4. gr. samþ. með 14 samhlj. atkv.

3. breyt.till. við 4. gr. samþ. með 15 samhlj. atkv.

Frv. með áorðnum breytingum samþ. með 16 samhlj. atkv., og endursent forseta efri deildar.

Frumv. til laga um afnám ítaksrjettar Vallanesprestakalls í Hallormsstaðarskógi (C. bls. 365); 1. umr.

Flutningsm. (*Jón Jónsson*, þm. A.-Skf.):

Tilefnið til þess, að við flutningsmenn frumv. þessa höfum borið það fram, er það, að okkur hefir borizt brjef frá umboðsmanni Björgvin Vigfússyni, þar sem hann fer fram á að hlutazt sje til um að presturinn í Vallanesi sleppi tilkalli til ítaksrjettar þess, sem hann þykist hafa til að höggva trje í Hallormsstaðarskógi, og færir hann það til stuðnings máli sínu, að þetta skógarhögg spilli skóginum. Hjer á lestrarsalnum hafa legið skjöl, sem jeg vona að h. þm. hafi kynnt sjer, svo að þeir viti, hvernig mál þetta horfir við.

Auk þess hefi jeg og fyrir mjer umsögn dr. Þorvalds Thoroddsen, er telur skóg þennan einn hinn fegursta hjer á landi, og stórtjón, ef hann eyðist fyrir illa meðferð. Amtmaðurinn í Norður- og Austuramtinu, umboðsmaðurinn og Sæmundur heitinn Eyjólfsson, eru og allir sammála um það, að brýna nauðsyn beri til að vernda skóg þennan. En nú er svo mál með vexti, að hinu forna Þingmúlaprestakalli fylgdi rjettur til að höggva 60 rapta í Hallormsstaðarskógi; og þó að skógarhöggsrjetturinn sje ekki frekari en þetta, þá er það þó álit manna að það muni mjög spilla skóginum, ef rjetti þessum er framfylgt. Presturinn í Vallanesi hefir látið það í ljósi, að hann vildi sleppa ítaksrjetti þessum, ef hann fengi í þess stað 40 kr. á ári, og hefir umboðsmaðurinn talið það hæfilega þóknun.

Við höfum þó ekki tekið þessa þóknunarkröfu upp í frumv., því að við treystum okkur ekki til að meta, hvort þóknunin væri hæfilega sett, vorum meira að segja af ýmsum ástæðum alls eigi sannfærðir um að hún ætti nokkur að vera. Fyrst er þess að gæta, að að því er upphæðina snertir, þá er ítakið í brauðamatinu 1853 metið 1 ríkisdal, en í stað þess eiga nú að koma 40 kr. Í öðru lagi er þess að gæta, að þetta ítak heyrði til hinu forna Þingmúlaprestakalli, sem nú er sameinað Hallormsstað og Vallanesi; við þessa sameiningu virðist að ítaksrjetturinn hefði átt að falla niður, þar sem brauðið varð svo miklu betra en það var áður, og þar sem menn eru komnir í skilning um, hve skaðlegt skógarhögg er. Þessari skoðun til stuðnings má geta þess, að ábúandanum á Hallormsstað er með landshöfðingjabrjefi 7. jan. 1885 gjört að skyldu að forðast sem mest að höggva skóginn, nema þar sem hann er kalinn eða tekinn að feyskjast, og sömuleiðis að beita sem minnst fje á á hann á vetrum. Þó veit jeg ekki til að ætlazt væri til að eptirgjaldið eptir Hallormsstað væri lækkað fyrir þetta; þvert á móti veit jeg til að hinn núverandi prestur í Vallanesi vill að það sje hækkað. Í þriðja lagi má skoða svo, að það sje að nokkru leyti í þágu prestsins sjálfs, að ítaksrjetturinn sje afnuminn, því að hann eða bú hans hlýtur að bera ábyrgð fyrir því, ef skógurinn er skemmdur með of miklu viðarhöggi. Í fjórða lagi mundi það og draga dilk eptir sig, ef þessum presti væru úrskurðaðar skaðabætur fyrir að hætta skógarhögginu, því að þá mundu fleiri koma og krefja hins sama. Jeg skal nefna til dæmis prestinn að Stafafelli; hann hefir engar tekjur af að leigja öðrum skógarhögg í skógi sínum, og er það þó í brauðamatinu 1853 metið 5 ríkisdali; ætti hann því í hlutfalli við prestinn í Vallanesi að fá 200 kr. uppbót á ári, en óvíst tel jeg að þingið mundi verða fúst á það. Mjer finnst það líka sjálfsagt, að þegar menn eru orðnir sannfærðir um að ofmikið skógarhögg er skaðlegt, þá muni fáir vilja verða til þess að eyða vorum litlu skógarleifum fyrir lítilfjörlegan stundarhag.

Í fimmta lagi er þess að gæta, að

þessi prestur hefir notið sjerlegra og óvenjulegra hlunninda af landssjóðs hálfu, þar sem hann slapp við að greiða 1000 kr. af hinu sameinaða Vallanes og Þingmúla prestakalli fyrsta árið, er hann þjónaði því; hann hafði fengið veitingu fyrir Þingmúla fyrir fardaga 1891, en þá var Vallanes einnig laust, og hefði þá að rjettu lagi átt að greiða þegar afgjald af brauðinu, en af því varð þó ekki. Þessar 1000 kr. gefa í vexti 40 kr. á ári eða sömu upphæð og presturinn fer fram á að fá fyrir að sleppa ítaksrjetti sínum, og finnst mjer hann fyrir sitt leyti mega vel við það una, sem hann hefir fengið. Það má vel vera að lagamenn finni galla á frumv. þessu og segi, að presturinn geti höfðað mál, ef hann er sviptur ítaksrjettinum endurgjaldslaust. En þá vona jeg að lögfræðingar þeir, sem hjer sitja í deildinni, komi fram með leiðbeiningar; mætti þá breyta frv., ef ástæða þætti til, fyrir 2. umr.; þannig væri ef til vill rjettara, að í stað: »Vallanesprestakalls« væri sett: hins forna Þingmúlaprestakalls, því að þá mætti svo skoða, sem ítaksrjetturinn hefði horfið við sameining brauðanna.

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 15 samhlj. atkv.

Tillaga til þingsályktunar um afnám stofnskrár prentsmiðjusjóðs Norður- og Austuramtsins (C. bls. 268); ein umr.

Flutningsmaður (*Klemens Jónsson*): Jeg býst við að mörgum þyki kynlegt að jeg kem fram með þessa till., enda munu fæstir þekkja stofnskrá prentsmiðjusjóðsins, og skal jeg því reyna að skýra málið með fám orðum.

Eins og mörgum er kunnugt, var fyrst reist prentsmiðja hjer á landi í Norðurlandi, og stóð þar prentsmiðja um langan aldur, en lagðist svo að lokum niður. Um 1848 fór að vakna á ný áhugi hjá Norðlendingum að endurreisa aptur prentsmiðju í Norðurlandi, og 12. desember 1849 gáfu nokkrir menn á Akureyri og í Eyjafjarðarsýslu út boðsbrjef um samskot til prentsmiðjustofnunar, sem yrði almenningseign Norður- og Austuramtsins. Var þar tekið fram, að ef áformið færist fyrir, skyldi fjeð renna aptur til gefendanna eða erfingja þeirra.

Margir menn skutu fje til þessa fyrirtækis og einn maður á Vesturlandi, Ásgeir kaupmaður Ásgeirsson á Ísafirði, tók fjelagshlut eður aktiu (100 rdl.) í fyrirtækinu. Prentsmiðjan var svo keypt fyrir samskotafjeð og sett á stofn 1852, samkvæmt konunglegu leyfisbrjefi. 1871 var stofnfjeð aukið og stofnuninni sett lög 21. júní 1871, og í 8. gr. þeirra var svo ákveðið, að þeim mætti ekki breyta nema á aðalfundi, er eptir 1. gr. átti að haldast 21. eða 22. júní, og til fundarins skyldi boða með 2 mánaða fyrirvara, og skyldi þá jafnan auglýsa, hver breyting sje tilætluð.

25. marz 1878 var boðað til aðalfundar, og skyldi þar ályktun taka um, hvort prentsmiðjunni skyldi hætt og til hvers þá skyldi verja andvirði hennar. En auk þess sem fundur þessi var ekki boðaður á löglegan hátt, var hann eigi haldinn á lögákveðnum tíma, heldur 24. júní; varð þá ekki úr fundarhaldi, af því svo fáir mættu, og var því frestað til ágústmánaðar. Þetta var ólögmætur fundur, sem þá var haldinn og fáir mættir (30. ágúst). Þá tóku fundarmenn þá ákvörðun að hætta við prentsmiðjuna og selja hana, en stofna af andvirðinu sjóð og verja tekjum hans til að styrkja til náms fátæka og efnilega menn og stúlkur, er vilja ganga á hina norðlenzku gagnfræða- eða kvennaskóla. Amtsráðið áleit nú að vísu fundargerðina ólögmæta, þar sem fundurinn

var eigi haldinn á lögákveðnum tíma, og þó einkum af því, að tillaga til breytingarinnar var eigi birt fyrirfram, eins og lögin um prentsmiðjuna ákváðu, og sem var eðlilega skilyrði fyrir gildi fundarákvæðanna, en bjó þó til stofnskrá fyrir sjóðinn og skyldi vöxtum hans skipt í 4 jafna hluti, tveimur til styrks við Möðruvallaskólann, tveimur til styrks við kvennaskólann á Laugalandi. Stofnskrá þessi hlaut svo konungl. staðf. 29. júlí 1886. Síðan hefir að vísu prentverk haldizt uppi á Norðurlandi sem einstakra manna eign, en er nú orðið mjög hrörlegt og illa komið. Því þykir Norðlingum nú æskilegt að ná aptur undir sín umráð prentsmiðjusjóðnum (2700 kr.) og verja honum samkvæmt hans upprunalega tilgangi. Sýslunefnd og amtsráð hafa farið þess á leit við stjórnina að fá stofnskrána ónýtta, en ráðgjafinn svaraði því, að hann fyndi ekki ástæðu til að bera upp við konung till. í þessa átt Því hefir mönnum þótt nauðsynlegt að snúa sjer til löggjafarvaldsins með þetta mál. En það er álit merkra lögfræðinga, t. d. Nellemanns, að löggjafarþing hafi fulla heimild til að upphefja gjörðir umboðsvaldsins, og þá einnig til að nema konunglegar stofnskrár úr gildi. Og enska parlamentið álítur sig hafa heimild til alls, sem ekki er líkamlega óframkvæmanlegt. Jeg verð því að álíta, að löggjafarvaldið fari eigi út yfir sín takmörk, þó það fjalli um þetta mál.

Nú væri að líkindum óvænlegt að samþ. lög um þetta efni; þeim yrði að líkindum synjað staðfestingar. Þá er að eins eptir hin leiðin: þingsályktunarformið, að skora á ráðgjafann að hlutast til um að stofnskráin sje numin úr gildi.

Jeg vona að alþingi vilji styðja að því að þessum litla sjóði verði varið samkvæmt sínum upprunalega tilgangi, að efla hag Norðurlands og alls landsins með því að viðhalda þar prentverki.

Sumum kann að þykja ísjárvert að svipta kvennaskólann þessum styrk, sem hann þegar hefir öðlazt rjett til að fá, en hlutaðeigandi sýslunefnd, sem er yfirstjórn skólans hefir ekki álitið svo, og fellur því sú viðbára niður. Hvað Möðruvallaskólann snertir, þá er hann landssjóðsstofnun; og vona jeg að þingd. verði ekki á móti þessu máli, er hún hefir heyrt allar ástæður.

Það mun varla þurfa ráð fyrir því að gjöra, að erfingjar Ásgeirs kaupmanns fari að heimta aptur aktíuhluta sinn, og heldur ekki mun þurfa að gjöra ráð fyrir tilkalli frá erfingjum þeirra manna, er saman skutu fje til prentsmiðjunnar í fyrstu. Hitt kynni heldur að mega óttast, að tilkall kæmi fram af hendi þessara manna, ef því fæst ekki framgengt, að sjóðnum sje varið samkvæmt sínum upprunalega tilgangi, enda hefði átt að skila aptur gjöfunum, þegar breytt var um hinn upphaflega tilgang, enda veit jeg til þess að það hefir komið til tals, að erfingjar og einstakir gefendur heimtuðu aptur gjafirnar, ef þessi breyting kemst eigi á. Af framangreindum ástæðum vona jeg eptir, að hin h. deild samþ. þessa tillögu.

Jón Jónsson, þm. A.-Skaptf.: Mjer heyrast ástæður h. flutnm. (Kl. J.) svo góðar, að jeg sje enga ástæðu til að vera málinu mótfallinn. Jeg vildi að eins skjóta því til hans, að gjöra eina orðabreytingu í till., setja »afnuminn« fyrir »upphafin«.

Flutningsmaður (Klemens Jónsson): Það er að eins ein umr. um málið, og verður því eigi hægt að breyta því hjer. Annars skyldi jeg hafa tekið þessa orðabreytingu til greina.

Tryggvi Gunnarsson: Jeg verð að

vera á allt öðru máli en h. flutningsm. (Kl. J.). Jeg þekki töluvert til þessa máls frá fornu fari, síðan jeg var á Akureyri, og sje alls enga ástæðu fyrir alþingi að það fari nokkurn hlut að blanda sjer í þetta mál; mjer virðist hreint og beint að það liggi fyrir utan verkahring þess.

Jón Jensson: Að vísu er jeg ekki vel kunnugur þessu máli, en svo mikið þóttist jeg heyra á skýrslu flutningsm., að hjer er um mál að ræða, sem alls ekki heyrir undir alþingi, og því vil jeg ekki gefa þingsál.till. atkvæði mitt. Áður en hin núverandi stofnskrá var borin upp til staðfestingar konungs, hlýtur það að hafa verið rannsakað, hvort skilyrðin fyrir staðfestingu voru fyrir hendi. Og nú, eptir að stofnskráin hefir hlotið konunglega staðfestingu, verður það að vera á valdi stjórnarinnar, hvort hún treystist til að leyfa breytingu á stofnskránni sökum rjettinda þeirra, sem ákveðnir málsaðilar hafa með henni öðlazt. Úr því að flutningsm. er sannfærður um, að lagafrv. í þessa átt hlyti að verða synjað staðfestingar, hver ástæða er þá til að ætla, að þingsál.till. í málinu mundi hafa önnur úrslit?

Ef þingið vildi fara að skipta sjer nokkuð af þessu máli, þá væri sjálfsagt eini vegurinn sá, að bæta skaðann, sem hinn upphaflegi tilgangur á að hafa beðið; og það gæti þingið gjört með því, að veita nú fje til prentsmiðjustofnunar í Norðurlandi; en fram á það hefir enginn farið, enda hygg jeg harla ólíklegt að þingið færi til þess.

Flutningsmaður (*Klemens Jónsson*): Að jeg ekki bar upp frumv. um þetta mál, kom ekki til af því, að jeg áliti þann veg rangan, eins og jeg áður hefi tekið fram, heldur þótti mjer ályktunarleiðin kurteislegri við stjórnina. Þar sem h. þm. Rvík. (J. Jens.) áleit þetta mál liggja fyrir utan verksvið alþingis, þá verð jeg að vera honum þar ósamdóma og ber fyrir mig álit mjög merkra lögfræðinga í því efni. En þótt vjer nú settum svo, að það lægi fyrir utan valdsvið þingsins að samþ. frumv. um þetta mál, þá getur þó ekkert verið á móti því að þingið samþykki þingsályktun og styðji þannig að því, að ráðgjafinn taki málið til íhugunar á ný.

Halldór Daníelsson: Jeg veit ekki, hvort það getur álitizt málinu óviðkomandi eður ekki, en mjer þætti fýsilegt að heyra, hvað menn hafa í huga að gjöra við þetta fje, ef það fengist losað. Ætla menn að kaupa fyrir það nýja prentsmiðju? Eða ætla menn að styrkja með því allar þær prentsmiðjur, sem eru í Norðurumdæminu og Austurumdæminu, því að mjer skilst að fjeð hafi upphaflega heyrt til Austfirðingum, engu síður en Norðlingum? Eða ætla menn að efla með því almenna upplýsingu á annan hátt? Og hver á að hafa umráðin yfir því?

Flutningsmaður (*Klemens Jónsson*): Það er aðallega tilgangurinn að verja fjenu til að efla prentsmiðju þá, sem nú er á Akureyri, og að amtsráð Norðlinga ráði því; en auðvitað er að Austfirðingar hafi líka aðgang til styrks, ef þeir þurfa þess við.

Jón Jensson: Jeg sje engin líkindi til þess, að stjórnin mundi fremur fara að sinna till. um þetta mál frá alþingi, heldur en beiðni frá amtsráðinu eða amtsráðunum, sem hlut eiga að máli. Hefði h. flutningsm. komið fram með lagafrv., þá hefði þó verið einhver alvara í því; en þessi ályktunartill. finnst mjer vera hálfgjört hjegómamál og að eins fyrir þingið til að gjöra sig hlægilegt, að fara að vasast í máli, sem því er alveg óviðkomandi.

Flutningsmaður (*Klemens Jónsson*): Jeg

bar till. þessa upp í miðjum júlímánuði og hefði því h. þm. Rvík. (J. Jens.) átt að hafa tíma til síðan að átta sig svo á málinu, að hann hefði getað bent mjer á fyrr en nú, að hann áliti frumvarpsleiðina eina rjetta í þessu máli. En jeg er nokkurn veginn viss um það, að hefði jeg þá borið upp frumv. um málið, þá hefði þm. Rvík. (J. Jens.) nú verið eindregið á því, að þingsályktunartill. væri miklu heppilegri.

ATKVÆÐAGR.: Till. samþykkt með 14:2 atkv. og málið afgreitt til Ed.

Tillaga til þingsályktunar um hin lægri menntamál (C. 240, 347, 348, 446); síðari umr.

Framsögumaður (*Jens Pálsson:*): Jeg get verið fáorður um þær 2 breyt.till., sem nefndin hefir komið fram með. Önnur þeirra er að eins fyrirsögn fyrir tillögunni; því strangt tekið vantaði hana fyrirsögn, eins og hún kom hjer fyrst fram, sem stafar af því, að fyrirsögnin hafði af misgáningi fallið burtu. Hin till. nefndarinnar er, að orðið »sveitakennsla« komi í stað »sveitakennara«, og er það að eins betra orðalag.

Þá eru framkomnar nokkrar breyt.till. frá öðrum h. þm., og skal jeg þá fyrst minnast á breyt.till. á þingskj. 367 við I. 6. gr. Um hana hefi jeg ekki annað að segja, en að jeg hefi borið hana undir samnefndarmenn mína, og höfum við ekki getað sjeð neitt á móti henni. Meiningin er hin sama, en að eins fegurra orðalag. Nefndin getur því aðhyllzt hana.

Þá eru breyt.till. á þingskj. 273; um þær er það að segja, að nefndin aðhyllist 1., 2., 3. og 4. tölulið á þingskj. og telur þær breytingar fremur til bóta, en getur ekki fallizt á 5. tölul., að missiris uppsagnarfresturinn falli burtu. Við fyrri umr. þessa máls færði jeg ástæðu fyrir því, að nauðsynlegt væri að halda þessu ákvæði. Kom þá fram till. frá h. 2. þm. Eyf. (J. J.) um að fella þetta ákvæði burtu, en jeg svaraði henni þá, og sýndi fram á að það væri ekki ástæðulaust að við settum það; það kæmi í veg fyrir ólag og óþægindi, og væri því nauðsynlegt. Nú skal jeg aptur rökstyðja þetta. Þegar kennarinn hefir kennt 6 mánuði af vetrinum og haldið próf, þá fer hann venjulega burtu til þess að leita sjer annarsstaðar atvinnu; vill þá opt dragast undan að tala um það, hvort hann taki að sjer kennsluna næsta vetur. Svo veit hann ekki nema sveitarfjelagið ætli að ráða sjer annan kennara, og ræður sig því í aðra sveit, en það máske reiðir sig á hann og stendur svo uppi kennaralaust, og eins líka er því vert á móti, að sveitarfjelagið ræður sjer annan kennara, en hann reiðir sig á kennsluna aptur. Það er því báðum heppilegra að þessu ákvæði sje haldið. Jeg finn svo ekki ástæðu til að fara frekari orðum um þetta atriði.

Björn Sigfússon: H. framsögum. (J. P.) lýsti því yfir, að nefndin væri samþ. þeim breyt.till., sem fram hafa komið, nema 5. lið á þingskj. 273. Jeg finn því ekki ástæðu til að fjölyrða um þær breyt.till., sem nefndin er flutningsm. breyt.till. sammála um, en að eins geta þess, að jeg hefi ásamt fleirum lagt til, að inn í 5. lið þingsályktunartill. bætist orðin: »að öðru jöfnu«, og gjörði jeg það af því, að mjer virtist það þó nokkur bót, en helzt hefði jeg óskað að liðurinn fjelli burtu. Mjer finnst eðlilegast að prestur og sóknarnefndir sjeu alveg frjálsar að því að velja hvern sem er, og álít líka alveg hættulaust að trúa þeim fyrir því. Mjer er heldur ekki alveg ljóst, ef breyt.till. fær framgang og liðnum er haldið, hver þá á að dæma um, hvort hæfilegleikar

kennaraefnanna sjeu jafnir. Jeg sje ekki að það geti komið undir dóm annara en þeirra, sem eiga að ráða kennarana, nefnilega presta og sóknarnefnda, og þeir mundu eingöngu fara eptir því áliti, sem þeir hafa á hverjum kennara, og því ættu menn að sjá, að liðurinn er alveg þýðingarlaus.

En hvað uppsagnarfrestinum viðvíkur, þá er mjer ekkert kappsmál um, hvort honum er haldið eða ekki, en álít það einnig þýðingarlaust ákvæði.

Framsögumaður (*Jens Pálsson*): Mjer komu nokkuð undarlega fyrir undirtektir h. þm. Húnv. (Bj. Sigf.), þar sem hann hefir sjálfur komið fram með þessa breyt.till., en virðist þó vera á móti henni. Hann sagði, að þessi viðbót: »að öðru jöfnu« væri óþörf, því aðrir mundu ekki dæma um hæfileika kennaraefnanna en presturinn og sóknarnefndirnar, en þetta er ekki rjett. Eptir því, sem 4. liður breyt.till. fer fram á, sýnist liggja næst að hreppsnefndirnar, sem leggja fjeð til, ráði kennarana, en leyti að eins samþ. prests og sóknarnefndar. Þessir allir ættu þá að vera í ráði og dæma um, hvort allt annað væri jafnt. Ef nú þessir allir kæmust að þeirri niðurstöðu, að allt annað væri jafnt, nema að eins annar hefði það fram yfir að hafa notið kennarafræðslu, sem hann hefir bæði varið tíma og fje til, þá er ekki nema sanngjarnt að hann sje tekinn fram yfir, að öllu öðru jöfnu. Ef þessir menn, sem um það ættu að dæma, hvort allt annað væri jafnt, kæmust að þeirri niðurstöðu að sá, sem kennarafræðslunnar hefði notið, væri að einhverju leyti lakari, þá yrði hann sjálfsagt að lúta í lægra haldi. Jeg get því ekki fundið snefil af ósanngirni í þessu ákvæði. H. sami þm. sagði viðvíkjandi 5. lið breyt.till., að sá liður væri meinlaus, og að hann áliti hann ekki hafa mikla þýðingu. En mjer þykir undarlegt að hann ekki skuli geta sannfærzt um, að þessi liður hefir talsverða þýðingu, og að það er ekki nema eðlilegt að þessir menn hafi sömu rjettindi sem aðrir, að fá að vita með vissu fyrir fram, ef ekki á að nota þá lengur. Jeg veit ekki betur en t. d. vinnuhjú verði að fá uppsögn fyrir jól, ef húsbændurnir ekki ætla sjer að halda þau lengur, og að þau eins að sínu leyti verði að segja húsbændunum upp með sama fyrirvara. Eins er með verzlunarmenn, að þeir fá uppsögn með talsverðum fyrirvara, og svo er það með alla yfir höfuð, nema einhverja hlaupara. Að vilja synja þessum mönnum um þessi rjettindi fremur öllum öðrum, er ósanngjarnt.

Jón Jónsson (2. þm. Eyf.): Það gleður mig að nefndin hefir fallizt á flestar breyt.till., en um leið verð jeg að lýsa því yfir, að þrátt fyrir ástæður þær, sem færðar hafa verið fyrir því, að nefndin ekki hafi getað aðhyllzt síðustu tillöguna, þá hef jeg enn ekki sannfærzt. Jeg get ekki sjeð að hjer sje um neina fasta stöðu að ræða, og að því sje allt öðruvísi farið með barnaskólakennara, vinnuhjú o. s. frv.; og mjer finnst dæmi h. framsögum. (J. P.) af vinnuhjúunum ekki heppilegt. Jeg held að þetta ákvæði verði einungis til þess að þvælast fyrir þeim framkvæmdum, sem ætlaðar eru, ef eitt hvert tillit er tekið til þess. Landsstjórnin verður að fá sönnun fyrir að uppsögnin sje lögleg, vottföst og skrifleg, og þó það megi segja kannske, að þetta sje ekki erfitt, þá er það þó ekki vafningalaust, og jeg held að það mundi að eins tefja fyrir því, sem menn vilja fá komið til leiðar. Annars gjöri jeg þetta ekki að neinu kappsmáli.

Framsögumaður (*Jens Pálsson*): Af þessum ástæðum er það þá, að h. þm.

hafa komið fram með þessa breyt.till. Jeg skal alls ekki lengja umr. um þetta mál, en að eins láta í ljósi, að jeg get ekki álitið ofætlun fyrir nokkurn mann að framfylgja svo einföldu skilyrði, nje sá erfiðleiki vegi nokkuð á móti því gagni, sem þetta umrædda ákvæði mundi gjöra. Vona jeg því að h. deild samþykki liðinn með þessu á-kvæði.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. á þingskj. 367 samþ. með 18 samhlj. atkv.

Breyt.till. 2 á þingskj. 276 samþ. með 17 samhlj. atkv.

Breyt.till. 1 á þingskj. 273 samþ. með 16 samhlj. atkv.

Breyt.till. 2 á þingskj. 273 samþ. með 18 samhlj. atkv.

Breyt.till. 3 á þingskj. 273 samþ. með 17 samhlj. atkv.

Breyt.till. 4 á þingskj. 273 samþ. með 15 samhlj. atkv.

Breyt.till. 5 á þingskj. 273 samþ. með 11 : 8 atkv.

Breyt.till. 1 á þingskj. 276 samþ. án atkv.greiðslu.

Till. í heild sinni samþ. í einu hlj. og afgreidd til Ed.

Tillaga til þingsdlyktunar um lánsstofnun (C 425); hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á einni umr. og var það samþ.

Tillaga til þingsályktunar um frímerki (C. 427); hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á einni umr. og var það samþ.

Tillaga til þingsályktunar um landsspítala (C. 438); hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á einni umr. og var það samþ.

Þrítugasti og fimmti fundur, miðvikndaginn 11. ágúst, kl. 12 á hád. Allir á fundi.

Með því að hinn lögskipaði þingtími var liðinn í dag, mæltist forseti til þess, að landshöfðingi lengdi þingtímann eins og vandi væri til, og lengdi þá landshöfðingi þingtímann til miðvikudags 25. þ. m.

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar hjá Hallgeirsey í Rangárvallasýslu (C. bls. 177, 315); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. með 13 samhlj. atkv. og afgr. til Ed.

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar við Haganesvík í Fljótum (C. bls. 178, 315); 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. með 15 atkv. móti 1, og vísað til 3. umr. með 12 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar á Grafarnesi við Grundarfjörð (C. bls. 194, 315); 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. með 14 : 1 atkv., og vísað til 3. umr. með 15 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar á Firði í Múlahreppi í Barðastrandarsýslu (C. bls. 258, 315); 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. með 14 samhlj. atkv. og vísað til 3. umr. með 15 : 1 atkv.

Frumv. til laga um að nema dómsvald hæstarjettar í Kaupmannahöfn, sem æðsta dóms í íslenzkum málum, úr lögum (C. bls. 179, 431); frh. 2. umr.

Framsögumaður (Benidikt Sveinsson): Eins og jeg tók fram við 1. umr. og byrjun 2. umr., finn jeg ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta mál, því jeg ímynda mjer að allir h. þm. sjeu mjer

þar sammála. Þetta frumv. hefir verið samþykkt opt áður og verður vonandi samþ. enn. Jeg vil leyfa mjer að skjóta því til allra h. þm., hvort þeir ekki hljóti að vera mjer samdóma í því, að svartari skýlu sje ekki hægt að draga fyrir rjettindi og sjálfstæði íslenzkrar þjóðar en það, að láta síðustu úrslit íslenzkra mála hvíla í útlendum dómi. Jeg vil bæta því við til þess að h. þm. hafi það hugfast, að hjer er að ræða um það princip, sem vafalaust liggur öllum h. þm. á hjarta, nefnilega að varðveita móðurmálið, og þó ekkert annað mælti með frumv. en það, að það fer fram á að vernda rjettindi íslenzkrar tungu, þá ætti það eitt að vera nóg til þess að menn samþ. frumv. Hvað vel sem dómararnir í hæstarjetti kunna að vera að sjer að öðru leyti, þá er það víst, að þeir skilja ekki eitt orð í lögum vorum, sem þeir eiga að dæma eptir, og ekki eitt orð í málum þeim, sem fyrir liggja. Jeg ætla svo ekki að fara frekari orðum um þetta frumv.

Valtýr Guðmundsson: Jeg þarf ekki að lýsa skoðun minni á þessu máli, því jeg hef gert það áður, en vil að eins skjóta því til h. framsögum. (B. Sv.), hvort ekki væri nægilegt að skora á stjórnina að leggja svona lagað frv. fyrir ríkisþingið, því það er annar málsaðili. Það þýðir ekkert, þó frv. verði samþ. hjer, ef það ekki jafnframt yrði samþykkt af ríkisþinginu.

Framsögumaður (Benidikt Sveinsson): Jeg er þakklátur h. þm. Vestm. (V. G.) fyrir þessar skýringar, en án þess að hafa þm. fyrir rangri sök, þá verð jeg að segja, að hann hefir ekki tekið eptir orðum mínum. Jeg vil ekki fara neitt að eiga við hinn svo kallaða íslenzka ráðgjafa í Höfn. Hingað til hefir hann haft ástæðu til að vísa málinu frá sjer, því þingið hefir blandað saman 2 málum, nefnilega 5. og 6. máli á dagskrá, og hefir það eitt staðið í vegi fyrir að frumv. yrði lagt fyrir ríkisþingið. Nú er þessu kippt í lag með því að aðgreina frumv., en úr því svo er fyrirskipað, að ekki sje hægt að gera breytingu á hæstarjetti sem æðsta dómi í íslenzkum málum, nema því að eins að ríkisþingið samþykki, og nú kemur formlegt frumv. um þetta frá öðrum málsaðila, nefnilega alþingi, þá á ekki að þurfa að skora á ráðgjafann að leggja þetta fyrir ríkisþingið; það er beinlínis skylda hans. Hvernig getur h. þm. komið með það, að alþingi hafi nokkra heimild til að skora á eða skipa ráðgjafanum að búa til lagafrumv. og leggja fyrir ríkisþingið? Það getur ekki nema konungur einn. Á hinn bóginn skil jeg ekki, hvers vegna h. þm. Vestm. (V. G.) skuli vera að ráða þinginu til að hliðra hjer til í þessu máli, og finnst mjer það skylda hans sem þjóðarfulltrúa að firrast að leggja nokkrar hindranir í veginn fyrir að þetta og önnur lagafrumv., sem varða þjóðrjettindi vor, fái framgang. Frv. hefir ekki áður komið fram í rjettu formi, og hefir því eigi fengið framgang lögum samkvæmt, en nú er öðru máli að gegna, þegar úr formgöllunum er bætt. Aðferðin er óhjákvæmilega sú, sem hjer er farið fram á, enda væri það jafnvel hlægilegt, ef þingið færi að skora á ráðgjafann að búa til frv. og leggja fyrir ríkisþingið, áður frv. væri samþykkt hjer á þinginu. Jeg vona að h. þm. láti sjer skiljast þetta.

Landshöfðingi: Jeg ætla að eins að mótmæla því, er h. þm. N.-Þing. (B. Sv.) tók fram, að ef frumv. næði samþykki þingsins, væri ráðgjafinn beinlínis skyldur að leggja það fyrir ríkisþingið. Þó þingið samþ. frv., er það ekki nema annar hluti hins íslenzka löggjafarvalds, sem hefir samþ. það, og

hinn hlutinn, konungur og ráðgjafinn, getur neitað samþykki, og það hefir gengið svo hingað til. Það er því engan veginn skylda ráðgjafans að leggja frumv. fyrir ríkisþingið, fyr en það hefir náð samþykki konungs og hans, og það er þýðingarlaust, þótt þingið samþykki að afnema dómsvald hæstarjettar í íslenzkum málum með lögum, svo framarlega sem hinn hluti löggjafarvaldsins ekki einnig er því samþykkur.

Framsögumaður (*Benidikt Sveinsson*): Út af þessari athugasemd skal jeg taka það fram, að ef hæstv. landsh. legði sama skilning í íslenzkt löggjafarvald og jeg, þá gætum við verið samdóma, en nú leggur hann annan skilning í það. Jeg skil við íslenzkt löggjafarvald alþingi annarsvegar og hins vegar konung með ráðgjafa, er beri ábyrgð fyrir þinginu, en jeg get ekki samþykkt að ríkisráðið í Danmörku hafi nokkra heimild til að skoða sig sem íslenzkt löggjafarvald. En úr því nú ríkisráðið tekur sjer í ólögum það vald að úrskurða um íslenzk löggjafarmál, þá er það eptir orðum stöðulaganna þá fyrst bært um að ráða til staðfestingar eða synjunar á þessu frumv., þegar ríkisdagurinn er búinn að samþykkja það óbreytt, því þá fyrst en annars ekki getur orðið spurning um staðfesting þess, því hjer ræðir um ein lög en ekki tvö. Að öðru leyti getur þetta þrætuefni milli mín og hæstv. landsh. síður en svo verið því til fyrirstöðu að alþingi samþykki frv. Að svo mæltu skal jeg ekki fara fleiri orðum um þetta mál.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþykkt með 15 atkv. móti 1 og vísað til 3. umr. með 16 atkv. móti 1.

Frumv. til laga um að gjöra landsyfirdóminn í Reykjavík að æðsta dómi í íslenzkum málum (C. bls. 179, 431); frh. 2. umr.

Framsögumaður (*Benidikt Sveinsson*): Jeg finn ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta mál, því frumv. er bein afleiðing af hinu undanfarandi frumv. Að afnema dómsvald hæstarjettar í íslenzkum málum dregur það á eptir sjer, að breyting þarf að koma á landsyfirdóminn.

ATKVGR.: Frumv. samþ. með 14 atkv. móti 1 og vísað til 3. umr. með 13 atkv. móti 1.

Frumv. til laga um stofnun lagaskóla (C. bls. 257); 3. umr.

ATKVÆÐAGR. Frumv. samþ. með 14 atkv. móti 4 og afgreitt til forseta efri deildar.

Frumv. til laga um stofnun búnaðarsjóðs (C. bls. 427); 1. umr.

Forseti gat þess, að þetta mál væri komið frá landbúnaðarnefndinni, en ekkert nefndarálit lægi fyrir frá þeirri nefnd.

Framsögumaður (*Guðjón Guðlaugsson*): Eins og h. forseti tók fram, er enn ekki komið neitt nefndarálit frá landbúnaðarnefndinni. Nefndarmenn hafa haft mjög mörgum og miklum störfum að gegna, og því ekki enn getað lokið störfum sínum í þessari nefnd. Enn fremur ber þess að gæta, að verksvið þessarar nefndar er svo mikið, að það gæti verið meira en nóg íhugunarefni fyrir nefndarmenn til þingloka, enda þótt þeir væru ekki bundnir öðrum störfum. Nefndin hefir, sem sagt, ekki sjeð sjer fært að senda frá sjer neitt nefndarálit, en hún hefir sent h. þingd. þetta eina frumv., sem hún vonar að h. þingdeild taki til yfirvegunar, þó að ekkert nefndarálit sje fram komið um málið í heild sinni.

Eitt af því, sem nefndinni var ljóst,

að heyrði undir verksvið hennar, var það, að greiða fyrir framförum í jarðabótum með hagkvæmum styrkveitingum á einhvern hátt. Til þess að efla landbúskapinn og styðja að jarðabótum eru auðvitað nokkur ráð til, en öll eru þau innifalin í því að útvega fjárstyrk. — Þingið hefir hingað til veitt búnaðarfjelögunum styrk að gjöf. Nefndin hefir látið þá stefnu hlutlausa, en á hinn bóginn heldur ekkert gjört til að efla þá hugsun. En það þarf meira fje en það, sem veitt verður á þann hátt, til þess að hrinda verulega fram jarðabótastörfum, sem eru hið sjálfsagða skilyrði fyrir öllum framförum í landbúnaðinum. Nefndin sá, að koma þurfti á fót einhverri haganlegri lánsstofnun. Menn vita að lán úr landsbankanum eru svo dýr fyrir bændur, að ekki er við því að búast að þeir hafi nein ráð á að taka þar stór lán til jarðabóta, því þó að jarðabætur borgi sig, sjeu þær skynsamlega stofnaðar, þá eru þær svo lengi að borga sig, að hætt er við að þeir verði niðursokknir í skuldir, áður en þær fara að gefa fullan arð.

Til þess að koma á fót slíkum lánsstofnunum, var ýmislegt, sem þurfti að athuga:

1., var að athuga, hvaðan taka ætti fje til lánsstofnunarinnar. Hið eina fje, sem þingið á ráð á, er fje landssjóðs, en hann á í mörg horn að líta og varhugavert að festa um langan tíma fje viðlagasjóðs. En nefndin sá, að landsbankinn, sem í raun og veru er eign landssjóðs, hafði nóg fje yfir að ráða, og þar sem hann ekki hefir gjört neitt til þess að styðja að framförum í jarðabótum með því, að veita bændum hagkvæm lán í þessu skyni, heldur að eins hugsað um sjálfan sig og jafnvel notað sjer neyð manna, þá sá nefndin ekki betri ráð, en að fara þess á leit, að nokkuð af fje hans yrði fest í þessu augnamiði. Því að það hlýtur að vera einn aðal-tilgangur bankans, að efla framfarir í landbúskapnum.

Um þessar mundir á bankinn um 180,000 kr. í varasjóði, og er það óneitanlega mjög góður búskapur á ekki fleiri árum. Nefndinni virtist full ástæða til að nokkuð af þessu fje yrði notað aðal-atvinnuvegi landsins til eflingar; en hún sá, að ef þetta fje yrði beinlínis tekið út úr bankanum og veitt sem gjöf, þá hlaut það að rýra það traust, sem bankinn að sjálfsögðu þarf að hafa, sjer í lagi hjá erlendum bönkum, sem skipta við hann. Þess vegna sá nefndin ekki annað fært, en að bankinn eins og stofnaði sjerstaka deild, sem lánaði fje í þessu skyni, því þá er í augum uppi, að fje það, sem hann leggur fram, er hans eign eptir sem áður, og getur því ekki rýrt traust hans erlendis. Þá getur enginn sagt, að þingið hafi farið að kássast upp á bankann og skert varasjóð hans. Því þegar bankanum að eins er gjört að skyldu að verja 1/4 af varasjóði sínum öðru vísi en áður, en þó á ákveðinn hátt, þá hlýtur traust hans að vera sama og áður. Þvert á móti ætti traustið á honum fremur að vaxa en minnka við þessa nýbreytni. Auðvitað yrðu þessi verðbrjef minna virði en vanaleg verðbrjef bankans, en það hlyti að jafnast aptur upp við það, sem landssjóður legði til lánsstofnunarinnar. — Nefndin sá, að þetta fje, 40,000 kr., úr bankanum, var ekki fullnægjandi til sjóðsstofnunar, er bæta skyldi úr brýnustu þörfum landsbúa, og því stingur hún upp á því, að landssjóður leggi jafnframt fram 20,000 kr. Þetta fje sá nefndin, að hlyti að lánast strax, en til þess að sjóðurinn þyrfti þá ekki alveg að hætta að lána eptir 1—2 ár, þá datt

nefndinni í hug að stinga upp á því, að landssjóður legði til árlega í 25 ár þær 5000 kr., er honum ber í ársvexti af láni sínu til bankans. Af því þessar 5000 kr. eru beinn gróði fyrir landssjóð, getur hann vel staðið sig við að leggja þær fram í þessu skyni.

2., þurfti nefndin að taka til íhugunar, hvernig lánunum skyldi varið, hvort veita skyldi lánin alveg ótakmarkað, eins og lán eru veitt úr bankanum. — Nei, þannig vildi nefndin ekki láta veita lánin, því þá styddi þingið þá, sem sízt þyrftu að nota þessi lán, efnamennina. Nefndinni kom þess vegna saman um, að hafa lánveitinguna takmarkaða við meðmæli sýslunefnda og jafnframt, að skuldbinda lántakanda til að nota lánið til jarðabóta.

Af því að það hlýtur að vera aðalmarkmið þessa sjóðs að verða sem flestum að liði, en bændur hins vegar eru flestir leiguliðar, sem bágast allra bænda eiga með að fá lán, af því að þá vantar jarðarveð, þá fannst nefndinni beinast, að sýslunefndirnar, sem eiga að þekkja hvern einasta bónda í sýslunni, veittu þessum mönnum lánstraust gagnvart búnaðarsjóði bankans, sem er ókunnugur þessum mönnum. En það er vitanlegt, að margir leiguliðar eru svo stöndugir og áreiðanlegir í augum þeirra, sem þekkja þá, að það getur ekki verið nein hætta að veita þeim lánstraust fyrir hæfilegu láni.

Loks er ákveðið, að með reglugjörð skuli ákveða, hvernig sýslunefndir skuli haga meðmælum sínum, og hverjir skilmálar skuli settir, að því er snertir ábyrgð sýslufjelaga. Því var að vísu hreyft í nefndinni, að taka einnig ákvæði þessarar reglugjörðar inn í frv., en af því að nefndin vildi flýta fyrir málinu, og af því að hún sá, að það var ekki beint nauðsynlegt að ákveða þetta með lögum, þá varð frumv. ekki lengra en þetta. En líklega kemur nefndin síðar með sýnishorn af því, hvernig slík reglugjörð ætti að vera.

Þetta mál hefir ekki getað komið til umræðu fyr en nú, því það hefir ekki verið lagt fyrir deildina fyr en nú. Samt sem áður fór h. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) að ræða þetta mál á dögunum í fjárlögunum, og hafði hann ýmislegt út á það að setja. Hann sagði, að ef bankastjórnin tæki þennan sjóð að sjer, þá yrði hún að haga útlánum sínum öðru vísi en hingað til. En því svara jeg svo, að úr því hjer eru settir fastir vextir, sem sjóðsstjórnin getur ekki gengið frá, og hið sama er að segja um útlánstímann, og þar sem reglugjörðin mun ákveða skilyrðin fyrir tryggingu lánanna, þá hefir það ekki mikla þýðingu, hvort bankastjórnin eða aðrir hafa útlánin á hendi. En nefndin sá, að það ætti ekki að þurfa að hafa neinn kostnað í för með sjer að beina þessum störfum að bankanum, sem hefir svo vel launaða stjórn, og þarf hvort sem er innan skamms að bæta við sig starfsmönnum. Auk þessa er engum betur treystandi en bankastjórninni til að taka þennan búnaðarsjóð að sjer. Þegar um svona lítið fje er að ræða, þá væri líka varhugavert að kosta sjerstaka, dýra stjórn til að sjá um það.

Valtýr Guðmundsson: Jeg get skilið að landbúnaðarnefndin hafi viljað gjöra eitthvað fyrir landbúnaðinn, en jeg sje ekki að þessi vegur sje heppilegur, þar sem hún fer fram á að stofna sjerstaka deild af landsbankanum, því þó að þessi deild fái lítið fje til umráða, þá minnkar þó við það starfsfje sjálfs bankans, sem þó má ekki minna vera; það er líka athugavert, að þó bankinn geti verið ánægður með að fá fje sitt ávaxtað, og þó hann geti verið enn ánægðari með að fá að gjöf 20,000 kr.

til að byrja með, og svo 5,000 kr. á ári í 25 ár, þá er þetta ekki eins gott fyrir landssjóð, sem á að láta úti þessar 20,000 kr. strax og 5,000 kr. á ári. En það, sem mjer finnst athugaverðast við þetta frumv., er það, að þeir, sem vilja fá lán úr þessum búnaðarsjóði, verða að fá til þess meðmæli sýslunefnda, því það er hætt við að þeir einir næði í þessi lán, sem væru bezt inni undir hjá sýslunefndarmönnunum. Þá er það heldur ekki heppilegt, að ekki má verja láninu til annars en jarðabóta. Það er þó fleira, sem getur hjálpað landbúnaðinum en jarðabæturnar einar. Jeg vil nefna t. d. ný og betri verkfæri. En ekki einu sinni verkfæri má lántakandi kaupa fyrir lánsfjeð.

Þá á lántakandi að sanna með vottorði búfræðings, er stjórn búnaðarfjelags landsins nefnir til, að jarðabæturnar sjeu vel af hendi leystar. Með öðrum orðum: hann á að sanna þetta með vottorði manns, sem kosinn er af stjórn fjelags, sem ekki er til. Það er nokkuð kynlegt, að ákveða þetta fyrir fram í lögum, þó aldrei nema sje gjört ráð fyrir, að slíkt allsherjar-búnaðarfjelag komist á.

Þó að jeg hafi gjört þessar athugasemdir við frumv., þá er það ekki af því, að jeg sje á móti því að bændum væri gjört hægra fyrir en nú, að fá lán til eflingar landbúnaðinum. Mjer þykir að eins aðferðin ekki sem heppilegust, og ýms ákvæði frumv. varhugaverð. Aptur lízt mjer betur á þá till., að skora á stjórnina að koma hjer á fót lánsstofnun eða »Creditforening«. Jeg verð, sem sagt, að vera á móti þessu frumv., einkum af því, að mjer finnst óráðlegt að láta landssjóð fara að gefa bankanum fleiri tugi þúsunda króna, og í annan stað af því, að starfsfje búnaðarsjóðsins yrði allt of lítið, þar sem það ekki yrði nema einar 60,000 kr. til að byrja með. Það getur verið, að jeg fái hjer eptir svo góðar upplýsingar, að jeg geti sannfærzt um yfirburði slíks búnaðarsjóðs, en sem stendur er jeg sannfærður um, að lánsstofnun eða Creditforening sje heppilegri stofnun.

Þórður Thoroddsen: Frumv. þetta er að mínu áliti í mörgu óheppilegt. Eptir því á að leggja 40,000 kr. úr varasjóði bankans og 20,000 krónur úr viðlagasjóði; og svo á landssjóður að leggja til 5,000 krón. í 25 ár til þessa sjóðs. Jeg held að megi styrkja landbúnaðinn á ódýrari hátt fyrir landssjóð. Bankastjórnin vill ganga að þessu; það veit jeg vel. Það er eðlilegt, því bankinn græðir á þessu fyrirkomulagi. Það verður ekki annað sjeð, en að landssjóður eigi að gefa bankanum þessar 20 þús. kr. + 25 sinnum 5 þús. kr., eða alls 145 þús. kr., sem verður með vöxtum allt að 200 þús. kr. Þó að jeg nú sje þeirrar skoðunar, að styrkja eigi búnaðinn svo sem unnt er, þá vil jeg samt ekki henda þessu út til bankans, gefa bankanum það; með því móti styrkir landssjóður búnaðinn lítið. Og enn fremur ætla jeg að stofna megi búnaðarsjóð eða lánsfjelag handa landbændum á ódýrari hátt en hjer er farið fram á, með því að stofna reglulegt lánsfjelag. — Nú hefir komið fram tillaga til þingsályktunar um það, að skora á stjórnina að leggja fyrir næsta þing frumvarp um stofnun lánsfjelags.

Ef nú þetta frumv. fær framgang, þá skeytir stjórnin ekki um að koma með frumv., þegar hún sjer, að þingið ætlar að stofna þannig lánssjóð, enda þá að miklu óþarft.

Þetta er líka svo lítið fje, sem stofna á þennan sjóð með, að landsmenn mun-

ar það engu til jarðabóta. Það verður ekkert til að fullnægja þeim kröfum, sem gjörðar verða til sjóðsins. Jeg get ekki verið með frumv. Það er óþarft, hvernig sem fer, hvort sem lánssjóður verður stofnaður eða ekki, því að bankinn gæti líka stofnað svona lagaðan sjóð af eigin rammleik, og á hinn bóginn er það of dýrt fyrir landssjóð.

Framsögumaður (*Guðjón Guðlaugsson*): Menn eru ekki á eitt sáttir um þetta frumv. Það ætlar ekki að hafa eins mikið gildi í augum sumra þingmanna og sumt á fjárlögunum.

Jeg held að h. þingm. Vestm. (V. G.) hafi ekki næga þekkingu til að dæma um slík mál. Hann sagði að nefndin hefði ekki farið rjettan veg. En hún gat ekki farið betur að með þeim stutta tíma, sem hún hafði. Hann sagði, að starfsvið landsbankans næði ekki yfir þetta. En er það ekki skylda bankans að styrkja almenning landsins? Og er þá nokkuð á móti því, að hann hjálpi einnig þessu? — H. þm. Vestm. (V. G.) sagði, að landssjóður gæfi bankanum þetta fje; það stendur hvergi í frumv. En eðlilega leggur bankinn nokkuð af starfsfje sínu til síðu til þessa. Og þótt landssjóður leggi fram fje, stendur það hvergi, að það verði ekki hans eign eptir sem áður. Landsbankinn er eign landssjóðs, og það er engin gjöf til hans þetta; en traust til hans eykst að eins við það. Hjer er ekki verið að tala um að taka úr bankanum eða landssjóðnum; eignin verður í landinu. – H. þingm. Vestm. (V. G.) fann einnig að þessu frumv., að meðmæli sýslunefnda væru skilyrði fyrir styrkveitingu. Hann lítur mjög smáum augum á sýslunefndirnar, og dróttar að þeim partisku. Þetta er mjög svæsin getsök til sýslunefndanna. Et h. þm. Vestm. (V. G.) vill hugsa sjer að sýslunefnd neiti »solid« manni um meðmæli, þá er það svæsin getgáta. Sýslunefndirnar styðja menn fremur til lánstrausts, sem þeir hefðu ekki haft ella.

Hann sagði líka, að þetta, að leita meðmælis sýslunefndanna, væri að tefja fyrir láninu. Þetta er misskilningur. Menn munu almennt hugsa sjer löngu áður þær jarðabætur, sem þeir ætla sjer að gjöra; og hvaða töf þarf þá að vera að því, að fá meðmæli sýslunefndar?

H. þm. Vestm. (V. G.) athugaði það, að hjer væri verið að tala um fjelag, sem ekki væri til. En lögin eru ekki heldur til. Ef fjelagið verður aldrei til, þá er það á þingsins valdi að breyta ákvæðum laganna.

Hann fann einnig það að, að hjer ætti að eins að veita fje til jarðabóta. En þegar þetta fje er svo lítið, hví á þá að sundra því til allra mögulegra hluta, fyrst það er of lítið til jarðabóta? Þetta er einmitt kostur á frumvarpinu. Margt annað getur eins átt skilið að fá hjálp, til dæmis húsabætur; en hús, jafnvel þótt steinhús sjeu, eru aldrei eins viss eign fyrir landið og jarðabætur. Hús geta orðið óbrúkleg og þau má rífa og flytja, en jarðabætur verða aldrei fluttar. Allt mælir með því, að þessi upphæð verði að eins veitt til jarðabóta.

Tveir h. þingm. tóku fram, að það væri óþarft að stofna þennan búnaðarsjóð, vegna þess að fyrir þinginu lægi þingsályktunartillaga um að stofna reglulega lánsstofnun. Þetta vissi og nefndin, og vill greiða atkvæði með því. En þetta er annað mál, og hefir annan tilgang. Það er auðsætt, að sú lánsstofnun getur ekki komið öðrum að gagni en þeim, sem eiga óveðsettar fasteignir. En með þessu frumv. á að hjálpa þeim, sem þurfa hjálpar, hvort sem þeir eiga fasteignir eða ekki. —

Reynslan myndi sýna það, að þótt þessi lánsstofnun kæmist á fót, mundi hún ekki hjálpa öllum, og þá væri líka þörf á búnaðarsjóðnum. — H. 1. þm. G.-K. (Þ. Th.) lagði áherzlu á, hvað landssjóður legði til. (*Þórður Thoroddsen*: Gjöf til bankans). Nei, það er engin gjöf. Þingið hefir ráð yfir fje bankans og getur því tekið þessa upphæð aptur, þegar það vill.

Þingið er nú að veita 30,000 krónur á ári til lána til jarðabóta, og það vill h. þingm. K.-G. (Þ. Th.) veita áfram um óákveðinn tíma, og þá minna tillag en þetta, sem hjer er farið fram á, nefnilega 20,000 krónur í eitt skipti og 5,000 kr. á ári í 25 ár. — Gjöfin frá landssjóði er engin önnur en sú, að renturnar eru lægri.

Jeg get ekki gjört að því, þó þetta sje ekki í samræmi við búskaparhugmyndir þeirra þingmanna, sem greiddu atkvæði með styrk til vagnferðanna loflegu.

Shúli Thoroddsen: Jeg játa, að tilgangur frumv. þessa er góður, enda var frv. við fjárlagaumræðurnar boðað hátíðlega og á dularfullan hátt hjer í deildinni, og jeg og fleiri munu því hafa búizt við miklu. En jeg verð að játa, að er jeg sá þetta frumv., fann jeg að þær vonir mínar höfðu brugðizt.

Það er gjört ráð fyrir að þessi búnaðarsjóður sje stofnaður með 40,000 kr. frá bankanum og 20000 kr. úr viðlagasjóði; en þetta er svo lítil fjárupphæð, að hún getur ekki orðið að neinu verulegu liði, og það því fremur, sem enga afborgun af lánunum á að borga fyrstu 5 árin. Það mun því brátt vanta fje, því þessar 5000 kr. árlega úr landssjóði eru varla teljandi.

Auk þess er landsbankinn og ekki fær um að leggja neitt fram í þessu skyni, því hann vantar fje til að gjöra það, sem hann á að gjöra, nfl. styðja verzlun og viðskipti manna. Hann neyðist, hefi jeg frjett, til að klípa af óverulegum smálánum sakir fjárskorts; og á meðan svo er, þá er rangt að taka af starfsfje hans í sjerstöku augnamiði.

Margt er líka athugavert við þetta frumv., t. d. afskipti sýslunefndanna, því að enda þótt þær sjeu ekki hlutdrægar almennt, getur það þó komið fyrir; en slíkt væri mjög óheppilegt, þar sem allir ættu að eiga jafnan aðgang að búnaðarsjóðnum.

H. þm. Strand. (Guðj. G.) sagði, að ef lánsstofnun kæmist á, gætu að eins þeir notað hana, sem ættu fasteignir, en að frv. þetta væri einmitt ætlað til þess að hjálpa þeim, sem fátækir væru; en þessu verð jeg að mótmæla gagngjört, því að lánsstofnunin myndi engu síður veita lán gegn ábyrgð sýslu- eða sveitarfjelaga. Sá greinarmunur, sem h. þm. Strand. (Guðj. G.) gjörði á lánsstofnun og búnaðarsjóði í þessu tilliti, á því alls ekki við. — En á hinn bóginn eru sýslu- og sveitarnefndir jafnan varkárar í þeim sökum, sem von er, að taka að sjer ábyrgð fyrir aðra, og á jeg því eptir að sjá, að þær verði fúsari til þess en ella, þó að búnaðarsjóðurinn eigi í hlut.

En þótt jeg sje búnaðarsjóðsfrv. þessu mótfallinn, játa jeg, að bankinn getur ekki bundið starfsfje sitt nema um stuttan tíma, en jarðabætur geta ekki borgað sig svo fljótt, sízt með þeim kjörum, sem bankinn verður að binda lánveitingar sínar, en úr þessu ætti lánsstofnunin að bæta, og á meðan hún er ekki komin á fót, — og hún getur ekki komizt á fót á þessu þingi —, þá verð jeg að álíta þá till. góða bót, að veita mönnum kost á lánum með góðum kjörum til jarðabóta úr landssjóði, eins og samþ. var við atkvæðagr. um fjárlögin í þessari deild.

H. þm. Strand. (Guðj. G.) hefir tekið

svo miklu ástfóstri við frv. þetta, sem hann er líklega faðir að, að hann lítur hornauga til alls annars; og því ljet hann sjer um munn fara, að nefnd fjárveiting væri þinginu til minnkunar; en slík ummæli eru sú fjarstæða, sem jeg verð að mótmæla bæði fyrir mína hönd og annara. Það er auðvitað sá agnúi við hana, að ekki geta aðrir fengið lán en þeir, er trygging geta sett. En hvernig þingmaðurinn hugsar sjer að ausa út fje úr landssjóði til lána án tryggingar, veit jeg ekki; jeg held að það mætti þá fremur heita gjafastofnun en lánsstofnun. — Það er og aðgætandi, að enda þótt frv. þetta gjöri ekki ráð fyrir hærri vöxtum en 2%, þá er það samt svo kostnaðarsamt að fá þessi búnaðarlán, að jeg tel vafasamt, hvort það eru nokkur sældarkjör, þar sem lántakandi verður fyrst að útvega sjer meðmæli sýslunefndar, síðan að fá útnefndan búfræðing hjá hinu fyrirhugaða búnaðarfjelagi landsins, til þess að mæla og meta hinar gjörðu jarðabætur, og svo þar að auki ekki fær nema helming lánsins fyrirfram. Mjer finnst þess vegna ýmsir ókostir við þetta lán. Ef menn ætla sjer að styrkja landbúnaðinn, eins og nauðsynlegt er, þá verður það því að vera á einhvern betri og aðgengilegri hátt en þetta frv. fer fram á.

H. þm. Strand. (Guðj. G) hjelt því fram, að vel gæti verið að sýslunefndir yrðu fúsar á að ábyrgjast lán fyrir einstaka menn, þó þeir eigi hefðu nema annan veðrjett í jörðu að bjóða, þar sem lánsstofnunin mundi heimta fyrsta veðrjett; en þetta er að eins tilgáta. En hitt er víst, að lánsstofnunin getur lánað til lengri tíma en bankinn, sem ekki getur bundið fje sitt um langan tíma, en verður að hafa sitt fje á takteinum, til þess að geta fengið sem mestan arð af því. Lánsstofnunin er þar á móti einmitt gjörð til þess að geta átt fje sitt lengur úti, þarf síður að ganga að veðum, þar sem afborganirnar eru smáar, á því minna á hættu en bankinn, og gæti þar af leiðandi einnig látið sjer nægja minni vexti á sumu af fje sínu.

H. þm. Strand. (Guðj. G.) sendi mjer hnútur við 3. umr. fjárlaganna, út af till. minni um lán til jarðabóta, og ljet þá jafnframt falla orð í þá átt, að jeg myndi eigi hafa mikinn áhuga á landbúnaði; það kann nú vel að vera, að jeg sje ekki annar eins búforkur, eins og þm. Strand. (Guðj. G.) þykist vera, en ástæðulaus verð jeg þó að lýsa þessi ummæli hans; og þar sem sami h. þm. bar mjer á brýn, að það hefði verið eingöngu vegna lánbeiðni eins óþekkts manns í Ísafjarðarsýslu, að jeg hefði komið fram með till. um lánveitingu til jarðabóta, þá er það ósatt, því jeg hafði áður, fyrir hálfu ári, vakið máls á því á prenti, að nauðsynlegt væri að gefa bændum kost slíkra lána. Og þar sem hann sletti því, að þessi maður hefði verið óþekktur, og því hefði ekki verið nein ástæða fyrir þingið að sinna beiðni hans, þá finnst mjer það nokkuð skrítin kenning, og bera vott um hlutdrægnishugsunarhátt, eins og það eigi máli að skipta, hvort maðurinn er þekktur eða óþekktur, en eigi hitt, hvort hann getur sett nægilegt veð. — En má ske gæti þetta gefið dálitla bendingu um það, hvernig fara myndi, þegar allir ættu að fara að knjekrjúpa sýslunefndunum, til þes að fá lán úr búnaðarsjóðinum.

Það þykir kann ske hart að fella þetta frumv. strax, sjerstaklega þar sem h. þm. Strand. (Guðj. G.) og landbúnaðarnefndinni mundi falla það mjög sárt, og vil jeg því skjóta því til h. d., hvort hún ekki vill annaðhvort vísa málinu aptur til landbúnaðarnefndarinnar til

nýrrar yfirvegunar, eða setja í það nýja nefnd, án þess jeg þó vilji gjöra það að till. minni nú þegar.

Halldór Daníelsson: Jeg tek undir með öllum þeim, sem talað hafa, að því leyti, að þetta frumv. sje fram komið í góðum tilgangi. Það hefir verið tekið fram, að stofnfjeð væri nokkuð lítið, og er það satt. Hin fyrirhugaða lánsstofnun liggur að vísu ekki fyrir hjer, en eptir því, sem jeg hefi hugsað mjer hana, þá er henni dálítið öðru vísi farið. Jeg hefi hugsað mjer, að þar væru privatmenn, sem ættu hlutabrjef og vildu hafa vexti af láni sínu, hærri en þá, sem hjer er farið fram á, en jeg skal nú ekki fara lengra út í það. Jeg álít kjörin fyrir láninu mjög væg, að eins kunna að vera nokkrir snúningar við að fá ábyrgð sýslunefnda, en slíkir erfiðleikar eru ávallt við allar lántökur. Og hvað viðvíkur erfiðleikum við að fá útnefndan búfræðing til þess að meta jarðabæturnar, þá get jeg ekki gjört mikið úr því, því að jeg geng út frá, að hið fyrirhugaða búnaðarfjelag muni hafa slíkan fulltrúa í hverju hjeraði. Þetta er þó ætíð tilraun fyrst í stað. — Jeg get heldur ekki álitið það ókosti, þó tíminn sje stuttur, sem jarðabæturnar eiga að gjörast á; ef tíminn er langur, er hætt við undandrætti.

Sigurður Briem mun einhvern tíma hafa lagt það til, — mig minnir að jeg hafi lesið það í »Þjóðólfi«, — að bankinn stofnaði sjerstaka deild, sem mig minnir að hann nefndi fasteigna-veðlánadeild, þar sem menn gætu fengið lán til jarðabóta móti fasteignarveði, og með svo góðum kjörum og um svo langan tíma, sem mögulegt væri. Þó að þetta frumv. sje ekki alveg samskonar, þá virðist mjer það þó ekki ganga í fjarlæga átt. — Jeg get ekki fylgt þeim h. þm., sem segja að þetta frumv. sje til lítilla bóta, því þó að einhverjir agnúar kunni á því að vera, þá mætti máske laga þá, áður en frumv. færi út úr þinginu. En jeg er ekki svo lögfróður, að jeg viti, hvort þingið hefir heimild til að ákveða, að bankinn skuli verja svo miklu fje til þessa; þeir skera úr því, sem lögfróðir eru. Sem sagt, sje jeg að tilgangur frumv. er sá, að styrkja að jarðabótum, og greiði því atkv. með því að svo komnu.

Þorlákur Guðmundsson: Mig furðar á því, hvað sumir h. þingdm. hafa farið ómjúkum orðum um frumv. þetta. Fyrst er nú það, að sá starfi, sem falinn var landbúnaðarnefndinni, er vandastarfi, svo að ekki er við því að búast, að hún hafi fljótlega lokið því, og því síður svo vel, að enga ókosti megi á því finna. Jeg álít að þetta frumv. þurfi endurbóta við, en það á ekki við nú við þessa umr., að fara út í hinar einstöku greinar þess, og jeg skal heldur ekki gjöra það. Mitt álit er það, að bankinn eigi ekki fremur að leggja fje í neitt annað en til hjálpar atvinnuvegum landsins, einkum þar sem hann á svo mikið fje í varasjóði. Hvaðan hefir bankinn fengið það fje, ef ekki af viðskiptum við landsmenn? Það er því landsins fje, og bankann eiga landsmenn. Það er enginn efi á því, að þingið getur varið einhverju af varasjóði í þarflegar endurbætur á atvinnuvegum landsins, svo lengi sem það ekki veikir álit bankann. Og þótt h. þingd. ákveði að verja nokkru af bankans fje til einhvers slíks, þá get jeg ekki hugsað mjer, að það veiki álit bankans erlendis.

Þar sem það hefir verið tekið fram, að lánstíminn væri máske of langur, þá má vera að svo sje, því auðsjáanlega kemur fjeð seint inn aptur, og hins vegar kynni einnig að vera spursmál, hvort vextir ekki ættu að vera hærri. En að landssjóður fleygi út þessu fje

um aldur og æfi, og kannske til lítils gagns, þá get jeg ekki viðurkennt að svo sje, því til hvers ætti hann að verja fje, ef ekki til þess að efla jarðræktina í landinu? Það hlýtur að verða hagur fyrir hann, eptir því sem jarðabæturnar aukast og búnaði fer fram, því það er sá arður, sem ekki verður færður út úr landinu nje brenndur, því þótt tún brenni, þá sprettur það aptur. — Einn hinn helzti, og mjer er óhætt held jeg að segja, hinn helzti hagfræðingur okkar, Eiríkur Briem, hefir sagt, jeg held jeg hafi lesið það í »Andvara«, að það bezta, sem maður geti sett fje í, sjeu jarðabætur, steingarðar og steinhús, því að því fje geti erfingjar ekki sóað, og út úr landinu verði það ekki flutt.

H. þm. Strand. (Guðj. G.) tók það rjettilega fram um daginn, að jarðabætur væru tryggara veð en þilskipin, því að svo gott sem það er að efla sjávarútveginn og fjölga þilskipum, þá er það þó aldrei eins traust, eins og að efla jarðræktina. Undir eins og bóndi hefir aukið tún sitt um einn kýrvöll, þá fjölgar hann fjenaði um eina kú, og svoleiðis er það yfir höfuð: því meiri jarðrækt, því meiri fjenaður; það eru þá alveg sjerstakar kringumstæður, ef það ekki ber arð.

Viðvíkjandi þingsál.till. um lánsstofnun í sama tilgangi, sem komin er fram í deildinni, þá er jeg ekki nægilega kunnugur því, hvernig menn hafa helzt hugsað sjer fyrirkomulag hennar, en ímynda mjer þó, að hún verði ekki beinlínis fyrir fátæka. Lán til þilskipa ná heldur ekki til fátækra, því seint munu menn almennt verða ríkir af þeim útveg. Jeg hefi fyrir mjer mörg dæmi af þeim mönnum, sem hafa atvinnu sína af því að vera hásetar á þilskipum, þeir hjara kann ske einhvern veginn af því, en ríkir verða þeir ekki.

Þar sem gjört hefir verið mikið úr þeim snúningum og erfiðleikum, sem menn samkvæmt þessu frumv. yrðu að hafa fyrir því að fá meðmæli sýslunefnda og útnefningu búfræðings o.s.frv., þá finnst mjer það sá hjegómi, sem jeg ekki get gjört mikið úr. Mjer finnst það vera til að ala upp ómennsku hjá þjóðinni, rjett eins og að telja hvern snúninginn eptir börnum. — Jeg get hugsað mjer að sýslunefndir yrðu varkárar í meðmælum sínum og get ekki sjeð neitt á móti því. Í frumvarpinu er farið fram á, að meiri hluti sýslunefnda verði að vera ábyrgðinni samþykkur, en jeg veit ekki nema tryggara væri að hafa það $^2/_3$ hluta. Setjum svo, að sýslunefndir vildu veita mönnum, sem enga fasteign ættu, ábyrgð, gegn ábyrgð hreppsnefnda, en þær tækju aptur tryggingu hjá sjer. Hvort heldur það væru sýslunefndir, sem settu veð, eða aðrir, en sýslunefnd stæðu bak við, þá álít jeg að það gæti verið varhugavert, að tíminn væri mjög langur, því þá gæti máske opt orðið eigendaskipti að veðinu, sem gæti orðið til mikilla erfiðleika.

Væri þetta frumv. ekki komið úr nefnd, mundi jeg leggja til að skipuð væri nefnd í það, enda er svo að sjá, sem nefndin hafi ekki hugsað sjer að það kæmist fram á þessu þingi, þar sem miðað er við hið fyrirhugaða allsherjar búnaðarfjelag landsins.

Þórður Guðmundsson: Það sannast hjer, sem optar, »að sínum augum lítur hver á silfrið«. Það eru aðallega tvær ástæður, sem teknar hafa verið fram móti frumv. Önnur ástæðan er sú, að þetta fje, sem veitt er til lánanna, sje svo lítið, að lítið muni um það til jarðabóta, en á hinn bóginn hefir því verið haldið fram, að þær fjárstofnanir, sem fjeð eiga að veita, megi ekki missa svo mikið fje. Mjer finnst vera mótsögn í þessu. Ef fjeð er svo lítið,

að njótendur munar það litlu, þá getur tæplega verið, að það sje mjög tilfinnanlegt fyrir veitendur.

Þótt bankinn eigi að veita 40,000 kr. úr varasjóði, sem er 180,000 kr., þá getur mjer ekki blöskrað sú upphæð. Bankinn hefir ekki verið álitinn svo liðlegur í viðskiptum hingað til, að mjer finnst ástæða til að þau gætu orðið dálítið liðlegri hjer eptir.

En hvað viðvíkur þeim 20,000 kr., sem landssjóður á að veita, þá hygg jeg að opt hafi verið teknar inn á fjárlögin fjárveitingar, sem miður hefir verið varið en þessu, sem hjer ræðir um. Það er margt fleira, sem þessu frv. hefir verið fundið til foráttu, svo sem þegar h. þm. Vestm. (V. G.) sagði, að ekki mætti verja þessum lánum til neins annars en að eins jarðabóta, ekki einu sinni verkfærakaupa, en jeg hugsa að allir, sem til jarðabóta þekkja og að þeim hafa starfað, viti, að verkfæri, sem unnið er með, eru talin undir hið sama og unnið er að. Það er ómögulegt að gjöra jarðabætur án tilsvarandi verkfæra.

Jeg er því eindregið með frv., þó það kunni að hafa galla, en þeir eru þó naumast svo miklir, að ekki megi lagfæra þá, og það kannske strax á þessu þingi. Það kynni að vera það helzta, að tíminn væri of stuttur, sem jarðabæturnar eiga að framkvæmast á. Er fremur hætt við að síður verði ráðizt í stærri jarðabætur, þar sem tími er einskorðaður við 2 ár.

Jeg fyrir mitt leyti álít þetta frv. jafnvel heppilegra en þá tillögu, sem áður er komin hjer fram, þar sem skilyrðið fyrir láninu er eingöngu fasteignarveð, því að jeg hefi það traust, að ekki muni mjög ógreitt að fá ábyrgð sýslunefndanna.

Einar Jónsson: Þetta frv. hefir ekki mætt sem beztum undirtektum í deildinni, þar sem 3 þm. hafa mælt eindregið á móti því. H. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) viðurkenndi, að tilgangur frv. væri góður, en áleit það að öðru leyti svo illa úr garði gjört, að það gæti ekki verið talsmál að samþykkja það, og sagði að þar sem þetta væri það eina frv., sem frá landbúnaðarnefndinni hefði komið, þá virtist hún ekki hafa komið að því haldi, sem menn hefðu búizt við. Deildin kaus þessa nefnd 9. júlí til að athuga, hvað menn helzt gætu gert fyrir landbúnaðinn, en kaus í hana einmitt þá menn, sem hafa einna flest störf á hendi hjer í deildinni, og hafa verið kosnir í margar aðrar nefndir, þar á meðal 3 þeirra í fjárlaganefndina. Tíminn hefir því verið mjög af skornum skammti, þegar menn athuga verkefni það, er lá fyrir hendi, og nefndin hefir sem mest orðið að takmarka verksvið sitt. Það var álitsmál hjá nefndinni, hvort hún ætti að koma með nokkrar nýjar tillögur viðvíkjandi búnaðarskólunum og búnaðarfjelögunum, en áleit rjett að sleppa því atriði að þessu sinni. Hún gekk nefnilega út frá, að stofnað yrði búnaðarfjelag fyrir allt landið og taldi rjettast að geyma allar breytingar á þeim málum, þangað til það fjelag gæti fengið það til meðferðar. Þess vegna vildi hún ekki koma með neinar breyt.till. um þetta tvennt, búnaðarfjelögin og búnaðarskólana, t. d. um að breyta reglugjörð þeirra, því hún taldi víst að þingið mundi vísa því frá sjer, þangað til hið fyrirhugaða allsherjarbúnaðarfjelag kæmist á. Þá lá sú spurning fyrir: hvað getur þingið svo gert til eflingar landbúnaðinum? Það kom til tals að taka til íhugunar lög þau, er snerta landbúnaðinn, en til þess hafði nefndin auðvitað ekki tíma, og ljet þess vegna staðar numið við að

koma fram með frv. þetta um stofnun búnaðarsjóðs, er veitti lán með góðum kjörum. Það gat auðvitað komið til greina að leggja fram fje til verðlauna fyrir landbúnað, en nefndin áleit rjettast að geyma það, því það væri fremur verkefni hins fyrirhugaða búnaðarfjelags. Jeg get fullvissað h. deild um, að það er ekki til neins að vísa þessu máli aptur til nefndarinnar, því hún hefir gert hið bezta í að undirbúa það, og að kjósa nýja nefnd, eins og h. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) stakk upp á, álít jeg óþarft, því málið er ekki svo margbrotið, að kjósa þurfi margar nefndir í það.

Það hefir sjerstaklega verið fundið til, að fje þetta, er ætlað væri sem starfsfje búnaðarsjóðsins, væri of lítið. Það er að vísu minna en við óskuðum, en við erum ekki svo auðugir að hægt sje að leggja mikið fje til alls, og áleit nefndin að þetta fje gæti komið að gagni, enda er það ekki svo lítið, þegar menn athuga málið vandlega.

H. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) bar þetta saman við till., er hann kom fram með á fjárlagafrv., um 30,000 kr. lán hvort árið, er átti að miða að því sama og þetta frv., en ef fjárupphæðin í frv. þykir of lítil, þá er þetta þó enn minna. Í nefndarfrv. er ætlað til grundvallar sjóðsins 60,000 kr. og bætast þar við 9—10,000 kr. á ári í 25 ár, og þegar svo lítið er á þau 5 ár, er líða, þangað til fer að borgast inn aptur, og vextirnir bætast við á þeim árum, þá er þó alls að ræða um rúmar 100,000 kr. samtals á þessum fyrstu 5 árum eða um 20,000 kr. á hverju ári. Það kom til tals í nefndinni, hvort nokkuð skyldi taka af fje bankans eða eingöngu úr landssjóði, en af því svo mikið er lagt á landssjóð, þá kaus nefndin heldur þennan veg. Jeg vil minna á, að það er mikið fje, sem getur hlaupið upp á viðlagasjóðinn, samkvæmt ákvörðunum þingsins í ár, og þó tekjuhallinn yrði ekki alveg eins mikill eins og gert er ráð fyrir í fjárlagafrv., þá er þó þess að gæta, að þegar svo mikið er ætlað til lána úr viðlagasjóði, sem fjárlögin nefna til, þá getur þar að komið, að fje ekki væri laust í viðlagasjóðnum og lán ekki fengist. H. framsögum. (Guðj. G.) benti skýrt á, að þessu fje væri ekki kastað burt og að landssjóður hefði eignarrjett yfir því eptir sem áður, og skal jeg ekki fara frekar út í það.

H. 1. þm. K.-G. (Þ. Th.) sagði, að þetta frv. væri alveg óþarft, en greiddi þó atkvæði með tillögu h. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) á fjárlagafrv., er fór alveg í sömu átt. (*Þórður Thoroddsen*: Einmitt vegna þess). Hann segir nú að einmitt vegna þess sje frv. óþarft, en jeg segi þvert á móti. Það er munur að eiga vísan aðgang að fastri lánsstofnun, í staðinn fyrir að verða allt af að hlaupa í landssjóð í hverjum fjárlögum, og auk þess óvíst að fje sje þar allt af nægilegt fyrir hendi til að veita lán af.

H. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) talaði um, að bankann vantaði fje og að hann gæti ekki fullnægt öllum þörfum manna. Þetta getur verið. En einmitt sumar af þeim bænum, er koma til bankans, miða til að fá lán til jarðabóta, og hygg jeg að það mundi koma undir þennan sjóð, ef hann yrði stofnsettur. Hann taldi einnig lánskjör frv. ókjör og ekki sældarkjör, þar sem lántakandi verði að fara til sýslunefndarinnar og fá meðmæli hennar, og geti ekki fengið allt lánið, fyrr en búið sje að meta jarðabæturnar. Jeg sje nú ekki mikinn mun á þessu og svo ákvæðunum í till. h. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) sjálfs. Hann vill ekki ganga til sýslunefndar, og skoðunin á eptir till. hans ekki að fara fram fyrr en eptir á, að lánið er veitt, og gæti með því móti allt lánið fallið á

gjalddaga, áður jarðabæturnar hefðu verið gjörðar. Hjer er aptur á móti gert ráð fyrir að skoðunin á jarðabótum fari fram, áður síðari helmingur lánsins sje útborgaður, og að þessi síðari helmingur ekki fáist nema því að eins, að kröfum skuldabrjefsins hafi verið fullnægt. Það, sem frv. hjer fer fram á, miðar til þess að gera landsbankanum hægra fyrir, og fyrirbyggja að hann tapi fje við þessi lán. H. þm. (Sk. Th.) sagði líka að allir ættu að hafa jafnan aðgang að þessum lánum. Það er auðvitað að allir ættu að eiga það, ef fje væri nóg fyrir hendi, en nú er það ekki, og gerir nefndin því ráð fyrir, að ekki allir, sem óska þess, geti öðlazt lán. Honum þótti líka athugavert að láta þetta ganga gegn um sýslunefndir, vegna þess, að hlutdrægni gæti komizt það að. Þetta getur æfinlega átt sjer stað, úr því ekki er hægt að lána öllum, en meining nefndarinnar með því að láta þetta ganga gegn um sýslunefndir var einmitt sú, að þær ættu helzt að ráða nokkru um þetta, því hún ætlaðist til að sýslunefndirnar þekktu bezt til og gætu því mælt fram með þeim, er ættu óhægast með að fá lán annarsstaðar, og gefið þeim meðmæli sín. Það var mikið talað um að ákveða nánar verksvið sýslunefndanna í þessu tilliti, en nefndin hvarf frá því og ætlaði að það gæti heyrt með í reglugjörð þeirri, er síðar væri ákveðin og landshöfðingi staðfesti.

Þá hafa menn mikið fundið að því, að í frv. er talið sjálfsagt að búnaðarfjelag fyrir allt landið komist á, og álíta það ekki rjett, meðan ekki er fengin vissa fyrir því. En þessu má breyta með breyt.till., ef mönnum þykir það eiga betur við. Jeg vil óska þess að frv. fái þær undirtektir, að því að minnsta kosti verði vísað til 2. umr., því það verður ekki annað álitið, ef frv. kæmist fram, en að það yrði til mikils hagnaðar fyrir landbúnaðinn. Það er ekki lítið unnið við að fá þannig lagaða lánsstofnun, er menn geti gengið að til að fá lán úr með litlum vöxtum og löngum gjaldfresti, og ætti frv. því að ganga í gegnum deildina, þar sem það má svo álíta, sem það horfi til mikilla hagsmuna, það sem fjeð hrökkur til.

Jón Jónsson (þm. Eyf.): Jeg ætlaði mjer ekki að taka til máls að þessu sinni, því að þótt jeg hafi að nafninu til verið í nefndinni, þá hef jeg, því miður, ekki getað tekið mikinn þátt í störfum hennar, þar sem jeg hef haft svo ærinn starfa bæði í fjárlaganefndinni og við ýms önnur þingstörf. En af því að ástæðurnar, sem bornar hafa verið fram gegn málinu, eru að mínu viti eigi byggðar á skýrri hugsan eða rjettri skoðun á stefnu nefndarinnar, þá skal jeg leyfa mjer að fara um þær nokkrum orðum. Gagnástæðurnar hafa aðallega verið fjórar.

Fyrsta mótbáran sú, að það sje ofmikið fje, sem ætlazt er til að landssjóður láti að mörkum við búnaðarsjóðinn.

Í öðru lagi þykir svo, sem fje sjóðsins sje þó allt of lítið fyrir lántakendur.

Í þriðja lagi hefir mikið verið talað um erfiðleikana við að fá lán úr sjóðnum, og í fjórða lagi er það talið, að sjóðstofnun þessi muni spilla fyrir stofnun yfirgripsmeiri lánsstofnunar síðar meir.

Að því er fyrsta atriðið snertir, þá reiknaðist h. 1. þm. G.-K. (Þ. Th.) þannig til, að á næstu 25 árum kastaði landssjóður við þetta burt um 160,000 kr., og byggði hann þessi ummæli sín á því, að landssjóður mundi fá bankanum tillag sitt að gjöf; en jeg efast mjög um að slíkt verði dregið út úr

orðum frumv.; og þó nú svo væri, hvað er þá bankinn? Hann er engin sjálfstæð persóna, er geti farið með fje sitt eins og hann vill, flutt það úr landi eða annað því um líkt, heldur er hann eins og landssjóður undir stjórn og umsjón hins opinbera, og löggjafarvaldið hefir hönd í bagga með honum. Þjóðin á hvorttveggja, landssjóð og bankann. (*Skúli Thoroddsen*: Bankinn getur farið á hausinn). Það getur landssjóður líka. Mjer finnst þetta liggja svo ljóst og einfalt fyrir, að enginn þurfi að villast á því. Frá mínu sjónarmiði er hjer um engin önnur útgjöld að ræða fyrir landssjóð en þau, að hann lánar út dálítið fje gegn 2% vöxtum, í stað þess að taka í vexti af því 4%. Þegar jeg hugsa um hin fögru orð, sem höfð hafa verið hjer í deild, um þörfina á að styrkja landbúnaðinn, og hve heillavænlegt það væri, þá furðar mig stórum á, að nokkrum skuli þykja þessi litla upphæð, sem hjer er farið fram á, of há.

Önnur ástæðan er sú, að búnaðarsjóðnum sje ætlað of lítið fje; það er að vísu ekki hægt að mótmæla þessu með öllu; en þó er þetta ekki svo sjerlega lítið, þegar litið er á fjárhag vorn, og þær lágu tölur, sem vjer erum vanir að reikna með. Mjer telst svo til, að á 25 árum verði það þó nær 300,000 kr. Stofnfjeð á að vera 60,000 kr.; 5,000 kr. árlegt tillag úr landssjóði, og 1/4 hluti af árlegri viðbót við varasjóð bankans, sem jeg skal ekki setja hærra en 3000 kr. á ári; þetta verður í 25 ár 260,000 kr. Nú má gjöra ráð fyrir, að tillagið úr varasjóði bankans sje of lágt reiknað, og þegar svo bætast við vextir af lánunum, þá mun eigi of talið, þótt gjört sje ráð fyrir, að eptir 25 ár verði búnaðarsjóðurinn orðinn 300,000 kr. Jeg er nú ekki stórlátari en svo, að mjer finnst þetta vera vel í áttina.

Þriðja mótbáran gegn sjóðsstofnuninni frá h. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) var sú, að harla erfitt yrði að fá lán úr sjóðnum. Þessari mótbáru hefir þegar verið svarað; og þó að h. þm. (Sk. Th.) þyki það erfið og stirð aðferð, að lántakendur verði fyrst að fara til sýslunefnda, þá þekki jeg ekki aðra betri tryggingu fyrir lánveitingunni en þá, að sýslunefnd gangi, þegar því er að skipta, í ábyrgð fyrir sveitarstjórnir, og sveitarstjórnirnar aptur fyrir einstaka hreppsbúa; með þessu er fenginn svo mikill persónulegur kunnugleiki, sem unnt er, og trygging fyrir því að lánin komi maklega niður. Jeg sje ekki, hverja aðra liðugri aðferð hægt er að hafa.

Þá kem jeg loks að fjórðu mótbárunni, óttanum fyrir því, að stofnun búnaðarsjóðsins muni spilla fyrir hinni fyrirhuguðu lánsstofnun. Mjer dettur eigi í hug, að þetta geti komið fyrir, því að lánsstofnunin, eins og jeg hef hugsað mjer hana, hlýtur að hafa miklu yfirgripsmeira starfssvið; hjer er að eins tekið eitt atriði af mörgum, ræktun jarðarinnar. En það er fleira, sem að búnaðarbótum lýtur, og sem lánsstofnunin ætti að geta stutt að, svo sem húsbyggingar, jarðakaup og fleira. Það má heita jafnmikil ástæða til að koma lánsstofnuninni á fót, þótt búnaðarsjóðnum sje komið upp; hann getur hvort sem er ekki komið í staðinn fyrir lánsstofnunina. Hjer er hugsunin sú, að láta menn fá lánsfje til jarðabóta með mjög vægum kjörum, en jeg get ekki hugsað mjer lánsstofnun öðruvísi en svo, að hún taki fulla vexti af fje sínu. Jeg get yfir höfuð ekki sjeð, að viðurkeppni þurfi að eiga sjer stað milli þessara tveggja stofnana, og jeg mun jafnöruggur styðja lánsstofnun á sínum tíma, þótt þetta frv. fái framgang.

Jeg hef nú lýst mínu sjónarmiði á máli þessu, en skal bæta því við, að mjer fellur illa að jeg þykist verða

þess allt of opt var, að flytjendur hverrar tillögu fyrir sig eins og sýnast svo hræddir um sína tillögu, að þeir reyna að rífa niður hverja aðra tillögu, sem þeir ætla að geti komið í bága við hana.

Það er ekki svo að skilja, að jeg gjöri ráð fyrir að nokkur sjerleg búnaðargullöld renni upp hjer á landi við stofnun búnaðarsjóðsins, en jeg tel oss þó stíga þar spor í rjetta átt, og við það ættum vjer að sætta oss, þótt skrefið sje ekki stórt. Jeg vona að h. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) muni með sjálfum sjer sannfærast um að þessi nefnd á eigi fremur ámæli skilið fyrir gjörðir sínar en ýmsar aðrar nefndir, þar á meðal sjávarútvegsnefndin; jeg efast um að hún hafi afrekað meira en þessi nefnd. (*Einhver*: En tímaritið!). Jeg ætla ekki að fara neinum ljettúðarorðum um það, þótt það sje dottið úr sögunni; en varla held jeg að með því hefði verið stigið neitt risaspor sjávarútveginum til framfara, þegar þess er gætt, hve erfitt það mundi hafa átt með að fá góða ritstjórn og góðar ritgerðir. Reyndar má ekki gleyma því, að það er frá sjávarútvegsnefndinni komið, að styrkur skuli veittur tveim mönnum á fiskisýningu í Björgvin; en landbúnaðarnefndin hefir komið með sams konar tillögu, að því er landbúnaðinn snertir. Það er alls ekki tilætlunin að fara að hrósa landbúnaðarnefndinni fyrir það, að hún hafi unnið stór afreksverk, en óskylt finnst mjer þó h. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) að vera að fara út í samjöfnuð á störfum landbúnaðarnefndarinnar og sjávarútvegsnefndarinnar.

Framsögumaður (*Guðjón Guðlaugsson*): Jeg þarf ekki margt að segja nú, því að h. 2. þm. Eyf. (J. J.) og h. 1 þm. N. Múl. (E. J.) hafa þegar talað svo rækilega fyrir frumv. og hrundið mótbárunum gegn því. Það er að eins fátt eitt, einkum af ummælum h. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.), sem jeg vildi athuga nokkuð gjör.

H. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) sagði, að sjer hefðu mikillega brugðizt vonir sínar, þegar hann sá frumv. þetta; hann hefði búizt við einhverju ógnarlega miklu, en svo kæmi hjer fram smámunir einir. Jeg veit ekki, hver hefir fyllt h. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) þessum stóru vonum, ekki hef jeg gjört það; og þegar hann athugaði, hverjir í nefndina voru skipaðir, og hvað þeir höfðu að starfa aukreitis, svo sem 2. þm. Eyf. (J. J.), sem er framsögumaður fjárlaganna, þegar hann athugaði þetta, þá gat hann varla með skynsemi og nærgætni ætlazt til mjög mikils af nefndinni; jeg held því að þessar háu vonir hans hafi verið hugarburður einn og draumórar.

H. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) sagði, að það væri allt of lítið fje ætlað í búnaðarsjóðinn. Sje þetta höfuðástæðan gegn frumv., þá hefir nefndin sízt á móti því, að sjóðurinn sje efldur meir en hún fer fram á, ef h. deild vill ganga inn á það, en lítt væri það í samræmi við það, þegar verið er að telja þetta fje eptir, og varpa því fram, að því fje sje illa varið, sem til þess gangi.

H. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) sagði, að sýslunefndirnar gætu beitt hlutdrægni í meðmælum sínum. Það geta allir; en ekki er líkindi til þess, að mikil brögð verði að því, að beztu menn sýslunnar, eins og ætla má að sýslunefndarmenn sjeu yfir höfuð, muni mjög misbrúka vald sitt í þessu, og það því síður, sem það hlyti að koma niður á sýslusjóðunum, ef mjög óvarlega er mælt með lánveitingunum. Jeg vona sem sagt, að sýslunefndir muni fara mjög varlega í að veita ábyrgð sýslusjóða fyrir lánum þessum, nema þar sem það er hættulaust. En vjer vitum að það eru margir, sem ekki hafa fasteign að bjóða í

veð fyrir lánum, eða þá að eins fasteign með öðrum veðrjetti, sem þó er óhætt að ganga í ábyrgð fyrir. Jeg skal nefna t. d. að maður vilji leita láns, sem á jörð 2000 kr. virði. Nú er jörð þessi veðsett fyrir 1000 kr. láni. Það er auðsætt, að opt er alveg óhætt að lána annað þúsundið út á þessa jörð, og það getur sýslunefnd vitað, en tvísýnt mjög, að bankanum sje það kunnugt. Þegar nú þar við bætist, að sýslunefnd er kunnugt um, að þessi lántakandi á skuldlaust lausafje upp á fleiri þúsundir, þá blandast mjer ekki hugur um, að hún bæði mundi fús að ganga í ábyrgð fyrir slíkan mann, og að henni mundi líka vera það óhætt.

Jeg veit að h. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) þekkir svo stönduga menn í sínu kjördæmi, sem þó ekki eru jarðeigandi, að hann mundi að sínu leyti hiklaust mæla með því að sýslunefnd gengi í ábyrgð fyrir þá, ef hann sæti í henni. Enn bætist það við, að hjer er verið að tala um að veita lán til að kaupa jörð, jörð, sem eigi var til áður í landinu, eða með öðrum orðum gjöra ræktað eða illa ræktað land vel ræktað og við það miklu verðmeira; við þetta er fengin enn ein trygging fyrir láninu.

Jeg gat þess áðan, að h. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) mundi þekkja nokkra menn í sínu kjördæmi, sem eigi ættu jarðeignir, að minnsta kosti ekki óveðsettar, og sem hann þó mundi telja óhætt að ganga í ábyrgð fyrir, og get jeg nefnt nokkra af þeim, og þó það eigi sje við eigandi að nefna einstaka menn út um land, þá sje jeg ekki að það sje hneyksli, þegar það er í því sambandi, sem getur verið þeim til sóma, og ætla jeg að eins að nefna menn, sem h. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) þekkir; og er þar fyrstan að nefna Halldór bónda Jónsson á Rauðamýri; óhætt mundi að ganga í ábyrgð fyrir hann, þótt eigi hafi hann fasteign að bjóða í veð; annar er Þórður Jónsson á Laugabóli, maður sem líklega á margar þúsundir, en enga fasteign, það jeg veit; þriðji maðurinn er Kristján Þorláksson í Múla, maður sem hefir gjört mjög miklar jarðabætur, og óhætt er að trúa fyrir nokkru lánsfje, þótt hann eigi ekki mikið í fasteign. Án þess að jeg vilji kasta nokkurri rýrð á hjeraðsbúa mína, þá vill nú samt svo til, að einhver stöndugasti bóndinn í Strandasýslu er Ísfirðingur, það er Jón bóndi Jónsson í Tröllatungu; en fasteign á hann ekki. Jeg hef nú nefnt 3 sonu sama bóndans og tengdason hans, sem allir ættu margfaldlega skilið fyllsta traust hjá hlutaðeigandi sýslunefndum og hafa það líka, og mundu því fá ábyrgð og meðmæli þeirra til þess að fá lán úr búnaðarsjóði til jarðabótastarfa, ef þeir óskuðu og þyrftu, og jeg er viss um, að engin sýslunefnd mundi hika við að ganga í ábyrgð fyrir þá, þótt ekki hefðu þeir fasteign að bjóða í veð; og svona mætti halda áfram að telja fjölda manna um land allt, sem sýslunefndir mundi sökum kunnugleika á högum þeirra vera fúsar á að ábyrgjast lán fyrir, en sem að öðrum kosti mundu ekki fá lán í bankanum, af því að þeir hefðu engar þær tryggingar að bjóða honum, sem hann sökum ókunnugleika síns þyrði að taka gildar.

Auðvitað er þess ekki að vænta og ekki heldur að æskja, að sýslunefndir ábyrgist lán fyrir þá, sem tvísýnt er um að standi í skilum, enda munu þær fyrst um sinn hafa nóg af öðrum mönnum að hjálpa upp á.

H. 2. þm. (Sk. Th.) sagði líka að frv. ætlaðist til að lán væru veitt með verri kjörum en menn ættu að venjast; varla mun hann þó telja það verri kjör, að vextirnir eru lægri en venja er til, en hann hefir líklega átt við snúningana við það, að fara fyrst til sýslunefndar og fá

meðmæli hennar; en einmitt við það geta þeir einatt losazt við að aðra snúninga miklu verri; meðal annars geta þeir losazt við að fá menn til að meta fasteignarveðið, en það kostar 5 kr.; sömuleiðis eru þeir lausir við að útvega veðbókarvottorð, sem kostar 1 kr., ennfremur eignarvottorð o. fl., og þetta geta þeir losazt við á þann hátt, að veðsetja sýslunefndinni, sem er kunnug og þarf því á engu mati eða vottorðum að halda, fasteignir þær, sem þeir annars hefðu veðsett búnaðarsjóði, en fái aptur ábyrgð sýslunefndar gagnvart búnaðarsjóðnum.

Að því er búfræðinginn snertir, sem á að meta jarðabæturnar, þá skal jeg játa, að þeim, sem lítt hafa hugsað málið, kann að sýnast það snúningasamt, að búnaðarfjelag landsins eigi að útnefna hann. Meiningin er alls eigi sú, að það eigi að útnefna búfræðing til skoðunarinnar í hverju einstöku tilfelli, heldur er það talið sjálfsagt, að það hafi fastan einn slíkan mann í hverri sýslu, sem sýslunefndin geti snúið sjer til í hvert sinn, er hún þarf að láta meta jarðabætur, sem unnar hafa verið fyrir lán úr búnaðarsjóði. Máske telur h. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) það agnúa á frumv., að reynt er til að sjá um að lánsfjenu sje varið eins og til er ætlazt? Jeg tel það ekki, og af því þóttu mjer þær 30,000 kr., sem eptir fjárlagafrumvarpinu á að lána til jarðabóta, óhafandi, að þar var engin trygging sett fyrir, að fjenu yrði varið samkvæmt tilgangi sínum, engar bendingingar gefnar um það, hver ætti að meta jarðabæturnar til verðs, nje eptir hvaða reglum þær skyldu metnar; allt er þar veitt út í bláinn, að eins tekið fram að engum megi veita meira en 1000 kr. lán. Þannig horfir þingið ekki í að sleppa frá sjer 30,000 kr. mjög svo út í bláinn, en ótal dæmerki eru talin á því, að það veiti 20,000 kr. í sama augnamiði, líklega þó ekki af því, að sú lánveiting er bundin tryggum og skynsamlegum skilyrðum.

H. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) kvartaði yfir því, að jeg hefði sent sjer hnútur út af þessum 30,000 kr. og út af því, að hann hefði borið fyrir brjóstinu lánbeiðni til jarðabóta handa óþekktum manni. Jeg mun nú reyndar hafa sagt handa einstökum manni, og það sjá allir, að það mundi verða allt of umfangsmikið fyrir þingið, að fara að vafsast í því að ákveða slík lán handa einstökum mönnum. Að vísu kveðst skjólstæðingur h. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) hafa við fram að bjóða, en án þess að rengja það í minnsta máta, að svo kunni að vera, þá mun þingið fyrir eigin kunnugleik ekki þekkja til þess, hvort svo er, því að langfæstir þingmenn munu þekkja lánbeiðanda og hag hans, svo að í raun rjettri mun það rjettmæli, að hann sje bæði einstakur og óþekktur.

Mjer sýnist yfir höfuð ómögulegt að veita þetta jarðabótafje nema gegnum sýslunefndirnar, og það er alls ekki fjárupphæðin í fjárlagafrumv., sem jeg hef á móti, heldur það, hvernig fjárveitingin er út búin.

Ef fjeð á að veita í fjárlögum, þá er full nauðsyn fyrir þingið að binda það skilyrðum og reglum, sem naumast verða styttri en frumv., en öllu fremur lengri, því að í frumv. er að eins vitnað í reglugjörð, er skipi fyrir um, hverjar jarðabætur skuli teknar til greina, og eptir hvaða reglum þær skuli metnar til verðs, en öll sú reglugjörð þyrfti að takast upp í fjárlögin, ef fjeð á að vera veitt í þeim.

Það er allt of mikil hjartveiki og hjartagæzka hjá h. þm. (Sk. Th.), að vilja ekki fella frumv., af því að hann sje hræddur um að það fái svo mikið

á nefndina. Jeg verð nú einmitt að skoða svo eptir ummælum h. þm. (Sk. Th.), að ef hann greiðir ekki atkvæði móti frumv., þá komi það til af því, að hann þori það ekki, en jeg vil heldur, að það sje þegar fellt, en að það sje svæft á annan óærlegri hátt.

Máske vill h. þm. (Sk. Th.) koma málinu í nefnd í þeirri von, að þar komi fram eins ærlegar og ákveðnar tillögur og hjá honum í stjórnarskrármálinu, og að þeim svo verði fylgt eins fram, eins og h. þm. (Sk. Th.) fylgdi fram sínum tillögum í stjórnarskrármálinu. Að endingu skal jeg láta það í ljósi, að það er mín innileg ósk, að ef sá er ásetingurinn, að láta mál þetta ekki ganga fram, þá sje það fellt nú þegar; en rætt skal það þó verða, þó það ekki verði á þingmannabekkjunum í þetta sinn, ef málið verður fellt.

Skúli Thoroddsen: Það er nú varla gustuk, að lengja umr. öllu meira en komið er, en jeg verð þó að gera stuttar athugasemdir við það, sem fram er komið í umr., síðan jeg talaði seinast. Og skal jeg þá fyrst snúa mjer að h. þm. N.-Múl. (E. J.). Hann var að bera saman það tillag, sem veitt er í fjárlögunum til jarðabóta, og frumv. þetta, og komst að þeirri niðurstöðu, að eptir þessu frv. mundi landbúnaðinum koma meira fje en styrknum á fjárlögunum nemur. Það er og ekkert undarlegt í þessu, því að þann styrk er að eins að skoða sem bráðabirgðaráðstöfun. Jeg skal játa það, að sá styrkur er of lítill, og að það þarf að gefa bændum kost á miklu meira fje til jarðabóta með hagfelldum lánskjörum, ef að gagni skal koma; en meðan ekki er búið að koma sjer saman um, hvernig landbúnaðinum verði öflugast og haganlegast hjálpað, þá er þessi bráðabirgðaráðstöfun betri en eigi. H. þm. N.-Múl. (E. J.) komst að þeirri niðurstöðu, að ef »sjóður« þessi kæmist á fót, myndi hann verða þess megnugur, að lána 20,000 kr. á ári í 5 ár. En getur h. þm. ekki hugsazt, að ráð megi gera fyrir, að allt fjeð verði rifið upp strax á 1. ári? — og þá er ekkert eptir. Og í öðru lagi skulum vjer setja svo, að nóg fje sje til að lána út 5 fyrstu árin — en hvað svo? Ætli enginn hafi þá þörf á láni lengur? Samanburður sá, sem hann að öðru leyti gerði, getur, sem sagt, ekki átt við, þar sem annað er bráðabirgðarákvörðun, en hitt stofnun, sem ætlazt er til að standi um aldur og æfi.

En það, sem jeg lagði aðaláherzlun á, var, að þessi stofnun veitir ekki sem hagkvæmust kjör, þegar á allt er litið. Lánið fæst ekki útborgað fyrirfram, nema að eins að hálfu, og fæst auk þess ekki, nema sýslunefnd gefi því meðmæli sín; en það geta vel verið þær sýslunefndir, er segi við lánbeiðanda sem svo: »Þú ert svo efnum búinn, að þú þarft ekki að fá lánað úr búnaðarsjóði«. En að veita sýslunefnd slíkt vald get jeg ekki álitið rjett, því að bæði er það, að sýslunefnd getur missýnzt, því hver er sínum hnútum kunnugastur, og svo er ekki víst, að sýslunefndir sjeu ætíð svo rjettlátar í dómum sínum sem skyldi. Þar að auki er sá maður, sem hefir fullt veð að bjóða, alls ekkert upp á sýslunefndina kominn, og á ekki að vera það, heldur á hver sá, sem veð hefir að bjóða, að eiga jafnan aðgang að sjóðnum; þar sem h. þm. Strand. (Guðj. G.) tók það fram, að frumv. þetta hefði þann kost, að sá kostnaður, sem leiðir af veðbókarvottorðum, og öðrum þeim skilríkjum, sem bankinn heimtar, sparaðist þeim, sem tækju lán úr búnaðarsjóðnum, þá er þetta alls ekki rjett, þar sem lán úr búnaðarsjóðnum er beinlínis bundið þeim sömu skilyrðum,

sem lán úr bankanum. Komi maður til búnaðarsjóðs með jarðarveð og meðmæli sýslunefndar, án þess að hafa útbúið sig með vottorðum þeim, sem bankinn heimtar, fær hann því efalaust, eptir ákvæðum frv. þessa, ekkert lán; því fer því fjarri, að h. þm. Strand. (Guðj. G.) hafi grandskoðað svo þetta mál, sem hann vill láta aðra halda.

Í annan stað er það og ekki rjett, sem h. þm. Strand. (Guðj. G.) hefir haldið fram, að sýslunefndir geti óhindrað tekið að sjer ábyrgð fyrir hvern sem er, því að eptir gildandi sveitarstjórnarlögum mega sýslunefndir eigi, án samþykkis amtsráða, taka að sjer neina skuldbindingu til langframa, og frá þeirri reglu gerir frumv. þetta alls enga undantekningu, sem þó hefði þurft að vera, ef sú er meiningin.

Það, sem jeg hef á móti frv. þessu, er, eins og jeg vona að deildarmenn skilji, ekki það, að jeg vilji ekki styrkja landbúnaðinn sem bezt, og láta landssjóð hlaupa undir bagga með honum. En mjer lízt, að ef þetta nær fram að ganga nú þegar, þá líti það út eins og deildin hlaupi til að samþykkja það án þess að hugsa það nógu rækilega. Hjer hefir verið borin upp tillaga um stofnun lánsstofnunar fyrir húseignir og jarðeignir, og sýnist mjer eðlilegra að þess konar stofnun, sem hjer er um að ræða, verði sett í samband við hana en ekki bankann. En það er ómögulegt, ef þetta verður samþykkt. Og það má undarlegt heita, að fara að taka af stofnfje bankans í þessu skyni, einmitt í sömu andránni, sem verið er að kvarta undan því að hann geti ekki fullnægt skyldum sínum um stofnun aukabanka, af því að hann vantar fje. Og að fara þá að taka af fje bankans til annara hluta, sem ekkert eiga skylt við tilgang hans, það kalla jeg næsta óhyggilegt — að jeg ekki segi meira. Jeg hef og allt af verið þeirrar skoðunar, að bankastjórinn hafi í nógu mörgu að vasast, þó ekki sje bætt á hann því, sem hjer er gert ráð fyrir, og ekkert kemur honum við.

H. þm. Strand. (Guðj. G.) nefndi ýmsa menn í mínu kjördæmi, sem sýslunefndin mundi óefað mæla með að fengju búnaðarsjóðslán, þó ekki hefðu þeir fasteignir. Jeg veit vel, að þeir eru til; en dæmi þau, sem þm. nefndi, voru ekki sem heppilegust; að minnsta kosti hygg jeg, að slíkur maður, sem t. d. Þórður á Laugabóli, myndi ekki fara að knjekrjúpa sýslunefndinni. Og sama er um ýmsa aðra menn í mínu kjördæmi, sem þm. nefndi, að þeir hafa og önnur ráð.

H. 2. þm. Eyf. (J. J.) tók það fram, að lánsstofnun sú, sem jeg og tveir aðrir þm. höfum lagt til að stofnuð verði, hlyti að heimta fulla vexti af því fje, sem hún hefði í sínum vörzlum; en þetta kemur allt undir lagasetningunni; það má vel setja sjerstaka deild við þá stofnun, sem veitti landbúnaðinum lán með vægum kjörum; og komist slík lánstofnun á, þá blandast mjer ekki hugur um, að hún verði látin hafa undir höndum miklu meira fje en »sjóður« sá, sem hjer er gert ráð fyrir.

Fyrir utan þetta, sem jeg hef bent á, kann margt að vera athugavert við þetta frumv. Það væri því ekkert ódæmi, þó að ný nefnd væri sett til að íhuga það. Betur sjá augu en auga; og þetta gæti ekki skoðazt sem tilraun til að svæfa málið; það kemst auðvitað ekki fram á þessu þingi hvort sem er, enda er þetta frumv. ekki sá fagnafengur, að það geri skiljanlegt það kapp, sem flutningsmenn hafa lagt á að koma því fram, og það því síður,

sem á fjárlögunum er einmitt veitt fje í þessu sama skyni, hvað næsta fjárhagstímabil snertir.

Svigurmæli h. þm. Strand. (Guðj. G.) út af framkomu minni í stjórnarskrármálinu get jeg látið mig litlu varða, því að meðnefndarmönnum mínum var það fullljóst, að jeg skrifaði undir nefndarálitið eingöngu í þeim tilgangi, að frumv. kæmist nær því formi, sem jeg vildi, og yrði breytt svo í Ed., sem jeg æskti, og nú er fram komið.

En hvort sú aðferð er óærlegri en það bragð h. þm. Strand. (Guðj. G.), er hann lýsti því yfir í læknamálsnefndinni ný skeð, að hann gæti ekki greitt atkvæði með tillögu einni í læknaskipunarfrumv., — sem hann þó hefði ætlað sjer —, af því að annar nefndarmanna hefði við atkvæðagreiðslu um fjárlagafrumv. greitt atkvæði með fjárveitingu til flutningavagnsins —, það verða víst allir á einu máli um. Jeg vona því að það æruštryk h. þm. Strand. (Guðj. G.) geti nokkurn veginn vegið salt móti þessari ákúru, sem hann beindi til mín út af framkomu minni í stjórnarskrármálinu.

Jeg skal svo ekki lengja umr. frekar, en leyfi mjer að stinga upp á að 5 manna nefnd verði sett í málið.

ATKVÆÐAGR.: Nefnd felld með 11 : 8 atkv. Því næst samþ. með 14 samhlj. atkv. að hætta umr., eptir skriflegri ósk 8 þingmanna, en þeir voru: Björn Sigfússon, Jón Jónsson þm. A-Sk., Þorlákur Guðmundsson, Halldór Daníelsson, Tryggvi Gunnarsson, Jón Þórarinsson, Valtýr Guðmundsson, Sighvatur Árnason.

Málinu síðan vísað til 2. umr. með 14 samhlj. atkv.

Þrítugasti og sjötti fundur,

fimmtudag 12. ágúst, kl. 12 á hád. Allir á fundi.

Frumv. til fjáraukalaga fyrir árin 1896 og 1897 (C. bls. 468); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. orðalaust í einu hljóði og afgreitt til Ed.

Frumv. til laga um útbúnað og ársútgjöld spítala handa holdsveikum mönnum (C. bls. 472, 484); 3. umr.

Framsögumaður (*Þórður Thoroddsen*): Það liggja hjer fyrir tvær breyt.till., önnur við 1. gr., hin við 2. gr. Fyrri till. fer fram á að færa upphæðina 18,000 kr. niður í 16,000 kr. Nefndin hefir fært skýr rök fyrir því í nefndarálitinu, að minni upphæð en 18,000 kr. nægi ekki, og er óþarfi að fara að endurtaka þær ástæður aptur hjer á ný, sem í nefndarálitinu standa. Þó að breyt.till. yrði samþykkt, yrði fjeð brúkað eptir sem áður, með því ekki er hægt að komast af án þess, og afleiðingin yrði sú að leita þyrfti aukafjárveitingar á næsta þingi. Til slíkrar aðferðar sje jeg enga skynsamlega ástæðu.

Nefndin getur að sinni heldur ekki aðhyllzt síðari till., að minnsta kosti ekki fyrr en hún heyrir ástæður flutningsmanna. Guðmundur læknir Björnsson, sem undirbjó þetta mál, lagði til, að annaðhvort yrði einum af kennurum læknaskólans falið á hendur að vera spítalalæknir fyrir sjerstaka aukaþóknun eða þá að skipaður yrði við spítalann sjerstakur læknir með 4000 kr. launum. En nefndin fór hjer mjög hóflega í sakirnar með því að ætla embættinu að eins 3000 kr. laun.

Nefndinni fannst vert að launa embættið svo, að líklegt væri að fær læknir fáist til að gegna því. En verði

launin færð svo niður, sem hjer er farið fram á, mun það efasamt, að hæfur læknir fáist í embættið. Allt um það er nefndin ekki jafn-hörð gegn þessari till. eins og hinni fyrri.

Valtýr Guðmundsson: Það vakti fyrir oss höfundum breytingartill., að það væri eitthvað óviðkunnanlegt að fara að veita stjórninni á frumv. þessu svo gífurlega mikið meira fje en hún hefir beðið um. Hún hefir beðið um 12,000 kr. til þessa fyrirtækis, og vjer flutningsmenn höfum gengið inn á að veita henni 4000 kr. meira, eða alls 16,000 kr. En að fara að veita henni 50% meira en hún bað um, þykir oss nokkuð langt gengið. Það var þó ekki tilgangur vor, að draga úr því að spítalinn yrði sómasamlega úr garði gerður. En oss þótti það undarleg meðferð á fjárveitingarvaldi þingsins, að þegar stjórnin biður um 12,000 kr. til fyrirtækis, þá skuli þingið óbeðið fara að troða upp á hana 18,000 kr. Stjórnin mundi freistast til að nota hið veitta fje, þótt ekki bæri brýna nauðsyn til. Því þótti oss skynsamlegra að takmarka nokkuð veitinguna, en veita heldur viðbót eptir á, ef þörf gerist.

Um aðra till. er það að segja, að oss þótti læknirinn of hátt launaður. — Reynslan ætti að vera búin að kenna oss, að það er varhugavert að ákveða laun nýrra embætta of hátt í byrjuninni; það reynist jafnan örðugra að lækka laun en hækka. Svo vakti það fyrir oss, að 2700 kr. laun eru alveg það sama, sem hjeraðslæknirinn hjer í Reykjavík hefir; hann hefir nefnilega 1900 kr. sem hjeraðslæknir og 800 kr. sem kennari. Auðvitað mun hann og einnig hafa nokkra praxis, en líklega lítið upp úr henni, því mikið af henni mun vera fátækra-praxis.

En spítalalæknirinn ætti líka að geta haft nokkuð upp úr praxis. Kennarinn við læknaskólann hefir ekki nema 2400 kr. í laun; hann og hjeraðslæknirinn í Reykjavík munu þó mega teljast þeir færustu læknar, sem vjer höfum, og því er líklegt, að einhver hæfur maður fengist til að taka spítalalæknisembættið með þessum launum.

Framsögumaður (Þórður Thoroddsen): Mjer fannst h. þingm. Vestm. (V. G.) ekki gera neina tilraun til að færa nokkra skynsamlega ástæðu fyrir fyrri breytingartill. Nefndin hefir gert áætlun um, hvað kaupa þurfi og hvað það kosti; en h. þm. Vestm. (V. G.) benti ekki á eitt einasta atriði í þessari áætlun, sem annaðhvort væri óþarft eða of hátt sett. *(Valtýr Guðmundsson*: Girðingin). Nefndin hefir fært skilmerkileg rök fyrir sínu máli. Stjórnin gekk út frá allt öðru, þegar hún samdi frv. sitt, heldur en nú er fram komið. — Það er engin ástæða til að vera að leika sjer að breytingartill. um niðurfærslu með fullri meðvitund um að síðar verði að leiðrjetta þetta með aukafjárveitingu. Jeg get fært sönnur á, að áætlun nefndarinnar er heldur of lág en of há. Það þarf til dæmis geymsluhús fyrir hesta, vagn, matvæli, föt, þerrilopt o. s. frv.; hvaða geymsluhús verður það, sem fæst til þessa fyrir 800 kr.? Svona er með margt fleira, t. d. er ætlað fyrir baðáhöld 1000 kr. Hver baðáhöld kosta í Kaupmannahöfn 250—300 kr., og hjer þarf fjögur slík. Hreinsunarofn kostar í innkaupi 1600 kr., og fæst þó ekki af fyrstu skúffu fyrir það verð. Svo er báturinn. Það er ekki stór fleyta, sem fæst fyrir 80 kr., og má þó vel vera að meiri kostnað kunni að þurfa í sambandi við hann, svo sem til bryggju og ef til vill til að búa til lending. Þá er og mikroskópið með tilheyrandi of lágt sett; það getur

kostað 1000 kr., sjálft mikroskópið 400 kr. og mikrotóm því tilheyrandi 200 kr. o. s frv., o. s. frv. — Þá er girðingin; sje hún almennileg, kostar hún minnst 500 kr.

H. þm. Skagf. (Ól. Br.) gerði við 2. umræðu mikið úr 300 kr. til hests og vagns og hjelt það væri betra að leigja hest. Jeg held því færi fjarri, því að hestaleigan er dýr hjerna í Reykjavík.

Jeg vona því að þingdeildin felli þessa breytingartill.; en hinni annari breytingartill. er jeg ekki eins fastur á móti, enda eru nokkrir N.-menn henni meðmæltir.

Halldór Daníelsson: Jeg finn ástæðu til að geta þess, að þegar jeg skrifaði nafn mitt undir þessar breytingartill. til þess að hjálpa til að þær gætu komizt að, þá lýsti jeg yfir því, að jeg mundi greiða atkvæði með annari till., en ekki fyrri tillögunni.

Þorlákur Guðmundsson: Það kann nú að vera álitamál, hvort dýrara verði að kaupa eða leigja hest og vagn. — Líklega má búast við að 2 hesta mundi þurfa, ef til kæmi. En það hlýtur að vera öllum ljóst, að aktygi og hestar verða að vera til við spítalann. Það mundi vera óþægilegt að þurfa í hvert sinn að panta flutning frá Reykjavík. Flutningsfærin þurfa eðlilega að vera hjá spítalanum, því frá honum ganga þarfirnar út, en fullnægja þeirra frá Reykjavík. Jeg held því að 300 kr. sje varla of mikið.

Það verð jeg að segja, að það verður kænubátur einn, tveggjamannafar, sem fengizt getur fyrir 80 kr., og þó ekki með rá og reiða. Það er mjer kunnugt, að lending er ill í Laugarnesi og líklega þörf þar á bryggju.

Að því er til síðari till. kemur, get jeg verið samdóma h. þingm. Vestm. (V. G.) um það, að örðugra er að lækka laun en hækka. En hjer stendur nokkuð sjerstaklega á. Það er nauðsyn að fá frá byrjun hæfan mann til þessarar stofnunar. H. þingm. Vestm. (V. G.) lagði víst of lítið upp úr praxis hjeraðslæknisins í Reykjavík Auðvitað kynni nú spítalalæknirinn að fá nokkra praxis líka; en hún yrði þó líklega lítil, þar sem hann þyrfti daglega bæði að sjá um spítalann og kenna á læknaskólanum. Hann þarf sjálfsagt að halda einn eða tvo reiðhesta, og að öllu vel athuguðu sýnist mjer það ísjárvert, að fæla ekki frá öndverðu nýtan mann frá að sækja um embættið og rýra þannig álit stofnunarinnar.

Valtýr Guðmundsson: Jeg get ekki verið h. framsögum. (Þ. Th.) samdóma í því, að það sje víst, að þær áætlanir, sem nefndin hefir gert, sjeu alveg hnífrjettar. Gæti það ekki t. d. skeð, að bæði hreinsunarofninn og baðáhöldin fengjust fyrir minna en nefndin hefir áætlað? Það er líka að athuga, að menn vita ekki enn, hve miklu fje Oddfellowreglan kann að geta safnað, og geti hún safnað meiru en því, sem ráð er fyrir gert að spítalinn sjálfur kosti, þá yrði því varið til að kaupa áhöld, byggja geymsluhús o. fl. Það gæti vel verið að safnfjeð yrði 2—3000 kr. meira en byggingin kostar, slíkt er ekki hægt að miða niður, en ef svo færi, þá er ekki ástæða til að veita fyrir fram meira fje en nauðsynlega þarf, og mætti þá eins bæta við síðar, ef það reyndist ónóg. Þannig mundi kannske mega spara 500 kr. í girðingar og 800 kr. til að byggja geymsluhús, og enn fremur hest og bát.

Jeg er h. þm. Skagf. (Ól. Br.) samdóma í því að ekki sje rjett að spítalinn leggi til hest eða þess háttar, heldur ætti ráðsmaðurinn að eiga það, og er þá miklu síður hætt við að farið væri hirðulauslega með það, heldur en ef hið opinbera ætti það. Með þessu

mætti spara 1680 kr. Sem sagt, það, sem fyrir okkur vakir, er það, að kannske komi meira safnfje en áætlað er, og álítum við því ekki rjett að veita svo mikið nú strax, því það má allt af gera það seinna eptir þörfum. Jeg er ekkert spar á að greiða atkvæði með fjárveitingum, þegar mjer virðast þær nauðsynlegar, en jeg get ekki sansazt á að það sje rjett í þessu tilfelli.

Jeg skal taka það fram viðvíkjandi því, sem h. 2. þm. Árn. (Þorl. G.) sagði um að áríðandi væri að fá sem hæfastan mann í læknisstöðuna, að jeg álít að ekki verði meiri vandkvæði á að fá hæfan mann í þá stöðu, heldur en t. d. í hjeraðslæknisembættið í Reykjavík og í kennarastöðuna við læknaskólann. En, eins og jeg tók fram áðan, er allt af hægt að bæta við fje, ef nauðsyn krefur.

ATKV.GR.: Fyrri breytingartill. á þingskjali 392 var að viðhöfðu nafnakalli samþykkt með 13 atkv. móti 9, og sögðu

já:	*nei:*
Einar Jónsson,	Klemens Jónsson,
Guðjón Guðlaugss.,	Benidikt Sveinsson,
Guðl. Guðmundss.,	Björn Sigfússon,
Jens Pálsson,	Eiríkur Gíslason,
Jón Jensson,	Halld. Daníelsson,
J. Jónss., þm. A-Sk.,	Tr. Gunnarsson,
Jón Þórarinsson,	Þórður Guðmundss.,
Ólafur Briem,	Þórður Thoroddsen,
Pjetur Jónsson,	Þorl. Guðmundsson.
Sighv. Árnason,	
Sigurður Gunnarss.,	
Sk. Thoroddsen,	
Valtýr Guðmundss.	

Breytingartill. 2 á þingskj. 392 samþ. með 15 samhlj. atkv.

Frumv. í heild sinni samþykkt í einu hljóði og afgreitt til efri deildar.

Frumv. til laga um brúargerð á Örnólfsdalsá (C. bls. 334); 3. umr.

ATKV.GR.: Frumv. var samþ. með 21 samhlj. atkvæði og afgreitt til efri deildar.

Frumv. til viðaukalaga við sóttvarnarlög 17. des. 1875 (C. bls. 286); 3. umr.

ATKV.GR.: Frumv. var samþ. með 18 samhlj. atkv. og afgreitt til landsh. sem *lög frá alþingi.*

Frv. til laga um bann gegn botnvörpuveiðum (C. bls. 245, 428); frh. 1. umr.

Framsögumaður (Guðlaugur Guðmundsson): Jeg sje ekki ástæðu til að halda um þetta langa ræðu að sinni. Jeg vona að öllum sje ljóst, hver stefna nefndarinnar er, og hvers vegna hún hefir tekið þessa stefnu að aðhyllast linun þá, er samþykkt var í efri deild. Hún hefir einkum lagt þetta til vegna þess, að henni hefir borizt brjef frá flotaforingjanum enska, Atkinson, er henni leizt ekki rjett að bægja frá sjer, en brjefið fer fram á, að hann vilji veita liðsinni sitt til þess, að enska stjórnin fylgi hjer sömu fiskilögum og gilda í Norðursjónum og viðtekin eru af öllum hlutaðeigandi þjóðum. Eins og sjá má er þar tekið fram, að svo framarlega sem lögunum frá 1894 er haldið óbreyttum, þá muni botnvörpumenn neyta rjettar þess, sem þeir hafa til að fiska með landi fram að $^3/_4$ mílu takmarkinu, og muni Englendingar verja þann rjett þeirra. Nefndin hefir ekki verið í vafa um, að danska stjórnin ekki gæti beitt valdi móti Englendingum, ef til þess kæmi, og áleit því rjettast að verða því eigi til fyrirstöðu að mögulegt væri að ná samkomulagi. — Nefndin hefir enn sem komið er að eins lauslega getað áttað sig á, hverjir partar það eru af landinu, sem þessi vonandi samþykkt kemur til að vernda, en svo mikið veit jeg, að hin fyrirhugaða lína mundi loka Ísafjarðardjúpi,

fjörðum, sem ganga inn af Húnaflóa, einnig Skagafirði mjög utarlega og Vopnafirði algerlega. Í Faxaflóa verndar hún Garð, Leiru og innes. Línan af Þórðarfelli á landhelgismarkið vestur af Akranesi, $^{8}/_{4}$ mílur undan Gróttu, kemur til að liggja á Sandaslóðinni, í ytri röndinni á Bollasviðinu og Kambsleiru, en fyrir utan hana liggja Kambshraun og mið Akurnesinga. Hún mundi þannig vernda öll eða mestan hluta af hinum eiginlegu innmiðum á Faxaflóa. Jeg hef átt tal um þetta við mann, sem ber hjer mest skynbragð á slíka hluti, Bjarna Sæmundsson, og hefir hann sagt mjer, að á útmiðum mundu botnvörpumenn fiska nú orðið mjög lítið af flatfiski, og mundu því leita burt þaðan, áður langt um liði. Það sýnist vera svo lítið, sem hjer er farið fram á, að eins að þeir megi leita hafnar, og virðist því ekki vera rjett, að spilla þessari málaleitun með því að synja þess. Við 2. umræðu mun málið verða betur skýrt og hef jeg því að svo stöddu ekki ástæðu til að fara frekar út í það. Jeg skal að eins geta þess, að jeg hef átt tal við enska konsúlinn viðvíkjandi ákvæðinu »Reykjavík«, og var hann mjer samþykkur í því, að ómögulegt væri að skilja þau öðru vísi en svo, að meintur væri fjörðurinn, sem bærinn stendur við, fjarlægðin þá talin frá Gróttutanga. Viðvíkjandi Breiðafirði skal jeg geta þess, að línan mun loka honum utanvert við Flatey og Elliðaey, að jeg held, en jeg get þó ekkert fullyrt um það.

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. í einu hljóði.

Frv. til laga um að reglugjörð 3. maí 1743, 69. gr., og konungsúrskurður 26. sept. 1833 skuli numin úr gildi (C. bls. 273, 485); 3. umr.

Jón Jensson: Tilefni til frumv. þess, sem hjer liggur fyrir, var athugasemd, er við yfirskoðunarmenn landsreikninganna gjörðum viðvíkjandi gjaldi til landssjóðs, sem stúdentar eru skyldir að greiða við burtfararpróf úr latínuskólanum. Þær 2 kr., sem hjer er um að ræða, var upprunalega ákveðið að skyldu ganga til bókasafns skólans, en eptir að landssjóður fór að leggja fje að mun til bókasafnsins, komst sú venja á, að láta gjaldið renna í landssjóð í staðinn fyrir styrk þann, er bókasafnið nyti úr honum. Okkur yfirskoðunarmönnunum fannst að bókasafn skólans ætti að halda þessu gjaldi eptir sem áður, en eptir fyrirspurn til landsh. fengum við þann úrskurð, að það væri komin hefð á þetta gjald til landssjóðs, svo við gerðum enga tillögu um þetta, en nefnd sú, sem var sett hjer á þinginu, stingur upp á að afnema þetta gjald sem óþarft. Jeg var nú fyrir mitt leyti ekkert á móti því, en um daginn, þegar minnzt var á styrk til Bræðrasjóðsins við umræðurnar um fjárlögin, þá datt mjer í hug, hvort ekki væri rjett að láta þetta gjald renna til Bræðrasjóðsins, í staðinn fyrir í landssjóð. Mjer finnst bæði ástæða til að styrkja Bræðrasjóðinn og auk þess er þetta heldur enginn tilfinnanlegur skattur og mundu allir stúdentar greiða þetta litla gjald fúslega af hendi. Breyt.till. fer þess vegna fram á, að gjaldið renni til Bræðrasjóðsins í staðinn fyrir að það sje afnumið, og vona jeg að deildin verði því ekki mótfallin.

Framsögumaður (*Ólafur Briem*): Jeg get lýst því yfir, að nefndin muni aðhyllast þessa breyt.till. Hún kom með tillögu um að afnema þetta gjald, af því henni fannst það óþarflegt tillag til landssjóðs, sem landssjóð heldur ekki munaði neitt um. En að því er snertir breyt.till. um að láta það renna til Bræðrasjóðsins, þá sýnist mjer það svo

fagurt augnamið, að jeg verð að álíta að gjaldinu sje vel varið á þann veg.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. (C. bls. 485) fyrri lið. samþ. með 20 samhlj. atkv. og síðari liður án atkv.

Frumv. þannig breytt samþ. í e. hlj. og afgreitt síðan til Ed.

Frumv. til laga um lækkun á fjárgreiðslum þeim, er hvíla á Holtsprestakalli í Rangárvallaprófastsdæmi (C. bls. 315); 2. umr.

Þórður Guðmundsson: Það virðist ekki þörf að mæla mikið með þessu frumv., sem komið er frá h. efri deild. Það gekk þar fram mótmælalaust og sömuleiðis við 1. umr. hjer í þessari h. þingd., enda getur það ekki dulizt, að það, sem hjer er farið fram á, er byggt á sanngirni einni, þar sem rýrnun þessa prestakalls stafar eingöngu frá náttúrunnar völdum, án þess hlutaðeigandi presti verði nokkur sök gefin. Það verður heldur ekki sagt hjer, að presturinn hafi vitað af göllunum, þegar hann sótti um brauðið, því þetta, sem rýrt hefir prestakallið, vatnavextir, sandfok og kirkjuhrun, hefir dunið yfir það, síðan hinn núverandi prestur fjekk brauðið, og er þetta allt tekið greinilega fram í athugasemdunum við frumv. það um þetta efni, sem stjórnin upphaflega lagði fyrir h. Ed. Þar er það líka tekið fram, að presturinn hefir orðið að borga fyrir kirkjuna um nokkur ár 100 kr. á ári, upp í skuld hennar við landssjóð, og sjá allir að hann fær þetta fje, sem hann þannig borgar úr sínum eigin vasa, aldrei aptur. Jeg er ekki í vafa um, að frumv. þetta muni fá eins góðar undirtektir nú hjer í þessari h. þingd., eins og það fjekk við 1. umr.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. frumv. samþ. með 13 : 2 atkv.

2. gr. frumv. samþ. með 12 : 10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu.

já:	*nei*:
Einar Jónsson,	Klemens Jónsson,
Eiríkur Gíslason,	Benid. Sveinsson,
Guðl. Guðmundss.,	Guðj. Guðlaugsson,
Halldór Daníelsson,	Jón Jensson,
Jens Pálsson,	J. J., 2. þm. Eyf.,
J. J., þm. A.-Sk.,	Jón Þórarinsson,
Sighv. Árnason,	Ólafur Briem,
Sig. Gunnarsson,	Pjetur Jónsson,
Tr. Gunnarsson,	Skúli Thoroddsen,
Þorl. Guðmundsson,	Valtýr Guðmundss.
Þórður Thoroddsen,	
Þórður Guðmundss.,	

Frumv. vísað til 3. umr. með 13 : 5 atkvæðum.

Frumv. til laga um endurgreiðslu á eptirlaunum frá Hólmaprestakalli í Suðurmúlaprófastsdæmi og niðurfærslu á árgjaldi þess (C. bls. 315); 2. umr.

Guðjón Guðlaugsson: Orsökin til þess að jeg stend upp er sú, að einn h. þm. í efri deild hefir fengið erindi sama efnis og það, sem ræðir um í þessu frumv., eða um að losna við að greiða eptirlaun til uppgjafaprests vegna rýrnunar á tekjum prestakallsins. Þetta erindi kom svo seint til hans, að hann gat ekki komið því að með þessu máli, en hann hefir beðið mig að koma því hjer inn með breyt.till. En þar sem jeg ekki hefi haft tíma til að íhuga málið og gjöra breyt.till. í þessu efni, þá álít jeg rjettast að sett verði nefnd í málið, til þess að einnig þetta skjal verði tekið til yfirvegunar, ef vera kynni að nefndin fyndi eins sanngjarnt að losa þennan prest við eptirlaunagreiðslu eins og þann, sem frumv. ræðir um. Jeg leyfi mjer að stinga upp á 5 manna nefnd.

ATKVÆÐAGR.: 5 manna nefnd felld með 16 : 5 atkv., en 3 manna nefnd saamþ. með 13 : 2 atkv., og kosnir: Sigurður Gunnarsson með 12, Jón

Jónsson, þm. A.-Skaptf. með 8 og Einar Jónsson með 8 atkv. 2. umr. frestað.

Frumv. til laga um innheimtu á tekjum presta (C. bls. 366); 1. umr.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg skal játa, að jeg hefi ekki haft nægan tíma til að átta mig á þessu frumv., en í fljótu bragði virðist mjer hjer ekki vera nema um eitt af tvennu að ræða, annaðhvort að skylda sýslumenn í landinu til að launa prestum landsins, að minnsta kosti að nokkru leyti, og gæti verið ástæða til þess, ef hægt væri að sanna, að sýslumenn þyrftu, öðrum fremur, á prestum að halda, en á meðan það er ekki sannað, þá er þetta ekki rjettlát krafa — eða hjer er um að ræða það, að breyta öllum gjöldum til presta í peningagjöld, en til þess sje jeg ekki neina verulega ástæðu, og þykist mega fullyrða, að sú breyting muni víðast verða óvinsæl. Jeg þykist jafnvel mega fullyrða, að prestastjettin, með því að hreyfa þessu máli á þinginu og koma því svona langt áleiðis, hafi þegar bakað sjer óvinsældir fyrir. Þess ber líka að gæta, að hjer er í rauninni ekki að ræða um neina breytingu á því, sem á sjer stað, heldur um það eitt, að gjöra það að reglu, sem áður hefir verið undantekning. Því eptir gildandi lögum getur hver prestur sem vill sent sýslumanni sínum lista yfir útistandandi gjöld og beðið hann að taka þau lögtaki. Hjer á, sem sagt, að gjöra undantekningarnar að reglu, og sje jeg þá ekki betur, en að frumv. sje meiningarlaust frá upphafi til enda, enda vil jeg ráða h. þingd. til að fella það nú þegar.

Sigurður Gunnarsson: Þetta frumv. er, eins og h. þingdm. mun kunnugt, sprottið upp á síðustu »synodus«. Jeg var þar viðstaddur og átti því kost á að ræða málið og heyra, hvaða undirtektir það fjekk. Þó jeg sje prestur, þá var jeg þá, eins og jeg er nú, mótfallinn þessu máli. H. þm. V.-Skf. (Guðl. G.) sagði, að ein ástæðan, sem gæti legið til grundvallar fyrir því, að menn vildu kasta innheimtuskyldunni á sýslumennina, ætti ef til vildi að vera sú, að þeir þyrftu prestsþjónustu við fremur öðrum.

Jeg skal ekki segja það, en hitt veit jeg, að þeir þurfa prestsþjónustu við ekki síður en aðrir. En hvað sem því líður, þá verð jeg að vera samdóma h. þm. V.-Skf. um það, að þetta mál eigi ekki lengra að fara.

Halldór Daníelsson: Jeg vil geta þess, að jeg hefi nýlega fengið brjef frá merkum presti, sem segist álíta það aldeilis ófært að fela sýslumönnum innheimtu á tekjum prestanna. Segir hann að það væri lítill vegur að fela þetta sóknarnefndum, en er þó ekki heldur með því sjálfur.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. fellt frá 2. umr. með 16 atkv. á móti 2.

Frumv. til laga um áfangastaði (C. bls. 426); 1. umr.

Flutningsmaður (*Tryggvi Gunnarsson*): Jeg vona að jeg þurfi ekki að halda langa ræðu um þetta mál. Það hlýtur að vera h. þingd. kunnugt, þar sem það var til umræðu á síðasta þingi og komst þá í nefnd. Nefndin kom svo fram með frumvarp samhljóða því, sem hjer liggur fyrir; en fyrir misskilning og óhöpp varð það frumv. bráðkvatt á þinginu. Varð út af þessu töluverð óánægja í Árnessýslu og talið óheppilegt að málið skyldi ekki komast fram. Því fyrir hinar miklu vegabætur austur eru vegirnir orðnir miklu fljótfarnari en áður, svo nú fara ferðamenn lengri dagleiðir, og hafa við það myndazt nýir áfangastaðir, en hinir gömlu lagzt niður. Á þingmálafundinum í vor komu fram margar frásagnir um þær

þungu búsifjar, sem bændur yrðu að þola af ágangi ferðamanna-hesta og fannst mjer að þessar sögur bera þess ljósan vott, að bændum væri vorkunn, þótt þeir kvörtuðu. Innihald frv. í fám orðum þannig, að sýslunefndum er veitt heimild til að taka upp áfangastaði, þar sem reynslan sýnir að þess þarf við, og ákveða hlutaðeigendum þóknun fyrir ágang þann, er af þessu leiðir, og er ekki hætt við að sýslunefndirnar ákveði þetta gjald óþarflega hátt, þar sem gjaldið á að greiðast úr sýslusjóði. Jeg vona að h. þingdm. sjái, að ýmsir búendur við þjóðveginn verði hart úti, ef þetta frumv. nær ekki fram að ganga.

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 11 : 5 atkv.

Frumv. til laga um horfelli á skepnum (C. bls. 257, 360, 426); framh. 1. umr.

Framsögumaður (*Tryggvi Gunnarsson*): Jeg verð að játa, að jeg er mjög illa undir það búinn, að ræða þetta mál nú. Það er langt síðan að nefndin hafði það til meðferðar og lauk við nefndarálitið, og síðan hefi jeg ekki haft tíma til að íhuga það nákvæmar. Jeg vona að jeg geti verið betur undirbúinn, þegar málið kemur næst fyrir, og leyfi mjer því að óska þess að því verði vísað til 2. umr.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg skal að eins taka það fram, að þó ákvæði þessa frumv. sjeu máske ekki öll sem heppilegust, þá yrði frumv. í heild til stórra bóta við það, sem nú er. Jeg álít talsverða mögulegleika á því að framfylgja ákvæðum þessa frumv., en enga mögulegleika á að framfylgja höfuðákvæðum hinna gildandi horfellislaga. Jeg hef athugað málið vandlega í nefndinni, og hafa þar verið strikuð út þau ákvæði, sem h. efri deild hafði sett í frumv. til þess að fyrirbyggja að horfellir geti átt sjer stað, því þau ákvæði eru mjög varúðarverð, þar sem svo ólíkt hagar til á ólíkum stöðum. Ásetningarákvæði í lögum geta orðið hreinasti háski fyrir ýmsa menn. Hjer í frumv. er búið svo um, að álitsgjörðirnar verði svo úr garði gjörðar, að dómarar geti byggt á þeim, og er það stór bót frá því, sem nú er. Skal jeg svo óska þess, að málinu verði vísað til 2. umr.

Þórður Guðmundsson: Jeg get ekki verið með frumvarpi þessu vegna þess, að það mundi verða mjög illt að praktisera það, en hefir mjög mikinn kostnað í för með sjer, því að mikið af horfellissögum þeim, sem verið er að segja bæði innan þings og utan, eru öfgar. Það getur ávallt komið fyrir að einhver misbrestur verði á framfærslu fjenaðar, þó það sje í raun rjettri ekki horfellir. Hugsunarháttur manna hjer á landi er nú orðinn svo miklu mannúðlegri en áður var, að enginn maður vill nú lengur með ásetningi fara illa með skepnur.

Frv. þetta mun og reynast örðugt í framkvæmdinni, ef menn eiga ekki að verða því nærgöngulari einstaklingum.

Kostnaðurinn verður og mikill, þótt frv. kynni að geta leitt nokkuð gott af sjer. Tveir til þrír menn á ferð um hreppana í skoðunargjörðum og ásetningarráðleggingum hljóta að verða dýrir. Jeg þykist ekki áætla hátt, þó jeg gizki á að það muni baka hverjum hrepp á landinu að meðaltali allt að 100 kr. kostnað á ári, og er það býsna mikill skattur. (*Guðl. Guðmundsson*: Er horfellirinn lægri skattur?) Nei, en virkilegur horfellir kemur varla fyrir. Það þarf að eins óvenjulega hart vor, eins og t. d. síðastliðið vor, til að

eyðileggja skepnur manna, ef fóðrið er skemmt; og slíkt er ekki ávallt fyrirsjáanlegt. Það verður mikill vandi fyrir nefndir manna að setja á, þegar svo á stendur og reyndar æfinlega. Því miklu skiptir jafnan, hver á heldur með hirðingu fjenaðar og hagtæringu heyja. Einum tekst að framfæra skepnur vel á jafn-miklu fóðri, sem hvergi hrekkur til fyrir jafnmargan fjenað hjá öðrum. Það er svo mikið vandaverk að yfirlíta fóðurbirgðir hjá öðrum að það er á fárra manna færi að leysa það af hendi viðunanlega, enda munu fáir fúsir til að takast það starf á hendur.

Auðvitað er nokkur bót í breyt.till. um skoðunartímann; það er mikið betra en í frv.

Jeg er þannig mótfallinn frv. þessu, en allt um það mun jeg greiða atkvæði með að það gangi til 2. umr., til þess að þingmönnum gefist kostur á að segja álit sitt um það.

Framsögumaður (*Tryggvi Gunnarsson*): Jeg skil ekkert í h. 2. þm. Rangv. (Þórði G.). Álítur hann lögin óþörf? Hvernig getur hann farið að tala eins og hann gerir um mannúð manna við skepnurnar? Hefir hann þá ekki lesið í öllum blöðum landsins um horfelli í vor víðsvegar um allar sýslur? Það er ekki til neins að koma með slíkar fortölur, eins og hann gjörði, hjer inn á þing. Jeg hef reyndar opt heyrt barið við kostnaðinum á mjög óheppilegan hátt, þegar um nauðsynjamál hefir verið að ræða, en aldrei eins óheppilega og ástæðulaust eins og í þessu máli. Því að hvað er sá kostnaður, sem hjer er um að ræða, í samanburði við tjónið af illri ásetning? Þegar jeg var bóndi hjer fyrr á árum, höfðu menn í minni sveit fríviljug samtök um eptirlit með ásetningu manna. Skoðunarmenn unnu verk sitt fyrir ekki neitt og gjörðu það þó með alúð, svo starf þeirra bar góðan árangur.

Jeg verð að taka mikið tillit til orða h. þm. V.-Skapt. (Guðl. G.), sem var einn í nefndinni; bæði er hann góður lagamaður, og hefir talsverða reynslu í þessu efni; hann segir að vor núverandi horfellislög sjeu óþjál til að dæma eptir þeim. Það er nauðsyn að gjöra lögin svo úr garði, að auðið sje að framfylgja þeim.

Jeg álít ekkert það mál, sem verið hefir fyrir þessu þingi, meira nauðsynjamál en þetta.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg gat ekki verið með frv. þessu í þeirri mynd, sem það kom fyrst fram hjer í þingdeildinni. Það gekk þá að eins út á að herða sektirnar fyrir horfelli, en gerði ekkert til þess að koma í veg fyrir að slíkt kæmi fyrir. En nú hefir frv. tekið svo stórum umbótum; aðalstefna þess, eins og það nú liggur fyrir, er sú, að fyrirgirða að horfellir komi fyrir, og það hefir miklu meiri þýðingu en háar sektir. Þær geta auðvitað haft sína þýðingu, en þó að eins í sambandi við ráðstafanir til að fyrirbyggja horfelli.

Það er satt, að opt er vandhæfi á að setja rjett á hey. Það er opt að menn fella fjenað, án þess að hafa of sett á vísvitandi. Opt verður slíkt af vanþekkingu og stundum fyrir ófyrirsjáanleg atvik. En ákvæðin um ásetningu gera það að verkum að jeg er frv. samþykkur. Jeg er nefndinni samdóma að öllu leyti.

Jeg get talað hjer af reynslu, því að hjer er það gert að lögum, sem jeg hef framkvæmt í mínum hreppi í 10 ár.

Víst er það vandaverk að setja á hey manna. Og það bezta er, að við þetta læra menn smátt og smátt að setja á sjálfir. Það er ekki auðvelt að

dylja, hver hey hver maður á í sveitinni, nje í hverju ástandi skepnur hvers bónda eru yfirleitt. Þeir, sem fara vel með skepnur sínar, geta sjer af því góðan orðstír og verður það mönnum upphvatning. Sumir menn eru ákaflega á móti þessu í fyrstunni, en það fer af. Það var t. d. ungur maður í minni sveit, sem alls ekki vildi láta skoða hjá sjer nje setja á, en hann reyndist á síðan birgastur allra og fleytti vel fram skepnum sínum. Þetta barst út og varð honum til sjerstakrar virðingar. Síðan hefir hann verið ásetningarmaður í sinni sveit og fyrirmynd annara manna, í því sem mörgu fleira.

Við höfum við skoðunargerð í minni sveit viktað stöku skepnur, og ítrekað það við síðari skoðanir. Þetta hefir svo verið á stundum auglýst í sveitablaði hreppsins og orðið fyrir það hljóðbært. Afleiðingarnar hafa orðið ágætar. Jeg álít frumv. mjög gott, og kostnaðinn, sem það hefir í för með sjer, svo hverfandi í samanburði við gagnið. Hitt er óneitanlega hart og ósanngjarnt, að hegna mönnum fyrir horfelli, án þess að hafa gefið þeim nokkra leiðbeiningu til að forðast hann.

Um breyt.till. mínar skal jeg ekki tala við þessa umræðu, en að eins mæla sem bezt með frumv.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg er meðmæltur frumv. þessu, sjer í lagi eins og það verður með breytingum nefndarinnar. Breyting hennar á tímatakmarkinu er að sumu leyti heppileg, en ekki að öllu leyti. Skoðunum ætti að vera lokið um nóvemberlok að hennar áliti, en heppilegra væri hjer á Suðurlandi að þetta mætti vera heldur síðar á vetri. En nokkur bót er í máli, að síðari skoðunin er sett á hentugri tíma en var í frumv.

Kostnaðurinn er alveg hverfandi í samanburði við gagnið. Setjum árlegan kostnað 100 kr. að meðaltali í hverjum hrepp. En hve margar skepnur þarf að horfella til þess að það nemi 100 kr.? Það hefir verið sagt, að vandasamast væri að framkvæma þessar skoðanir í vondum árum, en einmitt þá geta þær orðið að mestu gagni.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg skal að eins gera stutta athugasemd út af orðum h. þm. Strand. (Guðj. G.), af því að sumir kynnu í fljótu bragði að álíta dálitla mótsögn milli þess, er hann sagði, og þess, sem jeg hefi sagt. En sú mótsögn hverfur reyndar, ef glöggt er að gætt. Hann lagði aðaláherzluna á þann tilgang frumv., að afstýra horfelli. Þetta er rjett; það ætti að vera einn aðalkostur frumv. Hins vegar hefi jeg lagt áherzlu á það, að ekki er farið fram á að beita neinu valdboði til að fyrirbyggja horfelli. Ásetningin eptir frumv. verður ráðlegging, en mun hafa sína miklu þýðing til að fyrirbyggja horfelli eins fyrir það, ekki síst þar sem skoðunargerðin, ef út af er brugðið, verður ágætt sönnunargagn gegn þeim, sem horfellir.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 20 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um stækkun verzlunarlóðar á Nesi í Norðfirði (C. bls. 372); 1. umr.

ATKÆÐAGR.: Málinu vísað orðalaust til 2. umr.

Frumv. til laga um frestun á framkvæmd eimskips-laganna (C. bls. 425); 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv.-greinin orðalaust samþ. í einu hlj.

Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.
Málinu vísað til 3. umr. í einu hlj.

Tillaga til þingsályktunar um sóttvarnarhús (C. 438); hvernig ræða skuli.

ATKVÆÐAGR.: Samþ. að hafa eina umræðu.

Tillaga til þingsályktunar um þakkir fyrir jarðskjálftagjafir (C. bls. 473); hvernig ræða skuli.

ATKVÆÐAGR.: Samþ. að hafa eina umræðu.

Frumv. til laga um einkarjett (C. 233, 419); framh. 1. umr.

Framsögumaður (*Skúli Thoroddsen*): Nefndin í þessu máli hefir klofnað. Meiri hlutinn ræður til að aðhyllast frumv., og byggir þær tillögur sínar á því, að þótt fremur fá tilfelli hafi enn fyrir komið hjer á landi, sem slík lög hefðu náð til, þá sje þó all-mikil upp örvun í því að geta með hægu móti fengið einkarjett hjer í landi, ef einhver finnur upp einhverja nýjung, sem nytsemd er í. Eins og nú til hagar, verða menn að fara leyfisbrjefaveginn, ef þeir vilja fá einkarjett; en leyfisbrjefavegurinn er að ýmsu leyti mjög vafningasamur, þar sem senda verður til Khafnar sýnishorn af uppgötvaninni (»model«), eða að minnsta kosti teikningu og nákvæma lýsingu í tvennu lagi, og á dönsku. Það getur hamlað mörgum og tekur langan tíma; og þótt auðvitað megi gera ráð fyrir, að lög þessi verði ef til vill ekki mjög mikið notuð, þá er þó hentara að hafa þau til, þegar þarf á þeim að halda, en þar sem ætla má, að lög þessi verði ekki ýkja mikið notuð, hefir þó meiri hluti nefndarinnar álitið rjettara, að stofnsetja ekki að sinni fasta einkalaganefnd, heldur láta landshöfðingja útnefna hæfa menn til að rannsaka uppgötvunina í hvert sinn. Með því móti mundi kostnaðurinn verða lítill; skil jeg því satt að segja ekki, hvað h. minni hluta getur gengið til að vera á móti þessum lögum, og það því síður, sem einn nefndarmaður, h. þm. N.-Þing. (B. Sv.), hefir áður verið flytjandi samskonar frv. hjer á þingi.

Benidikt Sveinsson: Jeg ætlaði ekki að tala eitt orð í þessu máli, en hin síðasta athugasemd h. framsögum. (Sk. Th.) gaf mjer tilefni til þess að segja fáein orð. Hann sagði að jeg hefði verið framsögum. að frumv., í líka átt og þetta frumv. fer, áður fyrri, en jeg sje ekki neina mótsögn milli þess og skoðunar minnar á málinu, og það einmitt því síður, sem þm. tók sjálfur fram ástæðuna fyrir því, hvers vegna jeg álít þetta frumv. ótímabært, og því alveg að nauðsynjalausu fram borið. Hann sagði, að tilgangur meiri hlutans væri að hvetja menn til uppfundninga, eða þá líklega rjettara sagt, að búa til uppfundningamenn, sem ekki eru til. Sá tími, sem liðinn er, síðan jeg var framsögum. að fyrra frumv., sýnir einmitt, að ekki er þörf á þessu frumv., og að það er því að eins til að eyða tíma þingsins að ordlengja um það. Þjóðin er enn ekki komin á það stig, að þessara laga sje þörf, og jeg álít að þingið eigi ekki að vera að samþykkja lög, sem eru óþörf. Þessi einkarjettur, sem veitist einstökum manni, getur líka orðið óþægilegur fyrir aðra landsmenn og hindrað það, að aðrir finni upp og noti sjer líkar uppfundningar eða lík verkfæri, sem einhver annar er búinn að fá einkarjett á. Þjóðin ætti að komast á hærra stig í verklegum efnum, áður en farið er að samþykkja lög um þetta efni. Jeg tek þetta að eins fram til þess að sýna, að það er engin mótsögn í þessari fram

komu minni í málinu nú, þótt h. þm. Ísf. (Sk. Th.) sje að reyna til að hengja hatt sinn á það.

Annars er mjer alls ekkert kappsmál, hvort frumv. er samþ. eða ekki á þessu stigi, því jeg álít það gjörsamlega þýðingarlaust, hvort verður ofan á, eins og nú stendur.

Framsögumaður (*Skúli Thoroddsen*): Jeg skal út af orðum h. þm. N.-Þing. (B. Sv.) játa það, að ef þetta frumv. gæti orðið til þess að búa til uppfundningamenn, þá álít jeg það í sjálfu sjer mjög mikilsvert og tilgangi meira hlutans þá náð. Aðgætandi er, að þó ekki liggi fyrir svo og svo margar uppfundningar nú, þá getur h. þm. ekki fullyrt að þessi lög verði ekki notuð. Hann veit ekki, hvað vöntun slíkra laga kann að hafa hindrað marga frá að njóta sín. Jeg þekki marga vel haga menn hjer á landi, einkum að því er að verkfærum lýtur, og mundu þeir að öllum líkindum taka enn meiri framförum, ef þeir hefðu von um að geta notið ávaxta iðju sinnar.

En þar sem hann sagði, að lög þessi mundu hindra aðra frá að gjöra samskonar tilraunir eða nota sjer lík verkfæri, þá kemur mjer það nokkuð undarlega fyrir, þar sem frumv. hans frá 1877 fer miklu lengra. Þar er ekki einungis farið fram á að veita mönnum einkarjett fyrir það, sem þeir finna sjálfir upp, heldur einnig fyrir að innleiða frá öðrum löndum það, sem áður væri hjer óþekkt. Og að síðustu á jeg bágt með að skilja, eptir stefnu hans í öðrum málum, að hann skuli endilega vilja leita til Danmerkur í þessu efni.

Fleira skal jeg svo ekki taka fram að þessu sinni.

Jens Pálsson: Það voru að eins fáein orð, sem jeg vildi hafa sagt, sjerstaklega út af orðum h. þm. N.-Þing. (B. Sv.), þar sem hann sagði, að þessi lög mundu hindra menn frá að nota sjer uppfundningar og verkfæri, einkarjettsmönnum í hag, þá vildi jeg benda á að í frumv. er ekki gengið lengra en það, að ekki er hægt að fá einkarjett nema á eigin uppfundningum, og þær verða þar að auki að vera til verulegrar nytsemdar. Þar sem svona þröng takmörk eru sett, getur ekki komið til mála að rjettur annara sje fyrir borð borinn. Eptir frumv. fæst einkarjettur ekki fyrir annað en eigin uppfundning, og hana til verulegrar nytsemdar; frumv. er því sannarlega hóflegt spor. Gæti það orðið til þess að brýna uppfundningagáfu Íslendinga, gæti það orðið hvöt til uppfundninga, gæti það orðið til þess, að búa til uppfundningamenn hjá þjóð vorri, eins og h. þm. N.-Þing. (B. Sv.) komst að orði, þá væri það sannarlega eitt hið þarfasta frumv., sem upp hefir verið borið á þingi, svo snauðir sem vjer Íslendingar erum að öllum praktiskum verkfærum, og svo brýna þörf sem vjer höfum til að bæta þau.

Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um frumv. í þetta sinn, en treysti því, að það fái að ganga til 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 14 : 1.

Þrítugasti og sjöundi fundur, föstudag 13. ágúst kl. 12. á hád. Allir á fundi nema þm. V.-Skaptf., Guðlaugur Guðmundsson, er hafði tjáð forföll.

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar við Haganesvík í Fljótum (C. bls. 178, 315); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. með 15 samhlj. atkv. og afgreitt til Ed.

Frumv. til laga um löggilding verzl-

unarstaðar á Grafarnesi við Grundarfjörð (C. bls. 194, 315); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. með 17 : 1 atkv., og afgr. til efri deildar.

Frumv. til laga um að nema dómsvald hæstarjettar í Kaupmannahöfn, sem æðsta dóms í íslenzkum málum, úr lögum (C. bls. 247, 431); 3. umr.

Framsögumaður (Benidikt Sveinsson): Jeg hefi ekki ástæðu til að fjölyrða um málið frekara en jeg hefi gjört við hinar fyrri umræður.

ATKVÆÐAGR.: Frv. í heild sinni samþ. með 18 samhlj. atkv. og afgr. til Ed.

Frumv. til laga um að gjöra landsyfirdóminn í Reykjavík að æðsta dómi í íslenzkum málum (C. bls. 247, 431); 3. umr.

Jón Jónsson (þm. A. Skaptf.): Jeg ímynda mjer, að allir h. þingdm. sjeu samdóma um það, að æskilegt væri og tilhlýðilegt að æðsti dómstóll íslenzkra mála væri innlendur, en eptir því sem stendur í frumv. þessu, þá er þó gjört ráð fyrir að hæstirjettur haldi áfram að vera æðsti dómstóll í ýmsum málum. Jeg veit því ekki, hvort það er hyggilegt að samþykkja þetta frumv. að svo stöddu. Úr því hæstirjettur heldur áfram að vera æðsti dómstóll í sumum málum eptir sem áður, þá veit jeg ekki nema rjett væri að hann væri það einnig í öðrum, á meðan við getum ekki losnað við hann fyrir fullt og allt.

Hjer er líka gjört ráð fyrir að stofna tvö ný embætti með 3500 kr. launum hvort, og þá líka að sjálfsögðu með eptirlaunum. Jeg get nú ekki álitið rjett vera að samþ. það, sem menn vilja ekki að fái framgang, en jeg er viss um það, að þeir eru margir hjer, sem vilja ekki að ný embætti sjeu stofnuð, ef mögulegt er hjá því að komast, og jeg fyrir mitt leyti get ekki greitt atkvæði með því að stofna þessi embætti að svo stöddu, og eins og málið horfir nú við. Nýlega hefir hjer einnig í deildinni verið samþ. frumv. um stofnun lagaskóla, og þar gjört ráð fyrir tveim nýjum embættum, öðru með 4000 kr. og hinu með 2800 kr. launum, auk borgunar fyrir aukakennslu. Það mætti nú að öllum líkindum gjöra ráð fyrir, að skóli þessi stæði tómur, þótt kennararnir væru fengnir, með því að lögin eru svo úr garði gjörð, eins og tekið var fram á síðasta þingi, og er hætt við að það myndi vekja talsverða óánægju, ekki sízt, ef þar við bættist stofnun tveggja nýrra embætta við yfirdóminn. Jeg er helzt á því, að það væri ekki ofætlun fyrir þessa dómendur að hafa á hendi kennsluna við lagaskólann, enda hefir áður verið um það talað, og veit jeg ekki til, að það hafi verið hrakið með gildum ástæðum.

Framsögumaður (Benidikt Sveinsson): Jeg ætla að eins að gjöra þá athugasemd, að eptir því sem jeg skildi orð h. þm. A.-Skaptf. (J. J.), þá gátu þau að eins snert frumv. það, sem nú er búið að samþykkja hjer í deildinni í þessu augnabliki, en alls ekki það mál, sem hjer liggur fyrir, og þess vegna finn jeg ekki minnstu ástæðu til þess að taka athugasemdir h. þm. til neinna greina, og læt mjer lynda að gefa h. þm. þessa bendingu.

ATKVÆÐAGR.: Frv. í heild sinni samþ. með 15 : 2 atkv. og afgr. til Ed.

Frumv. til laga um kennslu í lærða skólanum í Reykjavík og á gagnfræðaskólanum á Möðruvöllum (C. bls. 389); 1. umr.

Klemens Jónsson: Jeg verð að telja þetta frumv., sem hjer liggur fyrir, eitt

hið merkilegasta, sem komið hefir fram á þessu þingi. Það hefir áður komið fram hjá þjóðinni og áherzla lögð á það, að æskilegt væri að samband kæmist á milli lærða skólans í Reykjavík og Möðruvallaskólans, og þá um leið að auka gagnfræðakennsluna hjer, en þetta hefir enn ekki getað gengið fram. Nú með þessu frumv. litur fyrst út fyrir að lag komist á þetta, þar sem gjört er ráð fyrir gagnfræðakennslu í 3 neðri bekkjum lærða skólans en lærðu kennslunni í 3 hinum efri, og svo að lærisveinar af Möðruvallaskólanum geti gengið próflaust í 4. bekk lærða skólans. Önnur breyting á kennslunni við lærða skólann er engin, nema að latína á að kennast í 3 efstu bekkjunum og grískukennslan verða alveg afnumin. Jeg vil annars leyfa mjer að benda á nefndarálitið í h. efri deild, þar sem skýrt er tekið fram, á hvaða rökum þetta sje byggt. Og hvað grískuna sjerstaklega snertir, þá hygg jeg að öllum muni koma saman um, að þeir hafi ekkert gagn af henni haft, að undanteknum guðfræðingunum, ekki vegna þess, að kennslan í grísku í skólanum sje lakari eða hafi verið lakari en í öðrum greinum, heldur vegna þess, að menn hafa aldrei not af þeirri kunnáttu sinni. Þegar jeg var í skóla, þá var jeg einn meðal hinna beztu í grísku, en síðan jeg fór úr skóla, hefi jeg aldrei opnað gríska bók, og býst eigi við að gjöra það, og svo hygg jeg að fleiri muni geta sagt, nema auðvitað guðfræðingarnir, sem þurfa á henni að halda við nám sitt í æðri skólum. Þeir, sem unna grískunni, halda því fram, að nám hennar opni augu manna fyrir ýmsu háleitu og fögru, sem komi fram í hinum grísku klassisku ritum, og bæði beinlínis og óbeinlínis, sem menn búi svo að. Það má vel vera að þetta sje satt, ef kennslunni er hagað þannig, en án þess að höggva of nærri neinum af kennurunum í grísku, þá held jeg að mjer sje óhætt að segja, að meiri áherzla sje lögð á grammatikalskar formur og mállýzkur en að vekja eptirtekt á hinu háleita og fagra, sem óneitanlega felst í mörgum grískum ritum. Jeg held líka að menn geti alveg eins sett sig inn í anda höfundarins af góðum þýðingum eins og af frummálinu. Jeg skil ekki annað en það sje meira gagn að því að lesa alla Odyssevsdrápu á íslenzku og á því undurfagra máli, sem vjer eigum hana á, eins og að lesa fáar bækur af Homer á frummálinu, þar sem eigi er hugsað um innihald og fegurð kvæðisins, heldur mestmegnis um óregluleg verba og þess háttar. Jeg get ekki ímyndað mjer að nokkur sakni hennar, þó henni væri sleppt, nema guðfræðingarnir, sem þurfa á henni að halda við nám sitt við prestaskólann eða háskólann; að minnsta kosti sakna jeg hennar ekki. Jeg hefði heldur óskað, að jeg hefði verið svo vel útbúinn í nýju málunum, að jeg hefði getað fleytt mjer á Frakklandi og Englandi, en að fá »præ« í grísku við burtfararpróf.

Latínu á að kenna í 3 efstu bekkjunum, þar sem hún áður hefir verið kennd gegnum allan skólann, en jeg ímynda mjer að menn geti orðið allsæmilega færir í henni fyrir það. — Þegar piltarnir eru orðnir dálítið þroskaðir, t. d. 17—18 ára, og búnir að fá undirbúning, þá eru þeir ólíkt fljótari að komast niður í málmyndalýsingunni, heldur en þegar þeir eru látnir sitja við það 12—14 ára. Jeg get borið um það, að þegar jeg var í skóla, þá var þýzka fyrst kennd í 5. bekk, og að við eptir þessi 2 ár vorum allt eins góðir í henni og t. a. m. frakknesku, sem við höfðum lært gegnum allan skólann.

Með því fyrirkomulagi, sem frumv. þetta fer fram á, lengist námstíminn ekkert, en undirbúningstíminn hverfur að miklu leyti, þar sem piltar úr góðum barnaskólum eða eptir góðan undirbúning í heimahúsum geta gengið inn í gagnfræðadeildina. En þar sem farið er fram á að bæta einu ári við Möðruvallaskólann, þá er það til þess, að piltar þaðan geti gengið próflaust inn í 4. bekk lærða skólans í Reykjavík. — Í nefndarálitinu er bent á, að ef þetta frumv. yrði að lögum, þá mundi þurfa að bæta við húsrúmi á Möðruvallaskólanum, eða jafnvel allra helzt flytja hann til Akureyrar, og enda talið líklegt, að bæjarbúar á Akureyri mundu vilja eitthvað til þess vinna. — Þetta er sjálfsagt byggt á því, að bæjarstjórnin á Akureyri lýsti því yfir 1895, að ef skólinn yrði fluttur, þá vildi hún fyrir sitt leyti styðja að því. Og þó það liggi ekki fyrir nú, af því enginn átti von á þessu frumv., þá þykir mjer þó sjálfsagt, að bæjarstjórnin muni vilja standa við tilboð sitt, þótt jeg auðvitað hafi enga heimild til í þetta sinn að gjöra neitt tilboð fyrir hönd bæjarstjórnarinnar á Akureyri.

Jeg sje ekki ástæðu til að fara frekari orðum um frumv., en þar sem þingtíminn er orðinn stuttur og búið að fjalla um það áður í h. efri deild, og það af þeim mönnum, sem ekki er kostur á hjer í deildinni, vildi jeg óska, að það yrði afgreitt hjeðan, án þess að setja nefnd í það, því þá er úti um það í þetta sinn. Mjer þætti æskilegt, að stjórnin fengi tækifæri til að segja álit sitt um það sem fyrst, og vona því að það fái að ganga gegnum þessa deild, *jeg vil ekki segja umræðulaust*, því það er svo merkilegt mál, að við því er búið, að það verði talsverðar umræður um það, en sem allra viðstöðuminnst.

Landshöfðingi: Í þessu máli er eitt merkilegt atriði, sem h. 1. þingm. Eyf. (Kl. J.) eigi minntist á. Þetta atriði er það, að ef þetta frumv. yrði að lögum, þá er hætt við að þar með sje loku fyrir það skotið, að stúdentar hjer frá skólanum fengju inntöku á háskólann, vegna þess að gríska er gert að skilyrði fyrir því að stúdentar verði skrifaðir í stúdentatölu við háskólann. Gríska er lögboðin við alla skóla í Danmörku og þess vegna er hætt við, að stúdentar hjeðan mundu ekki fá aðgöngu á háskólann á sama hátt og danskir stúdentar.

Afnám gríkunnar hefir einnig þýðingu fyrir þá, sem ætla sjer að fara á prestaskólann, því þar er gríkukunnátta sjerstaklega heimtuð, og það sett sem skilyrði fyrir inntöku stúdenta, að þeir hafi áður tekið próf í grísku. — Þegar stjórnin ljet í ljósi álit sitt á þessu máli við þingið áður fyrr, þá voru það bæði kennararnir við Möðruvallaskólann og Reykjavíkur lærða skóla og kennslumálastjórnin í Kaupmannahöfn, sem hjeldu því fast fram, að eigi mundi nægja minni lærdómstími á hinum sameinaða skóla en 8 ár. Annars skal jeg láta þess getið, að álits kennenda og yfirstjórnenda skólans og síðan yfirumsjónarmanns kennslumálanna í Danmörku og jafnvel háskólans mun verða leitað, ef svo færi, að frumvarpið yrði samþykkt af þinginu, og gangi álit nefndra kennsluvalda á móti frumv., efast jeg um að ráðgjafinn sjái sjer fært að mæla fram með því að frumvarpið verði staðfest. Jeg fyrir mitt leyti álít það varúðarvert fyrir þingið að samþykkja þetta, því það mundi varla ná staðfestingu.

Auk þessa finnst mjer ýmislegt vera athugavert við frumvarpið, eins og það liggur hjer fyrir. Nú er ekki unnt að leggja fje úr landssjóði, til þess að

byggja nýtt hús á Akureyri handa gagnfræðaskólanum á Möðruvöllum, því fjárlögin veita enga heimild til þess, og þar sem þau eru nú afgreidd, yrði fjárveiting til þess að bíða næsta þings. Sömuleiðis tel jeg það galla á frumv., þar sem ráðgert er, að landshöfðingi skuli semja reglugjörð fyrir skólann. Nú sem stendur er reglugjörðin staðfest af konungi, og þó að frumvarp þetta þætti að öðru leyti aðgengilegt, þá gæti ákvæðið um að landshöfðingi skuli semja reglugjörðina orðið því að fótakefli.

Jón Þórarinsson: Eptir ræðu hæstv. landshöfðingja og upplýsingar þær, sem hann hefir gefið, get jeg verið stuttorður, vegna þess að mjer hafði að eins dottið í hug að gera fyrirspurn til landshöfðingja um það, hvort frumvarpið mundi ná staðfestingu með þessum fyrirmælum um kennslu gömlu málanna. Jeg sleppi því spurningunni, eptir að jeg hefi heyrt ummæli landshöfðingja. Jeg fyrir mitt leyti álít, að afnám grískukennslu væri eigi til skaða og jafnvel ekki heldur afnám latínukennslunnar, og í sambandi við þetta vil jeg benda á Norðmenn, sem eigi hafa grísku eða latínu sem skyldunámsgrein í skólum sínum. Því er nú ekki lengur neitað, að menn geti verið vel menntaðir, þó þeir ekki hafi lært grísku eða latínu. Mjer þykir leiðinlegt, hvað naumur tími er fyrir höndum, svo ekki er unnt að setja nefnd í málið, eins og jeg hafði þó hugsað mjer. En eins og nú stendur, vil jeg ekki stinga upp á því.

Það eru nokkur atriði, sem mjer þykja athugaverð við frumvarpið, fyrir utan það, sem hæstv. landshöfðingi og h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) tóku fram, en um það mun jeg koma með breyt.till. við 2. umræðu.

Valtýr Guðmundsson: Það gleður mig að frumv. þetta hefir komið fram, vegna þess að það fer í sömu stefnu og jeg hef áður hallazt að. Jeg vil gera meira fyrir gagnfræðamenntun en latínumenntun, vegna þess að jeg vil ekki tæla menn á þá braut. Því það, að svo margir efnilegir menn ganga embættisveginn, er hinum öðrum atvinnugreinum manna til fyrirstöðu. Jeg álít heppilegra að veita efnismönnum þjóðarinnar tækifæri til að fá líka menntun fyrir önnur störf, heldur en nær eingöngu fyrir hina eiginlegu embættisstöðu. Sá eini gagnfræðaskóli, sem vjer nú höfum sem ríkisskóla, sem sje Möðruvallaskólinn, er of lítill. Ár frá ári sækja margfalt fleiri um hann en rúm er fyrir — í ár því nær helmingi fleiri —, og er því full þörf á að hann sje stækkaður. Gagnfræðakennslan við lærða skólann mundi verða mikið notuð, og án efa koma að heppilegum notum.

Eins og hæstv. landshöfðingi tók fram, gæti verið sá agnúi á þessu, að stúdentar hjeðan fengu ekki aðgang að háskólanum. En þó álít jeg það óvíst, og í sambandi við þetta vil jeg geta þess, að skólum í Danmörku er skipt í 2 deildir, historisk-filosophisk og mathematisk-naturvidenskabelig, og lesa hinir síðartöldu ekkert í grísku og lítið í latínu, en taka viðbótarpróf í latínu, ef þeir vilja komast að háskólanum til þess að nema þær greinir, sem útheimta slíka kunnáttu. Sama gæti því átt sjer stað einnig hjer. Það var fyrir nokkrum árum talað um afnám griskunnar í skólum í Danmörku. Scavenius kennslumálaráðgjafi var þessu máli hlynntur, og sömuleiðis helzti grískukennarinn við háskólann. Gerðu menn þá ráð fyrir sjerstöku undirbúnings-»cursus« í grísku fyrir guðfræðinga, til þess þeir gætu stundað nám sitt. En

ef ekki er fyrir aðra unnið en guðfræðingana eina, þá finnst mjer ekki rjett að íþyngja hinum. Eitt finnst mjer og að mætti gera, og það er að veita sjerstakan styrk til viðbótarprófs fyrir guðfræðinga Jeg man það, að prófessor Gertz sagði það í opinberu álitsskjali, að hann hefði meiri ánægju af að lesa góðar þýðingar úr grísku, heldur en frummálið sjálft, vegna þess, hvað gríska væri þungskilin, og er hann þó einhver ágætasti fræðimaður í grísku. Þegar nú kennararnir láta svona skoðanir í ljósi, hvað getum við þá ímyndað okkur að lærisveinarnir segi? Í Danmörku er málið komið á þann rekspöl, að þess verður varla lengi að bíða, að gríska verði afnumin þar sem skyldunámsgrein. Þess vegna er jeg ekki viss um að stjórnin taki svo illa í þetta frumvarp En þó mundi hún fyrst verða að leita samþykkis háskólastjórnarinnar og kennslumálastjórnarinnar og er ekki víst, að það mundi ekki mæta svo mikilli mótspyrnu. — Það gerði ekki svo mikið til, þó frumvarpið yrði samþykkt, áður en þetta væri komið í kring.

Að því er snertir nauðsyn grískunnar fyrir guðfræðinga, þá er jeg persónulega á þeirri skoðun, að hún sje ekki eins nauðsynleg og menn vilja halda, og jeg get ekki skilið að guðfræðingarnir skilji betur meiningu biblíunnar á frummálinu en í góðri þýðingu. Stúdentarnir bæta sig ekki mikið á að lesa frummálið á henni, heldur en góðri útleggingu. Raunin mun vera sú. Og jeg vil biðja h. þingmenn, sem í prestsstöðu eru, að hugsa sig um, hvort þeim ekki optast verði fyrir að fara í útleggingunа og ekki í frummálið, er þeir semja ræður sínar og nota tilvitnanir úr biblíunni. Þetta tel jeg engum vafa undir orpið. En meðan þetta álitist nauðsynlegt, þá ættu guðfræðingar að geta fengið sjerstaka kennslu í grísku, og mun nefndin hafa gert ráð fyrir að þeir gætu fengið hana í sjálfum latínuskólanum. En þeir, sem færu til Kaupmannahafnar, mundu þá geta tekið próf þar.

Hitt, sem hæstv. landshöfðingi tók fram, finnst mjer enn athugaverðara, nefnilega, að ekki gæti fengizt húsrúm á Möðruvöllum, en ef til vill kynni þetta að geta lagazt í meðferð málsins. Sömuleiðis er jeg hæstv. landshöfðingja samdóma um samning reglugerðarinnar. En aptur á móti er jeg honum ekki alveg samdóma um það, að lærdómstíminn þyrfti að vera 8 ár, og að jeg þykist vita, að umsjónarráð kennslumálanna muni í áliti sínu hafa miðað við annan aldur en hjer er gert, og geta ungir menn eigi numið eins mikið og þeir, sem eldri og þroskaðri eru. — Í Danmörku er aitítt, að þeir, sem taka stúdentspróf utan skóla, gera það eptir 3 ára lestur. Þegar menn nú geta þetta í Danmörku, þá ætti að vera unnt að koma þessu eins fyrir hjer og það ekki sízt, ef menn hefðu fengið undirbúning á gagnfræðaskóla. Flestir þessara manna, sem jeg nefndi, eru utan af landi í Danmörku og orðnir fullorðnir, þegar þeir byrja, og vilja því flýta sjer við nám sitt. Handa þess konar mönnum er veittur sjerstakur peningastyrkur at ríkissjóði. Jeg mæli þess vegna mjög með því, að frumvarp þetta nái fram að ganga. Ef til vill yrði það ekki staðfest að sinni, en ef það yrði samþykkt af þinginu, gæti það orðið til þess að stjórnin undirbyggi málið betur.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umræðu með 16 samhlj. atkvæðum.

Frumv. til laga um aðra skipun læknishjeraða á Íslandi o. fl. (C. bls. 303, 479, 494); frh. 1. umr.

Framsögumaður (Þórður Thoroddsen): Eins og menn muna, kom tillaga fram á síðasta þingi um það, að stjórnin undirbyggi endurskoðun læknaskipunarlaganna, og við umræðurnar var bent á þann veg, sem þingið ætlaði að rjettast væri að fara við undirbúning þennan, það er að segja, að leita skyldi álits sýslunefndanna um, hvernig læknishjeruðum skyldi hagað. Stjórnin tók vel undir þessa málaleitan þingsins; álits sýslunefnda var leitað og tillögur þeirra hafa komið; en stjórnin gerði meira; hún leitaði álits amtsráðanna um málið. Enn fremur hefir lækna fundur fjallað um það. Eptir þennan undirbúning samdi stjórnin frumv. það, sem lagt var fyrir þingið, og lagði þar til grundvallar tillögur amtsráðanna.— Í stjórnarfrumv. er lagt til, að Íslandi skuli skipt í 40 læknishjeruð. Þetta er nokkuð á annan veg en hjá sýslunefndunum, sem fóru fram á að læknishjeruðin yrðu 50; amtsráðin álitu þetta óþarflega mikið, og á áliti þeirra hefir stjórnin byggt. Nefndin í málinu álítur og að þetta sje viðunanleg fjölgun fyrst um sinn, og að ekki beri brýna nauðsyn til að fjölga læknum meira í bráð en stjórnin og h. efri deild fer fram á, einkum þar sem nú stendur eru ekki til læknar í öll þessi embætti, því síður fleiri. En það mun óhætt mega fullyrða, að þegar litið er á tillögur sýslunefndanna, þá mun mega búast við, að bráðum verði farið fram á að fjölga læknisembættunum enn meir. Nú liggur t. d. fyrir þinginu beiðni frá Bíldudal um að þar verði skipaður nýr læknir, en nefndin hefir ekki sjeð sjer fært að taka hana til greina.

Jeg verð að telja, að þetta frumv. sje góð rjettarbót bæði fyrir þjóðina, að því leyti að læknum á að fjölga, og fyrir læknana, sjerstaklega fyrir hina svo kölluðu aukalækna, að því leyti að kjör þeirra verða bætt.

Eptir uppástungu stjórnarinnar áttu laun læknanna að verða dálitlu hærri en háttv. efri deild hefir sett þau. Að sjálfsögðu hefir þessi launahækkun í för með sjer dálítinn útgjaldaauka fyrir landssjóð, en nefndinni fannst ekki í það horfandi, þegar litið er á gagn það, sem hún að öðru leyti getur gjört. — Eptir stjórnarfrumv. nemur launahækkunin 17,000 kr. á ári. H. efri deild hefir lækkað launin dálítið en bætt um leið við einu læknishjeraði; eptir frv. efri deildar verður hækkunin á læknalaunum frá því sem nú er 14900 kr. Nefndin hjer í deild hefir lækkað dálítið útgjöldin fyrir landssjóð með því, að hún vill láta fleiri hjeruð vera í 4. flokki en h. efri deild fer fram á, en um leið hefir hún bætt við einu læknishjeraði, svo að útgjöldin verða hjer um bil hin sömu og h. efri deild gjörir ráð fyrir.

Eins og sjá má á nefndarálitinu, hefir nefndin ekki gjört mikla breyting á frumv. efri deildar; hún hefir bætt við einu læknishjeraði í Norður-Þingeyjarsýslu, af því að þeir af nefndarmönnum, sem þar eru kunnugastir, töldu ókleyft fyrir einn lækni að þjóna því hjeraði, sem þar var ákveðið, og ókleyft fyrir hjeraðsbúa að ná til þessa eina læknis; svo hefir og nefndin á tveim stöðum breytt hjeraðaskipun á þann veg, sem þeir, er þar voru kunnugastir, álitu hentugast.

Annars hefir nefndin ekki gjört breytingar að öðru leyti, en að hún hefir nokkuð breytt töxtunum á læknishjálp; reyndar telur hún þá breyting ekki þýðingarmikla, en álítur þó tillögur sínar heppilegri og sanngjarnari. — Tveir af meðnefndarmönnum mínum hafa skorizt úr leik, og eigi getað orðið

ásáttir við hinn hluta nefndarinnar um launin, að því leyti að þeir vilja ekki láta læknana í 4. flokki hafa eptirlaunarjett. Jeg gjöri ráð fyrir, að þeir muni sjálfir færa ástæður fyrir skoðun sinni, og mun jeg því að eins sýna, hvert var sjónarmið meiri hlutans, og hvers vegna hann gat ekki fylgt háttv. minni hluta. Meiri hlutinn áleit það hvorki heppilegt fyrir læknana nje þjóðina, að gjöra þetta misrjetti þeirra á milli; hann áleit að með því yrðu launin of misjöfn; að 1300 kr. án eptirlaunarjettar væru oflangt fyrir neðan 1500 kr. með eptirlaunarjetti. Það má ekki líta á launaupphæðina eingöngu, heldur verður og að grannskoða, hvaða áhrif eptirlaunarjetturinn hefir á árslaunin. Jeg skal gjöra ráð fyrir, að læknir með 1300 kr. launum þjónaði embætti í 30 ár, og yrði síðan að segja af sjer embættinu fyrir ósjálfráðar sakir. Ef þessi maður hefir eptirlaunarjett, þá á hann að fá $^2/_3$ af launinum, 1300 kr., í eptirlaun eða 867 krónur á ári. Sami maður, sem ekki hefir eptirlaunarjett, verður til þess að hafa jafnmikið til að lifa á, þegar hann sleppir embætti, að leggja upp ákveðna upphæð á ári. Ef þessi maður, sem jeg tók til dæmis, lifði í 10 ár, eptir að hann ljeti af embætti, þá þyrfti hann að leggja í sjóð 289 kr. á ári í þessi 30 ár, til þess að geta haft eins mikið til að lifa á, eins og ef hann hefði haft 867 króna eptirlaun úr landssjóði. Ef því á allt er litið, þá er sá munur á 1300 krón. með eptirlaunarjetti og 1300 kr. án eptirlaunarjettar, að hlutfallið verður hjer um bil eins og 13 móti 10, eða með öðrum orðum 1300 kr. laun án eptirlaunarjettar eru ekki betri en 1000 kr. laun með eptirlaunarjetti.

Má því segja að launin í þriðja flokki sjeu 1500 kr., en í fjórða flokki verði þau 1000 kr. Það virðist hvorki heppilegt nje sanngjarnt að hafa þennan mun svo mikinn, einkum þar sem munurinn er svo lítill milli hinna flokkanna. Þegar litið er á málið frá sjónarmiði þjóðarinnar, má gjöra ráð fyrir, eins og hingað til hefir sýnt sig, að um þessi lægst launuðu embætti sæki ekki aðrir en hinir lökustu meðal læknastjettarinnar, og afleiðingin verði sú, að þessi hjeruð verði út undan með góða læknishjálp, án þess að hafa þó öðrum fremur til þess unnið. Læknarnir hugsa að sjálfsögðu um að komast sem fyrst í burtu, og verða því ekki annað en eins konar hlaupagosar eða lausamenn í þessum hjeruðum. — Þeir geta ekki sætt sig við sveitina, og vilja ekki festa þar bú; hjeruð þessi fara því á mis við það hagræði, sem önnur hjeruð hafa af því að hafa hjá sjer menntaðan og góðan fjelagsmann, er vill verja fje og kröptum í þjónustu sveitarinnar.

Ennfremur hefir þetta tilbakaverkandi áhrif á læknaskólann; þegar stúdentar sjá, að þeir, við það að ganga hjer á læknaskólann, hafa ekki von um annað en lökustu embættin að afloknu námi, þá mun sjálfsagt svo fara, að allir, sem geta, munu gjöra sjer það að reglu að sigla til háskólans, til þess að geta síðar meir átt von á að ná í beztu embættin. Þetta fyrirkomulag mundi því reynast, ef ekki banatilræði við læknamenntunina hjer á landi, þá þó vont högg í hana.

Auk þess mun landssjóður græða fjarska lítið á þessu, svo að frá hans sjónarmiði virðist ekki ástæða fyrir h. minni hluta að halda máli sínu til streitu. Það má telja það sjálfsagt að læknarnir í lægstu embættunum reyni að komast í betri embætti, og þeim mun flestum takast það, svo að flestir eða jafnvel allir verði þeir búnir að fá eptirlaunarjett, þegar þeir segja af sjer

embættum; eini sparnaðurinn gæti orðið sá, að þessir menn, við það að þjóna fyrst embætti án eptirlauna, fengi nokkru lægri eptirlaun, vegna þess að þeir þjóna færri ár í embætti með eptirlaunarjetti. Þegar þess er ennfremur gætt, að reynslan er sú, að læknar komast sjaldan á eptirlaun, þá er varla um sparnað að ræða með því að svipta þá eptirlaunarjetti, að því er þá sjálfa snertir; sparnaðurinn kæmi þá helzt niður á ekkjum lækna og munaðarlausum börnum þeirra, eða einmitt þar, sem þingið sýnist einna sízt eiga að leggjast á með smámunalegri sparsemi, enda tel jeg líklegt að þjóðin mundi kunna því litlar þakkir fyrir það.

Af þessum ástæðum hefir meiri hlutinn ekki getað aðhyllzt skoðun h. minni hluta.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Till. til þingsályktunar um að ráða norskan verkfræðing til að kanna brúarstæði (C. bls. 391); fyrri umr.

Framsögumaður (Tryggvi Gunnarsson): Aðaltillaga nefndarinnar í brúamálinu er sú, að þingið tæki nú þá stefnu, að fá fyrir framtíðina yfirlit í einu lagi yfir brúarstæði á öllum þeim stórám, sem óhjákvæmilegt er að brúa á næstu tveim áratugum og áætlan um kostnaðinn við þær brúargjörðir. Jeg held öllum megi vera ljóst, að gott sje að hafa yfirlit þetta, þótt auðvitað ekki sje hægt að byggja allar nauðsynlegar brýr í einu. Vjer höfum dæmið á þessu þingi; nú hljóta menn að ráða frá tveim brúargjörðum fyrir þá sök, að málið er ekki nærri nógu vel rannsakað og undirbúið. En væri það gjört, sem tillagan fer fram á, þá þyrfti slíkt varla að koma optar fyrir.

Hjer í deildinni hefir verið farið fram á það, að veita fje til þess að brúa Jökulsá í Axarfirði. Ef fyrir þinginu lægi nú greinileg skýrsla um aðrar ár, sem líka er nauðsynlegt að brúa, þá mundi það ekki koma til mála að Jökulsá yrði fyrst brúuð, því að til eru aðrar ár, sem jeg er viss um að þingið mundi telja sjálfsagt að ættu að sitja í fyrirrúmi fyrir henni. En af því allar upplýsingar vantar um þær ár, og um kostnaðinn til brúagjörðar á þær, en hjer liggur fyrir lítils háttar lýsing af brúarstæði á Jökulsá, þá hefir þó komizt svo langt, að hjer hefir verið rætt frv. um brúargjörð á hana.

Þegar yfirlit er fengið yfir nauðsynlega brúagjörð um land allt, þá getur þingið smátt og smátt valið úr ár til brúagjörða, eptir því sem efnin leyfa og þörfin er brýnust.

Þetta var nú eitt atriði tillögunnar. Annað atriði er það, að útvega skuli æfðan, norskan verkfræðing, til þess að framkvæma skoðunargjörð þessa og undirbúning. Þegar þetta atriði kom til umræðu við fjárlögin, sagði jeg, að hjer væri um svo mikilsvert og vandasamt verk að ræða, að ekki væri of mikið, þó tveir menn ynnu að því, bæði verkfræðingur landsins og hinn norski verkfræðingur, og jeg benti á, að það gæti margborgað sig að fá hann.

Nú var við 3. umr. fjárlaganna felld burt fjárveitingin til norska verkfræðingsins, en það þarf þó ekki beinlínis að hafa verið af því, að h. deild vildi ekki hafa sem bezt hæfan mann til að framkvæma skoðunargjörðina, heldur getur það hafa komið til af því, að h. deild hafi þótt það of dýrt að launa tvo menn af landsfje. Jeg vona, að þegar h. deild hefir haft tíma til að hugsa sig betur um þetta, þá átti hún sig á því, hve afarnauðsynlegt er að fá sem allra bezt hæfan mann til að ákveða brúarstæði hjer á landi og gjöra

áætlun um bygging brúnna og kostnað við hana.

Jeg veit ekki, hvort vjer eigum nú kost á að fá aptur vorn góða vin Hovdenak; en jeg hefi staðið í brjefaviðskiptum við hann og veit að hann langar til að koma hingað aptur, ef hann gæti unnið landinu gagn með komu sinni, því að hann ann því svo mjög enn þá. Sem sagt veit jeg ekki með vissu, hvort hann getur fyrir öðrum störfum komið hingað, en ákjósanlegast væri að fá hann, eða annan mann jafnhæfan honum, til þess að leysa starf þetta af hendi.

Þó svo færi að fjárveitingin væri felld hjer í deild, þá er auðgjört að koma henni inn í fjárlögin, þegar þau verða aptur rædd hjer í h. deild, ef hún vill nú samþykkja tillöguna. En fari svo, að feldur verði liðurinn um að útvega norskan verkfræðing, þá álít jeg líka alveg rjett, að tillagan um að skoða svo og svo mörg brúarstæði falli, því að það var samhljóða álit vort í nefndinni, að vjer treystum ekki þessum hálaunaða verkfræðingi landsins til að framkvæma þessa skoðunargjörð. Án þess að fjölyrða meira um tillöguna, óska jeg að h. deild vilji samþykkja hana.

Jens Pálsson: Nefndin þykist ekki bera traust til verkfræðings landsins til að skoða brúarstæði þessi, en þar get jeg ómögulega verið henni samdóma, og álít að hún hafi enga ástæðu til slíks vantrausts. Jeg veit ekki til að honum hafi misheppnazt neitt, sem hann hefir átt að gjöra, og veit ekki betur en að hann hafi starfað dyggilega, eptir því sem heilsa hans og ástæður hafa leyft, þann tíma, sem hann hefir verið hjer.

Jeg get ekki lagt mikla áherzlu á það, þótt hann hafi ekki kannað botninn í Lagarfljóti, því að eptir lýsingu þeirra h. þm., sem þar eru kunnugir, er það engum efa bundið, hvernig sá botn er. Það getur engin hætta verið á að hann sje í neinu viðsjárverður; það er malarbotn, dýpið 3—6 fet og straumur enginn, vatnið lygnt og auðsætt að botninn liggur ávallt undir hjer um bil jöfnum vatnsþunga.

Jeg get vel skilið að Windfeld-Hansen gjörði athugasemd um þetta, einmitt af því að hann er maður vita ókunnugur.

Jeg skil varla í að brúagjörðir hjá oss muni halda áfram með þeim flughraða á næstu árum, að landsverkfræðingurinn komist ekki yfir að skoða þær ár, sem þörf er á, sjer í lagi þar sem nú hefir verið samþykkt að veita 1500 kr. til aðstoðarmanns við minni háttar vegalagningar. Jeg held því að það sje óþörf eyðsla að vera að kasta út fje til útlendra verkfræðinga eins eða fleiri.

Jeg get ómögulega verið með að samþykkja ástæðulausa vantraustsyfirlýsing til þessa þjónustumanns landsins.

Pjetur Jónsson: Jeg vildi að eins spyrja framsm. (Tr. G.), hvaða vatnsfall það væri hjer á landi, brúarlaust og vaðlaust milli fjalls og fjöru, sem meiri umferð væri yfir en Jökulsá í Axarfirði?

Þórður Guðmundsson: Það er hvorttveggja að það er mikil framför hjá oss í brúagerðunum, enda er það ekki lítið að ætla að verja allt að 15,000 kr. til verkfræðinga um fjárhagstímabilið. Mjer er ekki ljóst, hvort þörf er á allri þessari fjárveitingu; en það er að heyra á framsögum. að Sigurður Thoroddsen sje ekki fær um þessi verk; en sje svo, þá er líka upphæðin til hans of há, eða ástæðulaus. En það verður víst ekki með sanni sagt, að Sigurður Thoroddsen sje ekki fær til þessara verka, og varla verður framkvæmdin svo bráð hjá oss í brúagerðunum, að áætla þurfi 7 brýr á ári. Jeg sje enga

brýna nauðsyn á að vera að panta þenna norska verkfræðing, og rýra svo verksvið Sigurðar Thoroddsens, að hann fái lítið að gera, en hafi þó sömu laun sem áður.

Framsögumaður (Tryggvi Gunnarsson): Tveir h. þm. hafa sagt, að það væri ástæðulaust, sem nefndin hefir borið fram. En jeg held jeg raupi ekki um of, þótt jeg álíti mig færari en h. þm. Dal. (J. P.) til að dæma um brúagerðir. Jeg hef unnið talsvert meira að brúagerðum heldur en hann, og ætti því að hafa betur vit á þeim.

Jeg játa, að það er óþægilegt að þurfa að tala á þessum stað um einstaka nafngreinda menn, en jeg er nærri neyddur til þess, þar sem á að gjöra ómerk orð mín og nefndarinnar, enda verða þeir, sem eru í opinberri stöðu, launaðir af landinu fyrir vissan starfa, að finna sig í því, þó fundið sje að verkum þeirra, þegar ástæða er til þess.

Í máli því, sem hjer liggur fyrir, er full ástæða til að fullyrða, að ónægileg hafi rannsóknin verið á Jökulsá og Lagarfljóti, bæði hvað brúarstæði og botn snertir, og mörg fleiri dæmi má nefna af því, sem þessi verkfræðingur landsins hefir gjört, og fullkomin ástæða er til að láta í ljósi óánægju sína yfir; t. d. var það á hangandi hári, að margt manna dytti í ána og drukknaði, þegar brúin á Þjórsá var vígð. Brúarstöpullinn að austan færðist til eða lyptist upp, þegar tæplega 100 manns voru komnir út á brúna, og hefði sjálfsagt farið lengra, ef allt fólkið hefði ekki verið rekið af brúnni strax. En þegar brúin á Ölfusá var vígð, þá fóru í einu yfir hana 300 manns, og sakaði ekki. Verkfræðingur þessi var tilsjónarmaður og fulltrúi landsins, hann átti að gæta þess, að allt væri vandlega gjört, og hefði átt að bera ábyrgðina, þegar út af bar. Það reyndist 3—4 vikna verk fyrir nokkra menn að bæta úr því, sem hjer var áfátt, og litlu betur er ástatt með stöpulinn að vestan.

Jeg vissi það frá Ölfusárbrúnni, hve hættulegt er að rannsaka ekki klappir þær, sem brúarstólparnir eiga að byggjast á; en hjer við Þjórsá var ekki einu sinni moldinni mokað ofan af að vestanverðu, til þess að líta á klöppina, enda reyndist það síðar að klöppin er hættulega klofin og sprungin, svo sýnilegt er, að hún getur ekki staðið nema með talsverðri viðgjörð og helzt á næsta sumri. Auðvitað má einnig ásaka hinn enska brúarsmið fyrir þetta, en þó er það enn ásökunarverðara af umboðsmanni landsins, sem átti að gæta þess hags.

Þegar sami verkfræðingur, Sigurður Thoroddsen, var að byggja í fyrra sumar stólpa undir brúna á Blöndu, þá var auðsjeð að cement mundi vanta til að fullgjöra þá; var hann því minntur á að panta cement með næstu gufuskipsferð, en hann svaraði þeim, er það gjörðu: »Passa þú þitt, jeg passa mitt«' og skeytti því ekki að öðru. En reynslan sýndi að cement þraut, svo að hætta varð við stöplasmíðið í miðju kafi. Mennirnir urðu að fara suður hingað, og verkinu varð ekki lokið fyrri en í vor.

Enn þá er eitt dæmið: Einar vegfræðing Finnsson greindi mjög á við landsverkfræðinginn um brúarstæði á Öxará á Þingvöllum. Einar vildi byggja brúna á klöpp nokkru ofar, en verkfræðingurinn vild í byggja hana neðar, þar sem er laus sandbotn, og hún þar að auki varð að vera miklu lengri. Jeg hef nú hjer sagt frá því einu, sem margir kunnugir þekkja. En jeg gæti fyllt 2 blaðsíður í alþt. með líkum sögum, þótt ekki sjeu þær eins hljóðbærar. En jeg ætla að hlífast við að segja

þær að þessu sinni, nema jeg verði beint knúinn til þess.

Jeg hef opt sjeð í einu vestfirzku blaði strangar kröfur gerðar til embættismanna landsins, og ekki hlífzt við að finna að verkum þeirra. Maður sá, sem hjer er rætt um, er í opinberri stöðu, þótt ekki sje hann embættismaður heldur starfsmaður landsins, og getur hann því búizt við að fundið sje að því, sem ófullkomið er, og einnig að þingið ráði annan verkfræðing í hans stað, ef því svo sýnist, þar sem hann hefir ekkert fast embætti. Þm. Dal. (J. P.) sagði, að ekki væri unnt að verja betur 3000 kr., en þessum þrjú þúsund kr., sem greiddar eru til þessa manns; jeg álít þetta öfgar einar, og held að þm. vanti verklega þekkingu til þess nokkuð að geta dæmt um þetta.

Þorlákur Guðmundsson: Eptir 3. gr. tillögunnar skilst mjer meining nefndarinnar vera sú, að hagnýta alls ekki þennan landsverkfræðing, því að norskur verkfræðingur á að gera allt utan smávik ein, sem ætla má að 1500 kr. aðstoðarmaðurinn geti gert. En hvað á þá landsverkfræðingurinn að gera? Það er auðsjáanlega tilgangurinn að setja hann af. En því er það þá ekki sagt hreint út með berum orðum? Það hefði verið miklu viðkunnanlegra, að nefndin undir umræðunum um fjárlögin hefði komið með beina till. um að strika laun hans út.

Út af því, sem h. þm. Dal. (J. P.) talaði um Lagarfljót, get jeg ekki bundizt þess að lýsa yfir því, að jeg verð að telja það óheppilegt að Lagarfljótsbotninn var ekki skoðaður.

Út at brúarstæðinu við Öxará vil jeg víkja einni spurningu til h. þm. Dal. (J. P.), sem verið hefir prestur á Þingvöllum og er þar því nákunnugur. Hvort álítur hann heppilegra að brúa ána á fossinum eða eyrunum? Jeg bið hann að svara mjer því skýrt og skilmerkilega, hvort hann álítur hyggilegra. Um hitt, hvort dýrara muni verða, getum við svo talað um síðar.

Jens Pálsson: Út af því, sem h. 1. Árn. (Tr. G.) talaði um afskipti Sigurðar Thoroddsens af Þjórsárbrúnni, verð jeg að segja, að jeg er á allt annari skoðun en hann um það mál. Þegar Sigurður kom til sögunnar, þá var brúarstæðið samþykkt og sömuleiðis uppdrættir af brúnni og áætlun með útreikningi um lögun, þyngd og stærð stöplanna, og allt þetta var ákveðið og afmarkað af öðrum manni, hinum enska verkfræðing, sem falið hafði verið á hendur að gera brúna, og mun einnig hafa verið yfirskoðað og samþykkt af ráðanaut stjórnarinnar, Windfeldt Hansen. Staða Sigurðar var því í því fólgin, að sjá um að það væri unnið, sem lofað hafði verið að vinna, og að það væri samkvæmt teikningum þeim og áætlunum, sem búið var að samþ. Hafi steinstöplarnir verið of ljettir, þá hefir það verið að kenna teikningunni og áætluninni, en hvorugt hafði Sigurður Thoroddsen til búið. Hann hafði víst enga heimild til að fyrirskipa hinum enska ingeniör að haga þessu öðru vísi en samkvæmt áður samþykktum teikningum og áætlunum. Jeg hef aldrei heyrt um það talað fyrri, að umsjón Sigurðar hafi verið í neinu áfátavant.

H. 2. þm. Árn. (Þorl. G.) vil jeg svara því upp á þá spurningu hans, hvar jeg álíti hagkvæmast og bezt brúarstæði á Öxará: þar sem Öxarárbrú var til forna, og þar átti vegurinn að liggja að. En ef brúin er lögð á neðra fossinum, þá er þess að geta, að klöppin er þar sprungin, þótt hún ef til vill geti enzt lengi; en vegur þar að yrði miklum mun dýrari. Sje brúin lögð á eyrunum, þarf hún að vera lengri og

þar verður hún að vera nokkuð há til að ná yfir jakaburð. En verði brúin lögð þar, verður vegurinn miklum mun ódýrari. Verði brúin lögð við neðri fossinn, þá verður hún að leggjast þar uppi á sjálfum hamrinum hæst, því Öxará svellur þar opt hátt. En það skal jeg játa, að brúin sjálf yrði þar ódýrari. En um það, hvort betra væri, um það er hvorki jeg nje líklega neinn hjer í salnum fær til að dæma.

Einar Jónsson: H. framsögum. (Tr. G.) gat þess, að það hefði enginn ágreiningur verið í nefndinni, og það er satt að svo miklu leyti, að jeg gerði ekki formlegan ágreining; en jeg lýsti yfir því í nefndinni, eins og jeg endurtek það og hjer, að jeg hef ekki haft fyrir mjer um ótullkomleika þessa verkfræðings nema óstaðfestar lausasögur, sem jeg verð að láta eiga sig; enda sýni jeg í ágreiningsatkvæði mínu, að jeg ber fullt traust til landsverkfræðingsins, að því er brúna á Lagarfljóti snertir. En hitt er það, að jeg áleit að hann hefði eigi nægan áhuga á starfi sínu, sem seinlæti hans með teikningarnar, sem átti sjer stað, eptir að hann hafði skoðað brúarstæðin, virtist benda nægilega á. Jeg vissi þá ekki það, sem jeg síðan hef fengið að vita, að verkfræðingurinn var erlendis og veikur mikið af tímanum. En þó býst jeg við að það hefði getað gengið nokkuð harðara hjá röskum manni. Jeg hef ekki ástæðu til að efa, að verkfræðingnum hafi getað sjezt yfir, eins og framsögum. (Tr. G.) tók fram; en það getur fleirum. Jeg sje eigi næga ástæðu til vantraustsyfirlýsingar fyrir þá sök eina.

Mjer skildist á h. framsögum. (Tr. G.) að vegfræðingur landsins yrði aldrei notaður framar; það var alls ekki meining nefndarinnar, heldur hitt að ráða hinn norska verkfræðing jafnhliða honum, þar sem ekki mundi veita af tveimur. Nú liggur fyrir að brúa Örnólfsdalsá, og er sjálfsagt að vegfræðingur standi fyrir þeirri brúarsmíð; til þess gengur eigi svo lítill tími og verður verkfræðingurinn að vera að mestu bundinn við hana á meðan. Og ef eins mikið kapp verður lagt á að gera þjóðvegi, eins og fjárlögin gera ráð fyrir, þá hefir verkfræðingurinn svo mikið að starfa við þá, að hann hefir varla mikinn tíma afgangs til annars, og veitir þá sannarlega ekki af tveimur. Jeg hygg að h. framsögum. (Tr. G.) hafi ekki hagað orðum sínum um þetta svo ljóst, að hann verði ekki misskilinn af h. deild. Það var einhuga álit vort í nefndinni, að ráða annan verkfræðing til að skoða brúarstæði — en alls ekki sleppa hinum fyrir því. Jeg hefði hugsað mjer, að sá verkfræðingur skoðaði brúarstæði á þeim ám, sem brúa þarf, á öllu landinu og gerði áætlun um það, en þar sem h. þm. Dal. (J. P.) fjekk það út úr tillögunni, að nefndin ætlaðist til að landið hafnaði alveg þeim verkfræðing, sem nú er, þá er það misskilningur.

Jeg get ekki sjeð, að það sje rangt hugsað, að treysta betur manni frá Noregi, sem hefir æfingu og reynslu í brúargerðum þar í landi, því landi, sem er líkast voru að staðháttum, heldur en þeim manni, sem nú er landsverkfræðingur, og er enn lítt æfður. Jeg hef að vísu heyrt, að nú stundi nám við háskólann efnilegur maður, Sigurður Pjetursson, jeg hef að eins heyrt hann nefndan, en honum get jeg ekki treyst betur en þeim, sem vjer höfum nú, meðan hann er alveg óreyndur, og get ekki fallizt á að bíða eptir að hann ljúki námi sínu, heldur fá sem fyrst reyndan og æfðan mann, sem leggi undirstöðuatriðin, sem mest ríður á.

Tal manna hjer í deildinni um þetta mál, hefir hneigzt mest að þeim verkfræðingi, sem vjer höfum nú; jeg vildi óska að menn vildu heldur snúa sjer að aðalatriðunum í þessu máli, sem eru, hvort ekki sje rjett að ráða hingað æfðan verkfræðing til að rannsaka brúarstæði, og hvort ekki sje ráðlegt og tiltækilegt, að brúa margar ár í einu.

Ef þingið hefði fyrir sjer áætlanir um brúargerð á ám á landssjóðsvegum, þá mætti flokka saman þær ár, sem næst liggur að brúa, og bjóða upp til undirboðs brúargerðir á þeim ám. Því slík störf verða því ódýrari sem þau eru stærri, bæði innkaup ódýrari og umsjón ódýrari, þar sem einn maður getur haft yfirumsjón með fleirum en einni brúarsmíð í einu.

En hvað Lagarfljót snertir, þá stendur svo sjerstaklega á með það, að það getur ekki flokkazt með þeim ám, sem jeg talaði um.

Það eru þessi tvö atriði, sem jeg vildi óska að h. þingm. íhuguðu og ræddu.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg vildi að eins geta þess, að jeg sannfærðist alls ekki af ræðu h. þm. Dal. (J. P.) um það, að það brúarstæði, sem verkfræðingur landsins hefir tiltekið á Öxará, sje heppilegt. Jeg verð að segja það eptir minni þekkingu, og það er ekki eingöngu mitt álit, heldur allra kunnugra manna, að sú áætlun verkfræðingsins að leggja brúna á Eyrunum hefir hraparlega misheppnazt.

Þórður Guðmundsson: Jeg vildi einungis taka það fram, að þær upphæðir, sem áætlaðar eru til að framkvæma þetta álit, sjeu óþarflega háar. Ef verkfræðingur landsins, hr. Sigurður Thoroddsen, ekki er fær um að framkvæma það starf, sem á honum liggur, þá er of dýrt að borga 8000 kr. fyrir þann ófullkomlegleika. Jeg skal ekki verja hr. Sigurð Thoroddsen, og ekki álasa, en jeg get tekið undir með h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) að frágangurinn á Þjórsárbrúnni var að ýmsu leyti ófullkominn, og alls ekki svo góður sem æskilegt hefði verið, þó auðvitað hr. S. Thoroddsen sje ekki einum um að kenna, þar sem hann hvorki hafði gert áætlunina nje teikningarnar, og sjálfur meistarinn var viðstaddur. Þetta er auðvitað afsökun, en þar sem hann átti að sjá um smíðina, að henni væri ekki ábótavant, og átti að taka brúna út af landssjóðs hendi, þá er hann ekki algerlega úr sök.

Annars, ef þetta hefði legið greinilega fyrir, þegar fjárlögin voru hjer, þá ætla jeg að rjettast hefði verið að strika styrkinn til verkfræðingsins út.

Skúli Thoroddsen: Þessi tillaga er dauðadæmd, þar sem ekkert fje er veitt til þess að borga þann kostnað, sem af henni flýtur. Það þarf enginn að sjá eptir því, því að hún er alveg óþörf, og miðar að eins til þess að gera landinu óþarfa kostnað, ef hún verður samþykkt, og þingið síðar veitir fje til þess, sem hún fer fram á. Hjer er svo mikið að gera, mörgu að kippa í lag, að það verður ekki gert í einum rykk; heldur verðum vjer að láta oss nægja að gera það smátt og smátt.

H. framsögum. (Tr. G.) hefir blandað mörgu persónulegu inn í þetta mál, sem er mjög óheppilegt, þótt jeg reyndar gæti búizt við því af honum. Hann sagðist hafa meiri reynslu en aðrir þingdm. í brúamálum; en þessari fullyrðingu hans vil jeg eigi láta ómótmælt, því jeg neita því algerlega að hann sje nokkurt »autoritet« í þeim sökum, eða hafi yfir höfuð nokkurt minnsta vit á brúamálum, öðrum fremur. Hann hefir að vísu tekið að sjer brúna á Ölfusá, en fyrir smíðinni stóð útlendur verkfræðingur, sem sagði fyrir og gjörði á-

ætlanir um hvatvetna, og þó að h. þm. Árn. (Tr. G.) hafi máske hafzt við og sleikt sólskinið þar eystra heilt sumar, þá hefir honum varla vaxið vit eða reynsla við það. Reynsla sú, er þingið hafði af þeirri brúarsmíð hans, bendir að minnsta kosti á allt annað en að honum sje treystandi til að koma fram sem »autoritet« í brúamálum. Hann hafði ekki einu sinni vit á að gera »akkord« um smíðina, og kom svo til þingsins á eptir, til þess að biðja um bætur fyrir glópsku sína. Og svo vill þessi maður heimta að þingið líti svo á, sem hann hafi öðrum fremur vit á brúamálum! Nei. Af honum er það sannast að segja, að hann hefir vasazt í mörgu, en ævinlega brúkað meira fje en þurfti.

Það, sem lagt hefir verið til verkfræðingsins, hefir h. þm. Dal. (J. P.) vendilega hrakið. Það er auðvitað ekki að því að finna, þótt menn í opinberum sýslunum sjeu »kritiseraðir«, en sú kritik verður að byggjast á einhverju, styðjast við einhver rök, meir en átt hefir sjer stað hjer. Og þó að h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) þættist geta fyllt heila blaðsíðu með yfirsjónum verkfræðingsins, þá veit jeg annan mann í hálaunaðri sýslan, sem svo margt er að fundið, og svo margar kýmilegar sögur fara af, að fylla mætti heila bók.

Viðvíkjandi því, sem h. þm. N.-Múl. (E. J.) kvartaði um, að dregizt hefði hjá verkfræðingnum að gera áætlun um brúna yfir Lagarfljót frá því í hitt eð fyrra þangað til í ár, þá skal jeg upplýsa, að þá um haustið (1895) sigldi hann til Noregs með leyfi landshöfðingja. Á þeirri utanferð veiktist hann; honum batnaði þá aptur að mestu, en þegar heim kom, lagðist hann á ný, og lá allt til þess um sumarið, að hann fór að starfa að vegagerð. Í október síðastl. fekk hann því fyrst tíma, til þess að gefa sig við þessari áætlun og lagði hana fram í janúar 1897. Þetta get jeg ekki kallað langan tíma, og jeg get ekki skilið að neinn geti furðað sig á honum nema h. 1. þm. Árn. (Tr. G.), hinn mikli reikningsmeistari.

Jeg skal svo ekki fara fleirum orðum um þetta mál, en jeg mun greiða atkv. móti tillögunni, af því að jeg álít að hún sje óþörf og dragi ofmikinn kostnaðardilk á eptir sjer, og að vjer getum látið oss nægja að ákveða brúarstæðin smátt og smátt, eptir því sem verkfræðingnum vinnst tími til frá öðrum störfum.

Framsögumaður (Tryggvi Gunnarsson) Jeg álít að nauðsynlegra sje að brúa mörg vatnsföll fyr en Jökulsá í Axarfirði, t. d. Hjeraðsvötn og Fnjóská, af því að miklu fjölfarnara mun verða yfir þær, en þótt brú kæmi á Jökulsá. Mjer gleymdist að geta þess í ræðu minni síðast.

H. 2. þm. Rangv. (Þórður G.) fór mörgum orðum um kostnaðinn, sem mundi leiða af því að fá æfðan útlendan verkfræðing til þess að skoða brúarstæðin, og gera áætlun um kostnaðinn. Þetta er sama skoðunin og álíka skammsýn eins og hann eða einhver annar flutti hjer í gær, að það væri ókleyft kostnaðarins vegna að hafa heyásetningarmenn. Það væri svo mikil útgjöld fyrir sveitina að borga þeim allt að 100 kr. fyrir ferðalög um sveitina. Það er sami hugsunarhátturinn, sama sparnaðarhugsunin, sem skín út úr þessu hvorutveggja. Hvernig er farið hjer á þingi með áríðandi mál? Þau eru ekki fengin einum manni til umsagna, heldur eru ætíð valdir 3 til 7 menn í nefnd, til að segja sitt álit um málin. Þannig ætti á líkan hátt að vera meiri trygging að tveir menn skoðuðu brúarstæðin, heldur en einn,

einkum ef sá, sem við væri bætt, hefði meiri reynslu og hyggindi.

Jeg er svo innilega sannfærður um, að þó landið þyrfti að borga útlendum verkfræðing 4—5000 kr, ef valið heppnaðist vel, þá sparaðist við brúarbyggingarnar, enda innkaup á brúnum margföld upphæð við þetta.

Jeg sagði frá um daginn, að 3 menn hver í sínu lagi hefðu tiltekið brúarstæði á Þjórsá, og fyrir það að sá staður var valinn, sem brúin nú stendur á, hefðu sparazt landssjóði minnst 20,000 kr.

Jeg er viss um, að ef hjer komi góður útlendur verkfræðingur, þá verður brúin á Lagarfljóti ekki byggð á Einbleypingi heldur nálægt Steinsvaði, vegna kostnaðar og viðhalds; það eitt yrði margfalt stærri upphæð en ferðakostnaður verkfræðingsins hingað.

Það er misskilningur að landssjóður geti ekki risið undir kostnaðinum við ferð eins verkfræðings hingað. Það er misskilningur, að brúa þyrfti allar þessar ár í einu, þótt skoðunin færi fram. Það gætu liðið mörg ár í milli þess að fyrsta og seinasta brúin væri byggð.

Þar sem h. þm. Dal. (J. P.) sagði, að jeg liti skakkt á hlutverk hr. verkfræðings Sig. Thoroddsens við Þjórsárbrúna, þá er h. þm. því ekki kunnugri en jeg. Hann hafði bið sama hlutverk sem Ripperda við Ölfusárbrúna, hann átti að taka við brúnni fyrir landssjóð, sjá um að verkið væri vel af hendi leyst samkvæmt samningum og yfir höfuð sjá um, að peningum landsins væri ekki kastað á glæ, heldur að landið fái fyrir sína peninga það, sem til skilið var. Ripperda gerði áætlun um Þjórsárbrúna og ætlast til að hún væri fastabrú; en Vaughan áleit það ekki heppilegt, svo endirinn varð sá, að brúin skyldi vera hengibrú. En einmitt fyrir þessa breytingu varð það enn meira áríðandi, að tilsjónin væri nákvæm fyrir hönd landssjóðs.

Þar sem h. þm. Ísf. (Sk. Th.) sagði, að jeg hefði ekki vit á brúarsmíði, jafnvel ekki að gjöra einfalda samninga, þá er hann ekki einn til frásagnar um það. En í bráðina ætla jeg að mótmæla þessu sem ósönnu. Jeg get gefið fulla sönnun fyrir því, að jeg er höfundur að Ölfusárbrúnni. Hún er mín hugsun og mitt verk. (*Skúli Thoroddsen*: Enskur verkfræðingur?) Jeg get sýnt og sannað, að þegar stjórnin gjörði samninginn við mig um bygginguna, þá skrifaði hún upp á þá teikningu, sem jeg hafði hugsað út, en ekki á Vindfelt Hansens brúarmynd; jeg hef báðar brúarmyndirnar til sýnis enn þá. Að jeg hafi ekki haft vit á að gjöra samning við stjórnina og brúarsmiðinn, er líka rangt. Það er ósannandi að jeg hafi nokkurn tíma sótt um skaðabætur fyrir brúarsmíðið. En 1893 skrifaði jeg alþingi og skýrði frá því, hvað jeg hefði gert fram yfir samninga. Það stóð þannig á, að þegar jeg fór að rannsaka klöppina, sem brúarsporðurinn átti að hvíla á, þá kom það í ljós að klöppin var margsprungin og skútti fram, svo að jeg varð að sprengja meira en 3 al. framan af henni; fyrir það varð brúin of stutt; svo jeg sendi telegram frá Reykjavík til Vaughans í Englandi, og bað hann lengja brúna um 5 álnir; þessi breyting leiddi af sjer talsverð útgjöld, svo hann gjörði mjer reikning fyrir þennan viðauka upp á 25,000 kr. Auk þessa hækkaði jeg um rúma alin alla brúarstöplana og vegina, sem liggja beggja megin að brúnni, fram yfir samning, auk margs fleira, sem jeg ekki hirði að telja.

Það var borgun fyrir þetta, sem þingið greiddi 1893, en alls ekki skaðabætur nje gjöf. Ef jeg hefði verið eins hirðulaus og verkfræðingurinn með und-

irstöplana, þá væri brúin máske farin niður í Ölfusá nú.

Jeg á miklu fremur þakklæti skilið fyrir Ölfusárbrúna en ámæli. Jeg leit þar aldrei á minn hag, heldur landsins, því jeg hugsaði ætíð sem svo, að þetta væri fyrsta járnbrúin, og undir því, hvernig hún reyndist, væri komið, hvort landsmenn hjeldu áfram brúarsmíðunum; ef hún væri traust og reyndist vel, þá mundu þeir halda áfram og leggja brýr á fleiri ár, en ef brúin misheppnaðist, þá mundi það draga allan kjark úr þeim. Þetta hafði jeg stöðugt fyrir augum, en ekki minn hag, þó að h. þm. Ísf. (Sk. Th.) líklega eptir sínum hugsunarhætti ekki geti skilið þetta.

Jeg skal ekki tala fleira að sinni, en enda á því eins og h. þm. N.-Múl. (E. J.) að heppilegra fyrir málefnið sje að menn haldi sjer frá því persónulega, en sneru sjer heldur að aðalatriðum málsins. Það, sem jeg upphaflega talaði um verkfræðinginn, talaði jeg ekki um hann sem privat-mann heldur sem opinberan starfsmann landsins.

Benidikt Sveinsson: Þó jeg sje í nefndinni, þá finn jeg ástæðu til að lýsa því yfir, að mjer finnast orð þau í nefndarálitinu, sem valdið hafa svo miklum misskilningi, óheppilega valin. Jeg sá það að svo var, og að hægt væri að haga þeim öðru vísi, en mjer sýnast þó orðin standa í því sambandi, að ekki sje hægt að ráða af þeim, að nefndin lýsi nokkru því vantrausti á manni þeim, sem hjer er um að ræða, að ástæða sje til að spinna illdeilur út úr því, sem leiða athygli þingsins frá málefninu sjálfu. Það er bent á, að of lítill tími hafi verið ætlaður til að skoða brúarstæðin eður þá of mikið verkefni fyrir höndum, til þess að einn maður kæmist yfir það á svo stuttum tíma með öðru fleira, því hvernig á með öðru móti að gjöra sjer það skiljanlegt, að botninn t. a. m. í Lagarfljóti, þar sem gjöra átti brúna, skyldi látinn vera órannsakaður? Jeg vona því að þessi misskilningur um persónuna ekki verði til þess að eyðileggja málið.

H. framsm. (Tr. G.) sagði, að Jökulsá í Axarfirði ætti ekki að vera í fyrstu röð, að því er brúargjörð snerti, og t. a. m Hjeraðsvötn ættu að ganga fyrir. Jeg er honum þar alveg ósamdóma um það, og jeg segi það alveg hlutdrægnislaust, að jeg þekki fleiri vötn á landinu heldur en h. framsm. Jeg er alinn upp í Skaptafellssýslu og hef farið um allt Suðurland; auk þess er jeg gagnkunnugur um allt Norðurland og allt austur á Seyðisfjörð; segi jeg það satt, að jeg þekki ekkert vatn, sem meiri þörf er á að brúa, en Jökulsá í Axarfirði, því þar er öll umferð á þessum eina stað við Ferjubakka, en áin opt ófær, og hefir stundum farið svo, að póstur hefir ekki komizt yfir hana, svo dögum hefir skipt. Auk þess verða bæði prestur og læknir að sækja yfir hana. Öðru máli er að gegna með Hjeraðsvötn. Þau þarf að vísu að brúa, því neita jeg ekki, en þau verða opt farin á ís á vetrum, og auk þess er dragferja á þeim, bæði á póststað og hjá Flatatungu. Þessar ár má því ekki bera saman. Brúin á Austurvötnunum hefði auðsjáanlega átt að liggja á póstleið, og álít jeg að það hefði mátt takast að sjá jafn einfaldan hlut fyrirfram.

Hvað viðvíkur harðyrðum h. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) gegn framsm. (Tr. G.), þá álít jeg að hann gengi þar mörgum fetum framar en satt og sæmilegt var. Jeg hef verið með til að skoða Ölfusárbrúna nákvæmlega og get jeg borið um það, að hefði brúin verið gjörð eptir hinni upprunalegu teikningu, þá hefði hún verið ónýt, því það þurfti að lengja hana um 5 álnir vegna þess, að stöpulstæðið að norðanverðu hafði verið ó-

rannsökuð sprungin klöpp. H. framsm. (Tr. G.) bætti úr þessu með því, að leggja fram fje úr sínum eigin vasa, til þess að brúin yrði forsvaranleg, og gat skeð að það hefði orðið ógjört af h. þm. Ísf. (Sk. Th.). Þetta gæti jeg ásamt fleirum þm. lagt eið út á. H. þm. Ísf. (Sk. Th.) veit ekkert um þetta og það þýðir ekkert fyrir hann að þræta. Jeg býðst til þess, hve nær sem hann vill, að ríða með honum austur í Ölfus og útvega þingvitni um þetta. Jeg finn mjer skylt að bera sannleikanum vitni í þessu efni, og svo mikið ætti h. þm. Ísf. (Sk. Th.) að vita og viðurkennna, að satt eigum við að segja hver um annan hjer í salnum, svo mikið eigum við að virða hver annan sem þjóðfulltrúar, að við ekki komum fram með ósannar og ósæmilegar persónulegar getsakir hjer í deildinni hver gagnvart öðrum.

Að öðru leyti skal jeg ekki fjölyrða um þetta mál. Jeg er sannfærður um að nefndarálitið er á rjettum rökum byggt, og jeg er h. framsm. (Tr. G.) samdóma í því, að menn eigi að vanda brúargjörðirnar sem mest má verða, því náttúruhlutföll landsins eru svo iskyggileg og viðsjárverð, að ekki veitir af að íhuga allt sem bezt í öndverðu, þegar stór fyrirtæki eiga að framkvæmast. Það getur því verið hæpið að trúa einum manni, og svo er í fleiru en um brúargjörðir. Þegar maður verður mjög veikur, þá sækir maður opt 2 lækna, og tekur það enginn læknir, sem læknir getur heitið, illa upp, því betur sjá augu en auga. Þetta getur sem sagt einnig átt við brúargjörðirnar og skal jeg taka fram dæmi. Þegar byrjað var á að brúa Skjálfandafljót, var það almennt álit, að fyrstu stöplarnir væru góðir og gildir, og ef til vill óþarflega háir, en þegar svo dróst fyrir atvik með brúarbygginguna næsta vetur, sýndi það sig, er hlaup kom í Skjálfandafljót, að stólparnir voru mikils til of lágir. Þá voru þeir hækkaðir um 2 álnir, en nú hefir það þó enn sýnt sig, að vetrarhlaup hefir skemmt brúna, svo stöplarnir eru enn of lágir. Þetta getur maður, þótt verkfróður sje, ekki dæmt um einn saman, en verður að byggja á reynslu þeirra manna, er vel þekkja til. Þetta lýsir ekki neinu vantrausti á verkfræðingnum, en er nokkuð, sem er alveg sjálfsagt, og um fram allt ætti verkfróður maður að hafa vit á þessu sjálfur, og hvað sem því líður, þá eigum við sjálfir þingmennirnir að geta forsvarað gjörðir okkar í þessu efni gagnvart eptirkomendunum.

Einar Jónsson: Það var að eins stutt athugasemd viðvíkjandi því, að styrkurinn til að fá upp útlendan verkfræðing var feldur, sem jeg vildi gjöra. Það þarf vonandi ekki að standa í vegi fyrir, að þessi tillaga fái framgang, því þá var ekki búið að ræða og hugsa málið til hlítar. Allir gátu talið víst að fjárlögin kæmu aptur til umræðu í deildinni, og þá var alltaf tími til að breyta því. Að því er kostnaðinn snertir, þá kalla jeg ekki horfandi í hann, því að jeg hygg að miklu meira sparist við það, að hafa margar brýr í byggingu í senn, en launum verkfræðingsins nemur.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. till. samþ. með 13 shlj. atkv. 2. gr. till. samþ. með 13 shlj. atkv. 3. gr. till. felld með 11:11 atkv.

Till. vísað til síðari umr. með 13 shlj. atkv.

Frumv. til laga um brúargerð á Lagarfljóti (C. bls. 172, 373); 2. umr.

Framsögumaður (*Tryggvi Gunnarsson*): Það er búið að ræða þetta mál svo mikið, að jeg sje enga ástæðu til að orðlengja frekar um það, og óska jeg að

málið megi ganga til 3. umr., án þess að rætt sje frekar um það að þessu sinni.

Einar Jónsson: Það er þýðingarlaust að tala mikið um þetta mál, því það var gjört svo rækilega við 1. umr. Jeg hef ekki ástæðu til að rengja áætlunina um kostnaðinn, eins og hr. W. Hansen hefir viljað gjöra, og sem jeg hef fyr bent á að hann hefir hlotið að gjöra af ókunnugleik. Hann kvartaði um að hann ekki hefði uppdrátt af brúnni, og á því byggði hann mikið athugasemdir sínar. Það eina, sem gaf honum sjer í lagi ástæðu til að leggja á móti brúnni, var það, að botninn var eigi rannsakaður, en það er, eins og opt hefir verið bent á, eptir því sem kunnugir segja, malarbotn, og þarf það ekki að hnekkja málinu Það geta náttúrlega verið deildar meiningar um, hvort brúin eigi að vera á þessum stað, en mjer getur ekki dulizt, að þetta brúarstæði sje það rjettasta. Jeg hef áður tekið fram, að það væri álit mitt að byggja brúna sjerstaka, því hún er á mjög afskekktum stað. Upphæðin er nokkuð há, nfl. 75,000 í stað 55,000 eða 70,000 kr., sem S. Thoroddsen talar um, en jeg miðaði þessa upphæð við brúna á Þjórsá, af því að S. Thoroddsen áleit að brú hjá Steinsvaði mundi verða svipuð henni að dýrleik. Þess vegna er nú svo, að þó að það yrði nú upp tekið að byggja brúna hjá Steinsvaði, þá er fjárupphæðin samt nógu mikil.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. fellt frá 3. umr. með 11:11 atkv. með nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Einar Jónsson,	Benedikt Sveinss.,
Klemens Jónsson,	Björn Sigfússon,
Guðjón Guðlaugss.,	Eiríkur Gíslason,
Halldór Daníelss.,	Jón Jensson,
Jens Pálsson,	J. Jónss., þm. A.-Sk.,
Ólafur Briem,	J. Jónss., þm. Eyf.,
Pjetur Jónsson,	Jón Þórarinsson,
Sigurður Gunnarss.,	Sighv. Árnason,
Skúli Thoroddsen,	Tryggvi Gunnarss.,
Þórður Guðmundss.,	Valtýr Guðmundss.,
Þórð. Thoroddsen.	Þorl. Guðmundsson.

Frumv. til laga um brýrnar á Skjálfandafljóti og Laxá í Þingeyjarsýslu (C. bls. 198, 323); 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. (C. bls. 322) samþ. með 15 shlj. atkv. og málinu vísað til 3. umr. með 17 samhlj. atkv.

Frv. til laga um breyting á lögum 8. jan. 1886 um hluttöku safnaða í veitingu brauða (C. bls. 373); 1. umr.

Skúli Thoroddsen: Með því að h. Ed. hefir gjört ýmsar breytingar á þessu frumv. frá því, sem það var samþ. á síðasta þingi, og af því að málið er í sjálfu sjer svo þýðingarmikið, þá leyfi jeg mjer að stinga upp á að skipuð verði 5 manna nefnd til að íhuga það.

ATKVÆÐAGR.: 5 manna nefnd sþ. með 12 atkv. á móti 10, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Klemens Jónsson,	Einar Jónsson,
Bened. Sveinsson,	Guðj. Guðlaugsson,
Björn Sigfússon,	Halld. Daníelsson,
Eiríkur Gíslason,	Jens Pálsson,
Jón Jensson,	J. Jónss., þm. A.-Sk.,
Jón Þórarinsson,	J. Jónss., þm. Eyf.,
Ólafur Briem,	Pjetur Jónsson,
Sighv. Árnason,	Sig. Gunnarsson,
Sk. Thoroddsen,	Tr. Gunnarsson,
Valtýr Guðmundss.,	Þórður Guðmundss.
Þórð. Thoroddsen,	
Þorl. Guðmundss.	

Kosningu hlutu:
Sigurður Gunnarsson með 10 atkv.
Skúli Thoroddsen — 9 —
Ólafur Briem — 8 — og
við ítrekaða kosning:

Jón Þórarinsson með 13 atkv. og
Jón Jónsson, þm.A.-Sk. — 9 —

Till. til þingsályktunar um frímerki (C. bls. 427); ein umr.

ATKVÆÐAGR.: Till. samþ. í e. hlj. og send landshöfðingja sem *þingsályktun frá báðum deildum alþingis.*

Þrítugasti og áttundi fundur, laugardag 14. ágúst, kl. 12 á hádegi. Allir á fundi nema þingm. S.-Þing. Pjetur Jónsson, og 2. þingm. Eyf., Jón Jónsson, er voru fjarverandi með leyfi forseta.

Forseti gat þess, að til sín væri komin og yrði fram lögð á lestrarsalinn bænarskrá frá prestinum að Stað á Reykjanesi, síra Filippusi Magnússyni, um linun á ársgjaldi af brauðinu.

Frumv. til laga um frestun á framkvæmd laga 25. október 1895, um leigu eða kaup á eimskipi og útgerð þess á kostnað landssjóðs (C. bls. 425); 3. umr.

ATKV.GR.: Frumv. orðalaust samþ. með 14 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um breyting á lögum um styrktarsjóði (C. bls. 246); 2. umr.

ATKV.GR.: 1. gr. frumv. samþykkt með 10 samhlj. atkv.

2. gr. frv. samþykkt með 13 samhlj. atkv.

3.– 7. gr. frv. samþ. með 15 samhlj. atkvæðum hver.

Fyrirsögnin samþ. án atkvæða.

Frumv. vísað til 3. umræðu með 17 samhlj. atkv.

Frv. til laga um bann gegn botnvörpuveiðum (C. bls. 245, 428); 2. umr.

Framsögumaður (Guðlaugur Guðmundsson): Breytingartill. nefndarinnar við 2. gr. fer fram á að til veiðarfæra, sem upptæk má gera, skuli einnig heyra dragstrengirnir; en það eru stálþráðarstrengir, sem hafðir eru til að draga vörpuna. Ein varpa kostar almennt kring um 500 kr., en dragstrengirnir 1000 kr. Flest eða öll botnvörpuskip hafa með sjer eina eða fleiri vörpur til vara, en enga dragstrengi til vara.

Breytingin við 3. gr. er að eins orðabreyting.

Aðal-mismunurinn milli þessa frumv. og hinna eldri laga er rýmkun á leyfi til að leita hafna. Nefndin hefir í áliti sínu gert skýra grein fyrir því, fyrir hverja sök hún lætur þetta óbreytt í frumv. efri deildar. Tilgangur þessarar ákvörðunar er sá, að ljetta þá samningamálaleitun, sem nú er á döfinni milli stjórnar vorrar og Englastjórnar. Ef nefndin gengi að því vísu, að þessi málaleitun yrði árangurslaus, þá mundi nefndin ekki ráða til að slaka til í neinu, utan því einu, sem nauðsynlegt er til að forðast bágreið við alþjóðarjettinn. Hins vegar hafa krónjuristarnir ensku viðurkennt, að jafnvel algert hafnabann ríði ekki í bága við alþjóðarjettinn, þótt það þyki annars miður mannúðlegt.

Hvorki nefndin nje þingdeildin munu annars hafa nokkra tilhneigingu til að slaka í neinu til við þessa menn, nema eitthvað komi á móti.

Reynist sú málaleitun, sem nú er á döfinni, árangurslaus, þá geri jeg fastlega ráð fyrir, að stjórnin staðfesti ekki þetta frumv., en breyti heldur með bráðabirgðalögum eða á annan hátt þeirri ákvörðun eldri laganna, sem fer í bága við alþjóðarjettinn.

Vjer höfum allir heyrt um bráðabirgðasamning þann, er á komst í fyrra milli landshöfðingja og enska flotaforingjans, og nú höfum vjer heyrt, að

enska stjórnin muni vera fáanleg til að viðurkenna þá línu móti því, að vjer opnum enskum botnverpingum landhelgissvið vort til fiskiveiða á nokkrum kafla fram með suðurströnd landsins. Þessi málaleitun ensku stjórnarinnar get jeg fullyrt, að mundi mæta hörðum mótmælum hjá stjórninni, og hjer á þingi hefði hún án vafa ekki átt blíðari viðtökum að fagna, ef til hefði komið; enda sýnir dæmi Frakka við Nýfundnaland, að slíkar ívilnanir geta orðið fjarskalega viðsjárverðar fyrir framtíðina.

Allt öðru máli er að gegna með nokkra tilslökun með leyfi til að leita hafna.

Lína sú, sem nú er vænt að friðist, ef samningar takast um viðurkenning á Haag-sáttmálanum, friðar að vísu ofurlítið minna hjer á Faxaflóa, heldur en í fyrra var um samið; en hún mundi þó friða flest innmið á Faxaflóa, eins og jeg tók fram við framh. 1. umræðu, og á þeim miðum, sem þá yrðu eptir ófriðuð, mun vera svo lítið af flatfiski, og botninn þar að öðru leyti svo á sig kominn, að fiskifræðingur vor álítur, að botnverpingar hljóti að leggjast þar frá að fám árum liðnum.

Flestum öðrum fjörðum og flóum á landinu mundi samningurinn loka að mestu eða öllu leyti fyrir botnverpingum.

Um 3. undanþágu-skilyrðið í 3. gr. skal jeg ekki fjölyrða; það kann að geta leitt með sjer einhverja misbrúkun, en tæplega svo að hættulegt geti talizt.

Efri deild hefir sett inn nýjan kafla í 3. gr., og hefir meiri hluta nefndarinnar ekki þótt næg ástæða til að fara að leggja á móti því.

Það mun öllum koma saman um nú, að það muni ekki tjá að halda í gildi 4 mílna landhelgisákvæðum hinna gömlu verzlunarlaga, þar sem stórþjóðirnar neita að viðurkenna þau.

Jón Jónsson, þingm. A.-Skaptf.: Jeg vildi víkja þeirri spurningu til hæstv. landshöfðingja, hvort undir síðasta lið 3. gr., þar sem nefnd eru »innlend botnvörpuveiðiskip«, mundu ekki geta komið ensk skip, sem að eins að nafninu til væru íslenzk.

Landshöfðingi: Undir þessa ákvörðun geta að eins heimfærzt skip undir dönsku flaggi, sem skrásett eru hjer og hafa íslenzkan skipstjóra og stýrimann. — Jeg skil ekki, að það geti verið nein hætta á misbrúkun á þessari grein, því að hvert skip verður að hafa öll skjöl sín með sjer og í fullri reglu.

ATKV.GR.: 1. gr. samþykkt með 19 samhlj. atkv.

Breyt.till. við 2. gr. samþ. í e. hlj.

2. gr., þannig breytt, samþ. með 20 samhlj. atkv.

Breyt.till. við 3. gr. samþ. með 20 samhlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 17 samhlj. atkv.

4. gr. samþ. með 20 samhlj. atkv.

5. gr. samþ. með 19 samhlj. atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Frumv. til laga um breyting á gjaldheimtum til amtssjóða og sýslusjóða (C. bls. 172, 470); frh. 1. umr.

Framsögumaður (*Guðlaugur Guðmundsson*): Það er víst samvizkusök að tala langt nú, eins og á dagskránni stendur. Það er tilgangur frumv. að koma á samræmi og jöfnuði í gjöldunum. — Þar sem í nefndina voru kosnir þeir menn, er helzt mæltu á móti frumv., og nefndin hefir þó orðið sammála, þá ætti í því að felast nóg trygging fyrir

því, að hinni háttv. þingdeild sje háskalaust, að lofa málinu að ganga til 2. umræðu.

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 17 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um gjald til brúargerða (C. bls. 195, 478); frh. 1. umr.

Framsögumaður (*Guðlaugur Guðmundsson*): Hjer er að eins um lítilfjörlega breytingartill. að ræða, og óska jeg að málið megi ganga til 2. umr.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. í einu hljóði.

Frumv. til laga um breytingu á tilskipun 26. maí 1863 um lausamenn o. s. frv. (C. bls. 482); 1. umr.

Þorlákur Guðmundsson: Frá h. efri deild er nýkomið frumv. um breyting á sveitfestistímanum með fleiru. Þetta frumv., sem hjer liggur fyrir, er að mínu áliti í nánu sambandi við það. Jeg vil stinga upp á 5 manna nefnd í þetta mál.

ATKV.GR.: Nefndarkosning samþ. með 12 samhlj. atkv., og kosnir:

Þorlákur Guðmundsson	með 18	atkv.
Jón Jensson	— 12	—
Halldór Daníelsson	— 11	—
Guðl. Guðmundsson	— 7	—
Þórður Guðmundsson	— 7	—

Frumv. til laga um breyting á póstlögunum (C. bls. 484); 1. umr.

Flutningsmaður (*Guðlaugur Guðmundsson*): Jeg vildi í stuttu máli leitast við að skýra, hver tilgangur frumv. er, og hverju hugsað er að koma til vegar með því. Jeg skal raunar fúslega viðurkenna að jeg er ekki nægilega vel heima í málinu, til þess að geta skýrt það til hlítar, en jeg vona að þeir, sem betur vita, gjöri sitt til að það verði skýrt sem bezt.

Aðaltilgangur frumv. er sá, að gjöra póstmönnum hægðarauka, að því er við kemur blöðum og tímaritum. Eins og nú er, koma blaðamenn opt og einatt með svo og svo mörg hundruð blaðaböggla rjett áður en póstur leggur á stað; auðvitað er það einkum hjer í Reykjavík, og það getu hverr og einn sjeð, að það er æðimikið verk að frímerkja og tvístimpla alla þessa böggla. Þetta ætti að verða afnumið, ef frumv. þetta yrði að lögum. Samkvæmt því á allt að vera afhent í einu lagi, og víss upphæð borguð fyrirfram í peningum, eptir pundatölu, og vona jeg að allir sjái, að þetta er ekki lítill ljettir fyrir póstafgreiðslumenn.

Jeg skal leyfa mjer að taka það fram, af því að jeg get um það borið og er því nokkuð kunnugur sem póstafgreiðslumaður, að það ber ekki sjaldan við að bögglar koma með óstimpluðum frímerkjum, og hefi jeg orðið þess var, að það stundum hefir numið þó nokkrum krónum, en vafasamt, hvort póstafgreiðslumönnum út um landið er heimilt að stimpla þá með sínum stimplum.

Hvað burðareyrinum viðvíkur, þá er hann nú, eins og menn vita, 10 aurar undir pundið með skipunum, en 30 au. með landpóstum; hjer í frumv. er meðaltalið tekið, þannig, að það er ráðgjört 20 aurar, hvort heldur á landi eða sjó, en þetta er atriði, sem má breyta, ef menn ætla að landssjóður bíði halla af því. Það leiðir af þessari tvískiptingu, sem nú á sjer stað, að þegar með skipum eru sendir bögglar, sem að nokkru leyti eiga að ganga yfir land, þá ætti eiginlega að borga hærra gjaldið, en sendendur láta venjulega nægja að borga að eins burðareyri til viðkomustaðar skipsins. Afleiðingin er sú, að sum hjeruð fá þá blöðin seint og síðarmeir á skotspónum, eða alls ekki, sökum þess að þau eru ekki nægilega frí-

merkt til þess að sendast með landpóstunum. Jeg get játað það, að ýmislegt sje við frv. þetta að athuga, t. d. mætti segja sem svo, að ekki væri óhugsandi að blaðaútgefendur færu með blöðin beint til póstanna, en ekki á pósthúsið, og ekki væri gott að hafa eptirlit (Kontrol) með því. En aðgætandi er, að til þess að slíkt gæti átt sjer stað, þá eru það tveir menn, sem verða að vera samtaka í því, sem sje pósturinn og blaðsendandinn, og menn hafa ekki leyfi til að ganga út frá því, að það sjeu hvorttveggja svikarar. Og svo er annað það, að viktin á pósthúsinu sýnir áskrifendafjölda blaðanna, og það er jeg viss um að enginn blaðstjóri vill vinna til, að draga eitthvað undan, svo að viktin á pósthúsinu sýna minni kaupendafjölda en hann í raun og veru er.

Það er og eitt atriði í þessu frv., að skrá sú, sem það gjörir ráð fyrir að póstmaður haldi, gefur yfirlit yfir, hve mikið flutt er út um landið með póstunum af þess konar bögglum, en það hefir hingað til verið eitt meinið, að frá pósthúsunum hafa engar upplýsingar komið um það, hve mikill þungi væri sendur með hverri póstferð. Jeg þori ekki neitt að fullyrða um það, hvort þetta verði fjárhagslegt tap eða gróði fyrir landssjóð, því jeg get ekki vel um það dæmt, en hygg þó heldur, að það muni ekki verða verulegt tap. Það mun eptir sem áður verða mikið sent með skipum, en þar er gjaldið hækkað um 10 aura. Nú er sú venja, að slá utan um marga bögglu í einu til hverrar póstafgreiðslu, og við það missir landssjóður þann hag, sem hann annars hefði af því að 3 aurar væru borgað ir undir böggla, sem ekki vægju 10 kv. Hið reikningslega yfirlit (Kontrol) fyrir landssjóð yrði að eins falið í þeirri skrá, sem póstmaður á að halda og fylgja á póstreikningnum. Þetta kemur ekki til nema á 4 stöðum, nfl. Reykjavik, Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði, og með því að maður verður að ganga út frá, að hlutaðeigendur sjeu áreiðanlegir menn, get jeg ekki sjeð, að neitt sje að óttast í því efni. Jeg vona að frumv. fái að ganga átram, og ætla ekki að stinga upp á nefnd, en að eins taka fram, að heldur en það falli og ef vera kynni að hægra væri að koma sjer saman, einkum þá við hæstv. landsh., þá skal jeg heldur ekki setja mig á móti nefnd.

Hvort þessi breyting er hin heppilegasta, eða þá einhver önnur, skal jeg ekkert um segja, en álít að eins breytingu nauðsynlega á því fyrirkomulagi, sem nú er.

Landshöfðingi: Jeg stend að eins upp til þess að lýsa því yfir, að jeg get hvorki verið með þessu frumv. nje móti, því jeg satt að segja skil það ekki, og jeg fyrirverð mig því síður fyrir að játa það, þar sem flutningsm. (Guðl. G.) sjálfur játaði að sjer væri það ekki ljóst og að hann ekki gæti skýrt það, en bjóst við að aðrir h. þingdm. mundu skýra það. En þar sem enginn hefir orðið til þess enn þá, þá stendur eins á með mig og hann, og þess vegna get jeg ekki sagt um, hvort það mundi verða til bóta eða ekki, enda er svo margt óljóst í frumv. Hann sagði t d., að póstmenn mundu komast hjá að frímerkja og stimpla blaðasendingar, ef þetta frumv. fengi framgang, en það get jeg ekki skilið. Hver sending verður þó að bera með sjer, hvenær hún hafi farið frá pósthúsinu, og hvort undir hana sje borgað, svo að jeg skil ekki að sá tími, sem gengur til að frímerkja og stimpla, sparist með öllu; það gæti hugsazt að hægt væri að sleppa við að

frímerkja, en sjálfsagt yrði að stimpla á einhvern þann hátt, að það sýndi að burðareyrir væri goldinn. — Jeg held líka að hyggilegra væri, áður en lengra er farið í þessu máli, að bera sig saman við póstmeistarann og leita hans álits. Þetta mun vera að miklu leyti sniðið eptir fyrirkomulagi annara landa, þar sem flutningurinn er miklu meiri en hjer. Burðareyrir undir blöðin hjer er fremur lítill, 30 aurar undir pundið, og landssjóður leggur fram talsvert fje til póstflutninga, en verði nú farið að lækka þennan burðareyri um þriðjung, þá mun það ekki ljetta á landssjóði.

Jeg verð að biðja h. flutningsm. (Guðl. G.) afsökunar, þó jeg ekki geti gefið frumv. meðmæli mín að svo stöddu, en vil bíða álits póstmeistarans eða annara, sem búast má við að hafi bezta þekkingu í þessu efni.

Flutningsmaður (*Guðlaugur Guðmundsson*): Jeg vil nú ekki beinlínis játa, að jeg hafi tjáð mig jafn-illa að mjer í þessu máli og hæstv. landshöfðingi benti til, en álít að ekkert sje á móti því að hægt sje að laga það, að póstmönnum sje gjört að skyldu að setja »franco«-stimpil á blöðin. Auðvitað yrði það dálítill erfiðisauki, en þó ekki nema eins og þriðjungur þess erfiðis, sem nú er við blaðasendingar. Jeg get heldur alls ekki álitið áreiðanlegt að burðareyrir færist niður, því að með skipunum hækkar hann um helming, en það get jeg tekið undir með hæstv. landsh., að burðareyrir undir blöð er lítill eptir öðrum flutningskostnaði hjer á landi, en jeg skoða þetta ekki sem neina niðurfærslu, þar sem burðareyririnn hækkar á sjóflutningnum, þótt hann lækki á landi.

Jeg hefi ekki haft tæki til að geta sjeð, hvaða áhrif þetta mundi hafa, því hjer vantar alla »statistik« yfir, hvaða pundatala blaðasendingar eru í hverri póstferð, og þetta er eitt af því, sem frumv. þetta á að bæta úr, en eptir því sem hæstv. landsh. tók fram, þá kynni að vera ástæða til að athuga það nánar, bæði til þess að geta komið sjer saman við hann og svo líka póstmeistarann, og býst jeg því máske við að einhver h. þingdm. muni stinga upp á nefnd.

Valtýr Guðmundsson: Mjer virðist frv. þetta mjög athugavert, og held jeg að afleiðingin af því verði sú, að kostnaðurinn við póststjórnina verði meiri en áður, því sjálfsagt yrði að auka vinnukrapta á skrifstofunni, vegna þess að þar yrði meira að gjöra (*Guðl. Guðm.*: minna!), og svo álít jeg ennfremur heppilegra að orða frumv. þannig, að það ætti að eins við blöð, úr því ekkert tímarit getur hvort sem er komizt undir ákvæði frv. Mjer er ekki kunnugt um, að nokkurt rit, sem almennt er kallað tímarit, komi hjer út einu sinni 4 sinnum á ári, hvað þá heldur optar, heldur öllu sjaldnar en fjórum sinnum. Jeg sje ekki ástæðu til að ræða frekar um málið, en vil stinga upp á nefnd, því mjer virðist frumv. svo athugavert, að það verði ekki lagað með einföldum breyt.till. Jeg sting upp á að 5 manna nefnd sje kosin í málið.

ATKVÆÐAGR.: 5 manna nefnd felld, en 3 manna nefnd samþ. og í hana kosnir:

Guðlaugur Guðmundsson með 16 atkv.
Valtýr Guðmundsson — 13 —
og eptir ítrekaða kosning:
Jón Jensson — 9 —

1. umr. síðan frestað.

Frumv. til laga um horfelli á skepnum (C. bls. 257, 360, 426, 494, 498); 2. umr.

Framsögumaður (*Tryggvi Gunnarsson*): Eins og í nefndarálitinu (þingskj. 282) stendur, þá er nefndin á þeirri skoðan,

að rjett sje að koma fram ábyrgð á hendur þeim mönnum, sem gera sig seka í því að fella skepnur sínar úr hor. Aðalbreyting nefndarinnar er í því fólgin, að breyta 3. og 4. gr. frv. Nefndinni þótti þar nefnilega gengið mikils til of nærri eignarrjetti manna. Því þar sem 3. gr. fer fram á, að »þeim skepnum, sem að áliti skoðunarmanna ekki er lífvænt, hvort sem er, sökum megurðar eða sökum þess að fóður er ekki fáanlegt, skal eigandi skyldur að lóga eptir skipun skoðunarmanna« og 4. gr., að »sá, sem óhlýðnast skipunum skoðunarmanna eptir 3. og 4. gr., verður sekur um allt að 50 krónum«, þótti nefndinni þetta of langt farið. Henni þótti ísjárvert að veita skoðunarmönnunum svo mikið vald, að þeir gætu skipað eigendunum að skera niður skepnur sínar. Við 5. gr. frumv. hefir nefndin komið með dálitlar breytingar. Í 5. gr. stendur: »og er sá maður sekur samkvæmt 299. gr. hegningarlaganna 25. júní 1869«. Hinum lögfróðu mönnum í nefndinni þóttu sektirnar of litlar eptir núgildandi lagaákvæðum, og eins og sjá má af 4. lið breyt.till., þá þótti þeim rjett að hækka þær frá 20 kr. upp að 200 krónum. En breytingar nefndarinnar við 6. og 7. tölulið eru að eins orðabreytingar og ekki annað. Breyt.till. við 2. gr. frv. á þingskj. 413, sem fer fram á að í stað: »15. maí« komi: sumarmála, er óþörf, því þau ákvæði standa í nefndarálitinu, og hvað síðari breyt.till. við 3. gr. viðvíkur, þá virðist sama, hvort hún kemst í lög eða ekki. Breyt.till. h. þm. Strand. (Guðj. G.) á þingskj. 342 eru mjög líkar breyt.till. nefndarinnar. Hvað viðvíkur breyt.till. h. 1. þm. Rangv. (Sighv. Á.) á þingskj. 407, sem fer fram á það, að fyrirsögn frv. orðist þannig: »Frumv. til laga um skoðanir á fjenaði og fóðurbirgðum«, þá er það breytingarákvæði, sem nefndin getur ekki aðhyllzt. Fyrir mitt leyti vildi jeg, að h. þingd. felldi það, því jeg get ekki sjeð, að hegningartill. nefndarinnar gætu þá komizt að, ef sú yrði fyrirsögn lagaboðsins. Mjer sýnist það augljóst, að málið eyðilegðist, ef lagaboðið yrði skoðað sem reglur um ásetning. Í þetta sinn ætla jeg ekki að fara frekar út í þetta, en vil heyra tillögur annara.

Sighvatur Árnason: Jeg hef eigi í huga, að rekja allar greinir frumv. eða breyt.till. En jeg vil taka það fram, að það er að eins ein grein frumv., nefnilega 11. gr., sem jeg er í alls engum vafa um að greiða atkv. mitt með. Jeg er eindregið á því, að það sje rjett, eins og 11. gr. frumv. fer fram á, að fella skuli úr gildi horfellislögin frá 12. jan. 1884. Það má nefnilega segja um þau, að þau hafa til þessa legið á hillunni, án þess að þau hafi komið til nokkurra framkvæmda. Jeg lít svo á þetta frv. og fleiri, að það sje mesti vandræðagripur, og sje eigi til annars en að eyða tíma þingsins að fást við það. Það er meiri vandi að fjalla um þetta mál en svo, að þingið geti ráðið fram úr því. Eptir minni skoðun getur þingið ekki sett lög um að kenna mönnum að búa. Það er meira vandaverk en svo, að slíkt sje unnt. Jeg skal að vísu játa það að ef h. deild hjeldi fast við frumv. þetta, þá gæti það bætt nokkuð úr skák, bætt úr þeim lögum, sem menn nú hafa, og það einkanlega með tilliti til skoðananna. Jeg er á því, að það væri ráðlegt að skoða fje tvisvar á ári, nefnilega fyrir nóvembermánaðarlok og á einmánuði, en jeg get ekki fallizt á það, að sekt og hegning sje ráðleg eða framkvæmanleg í þessum efnum. En skoðununum er jeg samþykkur, vegna þess að jeg lít svo á, að slíkt gæti haft þýðingu

fyrir meðferð á skepnunum, bæði viðvíkjandi fjenaðarhirðingu, fóðurbirgðum og fjenaðarhúsum. Af þessari ástæðu kom jeg fram með breyt.till. á þingskj. 407 um fjár- og fóðurskoðanir, en frumv. vildi jeg helzt að yrði fellt að öðru leyti. Skoðanirnar myndu að vísu hafa kostnað í för með sjer, en að mínu áliti myndi það vera kostnaður, sem kæmi til að borga sig.

Ef menn ættu að semja lög um að kenna mönnum að búa, þá ættu menn fyrst og fremst að leggja fyrir þá, sem byrja að búa, hvern og einn, að safna nógum heyforða, heyfyrningum. Raunin er sú, að ef grasleysisár kemur, þá eru allt of fáir undir það búnir, svo nauðsynlegt er að hafa fyrnt hey, þegar svo á stendur. Það má yfir höfuð telja heyfyrningar sem hinn traustasta og bezta grundvöll undir búskap sveitabóndans.

Að öðru leyti virðist mjer þetta mál langtum fremur vera búnaðarfjelagsmál, heldur en löggjafarmál. Nú er komið á dagskrá þingsins að stofna allsherjar-búnaðarfjelag fyrir allt landið, og áhugi á búnaðarfjelögum og búnaðarmálum er sýnilega að lifna við meðal landsmanna. Búnaðarfjelögin eru líka að fjölga Það má telja það víst, að ef allsherjar-landbúnaðarfjelag kæmist á stofn, þá myndu hin smærri búnaðarfjelög ganga í samband við það. Skyldi þá ekki þetta mál allt eins vel heyra undir það, eins og hið löggefandi þing? Það finnst mjer. Jeg vildi vekja athygli h. þingdm. á þessu, því jeg er í miklum vafa um, hvort jeg á að gefa frumv. atkvæði mitt. Mjer finnst það lítið gagn gera svona lagað. Frumv. gerir ráð fyrir því, að horfellir sje algengur um allt land, en því get jeg ekki verið samdóma. Það getur verið ýmislegt annað, sem gerir það að verkum, að skepnur falla úr hor eða dragast upp, en óforsjálni manna eða skeytingarleysi. Það getur allt eins vel komið af völdum náttúrunnar og af ýmsum ófyrirsjáanlegum atvikum. Mjer finnst alveg óframkvæmanlegt að setja lög þessu viðvíkjandi, og illt að koma fram hegningu, þó horfellir verði.

Eins og jeg áður minntist á, er jeg fastlega á því að nema gömlu lögin úr gildi, lögin frá 12. jan. 1884, því mjer finnast þau vera hreint hneyksli. Í samanburði við þetta vil jeg að endingu geta þess, að þegar horfellislögin frá 12. jan. 1884 komu út, þá sagði einn maður við mig: »Flest er þingið farið að gera. Nú er það farið að kenna mönnum, hvernig á að fara að drepa úr hor«.

Guðjón Guðlaugsson: Þær breyt.till., sem jeg á á þingskj. 342, eru í raun inni litlar, og er það einkum af þeirri ástæðu, að nefndin var áður búin að gera breyt.till., sem voru líkar því, sem jeg hafði hugsað mjer, og vildi jeg þess vegna eigi taka þær upp aptur. Þar sem fyrri málsgrein 2. gr. frumv. segir: »Hreppstjóri skal ásamt 2 mönnum, er hreppsnefnd kýs árlega, tvisvar á vetri skoða allan búpening í hreppnum og grennslast eptir fóðurbirgðum og meðferð fjárins«, þá hef jeg við 1. lið breyt.till. minnar farið fram á, að orðast skuli öðruvísi, nefnilega: »Hreppstjóri skal, ásamt einum eða tveimur mönnum, er hreppsnefnd kýs árlega, skoða tvisvar á vetri búpening og fóðurbirgðir hreppsbúa og grennslast eptir meðferð fjárins«. Og við 2. lið breyt.till. hef jeg farið fram á að 4. gr. frumv. orðist svo: »Hafi hreppstjóri á tímabilinu milli skoðananna ástæðu til að halda, að fjenaði einhvers hreppsbúa sje horfellir búinn vegna fóðurskorts, hirðuleysis eða harðýðgi, skulu skoðunarmenn framkvæma auka-

skoðun hjá þessum búanda svo fljótt, sem því verður við komið«. Þetta eru að vísu litlar breytingar, en þó meira en orðabreytingar. Jeg lít nefnilega svo á, að eigi sje nauðsynlegt að hafa 2 menn með hreppstjórunum við skoðanirnar, og er það einkum kostnaðarins vegna. Jeg álít að það sje kostnaður, sem borgi sig illa. Og sú mun raunin á vera, að annar af skoðunarmönnunum, — ef 2 eru fyrir utan hreppstjóra, — ræður optast mestu. Hinn eða hinir eru fremur til álita, svo mjer finnst ekki mikið þýða að hafa þá þrjá. Einkanlega kemur þetta hvorttveggja fram, þar sem hrepparnir eru litlir. Breyt.till. á 2. gr. frumv. hefir í för með sjer, að hjer er lögð aðaláherzlan á það að skoða fóðurbirgðir, og hvernig peningur er hirtur, en frv. fer fram á að skoða skepnurnar. Við fyrri skoðunina, nefnilega á haustin, hlýtur tilgangurinn aðallega að vera sá að skoða fóðurbirgðirnar, því þá hefir það litla þýðingu að skoða fjeð, heldur það, hvort eigi sje óráðlega sett á. En við seinni skoðunina finnst mjer tilgangurinn verða að vera sá, bæði að álíta fóðurbirgðir og hvernig farið sje með skepnurnar. Breyt.till. nefndarinnar við 2. gr. frumv., að í staðinn fyrir: »eptir að fje er tekið í hús, og skal henni lokið fyrir miðjan vetur« komi: »fyrir nóvembermánaðarlok«, og að í staðinn fyrir: »15. maí« í 2. gr. komi: »sumarmála«, er jeg algerlega samþykkur. Skoðun, sem skoðunarmennirnir ættu að treina sjer fram á miðjan vetur, hefði að minni hyggju litla þýðingu, því, ef svo áliðið væri orðið tímans, hefði það lítið að segja, þó þeir vildu leiðbeina mönnum eða skipa þeim að skera niður. Aptur er allt öðru máli að gegna með fyrri skoðunina, því þá gætu menn tekið orð þeirra fremur til greina. Ef ætti að vikta fje, þá ætti að gera það við fyrri skoðunina, en að gera það seinni part vetrar, finnst mjer vera ófært.

Við 4. gr. frumv. hef jeg komið fram með breyt.till. um, að hún skuli orðast öðruvísi. Jeg lít nefnilega svo á, að engum standi nær að þekkja, hvernig til hagar, en sjálfum skoðunarmönnunum, en ekki hreppsnefndinni, og það er vegna þess, að hreppsnefndin er búin að sleppa sínu valdi í hendur skoðunarmönnunum, sem hún hefir kosið til þessa starfa. Vitanlega getur einhver skoðunarmanna verið úr hreppsnefndinni. Jeg held, að rjettast sje að hreppstjóri og skoðunarmennirnir annist þessa aukaskoðun.

Þá kem jeg að 5. gr. frumv. Jeg hef komið með breyt.till. við hana, einkanlega vegna þess, að jeg skil ekki orðatiltækin hjá nefndinni. 5. gr. frv. orðast svo: »Nú verður fjenaður horaður eða fellur úr hor, og er að áliti skoðunarmanna um að kenna fóðurleysi, hirðuleysi eða harðýðgi þess, sem fjenaðinn hefir undir hendi, eða það sannast á annan hátt« o. s. frv. Þetta er setning, sem mjer er ekki fullljós. Hjer er fyrst talað um ástæðuna til þess að menn drepa úr hor, en svo kemur önnur ástæða til, sem jeg ekki skil. Breyt.till. mín á 5. gr. fer í þá átt, að í staðinn fyrir: »um að kenna fóðurleysi, hirðuleysi eða harðýðgi þess, sem fjenaðinn hefir undir höndum« o. s. frv. komi: »að hann hefir ekki hlýtt ráðum skoðunarmanna eða vegna hirðuleysis, harðýðgi« o. s. frv., því það getur hugsazt, að það sje skoðunarmönnunum að kenna, að viðkomandi hefir drepið úr hor vegna fóðurskorts. Þess vegna tel jeg það rjett, að sekta menn fyrir að fella úr hor, ef þeir eigi hafa látið að bendingum skoðunarmannanna. Ákvæði nefndarinnar um sektirnar hef jeg tekið upp orðrjett.

H. 1. þm. Rangv. (S. Á.) sagði, að hann vildi samþ. 11. gr. frv. að eins, en nema úr gildi horfellislögin frá 12. jan. 1884. Jeg skal ekki segja, hvort hann hefir rjett fyrir sjer eða ekki, en jeg held að þau sjeu betri en ekki. Jeg skildi ekki ástæðuna hjá honum, hvers vegna hann vildi hafa skoðanir, en enga sekt. Fyrir mitt leyti álít jeg, að skoðanirnar hlytu að missa krapt sinn, ef engar sektir lægju við brotum móti skipunum skoðunarmanna. Jeg ímynda mjer, að menn eigi fyllilega skilið sekt eða hegningu fyrir miskunnarlausa meðferð á skepnum sínum. En það er allt öðru máli að gegna, þegar hin illa meðferð á skepnunum orsakast af vangá eða af erfiðum ástæðum manna. H. þm. Rangv. (S. A.) sagði enn fremur, að sjer fyndist að þetta heyrði fremur undir verksvið búnaðarfjelaganna heldur en hið löggefandi þing. Jeg held því aptur á móti fram, að þetta eigi að vera löggjafarmál. Það er vegna þess, að þetta á að ná jafnt til allra, en ákvæði búnaðarfjelaganna gætu ei náð til annara en meðlima þeirra. Jeg er því eindregið á því, að þetta eigi að vera löggjafarmál, því jeg efast stórlega um það, að búnaðarfjelögin gætu komið fram hæfilegri sekt við menn. Jeg tala þá ekki meira að þessu sinni, en tek ef til vill til máls aptur, ef mjer virðist vera ástæða til þess.

Halldór Daníelsson: Að því er snertir upphafið á 2. gr., þá finnst mjer það miður heppilegt að fast-ákveða það, að hreppstjórinn sje einn af skoðunarmönnunum. Hann er kosinn til allt annara starfa en að skoða fje bænda, og af því þarf að taka svo mjög tillit til ýmsra annara hæfilegleika við hreppstjóra-kosningu, en hvort hlutaðeigandi hefir mjög gott vit á skepnum; það getur því hæglega komið fyrir og kemur þráfaldlega fyrir, að hreppstjóri er miður hæfur til fjárskoðunar en ýmsir aðrir hreppsbúar. Jeg mundi helzt hallast að því, að það ákvæði væri tekið upp í frumv., að skoðunargjörðin væri framkvæmd af tveim mönnum, sem hreppsnefnd kysi til þess starfa; þá er ekki ólíklegt, að hreppstjórinn verði fyrir kosningu, þegar hann er starfinu vaxinn. Ef skoðunarmennirnir eru þrír, þá eykur það ekki lítið skoðunarkostnaðinn. Jeg skal taka til dæmis hrepp, þar sem eru 30 bæir í; nú gjöri jeg ráð fyrir, að skoðunargjörð muni ekki geta farið fram á fleiri en 5 bæjum á dag, eða að 6 dagar gangi til hverrar skoðunargjörðar; nú eiga skoðunarmennirnir að fá 2 kr. á dag hver, og verða þetta þá 24 kr. fyrir hverja skoðunargjörð, ef skoðunarmennirnir eru 2, en 36 kr., ef þeir eru 3, eða fyrir 2 skoðunarferðir 48 kr. handa 2 skoðunarmönnum, en 72 kr. handa 3; menn sjá því að hjer er ekki um lítið að ræða, og sjerstaklega yrðu skoðunarmennirnir þrír, en sem sagt álít jeg óþarft að hafa þá nema 2. Jeg vil sem sagt helzt, að skoðunarmennirnir sjeu ekki nema tveir, bæði kostnaðarins vegna og eins samræmisins vegna, því að jeg býst við betra samræmi á skoðuninni, ef sömu tveir mennirnir fara um allan hreppinn, en ef fleiri eru um það. — Jeg þekki einn hrepp, þar sem búnaðarfjelag hreppsins hefir haldið uppi fjárskoðunum um 10 ár, og borgað að hálfu leyti kostnaðinn við þær. Fyrir skoðunarmenn hafa jafnan verið valdir þeir, sem bezt vit þykja hafa á skepnum og skepnuhirðing. Tvær skoðanir hafa farið fram tvisvar á hverjum vetri, og hafa þær þótt gefast vel. Jeg hef mikið álit á þessum skoðunum, einkum ef festa getur komizt á þær; skoðunar-

mönnunum eykst þekking við að skoða opt og víða, þeir læra að þekkja tóptir og heystæði, og geta því nokkurn veginn kveðið á um heybirgðir, þeir læra að þekkja heygæði og landgæði einstakra jarða, og kynnast fjármennsku hinna einstöku fjármanna, en þetta eru allt atriði, sem til greina verða að koma, þegar þeir eru að gefa ráð sín og leiðbeiningar. Jeg er viss um það, að á mörgum heimilum hefir húsbóndinn og fjármaðurinn hita í haldinu við skoðunargerðirnar; þeir vilja vera lausir við aðfinningar, og metnaður vaknar manna milli, að vanda sem bezt skepnuhirðinguna og umgengni um hús og hey.

Jeg álít að breytingar þær, sem komið hafa fram hjer í deild, sjeu fremur til bóta, og mun jeg greiða atkvæði með flestum þeirra.

Yfir höfuð felli jeg mig betur við breytingartill. h. nefndar en breyt.till. h. þm. Strand. (Guðj. G.); en þó mundi vera rjett að gjöra enn nokkrar breytingar á frv. til 3. umr.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg vildi helzt ekki lengja umræðurnar mikið, þær eru orðnar nógu langar samt.

Jeg tók það fram við 1. umr., að yfir höfuð væri jeg frv. þessu hlynntur, og sjerstaklega get jeg verið það, ef breytingartill. komast að; þó vildi jeg að fyrsta breytingartill. h. nefndar yrði felld. Jeg er þar á alveg gagnstæðri skoðun þeirri, sem hún gefur og h. þm. Strand. (Guðj. G.), að bezt sje að fyrri skoðuninni sje lokið fyrir lok nóvembermánaðar. Hjer á Suðurlandi er fjenaður þá sjaldnast kominn í hús, og því torvelt eða jafnvel ómögulegt að ná í hann til skoðunar; auk þess er haustskurði þá venjulega ekki lokið að fullu, og fjarri því að þá sje sjeð fyrir endann á því, hverju pestin muni lóga. Allt þetta er miklu þægilegra viðfangs, ef skoðuninni þarf ekki að vera lokið fyrr en um miðjan vetur, og þá geta skoðunarmenn haft meiri ástæðu til að gefa ýmsar leiðbeiningar um fjenaðarhirðinguna en snemma á vetri, og sömuleiðis haft nokkuð ljósari hugmynd um fóðurbirgðirnar, og því komið fram með ákveðnari ráðleggingar og leiðbeiningar viðvíkjandi þeim. Jeg fellst því fremur á skoðun h. efri deildar á þessu atriði.

Jeg er og viss um, að ef þessi deild ákveður, að skoðunum skuli lokið fyrir nóvemberlok, þá muni h. efri deild aptur setja það í sama horf eins og það var, þegar málið fór frá henni, og ákveða, að þeim skuli lokið fyrir miðjan vetur; en sú rekistefna, sem af því leiddi, gæti orðið til þess að málinu yrði ekki lokið á þessu þingi.

Aptur á móti tel jeg það óheppilegt að ákveða, að síðari skoðuninni skuli ekki lokið fyr en um miðjan maímánuð; þá er venjulega margt af sauðfjenaðinum horfið úr greipum manna; hitt verð jeg að álíta heppilegra, að henni sje lokið ekki seinna en um sumarmál.

Að því er breytingartill. við 3. gr. snertir, þá þótti mjer rjettara að aptan við orðin »útvega þeim fóður« væri bætt: »og vera þeim hjálplegir«. — Sjálfsagt er ekki hægt að skylda skoðunarmennina til að leggja sjálfir fram fóður, þar sem þess er þörf, en meining mín með þessari viðbót er sú, að jeg ætlast til að þeir leiðbeini með góðum ráðum við fóður-útvegurnar.

Það gæti máske gengið að búnaðarfjelögin tækju að sjer skoðanirnar, eins og h. 1. þingm. Rangv. (Sighv. Á.) fór fram á, en þó er jeg samdóma h. þm. Strand. (Guðj. Guðl.) um, að almennt mundu þau ekki geta komið sektum

fram, og þar af leiðandi yrðu lög þessi þýðingarlaus, dauður bókstafur

Þórður Guðmundsson: Jeg á enga breytingartill. hjer, og er áður búinn að tala í málinu, svo að í raun og veru hefði jeg getað sleppt því að standa upp í þetta sinn. Jeg get játað því, að háttv. nefnd hefir breytt frumv. að nokkru leyti til batnaðar, fyrir þá, sem eru samdóma stefnu þess; en fyrir mig hafa þessar breytingar ekki mikið að segja, þar sem jeg er því algerlega mótfallinn.

Jeg get ekki tekið undir með háttv. samþingismanni mínum (Sighv. A.) með að horfellislög þau, sem vjer höfum nú, ættu að vera numin úr gildi; jeg álít þau vel viðunandi eða betri en ekki neitt, og sannarlega verða þessi lög ekki vinsælli eða framkvæmanlegri. — Ástæður mínar móti frumv. eru þrjár. Í fyrsta lagi er í flestum hjeruðum engin þörf á lögum í þessa átt. Í öðru lagi eru ákvæði frumv. lítt framkvæmanleg eptir því, sem hjer hagar til á landi, og í þriðja lagi er kostnaðurinn of mikill í samanburði við gagnið, sem lögin mundu gjöra.

Jeg fyrir mitt leyti held, að vanhöld þau, sem kunna að verða á skepnum, á stundum stafi af óviðráðanlegum atvikum, en ekki af þrældómshugsunarhætti þjóðarinnar. Mjer virðist það mjög hæpið, að ætla sjer að byggja hegningardóm á sönnunargildi og dómgreind skoðunarmannanna, þeim getur missjezt eins og öðrum mönnum, og þeir hljóta að verða mjög misjöfnum hæfileikum búnir. Hreppstjórinn getur all-opt verið ófær til þessara starfa, meðal annars getur hann vantað lífsreynslu, þegar hann kemur í embætti sitt. Hinir skoðunarmennirnir, sem eiga að fylgja hreppstjóranum, munu tæplega fást, sökum vanda þess og ábyrgðar, sem skoðunarstarfinu fylgir; það skyldu þá helzt vera menn, sem gæfu sig í það, til þess að fá atvinnu og vinna sjer inn peninga.

Flestir verða að einhverju leyti að setja fjenað sinn á vogun; því að fæstir bændur eru svo í stakk búnir með hey, að þeir geti gefið fjenaði sínum inni allan veturinn; og hvernig á að fara með þá, sem verða að setja á útigang? Eiga skoðunarmennirnir að hafa vald til að skipa þeim að skera niður fjenað sinn? Menn vita þó, að á ýmsum útigangsjörðum tekst optast að fleyta fram fjenaði á hálfa litlu eða jafnvel engu heyi, án þess að drepa það úr hor eða beita nokkurri sjerlegri harðúð við hann. Ætli það væri ekki hæpið, að skipa mönnum á haustum að skera niður fjenað á þessum jörðum, ef ekki væri þar nóg hey fyrir hendi, til að gefa honum allan veturinn? Jeg skal skjóta því til h. 2. þingm. G.-K. (J. Þ.), hvort hann þekki ekki sveitir í sínu kjördæmi, þar sem fje er sett á lítil hey, og þar sem það kemst af gjaflítið eða gjaflaust, og á þá að bæta á fiskileysið hjer suður með sjónum með því, að skipa mönnum að skera fjenað þann að haustinu, sem þeir eru að koma upp til þess að bjarga sjer og sínum frá hungri? Hvernig á að fara að, þegar bág sumur koma og hey hrekjast? Á þá að lóga fjenu hrönnum saman eða hvað?

Það eru mörg dæmi þess, að annað árið gengur vel að fóðra fje, en hitt illa, þótt heygæðin sýnist vera hin sömu; það er svo misjafnt, hve mikið fóðrið tekur í sig af óheilnæmum efnum undir hrakningi. Svona getur verið stór munur á fóðurgæðunum, án þess að gott sje að segja um hann fyrir fram; en það er líka stór munur á heilbrigðisástandi fjenaðarins; það er eins með

hann eins og mennina, að eitt árið er heilsufar gott, en annað árið getur það verið slæmt.

Jeg minntist áður á það, að skoðunargerðirnar hefðu æði-mikinn kostnað í för með sjer; en því hefir verið svarað svo, að það væri smásálarskapur af mjer, að vera að minnast á slíkt. — Hvað sem því líður, verð jeg þó enn að halda því fram, að vert sje að athuga þennan kostnað; hann getur varla orðið minni á öllu landinu en 15—20,000 kr., og það er þó ekki svo lítill skattur fyrir landsbúa.

Í mínu kjördæmi fyrirskipaði sýslunefnd skoðunargerð í 3 ár, og var kostnaðurinn við hann borgaður úr sýslusjóði. Skoðun þessi fór fram að eins einu sinni á ári í seinni hluta marz eða í apríl, og kostaði sýsluna um 300 kr. á ári. Þetta þótti sýslunefndinni of mikill tilkostnaður, af því að hún sá þá ekki heldur, að þessar skoðunargjörðir gjörðu svo mikið gagn, nje að mikið væri að græða á skýrslum skoðunarmanna, og lögðust þær því niður. Eptir ákvæðum frumv. mundi kostnaðurinn við skoðunargjörðirnar verða fast að 1000 kr. á ári í Rangárvallasýslu; því að þess er að gæta að skoðanirnar verða dýrari í skammdeginu, en þegar dagur er langur.

Það er ofurhægt að smíða lög hjer á þinginu, en menn verða að gá að, hverjar afleiðingar þau hafa; bændur hafa marga skatta að gjalda, og það er varúðarvert fyrir þingið að auka svo gjöld á bændum, að enginn vilji verða bóndi.

Síðan jeg kom á þing, hefir á hverju þingi bændum verið íþyngt að einhverju leyti. (*Tryggvi Gunnarsson*: Ásetningsmennirnir verða úr bænda flokki, svo skoðunarlaunin ganga til bændastjettarinnar, en ekki út frá henni).

H. 1. þm. Árn. (Tr. G.) kvað kostnaðinn við þetta vera hverfandi lítinn. Það er eðlilegt, þó slíkar raddir heyrist frá þeim, sem um langan tíma hafa ekki verið í bændastöðu eða stundað búskap, og því ekki orðið varir við erfiðleika þá, sem honum fylgja nú á dögum. Það er eðlilegt, segi jeg, þó að þeir, sem fá ríflegan lífeyri reiðulega greiddan úr landssjóði, finni ekki mikið til þess, hvort þeir þurfi að gjalda krónunni meira eða minna, og geti ekki gjört sjer glöggva grein fyrir, hvað bændur munar mikið um það.

Mig furðar alls eigi á því, þó að þeir, sem fá 14 kr. í kaup á dag eins og h. þm. Árn. (Tr. G.), kvarti ekki yfir því, þó gjöld hækki á bændum; en eins og jeg tók fram í upphafi, þá get jeg ekki greitt atkvæði með frumv. Jeg vil ekki íþyngja bændum með því, vegna þess jeg álít, að nytsemi þessara laga vegi ekki á móti þeim kostnaði, sem þau hafa í för með sjer.

Að endingu skal jeg taka það fram, að þar sem jeg minntist á þau miklu laun h. þm. Árn. (Tr. G.), var það engan veginn til að álasa honum, því að jeg veit, að hann hefir ekki skammtað sjer laun sín sjálfur, heldur benti jeg á það til að sýna fram á þann mikla mismun á kjörum bænda og þeirra, sem fá laun sín úr landssjóði mánaðarlega eða með öðrum orðum úr vasa bændanna.

Jón Þórarinsson: Þessi langa prjedikun, sem nú var lokið, ætti að vera nægileg fyrir þetta mál. Þó verð jeg nokkru við að bæta, og sjerstaklega minnast á breytingartill. h. þm. Strand. (Guðj. G.). Jeg get ekki fallizt á þær; það var talað aptur og fram um þetta í nefndinni; það var ymprað á því í nefndinni, að hafa skoðunarmennina ekki nema tvo, en horfið aptur frá því,

af því að tryggilegra þótti að þeir væru þrír.

H. 2. þm. Rangv. (Þórð. G.) romsaði heilmikið um kostnaðinn við það, en svo ægilegur er hann varla, að það borgi sig fyrir þá grýlu, að gjöra skoðunargjörðirnar ótryggilegri.

Þriðji liðurinn í breytingartill. h. þm. Strand. (Guðj. G.) er svo óhöndulega orðaður, að þó ekki væri annað að honum, þá er eigi unnt að samþykkja hann þess vegna eins og hann er. — Eptir almennri málsvenju er ekki hægt að skilja hann öðru vísi en svo, að það sje fjenaðurinn, sem eigi að hlýða ráðum skoðunarmanna, og sýslumaðurinn að sæta sektum, sje þessum ráðum ekki hlýtt.

Það er hörmulegt að heyra hvern af öðrum rísa upp hjer í deildinni og kveða upp úr með það, að þeir vilji helzt engin horfellislög hafa. En fyrst nú þessir hinir sömu menn þora þó ekki annað en játa, að það sje svívirðilegt að drepa úr hor, hví vilja þeir þá ekki fyrirbyggja að slíkt geti komið fyrir?

H. 1. þingm. Rangv. (Sighv. Á.) vill láta fella frumv. þetta allt nema 11. gr., sem tekur það fram, að horfellislögin frá 12. jan. 1884 skuli úr gildi numin, og byggir hann þetta á því, að nú þurfi ekki lengur á þeim lögum að halda, því að menn sjeu nú komnir á þá skoðun, að það sje bæði skaði og skömm að horfella skepnur. Betur að svo væri almennt, en því miður er jeg hræddur um, að enn sjeu sumir of breyskir í þeirri grein, og þar á meðal menn í kjördæmi h. þm. Rangv. (S. Á.). *(Sighvatur Árnason*: Nei). Jeg hafði ekki ætlað mjer að nefna einstakleg dæmi máli mínu til sönnunar, en það lítur út eins og h. þm. Rangv. (S. Á.) langi til að neyða mig til að gjöra það, og það er þá líklega bezt að hann fái eitt af þessum dæmum.

Það mun vera til í kjördæmi h. þm. bóndi einn, Sigurður á Fagurhól. Jeg skal gjarna nefna manninn, þó það verði honum til verðskuldaðrar svívirðingar, meðan nokkur les alþt. Hjá honum kom jeg fyrir hrossi, sem mjer var mjög annt um, og sem jafnan hafði verið vant við að njóta góðrar meðferðar. Það eina, sem jeg fór fram á, var, að vel væri farið með hrossið. En hvernig fór? Að vísu horfelldi hann það ekki, en það kom þó svo til reika úr fóðrinu um vorið, að full ástæða hefði verið til að láta bónda sæta ábyrgð fyrir meðferðina á því; og annað hvort hlýtur það að vera að við höfum mjög misjafna skoðun á illri meðferð á skepnum, jeg og h. þm. (Sighv. Á.), eða hann hefði ekki aftekið eins eindregið og hann gjörði, að ill meðferð á skepnum ætti sjer stað í hans kjördæmi, ef hann hefði sjeð hrossið, hvernig það var útlítandi, þegar það kom úr fóðrinu.

Það er eins og sumir þm. sjeu að gjöra sjer tæpitungu við horfellinn, þeir kalla hann »misbrest á góðri framfærslu« fjenaðarins, og telja hann sprottinn af veikindum í fjenaðinum o. s. frv. H. þm. ganga hjer oflangt í að verja vont mál; og jeg er viss um, að þegar þeir fara að hugsa sig betur um, þá muni þeir komast að þeirri niðurstöðu, að það sje sízt góðverk eða góðmannlegt verk að taka með silkihönzkum á skepnukvalara-hugsunarhættinum. Það þarf með járngreipum að kyrkja þann hugsunarhátt og það tilfinningarleysi, sem ekki kippir sjer hið minnsta upp við það, að sjá skepnurnar veslast upp af hor og hungri; slíkt er hugsunarháttur Hottentotta og Búskmanna, hugsunarháttur, sem ekki ætti að eiga sjer stað meðal þm.

H. 2. þm. Rangv. (Þórður G.) spurði mig að, hvort jeg þekkti ekki í ná-

grenni við mig sveit, þar sem fjenaðurinn væri mjög svo settur á það, sem menn kalla »guð og gaddinn«. Það mun satt vera, að fremur lítið muni þar vera um heyfeng manna, en fyrir það er langt frá, að jeg telji það hyggilega gjört að setja fjenað sinn þannig á vogun, að annað árið geti menn stórgrætt við það, en hitt árið tapi þeir aptur máske miklu meir en gróðanum nemur, jafnframt því sem þeir syndga móti því boðorði, er býður oss að fara vel með skepnurnar.

Umræðurnar um þetta mál ættu sízt að bera vott um það, að þingið vildi ekki gjöra allt, sem í þess valdi stæði, til þess að tryggja sem bezt góða meðferð á skepnum og um leið velmegun sveitabænda, því að þess er vel að gæta, að hjer eru tvö spursmál samantengd, mannúðarspursmálið og hagnaðarspursmálið. Verði frv. þetta fellt, þá er torvelt að skoða það öðruvísi en vott um það, að vjer sjeum enn á því skrælingjaskeiði, að oss þyki ekki ómaksins vert að reyna að sporna gegn því, að mönnum leyfist að ósekju að drepa fjenað sinn úr hor.

Skúli Thoroddsen: H. þm. Strand. (Guðj. G.) þótti 5. gr. óskiljanleg og þýðingarlaus, og vill því að henni sje breytt. En jeg verð að vera þeirrar skoðunar, að sje 5. gr. breytt á þann hátt, sem h. þm. Strand. (Guðj. G.) fer fram á, þá sje eins gott að frv. sje með öllu fellt. Aðalgallinn á hinum núgildandi horfellislögum er sem sje sá, hve erfitt það er að fá lögfulla sönnun fyrir því, að fjenaður hafi horfallið eða orðið óforsvaranlega magur. Úr þessum galla á 5. gr. að bæta með því, að álit skoðunarmanna á að gilda sem lögfull sönnun fyrir því. En felli maður þetta ákvæði burtu, svo að álit skoðunarmanna sje ekki lögfull sönnun, en leita verði annara lögfullra sannana, þá munu þessi lög ekki koma að meiri notum en horfellislögin frá 12. jan. 1884, því að örðugleikinn liggur einmitt í því, hve óhægt er að sanna horfellinn hjer á landi, þar sem eigi verður náð til dýralækna, sem einir hafa nægja þekkingu til þess að kveða upp álit í þessu efni, sem rjetturinn getur byggt á.

Jeg vona að h. deild sje það því ljóst, að það er einmitt ákvæðið í 5. gr., sem riður á að halda, svo framarlega sem menn vilja að lögin sjeu svo úr garði gjörð, að hægt sje að dæma eptir þeim.

Eins og h. 2. þm. G.-K. (J. Þ.) tók fram, þá er breyt.till. h. þm. Strand. (Guðj. G.) auk þessa næsta óheppilega orðuð, en aðalatriðið er hitt, að hún sviptir rjettinn því sönnunargagni, sem eptir 5. gr. frv. felst í því, að yfirlýsing skoðunarmannanna fyrir rjetti um það, að þeir álíti að skepnan hafi fallið úr hor, er nóg til sakfellingar ákærða.

Allir verða víst að játa, að horfellir er sú þjóðarskömm og sá þjóðarskaði, sem þingið þarf að gjöra sitt ýtrasta til að fyrirbyggja. Landbúnaðurinn kemst aldrei í lag, á meðan horfellir vofir yfir, hvað lítið sem út af ber.

Á hinn bóginn er það varúðarvert að fylgja h. efri deild í því, að vilja veita skoðunarmönnum vald til að skipa mönnum að lóga fjenaði sínum; hitt er eðlilegra og ráðlegra, að lofa hverjum að hafa frjálsar hendur, en búa svo um hnútana, að hegningin geti hitt þá, sem vanbrúka þetta frelsi og drepa fjenað sinn úr hor; og það er ákvæðið í 5. gr., sem er ómissandi, til þess að dómsvaldið gæti beitt lögunum að gagni.

Framsögumaður (Tryggvi Gunnarsson): Breyt.till. h. 2. þm. Árn. (Þorl. G.) við 2. gr. um það, að fresta fyrstu skoðun til miðs vetrar er mjög óhentug fyrir land allt, einkum Norður- og Austurland. Bæði er það skaði fyrir

eigandann að vera búinn að eyða talsverðu af heyi í þær skepnur, sem álízt að hann þurfi að farga af heyjum, og svo eru skoðunarmenn miklu deigari með að skipa að skera um miðjan vetur, heldur en á haustin, þegar skepnurnar eru í fullum holdum og engu heyi búnar að eyða. Á Norðurlandi, og jeg held víðast á landi, er hentugast að skoða í nóvember, því að þá er minnstur skaði að farga skepnum. Það er aðgætandi að lög þessi eiga ekki að gilda fyrir suðurnesin hjerna ein, heldur fyrir allt landið.

Breyt.till. h. 1. þm. Rangv. (S. Á.) miðar til að gera lögin öll þýðingarlaus; en það er fullkomin þörf á að lög þessi komist á sem fyrst. Jeg ætla að segja þingmönnum eina sögu frá síðastliðnu vori því til sönnunar. Maður reið úr Mosfellssveit suður í Hafnarfjörð, og sá kind liggjandi á götu sinni, sem hann hjelt að væri dauð; gaf hann henni því *lítinn gaum*, en hjelt leiðar sinnar. Þegar hann kom til baka aptur, sá hann að hrafn sat á kindinni og var búinn að höggva úr henni annað augað; fór hann þá að líta eptir aumingja skepnunni og sá að hún var lifandi, en var svo máttlaus af hor, að hún gat hvorki reist sig við nje varið sig fyrir hrafninum. Hefði h þm. verið þessum manni samferða, þá vona jeg að hann hefði viðurkennt, að þetta ástand mætti ekki lengur vera svona, og að þessi meðferð á skepnunum væri bæði skaði og skömm fyrir þjóðina. Jeg er viss um að hefði þá átt að greiða atkvæði þar á staðnum um þetta frv., þá hefði hann ekki greitt atkv. móti því. Þó menn sjeu svo harðhjartaðir að láta ekki kröfur mannúðarinnar á sig fá, þá ættu þeir þó að geta sjeð, að það er beinlínis til peningalegs hagnaðar og þjóðmegunar að lög þessi komist á. Til hvers erum vjer að veita 40 eða 50,000 kr. þing eptir þing til að efla grasræktina, meðan skoðanir manna breytast ekki um heyásetning og meðferð á skepnum? Hvað gagnar það, þó grasvöxtur aukist um helming, ef menn svo missa á nokkurra ára fresti þær skepnur, sem hafa fjölgað fyrir aukinn grasvöxt, og þær, sem eptir lifa, verða gagnslausar? Þá er gróðinn horfinn. Jeg skil ekki, hvernig nokkur þm. getur verið svo harðbrjósta, að greiða atkvæði á móti þessu frv. eða hverri helzt tilraun, sem miðar í þá átt að lækna hið mesta þjóðarmein, sem öld eptir öld hefir steypt heimilum og heilum sveitum í örbirgð.

Mönnum er svo tíðrætt um kostnaðinn. En kostnaðurinn við þessar skoðanir gengur þó ekki út úr landinu, heldur til skoðunarmanna, sem eru bændur, og svo hverfandi lítill í samanburði við það tjón, sem leiðir af horfelli. Skoðunarmennirnir ættu ekki *einungis að gefa ráð með heyásetningum*, heldur fjárhirðing og húsaskipun m. m.

Þá var eptir skriflegri ósk 8 nafngreindra þm. samþ. með 12 atkv. að hætta umræðum.

ATKÆÐAGR.: 1. gr. frv. samþ. með 13 shlj. atkv.

Breyt.till. (342) við 2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Breyt.till. nefnd. 1 a. við 2. gr. (282) samþ. með 11:5 atkv.

Breyt.till. nefnd. 1 b. við 2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

2. gr., þannig breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.

Breyt.till. (413) við 3. gr. feld með 11:3 atkv.

Breyt.till. nefnd. a. við 3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Breyt.till. nefnd. b. við 3. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, sþ. með 15 shlj. atkv.

Breyt.till. (342) við 4. gr. samþ. með nafnakalli með 11:9 atkv., og sögðu:

já:	*nei*:
Einar Jónsson,	Benid. Sveinsson,
Klemens Jónsson,	Guðl. Guðmundss.,
Björn Sigfússon,	Jens Pálsson,
Eiríkur Gíslason,	Jón Þórarinsson,
Guðj. Guðlaugsson,	Sighv. Árnason,
Halldór Daníelsson,	Skúli Thoroddsen,
J. J., þm. A.-Sk.,	Tr. Gunnarsson,
Ólafur Briem,	Þórður Guðmundss.,
Sig. Gunnarsson,	Þorl. Guðmundsson.
Valtýr Guðmundss.,	
Þórður Thoroddsen.	

4. gr. frv. og br.till. nefnd. þar með fallið.

Breyt.till. (342) við 5. gr. felld með 11:4 atkv.

Breyt.till. nefnd. við 5. gr. samþ. með 12:1 atkv.

5. gr. svo breytt samþ. með 13:1 atkv.

6. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

7. — — — 15 — —

Breyt.till. nefnd. við 8. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

8. gr. þannig breytt samþ. með 14 shlj. atkv.

Breyt.till. nefnd. við 9. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

9. gr. svo breytt samþ. með 16 shlj. atkv.

Breyt.till. nefnd. við 10 gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

10. gr. þar með fallin.

11. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Breyt till. (407) við fyrirsögnina felld með 11:2 atkv.

Fyrirsögnin óbreytt samþ. án atkv.gr. Málinu vísað til 3. umr. með 13:1 atkv.

Frumv. til laga um afnám ítaksrjettar í Hallormsstaðarskógi (C. bls. 365, 503); 2. umr.

Flutningsmaður (*Jón Jónsson*, þm. A.-Sk.): Hæstv. landsh. var ekki viðstaddur við 1. umr. þessa máls. Vildi jeg því víkja þeirri spurningu til hans, hvort nokkuð mundi vera því til fyrirstöðu frá stjórnarinnar hendi, að frv. þetta nái staðfestingu.

Tilgangur þess er að friða Hallormsstaðarskóg. Þingmúlaprestakall átti 60 rapta ítak í skóginum. Síðan Þingmúli hætti að vera sjerstakt prestakall, mun ítakið ekki hafa verið stöðugt notað. Að minnsta kosti held jeg að þeir hafi ekki notað, það síra Sigurður Gunnarsson og síra Sveinn Níelsson; jeg veit ekki um síra Pál Pálsson, en hafi hann ekki notað það, þá hefir það líklega verið ónotað í meir en 20 ár. En þetta er sjálfsagt betur kunnugt h. 1. þm. S.-Múl. (S. G.), er flutti mál þetta ásamt mjer inn í þingd. Mjer finnst nú að svo megi líta á, að þetta ítak hafi fallið niður við sameiningu brauðanna, enda er það mjög ótilhlýðilegt, að sá maður, sem á að hafa yfirumsjón skógarins og gæta þess að hann spillist ekki, skuli mega spilla honum sjálfur. Fyrst afnotarjettur ábúanda Hallormsstaðar hefir verið stórum takmarkaður, án þess landskuld hafi verið sett niður, virðist prestinum ekki vandara um að hætta sínu skógarhöggi án endurgjalds frá landsjóði, enda er það metið svo lítils í seinustu brauðamötum, að prestakallið munar næsta lítið um það, og jeg skil ekki í, að það geti verið rjett að heimta 40 kr. árlega í endurgjaldseyri fyrir að láta skóginn óskemmdan.

Því var það að jeg kom ekki fram með uppástungu um endurgjald til prestsins í Vallanesi. En mjer þætti vænt um að heyra álit hæstv. landsh. um það, hvort stjórnin mundi samþ. þetta frumv., nema endurgjald komi á móti.

Landshöfðingi: Jeg verð að játa, að mjer er ekki vel kunnugt um málsástæður hjer, en get ekki litið öðru vísi á en svo, að hinn núverandi prestur

eigi tilkall til skaðabóta fyrir rýrnun á tekjum brauðsins, ef ítaksrjetturinn er afnuminn. Vitaskuld heyrir það undir dómstólana að skera úr þessu, og ef þetta yrði að lögum, gæti hann leitað rjettar síns við dómstólana. — Það væri mjög æskilegt, eins og h. þm. A.-Skaptf. (J. J.) tók fram, að þessi ítaksrjettur hyrfi, til þess að skógurinn yrði friðaður; stjórninni er um það hugað, að skógur þessi verði friðaður, og að þessu leyti get jeg mælt með frv. En hins vegar tel jeg sjálfsagt, að presturinn fái endurgjald úr landssjóði, ef hann leitar þess við dómstólana. Jeg álít rjett að því sje bætt við með viðaukatill., að hinn núverandi prestur fái þann tekjumissi, sem af afnámi ítaksins leiðir, bættan úr landssjóði, eptir óvilhallra manna mati.

Flutningsmaður (*Jón Jónsson*, þm. A.-Sk.): Mjer þykir vænt um að heyra, að hæstv. landsh. gaf góðar vonir um staðfestingu þessa frv., en jeg býst við að mörgum muni þykja ísjárvert að samþ. það, þegar svona stendur á, að búast má við málssókn, ef frv. gengur fram. En jeg skal samt lýsa einu atriði, sem ætti ef til vill að geta komið þessu máli við, og hefði mátt sætta hlutaðeiganda við að sleppa þessu ítaki endurgjaldslaust. Fyrsta árið, sem þessi prestur, sem nú er, sat í hinum sameinuðu Vallanes- og Þingmúlabrauðum, þá slapp hann við að gjalda í landssjóð 1000 kr., sem hann rjettilega hefði átt að gjalda landssjóði að mínu áliti. Jeg veit ekki, hvernig þeirri ráðstöfun stjórnarinnar var varið, hvort nokkuð kom í móti af prestsins hálfu, en jeg sje af ræðu hæstv. landsh., að þessu tilkalli hefir ekki verið sleppt.

Jeg veit ekki, nema jeg taki þetta frv. aptur og beri það upp sem þingsál.till., en það gjöri jeg ekki fyr, en jeg hefi heyrt till. hinna annara h. þingdm. um þetta mál.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. á þingskj. 226 samþ. með 15 shlj. atkv.

Frv. með áorðnum breytingum samþ. með 14 shlj. atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Frumv. til laga um dýraverndun (C. bls. 241, 445); frh. 1. umr.

Framsögumaður (*Tryggvi Gunnarsson*): Þetta mál er svo líks efnis horfellismálinu, sem nýlega var rætt, að jeg þarf ekki að fara um það mörgum orðum. Jeg játa að skoðanir landsmanna eru á síðustu árum nokkuð að færast í áttina að bæta meðferðina á skepnunum; þess vegna ímynda jeg mjer að þetta frumv. muni fá góðar undirtektir. Þetta frv. er eiginlega fram komið fyrir ósk ýmsra dýravina; þeir hafa kvartað um, að þegar þeir hafi sjeð illa meðferð á skepnum, þá hafi þeir ekkert getað liðsinnt þeim skepnum, sem misþyrmt var, af því að nær engin lagaákvæði eru til í því efni. Það er að eins ein gr. í hegningarlögunum, sem hægt er að styðja sig við, en ákvæði hennar eru svo stirð, að erfitt er að beita þeim. Nefndinni virtist því frumv. þetta til mikilla bóta í þessu efni. Hún hefir hugleitt þetta mál, og ekki sjeð ástæðu til að gjöra neinar efnisbreytingar við frumv., að eins hefir hún breytt orðalagi á tveim stöðum. Það væri auðvitað betra að frumv. næði lengra og tæki dýpra í árinni, en nefndin þorði ekki að fara lengra en hjer er gjört, því hún var hrædd um að frumv. kæmist þá ekki gegnum þingið. Mjer þætti vænt um að deildin samþykkti það með mörgum atkvæðum, svo að eptirkomendurnir sæju, að til hefðu verið menn 1897, sem tók sárt að vita illa

farið með málleysingja, sem alveg eru á valdi eigendanna.

Skal jeg svo ekki orðlengja meira, fyr en jeg heyri einhver mótmæli.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg hef nú ekki neitt sjerlegt að athuga við þetta frv., að eins vildi jeg benda á 1 eða 2 atriði í 5. gr. Þar segir svo: »Þegar hross eða sauðfje er flutt á skip til útflutnings, skal svo um búið, að reka megi þau, nfl. þau sauðfjeð, rakleiðis út á skipið, en verði að flytja fjenað á bátum til skips« o. s. frv. Þetta »fjenaður« er víst 3. kynferðið, eptir orðunum að dæma, þar sem ætlazt er til að höfð sje önnur aðferð við útskipun á fjenaði heldur en hrossum eða sauðfje. Það er þessi stílfærsla, sem jeg hef hugsað mjer til fyrirmyndar, ef jeg skyldi koma með breyt.till. Jeg veit að h. 2. þm. G.-K. (J. Þ.) muni hafa stílfært þetta. (*Jón Þór.*: Þingmaðurinn á að geta skilið, að þetta er prentvilla). Greinin er þá öll prentvilla.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv.

Frumv. til laga um innflutningsgjald af smjörlíki (C. bls. 206, 485); frh. 1. umr.

Framsögumaður (*Tryggvi Gunnarsson*): Jeg sje enga ástæðu til að tefja tímann með löngum ræðum að sinni; jeg vona að h. þingd. lofi þessu frv. að ganga til 2. umr., svo að kostur verði að ræða sjerstök atriði málsins.

Jón Þórarinsson: Þegar jeg heyrði h. framsögum. (Tr. G.) lýsa von sinni um, að frumv. þessu verði lofað að ganga umræðulaust til 2. umr., datt mjer í hug: »mikil er trú þín, kona!« Eins og menn sjá, hefir nefndin engar brt. gjört við frumv., nema að eins að gjaldið verði fært frá 20 aurum niður í 10 aura. Þó þetta gjald sje lítið, þá er það mjög tilfinnanlegt fyrir þá, sem neyðast til að kaupa smjörlíki, af því ekki er hægt að fá allt það viðbit innan lands, sem brúka þarf. Það er því tilfinnanlegra, sem fátæklingar eiga í hlut; þetta gjald kemur niður á þeim allra helzt. Og í öðru lagi er það tilfinnanlegt fyrir þá, sem þilskipin eiga. Fyrir skipaútgerðarmenn er íslenzka smjörið óhentugra en smjörlíki, enda þótt það fengist fyrir minna verð og væri ætt. Jeg skal nefna eitt dæmi, sem gjörðist í vor. Stjórnin í Noregi vildi vernda norska smjörið, og ákvað, að alla Margarine skyldi lita með vissum lit; þeir menn, sem gjörðu út skip, sáu að þessi litur gjörði smjörið ólystugt, svo að hásetar mundu ekki vilja borða það.

Í »Sjöfartstidende« er það tekið fram, að meðan brúkað var ekta smjer til skipa, þá heyrðust sífelldar kvartanir yfir því að það skemmdist svo fljótt, að það yrði óætt á skömmum tíma. Á þessu bar ekki hjer, meðan skipin voru stuttan tíma í einu að veiðum; nú eru þau lengur burtu en áður fyrr, og verða því að búa sig út með meira smjer eins og aðra hluti, og því mundi sami agnúinn sem í Noregi koma í ljós, að það skemmdist og yrði óætt. Aptur á móti er reynsla allra sjómanna sú, að Margarine heldur sjer miklu betur. Þessi reynsla er ómótmælanleg. Norðmenn vilja með engu móti missa Margarine af þessum ástæðum, þar sem það er líka álitið eins gott og ekta smjer, og boðlegt hverjum manni; en þó að íslenzka smjerið væri gott, þegar það kemur um borð, þá er það óboðlegt eptir langan tíma. Á þetta atvik, sem jeg nú gat um, legg jeg að vísu litla áherzlu, þó að það sje engan veginn þýðingarlaust. Hitt er í mínum augum aðalatriðið, að þessi tollur er

lagður á þann atvinnuveg sem nú er verið að reyna að hjálpa áfram, og svo fátækt fólk við sjóinn. Jeg man að h. framsögum. (Tr. G.) sagði um daginn, að h. deild rifi niður með hægri hendinni það, sem hún byggði með vinstri. H. framsögum. sýnist mjer ekki alveg laus við að gera sig sekan í þessu sama; hann styður öfluglega fjárveitingar til þilskipakaupa, skipakvíar o. s. frv.; þetta eru tilraunir til þess að byggja upp; en hann rífur svo þennan atvinnuveg niður með hinni hendinni með því að flytja þetta frumv., því að þetta frumv. — ef það yrði að lögum — leggur þungan skatt á þilskipaútgerðina, sem sannarlega hafði áður nógar byrðar að bera.

Jeg hef reiknað út lauslega, hve miklu þilskip með 20 manns mundi svara í þennan skatt. Samkvæmt reglugjörð um viðurværi háseta á hver maður að fá 1½ pd. af smjeri um vikuna, og mun það í 5—6 mánuði gera um 150 kr. með 10 aura tolli á pundið, því að vel ber þess að gæta, að sá, sem á að skila tollinum í peningum til sýslumanns, lætur sjer ekki nægja að hækka smjörverðið að eins um það, sem tollinum nemur. Þessi skattur lendir eingöngu á þilskipaútgerðinni og fátæklingum við sjóinn. Menn verða að gæta þess, að þetta fólk ber áður mikla tolla, meira en sveitamenn, sykurtoll, kaffitoll, af því að það þarf að brúka meira af þessu en þeir. Jeg vil spyrja: Hve nær er mælirinn fullur? Á aldrei að nema staðar? Eiga þessir menn að borga allar tekjur landssjóðs? Jeg get fullvissað h. deild, að álögurnar eru þegar nógu miklar; þær hafa langa lengi verið nógu þungar, þó að þessi bætist ekki við.

Af þessum ástæðum hef jeg fastráðið að greiða atkvæði móti frumv., og vil styðja að því, að það komist ekki lengra en til þessarar umr. Landssjóð munar ekki miklu það, sem inn kemur fyrir þetta, en hvern einstakling munar um það. Að þetta er gert til að vernda íslenzka smjerið, liggur í augum uppi, en eins og jeg hef sýnt fram á, nær frumv. engan veginn þeim tilgangi, því að það verður ekki keypt meira af hinu íslenzka smjeri eptir en áður.

Jeg hef ekki heyrt nein sjerleg meðmæli með frumv. þessu af vörum h. framsögum., og meðan þau koma ekki, ætla jeg ekki að ræða það frekar.

Framsögumaður (Tryggvi Gunnarsson): Mjer þótti gott að heyra það hjá h. 2. þm. G.-K. (J. Þ.), að hið sama hefir komið fram í Noregi og hjer, að vernda landbúnaðinn, þó sjómennirnir biði dálítinn halla við það, og eru þó Norðmenn mesta fiskiveiða- og siglingaþjóð í Evrópu. Þetta sýnir að sjómenn þar líta ekki á sinn hag eingöngu, heldur jafnframt á hag landbúnaðarins og þjóðarinnar í heild sinni; þetta sama ættum vjer að taka upp eptir þeim. Þar sem h. þm. sagði, að það eitt meðal annars væri á móti því að brúka íslenzkt smjer, að það eyðilegðist á hinum löngu ferðum skipanna, þá get jeg ekki annað en hrist höfuðið yfir því, að Íslendingar sjeu nú orðnir svo smekkfínir, að þeir ekki geti etið sitt eigið smjör, þegar þeir koma út á sjó, en snæða það á landi með beztu lyst. Jeg get ekki skilið að Íslendingar sjeu orðnir svo matvandir, að þeir geti ekki borðað smjer, þó það sje svo sem hálfan eða heilan mánuð um borð í skipum. H. þm. sagði, að útgerðin yrði mjög dýr, ef brúkað væri íslenzkt smjer en ekki Margarine, því það munaði 15 a. á pundinu, og var það rjett, sem hann sagði, að það mundi nema um 150 kr. á hvert skip á ári, en þetta er engan veginn há upphæð í samanburði

við mörg önnur gjöld til skipanna. Hjer sunnanlands er það venja, að skipseigendur fæða alla skipverja, svo ekki er hægt að heimta því við að innflutningsskatturinn af öllu því Margarine, sem eytt er í skipunum, leggist á fátæka alþýðu, því það eru skipseigendur einir, sem greiða hann. Ef maður lítur aptur á sjávarbóndann, er fiskar á bátum en ekki þilskipum, þá eru þeir margir, sem ekki brúka yfir 100 pd. af Margarine á ári. En þingið verður að líta á meira en sjávarbóndann einan, því hjer á landi eru 2 at vinnuvegir, sem hvorugan má vanrækja, og er það engu síður skylt að styðja landbúnaðinn. Fjársalan er orðin mjög lítil og ket lækkað í verði, sömuleiðis tólg, sem ekki selst fyrir meira en 20 a. og smjör 40—50 a. pd., og svo bætist það ofan á, að menn geta varla orðið af með þessar afurðir, svo landbúnaðurinn er í vanda staddur og sýnist liggja við eyðileggingu, ef ekkert er að gjört. Getur h. þm. sagt mjer, hvernig á að hjálpa honum við? Hjer hefir opt að undanförnu verið selt í Reykjavík 7—8000 fjár, og tólg komið mikil, sem áður var send til Vestfjarða, en í vor voru pakkhúsin hjer full af tólg og keypti enginn. Vestfirðingar eru alveg hættir að kaupa tólg. Þeir líta nú á Margarine. H. þm. talar um að tollur á Margarine væri hreinn og beinn skattur á sjávarbóndanum. En undan þessum skatti getur sjávarbóndinn skotið sjer, ef hann vill kaupa feitt kjöt og tólg af landbóndanum. Því kaupir fiskimaðurinn ekki tólg, sem kostar að eins 20 a. pd., í staðinn fyrir Margarine, sem kostar 45 a. pd. og þar yfir? Það væri bæði peningasparnaður og auk þess meiri næring í kjötinu og tólginni. Það er satt, að tólg er ekki eins lystug og Margarine, en allt að þessum tíma hefir sjómaðurinn látið sjer nægja tólg til viðbits. Jeg hef ekki komið fram með þetta af því, að jeg vilji »rífa niður með annari hendinni það, sem jeg byggi upp með hinni«, því jeg vil jafnt heill sjávarbóndans og sveitabóndans, en jeg sje að sveitabóndinn er í stökustu vandræðum, svo að á einhvern hátt þarf að hlaupa undir bagga með honum. Það er hreinn fyrirsláttur hjá h. þm., að það sje svo mikill skattur lagður á sjávarbóndann, ef þetta kæmist að. Mjer finnst 150 kr. á hvert þilskip á ári ekki vera neitt gífurlegt gjald. En getur h. þm. sagt mjer, hvað sveitabóndinn á að gera, til þess að verða af með afurðir sínar? Og hvað getur þingið gjört til að hjálpa honum? Önnur lönd mundu grípa til verndartolls; það hefir England og Noregur sýnt í ár.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg get ekki vel látið vera að taka til máls, þó jeg ekki búist við að þetta mál verði útrætt á þinginu í ár, en það mun koma fram síðar og er nauðsynlegt að athuga það vel. Sú stefna, sem nú ræður, er afar-óheppileg fyrir landbúnaðinn, markaðurinn mjög slæmur, hvað peninga snertir, og er þar sjávarútvegurinn miklu betur staddur með sínar afurðir. Beinir skattar hvíla allir á landbúnaðinum, en á sjávarútveginum koma þeir ljettar niður. Það kann að vera, að óbeinu skattarnir hvíli aptur nokkru frekar á sjávarútveginum. Þessir 2 atvinnuvegir standa ólíkt að vígi. Það má óhætt fullyrða, að á síðari árum hafi gjörðir löggjafarvaldsins verið í því fólgnar, að ljetta undir með sjávarútveginum en gera landbúnaðinum erfiðara fyrir. Það er engin ástæða fyrir okkur að leggja afurðir okkar undir eyðileggingu, til að búa í haginn

fyrir útlendar verksmiðjur. En af því að það er kannske ástæða til að segja, að þessi tollur, sem hjer er um að ræða, sje sama sem aukinn skattur á sjávarútveginum, þá mætti reyna að bæta sjómönnunum upp þennan skaða. Jeg vil því leyfa mjer að stinga upp á, að um leið og 10 a. tollur er lagður á pd. af Margarine, þá sje sykurtollurinn lækkaður um einn eða jafnvel 2 a. á pd. Þessi lækkun á sykurtollinum gæti þá einnig bætt það upp fyrir landbúnaðinum, ef lagt væri 10 a útflutningsgjald á tólg. En þetta er erfitt að reikna nákvæmlega út í tölum í fljótu bragði. Mjer finnst að stjórnin á þessum grundvelli ætti að taka málið til íhugunar og leggja fyrir næsta þing, og mætti þannig ljetta á landbúnaðinum án þess að þyngja á sjávarútvegnum. Það er full ástæða til að ljetta beinum sköttum á landbúnaðinum og reyna að bæta lánsmarkaðinn, því það er ekkert það land til í heimi, að ekki sje veitt lán gegn veði í fasteign með lengra gjaldfresti en hjer. Lánsmarkaður er nú svo illur fyrir sveitabóndann sem hann hefir nokkurn tíma verið, og er þar allt öðru máli að gegna um lánsmarkað útvegsbóndans. Það voru þessar stuttu athugasemdir, sem jeg vildi gera, og óska jeg að frv. fái framgang, svo að það geti orðið stjórninni bending í þá átt, sem jeg tók fram.

Valtýr Guðmundsson: Áður en nefnd var kosin í þetta mál, minntist jeg dálítið á frumv., og tók það þá fram, að frumv. gengi í öfuga stefnu við tilganginn. Það er ætlazt til að frumv. ljetti undir með sveitabóndanum, en það gengur einmitt í öfuga átt og mundi skaða landbúnaðinn, því það mundi verða til þess að stofnuð yrði Margarine-verksmiðja. Svo hefir nefndin komið fram með frv. um að leggja útflutningsgjald á tólg, og mundi það sömuleiðis ljetta undir með stofnun Margarine-verksmiðju, og gera einstöku auðmönnum hægra fyrir að keppa við sveitabóndann, því þegar búið er að leggja toll á aðflutt Margarine og um leið útflutningsgjald á tólg, er gerði þeim hægra fyrir að afla sjer hennar, þá leiddi af því, að þeir gætu selt margfalt ódýrara Margarine en nú gerist, og mundi þannig verða til að skaða sveitabóndann enn meir. Jeg þykist ekki þurfa að fara fleirum orðum um frumv., en þetta eitt er í mínum augum nóg til að gera það óbrúklegt.

Þorlákur Guðmundsson: H. 2. þm. G.-K. (J. Þ.) tók það fram á móti þessu frv., að Norðmenn, sem eru mesta útgjörðarþjóð, hafi reynt að stemma stigu fyrir Margarine brúkun, en það hafi orðið sú raunin á hjá þeim, að hið innlenda smjer skemmdist, er það fór að liggja í skipunum. Þetta álít jeg að hljóti að koma til af því, að smjerið sje ekki nógu vel saltað og mundi mega bæta úr því með því að salta það rækilega. Jeg hef lesið að Norðmenn sjeu að leggja toll á sem flestar útlendar vörur. H. þm. Vestm. (V. G.) kom hjer enn þá einu sinni fram með sína makalausu Margarine-verksmiðju, og mjer er sem jeg heyri hana strax vera farna að hringla í huga hans. Jeg held nú að Margarine-verksmiðja mundi ekki verða til skaða fyrir landbúnaðinn, heldur miklu fremur til hagnaðar. Það yrði til þess að auðmenn kæmu hjer og veittu mönnum atvinnu, auk þess sem afurðir landsins sjálfs yrðu notaðar til þess, og hefir mjer verið sagt, að einnig væri notað smjer til Margarine-gerðar. Það hefir verið fært fram á móti íslenzku smjeri, að það væri slæmt. Kann að vera að það sje ekki gott, en þetta yrði þá til þess að menn færu að

vanda það betur, og yrði það stór hagnaður fyrir báða og kæmi auk þess í veg fyrir að útlendingar græddu á okkur. Jeg skal geta þess, að það var biskupinn, sem gaf mjer upplýsingar um, úr hverju Margarine væri til búið, þegar hann kom úr vígsluferðinni, og sagði hann að brúkuð mundi ýmisleg feiti í hið lakara, en smjör í það bezta og góð nautafeiti, og það er þess vegna að hið bezta Margarine jafnast ef til vill við smjer, af því svo mikið af smjör ier í því. Jeg skyldi vera h. þm. Vestm. (V. G.) þakklátur, ef hann kæmi með verksmiðjuna. Þá mundi tólg vera minni í landinu, og hið lakara smjör hreinsað og hvorttveggja í sameiningu gert að góðri vöru, báðum til hagsmuna sveita- og sjávarmanninum.

Jón Þórarinsson: Jeg ætla að eins að snúa örfáum orðum til h. framsögumanns (Tr. G.). Jeg lagði ekki mikla áherzlu á það atriði, að betra væri að geyma Margarine í skipum en smjer, en það gerði hann. H. 2. þm. Árn. (Þorl. G.) sagði, að það kæmi af saltleysi að ekki væri hægt að geyma smjörið, en hann vantar alla reynslu fyrir því; hann veit ekkert, hvernig er að geyma smjör á sjó.

H. framsögum. (Tr. G.) sagði, að þessi skattur kæmi ljett niður á hásetunum. Jeg hef aldrei sagt, að hann kæmi niður á hásetunum, heldur að hann kæmi tilfinnanlega niður á eigendum skipanna, og að mjer fyndist öll ástæða til að íþyngja þeim ekki að óþörfu, því þeir veiti mörgum mönnum atvinnu.

Þetta voru smáatriði, en það var eitt aðalatriði, sem jeg vildi minnast á, og það var spurning sú, er h. framsögum. lagði fyrir mig, hvað ætti að gera til að greiða fyrir sveitabóndanum að hann gæti fengið gott verð fyrir vöru sína, smjörið. Jeg skal þá benda honum á það, að fyrsti vegurinn til að bæta markaðinn fyrir sveitabóndann er sá, að hann læri að verka smjörið, svo það verði gott. Annað ráðið er að stofna Margarineverksmiðju, því til hennar þarf tólg og aðra feiti, og yrði þar góður markaður fyrir sveitabóndann.

H. framsögum. sagði, að menn gætu jetið kjöt og tólg, og væri það ódýrara, en það er sá hængur á þessu, að skipseigendur ekki geta skyldað hásetana til að jeta hvað eina, því þar fyrirskipa farmannalögin vissar reglur. Það er ekki gert ráð fyrir því í þeim, að hásetarnir jeti tólg eða »bræðing«, en aptur á móti brauð, skonrok, kjöt og smjör (*Guðlaugur Guðmundsson*: Tilberasmjör!). H. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) talar um tilberasmjör, en það er ekki tekið fram í lögunum, sjálfsagt af því að það er ætlazt til að hásetarnir jeti almennilegt smjör og ekki tilberasmjör. Ef h. þm. vill fá að sjá tilberasmjör, þá vil jeg ráða honum til að fara og skoða smjörstablana hjá Briem í Hafnarfirði eða Thomsen í Reykjavík. Það eru fáir þm., sem hafa sjeð, hvernig Margarine er búið til, en það hef jeg sjeð, og er það ólíkt hreinlegra en að sjá tekið af strokknum á sumum íslenzkum heimilum. Jeg tala ekki um allt íslenzkt smjör, því jeg veit að ólastanleg smjörverkun er hjer til, en það veit jeg líka, að það smjer, sem hingað til hefir komið í verzlanir kaupmanna, hefir yfir höfuð verið svo, að mjer þykir ólíklegt, að h. þingdm. vildu láta skipa sjer að leggja sjer það til munns. Jeg vona að frv. verði felt, en skyldi svo fara, að það fengi góðan byr hjá deildinni, þá er það mín eina huggun að tíminn er orðinn svo áliðinn, að lítil von er til að það verði afgreitt á þessu þingi.

Framsögumaður (*Tryggvi Gunnarsson*): H. 2. þm. G.-K. (J. Þ.) er búinn að tala margt og mikið í þessu máli, en hann hefir enn ekki svarað því fullnægjandi,

sem jeg spurði hann um, sem var það, hvernig ætti að hjálpa landbúskapnum upp, og landbóndanum til að verða af með afurðir sínar. Það er einmitt þetta, sem þessar umræður eru sprottnar af. Þó h. 2. þm. G.-K. (J. Þ.) sje kosinn þingmaður fyrir kjördæmi, sem hefir mikinn sjávarútveg, þá má hann ekki líta eingöngu á hag síns kjördæmis eða eins flokks manna, heldur verður hann að líta á hag landsins alls. (*Jón Þórarinsson*: Það á h. 1. þm. Árn. líka að gjöra!) Hann þykist vera á móti verndartollum, en eru ekki til verndartollar í hverju landi, sem byggt er siðuðum mönnum? Og getum vjer búizt við að vjer Íslendingar verðum bráðlega meiri stjórnvitringar en þeir, sem ráða lögum og lofum í stóru löndunum? Og er ekki ráðlegt fyrir oss að fylgja þeirra dæmi, meðan vjer erum viðvaningar í stjórnvizku og fjármálum?

H. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) talaði um, að bæta *mætti* sjómönnum upp smjörlíkistollinn með því að lækka tollinn á sykri.

Jeg er alls ekki á móti því að íviln a sjávarmanninum á einhvern hátt, t. d. með því að leggja útflutningstoll á tólg, eins og frv. hjer á eptir ræðir um, því þá gætu sjávarmenn aflað sjer hennar ódýrar en áður, þar sem landbændur þá ekki gætu orðið af með hana öðruvísi, en til sjávarmanna.

H. 2. þm. G.-K. (J. Þ.) talaði um smjörið hjer í búðunum, og þótti hart að menn skyldu borða þann óþverra. En hvað er orðið af því smjöri, sem komið hefir í búðirnar? Hefir því verið fleygt í sjóinn? Ætli það hafi ekki verið borðað allt af þeim, sem stunda landvinnu. Sje svo, þá held jeg sjómenn sjeu ekki vaxnir upp úr því að borða það líka.

Jeg hef aldrei sagt, að það ætti að brúka feitt kjöt til viðbits á skipum, en jeg sagði, að það yrði ódýrara fyrir bændur, sem stunduðu sjávarútveg á bátum, að kaupa tólg og kjöt heldur en að kaupa Margarine.

Að því er snertir ræðu h. þm. Vestm. (V. G.) um að hjer mundi verða stofnuð Margarine-verksmiðja, ef þessi innflutningstollur kæmist á, þá er jeg alls ekkert óttasleginn fyrir því, þó svo færi, því jeg einmitt álít ákjósanlegt, að slík verksmiðja yrði sett á stofn hjer sem fyrst; en þá ætti að vera innflutningstollur á tólg, því annars mundi tólg til vesksmiðjunnar verða keypt utanlands frá; þar fæst góð nautatólg fyrir 17—18 a.

Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta mál, en það veit jeg, að þó það, ef til vill, ekki komist í gegn á þessu þingi, þá kemur sama konar mál aptur fyrir næsta þing og svo framvegis, þangað til þessi tollur kemst á.

Guðlaugur Guðmundsson: Það hefir áður rutt sjer til rúms sú stefna, sem h. 2. þm. G.-K. (J. Þ.) er að berjast fyrir, sú stefna, að efla á óeðlilegan hátt sjávarútveginn, en drepa landbúnaðinn Það var undir einvaldsstjórninni. Hver varð svo afleiðingin af þeirri stefnu? Það var hallæri og eyðilegging fyrir landið. Ef þingið fer nú að halda mikið lengra út á þessa braut, þá mun þing og þjóð brenna sig á sama soðinu, sem hin ókunnuga stjórn brendi sig á á þeim tímum. Það lítur út fyrir að h. þm. hafi starað sig blindan á eina hlið málsins, á einn flokk manna í sínu kjördæmi og geti ekki lengur fengið yfirlit yfir hag alls landsins Það er hætt við að það fari nú eins og áður að sjávarútvegurinn, sem nú á að gleypa allt, fari á hausinn ásamt dýrkendum sínum, þegar vondu árin koma.

Þá talaði hann um tilbúning íslenzks smjörs, þannig, að hann spurði, hvort þingmenn mundu vilja jeta það eins og

það væri búið til. Jeg býst við að við gjörum það flestir. Það lítur út fyrir, að hann hafi haft sóðaheimili í sínu kjördæmi fyrir augum, þegar hann var að lýsa íslenzka smjörinu. Hann fór þeim orðum um íslenzka smjörgjörð yfir höfuð, að jeg verð fyrir hönd íslenzkra kvenna að mótmæla þeim svívirðingarorðum, er þann mælti til þeirra. Slíkum almennum dómum mótmæli jeg algjörlega. Það eru ekki allir, sem, eins og hann, hafa efni á að lifa á fínasta »herragarðssmjöri« eða eru svo fínir, að þeir ekki geti jetið smjör, af því að það sje íslenzkt. Jeg get sagt h. þm., að það íslenzka smjör, sem jeg þekki hjer á landi, er fullt eins gott og »herragarðssmjörið« hans, hvað þá »tilberasmjörið« útlenzka, sem hann er að lofa, og er vitanlegt, að smjörgjörð hefir, eins og svo mörgu öðru, farið mjög fram hjer á landi. Slíkir sleggjudómar og ástæðulausar staðhæfingar eru ekki til að styðja málstað þeirra, sem mæla á móti þessu frumv., heldur miklu fremur til þess, að vekja athygli manna á því, að sú stefna, sem þessi þm. berst fyrir, sje þess eðlis, að hætt sje við að hún leiði menn á villigötur.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 13 atkv. á móti 3.

Frumv. til laga um útflutningsgjald af tólg (C. bls. 484) 1. umr.

Flutningsmaður (*Tryggvi Gunnarsson*): Það þarf vonandi ekki miklar umr. um þetta mál, enda er búið að minnast á það undir umræðunum um smjörlíkistollinn. Þetta frumv. miðar til þess, eins og jeg tók fram áðan, að ljetta á sjávarbændunum. Eins og landbændur geta haft gott af því, að innflutningstollur verði lagður á smjörlíki, eins verða þeir að finna sig í því, þó þeir líði dálitinn halla á tólginni, til að ljetta fyrir sjávarbændunum.

Jón Þórarinsson: Jeg var dauður áðan, þegar h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) rak úr sjer þessa dómadags roku síðast, er hann með miklum stóryrðum og háreysti var að mæla bót sóðaskapnum, einum leiðasta þjóðarlesti Íslendinga; en nú er jeg genginn aptur, og gæti nú farið illa með hann, ef jeg vildi, en jeg hirði ekki um það að þessu sinni. Jeg tók það fram, að þeir væri margir, sem verkuðu illa smjör; en jeg gat þess líka, að það væru líka margir, sem gjörðu það vel. Um það þurfti þm. ekki að fræða mig, að framfarir eiga sjer hjer stað í smjörgjörð, en hitt stend jeg við þrátt fyrir mótmæli þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.), að smjörgjörð á Íslandi er enn mjög svo ábótavant, og tel jeg íslenzku kvennfólki hollara að þeim sje hógværlega bent á það, heldur en hitt, að ala með fagurmælum á sóðaskapnum. Lengra skal jeg ekki fara út í það nú. Þetta frumv. er líks eðlis og hitt, og hefðu bæði átt að fara í sömu gröfina. En úr því hitt var samþ., þá er ekki við öðru að búast, en að deildin samþ. þetta líka.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 11:2 atkv.

Frumv. til laga um áfangastaði (C. bls. 426); 2 umr.

Flutningsmaður (*Tryggvi Gunnarsson*): Þegar þetta mál var til umræðu og atkvæðagr. síðast hjer í deildinni, stóðu fáir upp með því. Jeg skil ekki, hver orsökin var til þess, jeg get ekki sjeð neina skynsamlega ástæðu fyrir því, að nokkur skuli hafa á móti þessu máli. Það getur ekki skert rjett neins manns, en það getur orðið til þess að rjetta hluta þeirra manna, sem verða fyrir miklum átroðningi af ferðamannahestum. Sýslunefndirnar eiga eptir þessu frumv. að fá heimild til að ákveða dálitla þóknun úr sýslusjóði til þeirra manna, sem

verða fyrir átroðningi af hestum óviðkomandi manna. Jeg skil ekki, hvernig menn fara að skoða þetta mál öðru vísi en svo, að það geti komið sjer vel, að sýslunefndir geti í einstöku tilfellum ákveðið þetta, þegar þeim finnast gildar ástæður þar til. Enginn getur eptir þessu fengið borgun af almannafje fyrir átroðning, nema sýslunefndinni þyki full sanngirni mæla með því. Það sýnist ekki vera nein sanngirni í því, að láta menn verða fyrir miklum ágangi bótalaust. Jeg vona þess vegna að h. Nd. gjöri sitt til að láta þessa menn ná rjetti sínum, og gæti þess að ferðamenn geta líka lent í vandræðum að æja hestum sínum, ef engir fastir áfangastaðir eru ákveðnir.

Þórður Guðmundsson: Jeg hefi fáu að bæta við það, sem h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) tók fram, en jeg get tekið undir með honum í því, að mjer þótti mál þetta fá undarlega ðaufar undirtektir síðast. Jeg held samt að það hafi fremur verið af því, að h. þingdm. hafa ekki gefið málinu gaum, en af því, að þeir sjeu í raun og veru á móti því. En það er svo komið eystra, þar sem margir vegir eru færðir inn í einn veg, að ferðamenn eru orðnir í vandræðum með hesta sína, þar sem þeim er hvergi frjálst að æja þeim. H. þingdm. geta verið óhræddir um það, að sýslunefndirnar munu ekki taka of marga áfangastaði eða ákveða of háa borgun fyrir átroðninginn. Þær munu hafa betri gætur á sýslusjóðunum en svo.

Jeg vona að h. þingd. samþ. frumv., eins og það liggur fyrir.

ATKVÆÐAGR.: Frv.gr. samþ. með 12 shlj. atkv. — Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr. — 3. umr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Þrítugasti og níundi fundur, mánudag 16. ágúst, kl. 12 á hád. — Allir á fundi nema þm. S.-Þing., Pjetur Jónsson, og 2. þm. Eyf., Jón Jónsson, er voru fjarverandi með leyfi forseta.

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar á Firði í Múlahreppi í Barðastrandarsýslu (C. bls. 258, 315); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. orðalaust með 15 shlj. atkv. og afgreitt til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Frumv. til laga um brýr á Skjálfandafljóti o. s. frv. (C. bls. 501); ein umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. orðalaust með 15 shlj. atkv. og afgreitt til Efri deildar.

Frumv. til laga um lækkun á fjárgreiðslum þeim, er hvíla á Holtsprestakalli í Rangárvallaprófastsdæmi (C. bls. 315); 3. umr.

Sighvatur Árnason: Mál þetta hefir til þessa engum mótmælum mætt hjer í þingd.; og það gekk í gegnum Ed. með öllum atkv. og vona jeg því, að það verði samþykkt hjer við þessa umr., enda er málið á sönnum og góðum rökum byggt.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgreitt til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Frumv. til laga um endurgreiðslu á eptirlaunum frá Hólmaprestakalli í Suðurmúlaprófastsdæmi og niðurfærslu á árgjaldi þess (C. bls. 315, 499); frh. 2. umr.

Framsögumaður (*Sigurður Gunnarsson*): Jeg þarf ekki að vera margorður um þetta mál, þar eð það hefir fengið svo góðan undirbúning í Ed., eins og nefndarálitið sýnir. Allir nefndarmenn hafa verið samdóma um að fallast á 1. gr. frv., um endurgreiðslu á því fje, sem presturinn hefir goldið uppgjafa-

prestinum fyrir þau ár, sem liðin eru síðan 1893, af þeirri ástæðu að alþingi 1895 ljetti eptirlaunabyrðinni af prestinum og virðist þar með hafa viðurkennt rjettmæti þessarar kröfu.

Nefndin hefir aptur á móti ekki getað orðið á eitt sátt, hvað 2. gr. frv. snertir. H. þm. A.-Skaptf. (J. J.) er þar á öðru máli en við hinir nefndarmennirnir, en hefir þó ekki gjört ágreiningsatkvæði, eins og sjá má af nefndarálitinu. Jeg verð að halda því fram fyrir hönd meiri hluta nefndarinnar, að þingd. samþykki einnig þessa till. um að árgjaldið (600 kr.) sje lækkað um helming, eins og líka h. Ed. hefir haldið fram. Í nefndaráliti Ed. eru færð rök fyrir því, að þetta er í hæsta máta sanngjarnt. H. þingdm. sjá að presturinn hefir, að frádregnum eptirlaununum, rúmlega 1100 kr. í tekjur; brauðið verður þá að eins meðalbrauð, þótt allar þessar 600 kr. verði gefnar eptir; en samkvæmt þessu frumv. verður það að eins upp á 800 kr. og er það langt frá að vera meðalbrauð.

Jeg ímynda mjer því og vona, að þessi h. þingd. láti standa við það, sem h. Ed. hefir gjört, og leyfi málinu framgang. Óska jeg að það fái að ganga til 2. umr.

Ástæðan til þess, að nefndin var skipuð í þetta mál, var sú yfirlýsing frá h. þm. Strand. (Guðj. G.) að hann hefði fengið beiðni frá prestinum að Stað á Reykjanesi um það, að hann losist við að greiða eptirlaun til uppgjafaprests af prestakalli sínu framvegis. Nefndin gat ekki tekið þessa beiðni til greina sakir ónógs undirbúnings. Hið eina skjal, sem nefndin hafði í höndum þessu viðvíkjandi, gaf engar upplýsingar um tekjur brauðsins, og heldur ekki um það, hvort málið hafi verið lagt undir hjeraðsfund nje undir álit stiptsyfirvaldanna.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 12:4 atkv.

Fyrirsögn frv. samþ. án atkv.gr. og málinu vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Frv. til laga um stækkun verzlunarlóðarinnar á Nesi í Norðfirði (C. bls. 392); 2. umr.

ATKV.GR.: Frumv.gr. samþ. orðalaust með 15 shlj. atkv. Fyrirsögnin samþ. án atkv. — Málinu vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Frumv. til laga um aðra skipun læknis hjeraða á Íslandi o. fl. (C. bls. 303, 479, 494); 2. umr.

Framsögumaður (*Þórður Thoroddsen*): Jeg vil minnast á breyt.till. þær, sem nefndin hefir leyft sjer að koma með við frumv. Ein af þeim fer í þá átt að skipta einu hjeraði í tvennt, nfl. 6. br till. nefnd., og fjölga læknahjeruðin við það um 1, svo að þau verða 42 alls. Þessi br.till. fer fram á að skipta Norður-Þingeyjarsýslu í 2 læknishjeruð, sem bæði er ætlazt til að verði í 4. flokki. Þessi till. er gjörð samkvæmt ósk þm. N.-Þing., sem var einn í nefndinni. Sýslan er mjög örðug yfirferðar, víðlend og strjálbyggð, enda þótt hún sje fólksfá.

Þá er næst að geta þess, að nefndin hefir ráðið til nokkurra breytinga á skipting læknahjeraðanna í Strandasýslu og Húnavatnssýslu, án þess þó að læknahjeruðunum fjölgi á landinu fyrir þetta. Þessar breyt. þóttu nauðsynlegar sakir þess, að ella hefðu nokkrir hreppar í Strandasýslu, Bæjarhreppur og Ó-pakseyrarhreppur, orðið mjög svo

út undan með læknishjálp. Eptir frumv. á Bæjarhreppur að fylgja Miðfjarðarhjeraði, en hinn hreppurinn Strandahjeraði; en þar við er það að athuga, að Bæhreppingum þykir verra að þurfa að leita læknis í því hjeraði en til Dalasýslulæknisins, eins og nú er; en ófært að láta íbúa Óspakseyrarhrepps þurfa að vitja læknis norður fyrir Ennishöfða, sem er versti fjallvegur, eptir því sem sagt er. Annars er það h. þm. Strand. (Guðj. G.), sem var í nefndinni, sem sjer í lagi er höfundur þessara breyt.; hann er þar landsháttum kunnugri en jeg og mun því skýra þessar till. fyrir deildinni.

Blönduósslæknishjerað verður auðvitað nokkuð stórt með þessu lagi, en nefndin treystist þó ekki til að skipta því í tvennt, en tók það ráð að minnka það um Svartárdal, sem hún leggur við Akrahjerað. Um leið leggur hún til, að nafni þess hjeraðs sje breytt í Seluhjerað sem bending til þess, að hún ætlast til að læknirinn í því hjeraði sitji í Seiluhreppi, allt svo vestan Vatna, einmitt vegna þessarar viðbótar. Þó að Blönduósshjeraðið verði stórt, gjörir það minna til, þar sem ætlazt er til, að það verði vel launað, eða í 2. flokki.

8. og 9. breytingartill. er gjörð að ósk h. 1. þm. Rangv. (Sighv. Á.), sem var í nefndinni, og getur hann skýrt þær tillögur betur fyrir deildinni en jeg er fær um.

Hinar aðrar smærri till. um breytingar á takmörkum umdæma lýsa sjer sjálfar í nefndarálitinu.

10 breytingartill., um skyldu hjeraðslæknis til að hjálpa sjúklingum í öðru læknishjeraði en sínu eigin í brýnum tilfellum og undir vissum skilyrðum, vona jeg að allir sjeu samdóma um, að sje til bóta, og meðal annars bæti það upp, ef hinar einstöku hjeraðaskiptingar skyldu sumstaðar vera miður heppilegar.

Að því er snertir breytingarnar við 4. gr., fylgdi nefndin þeirri reglu, að tiltaka hæsta og lægsta borgunartakmark. Verkin geta verið svo mismunandi, bæði að því er snertir tíma þann, sem þarf til þess að leysa þau af hendi, vanda þann, sem fylgir því að framkvæma þau, og kostnað þann, sem þau útheimta fyrir lækninn vegna verkfæra og annars. Aleit nefndin sanngjarnara og rjettlátara fyrir báða málsparta, sjúklinginn og lækninn, að ákveða borgunina þannig.

1. málslið 4. gr. var nauðsynlegt að breyta, því að borgunin, sem þar var ákveðin í frumv., eins og það kom frá h. efri deild, var minni en sú, sem læknar eiga fyrir sams konar eptir núgildandi lögum. En það er svo langt frá, að tillögur frá læknafundinum og frá læknum yfir höfuð beri það með sjer, að borgun fyrir læknisfyrirsögn og minni háttar skurði sje of há samkvæmt núgildandi lögum, heldur miklu fremur of lág.

Síðasta málsgrein 4. gr. í frumv. var þannig orðuð, að enginn af oss nefndarmönnum var svo vitur, að hann gæti skilið hana.

Sumir skildu greinina svo, að læknum bæri engin borgun fyrir gæzlufanga og fátækrastyrks-sjúklinga. Aðrir skildu aptur ákvæðin svo, að læknar hefðu hjer óbundnar hendur að setja þá borgun, sem þeim sýndist. Nefndin hefir því ráðið til að fella málsgreinina burtu, svo að hún yrði engum að ásteytingarsteini.

Á breytingartill. við 5. gr., sem aðallega eru fólgnar í lækkun, stendur svo, að upphæðirnar í frumv. á borgun fyrir störf í þarfir heilbrigðis- og rjettargæzlu eru teknar eptir taxta þeim, sem gildir

í Færeyjum; en þessi taxti gat ekki átt við hjer, því að borgunin fyrir samkynja verk í 4. gr. er ákveðin miklu lægri hjer, heldur en hún er í Færeyjum; en þá þótti nefndinni óviðkunnanlegt, að hafa borgunina tiltölulega hærri í 5 gr. og láta þannig hið opinbera borga tiltölulega hærra en einstaka menn.

Þá eru breytingartill. við 6. grein. Efri deildin hafði sett dagpeninga læknа niður úr 4 kr. í 3 kr. Nefndin álítur þetta rangt, því að vinnu læknа megi þó ekki meta minna virði en vinnu iðnaðarmanna og jafnvel óbreyttra verkamanna, sem fá 3—4 kr. um daginn og vinna þó opt skemur en 12 stundir. Kaupamenn t. d. fá víða 3 kr. á dag og fæði að auk. Hjer er annars um lítilræði að tala fyrir sjúklinginn; ef fátæklingur getur sótt lækni á annað borð, þá getur hann eins vel borg að 4 kr. eins og 3; en aptur getur lækni, sem mikið er sóttur, munað þetta miklu.

Loks hefir nefndin ráðið til að breyta orðunum »heilan dag« í: 12 klukkutíma, til þess að koma í veg fyrir misskilning.

Skal jeg svo ekki fjölyrða meira um nefndarálitið að sinni.

En svo er hjer breytingartill. frá h. þm. Skagf. (Ól. Br.), að hjeraðslæknar skuli skipaðir af landshöfðingja, og að þeir fái ekki nein eptirlaun. Að læknar skyldu vera eptirlaunalausir kom til tals í nefndinni um daginn, en hún gat með engu móti fallizt á það, að undanteknum einum manni, og skil jeg ekki að h. nefndarmenn hafi skipt svo skapi síðan, að þeir fallist á hana nú, — svo órjettlátt sem það er að taka þennan flokk embættismanna fyrir og svipta hann eptirlaunum. Og fyrir utan það, hvað það er ósanngjarnt og ranglátt, þá er það þvert á móti stefnu þingsins í eptirlaunamálinu. Það hefir aldrei verið samþykkt hjer á þingi að svipta embættismenn eptirlaunum algjörlega, en að eins að færa þau niður og gjöra þau jafnari.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg ætla ekki að ganga inn á einstakar tillögur nefndarinnar nema að eins að því leyti, sem hún hefir farið fram á breytingar, að því er snertir Vestur-Skaptafellssýslu, frá því, sem h. efri deild vildi vera láta. Nefndin hefir farið fram á, að við Mýrdalshjerað verði bætt Austur-Landeyjahreppi, sveit, sem liggur fyrir vestan Markarfljót — hvort það er af ókunnugleika nefndarinnar eða hreppapólitík, það skal jeg ekki um segja. En jeg sje ekkert vit í því að ætla þessum hreppi að sækja austur yfir 3 stór vatnsföll og Mýrdalssand þar á ofan. Jeg sje ekkert vit í þessu, og verð að mæla eindregið móti því. Það fer líka í bága við tillögur sýslunefndar og amtsráðs, — en jeg veit ekki hvað þingmálafundur í Rangárvallasýslu hefir lagt til.

Þó að hjeraðið vestan Markarfljóts sje stórt, þá er það hægra yfir að sækja en austurpartinn, sem er torfær á sumardegi og nærri ófær á vetrardegi sökum snjóa. Að samþykkja þessa tillögu nefndarinnar er því sama sem að svipta heilt hjerað læknishjálp. — Það sýnist eins og það hafi komið fram, hverjir í nefndinni voru, á því, að kjördæmi þeirra hafa orðið — ekki illa úti. Jeg get nefnt bæði Þingeyjarsýslu og Strandasýslu, að þar eru hjeruð bæði fámennari og hægari yfirsóknar en þetta hjerað, sem — jeg tek það upp aptur — hefir orðið svona hart úti hjá nefndinni af ókunnugleika eða hreppapólitík.

Sighvatur Árnason: Jeg skal nú fús-

lega játa, að þessi breyting, sem nefndin hefir gert við skiptingu á hjeruðum í Rangárvallasýslu, er frá mjer sprottin. (*Guðl. Guðmundsson*: Altsvo hreppapólitík!). Alls ekki. En jeg vona, að þegar tillit er tekið til fólksfjölda á þessu svæði og vegalengdar, að þá sje það engin hreppapólitík, þó farið sje fram á að bæta Austur-Landeyjahreppi við Mýrdalshjerað.

H. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) talaði um fólksfjöldann, að fólkið yrði meira í hinu eystra hjeraðinu; en það er alls ekki, þar sem fólksfjöldinn í eystra hjeraðinu yrði að eins um 2300 manns, en um 4950 manns í hinu ytra. Þetta eru áreiðanlegar tölur, teknar eptir skýrslum frá árinu sem leið eða frá því í hitt eð fyrra. — Og að því er vegalengdina snertir, skal jeg taka það fram, að það er rjett, að Mýrdalshjeraðið yrði nokkuð langt á einn veginn. En ytra hjeraðið liggur í hvirfingu og eins á alla vega. En hitt í strandlengju.

H. þingm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) talaði um vatnsföllin, að 3 stórar ár yrðu á leiðinni í eystra hjeraðinu. Mikið rjett. Jökulsá er á leiðinni og Markarfljót. — En hann gat þess ekki, að Affallið er opt versta vatnsfallið í Markarfljóti, sem skilur Landeyjahreppana; hann hefir að líkindum ekki farið opt yfir það að framanverðu, h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. Guðm.), ef hann veit ekki það. Og að því leyti, sem hann sagði, að hjer væri ekki um annað að gera en annaðhvort hreppapólitík eða ókunnugleika, þá lýsir þetta miklum ókunnugleika hjá honum sjálfum, að hann heldur þessu fram. En annars er ekki hægt að skipta hjeruðum svo, að ekki verði vatnsföll á leiðinni, og þar sem hann taldi Hafursá geigvænlegt vatnsfall, þá get jeg nú ekki fallizt á það. Þverá og Rangárnar hafa líka verið taldar farartálmi, og hvað þá Affallið; svo að þó að skipting sú kæmist á, sem h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. Guðm.) heldur fram á hjeruðum, þá væri æðimörg vötnin í ytra hjeraðinu og mannfjöldinn miklu meiri.

Að því leyti sem h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. Guðm.) nefndi Vík sem læknissetur, þá getur hún gjarna vaxið svo, að læknirinn settist þar og ætti að sitja þar, — jeg skal ekki fortaka það; en slíkt er alls ekki tilfellið enn sem komið er. En það er vitaskuld, að ef breytingartill. gengur fram, þá ætti læknirinn að sitja í Austur-Eyjafjallahreppi.

Þar sem h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) minntist á þingmálafund í Rangárvallasýslu, að hann einn hefði lagt þetta til, þá er það ekki rjett hermt, því að sýslunefndin samþykkti líka hið sama í einu hljóði. Það er svo sem auðheyrt, að h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. Guðm.) vill hafa lækninn í Mýrdalnum, en ekki undir Eyjafjöllum. Sýslunefndin í V.-Skaptafellssýslu stakk upp á að hafa Álptaver og Mýrdal og Austur-Eyjafjallahrepp í einu hjeraði, sem er líkt því, sem breytingartill. fer fram á, svo að ekki ber nú bókunum saman, og það er ekki handvíst, að till. h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) sje eðlilegri en till. sýslunefndarinnar í Rangárvallasýslu. En þó aldrei nema það væri samþykkt í amtsráði, eins og h. þm. vitnaði í, þá er það að eins 1 manns atkvæði, sem þar hefir ráðið baggamuninn, og er máske valt að treysta því.

Jeg skal svo ekki þrátta meir um þetta að svo stöddu, en lýsa þeirri von minni, að breytingartill. nái fram að ganga.

Jón Þórarinsson: Mjer fyrir mitt leyti þykir ekki undarlegt, þó hreppapólitikin komi fram í þessu máli; jeg get

ekki vel talað um málið án þess að tala um hreppa í mínu kjördæmi.

Í þessu frv. er farið fram á að láta Seltjarnarness, Bessastaða, Garða og Mosfells hreppa fylgja Reykjavíkurhjeraði. Nú er, eins og við vitum, hjeraðslæknirinn jafnframt kennari við læknaskólann í Reykjavík, og er það opt og tíðum næsta óþægilegt fyrir utanbæjarmenn, að hann skuli vera þar fastur svo og svo mikinn tíma dagsins. Því vildi jeg skjóta því til h. nefndar að yfirvega þá spurningu, hvort ekki væri heppilegt að hafa Reykjavík læknishjerað út af fyrir sig, en stofna nýtt hjerað úr þeim 4 hreppum, er jeg nefndi, og hafa hjeraðslækni þann fyrir lækni á holdsveikisspítalanum; þá mætti komast af með 1000 kr. handa holdsveikislækninum. Það er eðlilegra að sameina þessi tvö störf, lækningar í hjeraðinu utanbæjar og læknisstarfið við holdsveikraspítalann, heldur en lækningar í hjeraðinu utanbæjar við kennslu á læknaskólanum af því að holdsveikislæknirinn þarf ekki að búast við að verða kallaður á hverri mínútu; holdsveikin er svo leiðis sjúkdómur, sem ekki kallar brátt að.

Jeg hefi ekki flutt breyt.till. um þetta, en vil, eins og jeg sagði, skjóta því til h. nefndar hvort hún vilji ekki yfirvega þessa uppástungu mína, og ef henni þykir þetta ráð heppilegt, þá koma breytingu að við 3. umr. í þessa átt.

Þorlákur Guðmundsson: Þetta mál er nú að mínu áliti stórmál, og því líklega ástæða til að umræður verði nokkuð langar, þar sem opt er langt rætt um hin smærri málin.

Þegar um það er að ræða, hvort fjölga skuli læknaembættum í landinu, þá er á það tvennt að líta: annars vegar þörfina, en hins vegar má engan veginn gleyma því atriðinu, hvort landið getur staðizt þann kostnað, sem fullnæging þeirrar þarfar hefir í för með sjer; það er að líta á það, hvort gjaldþol landsins getur borið þann kostnað, sem af þessari fjölgun læknanna leiðir, bæði bein laun og eptirlaun.

Þetta frv. er að forminu til stjórnarfrv., en það getur allt eins vel kallazt þjóðarfrv., þar sem það er borið undir sýslunefndir og amtsráð. Jeg vil ekki segja, að þeir menn hafi ekki gjört sjer ljóst, hvað þeir voru að samþykkja, en jeg ímynda mjer, að þeir hafi ekki gert sjer ljóst, hverjar hinar fjárgreiðslulegu afleiðingar mundu verða. Að vísu er hjer ekki farið fram á að fjölga launaembættum nema um 5, og sýnist það ekki vera svo mikil fjölgun. En fjölgunin er mikil, þegar farið er fram á að stofna svo mörg eptirlaunaembætti. Mjer dettur ekki í hug að hafa á móti, að hentugt og nauðsynlegt sje að fjölga læknum um þessa tölu; við verðum að hafa það eins og aðrar afleiðingar af strjálbyggðinni, að halda fleiri lækna en nokkur önnur þjóð að tiltölu; þó getur þetta auðvitað gengið of langt, því aldrei getur það orðið svo, að allir nái jafnt til læknis. Það hefir lengi staðið á dagskrá þjóðarinnar og lengi verið talað um það, að takmarka eptirlaunin eða jafnvel afnema þau, en stjórnin hefir ekki viljað ganga inn á þetta hjá þinginu, og hefir nú gert að sinni uppástungu, að hafa öll þessi embætti eptirlaunuð eptir þeim eptirlaunalögum, sem nú gilda. Þó að þetta frumv., eins og jeg hef sagt, sje að vissu leyti þjóðarfrumv., þá hefir þjóðin ekki sagt um það, hvort hún vildi bæta á sig einum 20 eptirlaunaembættum; sú spurning hefir ekki legið fyrir þjóðinni, og sennilegra er, að hún hafi haldið, að hjer væri verið að tala um aukalæknaembætti. Jeg álít að ekki sje þörf á að auka laun föstu læknanna, ekki svo að skilja, að þeir ekki geti brúkað

meiri peninga, það geta þeir ugglaust, og langt fram yfir það, en embættismenn verða að sætta sig við kjör landsbúa, og láta sjer lynda að þeir sjeu launaðir samkvæmt efnahag þjóðarinnar. Að vísu missa læknar praxis að nokkru við þessa fjölgun, en jeg ímynda mjer að þeir vilji vinna til að hafa hægara umdæmi og þar af leiðandi næðissamara. En hvað aukalæknana snertir, þá skal jeg játa, að það væri sanngjarnt að hækka dálítið laun þeirra. En jeg verð að segja, að jeg álít stórkostlegt og ísjárvert, að stofna um 20 eptirlaunuð embætti á einu þingi; það getur meir en farið svo, að vjer höfum um 60 lækna á launum og eptirlaunum eptir 20 ár. Nú er hjer sem optar, að þó uppástunga komi frá þjóðinni, þá er hún of þrótt- og þollaus að framfylgja henni; og svo sýnist nú, að ef þetta frumv. gengur fram óbreytt, eins og það liggur fyrir, að þær kröfur, sem þjóðin hefir gert til niðurfærslu á eptirlaunum, sjeu gleymdar eða gjörsamlega hjaðnaðar.

Ólafur Briem: H. framsögum. nefndarinnar (Þ. Th.) tók ekki mjúklega á breyt.till. minni, sem jeg bjóst heldur aldrei við.

H. framsögum. fann það fyrst að henni, að hún væri gagnstæð stefnu þings og þjóðar. (*Þ. Th.*: Þingsins;) Nú jæja, þá þingsins, en það er engan veginn rjett, sem h. framsögum. gaf í skyn, að frumv. um algert afnám eptirlauna hefði ekki komið fram á þingi. Orsökin til þess, að slíkt frumv. hefir ekki náð fram að ganga, er ekki sú, að þm. yfirleitt hafi verið því mótfallnir, heldur hefir það komið til af því, að menn hafa álitið árangurslaust að halda því fram gegn mótspyrnu stjórnarinnar.

Hjer er ennfremur öðru máli að gegna; nú er verið að tala um að stofna ný embætti, og veita þeim eptirlaunarjett — áður var farið fram á að afnema eptirlaunarjett þeirra embætta, sem þegar höfðu hann. Og jeg álít fulla ástæðu til að nota einmitt það tækifæri, sem nú býðst, til að afnema eptirlaunin, að því er snertir þann flokk embættismanna, sem hjer er um að ræða. Því að auk þess sem hjer er farið fram á að stofna allmörg ný embætti, sem hljóta að baka landssjóði mikil árleg útgjöld, þó ekki sje miðað við annað en embættislaunin, þá er líka aðgætandi, að þetta frv. er lagt fyrir þingið af stjórninni, og mikil líkindi til að henni sje áhugamál að koma því fram, enda er engan veginn víst, að stjórnin synji frumv. staðfestingar, þó það ákvæði væri tekið upp, að læknaembættum fylgi ekki eptirlaunarjettur.

H. framsögum. benti á við 1. umr., að læknar, sem hefðu 1300 kr. í laun, og vildu tryggja sjer 867 kr. í eptirlaun, þyrftu að borga 289 kr. árlega. Þetta nær engri átt, því eptir leiðarvísi lífsábyrgðarstofnunarinnar frá 1871 þurfa þeir ekki að borga meira en $^1/_{10}$ part af launum, í þessu tilfelli 130 kr. Þetta álít jeg ekki svo gífurlegt. (*Þ. Th.*: Þetta er ekki rjett) Það þýðir ekki neitt fyrir h. framsögum. að neita því, að þessi reikningur sje rjettur; þetta er tekið eptir skýrslum, sem hann er ekki maður til að hrekja. Til þess að tryggja sjer $^2/_3$ hluta launanna í eptirlaun, sem er það hæsta, sem getur komið til greina, þarf ekki að borga meira en $^1/_{10}$ part launanna árlega. Og því getur ekki skoðazt sem neitt óviðurkvæmilegt, að fara fram á að láta þessum embættum ekki fylgja eptirlaun úr landssjóði. Því þessi laun, 1300 kr., þó að 130 kr. gangi frá, geta ekki skoðazt sem neitt sjerlega lág laun; og þótt jeg sleppi alveg kjörum þeim, sem bændastjettin hefir við

að búa, og miði að eins við launakjör presta, þá verða hin lægstu læknalaun álíka og meðal-prestslaun, sem munu vera nálægt 1200 kr.; það má líka ganga út frá því, að í þessum lægstu embættum sitji menn einungis fyrstu árin eptir að þeir taka við embætti, en nái síðar að komast upp í hin, sem eru betur launuð. Það er enn fremur aðgætandi, að læknar, að minnsta kosti þeir, sem eru í áliti, hafa talsverðar tekjur af lækningum auk föstu launanna.

Með tilliti til þess, að embætti þessi skuli skipuð af landshöfðingja, eins og breyttill. fer fram á, en ekki veitast sá vegur að vera konungleg embætti, þá ætti ekki að vera neitt á móti því frá sjónarmiði h. framsögum., sem er svo hlynntur læknaskólanum, og sjálfsagt tekur undir með h. þm. Dal. (J. P.), að það sje óheppilegt að háskóla kandídatar sje ávallt látnir ganga fyrir læknaskólakandídötum. En það eru miklar líkur til þess, ef danska stjórnin heldur áfram að ráða veitingu læknaembættanna, að þá verði kandídatar frá háskólanum jafnan látnir sitja í fyrirrúmi.

Skúli Thoroddsen: Jeg ætla að eins stuttlega að skýra frá áliti minni hluta nefndarinnar á einu atriði frumv., viðvíkjandi eptirlaununum. Það, sem fyrir oss vakti, var það, að ekki væri í raun og veru þörf á að gera breytingu á því fyrirkomulagi, sem nú er, að hafa bæði fasta lækna og aukalækna, sem verið hefir til þessa hjer á landi. Meðan þjóðin getur fengið ákveðið starf af hendi leyst fyrir ákveðna borgun, þá virðist oss eigi þörf á að veita meira fje til þess starfa en þörf er á; og á meðan nógir menn fást í embættin með þeim kjörum, sem nú eru, finnst oss því heldur eigi ástæða til að hækka laun þeirra. Tillögur minni hlutans í þessu máli ganga því í þá átt, að láta þá lækna, sem teljast til 4 flokksins í frumv., vera án eptirlauna, og vera að því leyti eins konar aukalækna. Í nefndinni kom það til tals, að gera alla lækna eptirlaunalausa, en meiri hluti nefndarinnar var þó á því, að það mundi ekki vera framkvæmanlegt eða rjettlátt, einkum þar sem aðrir embættismenn hafa eptirlaun. Í annan stað má og ganga að því sem vissu, að stjórnin myndi ekki ganga að því eða gefa því samþykki sitt. Framsögum. meiri hlutans (Þ. Th.) tók það fram, að stefna minni hlutans væri óheppileg, bæði frá sjónarmiði þjóðarinnar, læknanna og landssjóðs. En þessu leyfi jeg mjer að mótmæla, og skal jeg þá fyrst líta á málið frá sjónarmiði læknanna. Frá sjónarmiði þeirra sýnist mjer ekki betur, en frumv. taki fyllilega tillit til þarfa þeirra. Nú sem stendur eru læknishjeruðin 20. Frumv. fer fram á að fjölga þeim svo, að þau verði 42. Tillögur vorar, sem í minni hlutanum voru, eru nú þær, að 32 læknar skuli hafa eptirlaun, en hinir 10 vera eptirlaunalausir. Þó að tillögur minni hlutans verði samþ., fer því frumv. þetta vissulega í þá átt að bæta kjör læknanna, og er síður en svo að hjer sje lítið spor stigið áfram í þá átt, þegar litið er til þess, að frumv. fer jafnframt fram á að hækka laun þeirra að mun; jafnvel læknarnir í 4. flokki, sem við ætlumst til að verði eptirlaunalausir, fá þó 300 kr. meira en aukalæknar hafa nú. Mjer virðist 300 kr. hækkun vera nóg, þó að ekki bætist eptirlaunarjettur þar ofan á. Framsögum. meiri hlutans (Þ. Th.) tók fram, að ef tillögur minni hlutans næðu fram að ganga, þá kæmi fram misrjetti milli læknanna; en einmitt, eins og nú stendur, er meiri ójöfnuður milli þeirra, þar

sem annars vegar eru læknar með 1500 kr. og eptirlaun, en hinsvegar aukalæknar með 1000 kr. og engin eptirlaun. Tillögur minni hlutans fara því einmitt í þá átt, að gera meira jafnrjetti meðal læknanna en nú er. Jeg get því með engu móti sjeð annað en að þetta sje heppilegt frá sjónarmiði læknanna, miðað við ástandið, sem nú er. Eins og jeg tók fram áðan, þá er og þarflaust frá þjóðarinnar sjónarmiði að hafa lækna í 4. flokki með eptirlaunarjetti, því ekki mun verða ekla á læknum í þau embætti, þótt eptirlaunalaus sjeu, að minnsta kosti ekki, þegar fram líða stundir. Getur verið, eins og h. framsögum. meiri hlutans (Þ. Th.) tók fram, að í hin eptirlaunalausu embætti myndu fást lakari læknar en í hin feitari embættin, en jeg ímynda mjer, að læknarnir hljóti að vera misjafnir, og að ekki muni alstaðar fyrirtaks-læknar, þótt launin sjeu hærri; þeir munu verða misjafnir, hvað sem launum líður. Frá sjónarmiði landssjóðs skiptir það aptur á móti eigi litlu, hvort þessi 10 embætti eru látin vera eptirlaunalaus eða ekki, því að enda þótt aukalæknarnir gætu auðvitað einnig með tímanum þokazt upp í eptirlaunaembættin, þá er það þó auðsætt, að þeir fá þá minni eptirlaun, vegna þess að þeir koma til að gegna þeim tiltölulega styttri tíma, heldur en ef þeir þegar í byrjun hafa hlotið embætti með eptirlaunarjetti.

Þegar ræða er um laun læknanna, þá ber þess yfir höfuð vel að gæta, að hin föstu laun eru í raun og veru að eins borgun fyrir læknisnafnið eða stöðuna, þar sem þeir fá aukaborgun fyrir hvern þann embættisstarfa, sem þeir inna af hendi. Og þó tillögur minni hlutans væru samþ., væru læknarnir samt vel settir, og miklu betur en prestarnir, því að það skiptir ekki litlu að fá launin í peningum. Að tillögur minni hluta nefndarinnar gangi í þá átt að hnekkja læknamenntuninni, get jeg ómögulega sjeð, og jeg fyrir mitt leyti vorkenni ekki ungum læknum, þó þeir fyrstu árin verði að sitja með 1300 kr. án eptirlaunarjettar, einkum þar sem þeir þar á ofan hafa aukatekjur fyrir hvert læknisstarf. Þess ber líka að gæta, að á þingmálafundum í ýmsum kjördæmum landsins hefir það komið fram, að þjóðinni þykir eigi rjett að fjölga eptirlaunaembættum. Að þessu sinni ætla jeg svo eigi að fara frekar út í þetta mál.

Þórður Guðmundsson: Þetta mál er, eins og kunnugt er, eitt af hinum stærstu og vandamestu málum, sem fram hafa komið á þessu þingi. Það er mjög vandasamt að leiða þetta mál til lykta á þessu þingi, þegar þess annars vegar er gætt, hve lítinn tíma þingið hefir eptir til sinna nota. Jeg þori að fullyrða, að landsmönnum muni ægja í augum, þegar þeir sjá gerðir þingsins í þessu máli, ef frumv. og nefndarálitið verður samþ., eins og það liggur fyrir hjer, og það jafnvel þó að þjóðin hafi óskað eptir því að fjölga skyldi læknaembættunum. Jeg ætla að margir af þm. sjeu í mjög miklum vanda staddir, þegar þeir eiga að fara að greiða atkvæði í þessu stóra og vandamikla máli. Að vísu óskar þjóðin eptir betri læknaskipun en nú er, en jeg þori að telja það víst, að hún hefir ekki gert sjer grein fyrir því, að læknafjölgunin skuli vera svona gífurlega mikil, eins og frumv. fer fram á. Það er sannarlega mikill munur á þessu lagafrumv. og læknaskipunarlögunum frá 1875, og þóttu þau á þeim tíma mjög góð rjettarbót. Nú er aptur farið fram á að fjölga embættunum um helming og það eptirlaunaembættum. Þetta er mikill munur. Jeg skal

ekki fara út í það, hvernig menn hafa komizt að því að tala um hreppapólitík, þegar ræða er um, hvernig haga skuli læknahjeruðunum. En þetta er slagorð, sem hefir verið notað í þeim tilgangi að kæfa niður ástæður manna. Jeg vil að eins minnast á tillögur minni hlutans, sem fer fram á það, að lægsti flokkurinn skuli vera eptirlaunalaus. Að vísu yrði þetta mikill peningasparnaður, en aptur á móti finnst mjer það vera óeðlilegt og órjettlátt, að einn flokkurinn skuli þannig vera hafður útundan, og jeg er viss um, að það myndi vekja mikla óánægju meðal læknanna. Með áliti minni hlutans get jeg eigi greitt atkvæði mitt, af því mjer finnst jafnrjetti ekki vera þar ráðandi.

Þá er að minnast á breyt.till. h. þm. Skagf. (Ól. Br.) á þingskj. 408. Hvað hana snertir, þá hefi jeg talsverða ástríðu til þess að vera henni samþykkur. Breyt.till. fer fram á, að hjeraðslæknar skulu skipaðir af landshöfðingja og embættum þeirra fylgir eigi eptirlaunarjettur. Það er einkum síðari hluti breyt.till., sem jeg á við. Þó jeg segðist hafa talsverða ástríðu með að hafa þessa nýju lækna eptirlaunalausa, og að taxtinn verði talsvert bættur með lögum þessum, þori jeg samt ekki að ráða til þess að hafa þá eptirlaunalausa, vegna þess, að þeir mundu þá þjóna allt of lengi, nfl. væru mjög tregir að segja af sjer, þó þeir væru orðnir óhæfir til að gegna læknisstörfum. Þetta gæti orðið mjög skaðlegt, og læknarnir myndu þjóna lengur en þeir annars myndu hafa gjört, og væru í embættum, þangað til þeir væru orðnir svo gamlir og lasburða, að þeir væru eigi færir um að stunda embætti sín viðunanlega. Sem sagt er jeg í miklum vafa um atkvæði mitt. Jeg lýsi skoðun minni, án þess

þó að jeg bindi mig neitt viðvíkjandi atkvæði mínu.

Björn Sigfússon: Þegar jeg sá breyt.-till. nefndarinnar á þessu frumv., þá reyndi jeg að gjöra mjer það ljóst, hvers vegna hún hefði komizt að þeirri niðurstöðu, að gjöra svo gagngjörðar breyt. á læknahjeruðunum í Strandasýslu, Húnavatnssýslu og Skagafjarðarsýslu, sem raun hefir á orðið. Til þess þurftu að vera knýjandi ástæður. Þeir, sem á undan hafa fjallað um þetta mál, hafa allir verið á öðru máli, bæði sýslunefnd og læknafundurinn; þeir, sem hafa undirbúið stjórnarfrumv., og síðast h. Ed., hafa áður orðið sammála um hjeraðaskipunina á þessu svæði. Allar þessar breytingar leiða af því, að h. þm. Strand. (Guðj. G.) hefir viljað sníða ofurlítinn skika sunnan af Strandahjeraði, sem þó er ekki nema eitthvað 9 bæir. Jeg játa það að vísu, að Strandasýsla er eitt af þeim hjeruðum, sem liggur þannig, að alltaf verður langt fyrir einhverja að ná til læknis þar, þó hjeraðið sje örmjótt og mannfátt. En þegar jeg athuga vegalengdina frá enda til enda á þessu hjeraði, eptir því sem það er ákveðið í frumv. h. Ed., eða frá Geirólfsnúp að Stikuhálsi, þá sjest, að hún er ekki meira en liðugar 13 mílur. Að vísu ber þess að gæta, að víða er ógreitt yfirferðar vegna fjallgarða og fjarða, en á hinn bóginn er bygðin líka strjál og mannfá að tiltölu og þar af leiðandi eru líka sjúkdómstilfellin tiltölulega færri en í fjölbygðu hjeraði. Eins og jeg sagði áðan, er vegalengdin milli yztu enda hjeraðsins rúml. 13 mílur, eins og það er ákveðið í frumv., og er þá hjer um bil eins og austurhlið Húnavatnssýslu frá Skagatá og fram í Blöndudal og eins fram í Vatnsdal. Aptur verður breiddarmunurinn allmik-

ill á þessu eystra hjeraði í Húnavatnssýslu, ef það er látið ná jafnlangt vestur, eins og breyt till. fer fram á. Sje dregin þver lína yfir hjeraðið, þar sem það er breiðast — úr Blöndudal og vestur á Vatnsnes, — eru það fullar 5 mílur. En í Strandasýslu er bygðin víða að eins einsett bæjaröð. Vegir í þessu eystra hjeraði eru mjög misjafnir, einkum eru þeir slæmir á Skaga, í dölum þeim, er skerast austur í fjöllin, og á Vatnsnesi. Vesturumdæmið í Húnavatnssýslu væri eigi mjög stórt eptir tillögum nefndarinnar, en aptur illa fyrir komið. Jeg vonast til að allir sjái það, að ef læknirinn situr á Borðeyri, þá situr hann á útjaðri umdæmisins og í þeim hluta umdæmisins, sem strjálbyggðari er. Fyrir austan Miðfjarðarháls er aptur miklu fjölbýlla og væri því ráðlegra að láta lækninn sitja þar.

Hvað Svartárdal viðvíkur, þá get jeg ekki álitið það vel haganlegt að hann sje látinn heyra til umdæma Skagafjarðarsýslu vegna þess, að talsvert örðugt yrði fyrir þá, sem búa í Svartárdal, að ná til læknis í Skagafjarðarsýslu um vetrartímann, þó það vitanlega yrði eigi frágangssök. Mun nefndin hafa gjört þetta til þess, að gjöra fremra umdæmið í Skagafirði stærra. Jeg hefi athugað, hve mörg heimili eru í þessum umdæmum, hverju fyrir sig, en þó ekki alveg nákvæmlega. Jeg hef nfl. farið eptir jarðabókinni, en af því mjer er ekki kunnugt um, hverjar hjáleigur eru bygðar sumstaðar, hef jeg sleppt þeim. Í austurumdæmi Húnavatnssýslu hefir mjer talizt til að væru 236 heimili, í vesturumdæmi Húnavatnssýslu 122, en í umdæmi Strandasýslu hjer um bil 90, og munurinn á fjölmenni í þessum hjeruðum er mjög mikill. Um það hef jeg eigi getað fengið fullkomnar upplýsingar, en eptir síðasta manntali þá voru tæpar 4000 manna í Húnavatnssýslu, en 1900 manna í Strandasýslu. Og þegar frá Strandasýsluhjeraði eru dregnir íbúar Bæjarhrepps, sem er mjög stór, þá verður augsýnilega lang-mannfæst í því hjeraði af þessum þremur. Jeg get ómögulega sjeð, að þetta fyrirkomulag nefndarinnar sje hentugra en það, sem frumv. gjörir ráð fyrir, og jeg býst ekki við að það hefði í bráðina neina verulega þýðingu fyrir þá, sem búa í Strandasýslu, ef sá læknir, sem nú er í vestra parti Húnavatnssýslu, yrði látinn þjóna vestara hjeraðinu; jeg hygg að hann vildi eigi færa sig um sæti og líklegast yrði honum ekki þröngvað til þess.

Eins og jeg nú hefi látið í ljósi, get jeg ekki fundið gild rök fyrir þessum br.-till. nefndarinnar og mun því greiða atkv. móti þeim.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg játa það, að breyting sú, sem nefndin fer fram á að gjörð sje á læknishjeruðunum í Húnavatnssýslu, gjöri það að verkum, að þau verða nokkuð stór, sjerstaklega hið eystra þeirra. Frá því sjónarmiði hefði verið rjettara að bæta við nýju læknishjeraði í Strandasýslu, og að minnsta kosti hefði það verið þægilegra fyrir Strandasýslubúa. En af því að nefndin gjörði ráð fyrir að læknafjölgunin þætti of mikil án þess, hvarf hún frá því, og að þeirri breytingu, sem nú er orðinn stór þyrnir í augum h. þm. Húnv. (Bj. Sigf.). Þegar nefndin fór að yfirvega málið, sá hún það, að þó Húnavatnssýsluhjeruðin væru nokkuð stór, þá væru þau þó ekki stærri en ýms önnur hjeruð, og tiltölulega góð yfirferðar. Jeg vona eptir að nefndin hafi getað litið nokkurn veginn hlutdrægnislaust á þetta, því að hún var svo skipuð, að hún gat sett sig upp yfir hreppapólitík og eigingirni.

Eins og nefndin sá það, að miður ráðlegt væri að fara að fjölga læknis-

hjeruðunum að mun, eins sá hún það, að eigi gæti það verið tilætlunin, að lög þessi hefðu það í för með sjer, að læknaskipuninni þokaði aptur á bak, þannig að erfiðara yrði að ná í lækni en nú er, sízt í þeim hjeruðum, sem hingað til hafa orðið einna harðast úti vegna læknafæðar, þar sem læknishjeruðum væri fjölgað um 5—6. En jeg get fært rök að því, að eptir frumv. stjórnarinnar og h. Ed. yrði breytingin til óhagnaðar eins fyrir Bæjarhrepp í Strandasýslu, og einkis hagræðis fyrir hinn hluta sýslunnar.

Þá kom enn eitt til greina við þessa breytingu. Nefndin álítur það heppilegt, að læknir búi í kaupstað, þar sem því verður við komið; sjálfur losnar hann við átroðning, en einatt hægra að vitja hans þar, því að þegar ekki er um bráða eða þunga sjúkdóma að ræða, þá geta menn einatt notað tækifærið að leita ráða hjá lækninum, um leið og þeir fara kaupstaðarferð sína. Þetta var ný ástæða fyrir nefndina til að fara fram á breytinguna, því að komist hún á, þá getur læknirinn í vestara læknishjeraði Húnavatnssýslu setið á Borðeyri, sem er höfuðverzlunarstaður allra hreppa í því umdæmi, nema Óspakseyrarhrepps eins. Nú stendur svo vel á, að á Borðeyri eru ónotuð verzlunarhús, sem læknirinn mundi með hægu móti geta fengið til íbúðar; enn fremur vill svo til, að heimajörðin á Borðeyri er landssjóðsjörð, sem læknirinn gæti sjálfsagt fengið til ábúðar, ef hann vildi, við næstu ábúandaskipti. Þá er ennfremur rjett við kaupstaðinn heit laug, sem læknisfróðir menn hafa mikið álit á sem sjerstökum kost fyrir læknissetur, og mjer hefir verið sagt, að hlutaðeigandi læknir (sem nú er) telji laug þessa vel hæfa sem baðlaug, sje við hana gjört, og til fleiri afnota fyrir sjúklinga.

Það er einn gripur til hjer á þingi og geymdur í næsta herbergi, sem jeg veit að h. 2. þm. Húnv. (B. Sigf.) hlýtur að vera meinilla við; þessi gripur er uppdráttur Íslands. Jeg veit að hann hlýtur að bannsyngja þennan grip, þegar hann er að telja í mílnatali vegalengdirnar í læknishjeruðunum í Húnavatnssýslu og í Strandasýslu. Jeg ætla ekki að fara að færa mikil rök fyrir því, hvort lengra muni vera frá Geirólfsgnúp í Strandasýslu og að Ennishöfða, og því fremur Víkurhöfða, eða frá Skagatá í Húnavatnssýslu og fram í Víðidal; jeg ætla að lofa landbrjefinu að skera úr því, því það er gripur, sem ekki er smíðaður af neinni hreppapólitík, og með allri virðing fyrir áreiðanlegleika h. 2. þm. Húnv. (Bj. Sigf.) og rjettsýni hans gjöri jeg þó ráð fyrir að h. deild muni eigi síður trúa landbrefinu en orðum h. þm.

Það er ekki rjett, að allar tillögur sýslunefnda hafi farið í sömu átt með skipting læknishjeraðanna, eins og h. efri deild hefir haldið fram. Jeg hefi í höndum sterka kvörtun yfir tillögum læknafundarins, og eru þær þó sanngjarnari en sú niðurstaða, sem h. efri deild hefir komizt að. Þingmálafundur úr Strandasýslu ljet ótvíræðlega í ljósi skoðun sína yfir því, hve óheppilegt væri að skipta læknahjeruðum í sinni sýslu á þann hátt, sem læknafundurinn lagði til, og því fremur, eins og stjórnarfrumv. fór fram á, og sem h. efri deild staðfesti, að því er Strandasýslu snerti.

Jeg skildi allt, sem h. þm. talaði um, nema það, sem hann talaði um búsetu læknisins í vestara læknishjeraði Húnavatnssýslu. Til þess að geta skilið í því, þarf jeg að gjöra ráð fyrir að hann vilji um fram allt losast við að hafa fyrir sinn lækni þann lækni, sem nú býr

í Klömbrum, og vilji því um fram allt að vestara umdæmið nái austur fyrir bústað þessa læknis.

Sje nokkuð að þessum lækni að finna, eins og nú er, þá mun það ekki verða minna, þegar hann á að þjóna hjeraði langt frá hjeraði því, sem hann er búsettur í.

Breytingin á nyrðra hjeraði Strandasýslu er bæði fólgin í breyting á nafni hjeraðsins og að hjeraðið er minnkað um 1 hrepp að sunnan, svo að læknirinn getur setið nokkru norðar fyrir það, sem ekki veitir af vegna þeirra, sem búa langt fyrir norðan Trjekyllisheiði. Nafnbreytingin gefur bendingu um, hvar læknirinn eigi að sitja.

Steingrímsfjörður er í miðbiki hjeraðsins, og innst í honum verður læknirinn að sitja, ef hann á að geta þjónað Árneshreppi og jafnframt Fellshreppi. Ef farið hefði verið fram á, að stofnað væri nýtt læknishjerað í Strandasýslu, þá hefði mátt segja, að jeg hefði komið þar að hreppapólitík, því að hinn nýi læknir mundi að sjálfsögðu hafa fengið bústað einmitt í minni sveit, eða þar í grennd. Það, sem kom því til leiðar, að jeg hjelt því fram, að Óspakseyrarhreppur væri skilinn frá nyrðra hjeraðinu og bætt við það syðra, var það, að til þess að komast þangað til að gegna læknisstörfum, þarf læknir úr Steingrímsfirði að fara yfir háan háls og torsóttan, og þó Bitrufjörðurinn eða Óspakseyrarhreppur sje ekki stór, þá munar þó miklu fyrir lækninn í Steingrímsfirði að losna við hann vegna þessa háa og ógreiða háls, sem jeg nefndi og sem er illviðragjarnari en nokkur annar blettur á jörðunni, sem jeg þekki. Jeg get sagt sem dæmi upp á það, að jeg fór einu sinni yfir háls þennan 28. ágúst, og þá var bæði snjór og klaki á honum, svo hvergi sást á dökkvan díl. Eins og hálsinn sker í sundur sýsluna, eins finnst mjer að hann eigi að skipta læknishjeruðunum, og að hinn litli hreppur, sem er fyrir sunnan hann, ætti að heyra til syðra hjeraðinu; jeg held að nefndin hafi ekki á annan veg getað betur synt á milli skers og báru, en hún hefir gert með breytingu sinni hjer; hún hefir þar bæði forðazt hreppapólitík, og sneitt hjá þeim kostnaði, sem leitt hefði af því að stofna nýtt lænishjerað. Jeg játa að nystra hjeraðið í Húnavatnssýslu er æði stórt, en þess er líka að gæta, að laun eru ákveðin þar 200 kr. hærri en í öðrum læknishjeruðum, þar sem eins stendur á og þar; þetta hefir mikla þýðingu, að minnsta kosti í bráð, því að á meðan læknar eru naumast nógu margir í embættin, þá má búast við, og er jafnvel full trygging fyrir því, að þetta hjerað verði ekki eitt af þeim, sem læknislaust verður að biða, og jafnframt töluverð trygging fyrir að það fái duglegan lækni.

Þess og má gæta, að það er styttra úr þeim tveim hreppum í Húnavatnssýslu, sem teknir eru frá vestara læknishjeraðinu, að leita læknis á Blönduós en mundi hafa verið, ef þeir hefðu átt að leita vestari læknisins, og miklu styttra að læknissetrinu Blönduós úr þessum hreppum, en þangað sem lengst er á hinn veginn, svo sem út á Skaga og fram í Blöndudal. Það gekk yfir mig, að h. þm. (B. Sigf.) skyldi færa það sem ástæðu gegn breytingunni, að fjallgarðurinn milli Skagafjarðar og Svartárdals í Húnavatnssýslu væru svo erfiður yfirferðar, að eiginlega væri það frágangssök fyrir lækninn að eiga að sækja yfir hann. (*Björn Sigfúss.*: Jeg hef ekki sagt það). H. þm. (B. Sigf.) hefir víst ekki gætt þess, að ein af breyt.till. nefndarinnar miðar einmitt til þess að gjöra lækninum á Blönduósi að skyldu að vitja sjúklinga í Svartárdal,

skyldi svo fara, að eigi yrði kostur á að ná í lækni af Sauðárkróki. Annars verð jeg að segja það, að það er stór munur á því að fara yfir Vatnsskarð og á því að fara yfir fjallgarðana í Strandasýslu, sem h. þm. Húnv. álítur þó ekki mjög torsótta.

Svo jeg víki aptur að því, sem jeg byrjaði á, þá hlýtur það að vera að h. þm. Húnv. (B. Sigf.) hafi sleppt heilum hreppi, Kaldrananesshreppi, úr, hafi Strandasýsla ekki orðið meir en 13 mílur hjá honum, eða þá að öðrum kosti kann h. þm. Húnv. (B. Sigf.) ekki betur en svo að mæla út fjarlægðir á korti, að honum mundi sízt af veita að fara heim og læra betur.

Björn Sigfússon: H. þm. Strand. (Guðj. G.) byrjaði á því að halda lofræðu yfir nefndinni fyrir það, hvað hún hafi verið laus við alla hreppapólitík, og fannst mjer það liggja í orðum hans, að slíkt hið sama yrði ekki um aðra sagt. Þetta er sjálfsagt ekki of mikið endurgjald frá honum fyrir það, hvað hún hefir reynzt honum leiðitöm. Það má vel vera að nefndin í heild sinni eigi þetta lof skilið, en sjálfur verður hann að vera þar undantekning. H. þm. (Guðj. G.) mun varla geta svarið fyrir, að hann sjálfur hafi verið með öllu laus við hreppapólitíkina.

Mjer dettur ekki í hug að fara að eltast við að svara öllu því, sem h. þm. (Guðj. G.) taldi þeirri breytingu til gildis, sem hann fylgir fram. Það er því síður ástæða til þess, sem hann hefir ekki hrakið með neinum gildum rökum það, sem jeg sagði, og ræða hans sannfærði mig að engu leyti. Gild rök kalla jeg t. d. ekki dylgjur hans um það, að jeg hefði mælt skakkt vegalengdina á landabrjefinu. Þetta getur hver þm. sjálfur athugað, en h. þm. Strand. (Guðj. G.) treystir kannske á, að menn gjöri það ekki og trúi sjer í blindni. Það er svo fjarri því að mjer geti verið illa við landabrjefið, að einmitt nú þykir mjer sjerstaklega vænt um þennan þegjandi vott, sem sannar mitt mál, sannar að þingmaðurinn er að reyna að blekkja menn eða gjöra sig merkilegan. Það hlýtur því að verða hann en ekki jeg, sem barnsyngur landabrjefið. Jeg tók það fram áðan, að vegalengdir væri, eins og jeg sagði, frá »enda til enda« hjeraðanna; jeg mældi auðvitað ekki alla króka á vegum; mjer eru þeir ekki svo kunnugir að jeg geti það. Auðvitað eru vegir krókóttir í Strandahjeraðinu, en þeir eru það líka í hinum. Skilji h. þm. Strand. (Guðj. G.) ekki þetta, sem allir aðrir skilja, þarf hann að fara heim og læra betur.

Þó að h. þm. Strand. (Guðj. G.) vilji telja mig hlutdrægan í þessu máli, sem jeg hef engin afskipti haft af fyrr en nú, mun honum ganga illa að telja mönnum trú um, að læknafundurinn, sem komst að sömu niðurstöðu og jeg tel rjetta vera, hafi verið hlutdrægur; að minnsta kosti var þar enginn úr Húnavatnssýslu til að halda fram máli sveitunga sinna.

Mjer heyrðist h. þm. Strand. (Guðj. G.) leggja þýðingu í það, að læknafundurinn hefði haldið því fram, að læknirinn í vesturhjeraðinu ætti að sitja í Víðidalnum; en þó hann hafi gjört það, þá tel jeg það ekki rjett; að mínu áliti ætti hann að sitja sem næst miðbiki hjeraðsins eða í Miðfirðinum.

Mjer finnst jeg svo ekki þurfa að svara fleiru í ræðu h. þm. Strand. (Guðj. G.); en þó vil jeg mótmæla því, að fyrir mjer hafi vakað að jeg vilji losast við lækni þann, sem h. þm. Strand. (Guðj. G.) nefndi; það er með öllu ástæðulaust að kasta slíku fram, jeg hef ekkert tilefni gefið til þess.

Jón Jónsson, (þm. A. Skaptf.): Það sannast hjer sem optar, að ekki er hægt

að gjöra svo öllum líki, og þótt nefndin í þessu máli væri allfjölskipuð, þá var hún ekki nægilega kunnug um land allt, og þar af leiðandi getur verið að skipting læknahjeraðanna sje ekki alstaðar svo heppileg sem mest hefði mátt vera. Viðvíkjandi ummælum h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) er þess að geta, að þar fór nefndin einkum eptir tillögum h. 1. þm. Rangv. (Sighv. Á.), en vel má það vera að læknirinn í hinu umrædda hjeraði væri ekki sem heppilegast settur undir Eyjafjöllum; hitt væri ef til vill heppilegra, að hann sæti austar, og þá helzt í Vík, af því þar er verzlunarst.; en móti því mælir þó það, að þá sæti hann nokkuð austarlega í hjeraðinu. Min persónulega skoðun er það, að heppilegast sje að læknir sitji í kaupstað, þar sem því verður komið við, og það vakti fyrir mjer, þegar jeg samþykkti það, að læknirinn í vestara hluta Húnavatnssýslu skyldi eiga bústað á Borðeyri. En að öðru leyti skal jeg ekki um dæma, hvor hefir rjettara fyrir sjer, h. þm. Strand (Guðj. G.) eða h. 2. þm. Húnv. (B. Sigf.); líklega er hjer sem optar, að báðir hafi nokkuð til síns máls. Þá hallast jeg enn sem fyr fremur að skoðun nefndarinnar.

H. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) hefir tekið fram sjónarmið minni hluta nefndarinnar, að því er eptirlaun læknanna snertir; þó verð jeg að segja það, að í nefndinni hallaðist jeg helzt að því að fylgja þeirri stefnu, sem breyt.till. h. 1. þm. Skagf. (O. Br.) fer fram á, það er að segja að því, að læknar hafi engan eptirlaunarjett. Jeg tel það rjetta stefnu að launa embættismönnum svo sóma samlega, á meðan þeir eru í embættum, að þeir eigi að geta sjeð sjer farborða af sjálfsdáðum í ellinni.

En ef það nær fram að ganga, að sum læknaembættin verði eptirlaunalaus en sum ekki, þá sýnist öll sanngirni mæla með því að launin í embættunum með eptirlaunarjettinum yrðu tiltölulega lægri en í hinum.

Jeg mun helzt hallast að breyt.till. h. 1. þm. Skagf. (Ó. Br.), en fái hún ekki framgang, þá fylgi jeg að sjálfsögðu till. minni hlutans.

Jeg álít það alveg rjetta reglu, að minnka eptirlaunin og draga veitingavaldið inn í landið, og að þessu stefnir tillaga h. 1. þm. Skagf. (Ó. Br.).

Jens Pálsson: Að því er snertir eptirlaunarjett lækna, er jeg í hreinum vandræðum, því að jeg get ekki fallizt á nokkra af hinum framkomnu tillög um.

Að láta alla þessa 40 lækna fá fullan eptirlaunarjett finnst mjer koma í bága við princip það, sem þingið hefir fylgt í aðgerðum sínum við eptirlaunafrumv., það, sem farið hefir gegnum báðar deildir þingsins, því að það princip var að lækka eptirlaun. Till. minni hluta nefndarinnar, að eptirlauna suma lækna, en gera aðra eptirlaunalausa, get jeg heldur ekki aðhyllzt, því að í henni liggur ójöfnuður, þar sem þeir allir hafa haft svipaðan kostnað til náms og hafa sama rjett til embætta hjer á landi. Jeg hafði fastlega vonazt eptir, að fram kæmi till. um að eptirlauna alla þessa lækna samkvæmt þeim eptirlaunalögum, sem hjer eru í smíðum. Jeg ætla að bezt hefði verið að setja þetta mál og eptirlaunamálið í það samband, að frumv. þetta, sem mun vera stjórninni áhugamál, hefði ekki getað orðið að lögum nema því að eins, að læknarnir jafnframt hefðu komizt undir sömu eptirlauna-ákvæði, sem þingið í eptirlaunafrumv. sínu heldur fram, og vildi jeg skjóta því til nefndarinnar að koma fram með till. í þessa átt til 3. umr.

Framsögumaður (*Þórður Thoroddsen*): Jeg skal nú ekki blanda mjer í deiluna

milli þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) og 1. þm Rangv. (Sighv. Á.), nje heldur í deiluna milli 1. þm. Húnv. (B. Sigf.) og þm. Strand. (Guðj. G.), heldur víkja að till. h. 1. þm. Skagf. (Ó. Br.) um eptirlaunaákvæðin Hann hjelt að stjórnin mundi staðfesta frumv., þótt till. hans yrði samþykkt, því að stjórninni væri annt um að koma þessari endurbót á; en maður hefir enga ástæðu til að ætla svo; frumv. þetta er ekki upprunnið frá stjórninni, þótt það sje stjórnarfrumv., heldur hefir frumkvæðið í þessu máli komið frá þjóðinni, sem skoraði á stjórnina að undirbúa málið og leggja það fyrir þing.

Þessi fleygur mundi verða til að fella frumv., og væri það betra og hreinlegra að drepa frumv. beinlínis hjer í deildinni, en að senda það hjeðan sært ólífissári með þessum fleyg.

H. 1. þm. Skagf. (Ól. Br.) taldi rangan reikning minn, sem jeg kom fram með við 1. umr. þessa máls um laun lækna. Vitaskuld var sá reikningur fljótlega gerður, en að því leyti, sem hann talaði um, hvað læknar þyrftu að leggja upp, var hann rjettur.

En reikningur h. 1. þm. Skagf. (Ól. Br.) var rammskakkur frá rótum, þótt hann teldi hann samkvæman leiðarvísinum frá lífsábyrgðarstofnun Danmerkurríkis. H. þm. hlýtur að hafa lesið leiðarvísinn líkt og sagt er að ónefnd persóna lesi bifliuna; hann hefir ekki lesið nógu langt. Reikningur hans er nefnil. rjettur samkvæmt skránni 11 B, en rangur samkvæmt skránni 12 B; en allir læknar mundu eðlilega fara eptir skránni 12 B. Eptir skránni 11 B fær maður nefnil. tiltekinn lífeyri, ef maður nær tilteknu aldurstakmarki, en ekkert ef maður deyr áður. En eptir hinni skránni fær maður útborgað, þótt maður deyi fyrir tiltekinn tíma. Hina fyrri skrá mundi enginn læknir nota.

Jeg skal nú sýna fram á, hvernig hlutfallið yrði eptir skránni 12 B. Eptir núgildandi lögum fær ekkjan 1/8 af launum þeim, sem maðurinn hefir haft. Hafi nú læknirinn ekki rjett til eptirlauna, þá verður hann einnig að tryggja konunni eptirlaun eptir sig látinn, auk þess að tryggja sjálfum sjer ellistyrk. Jeg tek þá fyrst þrítugan lækni með 1300 kr. launum; vilji hann byrja að fá lífeyrinn útborgaðan, þegar hann er 60 ára, verður hann að borga á ári fyrst 180 kr., og eru þá eptir 1120 kr. af launum hans; síðan verður hann að bæta við 34 kr. fyrir konuna, og þá eru laun hans komin ofan í 1086 kr. Hafi læknirinn 1500 kr. laun, geldur hann 208 kr. + 40 kr.; verða þá eptir 1252 kr. Læknir með 1700 kr. launum geldur 230 + 45 kr.; eptir verða 1425 kr. Læknir með 1900 kr. launum geldur 262 + 50 kr.; eptir verða þá af launum hans 1588 kr. Að svipta læknana eytirlaunarjetti er því sama sem að lækka laun þeirra um 214—312 kr. kr. á ári. Þetta álít jeg ekki rjettlátt.

Jeg verð því að vera þvert á móti þessari tillögu, og vona að þingdeildin verði mjer samdóma.

Sami þingm. bar saman laun lækna og presta. Satt er það að vísu, að læknar eru hærra launaðir en prestar. En þótt illa sje farið með presta — og allir verða að játa, að þeim er skammarlega launað, — þá er það engin rjettlæting á því, að fara jafn-illa með lækna. Prestakallalögin gera þó ráð fyrir, að prestarnir skuli ekki hafa minni laun en 1200 kr., því að eptirlaun þeirra eru borguð úr landssjóði, en ekki af brauðinu, ef það er minna en 1200 kr. að mati. En handa læknum eiga þó að vera boðleg 10—1100 kr. laun! — Staða læknisins hefir þó hvarvetna meiri kostnað í för með sjer, og það þó að læknar hafi sumstaðar litla praxis. —

Svo hafa prestar og ólíku meiri tekjur af búum sínum.

Það þótti mjer næsta kynlegt, er h. 1. þm. Skagf. (Ól. Br.) hjelt því fram, að það hlyti að vera í mínum anda, að láta landshöfðingja veita embættin. Í þessu skil jeg ekki; jeg hef aldrei talað neitt, sem tilefni gæti til þess gefið.

Þá vil jeg minnast á það, er einn þingm. skaut því til nefndarinnar, að stofna eitt aukalæknisembætti utan Reykjavíkur og sameina það læknisstöðunni við holdsveikraspítalann. En nefndin í því máli hefir þegar tekið ákveðna stöðu áður, og er því nú of seint að koma fram með slíkt, nema menn vilji fá það gert í efri deild.

Till. sú um eptirlaunin, sem h. þm. Dal. (J. P.) kom fram með í ræðu sinni, kom til tals í nefndinni, en nefndin var hrædd um, að það kynni að verða frv. að falli hjá stjórninni; enda er sannast að segja, að eptirlaunahæðin samkvæmt eptirlaunafrumv. hjer frá deildinni munar mjög litlu frá því, sem hún verður eptir þessu frumvarpi, og mundi því till. h. þingm. verða til lítils gróða fyrir landssjóð.

Jens Pálsson: Jeg verð þó að álíta það mikilsvert, ef svo fjölmenn embættisstjett, sem hjer um ræðir, kæmist inn undir ákvarðanir hins nýja eptirlaunafrumv. Þá mundi verða auðveldara að fá konunglega staðfestingu á því.

Jeg vil því enn mælast innilega til, að nefndin taki þetta til íhugunar á undan næstu umræðu.

ATKV.GR.: 1. gr. 1.—16. töluliður samþ. með 18 samhlj. atkv.

1. breytingartill. nefnd. samþ. með 12 : 1 atkv.

2. breyt.till. nefnd. samþ. með 12 samhlj. atkv.

3. breyt.till. nefnd. samþykkt með 13 samhlj. atkv.

1. gr. 20. liður samþ. með 17 samhlj. atkv.

4. breyt.till. nefnd. samþ. með 13 samhlj. atkv.

1. gr. 22.—25. tölul. samþ. með 20 samhlj. atkv.

5. breyt.till. nefnd. samþ. með 15 samhlj. atkv.

1. gr. 26. liður, þannig breyttur, samþ. með 16 samhlj. atkv.

6. breytingartill. nefnd. samþ. með 14 samhlj. atkv.

1. gr. 28.—34. liður samþ. með 19 samhlj. atkv.

7. breytingartill. nefnd. samþ. með 16 : 1 atkv.

1. gr. 36 liður samþ. með 16 samhlj. atkv.

8. breytingartill. nefnd samþ. með 11 : 2 atkv.

1. gr., 38. liður samþ. með 15 samhlj. atkv.

9. breytingartill. nefnd. samþ. með 12 samhlj. atkv.

1. gr. 40.—41. liður samþ. með 20 samhlj. atkv.

1. gr, þannig breytt, samþ. með 15 samhlj. atkv.

10. við till. nefnd. samþykkt með 16 samhlj. atkv.

11. breyt till. nefnd. samþ. með 13 samhlj. atkv.

2. gr, þannig breytt, samþ. með 19 samhlj. atkv.

12. breyt.till. nefnd. samþykkt með 15 samhlj. atkv.

13. breyt.till. nefnd. samþ. með 17 samhlj. atkv.

Breyt.till. við breyt till. (408) samþ. með 14 samhlj. atkv.

Breyt.tillaga minni hlutans þar með fallin.

3. gr., þannig breytt, samþ. með 14 samhlj. atkv.

14. breyt.till. nefnd. samþ. með 16 samhlj. atkv.

15. breyt.till. nefnd. samþykkt með 12 samhlj. atkv.

16. breyt.till. nefnd. samþ. með 13 samhlj. atkv.

17. breyt.till. nefnd. samþ. án atkv.

18. breyt.till. nefnd. samþykkt með 12 samhlj. atkv.

19. breyt.till. nefnd. samþ. með 16 samhlj. atkv.

20. breyt.till. nefnd. samþykkt með 12 samhlj. atkv.

21. breyt.till. nefnd. samþ. með 13 samhlj. atkv.

22. breyt.till. nefnd. samþykkt með 13 samhlj. atkv.

23. breyt.till. nefnd. samþ. með 14 samhlj. atkv.

24. breyt.till. nefnd. samþykkt með 11 : 4 atkv.

4. gr. þannig breytt samþ. með 17 samhlj. atkv.

25. breyt.till. nefnd. samþykkt með 19 samhlj atkv.

26. breyt.till. nefnd. samþ. með 20 samhlj. atkv.

27. breyt.till. nefnd. samþykkt með 19 samhlj. atkv.

5 gr. þannig breytt samþ. með 19 samhlj. atkv.

28. og 29. breyt.till. nefnd. orðr. samþ. án atkv.

30. breyt.till. nefnd. samþykkt með 12 samhlj. atkv.

31. breyt.till. nefnd. samþ. með 12 samhlj atkv.

6. gr. þannig breytt samþykkt með 18 samhlj. atkv.

7. gr. samþ. með 17 samhlj. atkv.

8. gr. samþ. með 14 samhlj. atkv.

32. breytingartill. nefnd. (fyrirsögn) samþ. með 16 samhlj. atkv.

Fyrirsögnin þannig breytt samþykkt án atkv.

Málinu vísað til 3. umræðu með 17 samhlj. atkv.

Frv. til laga um aðgreining holdsveikra frá öðrum mönnum og flutning þeirra á opinberan spítala (C. bls. 474 499); ein umr.

ATKV.GR.: Frumv. samþ. í einu hljóði og afgreitt til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Frumv. til laga um innleiðslu metrakerfisins fyrir máli og vog (C. bls. 485); 1. umr.

Valtýr Guðmundsson: Það hefir tölu verða þýðingu að hreyfa þessu máli nú þegar, því að það liggur nú fyrir í ríkisþinginu danska, en verzlunarsamband svo mikið milli Íslands og Danmerkur, að nauðsynlegt er að innleiða það hjer, ef það verður innleitt þar, og á því er enginn vafi, að það verður bráðlega. Það strandaði þar síðast á því, að verið var að hugsa um að fá dönsk nöfn á öllum þessum mælingar- og vogarheitum, en menn fundu ekki nein, sem þóttu vel samsvarandi. — Niðurstaðan þar verður líklega sú, að fylgja þeirri reglu, sem í þessu frumv. er fylgt, og sem jeg álít heppilegasta, að halda útlendu orðunum, en setja að eins íslenzkar endingar á þau. Það hefir líka þann kost, að þá skilja menn betur, ef útlendu nöfnin koma fyrir. — Annars er þetta mál svo einfalt, að ekki þarf að mæla mikið með því, og vona jeg, að það fái að ganga til 2. umr. Það er auðvitað orðið svo áliðið þingtímans nú, að það sjálfsagt getur ekki orðið útkljáð að þessu sinni, en það er samt sem áður ekki þýðingarlaust að hreyfa því, því að það gæti þó líka kannske orðið bending fyrir stjórnina, að leggja slíkt frumv. fyrir þingið næst.

Jón Jónsson, þingm. A.-Skaptf.: Jeg get ekki alveg verið samdóma h. þm. Vestm. (V. Guðm.), um að taka upp

þessi útlendu nöfn; það gæti ef til vill verið gott að hafa þau með, en bæði eru þau nokkuð löng, svo að jeg held að Íslendingum finnist þau óviðfeldin, því þeir eru vanastir við stutt nöfn í þessum greinum, og kynnu því að stytta þau sem mest, en það gæti aptur valdið ruglingi, og svo eru sumt hálfgjörð ónöfn. Jeg skal t. d. nefna »ari«; það er á íslenzku bæði mannsheiti og svo líka fuglsheiti. Að mínu áliti væri hentugra að hafa þessi nöfn styttri, og helzt að þau væru eins eða tveggja atkvæða orð. Jeg vildi t. d. benda á viðvíkjandi »are« og »hektare«, hvort ekki væri eins heppilegt að nefna það reit og teig, það eru þó góð og gömul íslenzk orð. Þó að þessi nöfn sjeu innleidd með lögum frá alþingi, þá eru landsmenn ekki fljótt búnir að gleyma hinu gamla. Það er nokkuð langt síðan, að tugir voru ákveðnir í vog hjer á landi, t. d. pundinu skipt í 100 kvint, og kvintinu aptur í 10 ort, en þó mun algengt að menn haldi sjer heldur við hið gamla og skipti pundinu í lóð. — Jeg hygg því heppilegra að hafa nöfnin íslenzk, ef þetta verður innleitt, og ef Danir eru að reyna til að fá innlend nöfn hjá sjer, þá ættum við ekki síður að geta það, þar sem íslenzkan er svo auðug. Þessi útlendu orð mundu líka koma illa við vegna endinganna, því einn mundi hafa þessa endingu og annar hina.

Bæði af þessum ástæðum, og svo líka vegna þess, að mjer líkar ekki sumstaðar orðalagið í frumv., þá vildi jeg helzt að nefnd yrði sett í málið, án þess þó að jeg vilji gjöra þá uppástungu nú við þessa umræðu. Það er óefað, að þetta tugakerfi, — sem jeg kann betur við að nefna það, heldur en metrakerfi — er miklu þægilegra og hentugra í öllum reikningi en það, sem vjer höfum nú.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 19 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um eyðing sels í laxám (C. bls. 230, 492); frh. 1. umr.

Flutningsmaður (Tryggvi Gunnarsson): Nokkrir þingmenn hafa talað um það, hvort ekki mundi rjettast að jeg tæki þetta frumv. aptur, af því að annað frumv. um sama efni liggur fyrir frá nefndinni, sem sett var í þetta mál, en jeg hefi ekki álitið það rjett, og sízt fyrr en búið er að ræða það, og háttv. þingmenn eru búnir að átta sig á því, hverja stefnuna þeir álita heppilegri. Mjer finnst rjettast að ræða bæði frv. í einu, því þær umræður, sem verða um þetta frumv., ættu að geta sparað umræður um hitt, þegar það kemur til umræðu. Efnisbreytingin í frumvarpi nefndarinnar frá þessu frumv. er aðallega sú, að í þessu frumv., sem liggur fyrir, er gjört ráð fyrir, að þeir, sem selveiðina missa, fái bætur, en eptir frumv. nefndarinnar eiga þeir engar bætur að fá. Jeg verð nú að álíta, að stefna þessa frumv. því viðvíkjandi sje heppilegri og líklegri til samkomulags á þingi og til að ná staðfestingu konungs, og auk þessa er stefna þess talsvert sanngjarnari. Laxveiðendur vilja að sjálfsögðu, að selurinn sje rjettdræpur án nokkurra bóta frá þeirra hendi, en selveiðendum mun finnast það hart að þola slíkt alveg bótalaust. Jeg er fremur á þeirra máli. Í Arnarbæli í Ölfusi hefir presturinn t. d. mikla kópaveiði og talsverðar tekjur af henni, en þær ætti hann að missa án endurgjalds eptir frumv. nefndarinnar, ef það yrði að lögum. Jeg skil nú ekki annað, en að hann gæti heimtað bætur úr landssjóði fyrir þann tekjumissi, þar sem honum er veitt brauðið með þessum hlunnindum. En ef það er rjett,

að landssjóður verði að greiða bætur í slíku tilfelli, þá er líka rjett, að aðrir jarðeigendur greiði bætur þeim landsetum sínum, sem á selveiðajörðum búa. En mjer finnst nokkuð hart að jarðeigendur skuli fyrst missa selveiðina bótalaust, og svo verða að bæta landsetum sínum fyrir missi þessara hlunninda. Jeg veit að erfitt verður að koma því svo fyrir, að þessu endurgjaldi verði rjettlátlega jafnað niður, en jeg held þó, að eptir þeim reglum, sem teknar eru fram í 3. gr., þá sje þetta mögulegt. Að sjálfsögðu verður framtalið laxveiðenda ekki ávallt sem allra áreiðanlegast, frekar en framtal manna á búpeningi. Samt kemur mjer ekki í hug að gjöra þetta að kappsmáli, því vegna tímaleysis er auðsætt, að hvorki þetta nje hitt frumv. getur komizt fram á þessu þingi, en nokkuð er þó unnið, ef umræður verða hóflegar, því hvort þeirra, sem yrði látið standa, verður þá sem undirstaða til að byggja á á næsta þingi.

Það sem aðallega liggur nú fyrir h. deild, er að skera úr, hvort heppilegra sje og rjettlátara, að bæta selveiðamönnum tekjumissinn eða ekki. — Þótt bætur kæmu fyrir, þá yrði það gjald ekki tilfinnanlegt, sízt fyrst í stað, því ekki verður allur selur drepinn á einu ári, heldur hygg jeg að til þess gangi mörg ár, því þó að frumv. þetta yrði að lögum, þá er mjög líklegt, að laxveiðendur vanti nægá framtakssemi til þess að útrýma selnum á fyrsta ári, en hitt líklegra, að mörg ár liði, áður en selurinn er allur flúinn og drepinn. Líka er það hugsanlegt, að laxveiði ný myndaðist á sömu jörðu, sem nú er selveiði, þegar selurinn er gjöreyddur, og að sú laxveiði gæfi meiri tekjur en selveiðin, svo engar bætur þyrfti að greiða, þegar frá líður.

Framsögumaður (*Eiríkur Gíslason*): Við, sem skipaðir vorum í nefnd til þess að íhuga skýrslur þær, sem komið höfðu fram um lax- og selveiði, höfðum einnig þetta frumv. til meðferðar, og þegar við höfðum rannsakað skýrslurnar, komumst við að þeirri niðurstöðu, sem nefndarálitið ber með sjer, nefnilega að ráða h. deild til að fella þetta frumv., en samþ. það, sem nefndin hefir leyft sjer að koma fram með. Skýrslur þær, sem við höfðum til íhugunar, voru alls ekki svo fullkomnar, sem æskilegt hefði verið fyrir okkur, sem nauðsynlegur stuðningur til þess, að koma fram með álit okkar. Fyrst og fremst voru þær svo ólíkar, hvað tímatatakmarkið snertir, sem miðað er við: sumar miða veiðina á lax og sel við 10 ár, sumar 5 ár og enn aðrar að eins 1 ár. Einmitt þetta hlýtur að hafa talsverð áhrif, einkum að því er verðið snertir, en auk þess er verð á lax og sel mjög mismunandi í hinum ýmsu sýslum. Sumstaðar eru kópar t. d. metnir á 6—8 kr. »brutto«, þar sem þeir annarstaðar ekki eru metnir meira en 5 kr. Að þessu leyti munar það miklu í hinum einstöku hjeruðum. Auk þessa voru skýrslurnar sumar næsta ófullkomnar að öðru leyti. Eins og bent er á í nefndarálitinu, komu úr sumum sýslum að eins yfirlýsingar frá sýslumönnum, sýslunefndum eða einstökum mönnum, en aptur úr öðrum nokkurn veginn greinilegar og góðar skýrslur. Þær sýslur, sem að eins sendu yfirlýsingar voru: Mýra-, Snæfellsness- og Hnappadals-, Dala-, Ísafjarðar-, Skagafjarðar- og Eyjafjarðarsýsla. Greinilegar skýrslur komu aptur úr: Barðastrandar-, Stranda-, Húnavatns-, Norður- og Suður Múla-, Austur- og Vestur-Skaptafells-, Rangárvalla- og Kjósar- og Gullbringusýslu.

Ógreinilegar skýrslur voru frá Borgarfjarðar, Þingeyjar- og Árnessýslu, en úr Vestmannaeyjum kom alls engin skýrsla. Í yfirlýsingunum er að eins lauslega tekið fram, hver munur sje á arðinum af laxveiði og selveiði, en þess er að gæta, að í 2 af þessum sýslum, Eyjafjarðar- og Ísafjarðarsýslum, er engin selveiði og ekki talin líkindi til, að laxveiði muni verða þar að nokkrum mun fyrst um sinn. Jeg hefi búið til lauslegt yfirlit yfir hvern hrepp, þar sem tilfærð er selatala og laxatala sú, sem veiðzt hefir. Þessa skýrslu má leggja fram, svo h. deild geti haft hana til athugunar.

Í nokkrum ám er bæði laxveiði og selveiði, og hefi jeg samkvæmt skýrslunum gjört yfirlit yfir, hve miklu laxveiðin nemur og sömuleiðis selveiðin. Þær ár, sem yfirlit er gjört yfir, eru: Þjórsá og Ölfusá með ám, sem í þær renna, Laxá í Kjós, Laxá í Borgarfirði, Hvítá í Borgarfirði með ám, sem í hana renna, og svo Langá. Ennfremur Miðfjarðará, Víðidalsá, Laxá og Vatnsdalsá í Húnavatnssýslu. Samkvæmt skýrslunum hefir í þessum ám veiðzt lax fyrir hart nær 30,000 kr. eða 29,886 kr., en selur fyrir 3,542 kr. 30 aura. Mismunurinn er þá 26,343 kr. 70 aurar, sem laxveiðin hefir gefið meiri arð en selveiðin í áðurnefndum ám, á þeim árum, og eptir því verði, sem miðað er við í skýrslunum. Þó að þessar skýrslur, sem við höfum haft til meðferðar, væru ekki svo greinilegar, sem við mundum hafa óskað, þá bera þær þó allar með sjer, að menn yfir höfuð álíta selinn mjög skaðlegan, telja hann spellvirkja, ekki að eins fyrir laxveiði, heldur einnig fyrir fiskiveiðar yfir höfuð. Og í skýrslunum er látið í ljósi, að brýn þörf sje á að útrýma honum, bæði vegna laxveiðinnar og annara fiskiveiða yfir höfuð. Þótt við í nefndinni sjeum þessu nú alveg samdóma, þá höfum við þó ekki þorað að fara lengra en það, að honum væri útrýmt úr vötnum, ám og árósum, þar sem lax gengur. En þegar litið er á hitt, hve mikill munur er á laxveiði og selveiði í þeim ám, sem hvorttveggja hafa, og svo einnig, hve mikinn skaða selurinn hefir gjört í þessum ám, þá höfum við komizt að þeirri niðurstöðu, að ekki sje rjettlátt að leggja skatt á þá, sem á laxveiðajörðum búa og orðið hafa fyrir skaða af selnum, að leggja skatt á þá, segi jeg, til þess að bæta þeim, sem selveiðina hafa haft. Í sumum sýslum eru líka ýmsar jarðir, sem áður fyrri hafa haft laxveiði að mun, en nú litla sem enga, og stafar þetta samkvæmt skýrslunum af því, hversu mikinn skaða selurinn gjörir. Það hefir líka verið álit okkar, að ef hægt væri að útrýma selnum úr þeim ám, sem laxveiði hafa, þá mundu þær jarðir, sem selveiði hafa nú í slíkum ám, flestar fá með tímanum laxveiði í staðinn.

Bætur þær, sem þetta frumv. gjörir ráð fyrir að þeir fái, sem á selveiðajörðum búa, og sem gjört er ráð fyrir að laxveiðendur borgi, einkum sökum þess, hversu laxveiði muni aukast, finnast mjer mjög óeðlilegar, og hygg líka, að þótt það ákvæði yrði sett í lög, að þá kæmi það ekki að tilætluðum notum. Nefndin var líka þeirrar skoðunar, eins og jeg áður hefi tekið fram, að ekki væri rjett, að þeir menn, sem beðið hafa stórtjón af selnum, skuli auk þess greiða bætur til þeirra, sem selveiðina hafa, sje selurinn gjör rjettdræpur. Af þessum ástæðum höfum við lagt til, að h. deild samþykkti ekki þetta frumv., heldur aðhyllist það, sem við höfum leyft okkur að koma fram með.

Þórður Guðmundsson: Mál þetta er

ekki nýr gestur í deildinni, því það hefir verið til umr. hjer þing eptir þing, og allt af eru þeir, sem eru að berjast fyrir útrýmingu sels, að komast að nýjum og nýjum vegum. Mönnum er kunnug skoðun mín frá fyrri þingum, og jeg hefi ekki getað breytt henni enn. Þessi frumv., sem hjer liggja fyrir, fara nokkuð í aðra stefnu en frv. á fyrirfarandi þingum, og jeg verð að segja það, að mjer finnst málið sótt meira af kappi en forsjá. Jeg álít það mjög óheppilegt, eins og hjer er gert, að ráðast á atvinnuvegi manna. þeir eru ekki svo fjölskrúðugir á þessu landi, og jeg hef litla von um að hjer komi upp önnur tekjugrein í stað þessarar, er menn vilja eyðileggja. Það er sagt, að laxveiði aukist við seladráp, og er hjer í frumv. gert ráð fyrir að eyða selnum með skotum, en jeg er hræddur um að lögin nái hjer ekki tilgangi sínum, því selnum mun fremur fjölga, ef farið er að skjóta hann, í stað þess að veiða hann í net, eins og nú á sjer stað, því enginn þarf að ímynda sjer það, að eins mikið verði drepið af sel með skotum, eins og nú er gjört með því að veiða hann í netum. Þær tekjur, sem nefndarálitið ætlast til að eigendur hafi af seladrápinu, álít jeg ekki mikils virði, því þegar selur er skotinn, fer opt svo, að hann næst ekki. Auk þess er jeg hræddur um, að enginn vilji ráðast í að skjóta sel upp á 1/3 part, utan kannske laxveiðendur einir. Auk þess hagar þannig til á sumum stöðum, að þetta getur ekki orðið að notum, t. d. við Þjórsár ós og Ölfusárós, og yfir höfuð með allri suðurströndinni, því þar verður ekki komizt út á bátum, nema ládeyða sje, og það einmitt á þeim tíma, sem selur er minnstur. Jeg hef tekið það fram áður, að jeg get ekki sjeð nema einn einasta veg, til að bæta seleigend um skaða þann, er þeir bíða við seladrápið, og hann er sá, að hækka útflutningsgjald á laxi. II. flutningsm. reyndi í skýrslu sinni með tölum að sýna fram á, hvað laxveiði og selveiði gæfi af sjer í ýmsum ám, en mjer er óhætt að fullyrða, að eitthvað er bogið við þær tölur, að minnsta kosti að því er selinn snertir, og þykir mjer það eitt meðal annars undarlegt, að skýrslurnar skuli meta kópana svo misjafnt. Það kann auðvitað að geta legið í því, við hvaða verzlun menn leggja inn afurðir selsins. Eitt af því, sem gerir þess háttar skýrslur varhugaverðar, er það, að þegar eitthvað þess háttar er í undirbúningi, eru menn hræddir við ný gjöld, og hika sjer við að gefa upp hið rjetta, og megum við hreppstjórarnir bezt þekkja það. Það getur vel verið að selur skemmi laxveiði í ám, en mjer sýnist það engu að síður órjettlátt að koma með þannig lagað valdboð, um að eyðileggja atvinnuvegi einstakra manna, til þess að auka tekjur hinna. Að því er Þjórsá snertir, veit jeg, að skýrslurnar eru rangar, því mjer er kunnugt um að selveiði nemur þar á annað þúsund kr. á ári. Ef frv. þetta yrði að lögum, mundu allflestir selveiðendur við Þjórsá tapa þessari tekjugrein, án þess að fá nokkuð í staðinn; selurinn verður flæmdur að eins fram úr ánni út í ósmynnið og með sjávarströndinni, og fjölgar þar takmarkalaust, og ekki skaðar hann þar minna laxgönguna upp í ána en hann gerir nú, og verð jeg því að mæla eindregið á móti þessu frumv.

Framsögumaður (Eiríkur Gíslason): Jeg vildi að eins leyfa mjer að gera stutta athugasemd út af orðum h. 2. þm. Rangv. (Þórð. G.). Hann sagði, að það væri sitt álit, að hættulegt væri að eyða einum atvinnuveg, nefnilega selveiðinni, til hagnaðar fyrir annan

atvinnuveg, en áleit þó jafnframt hættulegt að viðhalda selnum, sem að allra skynberandi manna áliti er til svo mikilla skemmda fyrir laxveiðina, sem er ólíkt arðmeiri atvinnuvegur. Hann taldi það einnig óvíst, að lax mundi koma í staðinn fyrir selinn; þessu hlýt jeg að mótmæla; það er reynsla fyrir því, að þar sem sel er eytt, hafa annaðhvort laxveiði eða fiskiveiðar aukizt, og skal jeg taka til dæmis Ísafjarðardjúp og sumstaðar á Norðurlandi. Sami þm. sagði, að enginn maður óviðkomandi mundi verða til að skjóta selinn, eins og ráð væri gert fyrir í frv. því, er vjer nefndarmenn höfum samið, af því hann yrði að skila megninu af honum, en jeg hygg, að allir, sem hafa trú á því, að það sje hollt að eyða selnum, mundu leggja kapp á að skjóta hann, þótt ekki kæmi mikið beinlínis gjald fyrir. Þm. sagði ennfremur, að hann áliti tölur mínar viðvíkjandi selveiðinni allt of lágar. Jeg get nú ekki sagt um það, því jeg er ekki nógu kunnugur í einstökum hjeruðum, en mjer virtist líklegt, þegar jeg kynnti mjer skýrslurnar, að tölurnar væru tiltölulega hærri, að því er snerti selveiðina en laxveiðina, er jeg miðaði við þau hjeruð, þar sem jeg þekki til. Í skýrslunum eru heldur eigi taldar sumar jarðir, sem alkunnugt er, að hafa mikil og góð hlunnindi af laxveiði. Jeg skal t. a. m. nefna Laugardæli í Árnessýslu, og getur svo verið um fleiri. Jeg skal geta þess, að á einni jörð við Þjórsá, Urriðafossi, telja skýrslurnar laxveiðina að eins á 200 kr., en ábúandinn, sem þar hefir búið mjög lengi, hefir sjálfur skýrt frá því sumarið 1896, að þar hafi um hans búskaparár veiðzt minnst 100 og mest 1000 laxar á ári, svo 200 kr. nær engri átt. Jeg bendi á þetta til að sýna, að ónákvæmnin engu síður getur átt við laxveiðina en selveiðina. Við nefndarmennirnir gátum ekki vitað, hvort skýrslurnar væru rjettar, nema þar sem við vorum kunnugir. Hvað Þjórsá snertir, skal jeg taka það fram, að samkvæmt skýrslunum nemur selveiðin þar 939 kr. 30 a. á 16 bæjum í Ása-hreppi, Villingaholts og Gaulverjabæjar, svo það er eigi nákvæmlega rjett, sem h. 2. þm. Rangv. (Þórð. G.) sagði um þá veiði. Fleira er eigi, sem jeg álít að þörf sje á að svara.

Sigurður Gunnarsson: H. þm. Rangv. (Þórður G.) byrjaði með að segja, að hann því miður væri á sömu skoðun og áður, að því er þetta mál snertir. Jeg tek undir með honum og legg á herzlu á, því miður. Hann sagði, að með frumv. væri ráðizt á einn atvinnuveg, nefnilega selveiðina. Það er þokkalegur atvinnuvegur að ala upp selvarginn og hæna að sjer þetta ránd*ý*r, selinu; það er líkt og að ala upp *tóuirðlinga, og ekki láta sig skipta*, þó þeir ráðist á fje manna í heimahögum. Hann kom með það, að selnum mundi fjölga, ef frumv. næði fram að ganga, en jeg get ekki skilið það. Reynsla Dana, Norðmanna og fleiri þjóða sýnir, að selnum má útrýma með skotum. Þar sem hann talaði um skaðabætur fyrir selveiðendur, þá geta menn skilið að jeg er á móti öllum beinum skaðabótum, þar sem jeg álít að selveiði eigi ekki að eiga rjett á sjer gagnvart laxveiði. H. þm. minntist á Þjórsá, og sagðist efast um að meiri lax mundi ganga í ána, þó selnum væri eytt. Það er til fróðleg ritgjörð eptir Einar bónda á *Urriðafossi* við Þjórsá, einmitt um þetta mál. Hann kveður laxveiði hafa verið allmikla í ánni, meðan selurinn var veiddur á þann hátt, að hann blóðgaðist um leið, en þegar selveiðendur skiptu um veiðiaðferð, þannig, að þeir vöruðust að blóðga selinn,

minnkaði laxveiðin stórum. Selurinn er svo vitur skepna, að hann dregst þar frá, sem selur er blóðgaður. Er þetta þá ekki sönnun fyrir því, að laxgöngur aukist, þegar selur er fældur frá eða honum eytt. Þetta liggur svo í augum uppi, að mig furðar á að h. þm. skuli reyna að bera brigður á það. H. þm. tók fram, að selurinn mundi hrekjast út í ósa og leggjast við strendurnar, og drepa þar háltu meira en áður. Þetta er gagnstætt allri skynsemi, því þar kreppir ekki eins mikið að laxinum og ofar, og því betra undanfæri. Yfir höfuð að tala mæli jeg fastlega fram með frumv. því, sem kemur til umræðu næst, en út í það neyddist jeg til að fara vegna ummæla þm. Rangv. Jeg skal taka það fram til leiðbeiningar viðvíkjandi sjálfum mjer, að jeg er ekki á móti selnum, af því hann sje mjer óviðkomandi, — jeg á einmitt tilkall til selalagna á Breiða firði —, heldur af því að jeg álít að laxveiðin geti orðið almennur og arðsamur atvinnuvegur, svo að segja um land allt, verði selnum útrýmt. Sama eða líkt er að segja um silungsveiði, og sumstaðar flyðruveiði.

Þórður Guðmundsson: Jeg get ekki láð h. þm. S.-Múl. (S. G.), þó hann sje á annari skoðun en jeg, en þar sem hann ber saman laxveiðina og selveiðina í Þjórsá, þá finnst mjer það eitthvað athugavert. Það er ekki rjett að jeg hafi sagt, að lax mundi ekki ganga upp í Þjórsá, þó selnum væri útrýmt. Það er ekki laxveiði í Þjórsá fyrr en uppi við Urriðafoss; það hafa verið gerðar tilraunir með það að veiða lax neðar í ánni, en ekki lukkazt. Það er ekki til neins að lýsa fyrir þingdm., hvernig til hagar með selveiðina í þessum ám, þeir þekkja það ekki, og þó þeir þekktu það, vilja þeir ekki láta sannfærast. Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta að sinni, en mun síðar taka til máls, þegar jeg hefi heyrt undirtektir manna á málinu.

Benidikt Sveinsson: H. framsögum. (Eir. G.) hefir tekið flest fram, sem þarf til þess, að menn geti greitt atkvæði um málið á þessu stigi. Það er sjer í lagi gagnvart ræðu h. 1. þingm. Árn. (Tr. G.) að jeg vil taka það fram, að það er aðal-atriðið í þessu máli, að skera úr því, hvort rjettlætið heimtar að þeir, sem selveiði eiga fyrir sínu landi, fái skaðabætur, og í öðru lagi, ef menn álíta að svo sje, hverjir eigi þá að greiða þessum mönnum skaðabæturnar, og loks í þriðja lagi, hvernig meta eigi þessar skaðabætur. Þessi 3 aðal atriði verða menn að hafa fyrir augum til þess að geta greitt atkvæði um þetta mál. Eptir minni sannfæringu eiga selveiðendur enga heimtingu á eða rjett til skaðabóta, þótt selur verði ófriðhelgur um allt land, í því augnabliki að löggjafarvaldið viðurkenni, að selurinn sje sú skaðræðis skepna, sem eyðileggi annan arðsamari atvinnuveg landsmanna, í þessu tilfelli laxveiðina. Jeg hygg líka, að menn geti skilið, að ef löggjafarvaldið hjeti skaðabótum fyrir að eyða sel, þá mundi mörg skaðabótakrafan koma fram einnig fyrir önnur lög, því það eru mörg önnur lög, sem grípa inn í hagsmuni einstaklinganna. Meira að segja: löggjafarvaldinu er nærri ómögulegt að gefa út lög, sem ekki er hægt að sýna, að komi að einhverju leyti í bága við hagsmuni einhvers eða einhverra. Vjer eigum sannarlega ekki að gefa út ranglát lög, en vjer eigum líka sannarlega að gefa út lög, sem upphefja rangindi, sem ríkja í landinu, svo sem er hin alræmda selafriðun, sem gjört hefir stórkostlegan skaða ekki einungis laxveiðinni, heldur fiskiveiðunum yfir höfuð. Jeg get ómögulega ímyndað mjer, að hægt sje

að skilja 50. gr. stjórnarskrárinnar svo, að grundvallarsetning sú, sem þar er framsett viðvíkjandi eignarrjettinum, geti náð til þessarar skepnu, sem jafnvel h. 2. þm. Rangv. (Þórður G.) álítur að sje hið skaðlegasta rándýr.

H. 2. þm. Rangv. (Þórður G.) verður að gæta að því, að selveiðendur eru um langan tíma búnir að hafa svo mikinn hagnað af hinni ranglátu friðun selsins, að þeir verða hjer eptir að sætta sig við það, þó þeir, sem hafa stórskaðazt af friðuninni, laxveiðendur og fiskimenn yfir höfuð, fari nú að fá skaða sinn að nokkru bættan. Þegar það þess vegna er viðurkennt að útrýma eigi selnum vegna skaðsemi hans, þá er engin meining í að neinum manni beri að greiða skaðabætur fyrir það, þó þessum voða sje eytt. Það væri meira að segja fullkomnasta ranglæti að setja það inn í löggjöfina, að þeir, sem eiga laxveiði, verði að borga þeim skaðabætur, sem hafa spillt veiði þeirra og svipt þá miklu gagni um langan tíma. En að laxveiði muni aukast, ef selnum er eytt, það er ekkert efamál. Jeg skal taka eitt dæmi úr Þingeyjarsýslu. Sigurjón bóndi á Laxamýri tók sig til og eyddi sjálfur öllum sel í sinni á, og fyrir það er Laxá orðin einhver bezta laxveiðiá á landinu. Það má því segja, að allur auður Sigurjóns sje sprottinn af því að hann eyddi selnum í Laxá.

H. 2. þm. Rangv. (Þórður G.) sagði, að lax færi ekki inn í Þjórsá, af því að þar væru sandrif fyrir mynninu. — Það þykir mjer undarlegt. Jeg er uppalinn við Kúðafljót, þar sem líka eru sandrif og sandbotn, og þó hefi jeg orðið svo frægur bæði að drepa þar sel og veiða þar lax eða öllu heldur laxabróður. Jeg hefi veitt þar sjóbirting, sem vó framt að 1½ fjórðungi, og jeg hefi sjeð selinn elta og drepa laxabræðurna milli sandeyranna í ánni. Jeg man að jeg veiddi þar í netstúf á einni kvöldstundu 20 30 laxabræður, og eru þar þó sandrif og sandbotn engu síður en í Þjórsá.

Þá kem jeg að þriðja aðal-atriðinu: hver á að borga, ef skaðabætur eiga að koma? Ef nokkur á að borga, þá hlýtur það að vera landssjóður, því að engum á að gjöra rangt. En jeg skil ekki að nokkur þingmaður geti gengið inn á að landssjóður eigi að borga skaðabætur, ekki að eins þeim, sem hafa haft hag af selveiði, heldur og þeim, sem gizkað er á, að mundu geta haft hag af henni. Jeg held að háttv. þingdeildarm. geti með góðri samvizku innleitt þá ófriðun á selnum, sem nefndin leggur til í frumv., sem nefndin hefir samið, og væntanlega kemur til umræðu hjer á eptir, samkvæmt dagskránni.

H. 2. þm. Rangv. (Þórður G.) tók það líka fram, að það væri of stórt svæði, sem frumvarp nefndarinnar vildi láta selinn vera ófriðhelgan á. Um þetta get jeg heldur ekki verið honum samdóma. Það álít jeg allt of lítið að mega ekki drepa sel nema rjett í flæðarmálinu, eins og gjört er ráð fyrir í frumv. því, sem fyrir liggur. Þar stendur að selurinn skuli ófriðaður svo langt, sem sjór fellur út. Ef selur syndir fyrir utan flæðarmálið, þá er hann eptir því friðhelgur. Þessi takmörk fyrir ófriðuninni álít jeg allt of þröng.

Jeg vil ekki beita kappi móti þessu frumv., en jeg held að grundvöllur sá, sem það byggist á, sje ekki rjettlátur, og heldur ekki framkvæmanlegur.

ATKV.GR.: Frumv. fellt frá 2. umr. með 11 : 4 atkv.

Frumv. til laga um ófriðun á sel (C. bls. 467, 492); frh. 1. umr.

Framsögumaður (Eiríkur Gíslason): Enda þó að skýrslurnar um lax- og selveiði beri það með sjer, að menn yfirleitt álíti brýna þörf að útrýma selnum algjörlega, gjöra hann rjettdræpan umhverfis land allt, án nokkurrar undantekningar og bótalaust, þá sá nefndin sjer þó eigi fært að ganga svo langt eða stíga svo stórt stig, þegar litið er til ýmsra jarða, sem hafa allmikil hlunnindi af selveiði. Þó að sumar skýrslurnar taki það fram, að silungsveiði mundi aukast, t. d. í ám í Skaptafellssýslu og Suður-Múlasýslu, ef selur væri drepinn, þá höfum vjer þó ekki viljað fara lengra en að gjöra ákvæði um eyðing sels gagnvart laxveiðinni.

Það eru til sveitir t. d. í Dalasýslu, Barðastrandarsýslu og Strandasýslu, sem hafa svo mikil hlunnindi af selveiði, að ef selur yrði ófriðaður þar vegna fiskiveiða, þá mundu þær fara á mis við stórhagnað. En í Barðastrandarsýslu og Strandasýslu er engin von að laxveiði komizt á, þó að selurinn verði drepinn.

Fyrir þessar sakir álítum vjer rjett, að miða eyðing sels að eins við ár, sem lax gengur í, og þess vegna bjuggum vjer frumv. út í þeirri mynd, sem það er í nú.

Þórður Guðmundsson: H. þm. N.-Þing. (B. Sv.) áleit ekki rjett að greiða þeim mönnum skaðabætur, sem misstu atvinnu sína við seladrápið. Jeg er á alveg gagnstæðri skoðun, og álít einmitt það ranglátt »princip«, sem hann heldur fram í þessu efni.

Þá hafði h. þingm. N.-Þing. (B. Sv.) góða von um, að allir vogar og allar víkur mundu fyllast af fiski og sjálfsagt allar ár af laxi. Já, mikil er trú þín, þingmaður! Jeg er hræddur um, að það verði langt þangað til sú von rætist. Mjer er kunnugt um mörg svæði, þar sem bæði hefir verið mikill selur og mikið af fiski, en nú er þar enginn fiskur, þótt selurinn sje horfinn þaðan fyrir löngu.

H. þm. N.-Þing. (B. Sv.) fór að fletta upp í stjórnarskránni og áleit, að það væri ekki brot á 50. gr. hennar, þó þessu frumv. væri beitt við menn. — Jeg skal ekki þrátta við hann um það, því jeg skal játa, að jeg hefi ekki hans skarpleik til að skýra lög; en mjer sýnast þó vera ákvæði í þessu frumv., sem ganga mjög nærri þeirri grein stjórnarskrárinnar, sem hann vitnaði í. Enda hafði stjórnin þann skilning sem jeg, þegar þingið 1889 gaf út frá sjer svona löguð lög, þar sem hún neitaði staðfestingunni vegna skerðingar á eignarrjettinum.

H. sami þingm. sagði, að jeg hefði sagt, að lax mundi ekki ganga inn í Þjórsá, þó að selurinn yrði drepinn. — Þetta er hreinasti misskilningur, ef ekki rangfærsla á orðum mínum, og vildi jeg óska, að þingmaðurinn tæki betur eptir því sem talað er með skýrum og ótvíræðum orðum.

Benidikt Sveinsson: Jeg þarf ekki að svara h. 2. þm. Rangv. (Þórði G.) mörgum orðum. Mjer heyrðist hann segja, að hann þekkti staði, þar sem áður hefði verið bæði selur og fiskur, en nú væri fiskurinn horfinn og selurinn líka. Jeg þakka honum fyrir þessa upplýsingu; hún kemur einmitt vel heim við þekkingu mína á hans góða vini, selnum. Hann jetur upp fiskinn og svo þegar hann er búinn að eyða honum á þessum staðnum, þá fer hann auðvitað sjálfur burtu af þeim stað og leitar uppi annan, þar sem ætíð er fyrir. Ef nú selurinn á að fá að vera í friði

í og fyrir framan Þjórsá, þangað til hann er búinn að eyða öllum laxi og fiski þar, hvað verður þá af selveiðinni í Þjórsá? Svona fer, þegar maður sannar meira, en maður þarf og á að sanna.

Jón Jónsson, þingm. A.-Skaptf.: Jeg vildi að eins leyfa mjer að gjöra örstutta athugasemd út af því, sem háttv. þingm. N.-Þing. (B. Sv.) tók fram gegn h. 2. þm. Rangv. (Þórði G.), er sagðist þekkja svæði á landinu, þar sem bæði hefði verið selur og fiskur, en hvorttveggja væri horfið. H. þm. N.-Þing. (B. Sv.) lagði þetta svo út, að selurinn hefði jetið allan fiskinn og svo orðið að leita burtu sjálfur vegna fæðuskorts. Þetta þarf alls ekki að vera svo, og ekki er það svo á einu svæði, sem jeg þekki, í Hornafirðinum. Fiskur kemur þar inn einstöku sinnum og hefir víst alla tíð gjört, en þó búið sje að eyða þar selnum, þá er fiskafli þar þó miklum mun minni en fyr. Orsakirnar til fiskileysisins geta verið margar, miklu fleiri, en vjer þekkjum.

Að endingu skal jeg að eins segja það, að jeg álít það oftrú, að ætla, að hver vík og hver vogur muni fyllast af fiski, ef selnum verður eytt.

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 13 samhlj. atkv.

Frv. til viðaukalaga við lög 19. febr. 1886 um utanþjóðkirkjumenn (C. bls. 476); 1. umr.

Einar Jónsson: Jeg legg til að máli þessu sje vísað til nefndarinnar um hluttöku safnaða í veitingu brauða.

ATKV.GR.: Sú uppástunga samþ. með 13 samhlj. atkv. Fyrstu umræðu frestað.

Frumv. til laga um breyting á og viðauka við lög um fátækramdlefni (C. bls. 489); 1. umr.

Klemens Jónsson: Það er ekki neitt nýtt, að frv. um fátækramálefni komi fram í þinginu, því nú á síðustu þingum hefir á hverju þingi eitthvert frv. í þá átt komið fram, en aldrei náð samþykki þingsins. Einnig nú er þetta frumv. komið hingað í deildina, og þó jeg reyndar ekki efi, að h. efri deild hafi undirbúið mál þetta vel, þá er það þó svo áríðandi, að jeg finn ástæðu til að stinga upp á nefnd í því, ekki til að eyðileggja það, heldur til þess, að það verði íhugað rækilega.

Jeg sting upp á 5 manna nefnd.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg sting upp á að frumv. sje vísað til nefndarinnar um milliþinganefnd í fátækramálum.

Klemens Jónsson: Jeg var alveg búinn að gleyma milliþinganefndinni, af því hún var skipuð hjer í byrjun þingsins, en hefir aldrei látið til sín heyra neitt síðan. En af því jeg vil eigi að neinu leyti sýna þessari háttv. nefnd neina fyrirlitningu, þá tek jeg mína tillögu um sjerstaka nefnd til baka.

ATKV GR.: Tillagan um að vísa málinu til nefndarinnar um skipun milliþinganefndar samþykkt með 15 samhlj. atkv.

Till. til þingsályktunar um að ráða norskan verkfræðing til að kanna brúarstæði (C. bls. 501); síðari umr.

Framsögumaður (Tryggvi Gunnarsson): Það var svo mikið talað um þessa till. við fyrri umræðuna, að jeg vil ekki vekja þær umræður upp á ný, enda býst jeg við, að hinir sömu verði með till. nú eins og áður.

ATKV.GR.: Till. felld með nafnakalli með 10 : 10 atkv., og sögðu

já:	*nei*:
Einar Jónsson,	Klemens Jónsson,
Bened. Sveinsson,	Guðj. Guðlaugsson,

já:	*nei*:
Björn Sigfússon,	Guðl. Guðmundss.,
Eiríkur Gíslason,	Halld. Daníelsson,
J. Jónss., þm. A.-Sk.,	Jens Pálsson,
Jón Þórarinsson,	Sig. Gunnarsson,
Ólafur Briem,	Sk. Thoroddsen,
Sighv. Árnason,	Valtýr Guðmundss.,
Tr. Gunnarsson,	Þórður Guðmundss.,
Þorl. Guðmundss.	Þórð. Thoroddsen.

Fyrirspurn til landshöfðingja um landsbankann (C. bls. 486); hvort leyfa skuli.

ATKV.GR.: Fyrirspurnin leyfð með 16 samhlj. atkv.

Fertugasti fundur, þriðjudag 17. ágúst, kl. 11 f. hád. — Allir á fundi.

Frumv. til laga um lögaldur (C. bls. 501, 506); ein umr.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg skal stuttlega gjöra grein fyrir br.till. Aðalatriðið er það, að takmarka myndugleikann til 21 árs og láta hálfmyndugleikatakmarkið, 18 ár, halda sjer óbreytt. Breytingin er byggð á því, að þetta gildir hjá öllum Norðurálfuþjóðum að undanskildum Dönum og ef til vill Tyrkj um. Vjer ættum að geta gjört oss vonir um, að þetta aldurstakmark verði lögleitt hjá oss, þótt Danir hafi enn ekki fengið það. En hitt tel jeg varla von, að vjer fengjum staðfestingu á sjerstökum ákvæðum, sem engar aðrar þjóðir hafa.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. 1 þingskj. 435 samþ. með 11:4 atkv.

Breyt.till. 2. þingskj. 435 samþ. með 12:6 atkv.

Frv. svo breytt samþ. með 16 shlj. atkv. og afgreitt aptur til Ed.

Frumv. til laga um afnám ítaksrjettar hins fyrverandi Þingmúlaprestakalls í Hallormsstaðarskógi (C. bls. 506); 2. umr.

Flutningsmaður (*Jón Jónsson*, þm. A.-Skaptf.): Þetta mál hefir fengið svo góðar undirtektir hjá h. þingd. og hæstv. landsh., að ekki þarf að mæla mikið með því. Eins og takmarkaður er afnotarjettur landseta án nokkurs endurgjalds, til þess að hann skuli ekki skemma, eins má afnema þetta án endurgjalds. Vallanesspresturinn ætti og að finna siðferðislega skyldu sína til að fara ekki fram á endurgjald, einkum þar eð þingið og stjórnin hafa farið svo einstaklega vel með hann.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgreitt til Ed.

Frumv. til laga um áfangastaði (C. bls. 426); 3 umr.

Þórður Guðmundsson: Jeg finn ekki ástæðu til að tala mikið um þetta frv.; eins og því hefir gengið vel til 3. umr., svo vona jeg að því megi ganga nú.

Skúli Thoroddsen: Jeg er þeirrar skoðunar að þetta sje sannkallað óþarfamál, og álít því rjettast, að eyða ekki meiri tíma í það en orðið er, enda var sams konar frumv. fyrir síðasta þingi, en var þá fellt.

Eptir gamalli venju veit jeg ekki betur, en að hverjum manni sje heimilt að æja hestum sínum hvar sem vill, utan túns og engja. Hvaða fleiri nýja átangastaði þarf þá? Frumv. þetta miðar því í mínum augum að eins til þess, að opna einstökum mönnum aðgang til þess, að hafa fje út úr sýslusjóðum fyrir átroðning, sem þeir hafa eða þykjast hafa af hestum ferðamanna.

Jeg mun því greiða atkv. móti frumv. þessu sem einhverju því mesta óþarfamáli, sem komið hefir til umr. á þingi í sumar.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg get ekki verið samdóma h. þm. Ísf. (Sk.Th.)

og verð því að taka öðru vísi í þetta mál. Það er kannske í hans sýslu leyfilegt að æja hvar sem maður vill utan túns og engja, en jeg efa, að það sje algild regla. En ef ný kauptún myndast og kaupstaður öðlast löggildingu og þúsundir manna sækja þangað, þá er jeg hræddur um, að búandinn á þeirri jörð, sem kauptúnið er sett í, uni því ekki vel, að þúsundum hesta sje sleppt í hans högum og landið sviðið upp og jörðin eyðilögð á skömmum tíma. Aptur á móti er það ill meðferð á skepnum, að koma með hesta í kauptún, þar sem ekki er annað en tómur sandur eða möl, binda þá þar á streng í marga klukkutíma og svelta þá þar.

Jeg þekki mörg dæmi þess, að hestar verða að vera þannig bundnir og sveltir allan daginn. En það stafar af skorti heimildar til að taka upp nýja áfangastaði. Sýslunefndir hafa sumstaðar viljað bindast samtökum til að koma í veg fyrir þetta; en ábúendur hafa neitað að taka hesta í hagagöngu, hvað sem boðið hefir verið. Hvar stendur maður svo? Það er ekki nema um tvennt að velja: annaðhvort svelta hestana í sandinum, eða sýna einstökum mönnum ágang. Úr þessu bæta þau lög, sem hjer um ræðir. Áfangastaðir eru nú ekki til alstaðar. Til forna voru slíkir áfangastaðir ákveðnir með lögum, eptir því sem Jónsbók segir. Jeg þekki þá hjer sunnanlands, og gæti talið þá upp frá Fossvogi til Lónsheiðar.

Nú eru vegir orðnir breyttir frá því sem áður var. Það er t. d. langt frá Þjórsárbrú niður að Sandhólaferju eða áfangastaðnum, sem þar er næstur. Þessvegna er það nauðsynlegt að taka upp nýja áfangastaði, bæði til þess að ferðamenn geti áð hestum sínum og til að koma í veg fyrir ágang á einstökum mönnum. Ferðalaginu er enn eins háttað og til forna og áfangastaðirnir því eins nauðsynlegir nú eins og þá. — Það er nauðsynlegt að einhver borgun sje greidd jarðeigendum, þegar nýir áfangastaðir eru upp teknir, en hitt er hreinasta vitleysa, að nokkrum sje þar með opnaður aðgangur til að krefjast ósanngjarns endurgjalds úr sýslusjóði, því að sýslunefnd ákveður áfangastaðina og endurgjaldið líka.

En hitt veit jeg, að það er brýn þörf á þessum lögum víða, þar sem jeg þekki til.

Þórður Guðmundsson: H. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) hefir fundið köllun hjá sjer nú við 3. umr. að mæla á móti þessu meinlausa frumv., en þar sem það auðsjáanlega er sprottið af ókunnugleik þingmannsins, þá er það að því leyti afsakanlegt, þótt það að hinu leytinu sje óheppilegt, þegar þm. eru að mæla á móti máli, sem þeir ekki bera fullt skyn á. Jeg verð að minna h. þm. á, að það hagar ekki alstaðar eins til og í Ísafjarðarsýslu með ferðalög, þar sem enginn þarf að ferðast nema fáar klukkustundir, eða jafnvel ekki nema fáar mínútur, enda hagar líklega hvergi á landinu eins til með ferðalög og í þessum 3 sýslum, Árness-, Rangárvalla og Skaptafellssýslum.

H. þm. sagði að eptir lögunum mættu menn æja alstaðar nema í túnum og engjum, en ætli h. þm. Ísfirðinga þætti það ekki talsverð spell, ef hann væri bóndi á sveitajörð, og ferðamenn kæmu svo kannske með fleiri hundruð hesta í búfjárhaga hans og lægju þar máske í fleiri dægur? Slíkt gjörir ekki smáræðisskaða á landi jarðarinnar, enda er það ekki samboðið mannúðlegri meðferð á skepnum, að hafa hvergi vissa staði, þar sem skepnurnar geti í næði notið hvíldar og næringar, eptir að hafa verið á ferð í marga daga hvíldarlítið eða því nær hvíldarlaust. Og svo loks þegar menn eru komnir í sæmilega góðan

haga, þá er ef til vill komið með hunda og skepnurnar flæmdar burtu, og jeg skal taka það fram, sem jeg sagði áðan, að það hagar öðruvísi til í þessum sýslum en í Ísafjarðarsýslu og víða annarsstaðar, þar sem menn optast geta náð heim að kvöldi.

Jeg skal svo ekki fjölyrða frekara um þetta, en vona að ræða h. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) hafi ekki þau áhrif, að deildin ekki lofi málinu að ganga klaklaust frá sjer.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. með 12 samhlj. atkv., og afgreitt til efri deildar.

Frumv. til laga um bann gegn botnvörpuveiðum (C. bls. 504, 507); 3. umr.

Framsögumaður (Guðlaugur Guðmundsson): Það er fátt, sem jeg þarf að tala um nú við 3. umr. þessa máls, og vildi helzt óska að deildin samþykkti frumv. breytingalaust, eins og það nú liggur fyrir. Mjer er heldur ekki vel ljóst, hvað unnið er með þessari breyt.till. sem hjer er framkomin, en vil að eins benda á, að verði hún samþykkt, þá standa Íslendingar ver að vígi en nokkur önnur þjóð í heimi, til þess að stunda botnvörpuveiði utan landhelgi. Öðrum getum við ekki bannað að veiða utan landhelgi, en Íslendingum getum við það, og að því virðist mjer þessi till. miða, og auk þess vil jeg biðja menn að fara varlega í að breyta frumv., því hjer er um svo mikið að tefla, að við ættum að forðast hverja þá breytingu, sem hugsanlegt væri að tefði fyrir málinu.

Þórður Thoroddsen: Við, sem höfum leyft okkur að koma fram með þessar breyt.-till., höfum alls ekki gjört það í neinum slæmum tilgangi, hvorki til þess að fella málið nje hindra að það komist í kring á þessu þingi; þó að breyt.-till. komist að, þá er tíminn nógur samt. Þetta ákvæði, sem till. fer fram á að fella burtu, var ekki til í því frumv., sem stjórnin lagði fyrir þingið, heldur var það sett inn við 3. umr. í efri deild. Fulltrúi ensku stjórnarinnar, Atkinson, hefir lofað að styðja að því við ensku stjórnina, að landhelgissvæðið hjer í flóanum, að því er ensku botnvörpuskipin snertir, verði eptirleiðis ákveðið eptir línu dreginni 8 mílur undan Gróttutá á Þórdarfell, en að öðru leyti skuli í Faxaflóa gilda sömu ákvæði og í Norðursjónum eptir Haagsamningnum 1881. Ef þetta kæmist á, táum við öll suðurmiðin friðuð og mestan hluta innmiðanna líka, en með því að halda þessu ákvæði er innlendum óbeinlínis gefin nokkurs konar heimild til þess, að stunda botnvörpuveiðar á einmitt því sama svæði, sem við táum Englendinga burtu frá. Eptir því sem Atkinson hafa farizt orð, þá er línan að eins vilyrði gegn því, að þessi lög verði samþykkt. Þessi lína yrði þá að eins bindandi fyrir enska þegna, en ekki aðra. Danir og Íslendingar t. d. væru ekkert við hana bundnir, heldur að eins hin vanalegu landhelgislög eða $^3/_4$ mílu; en hvað betra er að hafa innlenda en útlenda til þess að raka sjávarbotninn, og spilla fiskiveiðum, fæ jeg ekki skilið. Tillagan er fram komin í góðum tilgangi, til þess að reyna að vernda okkur sem bezt fyrir þessum ófögnuði. Jeg get heldur ekki sjeð, hvaða þýðingu þessi grein hefir, meðan engin innlend botnvörpuveiðaskip eru til; þegar hreyfing er komin í þá átt, að innlend botnvörpuveiðafjelög myndist, þá er nægur tími til að gefa einhverja ívilnun, og eflaust er nógur tími til að hugsa um það á næsta þingi, ef einhver hreyfing skyldi myndast í þá átt.

H. framsögum. (Guðl. G.) og fleiri hafa talað um að stjórnin í Danmörku mundi gjöra svofeldan samning við

ensku stjórnina, að lína þessi gildi einn ig fyrir innlend botnvörpuskip, en hvar gefum við stjórninni heimild eða vald til þess? Jeg álít því rjettara að bíða og sjá, hverskonar samning stjórnin gjörir; gangi hann í sömu átt og fram sögum. tók fram, þá er ætið nógur tíminn til þess að slaka til við innlendu botnvörpuveiðendurna.

Framsögumaður (Guðlaugur Guðmundsson): Það liggur alls ekki í þessari grein, að leyfa innlendum botnvörpuskipum að veiða í landhelgi, en ef svo er, að dönsk botnvörpuskip hafa nokkur sjerrjettindi, þá erum við engu hóti tryggari fyrir leppum, þó þetta ákvæði sje fellt burt. Sjeu nokkur sjerrjettindi á annað borð, þá komast Englendingar líka inn undir þau með leppum. Hjer er að eins spursmál um, hvort eigi að gjöra okkur Íslendingum sjálfum erfiðara fyrir en öllum öðrum. Jeg skal einnig taka fram, að ef samningur kemst á milli hinnar ensku og dönsku stjórnar, þá hlýtur hann að vera jafnt bindandi fyrir danska og enska þegna.

Auk þess er enn eitt atriði, og það er, að jeg veit ekki annað en að enn þá sjeu í gildi skýr lagaákvæði um landhelgissvið hjer við land, allt að 8 fjórðungsmílum, og á því er enginn efi, að stjórnin getur beitt þessu ákvæði móti dönskum þegnum, þótt hún ekki treysti sjer til að halda því uppi gagnvart öðrum þjóðum, sjerstaklega enskum þegnum. Mjer er sem sagt gjörsamlega hulið, hvaða bót er í þessari till., hvað þetta snertir, en sje það, að Íslendingum er gjört miklu erfiðara fyrir með að keppa við útlendinga með þessa veiðiaðferð. Jeg get líka drepið á það, að menn munu hjer þó eitthvað vera farnir að hugsa um þetta, og meira að segja farnir að hugleiða, hvort ekki muni tiltækilegt, að nota seglskip til þessarar veiði. Hvaða ástæða skyldi nú vera fyrir því, að banna Íslendingum einum að veiða fyrir utan landhelgi á þennan hátt? Hins vegar væri alls ekki óhugsandi, að kæmist þessi breyt.till. að, þá yrði það kannske notað sem yfirskinsástæða til að hætta við samninginn, því nú væri frumv. breytt frá því sem verið hefði. Hinar aðrar breytingar hafa verið sýndar hinum enska konsúl og gjörðar með hans leyfi. Hjer er um svo þýðingarmikið atriði að ræða, að jeg álít rjettara að tefla ekki á tvær hættur með því að gjöra þær breytingar, sem hjá verður komizt. Eins og jeg gat um við 2. umr., þá er ætlazt til að stjórnin samþykki ekki þetta frv., ef ekki komast á samningar, heldur standi þá lögin frá 1894 enn í gildi, að eins að kippt verði, með bráðabirgðarlögum eða á annan veg, út úr þeim því ákvæði, sem talið er að komi í bága við alþjóðarjettinn.

Skúli Thoroddsen: Jeg skal geta þess, að jeg er einn af þeim, sem er það áhugamál, að þessi breyt.till. nái fram að ganga. Það er kunnugt, að vjer Íslendingar erum þeirrar skoðunar, ekki síður en aðrar þjóðir, að botnvörpuveiðar sjeu skaðlegar fiskiveiðum landsmanna, þótt fyrir utan landhelgi sjeu, og þegar nú þessa er gætt, þá er það auðsæ skylda þingsins, að forðast að gjöra nokkuð það, er geti örfað menn til slíkra veiða; miklu fremur ber þinginu að gjöra allt til að tálma þeim, sem frekast er auðið. Það er talað um þörf og nauðsyn á því að veita Íslendingum sjerstök hlunnindi, að því er botnvörpuveiðar snertir; en jeg verð að álíta nægan tíma til að tala um slíkt, þegar einhver ósk heyrist í þá átt, að Íslendingar vilji fara að stunda slíkar veiðar; en á meðan enginn er sá hjer á landi, sem stundar slíka veiði, þá er þetta ákvæði um innlendar botnvörpuveiðar óþarft, og

að eins til þess, að hvetja menn til þess að fara að leggja stund á það, sem vjer álítum fiskiveiðum vorum til skaða; það er rjett eins og við álítum, að við getum ekki látið okkur nægja þessa »sjóræningja«, sem hingað flykkjast að oss nauðugum, en viljum endilega hafa þá fleiri. Það er eins og við sjeum að gera eins konar tilraun til að spilla því, sem oss er einna dýrmætast, sem sje fiskiveiðunum. Vitanlega eru líka mjög litlar líkur til þess, að innlendir menn geti byrjað hjer á botnvörpuveiðum, eins og allt er dýrt, sem til veiða þessara er notað, og þetta ákvæði mundi því að eins verða til þess, að innlendir menn, sjerstaklega kaupmenn, mundu lána útlendum botnvörpueigendum nöfn sín, og láta þá reka botnvörpuveiðarnar undir sínu nafni, og er ekki ólíklegt, að útlendir botnvörpumenn myndu vilja borga slíkum »leppum« nokkuð fyrir nafnið, því að þeir gætu þá t. d. ekki einungis farið inn á hafnir í nauðsyn, heldur þegar þeim þóknaðist; og ef skip með dönsku flaggi mættu stöðugt vera að skrölta fram og aptur á landhelgissvæðinu, þá hlyti allt eptirlit að verða mjög ervitt. Það er heldur ekki lítill hagur að geta lagt aflann hjer á land, í stað þess að botnvörpumenn nú verða að fara til Englands, er þeir hafa fengið fullfermi, og tefur það þau frá aflabrögðunum, en gufuskip mjög dýr, svo að mikið munar um hvern daginn, er þeir geta verið að veiðum.

Landshöfðingi tók það fram í tilefni af fyrirspurn frá h. þm. A.-Skapt. (J. J.), að ekki mundi auðvelt að fara í kringum þessi lög; hann tók það rjettilega fram, að til þess yrðu skipin að skrásetjast sem dönsk eða íslenzk eign; en til þess að slík skrásetning geti fram farið, útheimtist, að sá, er skrásetningar beiðist, geti sýnt eignarskírteini sín, og hafi rjett til þess að nota danskt flagg. En jeg er ekki á sama máli eins og landshöfðingi um það, að ekki yrði farið kringum lögin, því að jeg þekki til hvalveiðamanna fyrir vestan; þeir verða að sjálfsögðu að fullnægja þessum sömu skilyrðum, en þó eru það víst opinberir leyndardómar, að þeir reglulegu eigendur eru norsk hlutafjelög. Engu að síður mæta þessir menn með alla sína pappíra í reglu, svo að frá laganna hálfu er ekkert þar við að athuga. Sama mundi raunin verða í þessu efni; menn mundu mæta hjer með skírteini fyrir því, að þeir væru eigendur skipa, sem í raun rjettri væru eign útlendinga; það er hægt að tryggja aptur þann sanna eiganda á ýmsa vegu, svo að hann þurfi ekkert að óttast af hálfu »leppanna«. Verði því þetta ákvæði samþykkt, þá mun það sannast, að vjer fáum hjer á landi botnvörpuskip, sem heita eigu innlendra, en sem Íslendingar í raun og veru ekki eiga neitt verulegt í, máske ekki einu sinni 25 aura. Og sje þetta ákvæði einu sinni orðið að lögum, þá mun verða örðugra að kippa því í burtu síðar, þótt það reynist til skaða, því þá mundi því jafnan slett í nasir, að verið væri að spilla rjettindum landsmanna, og þar sem h. þm. V. Skaptf. (Guðl. G.) sagði, að hægt mundi eptir á að skylda innlend botnvörpuskip til þess að halda fiskiveiðum sínum utan sömu línu, sem Atkinson hefði lofað að styðja að við ensku stjórnina, að því er til enskra botnvörpuskipa kemur, þá ber jeg ekki það traust til stjórnarinnar, sem h. þm. V.-Skaptf., því reynslan hefir viljað sýna það, að hún hefir verið viðkvæm, þegar óskabörn hennar, kaupmennirnir, hafa kvakað til hennar, og þar sem þetta mundi einkum snerta þá, þá væri gaman að sjá, hvort þingið ekki mætti

nokkrum sinnum knýja á náðardyrnar, áður en stjórnin gæfi samþykki sitt til þess, að minnka rjett þessara óskabarna sinna. Sami h. þm. sagði, að með því að fella burtu þetta ákvæði, þá yrðu innlendir menn harðara úti en útlendingar; en þó svo væri, þá ætti ekki að horfa í það, þegar um skaðvænleg fyrirtæki er að ræða. En hjer er nú ekki því til að dreifa, heldur þvert á móti, að sje ákvæðinu haldið, þá eru þessir innlendu botnvörpuveiðendur betur settir, og til þess er sannarlega engin ástæða.

Jeg man nú ekki til að það væri fleira, sem jeg þurfti að minnast á, því að h. 1. þm. G.-K. (Þ. Thor.) hefir þegar talað fyrir breyt.till. all-rækilega. En því einu vil jeg þó við bæta, að í nefndinni lýsti jeg og h. þm. Dal. (J. P.) því yfir, að við mundum koma með þessa breyt.till.; og það er von mín, að h. deild aðhyllist þessa breyt.-till., því það er spá mín, að ef hún ekki verður samþykkt, þá munum við fá staka óöld af hálfu botnvörpumanna, öðrum aðalatvinnuvegi landsmanna til stórmikils skaða.

Framsögumaður (Guðlaugur Guðmundsson): Jeg er farinn að þreytast á því, að svara opt hinum sömu mótbárum. Fyrst ætla jeg að snúa máli mínu að því, sem h. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) sagði. Hann spilaði á þá strengi, að hjer væri verið að »eyðileggja hin dýrmætustu gæði landsmanna«, ef ákvæði 3. gr. frumv. næði fram að ganga, ákvæðin um, að innlendum botnvörpuveiðaskipum skyldi vera heimilt að leita til lands til að afferma afla sinn. Hann sagði ennfremur, að vjer myndum opt þurfa að »knýja á náðardyr« stjórnarinnar, áður en vjer gætum fengið þessu breytt, ef vjer álitum, að þessu þyrfti að breyta aptur, og að hún myndi taka hin innlendu botnvörpuveiðaskip á sína arma. Mjer finnst ekki eiga við, að vera að blása upp slíkan orða-vind í jafn-þýðingarmiklu máli; betra að ræða það stillt og gætilega. H. þm. (Sk. Th.) sagði, að vjer álitum, að botnvörpuveiðar væru til skaða. En jeg tók fram áðan, að vjer gætum eigi að því gert, þó allur heimurinn færi að skafa botninn fyrir utan landhelgi. Vjer getum ekki fyrirbyggt það; það gerir alþjóðarjetturinn. Jeg held því fast fram, að þegar vjer sjáum, að fiskiveiðar vorar eru í voða staddar, að þá sje sjálfsögð skylda vor að leitast við að bjarga einhverju undan og einmitt í þá átt miða áðurnefnd ákvæði 3. gr. frumv. Vjer sjáum það, að útlendingar taka fiskinn frá oss. Hvað getum vjer sagt við því? Vjer getum ekki bannað þeim það, en innlendir menn verða líka að hafa einhvern ágóða. Þeir hafa fyllstu sanngirniskröfu til þess. Hvað segir h. þm. um þann mann, sem horfir á hús sitt í loga, en bjargar engu, þó að hann geti það? Ef hann svo þar að auki bannar sínu heimafólki að bjarga eigum sínum úr brunanum, þá mundum vjer telja þann mann vitfirrtan. Það er alveg ómögulegt að telja slíkan mann með rjettu ráði, og eins er með þetta. Með breyt.till. á þingskj. 437, ef hún næði fram að ganga, gerðum vjer innlendum mönnum ómögulegt að veiða með botnvörpum. Það er borið við fjeleysi, að botnvörpuveiðar yrðu eigi stundaðar af innlendum mönnum, en það er sannarlega ekki nóg ástæða. H. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) sagði enntremur, að samkvæmt frumv. hefðu hin innlendu botnvörpuveiðaskip leyfi til að leita hafna og afferma afla sinn. Þetta sagði hann að væri mjög hættulegt, því þá mætti búast við, að þau væru sí og æ að skrölta í landhelgi. En nú ber tvennt að gæta. Þegar hin innlendu botnvörpuveiðaskip sjá varðskip-

ið, þá eru þau skyld til að draga upp danskt eða íslenzkt flagg, og í öðru lagi eiga þau að hafa öll veiðarfæri í búlka. Þessi skip standa undir vorum lögum, og eptirlitið yrði betra og enn hægara með hinum innlendu botnvörpuveiðaskipum, þar sem þau standa undir okkar dómstólum. Jeg tók það fram gegn h. 1. þm. G.-K. (Þ. Th.), að landhelgismörkin gilda eins og um þau verður samið, og fari svo, að samningur kæmist á með Englendingum og Dönum, þá tel jeg það víst, að þeir muni taka höndum saman um, að aðrar þjóðir fylgi þeirra dæmi og geri samning með sjer og þeim. H. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) tók það fram um hvalveiðaskipin hjer við land, að þó að skipin væru eign Norðmanna, þá væru þau samt skrásett sem dönsk eign. Hann hjelt, að þetta væri til skaða. En er það í raun og veru til skaða, að þetta mikla kapital færist inn í landið? Jeg segi nei. Mjer hefir heyrzt það, að hvalveiðarnar væru taldar með hinum mestu auðs- og atvinnu-uppsprettum þeirra hjeraða, sem þær eru í, og jeg er fyllilega á þeirri skoðan. Frá sama sjónarmiði má skoða botnvörpuveiðarnar. Er það til nokkurs skaða eða er nokkuð á móti því, að þær verði Íslendingum sjálfum til góðs? Ekki get jeg sjeð það. En það, sem við græðum með því að leyfa þeim að afferma skip sín hjer við land, verður Íslendingum einum til góðs, því þeir hafa einir rjett til þess. Hversvegna á að útiloka landsmenn frá gróðanum? Jeg sje enga ástæðu til þess að strika þá út, og jeg sje enga ástæðu til að fella þetta ákvæði burt úr frumvarpinu.

Benidikt Sveinsson: H. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) hefir einmitt tekið fram það, sem jeg vildi hafa sagt. H. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) tók fram, að sjer virtist æskilegt, að breyt.till. kæmist að, enda væri eigi komin fram nein hreyfing í þá átt hjá Íslendingum, að stofna botnvörpuveiðar. En má jeg spyrja: Er nokkur von til þess, að sú hreyfing komist á, ef það er óheimilt fyrir þá að leita til hafna, til að ferma og afferma botnvörpuveiðakip sín? Það getur mjer ekki sýnzt. Meðan það er bannað, hlýtur sú löngun að liggja niðri. En ef vjer tökum þetta ákvæði út úr frumv., þá horfir málið allt öðruvísi við. En það, að banna Íslendingum að afferma afla sinn hjer við land, væri öldungis sama og banna þeim að fara með afla sinn á löglegan hátt, þar sem á hinn bóginn aðrar þjóðir hafa fullt leyfi til þess að fara með afla sinn til sinna landa. Jeg get ómögulega ímyndað mjer, að hin h. deild felli þetta ákvæði burt, því það getur ómögulega verið nokkur skynsamleg meining eða tilgangur í því, að útiloka Íslendinga frá því gagni og gróða, sem þeir geta haft af sjónum í kringum landið á leyfilegan og löglegan hátt. En að ætla þeim að fara til annara landa með afla sinn, það væri hreinasta Molbúa-heimska. Ekkert löggjafarþing, ekkert löggjafarþing í heimi myndi láta sjer detta annað eins í hug og þetta. Það væri gaman að sjá, hvort aðrar þjóðir teldu alþingi Íslendinga jafnviturlegt úr því, eins og það sjálfsagt vill vera og heita. Jeg get eigi sjeð að það nái nokkurri átt, að Íslendingarnir segi við botnvörpuveiðimennina útlendu, þegar búið er að banna þeim sjálfum að veiða með botnvörpum: »Við Íslendingar erum góðir menn; við veiðum ekki sjálfir með botnvörpum«. Jeg get ekki sjeð, að þetta væri nein sæmdar-kóróna á speki eða dugnaði Íslendinga. Jeg sje ekki, að Íslendingar standi neitt fjær en aðrar

þjóðir með tilliti til rjettarins til að hagnýta sjer auðæfi sjávarins. En það, að Íslendingar myndu fremur brjóta lögin en aðrir, nær ekki nokkurri átt. Jeg vil geta þess, að konungstulltrúi hjelt því fram 1869, að landhelgislínan frá 22. febr. 1812 væri hjer í gildi. En í úrskurði frá 22. febr. 1812 stendur, að konungur hafi allramildilegast ákveðið sem gildandi reglu í öllum þeim tilfellum, er spursmál gæti orðið um territorialrjettinn yfir hafinu, eigi hann að ná 1 mílu út frá landi, frá yztu eyju eða hólma, sem sjór fellur ei yfir. En enska stjórnin hjelt því þá fram við dönsku stjórnina, að landhelgislínan næði eigi lengra en 3 enskar mílur undan landi, og er það þannig þrengra svið, sem enska stjórnin bindur söterritorrialrjettinn við, en danska stjórnin eptir konungsúrskurði frá 22. febr. 1812. Þetta hvorttveggja gildir enn þá. Væri þetta eigi gildandi, þá væri eigi til neins að skipa lög um þetta efni, en nú er danska stjórnin skyldug að vernda Íslendinga eptir sínum lögum.

Jens Pálsson: Eins og h. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) tók fram, þá lýsti jeg því yfir í nefndinni, að jeg eigi gæti fellt mig við þá gr. frumv., sem jeg hef ásamt h. þm. Ísf. (Sk. Th.) komið fram með breyt.till. við. H. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) hefir varið grein þessa með vanalegum skörungsskap, en jeg gat eigi af ræðu hans sannfærzt um, að heimildarákvæðið til handa innlendum botnverpingum sje hættulaust. Hann sagði, að hann gerði ráð fyrir því, að samningur kæmist á með Dönum og Englendingum, og að samningur Atkinsons, flotaforingja skólaskipanna ensku, sem hjer komu í sumar, yrði lagður til grundvallar. En í brjefi Atkinsons til alþingis stendur hvergi, að hann setji það skilyrði, að danska ríkið skuldbindi sín skip til þess að fylgja hinum sömu landhelgislínum, er hann vildi styðja að, að enskum botnverpingum yrðu settar.

H. þm. V.-Skaptf. (Guðl. Guðm.) sagði einnig, að eptir að Danir og Englendingar hefðu gert samning með sjer, þá mundu þeir reyna til þess að fá aðrar þjóðir undir sömu lög. Setjum að sú spá rætist; samt er óvíst, hvernig sú tilraun tekst. Að hún takist er að eins völt von, en í öðru eins máli er ekki hyggilegt að byggja of mikið á voninni. Því verður ómögulega mótmælt, að þó samningur kæmist á með Dönum og Englendingum, þá getur langur tími liðið, áður en samningur komist á við aðrar þjóðir, og gætu þær beitt sama yfirgangi og Englendingar nú gjöra, og meiri yfirgangi fyrir þá skuld, að nú eru lögin linuð að mun með þessu frv. Ef heimildarákvæðið handa innlendum botnverpingum verður að lögum, þá fá þeir ekki að eins jafnrjetti, heldur mikilvæg sjerrjettindi umfram erlenda botnverpinga, þau sjerrjettindi, að mega, hvernig sem á stendur, sigla inn á hafnir, ferma þar og afferma, sjerrjettindi sem erlendum botnverpingum mundu eptir ástæðum þykja mjög eptirsóknarverð.

Nú sem stendur leggja botnverpingar sig eingöngu eptir kola og lúðu (flatfiski), sá eini veiðiskapur borgar sig vel fyrir þá, af því þær fiskitegundir eru í svo háu verði á hinum erlenda markaði. Aptur á móti borga þorskveiðar í botnvörpur sig ekki ef til vill af því þeir mega ekki afferma þorskinn hjer inni á höfnum. Nú er farið fram á að leyfa innlendum botnverpingum slíka affermingu með grein þeirri, er jeg vil fella burt. Blasir þá við, að ef þetta leyfi verður lögleitt, þá er útlendingum gefin hvöt til að fara í kringum lögin, fá sjer leppa, og reka veiðarnar undir íslenzku nafni. Hve marga erlenda botnverpinga mundum vjer á þann hátt geta laðað hingað?

Og þegar fjöldi útlendinga ræki hjer botnvörpuveiðar undir íslenzku eða dönsku flaggi, hvað yrði þá úr eptirlitinu, hvaða hemill yrði þá hafður á botnvörpufarganinu. Hvað er það, sem Íslendingar hafa byggt kærur sínar á? Það er það, að þeir hafa sjeð, að botnvörpuskipin hafa verið í landhelgi. Ef nú svo fer, að fjöldi botnvörpuskipa siglir daglega inn á hafnir, hvernig fer þá? Allar kærur falla þá að sjálfsögðu burtu. Kærurnar falla burt, nema menn geti sannað það, að þeir hafi sjeð botnvörpuveiðimennina draga botnvörpurnar í landhelgi. Hingað til hafa landsmenn stutt eptirlitið með því að miða skipin, er þau hafa verið í landhelgi, og kæra undan því, að þau væru uppi við landsteina. Þessi stuðningur í eptirlitinu af landsbúa hálfu hlyti að falla burt; að því leyti yrði eptirlitið torveldara og minna eptirleiðis, ef heimildarákvæðið næði fram að ganga.

H. framsögumaður og h. þm. N.-Þing. (B. Sv.) fók það fram, að ef Íslendingar mættu ei ferma og afferma botnvörpuveiðiskip sín hjer við land, þá væru þeir útilokaðir frá stórgróða fyrirtæki og þeim hinn mesti órjettur gerður. En þetta er ekki satt; þeir geta eins og aðrir botnverpingar siglt á útlenda markaði með aflann. Hingað eiga þeir lítið erindi með flatfisk. Hjer er ekki til markaður fyrir kola og lúðu. Það ætti þá að vera vegna hins annars fiskjar, sem í botnvörpurnar lendir, nauðsyn fyrir innlenda botnverpinga að mega afferma hjer. En óvíst er, að í því yrði neinn slægur fyrir Íslendinga, því ekki hefir Englendingum þótt borga sig að veiða þorsk í botnvörpur og flytja hann og salta og fletja út sem saltfisk.

H. þm. N.-Þing. (B Sv.) tók fram, að innanríkisskip yrðu að sjálfsögðu samkvæmt konungsúrskurði 22. febr. 1812 bundin við danska mílu út frá annesjum sem landhelgislínu. En nú halda Englendingar því hins vegar fram, að landhelgi nái hjer ei lengra enn $^3/_4$ parta úr danskri mílu út frá annesjum, og má búast við því, að aðrar þjóðir myndu halda því hinu sama fram. Og ef aðrar þjóðir mega vaða hjer inn í $^3/_4$ mílu fjarlægð frá landi, þá fæ jeg eigi betur sjeð, en að Íslendingum væri hinn mesti órjettur gjörður, ef þeir yrðu bundnir við þessa 1 mílu landhelgi, en slíkt misrjetti mundi ekki uppi haldast.

Það var tekið fram, að hvalveiðar Norðmanna hjer við land væru til góðs fyrir Íslendinga, en jeg aptur á móti get ekki skoðað þær öðru vísi en sem hið mesta óhapp fyrir þá. Það er álit fróðra manna, að hvalurinn upprætist með þessum veiðiskap, eins og hann nú er. Hvað mun þá verða, ef hann verður aukinn? Þá myndi hvalurinn hjer við land með öllu hverfa. Og ef þessi mikla auðsuppspretta væri tæmd, áður en Íslendingar kæmust upp á að hagnýta sjer hana sjálfir, hvert er þá happið? Það, að Norðmenn þessir greiða há sveitarútsvör í fáum hreppum nokkur ár, og að landssjóður fær um sama tíma óverulegt útflutningsgjald af hvalslýsi. Hvalirnir hjer við land voru auðuppspretta, sem landsins börn gátu haft von um að geta hagnýtt sjer með tímanum, en þessi von er að hverfa fyrir þessum veiðiskap útlendra manna. Og þótt allt hefði um aldur og ævi staðið við hið gamla, og Íslendingar aldrei mannað sig upp til hvalveiða, þá mundu hvalrekar hafa reynzt landinu góð hlunnindi eins um ókominn tíma eins og frá ómuna tíð; þeir hafa auðgað margan Íslending og hvalrekar hafa opt orðið til þess, að bjarga fjölda fólks frá hungursneyð og hungursdauða, en

nú eru þeir þegar farnir að vera sjaldgæfari en áður, og án efa á förum.

Hið eina rjetta í þessu stóra og vandamikla máli held jeg að sje það, að þingið flýti sjer ekki að lögleiða þessa heimild fyrir innlenda botnvörpuveiðendur. Það er bezt að sjá fyrst, hvernig þessum væntanlega samningi milli Dana og Englendinga reiðir af, og hver verður stefna dönsku stjórnarinnar gagnvart Englendingum, og enn fremur að sjá til, hvort nokkur milli-landasamningur kemst á. Ef allt þetta kæmist í kring, þá væri fyrst hugsandi, að gera þannig löguð ákvæði, sem hjer ræðir um, en þangað til verð jeg að álíta, að sú hætta sje fyrir höndum, að margar útlendar þjóðir komi hingað með dönsku eða íslenzku flaggi, til þess að beita ójöfnuði og yfirgangi við landsmenn og eyðileggja hinar innlendu fiskiveiðar.

Loks vil jeg ekki láta þess ógetið, að h. Ed. ljet þetta mál ganga í gegn við 1. og 2. umræðu án þess að þetta margnefnda ákvæði væri þar með, og nefndin í þessu máli minntist ekkert á það. Af þessu hlýt jeg að draga þá ályktun, að deildinni hafi eigi verið þetta neitt kappsmál, þar sem þetta ákvæði hefir eigi komið fyr fram en við 3. umr. Að breyt.till. vor, þótt hún nái samþykki, spilli í minnsta máta fyrir samningstilrauninni við Englendinga, getur ekki komið til nokkurra mála.

Jón Jensson: Jeg ætla að lýsa yfir þeirri skoðun minni á breyt.till., að hún sje alveg nauðsynleg, og eigi endilega fram að ganga. Jeg skil ekki í, hvað h. Ed. hefir getað gengið til að setja inn í frv. ákvæði það, sem nú er farið fram á að nema burt. Það er afar-óheppilegt að svo mikilsvert mál sem þetta skuli lenda í því að menn sjeu að rífast um atriði, sem því er í raun og veru alveg óviðkomandi.

Þetta atriði, um að veita svo kölluðum innlendum botnvörpuveiðurum ýms hlunnindi, getur eigi verið sett inn í frv. í öðrum tilgangi en þeim, að gefa útlendum auðmönnum tækifæri til að gjöra hjer enn meiri usla og gjöra fje sitt enn meir arðberandi við botnvörpuveiðar hjer við land, en þeim hefir hingað til gefizt kostur á. Það vita allir, að hjer er ekki um hlunnindi að ræða handa innlendum, heldur útlendum mönnum; Íslendingar hafa ekki fje til að koma á botnvörpuveiðum svo teljandi sje; því er engin þörf á þessu ákvæði þeirra vegna. Það er nægur tími að tala um að veita þeim einhver sjerstök hlunnindi, þegar það kemur í ljós, að þeir fara að hyggja á að gera út botnvörpuskip. Eins og nú stendur á, sýnast hlunnindi þessi mjög viðsjárverð; það getur stafað af þeim sú hætta, að sú rjettarbót, sem á að veita með lögum þessum, verði verri en ekki neitt. Vjer vitum það, að þar sem mikil hagsmuna von er í aðra hönd, þar lærist mönnum furðanlega að fara kringum lögin, og h. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) hefir ljóslega sýnt fram á, að hægt er að fara í kringum þessi lög, og jeg er honum alveg samdóma í því. H. þm. Ísf. (Sk. Th.) sýndi fram á það, að það væri ekki fyrir íslenzkt fje að hvalveiðarnar væru reknar á Vesturlandi, og eins mundi fara hjer; botnvörpuveiðar þær, sem gengju undir íslenzku nafni, mundu ekki verða stundaðar fyrir íslenzkt fje.

H. þm. V. Skapt. (Guðl. G.) minntist á hvalveiðamennina, og kvað þá hafa verið til *hamingju fyrir landið*; þetta kann nú að vera, ef litið er á þá sem hvalveiðamenn. En hugsum oss að hingað kæmu álíka spekulantar með hið skaðvæna veiðarfæri, botnvörpuna. Jeg er hálfhræddur um að þeir mundu hvorki verða vinsælir nje nein sjerleg heillaþúfa fyrir landið. Hvernig mundi fara, ef Englendingar sem kölluðu, sig Íslend-

inga, gjörðu út hjer við land botnvörpuflota hálfu meiri en þann, sem nú fiskar hjer; mundi h. þm. (Guðl. G.) vera svo viss um þökk landa sinna fyrir að hafa stuðlað að því, og dregið þessa bjargvætti að landinu? Það hefir verið talað um það, að Íslendingar nytu ekki jafnrjettis við aðrar þjóðir, ef breyt.till. yrði samþykkt, og að Íslendingum yrði bannað að gjöra það, sem allar aðrar þjóðir mættu gjöra. Hvernig tala þessir menn, er slíkt segja? Mega allar þjóðir leggja afla sinn á land hjer? Hingað til hefir það ekki verið heimilað, en nú er verið að berjast fyrir að veita útlendingum þau rjettindi. Nú á að fara að hlynna að botnvörpuveiðunum og hvetja menn til þeirra. Svo langt hafa menn þó ekki komizt áður.

Mjer finnst h. nefnd og h. Ed. hafa komizt nokkuð langt með því að vilja privilegera menn, leppaða af Íslendingum, til að veiða með botnvörpum hjer við land. Það er ekki satt, að svo mikið fje sje hjer á landi, að menn mundu geta komið upp sannarlega innlendum botnvörpuflota Það átti einu sinni að mynda innlent hlutafjelag til þess að fá fje til að kaupa fyrir bát, er skyldi ganga hjer á Faxaflóa; en fjeð fjekkst ekki. Nú rjett nýlega var og komið upp hlutafjelagi til að smala fje til skýlisbyggingar á Þingvöllum. Menn skyldu ætla að þar hefði verið slegið á þjóðlega strengi, og fjeð streymt saman; en undirtektirnar urðu þær, að, eins og kunnugt er, hefir nú verið leitað fjárstyrks úr landssjóð til að koma upp skýlinu.

Svona hefir farið með þessi hlutafjelögin, og líklega gengi ekki betur með botnvörpuveiðafjelag; það mundu ekki verða aðrir en útlendingar, sem notuðu þetta leppaákvæði, útlendingar sem kölluðu sig Íslendinga en væru útlendingar eptir sem áður, og sem flyttu veiðiarð sinn út úr landinu.

Jeg hef einhversstaðar heyrt því fleygt fram, að Otto Wathne á Seyðisfirði mundi hafa í huga að fara að byrja á botnvörpuveiðum; og þá munu þó sumir segja, að þar sje reglulegur íslenzkur borgari, sem hann er. Kann að vera, En fremur skoða jeg hann þó sem farfugl, er þegar minnst varir muni flögra hjeðan; jeg þarf ekki annað en að minna á, að það mun optar en einu sinni hafa verið komið á fremsta hlunn að hann flytti hjeðan, og það seinast rjett nýlega. Það útheimtist svo fjarskalítið eptir lögunum til að geta heitið Íslendingur, að fyrir þá sök, þó ekki væri annað, er svo fjarskalega hættulegt að halda ákvæði því, sem hjer er verið að berjast um. Hvalveiðamennirnir norsku eru þess ljóst dæmi, hvernig menn geta talizt Íslendingar í lagalegum skilningi, þótt ekki sjeu þeir það í eiginlegum skilningi.

Jeg legg það fastlega til, að vjer höldum oss við þá uppgáfu, sem þjóðin fjekk oss, höldum við það, að gjöra vort til að verndа þjóðina gegn botnvörpuveiðunum, en hlaupum eigi í blindni eptir óskum einhverra, sem vilja spekulera í veiði þessari; hættan er þar stór, en hagur enginn.

Skyldi það koma síðar fram, að horfur breyttust, svo að ráðlegt sýndist að rýmka til með botnvörpuveiðarnar, þá er allt af hægur á að gjöra það.

Framsögumaður (Guðlaugur Guðmundsson): Það er enn eins og fyr, að jeg þarf að nýju að hrekja andmæli gegn frumv., sem áður hafa verið hrakin, andmæli, sem jafnharðan ganga aptur, hve rækilega sem þau hafa verið kveðin niður.

H. þm. Dal. (J. P.) lagði svo mikið út af því að nú stæði danska stjórnin í samningum við Englendinga, er mundu koma því til leiðar að enskir botnvörpuveiðendur mundu hljóta að fjarlægjast

ýms fiskimið vor; en hann bjóst við að stjórnin mundi ekki binda sína eigin þegna til að hlíta sömu reglum og Englendingar yrðu að fara eptir hjer við land.

Þetta er mjög lítt skiljanlegt, jeg hjelt það það lægi hjer um bil í augum uppi, að um leið og danska stjórnin fær ensku stjórnina til að ganga að því, sem Atkinson hefir lofað að stuðla að að framgang fengi, þá mun hún og binda sína eigin þegna með sömu ákvæðum, eða með öðrum orðum láta jafnt yfir báða ganga.

H. þm. Dal. (J. P.) sagði, að þó vjer fengjum tilslökun hjá Englendingum, þá mundu aðrar þjóðir varla gjöra hið sama.

Jeg verð nú að vera á alveg gagnstæðri skoðun. Gangist Englendingar fyrir sitt leyti undir það, að Haagsamþykktin skuli gilda hjer við land, þá er ekkert annað líklegra, en að hinar aðrar þjóðir muni og gjöra það; en ef vjer förum nú svo með málið hjer á þingi, að Englendingar vilji það ekki, þá er lítil eða engin von til þess, að vjer fáum hinar þjóðirnar til þess að ganga að því fyrir sitt leyti, að samþykktin skuli gilda hjer. Jeg gat alls ekki skilið það, sem h. þm. Dal. (J. P.) var að rausa um, að botnvörpuskip fengju sjerrjettindi við að leppast hjer, og verð því að sleppa að svara því frekar en búið er.

H. þm. verður að fyrirgefa, þó jeg á líti löggæzlu úr landi gagnvart botnvörpuskipum harla þýðingarlitla, og að jeg því geti ekki gjört neitt verulegt úr því, að hún verði erfiðari fyrir það, þótt íslenzk skip megi sigla til hafnar hjer með afla sinn.

H. þm. Dal. (J. P.) sagði, að vjer mundum hljóta að sætta oss við að horfa á innlenda botnvörpuveiðendur fiska í landhelgi og geta ekki að gjört, ef frv. yrði samþykkt óbreytt. En ætli það verði stórum betra fyrir oss að horfa á enska botnvörpuveiðara fiska hjer í landhelgi undir vernd enskra vopna, ef þessi fleygur, sem nú er verið að skjóta inn í málið, verður til þess að eyðileggja það?

Það sýnir, á hvílíku hundavaði h. þm. Rvík. (J. Jens.) hefir farið yfir málið, að hann kvað nefndina hjer í deild hafa sett þetta ásteytingarákvæði inn í frv. (*Jón Jensson*: H. þm. hendir á lopti mismæli, sem jeg leiðrjetti undir eins). H. þm. (J. Jens.) færir það því máli sínu til sönnunar, að eigi sjeu peningar hjer á landi, að eigi hafi fengizt peningar til að byggja fyrir skýli á Þingvöllum, nje til að kaupa fyrir gufubát til að ganga um Faxaflóa. Í hæsta lagi sýnir þetta, að menn hafa ekki haft áhuga á þessum fyrirtækjum eða trú á þeim, en sannar hvorki frá nje til um peningamagn landsins. Það er hjer eins og optar, að »qui nimium probat, nihil probat«. »Sá sannar ekkert, sem of mikið sannar«.

Það er ekki rjett að það sje tilgangur vor, að gjöra útlendingum hægra fyrir að fiska hjer við land á kostnað landsbúa; þvert á móti.

Tilgangur vor er einungis sá, að gefa Íslendingum kost á að hafa einhvern arð af atvinnu við botnvörpuveiðar, sem verða reknar jafnt, hvort sem þeir stunda þær eða ekki.

Það er rjett, að nauðsyn er að verja þjóðina fyrir yfirgangi útlendinga, en það verður bezt gjört með því, að fá landhelgissvæðið fært sem mest út, og að því stefnir þetta frumv. Mjer datt ekki í hug að jafnskýr maður, sem h. þm. Rvík. (J. Jens.), færi að leggja það til í þessu máli, að vjer skyldum fara að skrúfa upp einhverjar vitlausar kröfur. Það er gjörsamlega óforsvaranlegt gagnvart þjóðinni, að eyðileggja stórmikil hagsmunamál einungis til þess, að fá færi á að brúka stór orð og hreykja sjer upp með máttlausu monti.

Valtýr Guðmundsson: Af því að mjer finnst hjer nokkurt vafamál, hvernig atkvæði skuli greiða, þá skal jeg með fám orðum gjöra grein fyrir atkvæði mínu.

Jeg var í hinum mesta vafa um, hvort rjett væri að greiða atkvæði með eða móti breyt.till. Á aðra hliðina þykir mjer hart að landsbúar sjeu útilokaðir frá því að leggja afla sinn hjer á land, en á hina hliðina sje jeg að talsverð hætta er því samfara að leyfa þeim það; og að öllu athuguðu hef jeg komizt að þeirri niðurstöðu, að meiri hætta sje þó að hafna breyt.till. en að samþykkja hana, og það af þeirri ástæðu, að alltaf er hægt síðar meir að gefa leyfi þetta, en erfiðara að fá það afnumið, ef það hefir einu sinni verið veitt. Jeg get því fremur greitt atkvæði með breyt.till., sem mjer er ekki kunnugt um að nokkur ósk hafi enn komið fram frá landsmönnum um að fá að njóta hlunninda þeirra, sem breyt.till. vill láta svipta þá. Ef einhverjum Íslendingi fer að verða hugsaldið að stunda botnvörpuveiðar hjer við land og leggja afla sinn á land, þá er honum innanhandar að koma fram með ósk um það, og þá fyrst fer að verða ástæða fyrir þingið að íhuga málið alvarlega.

H. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) sagði, að það mundi verða skoðaður vitlaus maður, sem horfði á hús sitt brenna án þess að hafast nokkuð að, meira að segja bannaði öðrum að slökkva eldinn. Þessi samlíking á ekki sem bezt við þetta mál. Samlíkingin ætti öllu betur við að segja, að það væri vitlaus maður, sem skipaði að hella olíu í eldinn þegar svo stæði á, til þess að húsið brynni sem fyrst upp; en þá ætti hún við þá, sem berjast á móti breyt.till., því að ef líkja má botnvörpuveiðum við eld, þá er hart að vera að hlynna að þeim með löggjöfinni.

Jeg tek það aptur upp: Mjer þykir að vísu hart að útiloka Íslendinga frá botnvörpuveiðum, eða öllu heldur, þrengja töluvert að þeim við þær, en af tvennu illu held jeg þó að rjettara sje að taka þann kostinn í bráð; það má breyta til síðar, ef reynslan bendir í þá átt, að þess muni þörf.

Einar Jónsson: Það hefir glöggt mátt heyra á till. manna, að aðalástæðan fyrir br.till. þeirri er ótti við það, að botnverpingum muni gefast meira færi til að fara í kring um lögin, ef frumv.gr. fær að standa, en ella. En jeg held að sje of mikið gjört úr þessari hættu. Að minnsta kosti hefðu h. tillögumenn átt að koma þá jafnhliða með br.till. um að fella burtu 1. liðinn í 3. gr., því að sá liður gefur botnverpingum nægilegt tækifæri til þess að fara yfir landhelgissvæðið, nálega að segja svo opt sem þeir vilja; vitaskuld mega þeir eptir þeim lið ekki fara í land nema í neyð, eða ef þá skortir annaðhvort vistir, kol eða vatn. En þeir geta auðveldlega látið sig vanta þetta; þeir geta búið sig svo illa út með vistir eða kol, að þeir geti í hinum einstöku tilfellum sýnt að þá vanti vistir eða kol eða vatn; og ef þá langar til að skreppa í land, þó að þá vanti ekkert af þessu, þá geta þeir hæglega gripið til þess, að hella niður úr vatnstunnunum, og sýna með því, að þeir hafi ástæðu til að fara í land, og þannig geta þeir aptur og aptur búið sjer til ástæður til að fara yfir landhelgissvæðið, ef þeim ræður svo við að horfa.

H. þm. Dal. (J. P.) sagði, að Íslendingum væri ekki gert neitt rangt til með því, þótt breyt.till. væri samþykkt, því að hjer á landi væri enginn markaður fyrir aðalafla botnverpinga, flatfiskið, og því þyrftu þeir ekkert sjerstakt leyfi til að flytja hann hjer á land. En botnverpingar afla, eins og

kunnugt er, fleira en flatfiski. Það getur því haft töluverða þýðingu fyrir íslenzka botnverpinga, að mega sigla inn á hafnir hjer, til þess að gera sjer eitthvað úr þeim afla; og það er heldur ekki þýðingarlaust fyrir aðra landsmenn að geta fengið þann afla hjá botnverpingum, því hann hefir fengizt og mun fást fyrir lítið. Og þó að útlendir botnverpingar flyttu þann afla í land, mundu þeir gjöra mörgum hagræði með því. Að minnsta kosti hefir mjer verið sagt, að í vor hafi margir hjer um slóðir lifað mest á afla þeim, sem hjá þeim fjekkst. (*Jón Þórarinsson* o. fl.: Nei). Svo er þó sagt, og varla alveg tilhæfulaust.

En með því að Íslendingum verður ekki meinað fremur en öðrum að veiða með botnvörpum fyrir utan landhelgi, þá gæti þessi breyt.till. ekki hindrað þá veiðiaðferð manna, heldur að eins gert þeim meiri óþægindi en öðrum, sem enginn annar hefði þó gagn af.

Útlendingar geta enga hvöt haft til að fara að setja sig hjer niður, skrá setja skip sín hjer og ráða á þau íslenzka skipstjóra og stýrimenn, aðra en þá einu, að fá leyfi til að sigla til lands og mega selja eða aftferma afla sinn; en sú hvöt hygg jeg yrði tæplega næg til þess að freista þeirra til þessa, því að hún vægi ekki á móti þeim óþægindum, sem þessu yrði samfara fyrir þá.

Jón Jónsson (2. þm. Eyf.): Jeg tel víst, að allir muni vera samdóma um að það sje nauðsyn á, að þingið komist að einhverri niðurstöðu í þessu máli, svo að það falli ekki nje deyi út. En þetta ákvæði í frumv., sem breyt.till. nú vill fella úr, var samþykkt í efri deild með miklum fjölda atkvæða. Ef þessi br.till. yrði samþykkt, gæti það orðið að kappsmáli milli deildanna, málið komist við það í sameinað þing, og fallið svo þar. Jeg finn nú ekki ástæðu til að gera málið að kappsmáli, en mundi þó hvort sem er vera mótfallinn br.till. Jeg álít ákvæði frumv. oss hagfelldari. Það er særandi fyrir Íslendinga að veita útlendingum með lögum forrjettindi fram yfir landsins börn.

Allar heimsins þjóðir mega fiska með botnvörpum hjer við land utan landhelgi og Íslendingar líka, og allra þjóða menn mega flytja fiskinn heim til sín, nema vjer Íslendingar ekki, ef þessi breyt.till. yrði samþykkt.

Það er nú kannske ekki líklegt að Íslendingar fari bráðlega að gera mikið að botnvörpuveiðum; en færu þeir annars til þess fyrir alvöru, þá hlýtur það að vera skaðlegt að takmarka þá svona.

Það hefir verið sagt hjer, að af því Íslendingar væru kunnugri, yrði það auðveldara fyrir þá en aðra, að fara í kringum lögin. En h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) svaraði þessu snildarvel með því að sýna fram á, að það væri líka miklu auðveldara að sanna brot upp á Íslendinga og hegna þeim fyrir þau.

Jeg sje auk þess ekki betur, en að til sje einn auðveldur vegur fyrir botnverpinga til að fara í þessu efni í kringum lögin, þótt þeir hafi ekki hagnýtt þetta úrræði til þess til þessa. Þeir þurfa ekki annað en leggja botnvörpur sínar úti í sjó við dufl, og koma svo inn með aflann botnvörpulausir.

Það verður einnig miklu auðveldara að hafa eptirlit með brotum útlendinga, ef innlendir menn eru samtímis líka á veiðum á sama svæði.

Jeg verð því í öllu falli að vera á móti breyt.till., þótt ekki væri af neinni annari ástæðu en þeirri, að jeg er hræddur við að hún kunni að eyðileggja málið á þessu þingi.

Jens Pálsson: H. 1. þm. N.-Múl. (E. J.) sagði, að með þessari grein væri út-

lendingum engin hvöt gefin til að leppa, þótt þeir vildu skjóta sjer undir hana, önnur en sú, að þá gætu þeir affermt, og bar hann mig fyrir því, að það væri ekki mikils virði, þar eð landið engan markað hefði fyrir þá vöru.

En hvötin er miklu meiri; við að njóta rjettar innlendra botnvörpuskipa fá þeir miklu fleiri færi til að brjóta lögin, því að þeir eiga þá hægra með að fara víða um landhelgissvæðið á ferðum sínum og eiga hægra með að «trola» í landhelgi; og freistingin er mikil til þess, því að einn dráttur á landhelgissvæðinu er margra peninga virði.

H. 2. þm. Eyf. (J. J.) sagði, að þessi lög heimiluðu útlendingum forrjettindi. Það er mjer óskiljanlegt, hvernig h. þm. getur komið með þetta, þar sem það hefir verið algerlega hrakið af h. þm. Rvík. (J. Jenss.). Allir menn hafa leyfi til að fiska fyrir utan landhelgislínuna og flytja fiskinn til markaðar; en markaðurinn er í útlöndum, en ekki hjer. Þeir flytja því aflann til útlanda, en ekki til Íslands. Íslendingar geta líka flutt aflann til útlanda. (*Jón Jónsson*, 2. þm. Eyf.: En ekki heim, því að það er þeim bannað). Þeir hafa ekkert að gera heim með þann afla; og ef fiskiveiðum almennings er í voða stofnað með því að veita botnverpingum rjett til að afferma afla sinn í landinu, þá eiga landsins börn ekki að fá þenna rjett fremur öðrum.

Jeg tek aptur upp dæmisöguna, sem h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) sagði áðan um húsbrunann. Setjum að hús mitt stæði í ljósum loga og eignarmunir mínir væru í hættu, og [illegible]tulir húskarlar mínir vildu ryðjast inn og bjarga. Ef jeg sæi, að það væri brýnn lífsháski, þá væri það skylda mín að banna þeim að bjarga, og alveg eins er með botnvörpuveiðar Íslendinga. Það hefir verið gert ráð fyrir, að ef skipin væru íslenzk, þá mundi eptirlitið verða meira; upp úr því legg jeg lítið. Ef íslenzkir skipstjórar væru á skipunum, mundu þeir gera sig heimakomna, og álíta sig rjetthærri en aðra til að fiska í landhelgi. Gæti því af þeim hlotizt eins mikill eða jafnvel meiri skaði en hinum útlendu botnverpingum.

Einar Jónsson: Ef þessi br.till. verður samþykkt, sje jeg ekki að Íslendingar geti, þótt þeir vilji, stundað botnvörpuveiði, nema með því móti að láta skipin eiga heima í útlöndum; því að ákvæðin eru svo einskorðuð í 3. gr., að skipin gætu eigi farið hingað til lands að aflokinni veiði, svo sem til heimilis síns, nema að eiga á hættu að sæta sektum og það 200—2000 kr. sektum.

ATKVÆÐAGR.: Samkvæmt áskorun fór fram nafnakall um breyt.till. (þingskj. 437), og var hún samþ. með 12 : 11 atkv., og sögðu

já:	*nei:*
Björn Sigfússon,	Einar Jónsson,
Halldór Daníelss.,	Klemens Jónsson,
Jens Pálsson,	Benedikt Sveinss.,
Jón Jensson,	Eiríkur Gíslason,
J. Jónss., þm. A.-Sk.,	Guðjón Guðlaugss.,
Jón Þórarinsson,	Guðl. Guðmundsson,
Ólafur Briem,	J. Jónss., þm. Eyf.,
Skúli Thoroddsen,	Pjetur Jónsson,
Tryggvi Gunnarss.,	Sighv. Árnason,
Valtýr Guðmundss.,	Sigurður Gunnarss.,
Þórð. Thoroddsen,	Þórður Guðmundss.
Þorl. Guðmundsson.	

Frumv. þannig breytt samþ. með 19 samhlj. atkv. og endursent til e. d.

Frumv. til laga um horfelli á skepnum (C. bls. 505, 514); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. á þskj. 441 samþykkti landshöfðingi að bera mætti undir atkv., en þingd. neitaði því

að viðhöfðu nafnakalli með 6:16 atkv. og sögðu

já:	*nei*:
Einar Jónsson,	Klemens Jónsson,
Björn Sigfússon,	Benid. Sveinsson,
Guðj. Guðlaugsson,	Eiríkur Gíslason,
Halldór Daníelsson,	Guðl. Guðmundsson,
Jens Pálsson,	Sig. Gunnarsson,
Jón Jensson,	Tr. Gunnarsson.
J. J., þm. A.-Sk.,	
J. J., 2. þm. Eyf.,	
Jón Þórarinsson,	
Ólafur Briem,	
Pjetur Jónsson,	
Sighv. Árnason,	
Skúli Thoroddsen,	
Þórður Guðmundss.,	
Þórður Thoroddsen,	
Þorl. Guðmundsson.	

Frv. orðalaust samþ. með 15 samhlj. atkv. og endursent e. d.

Frumv. til laga um kennslu í lærða skólanum í Reykjavík og á gagnfræðaskólanum á Möðruvöllum (C. bls. 389, 503); 2. umr.

Jón Þórarinsson: Jeg ætla að eins að gera grein fyrir breytingartill. þein, sem jeg hefi komið fram með. Jeg gat þess við 1. umr., að mjer fjelli frumv. vel í geð að flestu leyti, og að jeg vildi styðja að því, að það gengi gegn um deildina. En þegar við þá umr. taldi hæstv. landshöfðingi tvímæli á, að frv. næði staðfestingu, og var það einkum eitt ákvæði, er hann taldi því til fyrirstöðu, nefnilega, að landshöfðingi og ekki ráðgjafinn skyldi eiga að semja reglugjörðina. Jeg hef nú tekið tillit til þessarar mótbáru með því, að koma fram með breytingartill. í þá átt. — Sömuleiðis vil jeg skipta sundur 5. gr., og mjer þótti viðkunnanlegra að það væri tekið fram, að piltar frá Möðruvöllum gætu ekki gengið inn í 4. bekk latínuskólans nema því að eins að þeir hefðu gengið í 3 ár í Möðruvallaskólann, eptir að hin nú fyrirhugaða breyting væri komin á. Þetta tel jeg til bóta og vona að deildin fallist á það.

Í 3. gr. er gert ráð fyrir að stofna nýtt kennaraembætti við Möðruvallaskólann. Það mætti að vísu segja sem svo, að sá skóli kæmist af með 3 kennara, þó að bætt væri við hann 3. bekknum, eins og það er til þess ætlazt, að Flensborgarskólinn sje þri-bekkjaður, en ekki gert ráð fyrir nema 3 kennurum þar. Jeg vildi þó eigi stinga upp á því, að þetta fyrirhugaða kennaraembætti væri fellt burt, sjerstaklega af því, að skólinn liggur uppi í sveit, svo að það er örðugt að fá aðstoðarkennslu. Aptur á móti get jeg enga minnstu nauðsyn sjeð til þess, að stofna nýtt kennaraembætti við Reykjavíkurskólann fremur fyrir það, þó að það fyrirkomulag á skólanum yrði tekið upp, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, heldur en nú er. Að vísu er jeg þeirrar skoðunar, að hverjum skóla sje það hollast, að svo margir fastir kennarar sjeu við hann, að enga tímakennara þurfi að hafa, en þó að jeg játaði, að æskilegt væri að auka við einum kennara, og þó að jeg hefði viljað styðja það, að fastur kennari væri skipaður við latínuskólann, þá sje jeg ekki ástæðu til að hafa það yfirkennara, heldur undirkennara, því til þess þyrfti minna fje. — Hann getur látið sjer nægja 2400 kr. árslaun, og gæti verið eins góður eins og þó hann hjeti yfirkennari og hefði 3200 kr., og vona jeg að h. deild, sem svo opt hefir sýnt þá fögru dygð að spara, láti eiunig nú það á sannast, að hún vilji ekki eyða meiru fje en nauðsynlegt er.

Jeg vona að h. deild játi, að þessar breytingartill. miða ekki til að hnekkja frumv., heldur að þær sjeu sprottnar af því, að mjer er annt um að frumv.

nái samþykki h. deildar og síðan samþykki konungs.

ATKV.GR.: 1. gr. samþykkt með 14 samhlj. atkv.

2. gr. samþ. með 15 samhlj. atkv.

Breytingartill. við 3. gr. samþ. með 12 samhlj. atkv.

4. gr. samþ. með 14 samhlj. atkv.

Breytingartill. við 5. gr. samþ. með 15 samhlj. atkv.

Viðaukatill. samþykkt með 16 samhlj. atkv.

Málinu vísað til 3. umræðu með 18 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um dýraverndun (C. bls. 241, 446); 2. umr.

ATKV.GR.: 1. gr. samþykkt með 13 samhlj. atkv.

2. gr. samþ. með 15 samhlj. atkv.

3. gr. samþ. með 14 samhlj. atkv.

Breytingartill. við 4. gr. samþykkt með 13 samhlj. atkv.

4. gr. breytt samþ. með 13 samhlj. atkv.

5. gr. felld með 12 : 10, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Björn Sigfússon,	Einar Jónsson,
Eir. Gíslason,	Klemens Jónsson,
Jón Jensson,	Ben. Sveinsson,
J. J., þm. A.-Sk.,	Guðj. Guðlaugsson,
Jón Þórarinsson,	Halld. Daníelsson,
Sighv. Árnason,	Jens Pálsson,
Skúli Thoroddsen,	J. Jónss., þm. Eyf.,
Tr. Gunnarsson,	Ólafur Briem,
Valtýr Guðmundss.,	Pjetur Jónsson,
Þorl. Guðmundss.	Sig. Gunnarsson,
	Þórður Guðmundss.,
	Þórður Thoroddsen.

Breytingartill. við 6. gr. samþ. með 13 samhlj. atkv.

6. gr. þannig breytt samþykkt með 12 samhlj. atkv.

7. gr. samþ. með 13 samhlj. atkv.

Málinu vísað til 3. umræðu með 12 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um stofnun búnaðarsjóðs (C. bls. 427, 485, 494, 495); 2. umr.

Framsögumaður (*Guðjón Guðlaugsson*): Því miður er komið svo með þetta mál, að jeg býst ekki við, að það komizt fram á þessu þingi, en það er jeg sannfærður um, að ef frumv. dagar uppi, þá verður einkis frumv. saknað meir. Það er ekki annað að gera en ræða málið með ró og gætni og reyna til að undirbúa það betur undir næsta þing. Jeg ætla ekki að fara mörgum orðum um frumv, heldur bíða, ef ske kynni, að nýjar mótbárur kæmu fram.

Það eru að eins nokkrar breyt.till., sem jeg vildi minnast á, og er þá fyrst breytingartill. á þingskj. 394 frá h. 2. þingm. Árn. (Þorl. G.), sem fer fram á að hækka vextina upp í 2½ %. Þeir af nefndarmönnum, sem jeg hef átt kost á að tala við, eru ekki á þeirri skoðun, að ástæða sje til að hækka vextina, þó ekki sje mikið, þar sem sjóðurinn einmitt á að vera stofnaður í því skyni, að styðja menn til að gera jarðabætur og efla landbúnaðinn, og þurfa kjörin að vera aðgengileg. — Aptur á móti skal jeg lýsa því yfir, að jeg er ekki á móti hinni breytingartill. á sama þingskjali um, að afborgunin byrji eptir 3 ár í staðinn fyrir 5, því þó að jarðabætur sjeu ekki búnar að borga sig á þeim tíma, þá eru þær þó hjá flestum farnar að gefa af sjer eptir 3 ár. Þó þetta sje að vissu leyti nokkur skerðing á hlunnindum, þá vinnst það upp aptur að öðru leyti, því þess fyrr, sem fjeð borgast í sjóðinn, þess fyrr geta menn fengið lán aptur; annars gæti farið svo, að sjóðurinn tæmdist. Jeg er því fyrir mitt leyti með þessari

breytingu. Hins vegar er jeg á móti því, að afborgunartíminn sje 20 ár í staðinn fyrir 25 ár, því tíminn er settur svo langur, til að gera mönnum hægra fyrir með afborgunina, og er það einn af aðal-kostunum við sjóðinn. — Annari breytingartill. á sama skjali skal jeg ekki gera mikið úr, því jeg álít hana þýðingarlitla. Breytingartill. við 3. lið á sama þingskjali er jeg samþykkur.

Þá er stór breytingartill. á þingskj. 406 um að 60,000 krónur af varasjóði bankans sjeu lagðar til stofnunar búnaðarsjóðsins. Jeg fyrir mitt leyti álít æskilegast, að sem mest af fje bankans sje lagt til þessa fyrirtækis, en er þó aptur á móti í efa um, hvort starfsfje bankans sje svo mikið, að það þoli meira framlag en 40,000 kr. Mjer sýnist þetta góð byrjun, og er ekki líklegt, að mjög margir mundu sækja um lán í fyrstu, en aptur á móti, þegar fram liðu stundir, finnst mjer þetta allálitleg upphæð. Mjer finnst ekkert á móti því, að þessar 60 eða 40 þús. kr. úr varasjóði bankans ekki væru lagðar fram allar í einu, heldur skipt niður á árin. Jeg get vel hugsað mjer það fyrirkomulag. Á sama skjali er einnig farið fram á, að landssjóður leggi fram 15,000 kr. á ári í 5 ár eða 75,000 kr. alls í stað 20,000 kr. í eitt skipti og 5 þús. á ári í 25 ár. Jeg fyrir mitt leyti gæti verið því samþykkur, en af því mjer hefir heyrzt annað hljóð í deildinni, þá vil jeg ekki hreyfa því frekar, því það gæti máske orðið til að spilla fyrir að frumv. næði framgöngu.

Á sama þingskj. er önnur breyt.till., sem fer í sömu átt og breytingartill. h. þingm. Árnesinga, nefnilega, að færa vöxtuna upp í $2^1/_2$ %, og hef jeg áður fært ástæðu á móti því. Jeg skil ekki í að h. þm. S.-Þing. (P. J.) skuli hafa komið fram með slíka tillögu, því mjer heyrðist ekki betur á honum, en að jarðabætur væru að öllu leyti fyrir eptirkomendurna og ætti því enn síður að vera ástæða til að hækka vöxtuna, og gera mönnum erfiðara fyrir, þar sem þetta er ekki beinlínis unnið fyrir hina núverandi kynslóð.

Þá er breytingartill. á þingskjali 410 frá h. 2. þingm. Rangv. (Þórði G.), sem fer fram á að gefa mönnum 4 ára frest til jarðabótanna í staðinn fyrir 2 ára. Jeg er þessari breytingartill. algerlega mótfallinn, og álít það sjálfsagða tryggingu að heimta af mönnum að þeir hafi lokið jarðabótunum á 2 árum, í staðinn fyrir að gefa þeim kost á að vera að dunda við. þær í 4 ár. Jeg skal taka til dæmis, að maður fær 400 kr. lán til jarðabóta, og líklega fá menn almennt ekki meira, og þarf ekki að hafa lokið jarðabótunum fyr en eptir 4 ár, þá er *engin trygging fyrir*, að hann verji fjenu til jarðabóta, því hann gerir þá ekki meiri jarðabætur en svo, að engum er ofvaxið, þó hann svo ekki fái neinn styrk, og til hvers er þá að vera að lána mönnum? Jeg álít því rjett að hafa tímann hreint ekki lengri en 2 ár, og ekki borga út meira en helming fyrr en að loknum jarðabótunum.

Að því er tryggingu snertir, er jeg á sömu skoðun og áður, að uppástungur frumv. sjeu heppilegastar, og bezt að lána gegn ábyrgð sýslunefndanna. Þær mundu auðvitað helzt mæla fram með mönnum, sem eiga fasteign, en einnig um leið með þeim, sem þær væri vissar um að mundu nota lánið sem bezt, landi og lýð til gagns. Þess vegna kom nefndinni saman um, að þegar menn sæktu um meðmæli sýslunefnda, þá ættu þær að hafa sem frjálsastar hendur að gefa meðmæli, því þær vissu bezt, hvað væri hentast í því efni. — Ættu þær að skrifa lista yfir þá um-

sækjendur, sem þær vildu gefa meðmæli sín, og þeir að ganga fyrir, sem fyrstir eru á listanum. Það er ekki víst, að sýslunefndir fyrst og fremst mæltu með þeim, sem geta sett tryggingu, heldur þeim, sem þær væru vissar um að mundu nota lánið bezt. Það mætti líka setja í hina fyrirhuguðu reglugerð, að þeir sem ekki hafi trygging að bjóða gætu tekið sig saman, t. d. 3 menn, og gengið í ábyrgð allir fyrir einn og einn fyrir alla að fullnægja þeim skilyrðum, sem eru sett fyrir láninu. Jeg hugsa mjer, að þeir sem hafa mestan áhuga á jarðabótum mundu mynda fjelög, sem yrðu nokkurs konar mjög innileg smá búnaðarfjelög, er tækju lán til jarðabóta og framkvæmdu þær annaðhvort í fjelagi eða hver fyrir sig. Jeg álít betra að verja fje til þess háttar fjelaga en til búnaðarfjelaganna. Að því er þetta snertir, tala jeg af kunnugleik á því, hvernig því er farið mjög víða, og eptir beztu sannfæringu, og er jeg viss um, að ef þetta kæmist á, þá mundu beztu mennirnir taka sig saman og vinna í bróðerni og styrkja hver annan.

Jeg ætla svo ekki að fara fleiri orðum um þetta, en vona að deildin yfirvegi þetta með ró og stillingu án þess að láta persónulega áreitni við flutningsmennina koma fram, og skal jeg sjálfur kosta kapps um hið sama að þessu sinni.

Pjetur Jónsson: Jeg skal vera stuttorður mjög. Jeg vonaðist til að h. nefnd yrði hlynnt breytingartill. á þingskjali 406, þeim liðnum sjerstaklega, er snertir tillagið úr varasjóði bankans — vegna þess, að þar er ekki farið fram á verulega breyting á sjálfri upphæðinni. Það er ætlazt til í frumv., að úr varasjóði bankans sje lagðar til 40,000 kr. fyrsta árið og síðan tekjur, sem varasjóði bætast, 1/5 hluti á ári hverju; setjum að þær sjeu 4000 kr. á ári, þá verður sú upphæð 20,000 kr. á 5 árum, og samanlagt við hitt gerir það 60,000 kr. eða sömu upphæðina og í breyt.till. minni. Og sjeu nú hinar áætluðu tekjur varasjóðs bankans tæplega þetta, sem jeg áætla, þá er jeg auðvitað þeim mun frekari en nefndin. En þetta getur ekki munað varasjóð neinu verulegu, enda er ekki önnur eðlilegri meðferð á fje bankans en þessi.

En að því er snertir tillagið úr landssjóði, þá hugði jeg að það væri áhugamál h. deildar — vegna þess, að hún hefir samþykkt á fjárlögunum að veita 30,000 kr. til lánveitinga handa landbúnaðinum á þessu fjárhagstímabili eða 15,000 kr. á ári, eins og í tillögu minni. Og það getur ekki verið hugsunin, að gera það einungis í þetta eina skipti, því að ef menn hafa þörf fyrir þetta fje á þessu fjárhagstímabili, þá er þörfin ekki minni framvegis. Nú hef jeg miðað mína tillögu við þessa fjárveiting, og ekki búizt við að deildinni þætti neitt athugavert við þessar 15,000 kr. á ári. Munurinn á því, sem nefndin leggur til, og því, sem jeg fer fram á, er ekki svo mikill, sem í fljótu bragði virðist. Hún gerir landssjóði að leggja til 20,000 kr. í eitt skipti, en þar við bætast ársvextir þeir, sem bankinn á að borga landssjóði. Það eru 5000 kr. á ári, og gerir það á 5 árum 25,000 kr., og samanlagt við hitt 45,000 kr.; en jeg fer fram á, eins og áður er sagt, 75,000 krónur á sama tímabili, svo að munurinn er ekki stórvægilegur — 30,000 kr. á 5 árum. Jeg vil því vona, að h. deild og nefndin taki liðlega þessum lið tillögu minnar.

Viðvíkjandi breytingartill. minni um vaxtahæðina þarf jeg ekki að segja mikið, því það mun verða mælt með samhljóða tillögu frá 2. þm. Árnesinga. Jeg get að eins sagt það, að mjer er

geðfelldara og býst við að sjóðstofnun þessi mælist betur fyrir, ef hún bakar ekki bankanum eða landssjóði mikinn vaxtamissi.

Það var eitt, sem h. þingm. Strand. (Guðj. Guðl.) tók fram, að væri að sínu áliti hængur á tillögu þessari, að eptir henni kæmi lánsfjeð seinna til nota. — En jeg hugði að það væri óheppilegt, að koma mönnum á miklar lánveitingar að eins eitt einasta ár og svo stingi nærri í stúf. Þessar 60,000, sem gera má að komi frá landssjóði og bankanum á einu ári, verða strax rifnar út — og þá er lítið til árlegra útlána. En eptir minni uppástungu verða þá 27—30,000 kr. til að lána á ári hverju; — h. þm. Strand. (Guðj. G.) tók fram, að það væri mikið unnið við það, að lánin kæmu sem fyrst, því þeim mun fyrr kæmu ávextirnir af jarðabótunum. — Það kann að vera, ef lánunum er einungis heppilega varið. En það má fullt eins vel gera ráð fyrir, að það misheppnist, einkum í fyrstu, og svo græði menn með tímanum þekkingu og reynslu með hverju ári, þekkingu á því, hversu haganlegast verði varið slíku fje.

Sami h. þm. Strand. (Guðj. G.) þótti mótsögn hjá mjer, að hafa áður í ræðu talið jarðabæturnar einungis gerðar fyrir eptirkomendurna en ekki borga sig fyrir þann, sem ynni þær, og nú vildi jeg þó hækka vextina á jarðabótalánum. Jeg stend við það, sem jeg sagði, að til jafnaðar borgar það sig betur að leggja undir sig jarðarpart, en að bæta sína eigin ábúðarjörð, það er að segja fyrir mann sjálfan. En munurinn er stór fyrir landið, þjóðina, eptirkomendurna; því með jarðabótinni bætir maður við landið, nemur land. En þrátt fyrir það, þó svona sje, hygg jeg að þeir, sem taka jarðabótalán, eigi að greiða sæmilega vexti. —

Þórður Guðmundsson: Það er svo að sjá, sem mönnum sje þetta mál ekki mikið áhugamál, því að jeg sje að varla helmingur þingdeildarmanna er viðstaddur, og þó að ekki sje árennilegt að tala fyrir ys og hurðaskellum, þá ætla jeg samt að fara fáum orðum um þá breyt.till., sem jeg hef gert við þetta frumv. Hún hefir að vísu ekki fundið náð fyrir augum h. framsögum. (Guðj. G.), en jeg ætla eigi að síður að mæla fyrir henni, eptir því sem jeg álít þörf á.

Jeg ætla, að þegar þingið vill veita einhverja ívilnun landsmönnum, þá eigi það ekki að binda hana þeim ókostum eða annmörkum, að hún verði ekki að notum, en það er jeg hræddur um að eigi sjer stað hjer, þar sem um það er að ræða, að þeim jarðabótum, sem lán er tekið til úr hinum tilvonandi búnaðarsjóði, skuli vera lokið innan 2 ára frá lántökudegi. Að mínu áliti er það ekki nema einstöku maður, sem hefir svo þægilegar ástæður, að lokið geti jarðabótum, sem nokkuð kveður að, á svo skömmum tíma, og líklega engir aðrir eða að minnsta kosti mjög fáir aðrir en þeir, sem alls ekki þurfa á lánum búnaðarsjóðsins að halda. Það er svo margt, sem taka þarf tillit til. Vinnukrapturinn er svo dýr, og vinnumenn svo fáir, að ráða verður löngu áður en brúka skal, árferðið misjafnt og óútreiknanlegt; sumstaðar fer klaki ekki úr jörð fyrr en um mitt sumar, svo að ómögulegt er að gera jarðabætur; enn er það, að það er dýrara og erviðara að fæða marga menn í einu. Jeg álít því, ef breyt.till. mín kemst að, að þá nái frumv. betur tilgangi sínum, og verð því að halda því fast fram að hún komist að.

Frumv. ber eigi með sjer, hve mikið lán megi veita hverjum einstökum.

Jeg get vel ímyndað mjer að menn tækju 10—15,000 kr. lán til hinna stærri jarðabóta, og sjá það allir, hversu ervitt og jafnvel ómögulegt það er, að framkvæma jarðabætur fyrir svo mikið fje á 2 árum. Það hlýtur að aptra nytsemi þessarar stofnunar, ef lánsfresturinn er svona stuttur; og þar sem h. framsögum. (Guðj. G.) sagði fyr, að sá sem ekki væri búinn að verja láninu til jarðabóta fyr en eptir 3—4 ár, hann gerði það þá aldrei, — þá verð jeg að kalla það skrítna ástæðu, því að sá, sem útnefndur er til að skoða það, sem unnið hefir verið, sjer hvort lánið hefir verið brúkað til jarðabóta; það hlýtur þá að koma í ljós. Jeg vonast þá til, að h. deild sjái, að breyt.-till. mín er sannarlega á rökum byggð og aðhyllist hana.

Þorlákur Guðmundsson: Þessar breytingar, sem jeg hef farið fram á, eru smábreytingar. Það, sem mjer gekk til að leggja til, að vextir af lánum úr búnaðarsjóðnum yrðu færðir upp, var það, að starfsfje stofnunarinnar yrði meira og hægra að hafa jafnan fje handa á milli í búnaðarsjóði. Sömuleiðis það, að færa afborgunartímann úr 20 árum niður í 15 ár; h. framsögum. (Guðj. G.) tók það fram, að það mundi verða of lítið; en það verður að gæta að því, að sjóðurinn er lítill, en aðsóknin mundi mikil, og þeir sem þurfa að nota sjóðinn verða margir, og því má ekki umferðartími fjárins vera langur; en eptir því sem fjeð er minna, eptir því verður hringferðin að vera skemmri. Tillöguna um að $^2/_3$ hlutar sýslunefndar verði að vera með því að lánið sje veitt, get jeg ekki álitið neinn annmarka, því að ef lántakandi getur gert sig góðan og gildan að öðru leyti, þá mun þetta ekki standa honum í vegi fyrir að fá lánið. Viðaukatill. við 5. gr. álít jeg til góðs og sjerstaklega til frekari tryggingar fyrir sýslunefndina, en getur ekki gert lántakanda neitt, og sömuleiðis er það eptirlitsmanni hægðarauki til að sjá, hvað mikið lántakandi hefir unnið, og hvernig hann hefir varið láninu.

Jens Pálsson: Jeg skal strax játa, að stefnan, sem kemur fram í frumv. þessu er sannarlega lofsverð, og um þessa stefnu frumv. þykir mjer sjerlega vænt. Aptur álít jeg álitamál, hvort lánsstofnun sem á að styðja landbúnaðinn sje á ákjósanlegasta hátt fyrir komið, eins og hjer er farið fram á. Jeg skal láta í ljósi, að mjer þykir það mikilli galli að hjer er farið fram á að binda talsvert af starfsfje bankans. Og ef hægt væri að koma stofnun, eins gagnlegri og þessi er, þannig fyrir, að ekki þyrfti að binda neitt af starfsfje bankans, þá þætti mjer það miklu betra. En jeg treysti mjer ekki til að segja með vissu, hvort hægt væri að koma slíkri stofnun fyrir í þeirri lánsstofnun, sem jeg ásamt tveimur öðrum þm. hef farið fram á að stjórnin sæi um að stofnuð yrði. Sem sagt, ef gengið er út frá því að slíkur sjóður skuli stofnast eins og hjer er farið fram á, þá get jeg sagt, að mjer líka allar greinar frumv. vel, nema 4. gr., þar sem svo er ákveðið, að lán skuli veitast »gegn ábyrgð sýslunefnda o. s. frv. eða móti veði í jarðeign með 1. veðrjetti«. Mjer þykir ekki eiga við, að verja slíkum sjóði til útlána gegn 1. veðrjetti, því þeir, sem fasteignir geta að veði boðið með 1. veðrjetti, eru í engum vandræðum með að fá lán. Meðan bæði er brýn þörf á fje til að vinna að jarðabótum, og þeir svo margir sem hafa þá þörf, mun slíkur sjóður að eins að nokkru leyti, en alls ekki til hlítar geta uppfyllt hana. Því starfsfje hans er svo lítið, og þeir sem á því þurfa að halda, svo margir. Af

þessum ástæðum álít jeg miklu rjettara, að ætla þetta fje eingöngu til lána gegn ábyrgð sýslufjelaga og gegn 2. veðrjetti. Nú er eins og alkunnugt er vandinn sá, að fje er lánað úr landssjóði og úr bankanum gegn jarðarveði, helmingi minna en það er metið, jörðin er veðsett fyrir hálfu minna fje en hún er virt; þá er helmingurinn í raun og veru laus, óveðsettur, og 2. veð í henni í rauninni fulltraust veð fyrir nokkru fje. En þegar hjer við bætist, að lánið er eingöngu til jarðabóta, þá er hættan því minni, því að maður verður að álíta, að jörð hækki í verði að þeim mun, sem fje er í hana lagt til skynsamlegra jarðabóta.

Sjái jeg mjer byr, vil jeg til 3. umr. flytja breyt.till. í þá átt, sem nú hef jeg talað.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. frv. samþ. með 16 samhlj. atkv.

Breyt.till. 1 á þingskj. 406 felld með 11 : 8 atkv.

2. gr. frv. samþ. með 14 : 3 atkv.

1. breyt.till. á þingskj. 394 1. liður samþ. með 12 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Klemens Jónsson,	Einar Jónsson,
Björn Sigfússon,	Ben. Sveinsson,
Guðl. Guðmundss.,	Eiríkur Gíslason,
Jens Pálsson,	Guðjón Guðlaugss.,
J. Jónss., þm. A.-Sk.,	Halldór Daníelsson,
Jón Þórarinsson,	Jón Jónss., þm. Eyf.,
Pjetur Jónsson,	Ólafur Briem,
Sigurður Gunnarss.,	Sighv. Árnason,
Tryggvi Gunnarss.,	Skúli Thoroddsen,
Þórður Guðmundss.,	Valtýr Guðmundss.
Þórður Thoroddsen;	
Þorl. Guðmundss.	

1. breyt.till. á þingskj. 394 2. liður felldur með 11 : 8 atkv.

Breyt.till. á þingskj. 394 3. liður felldur með 15 : 5 atkv.

3. gr. með áorðinni breytingu samþ. með 13 samhlj. atkv.

2. breyt.till. á þingskj. 394 samþ. með 13 : 3 atkv.

4. gr. með áorðinni breytingu samþ. með 13 samhlj. atkv.

Breyt.till. á þingskj. 410 felld með 15 : 4 atkv.

5. gr. frumv. samþ. með 14 samhlj. atkv.

Viðaukatill. 3 á þingskj. 394 samþ. með 13 samhlj. atkv.

6. gr. frumv. samþ. með 16 samhlj. atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. með 16 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um breytingu á gjaldheimtum til amtssjóða og sýslusjóða (C. bls. 178, 470); 2. umr.

Framsögumaður (*Guðlaugur Guðmundsson*): Nefndin hefir gjört ýtarlega grein fyrir breyt.till. sínum í hinu prentaða áliti sínu, sem liggur fyrir h. þingd. Jeg skal þess vegna ekki fara út í einstök atriði málsins nema því að eins, að mótmælum verði hreyft.

Jeg skal að eins geta þess viðvíkjandi viðaukatill. nefndarinnar við 1. gr., þar sem hún leggur það til, að búnaðarskólar þeir, sem nú eru, eigi rjett á að fá árlega úr jafnaðarsjóði hlutaðeigandi amts jafna upphæð búnaðarskólagjaldi því, sem þeim nú er greitt, að hún byggist eðlilega á því, að tilsk. 12. febr. 1872 er gefin til þess að tryggja búnaðarskólunum fastar tekjur.

Jeg vona svo að frumv. ásamt breyt.till. verði samþ. og fái að ganga til 3. umr., þótt eigi megi gjöra ráð fyrir, að það komist fram á þessu þingi. Þetta er talsvert þýðingarmikið mál og ef það fær góðar undirtektir á þinginu, þá getur það verið bending fyrir stjórnina að

taka það að meiru eða minna leyti upp til næsta þings.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

Viðaukatill. nefnd. við 1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Breyt.till. n. við aðra gr. samþ. með 16 atkv.

2. gr. frv. þannig breytt samþ. með 16 atkv.

Breyt.till. n. við 3. gr. samþ. án atkv.gr.

3. gr. með breytingum samþ. með 16 atkv.

Breyt.till. n., að 4. gr. falli burt, samþ. með 13 atkv.

5. Breyt.till. n., að ný gr. komi í stað 4. gr., samþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkvæðagr. — Frumv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Frumv. til laga um sjerstakt gjald til brúargjörða (C. bls. 195, 478); 2. umr.

Framsögumaður (*Guðlaugur Guðmundsson*): Jeg hefi ekki annað að segja um þetta mál, en málið næst á undan, að jeg finn ekki ástæðu til að ganga inn á einstök atriði þess, nje inn á málið yfir höfuð, með því að ekki liggja fyrir aðrar breyt.till. en þær, sem nefndin hefir gjört, og enginn hefir andmælt þeim einu orði.

ATKVÆÐAGR.: 1. breyt.till. n. við 1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

1. gr. þannig breytt samþ. með 16 shlj. atkv.

2. breyt.till. n., viðaukatill. við 1. gr., samþ. með 15 shlj. atkv.

Breyt.till. við 2. gr. samþ. án atkv.gr.

2. gr. þannig breytt samþ. með 16 shlj. atkv.

3. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkvæðagr. — Frumv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Frumv. til laga um innflutningsgjald af smjörlíki (C. bls. 206, 483); frh. 2. umr.

Framsögumaður (*Tryggvi Gunnarsson*): Þingfundurinn er orðinn svo langur, að menn verða víst fegnir því, að jeg verði ekki langorður. Jeg skal líka að eins geta þess, að nefndin er einhuga á því, að þetta frumv. ætti að verða að lögum, með því að það gæti orðið að miklu gagni; en henni þótti rjett að færa tollinn niður úr 20 aurum í 10 aura, því að 20 aura tollur mundi verða sama sem innflutningsbann; en svo langt vildi nefndin ekki fara. Aðrar breyt.till. n. um gjaldheimtu og sektarákvæði verða að álítast nauðsynlegar. Það var rætt svo mikið með og móti þessu máli við 1. umr., að jeg mun ekki bæta neinu þar við, nema mjer verði gefið tilefni til þess.

Þórður Thoroddsen: Jeg stend upp til lítils annars en að þakka h. smjörlíkisnefnd í fyrsta lagi fyrir það, að hún hefir fært smjörlíkisaðflutningstollinn niður úr 20 aurum í 10 aura, og í öðru lagi fyrir það, hvað seint hún kemur fram með nefndarálitið. Það er nú kominn 17. ágúst, svo vonandi dagar það uppi í þinginu. Nefndin á því sjerstaklegar þakkir skyldar fyrir sínar seinu aðgjörðir í þessu máli.

Þá vil jeg gjöra nokkrar athugasemdir út af því, sem stendur í nefndarálitinu, sjer í lagi um innflutt smjör. — Nefndin segir, að eptir verzlunarskýrslunum sjeu innflutt um 60 þús. pd., en sumt af þessu muni vera íslenzkt smjör, sem gangi frá einum landsfjórðungi til annars. Þessu verð jeg að mótmæla, eða hvað hefir nefndin fyrir sjer í þessu? Íslenzkt smjör, sem gengur á milli landsfjórðunganna, er alls ekki í þessum skýrslum. Það er mjer vel kunnugt um. Það, sem nefndin segir í þessu

efni, er þá líklega sagt til þess, að kasta sandi í augu vor, sem erum á móti þessum smjörlíkistolli.

Þá er það annað atriði, sem jeg vildi minnast á. Nefndin segir, að feitisviðskipti manna hjer á landi sjeu í ófugu horfi, og hún vill færa þau í rjett horf með tolli á innflutt smjörlíki og útflutningstolli á tólg; en jeg skil ekki, að 10 aura innflutningstollur á smjörlíki og 3 aura útflutningstollur á tólg geti komið þessum viðskiptum í rjett horf. Jeg skil ekki að þessir tollar geti gjört það að verkum, að lög, sem gilda um smjörútvigt hjer á landi, geti breytzt. Jeg skal benda á, að reglugjörð um viðurværi á þilskipum samkvæmt farmannalögunum ákveður, að hver maður skuli fá vissan skammt af smjöri til vikunnar, en þar er hvergi talað um, að í staðinn fyrir smjör megi vigta út tólg. Þeir, sem á þilskipunum eru, verða því að fá smjör þrátt fyrir þennan smjörlíkistoll, en tólg þurfa þeir ekki að nota. Jeg skal líka benda h. nefnd á, að ef það er rjett, að með útflutningstolli á tólg og aðflutningstolli á smjörlíki mætti koma lagi á feitisviðskiptin, þá ætti reynsla undanfarinna ára að vera búin að sanna þetta, því þá hefði ekki átt að flytja út tólg frá þeim hjeruðum, þar sem menn þurfa að flytja smjör inn, því þá hefði tólgin átt að geta komið þar í staðinn fyrir smjör. En nú vitum vjer, að af Ísafirði, sem hefir mikinn sjávarútveg, var útflutt árið 1894 2000 pund af tólg, en innflutt yfir 4000 pund af smjöri; af Seyðisfirði útflutt 5000 pund af tólg, en innflutt um 2000 pund af smjöri, og á Eskifirði og Berufirði á hið sama sjer stað, að smjör er flutt inn og tólg út. En þegar þetta er athugað, þá eru lítil líkindi til, að nefndin geti með þessum tollum komið viðskiptunum í rjett horf.

Landshöfðingi: Jeg vildi að eins vekja athygli h. þingdm. á því, og biðja h. nefnd að athuga, hvernig hjer hagar til yfir höfuð að tala með eptirlit á aðfluttum tollskyldum vörum. Eins og kunnugt er, er hjer engin tollstjórn. Sýslumenn og bæjarfógetar hafa á hendi innheimtu tollanna, og það, sem þeir fara eptir, er tollskýrslur frá tollstjórninni í Danmörku. Tollstjórnin í Danmörku hefir tekið þetta að sjer sjerstaklega að því er snertir póstskipin. Hún býr þannig til skýrslur yfir tollskyldar vörur, sem með þeim fara, fyrir hverja höfn. Þetta er greiði, sem hin danska tollstjórn hefir gjört oss, og að hún hefir gjört það, mun standa í sambandi við það, að borgað er tollendurgjald af þessum vörum: víni, kaffi, sykri o. s. frv. En hvort tollstjórnin mundi vilja taka að sjer að gefa skýrslur um aðflutt smjörlíki, skal jeg láta ósagt. Vilji hún það ekki, þá verður lítið úr eptirlitinu með þeim tolli. Því að þar sem þessi tollur mundi ekki nema nema 5000–6000 kr. á ári, þá mundi ekki borga sig að fara að kosta upp á sjerstakt tolleptirlit hans vegna. Þetta vildi jeg að eins benda nefndinni á, ef hún skyldi ekki hafa hugsað eptir þessum ánmarka.

Framsögumaður (*Tryggvi Gunnarsson*): Nefndin hugsaði um þetta atriði, og áleit, að það mundi ganga eins með þessa vöru, eins og aðrar tollskyldar vörur. Jeg skil ekki, hvers vegna hin danska tollstjórn ætti ekki eins að vilja hafa eptirlit með smjöri eins og tóbaki t. d. En hvað sem því líður, hvort danska tollstjórnin vill hafa þetta eptirlit eða ekki, þá er keyptur helmingurinn af því »Margarine«, sem hingað flyzt, frá Englandi, og af því »Margarine« getur hin danska tollstjórn engin afskipti haft, hvort sem er. En svo

framarlega sem þingið álítur rjett að lögleiða þennan toll, þá dettur mjer ekki í hug, að það muni hika við það, hvort sem hin danska tollstjórn vill að stoða oss við eptirlitið eða ekki. Þessi h. þingd. hefir líka sýnt það í öðru máli, að hún er ekki hrædd við tollsvik, þar sem hún jafnan er fús á, að löggilda til verzlunar hverja víkina eptir aðra. Þessi mótbára virðist mjer því ekki ætti að geta orðið málinu til falls.

Hvað snertir athugasemd h. 1. þm. G.-K. (Þ. Th.) við það, sem nefndin tekur fram um innflutt smjörlíki og útflutta tólg, þá get jeg ekki svarað henni nú, með því að jeg hef ekki í höndum þær skýrslur, sem til þess þarf; þær liggja nú þar sem jeg get ekki fljótlega náð þeim, en jeg skal hugsa eptir athugasemd hans við næstu umræðu, þó ekki standi á miklu um það atriði. Aðalatriðið er það, að ef flutt eru inn 50—60 þús. pund af margarine, þá hindrar það landbóndann frá að geta selt til sjómanna jafnmörg pund af smjöri. En ef mikið er flutt út af tólg á sama stað og margarinið er innflutt, þá er það auðvitað af því, að þar vilja menn heldur hafa margarine til viðbits en tólg.

Jeg hirði svo ekki um að fara fleiri orðum um þetta frumv. Það var nægur atkvæðafjöldi með því síðast, og eins vona jeg að verði nú, enda er jeg viss um, að þetta er mál, sem vert er að fái framgang.

Björn Sigfússon: Það eru að eins örfá orð, sem jeg vildi tala, af því að h. framsögum. (Tr. G.) svaraði engu þeirri athugasemd h. 1. þm. G.-K. (Þ. Th.), að það væri ekki rjett í nefndarálitinu, að nokkuð af því, sem í verzlunarskýrslunum væri talið með innfluttu smjöri, væri í raun og veru íslenzkt smjör, sem flutt væri milli landsfjórðunganna. Þetta er að vísu ekki fullyrt í nefndarálitinu, en nefndin gat ekki fundið annað út úr skýrslunum, en að svo hlyti að vera. Eptir aðflutningsskýrslunum fyrir 1895 er innflutt smjör frá Danmörku 25,486 pd., frá Bretlandi 20,767 pd. og frá Svíþjóð og Noregi 10,968; þá eru rúm 3000 pd. annarsstaðar frá; en hvaðan? Nefndinni fannst að þetta hlyti að vera íslenzkt smjör. Þessar verzlunarskýrslur eru talsvert óáreiðanlegar og telja víst stundum innflutt það, sem fer milli landsfjórðunganna.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg get gefið þá upplýsingu, að það eru fluttir út tugir þúsunda punda af smjöri frá Borðeyri til Kaupmannahafnar, og þaðan aptur hingað upp til Íslands.

Pjetur Jónsson: Jeg veit líka til þess, að smjör, sem flutt er einungis af einni höfn á aðra, er talið útflutt í verzlunarskýrslunum.

Þórður Thoroddsen: Úr því að farið er að gefa upplýsingar, þá get jeg gefið líka þá upplýsingu, að verzlunarskýrslurnar um útflutt og aðflutt smjör eru mjög óáreiðanlegar. Það má óhætt gjöra ráð fyrir, að flutt sje inn í landið 20,000 pd. eða meira af smjöri en talið er í skýrslunum, svo að óhætt mun að slá striki yfir þennan samanburð h. þingdm.

ATKVÆÐAGR.: Br.till. 1. á þingskj. 390 samþ. með 13 : 3 atkv. Frumv.gr. þar með fallin. Br.till. 2.—3. á þingskj. 390 samþ. með 15 : 2 atkv. hvor; 2. gr. frumv., sem verður 4. gr., samþ. með 14 : 1 atkv. Br.till. 4. á þingskj. 390 samþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. með 14 : 4 atkv.

Frumv. til laga um útflutningsgjald af tólg (C. bls. 484); 2. umr.

Framsögumaður (Tryggvi Gunnarsson): Þetta frumv. er dilkur með frumv, sem

á undan er gengið, og opt er minnzt á í umræðunum við smjörlíkisfrumv., og vona jeg því að hann fái að fylgja móðurinni.

Jens Pálsson: Það er nú kominn sá tími sumars, að það er farið að skera dilka; legg jeg því til, að við skerum þennan. Jeg sje enga ástæðu til þess að spilla fyrir bændum sölu á tólg; og jeg fyrir mitt leyti kæri mig ekki um nein höpt á þá sölu.

Framsögumaður (Tryggvi Gunnarsson): Jeg skil ekki í mótmælum úr þessari átt, því að þetta frumv. er gert fyrir sjávarmanninn, svo að þeir geti fengið ódýrra viðbit. Því var hreyft við 1. umr. þessa máls, að ekki mundi vera nóg smjör til í landinu, jeg játa að þetta er satt; mjer er það kunnugt, að áður en margarinið var flutt til landsins, voru mörg þúsund pund af tólg flutt frá Norðurlandi til Vesturlands, en er nú að leggjast niður. Ef frumv. þetta yrði samþykkt og tollurinn kæmist á, þá mundi afleiðingin verða sú, að tólgin seldist fremur úr einum landsfjórðungi í annan, en mundi síður flytjast út úr landinu. Jeg verð því að endurtaka það, að jeg skil sízt í því, að mótmæli skuli koma frá fulltrúa sjávarbændanna gegn því að varna útflutningi af viðbiti úr landinu, fyrst viðurkennt er, að ekki sje nægilegt til af innlendu smjöri.

Jens Pálsson: Jeg frábið mjer algerlega slíkt mark, að jeg hjer á þingi einblíni á hag sjávarbóndans og láti slíkt hafa áhrif á atkvæðagreiðslu mína. Veit þá h. þm. ekki, að jeg er þm. fyrir landbúnaðarhjerað, en vjer allir fulltrúar alls landsins?

Jeg vil ekki lögbinda sjávarmanninn til að kaupa tólg, og sje heldur ekki, að landbúnaðurinn standi svo vel, að hann þoli takmarkanir á sölu afurða, eins og gert verður með þessum tolli. Hins vegar er tollurinn ekki nógu hár til að koma hjer á smjörlíkisverksmiðju, og enda óvíst hvort það væri heppilegt, þó í boði væri.

ATKVÆÐAGR. 1. gr. frumv. samþ. með 12 : 8 atkv.

2. gr. frv. samþ. 12 : 2 atkv.
3. — — -- 11 : 6 —
4. — — - 11 : 3 —

Fyrsögn frumv. samþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. með 11 : 9 atkv.

Tillaga til þingsályktunar um landsbankann (C bls. 500); hvernig ræða skuli.

ATKVÆÐAGR: Samþykkt að hafa eina umr. með 15 samhlj. atkv.

Fertugasti og fyrsti fundur, miðvikudag 18. ágúst, kl. 12 á hádegi.

Frumv. til laga um brúargerð á Jökulsá í Axarfirði nálægt Ferjubakka (C. bls. 177, 373); 2. umr.

Framsögumaður (Benedikt Sveinsson): Með tilliti til þeirra úrslita, sem frumv. til laga um brúargjörð á Lagarfljót fjekk, lýsi jeg yfir því, að jeg tek frv. aptur. (*Jón Þórarinsson*: Ætli þm. taki það þá ekki upp aptur?!).

Frumv. til laga um einkarjett (C. bls. 233, 419); 2. umr.

Framsögumaður (Skúli Thoroddsen): Þar eð frumv. fjekk ekki slæmar undirtektir við 1. umr, sje jeg ekki ástæðu til að tala mikið og skal því vera stuttorður. Breyt.till. meiri hluta nefndarinnar miða til þess að gjöra allt fyrirkomulagið einfaldara, þar sem ekki er gert ráð fyrir neinni fastri einkarjettarnefnd, heldur að eins að landshöfðingi skipi slíka nefnd í hverju einstöku tilfelli; þetta er mjög óbrotið og kostnaðarlítið. Frumv. hefir þann stóra kost,

að það kemur í veg fyrir, að menn þurfi að fara hina löngu leið til Kaupmannahafnar til að öðlast einkarjettindi, og verður þessi leiðin einkum ljettari öllum alþýðumönnum.

Hinar breytingarnar eru allar orðabreytingar, sem standa í sambandi við aðalbreytingartill. nefndarinnar.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. frumv. samþ. með 12:4 atkv.

2. gr. frv. samþ. með 12:3 atkv.

3. — — — — 13:1 —

4. — — — — 12 shlj. atkv.

1. br.till. nefnd. (við 5. gr.) sþ. með 13 samhlj. atkv. (5. gr. þar með fallin).

2. br.till. nefnd. (við 6. gr.) samþ. með 13 samhl. atkv. (6. gr. þar með fallin).

3. br.till. nefnd. (við 7. gr.) sþ. með 12 samhlj. atkv.

7 gr. frumv. þannig breytt samþ. með 12 samhlj. atkv.

4. br.till. nefnd. samþykkt án atkv.gr.

8. gr. frumv. samþykkt með 12 samhlj. atkv.

5. br.till. nefnd. (við 9. gr.) samþykkt með 12 samhlj. atkv. (9. gr. þar með fallin).

6. br.till. nefnd. (ný gr.) samþ. með 12 samhlj. atkv.

7. br.till. nefnd. (við 10. gr.) samþ. án atkv.gr.

10. gr. frumv. þannig br. samþ. með 13 samhlj. atkv.

8. br.till. nefnd. samþ. með 12 samhlj. atkv.

9. br.till. nefnd. (við 11. gr.) samþ. með 13 samhlj. atkv.

11. gr. þar með fallin.

10. br.till. nefnd. (við 12. gr.) samþ. án atkv.

12. gr. þannig breytt samþ. með 12 samhlj. atkv.

11. br.till. nefnd. (orðabreyting) samþ. án atkv.

13. gr. þannig breytt samþ. með 12 samhlj. atkv.

12. br.till. nefnd. (orðabreyting) samþ. án atkv.gr.

14. gr. þannig breytt samþ. með 12 samhlj. atkv.

13. br.till. nefnd. samþ. með 12 samhljóða atkv.

14. breyt.till. nefnd. samþ. með 12 samhlj. atkv.

(15. gr. frv. þar með fallin).

15. breyt till. við 1. málsgr. samþ. með 12 samhlj. atkv; við 2. og 3. málsgr. samþ. án atkv.; við 4. málsgr. samþ. með 12 atkv.; við 5. málsgr. samþykkt án atkv.gr.

16. gr þannig breytt samþ. með 12 samhlj. atkv.

16. br.till. nefnd. samþ. með 12 samhlj. atkv. (17. gr. frumv. þar með fallin).

17. br.till. nefnd. samþ án atkv.gr.

18. gr. þannig breytt samþ. með 12 samhlj. atkv.

19. gr. samþ. að viðhöfðu nafnakalli með 12:10 atkv. og sögðu.

já:	*nei*:
Einar Jónsson,	Benedikt Sveinsson,
Eiríkur Gíslason,	Björn Sigfússon,
Guðjón Guðlaugss.,	Jón Jensson,
Guðl. Guðmundss.,	J. Jónss., þm. Eyf.,
Halld. Daníelsson.	Pjetur Jónsson,
Jens Pálsson,	Sighv. Árnason,
J. Jónss., þm. A-Sk.,	Sigurður Gunnarss.,
Jón Þórarinsson,	Tryggvi Gunnarss.,
Ólafur Briem.	Valtýr Guðmundss.,
Skúli Thoroddsen,	Þórður Guðmundss.
Þórður Thoroddsen,	
Þorl. Guðmundsson.	

18. br till. nefnd. (við 20. gr.) samþ. án atkv.gr.

20. gr. þannig breytt samþ. með 12 samhlj. atkv.

21. gr. samþ. með 12 samhlj. atkv.

19. br.till. nefnd. samþ. án atkv.

22. gr. þannig breytt samþ. með 13 samhlj. atkv.

Fyrirsögn frv. samþ. án atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 13:3 atkvæðum.

Frumv. til laga um ófriðun á sel (C. bls. 467); 2. umr.

Framsögumaður (Eiríkur Gíslason): Það hafa engar breyt.till. komið fram við þetta frv., og málið var talsvert rætt við 1. umr., svo að jeg finn eigi ástæðu til að fara um það að svo stöddu mörgum orðum.

Vera má, að sumum þyki nefndin hafa farið nokkuð skammt í frv., þar sem hún leggur til, að sel skuli að eins eyða í laxám, því að eins og kunnugt er eru þær raddir svo margar orðnar, sem vilja að sel sje útrýmt, ekki að eins vegna laxveiðar, heldur líka vegna alls annars veiðiskapar. Enda þó að nefndin hafi eigi farið lengra, hygg jeg að engum muni blandast hugur um að með þessu frv. sje stigið verulegt spor til eyðingar selnum, þessum spellvirkja fyrir lax og fiskiveiðar vorar, og að veruleg trygging til umbóta í þessa átt felist í 2. gr. frv. Jeg fjölyrði svo eigi að sinni, nema frv. sæti einhverjum mótmælum, er jeg þarf að svara.

ATKVGR: 1. gr. frv. samþ. með 12 samhlj. atkv.

2. gr. frv. samþ. með 14 samhlj. atkv.

3. gr. frv. samþ. með 15 samhlj. atkv.

4. gr. frv. samþ. með 15 samhlj. atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkvæðagr., og málinu vísað til 3. umr. með 15 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um aðra skipun læknishjeraða á Íslandi o. fl. (C. bls. 514, 518, 519, 525, 526); 3. umr.

Framsögumaður (Þórður Thoroddsen): Það eru fram komnar 4 breyt.till. við þetta frv, nú, og ein af þeim frá nefndinni sjálfri. Nefndin áleit bæði ósanngjarnt, og ekki samkvæmt vilja deildarinnar að allir læknar skyldu vera eptirlaunalausir, þó að það atvikaðist svona, að slíkt skyldi vera samþykkt hjer í deildinni við 2. umræðu. Nefndin áleit líka, að þetta ákvæði mundi verða til þess, að málið næði ekki fram að ganga á þessu þingi, af því að h. Ed. er þessu ákvæði mjög mótfallin, eða þá, þótt það gengi gegn um þingið, þá mundi það stranda hjá stjórninni, einmitt fyrir þetta ákvæði. Nefndin hefir fyrir satt, að þótt það atvikaðist svona, að þessi fleygur kæmist inn í frv. við 2. umr., þá sje það ekki eptir vilja alls þorra h. þingdm. Atkvæðagreiðslunni var svo varið, að sumir greiddu ef til vill atkvæði með þessu ákvæði af sannfæringu, en fleiri voru þeir er greiddu atkvæði með því vegna þess, að þeir vildu lækka eptirlaun lækna, án þess þó að vilja svipta þá alveg eptirlaunum, og sumir enda af því að þeir vildu ekki að málið kæmist fram á þessu þingi; gjörðu það til að spilla fyrir málinu. Jeg ætla ekki að fjölyrða um það nú, hvort það sje sanngjarnt að taka þennan eina flokk út úr embættismannastjettinni, og svipta hann eptirlaunarjetti, enda hefi jeg áður svo rækilega gjört það að umtalsefni; en jeg ætla að minnast á, hvort það er til gagns eða ógagns, að láta málið bíða seinni tíma.

Jeg álít málið svo vel undirbúið, þar sem það hefir gengið gegn um sýslunefndir tvisvar sinnum, til amtsráða einu sinni, til læknafundar og stjórnarinnar og loks gegnum deildir alþingis báðar. Það hefir sjálfsagt ekkert mál fengið annan eins undirbúning. Jeg hygg, að ef það gengur ekki nú fram, þá verði það til þess að óvíst sje, hve nær mál þetta fær fullnaðarúrslit. Það hefir verið tekið fram, að í skiptingu

hjeraðanna hafi víða brytt á hreppapóltik. En ef mál þetta er látið bíða, þá er jeg viss um, að það verður til þess að vekja enn meiri hreppapólitik en hjer er fram komin, eyða miklum peningum frá landssjóði, og miklum tíma frá þinginu. Jeg álít að það sje ekki hægt að bæta sig mikið á þessu máli, og vildi helzt, að það yrði samþ. óbreytt eins og það liggur hjer fyrir. Það getur verið að breyta þurfi einhverjum smáatriðum, t. d. um skipun sveita í hjeruð, ef afskekktar sveitir eiga lengra til læknis en hæfilegt þykir, en það er einmitt gjört ráð fyrir því í frv. sjálfu, þar sem segir í 2. gr., að landshöfðingi megi breyta takmörkum hjeraða, ef á þurfi að halda. Ef nú að einhver hjeruð álitust í framkvæmdinni of stór, eða ef bæta þyrfti við lækni, er líka allt af hægt að taka upp gömlu regluna, og skipa aukalækna. En að fara að grauta heima í hjeruðum í þessu nú enn á ný, það er að eins til ills eins að mínu áliti.

Nefndin hefir eins og jeg áður gat um tekið upp í þetta frv. ákvæði eptirlaunalaganna, sem nú voru samþ. af þinginu og afgreidd til stjórnarinnar, en þau lög ákveða, að embættismaður skuli hafa 1/5 launa í eptirlaun og að auki 20 kr. fyrir hvert embættisár. Jeg get ekki skilið að þeir þingdm., sem samþ. það frv., muni hafna þessu ákvæði í þessu frv; en ef svo fer, þá álít jeg að stjórnin hafi þar hið bezta vopn í höndum til að neita eptirlaunalagafrv. staðfestingar.

Látum vera að h. þm. Skagf. (Ó. B.) áliti rjettast, að afnema eptirlaun lækna með öllu, það kann að vera hans innræti; en jeg skil ekki, hvers vegna hann skuli þá fyrirverða sig fyrir það innræti sitt, en breyt.till. hans á þingskjali 462 virðist benda á að svo sje, þar sem hann þó nú vill veita læknum nokkur eptirlaun; eða þá að þetta innræti er þá ekki fast í honum. Ennfremur minnir mig ekki betur en að hann stæði áður upp, þegar eptirlaunalögin voru hjer til atkvæðagreiðslu, með því að veita embættismönnum 1/5 launa í eptirlaun og 20 kr. fyrir hvert embættisár. Þegar jeg nú ber allt þetta saman, held jeg að hann gjöri þetta fremur til að stríða nefndinni, en að hann gjöri það af fullri sannfæringu.

Jeg vona að h. deild samþykki þessa breyt.till. nefndarinnar, og skal jeg geta þess, eptir því sem jeg bezt veit, að h. Ed. mun ekki vera henni mótfallin; og þó jeg ekki viti það, þá þykir mjer líklegt, að það verði frv. ekki að falli hjá stjórninni. Og vil jeg skjóta því til hæstv. landshöfðingja, hvort meiri líkindi sjeu til þess, að till. nefndarinnar eða till. h. þm. Skagf. (Ó. B.) fái samþykki stjórnarinnar.

Hvað snertir till. h. þm. V.-Skapt. (Guðl. G.) og h. 2. þm. Rangv. (Þór. G.), þá skal jeg ekki mikið um þær tala. En mjer finnst, úr því h. þm. geta ekki komið sjer saman um hjeraðaskiptin, þá ætti h. deild að aðhyllast breyt.till. h. þm. V.-Skapt. (Guðl. G.), þar sem hún fer fram á að halda hjeraðaskipun í því formi, sem nú er.

Landshöfðingi: H. framsögum. (Þ. Th.) hefir mælt svo vel fyrir þessu frv., að jeg álít ekki þörf frá minni hálfu að bæta neinu við, en get skírskotað til þess, sem hann hefir flutt í framsögu sinni hjer í deildinni.

Jeg álít það hafa verið mjög óheppilegt, að þessi fleygur, um að læknarnir skyldu ekki hafa rjett til eptirlauna, skyldi komast inn í frv. við 2. umr., sem, eins og h. framsögum. benti á, gerir það lítt mögulegt, að frv. komist fram á þessu þingi; jeg er því þakklátur h. nefnd fyrir það, að hún vildi bæta úr þessu, með því að setja inn

önnur ákvæði um eptirlaunarjett lækna og þótt jeg geti ekki ábyrgzt, að stjórnin muni fallast á að læknum sjeu sett önnur eptirlaunakjör en öðrum embættismönnum, þá skal jeg leggja sem bezt með að það ákvæði fái samþykki konungs.

Jeg er samdóma h. framsögum. um það, að það væri næsta óheppilegt, ef frv. kæmist ekki fram á þessu þingi, bæði af því sem h. framsögum. tók greinilega fram, og svo af því, að til mín koma þráfaldlega umkvartanir um læknisleysi, og að ástand það, sem nú er að því er aðgang að læknishjálp snertir, sje ekki viðunandi. Mjer hafa verið sagðar svo margar átakanlegur sögur um, hvað hlotizt hefir af því, að ekki hefir náðzt til læknis í tíma, að h. þm. mundi renna til rifja, ef þeir heyrðu þær. Ef þetta ástand á að haldast, ef til vill lengur en tvö ár til, þá er þungt fyrir þá að bíða, sem nú fara svo að segja á mis við alla læknishjálp. Fyrir utan að það getur þannig verið ábyrgðarhluti að fella frv., þá er það ósamkvæmni, þar sem það er komið frá stjórninni eptir áskorun þingsins, og jeg held mjer sje óhætt að segja að það sje vel undirbúið.

Jeg vil því fyrir mitt leyti mæla sem bezt með því að till. h. nefndar verði samþykkt.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg hef komið fram með þessa breytingartill., sem hjer liggur fyrir, af þeirri ástæðu, að jeg held að margir hafi greitt atkvæði móti því, sem hún hefir inni að halda, af ókunnugleik. Nefndin hefir tekið það princip, að breyta hvergi til, svo að menn verði verr settir en áður. En nú hefir nefndin gert þetta á einum stað, hún hefir bætt við fjölmennt og víðlent hjerað sveit, sem er aðskilin frá því af miklum vatnaföllum og torfærum. Síðan hefir mjer gefizt færi á að tala við ýmsa nefndarmenn, og hafa þeir sannfærzt um, að þetta sje hin mesta fjarstæða, og vona jeg að h. deild samþykkist því. — Nú er hjer breytingartill. frá h. 1. þingm. Rangv. (Sighv. Á.) um að skipta sveitum á enn aðra leið Mín tillaga fer, eins og amtsráðsins, milliveg milli beggja. Jeg vona að menn furði sig ekki á, að jeg mæli móti breytingartill. h. 1. þm. Rangv. (Sighv. Á.), þótt hún sje sjerstaklega mínu kjördæmi í hag.

Jeg skal svo taka fram, að jeg greiddi atkvæði með að afnema eptirlaun læknanna. En ef svo er, sem hæstv. landshöfðingi lýsti yfir, að þetta ákvæði mundi valda, að frumv. næði ekki konunglegri staðfesting, þá hika jeg ekki við að beygja mig fyrir því, og greiða atkvæði með tillögu nefndarinnar. — Því að mjer er það full-kunnugt, að læknisleysið er mjög tilfinnanlegt víða, og sjálfsögð mannúðarskylda að bæta úr því sem allra fyrst.

Sighvatur Árnason: Þegar jeg sá breytingartill. h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) við þetta frumv. á þingskj. 447, og þar á meðal suma h. nefndarmenn, sem höfðu skrifað undir þessa tillögu, þá þóttist jeg sjá fram á, að jeg yrði ofurliði borinn með hjeraðaskiptinguna, sem jeg mælti með í nefndinni. Og þá tók jeg þetta ráð, að koma með á þingskjali 460 breytingartill. til samkomulags, því að jeg er handviss um, að Vestur-Eyfellingar vilja heldur vitja læknisins að Stórólfshvoli en austur í Vík í Mýrdal. Það er nýtt atriði, þetta, að læknirinn sitji austur í Vík, sem hjer er auðvitað á bak við, og vona jeg, að h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. Guðm.) játi, að erfitt er að vitja hans þangað vestan úr Vestur-Eyjafjallahreppi, því frá Stóru Mörk, yzta bænum í hreppn-

um, er víst 10—12 stunda reið austur í Vík, en að eins hæg 3 stunda reið út að Stórólfshvoli, þar sem læknirinn situr og útlit er fyrir, að hann sitji framvegis. Og þó maður taki austasta bæinn (Varmahlíð) í Vestur-Eyjafjallahreppi, þá er jeg ekki viss um, að lengra sje þaðan vestur að Stórólfshvoli en til Víkur, og vita menn þó, sem til þekkja, að hreppurinn liggur allur á einn veg austur og vestur, og er langur yfirferðar. Jeg álít að Vestur-Eyjafjallahreppi sje illa farið, ef hann heyrir undir læknisumdæmið í Mýrdalnum, ef læknirinn situr í Vík, og get jeg ekki skilið, að h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.), eins kunnugur og hann er, skuli vera á móti þessu, sem er, eins og hann sjálfur tók fram, samkvæmt tillögum sýslunefndarinnar í Vestur-Skaptafellssýslu. Hann hefir játað sjálfur fyrir mjer, að það standi á sama, hvort Álptaverið er með Mýrdalnum eða Síðunni. Þeir hafa Álptveringar torfærur á báðar hendur, Kúðafljót að austan og Mýrdalssand að vestan. Og mig furðar á því með h. deildarmenn, sem nokkra hugmynd hafa um þá vegalengd, sem hjer er um að gera, ef þeir greiða atkvæði í móti minni tillögu. — Jeg vona að h. nefnd og h. þingm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) skoði mjög mikið huga sinn, áður en þeir fella mína tillögu, af því að hún bætir úr þörf hreppsins, og er fram komin frá mjer til samkomulags í málinu.

Jeg er nú búinn að taka fram, hvað liggur til grundvallar fyrir tillögu minni, og vona jeg fastlega að hún verði tekin til greina. — Það hefir allareiðu verið óánægja yfir því að læknirinn hefir setið í Mýrdalnum, en af því að hann hefir setið utar en í honum miðjum um næstliðin ár, þá hafa menn látið sjer það lynda, með því að þeir vitja flestir læknisins á Stórólfshvoli, en ef hann á að sitja í Vík, austast í Mýrdal á hjeraðsenda, þá nær það ekki nokkurri átt.

Þórður Guðmundsson: Jeg játa það, að jeg er einn af þeim mönnum, sem áður greiddu atkvæði móti því að læknar skyldu hafa eptirlaun. Þetta gerði jeg af þeirri ástæðu, að mjer þótti þingið ekki vera sjálfu sjer samkvæmt, þar sem það er þing eptir þing að gefa út lög um að takmarka sem allra mest eptirlaun, og finnst því mjög ósamkvæmt að búa til 20 ný eptirlaunaembætti á sama þingi og samþykkt eru lög um afnám eptirlauna að nokkru leyti. Jeg tók það áður fram, að jeg reyndar sæi eina skuggahlið á því að hafa læknana eptirlaunalausa, og hún var sú, að jeg áliti það að læknarnir mundu þjóna lengur en þeir annars mundu hafa gert, lengur en þeir væru færir um. En nú liggur hjer fyrir breytingartillaga frá nefndinni í þessu máli á þingskjali 445. Jeg lýsi því hjer yfir, að jeg mun greiða atkvæði mitt með henni, og er það einkum af þeirri ástæðu, er hæstv. landshöfðingi sagði, að frumvarpið mundi ekki verða samþykkt, nema sú breytingartillaga kæmist að, nema því að eins, að eptirlaunarjettur væri látinn fylgja læknaembættunum.

Hvað breytingartill. h. 1. þm. Rangv. (Sighv. Árnas.) á þingskj. 460 snertir, þá fyndist mjer mjög svo æskilegt að hún fengi framgang, því mjer virðist hún hafa við góð rök að styðjast. — Breytingartill. þessi fer nefnilega fram á það í 1. tölulið hennar, að í staðinn fyrir: »Mýrdalshjerað: Hvamms- og Dyrhólahreppar í Skaptafellssýslu og báðir Eyjafjallahreppar í Rangárvallasýslu« á þingskjali 447 komi: »Mýrdalshjerað: Álptavershreppur, Hvamms- og

Dyrhólahreppar í Vestur-Skaptafellssýslu og Austur-Eyjafjallahreppur í Rangárvallasýslu«. Hefði Austur-Landeyjahreppur og Mýrdalshreppur fallið undir sama læknisumdæmi, þá hefði mjer ekki þótt það heppilegt, að læknirinn væri látinn hafa bústað sinn austarlega í Mýrdalshreppi, heldur hefði hann átt að vera í Austur Eyjafjallahreppi, enda álít jeg óheppilegt að hafa Austur-Landeyjahrepp í því læknisumdæmi. Það lagaákvæði mundi að eins verða á pappírnum. Hann mundi sjaldnast verða sóttur í vestustu hreppana. Það mun flestum kunnugt, sem til þekkja, að aukalæknisins í Mýrdalnum hefir svo sem ekkert verið vitjað úr Vestur Eyjafjallahreppi, vegna þess að vegurinn er svo langur, heldur hefir þar verið vitjað þess læknis, sem býr á Stórólfshvoli, vegna þess að þangað er mikið skemmri vegur. Það hljóta allir að sjá, að betra er að fara til læknis í öðru umdæmi, þegar þannig stendur á.

Jeg hlýt því eindregið að mæla með breytingartill. h. 1. þm. Rangv. (Sighv. Árn.), því ef hún ekki kemst að, þá verður þetta lagaákvæði að eins á pappírnum, en kemur aldrei til verulegra framkvæmda.

Einar Jónsson: Það, sem jeg vildi vekja máls á í þetta sinn, var það, að í breytingartillögu við breytingartillögu á þingskjali 460 vantar dálítið, ef til þess kæmi, að hún yrði samþykkt af þinginu. Eins og hún nú er, breytir hún ekki nema 40. tölul. frumv., en hún á líka að ná yfir 37. tölul. þess. Samkvæmt breytingartill., eins og hún er, kæmi Álptaverhreppur til að vera í tveimur læknisumdæmum, Mýrdalshjeraði og Síðuhjeraði. Jeg vildi að eins vekja athygli þingsins á þessu, til þess að það ekki skyldi samþykkja sama hreppinn í tveimur læknisumdæmum. Jeg vil geta þess, að jeg er ókunnugur í þessum hjeruðum, og þess vegna varð jeg í nefndinni að fara eptir orðum h. 1. þm. Rangv. (Sighv. Árn.), að því leyti sem kortið hrökkur eigi til, og sýnist mjer tillaga hans eigi ósanngjörn, þegar gjört er ráð fyrir því, að læknirinn í Mýrdalshjeraði yrði látinn hafa aðsetur sitt austast undir Eyjafjöllum.

Annars vil jeg geta þess, að jeg er hræddur um, að svo framarlega sem Vestur-Eyjafjalla- og Austur-Landeyjahreppar verða látnir fylgja Rangárhjeraði, þá muni það verða til þess, að innan skamms komi óskir þaðan um að skipta því í tvennt, því að ef kunnugum mönnum þykir það of stórt, eins og það er, þá mun það þykja of stórt, ef við það er bætt.

Jón Jónsson, þm. A. Skaptf.: Jeg er einn af þeim mönnum, sem hafa skrifað undir breytingartillöguna á þingskj. 447, um að Mýrdalshjerað skuli ná yfir Hvamms- og Dyrhólahreppa í Skaptafellssýslu og báða Eyjafjallahreppana í Rangárvallasýslu. Jeg fjellst á það, að það væri hentugra en hitt, sem nefndin hjelt fram í fyrstu, og færði h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. Guðm.) þau rök fyrir því, að jeg hlaut að kannast við það. En jeg mun samt greiða atkvæði með breytingartill. h. 1. þingm. Rangv. (Sighv. Árn.) á þingskj. 460, með því að jeg gjöri ráð fyrir, að læknissetrið verði í Vík, austarlega í Mýrdalnum.

Enn fremur vildi jeg minnast á það, er h. framsögum. (Þ. Th.) talaði um, að það væri ósamkvæmni, ef menn eigi fjellust á breytingu nefndarinnar um eptirlaun læknanna, en á það get jeg ekki fallizt. Því þó að jeg hafi verið því samþykkur, að þeir læknar, sem hefði þau læknisumdæmi til yfirsóknar, sem nú eru, ætti rjett til eptirlauna, þá er allt öðru máli að gegna

um þau hin nýju læknisembættin. — Jeg get eigi fallizt á að þeim fylgi rjettur til eptirlauna, með því að umdæmin eru meir en helmingi fleiri en áður var, og þess vegna helmingi hægari. Eptir þessu nýja frumvarpi hafa læknarnir tiltölulega há laun, og þurfa því eigi eptirlaun fremur en prestarnir. Jeg álít læknana ekki ver setta en presta, þótt tillaga h. þm. Skagf. (Ól. Br.) gengi fram.

Jeg skal taka það fram, að það er ekki ósk mín, að þetta mál verði útkljáð á þessu þingi, því mjer virðist það ekki nógu vel undirbúið til þess að slíkt væri æskilegt. Það hefir verið talað um það, að bráðnauðsynlega læknishjálp vanti víða. Þetta getur vel verið. En hitt veit jeg, að þó frumvarp þetta yrði samþykkt nú, þá hlýtur nokkuð lengi að vanta menn í hin nýju embætti.

Guðlaugur Guðmundsson: Þeir, sem hafa talað um breyt.till. mína (á þingskj. 447) í sambandi við Rangæinga, þeir hafa gert ráð fyrir því, að jeg vilji láta læknirn í Mýrdalshjeraði hafa aðsetur sitt í sjálfu kauptúninu, nefnilega Vík. En þetta var ekki ætlan mín. Það, sem jeg vildi, var það, að læknirinn væri eigi fluttur oflangt frá hinum fjölmennari hluta hjeraðsins. Hann má ekki vera oflangt frá Vík eptir minni ætlun. En nú hefir aukalæknirinn í Mýrdalnum halt bústað sinn í Pjetursey, sem er 3 tíma ferð frá Vík. Jeg þori að fullyrða, að víða eru lengri læknisleiðir, heldur en frá Vestur-Eyjafjallahreppi og austur í Vík. Á þessum kafla er Jökulsá á Sólheimasandi mesta torfæran. En um Jökulsá er það að segja, að hún er optast farandi fyrir kunnuga menn. Það, að aukalæknirinn í Mýrdalnum hafi eigi verið sóttur frá Vestur-Eyjafjallahreppsbúum, kemur ef til vill af fleiri ástæðum en þeim, að menn hafi óttazt vegalengdina, en mjer er það kunnugt, að læknir hefir opt verið sóttur yfir meiri torfærur. Vegurinn er greiður yfirferðar og sljettur og torfærulítill, að öðru leyti en Jökulsá. En annars vil jeg ekki gera þetta að neinu kappsmáli. Jeg álít breytingartill. frá h. 1. þm. Rangv. (S. Árn.) ekki vera eins heppilega, eins og nú er ástatt, og Vestur-Skaptfellingum um of í vil. Rangárhjerað verður einnig erviðara, ef Vestur-Eyjafjallahreppur bætist við það. Það er einnig sá formgalli á breyt.till. á þingskj. 460, að hún fer eigi fram á að breyta 37. lið frumv., heldur að eins 40. lið, svo að Álptaverhreppur yrði samkvæmt henni í tveimur umdæmum. Það kann að vera gert með því fyrir augum, að íbúar hans geti vitjað læknis á hvorn bóginn, sem þeir vilja, hvort heldur læknisins í Síðuhjeraði eða læknisins í Mýrdalshjeraði. Það var að eins þetta, sem jeg vildi benda mönnum á, en að öðru leyti vil jeg ekki gera það að neinu kappsmáli. Jeg álít það heppilegt, að læknirinn hafi aðsetur sitt austan til í Mýrdalnum, eins og nú til hagar. En jeg vil geta þess, að mjer er það mikið áhugamál, að frumv. þetta fái framgang þegar á þessu þingi, og vil jeg stuðla að því eptir mætti, því það er búið að verja mikilli fyrirhöfn til þess að undirbúa málið, og áhugi meðal þjóðarinnar á þessu máli er almennur.

Þórður Guðmundsson: Jeg ætla að tala fáein orð viðvíkjandi því, sem h. 1. þm. N.-Múl. (E. J.) talaði um. Hann talaði um, að hann óttaðist, að beiðni mundi koma um að skipta Rangárhjeraði í 2 læknisumdæmi. Jeg fyrir mitt leyti óttast þetta alls ekki. En hins vegar vil jeg geta þess, að ef Vestur-

Eyjafjallahreppi verður bætt við Rangárhjerað, þá verður það hið eina læknisumdæmi á öllu landinu, sem verður stækkað en ekki minnkað, og þar með breytt til hins verra. Sá læknir, sem nú er á Stórólfshvoli, hefir reyndar nærri því eingöngu verið notaður í Vestur-Eyjafjallahreppi, en eigi aukalæknirinn í Mýrdalnum, eins og jeg benti á áðan. Af þeim ástæðum get jeg samþ. þessa breyt.till. með góðri samvizku, þó jeg hins vegar viti, að kjör læknisins í Rangárvallasýslu breytast ekkert til batnaðar fyrir það.

Sighvatur Árnason: Jeg vil taka það fram, að jeg man ekki betur en að jeg setti líka í handrit mitt (við breyt.-till. á þingskj. 460) að breyta skyldi einnig 37. liðnum í frumv., nefnilega um að Síðuhjerað skyldi byrja við Hólmsá og Kúðafljót að vestan, og vona jeg að forseti taki það til greina. Eins og h. samþingismaður minn (Þ. G.) tók fram, vil jeg líka geta þess, að þó breyt.till. mín komist eigi að, þá verður enginn annar læknir stundaður af Vestur-Eyjafjallahreppsbúum en sá, sem býr á Stórólfshvoli, svo að skiptingin á þessum hjeruðum, eptir till. h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.), yrði að eins á pappírnum.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg ætla að eins að tala fáein orð frá almennu sjónarmiði. Jeg hefi heyrt því haldið fram af sumum, að rjettast væri að máli þessu yrði frestað til næsta þings. Jeg aptur á móti lít svo á, að brýn nauðsyn sje til þess að mál þetta fái framgang einmitt á þessu þingi. Það er alveg rjett, sem hæstv. landshöfðingi tók fram, að á þinginu hvílir mikil ábyrgð, ef þessu máli yrði frestað, þar sem þjóðin svo að segja einhuga hefir heimtað að því sje flýtt, og jeg álít að þingið geti ómögulega forsvarað það. Þó vil jeg taka það fram, að jeg er þeirrar skoðunar, að rjett væri að fresta málinu, ef nokkrar líkur væru til að málið yrði betur undirbúið fyrir það. En jeg sje eigi, að neinar líkur sjeu til þess; þeir, sem óska að máli þessu sje frestað, gera það vísast af því, að þeim þykir þetta mikils til of dýrt, og farið fram á ofmarga lækna í frumv. En það má telja það víst, að þjóðin kæmi sjer aldrei saman um að fækka læknishjeruðunum. Nú hafa sýslunefndirnar stungið upp á því að minnka og fjölga læknisumdæmunum, amtsráðin og læknafundurinn hafa fallizt á það, og stjórnin og þingið hefir tekið vel í það. Að landsmenn vildu stækka læknishjeruðin og gera þau erfiðari, því hef jeg enga trú á að næði nokkurri átt; þó svo kunni að vera að menn heyri raddir um, að læknafjölgunin sje of dýrt fyrirtæki, þá geta þm. vel forsvarað gerðir sínar hjer, af því þeir hafa látið læknisumdæmin vera færri en þjóðin óskar eptir. Þegar eitt hjerað vill fá æskilegri kjör, en það áður hefir haft, vill hafa 2—3 lækna fyrir sig, en samt láta læknatöluna haldast, þá getur það ekki náð nokkurri átt. Þingið getur ómögulega bætt sum læknahjeruðin, en látið það aptur koma niður á öðrum. Sem sagt: jeg vil engan veginn fresta þessu máli, því jeg lít svo á, að tíma þingsins væri með því eytt um of til ónýtis, og það að eins yrði til meiri kostnaðar fyrir landið.

Landshöfðingi: Jeg ætla að eins að minnast með fáum orðum á þær tvær breyt.till., sem fram eru komnar viðvíkjandi Mýrdalshjeraði. Jeg skal þá taka það fram, að jeg verð að fallast á tillöguna á þingskj. 447, um að Mýrdalshjerað nái yfir Hvamms- og Dyrhólahreppa í Skaptafellssýslu og báða Eyjafjallahreppa í Rangárvallasýslu, eða yfir sama svæði og aukalækn

hjeraðið nær nú. Mjer finnst allir staðhættir bendi á, að þessi skipting sje hin eina rjetta, því þá er Mýrdalssandur á annan bóginn, en Markarfljót á hinn. Eigi þar á móti að fara eptir tillögunni á þingskj. 460, þá verða læknar að sækja bæði yfir Mýrdalssand og Markarfljót. Þar sem það hefir verið talin ástæða með tillögunni á þingskj. 460, að menn í Vestur-Eyjafjallahreppi jafnan sæki lækninn á Stórólfshvoli, þá verður ekki farið eptir því, því það er ekki verið að búa til lög, miðuð við vissa lækna eða viss læknasetur. Eins og nú stendur, verður að sækja lækninn á Stórólfshvoli austur undir Eyjafjöll, en þegar læknir kemur í þær sveitir, þá er ekki lengur forsvaranlegt fyrir lækninn í Rangárvallahjeraði að láta sækja sig austur yfir Markarfljót, því að þá gæti sjúklingur í hans eigin hjeraði hæglega haft tjón af því að ná ekki til hans á meðan, þar sem Markarfljót er svo torvelt yfirferðar. Jeg vil þess vegna leggja með því, að breyt.till. á þingskj. 447 verði samþykkt.

Jón Jensson: Áður en mál þetta fer hjer hjeðan úr deildinni, vil jeg leyfa mjer að fara um það nokkrum orðum »frá almennu sjónarmiði», eins og h. þm. Strand. (Guðj. G.) komst að orði. Jeg get samt ekki verið honum samdóma um, að mikið sje í hættu, þó þetta frumv. kæmist ekki fram á þessu þingi. Jeg álít þvert á móti varúðarvert að hleypa því frá sjer eins og það er. Það hefir verið talað um, að það, sem ætti að flýta fyrir þessu frv., væri þörfin. Hæstv. landsh. sagði, að það væri brýn þörf á því, og h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) fjellst strax á það. Mjer finnst þó ekki það benda á, að brýn þörf sje á að fjölga læknahjeruðunum, að mörg aukalæknahjeruð standa laus enn. Menn hugsa víst nokkuð laust í þessu efni. Að minnsta kosti virtist mjer ræða h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. Guðm.) benda á, að einhver ruglingur væri í höfðinu á honum. Hann hafði það sem ástæðu fyrir því að fjölga læknahjeruðunum, að það vantaði lækni í eitt hjerað. Þegar menn hugsa þannig, þá get jeg skilið, að mönnum þyki brýn þörf á að fjölga læknahjeruðunum. Þessi lög ganga ekki út á að útvega oss lækna, heldur læknahjeruð; en það er ekkert spursmál um það, að enginn skortur verður á læknahjeruðum næstu tvö árin.

Þá er vant að líta á kostnaðinn, þegar um einhver fyrirtæki er að ræða. Í viðbót við þau laun, sem nú ganga til lækna, verður kostnaðurinn, sem leiðir af þessu frumv., 15—16 þús. krónur. Hingað til hefir mönnum þótt varúðarvert að hlaupa til og leggja fram svona upphæð að ástæðulausu. Menn ættu að gefa sjer tóm til að vanda þetta verk sem mest. Það liggur ekki meira á því en svo, að það getur beðið, að minnsta kosti til næsta þings.

Það hefir verið talað um, hver hefði átt »initiativ«-ið í þessu máli. Hæstv. landsh. sagði, að það hefði verið þingið, sem skoraði á stjórnina að undirbúa málið. Jú, það er rjett. Það kom fram á seinasta þingi þingsál.till. um að skora á stjórnina að undirbúa þetta mál. Það sýnir, hvað hættulegt það er, að vera að koma með og hlaupa til að samþykkja þingsál.till. í enda þingtímans, eins og svo opt er gjört og enn virðist eiga að gjöra, t. d. þar sem nú er komin fram þingsál.till. um að skora á stjórnina að undirbúa byggingu sóttvarnarhúsa hingað og þangað. Jeg veit að uppástungumenn segja, að það þurfi ekki að byggja þessi hús strax, þó útvegaðar verði áætlanir yfir kostnaðinn við þau o. s. frv.; en því að eins vilja menn fá undirbúninginn, að menn

hugsa til að fá verkið framkvæmt á eptir. Stjórninni var falið að undirbúa læknaskipunarmálið; en meiningin var ekki sú, að ráða málinu til lykta á næsta þingi á eptir.

Hvernig erum vjer undir það búnir, að ráða þessu máli til lykta nú? Vjer fengum málið, til að kynna oss það, fyrst á þessu þingi, og vjer vitum allir, hve þingtíminn er stuttur og hve annirnar eru miklar einnig við önnur mál, svo að varla er við því að búast að þingmenn geti sett sig nægilega inn í svona stórt og vandamikið mál allt í einu.

Jeg álít að það geti verið til mikils góðs, að málið hefir verið íhug að og rætt á þessu þingi; en úrslit þess álít jeg að eigi að bíða til næsta þings. Það getur líka verið gott að þjóðin geti fengið að sjá málið í því formi, sem það er komið í nú. Það er satt, að málið hefir verið borið undir sýslunefndir, amtsráð og þingmálafundi o. s. frv., en öll þessi ráð og fundir höfðu málið fyrir sjer að eins í pörtum, en alls ekki í því formi, sem það nú hefir fengið. En það er allt annað að líta á málið í pörtum. Það er ekki hægt að líta rjett á það í þeirri mynd. Þessi brotameðferð á málinu sýnir, hvernig menn hafa farið að við undirbúninginn. Hverju sýslufjelagi hefir verið um að gjöra, að setja sem flest læknishjeruð hjá sjer, til þess að verða ekki undir í skiptunum. Þetta er heldur ekkert undarlegt, þar sem læknar eru vinsælir embættismenn, og svo er auðvitað sami »tendens«-inn í þessu máli eins og öðrum, sá, að vilja fá sem mest úr landssjóði til þess, sem privatmenn eiga að kosta. Jeg álít að málið, eins og það er, þurfi mikillar íhugunar við, og jeg álít að ýmsar aðrar aðferðir og stefnur gætu komið til mála og verið heppilegar, svo sem sú, að afnema alla læknahjeraðsskipun, en ákveða að eins viss læknissetur, og lofa mönnum svo að ráða, hvaða lækni þeir vilja nota. Þetta kann að þykja nokkuð »radikalt«, en þessar og aðrar hugmyndir geta komið upp, ef menn fá að hugsa málið, og unnið áhangendur. Það er t. d. stór galli á fastri læknahjeraðaskipun, að það er mjög örðugt að fá henni breytt, nema með töluverðum kostnaði fyrir landssjóð, meðan breytingin er að komast á. Ef læknahjerað er minnkað, þá vinnur viðkomandi læknir við það, því ekki færi hann að skila landssjóði aptur neinu af þeim launum, sem hann hefði; en ef hjerað er stækkað og þannig gjört erfiðara, þá verður landssjóður að borga. Þetta er eitt með öðru, sem mælir með því að ákveða ekki skiptingu hjeraða, en tiltaka að eins læknasetur, sem allir mættu sækja til, sem vildu. En aðalástæðan fyrir því að fresta þessu máli, er þó sú, að það er engin brýn þörf á því að útkljá þetta mál nú. Það vantar ekki læknishjeruð, en það vantar lækna í þau hjeruð, sem til eru. Önnur aðalástæðan til að fresta því er sú, að málið er enn mjög illa íhugað, og ekki tími til að íhuga það nógu rækilega á þessu þingi, enda gott að þjóðin, sem er málinu ókunnug í heild sinni, fái að sjá það í þessari mynd og segja álit sitt um það.

Landshöfðingi: Jeg vildi að eins gjöra stutta athugasemd út af ræðu h. þm Rvík. (J. Jenss.). Hann sagði meðal annars, að þetta frumv. gengi út á að útvega landinu læknishjeruð en ekki lækna. Jeg vil benda á að það að útvega læknishjeruð er einmitt sama sem að útvega lækna, því að ef ekki eru til hjeraðslæknaembætti, þá búa menn sig ekki undir að verða læknar. Ef þetta frumv. ekki verður samþykkt nú, þá hverfur sú hvöt, sem menn annars hefðu til þess að ganga á lækna-

skólann eða stunda læknisnám. Nú er sagt, að fresta megi málinu um tvö ár; en er þá nokkur vissa fyrir því, að það komist fremur fram á næsta þingi? Getur ekki einhver komið fram aptur þá, og lagt það til að málinu verði enn frestað? Ef þetta frvumv. verður samþykkt og kemur út sem lög, þá er það mikil hvöt fyrir þá, sem við nám eru, að stunda læknisfræði, og er enginn efi á því, að brátt mundu fást læknar í hin nýju hjeruð. Nú sem stendur er mikil aðsókn að læknaskólanum, og mun hún mikið stafa af því, að menn hafa búizt við því að hin nýja læknaskipun mundi komast á.

Framsögumaður (*Þórður Thoroddsen*): Bæði h. þm. A.-Skaptf. (J. J.) og h. þm. Rvík. (J. Jenss.) töldu ástæðu til að fresta þessu máli, af því að ekki væru til læknar í hin nýju embætti. Hæstv. landsh. hefir svarað þessari mótbáru að nokkru leyti; en jeg vil bæta þar við fáum orðum. Í aukalæknishjeruð þau, sem nú eru, vantar 6 lækna, og frumv. fer fram á að fjölga læknahjeruðunum um 6. Það yrðu þá 12 hjeruð, sem yrðu læknislaus, ef þessi skipun kæmist á nú þegar. En nú eru 13 læknaefni á læknaskólanum, og yrðu því eptir fá ár öll þessi hjeruð að líkindum skipuð. Jeg verð líka að vera hæstv. landsh. samdóma um, að læknahjeruðin sjeu einmitt skilyrði fyrir því að læknar fáist.

Mjer finnst h. þm. Rvík. (J. Jenss.) ekki minna ruglaður í höfðinu, en hann sagði að h. þm V. Skaptf. (Guðl. G.) væri. Hann sagði, að það benti ekki á þörf á þessu máli, að það vantaði menn í aukalæknisumdæmin og þess vegna vildi hann fresta hinni nýju læknaskipun, sem hjer er stungið upp á; en jafnframt sagði hann, að það mundi verða mikill kostnaðarauki fyrir landssjóð að samþykkja þetta mál. En ef lækna vantar í embættin, hvaða kostnaðarauki verður það þá fyrir landið, þó frv. verði samþykkt? Kostnaðaraukinn kemur þá fyrst fram, þegar menn eru komnir í embættin.

Hann sagði ennfremur, að fundir þeir, sem fjallað hefðu um málið, hefðu að eins haft það fyrir sjer í brotum. Þetta er satt. Þeir t. d. sem fjölluðu um málið í Rangárvallasýslu og Skaptafellssýslu, höfðu einkum sín hjeruð fyrir sjer; en ætli málið hefði batnað fyrir það, þó þessar sýslunefndir hefðu farið að koma með tillögur um læknahjeraðaskipun í Skagafjarðar- og Eyjafjarðarsýslum? Málið mundi ekki hafa orðið greiðara fyrir það, þó hver sýslunefnd hefði tekið allt landið fyrir. Því hver er fær um að skipa læknahjeruðum niður um allt land?

Þá kom sami h. þingdm. fram með þá spánnýju kenningu, að ef til vill væri rjett, að ákveða engin föst læknaumdæmi, en að eins læknasetrin. En að hverju leyti skyldi það vera betra, að ákveða að eins búsetaði læknanna, en engin takmörk fyrir starfssviði þeirra? Læknar eru þó opinberir embættismenn eða þjónar hins opinbera, og því verður að ákvarða þeim víst svið, er þeir skulu þjóna. En þess ber auk þess að gæta, að það er tekið fram í þessu frv., að læknar sjeu skyldir til að vitja sjúkra út fyrir sitt umdæmi, og að því leyti má kalla að læknunum sje ekkert starfsvið sett.

H. þm. A.-Skaptf. (J. J.) talaði um hin háu laun, sem læknum væru ákveðin í frumv. og áleit þess vegna óþarft að ákveða þeim eptirlaun. Hann vildi styrkja þessa skoðun sína með því, að bera laun læknanna saman við laun prestanna. Já, berum þetta snöggvast saman. Læknar í 4. flokki eiga að fá í laun 1300 kr. og í 3. flokki 1500 kr. Jeg vil bera þessa flokka saman við

prestana. Hina flokkana er ekki rjett að bera saman við þá, því læknar í þeim flokkum verða flestir búsettir í kaupstöðum, en það eru fæstir prestar. Hvað hafa prestar, sem búa í sveitum? Þeir hafa eptir brauðamatinu að meðaltali 1317 kr. í laun, og það er viðurkennt, að það sjeu óviðurkvæmilega lág laun, sem eru lægri en 1200 kr. Í þessum launum eru bújarðir, sem víðast hvar eru mjög góðar, og í flestum stöðum allt of lágt metnar, og svo hafa prestar eptirlaun, þó lítil sjeu. Þrátt fyrir það, þó læknar hafi þannig ekki meiri laun en prestar, vill h. þm. A.-Skaptf. (J. J.) samt ekki að læknar fái eptirlaun. Það er satt, að læknar hafa aukatekjur, sem prestar ekki hafa, en læknar hafa líka margfalt meiri kostnað við sitt embætti. Þeir þurfa bæði að kaupa dýrar bækur og afardýr og mörg verkfæri, og geta auk þess ekki sinnt búskap eins vel eins og prestar. Vjer sjáum þá, að læknar áneptirlauna eru ekki betur settir en prestar, og þó er viðurkennt, að prestar sjeu óviðurkvæmilega lágt launaðir. En þó ekki sje farið betur en þetta með prestana, þá sýnist ekki nein ástæða til að fara eins með læknana.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. á þingskj. 460 felld með 12:7 atkv.

Breyt.till. á þingskj. 447 samþ. með 14 samhlj. atkv.

Breyt.till. á þingskj. 462, 1. felld með 15:6 atkv.

Breyt.till. á þingskj. 462, 2. felld með 15:5 atkv.

Breyt.till. á þingskj. 445 samþ. með 16 samhlj. atkv.

Frumv. í heild sinni þannig breytt samþ. með 19:1 atkv. og endursent efri deild.

Tillaga til þingsályktunar um lánsstofnun (C. 425); ein umr.

Flutningsmaður (*Guðlaugur Guðmundsson*): Þetta er ekki nýtt mál hjer á þingi, því að þegar 1881 lagði stjórnin fyrir alþingi frumv. í þessa átt, og var það mál mjög rætt á því þingi og hinum næstu á eptir. Þingið felldi þó mál þetta þá, af því að menn fundu til að landinu bráðlá á banka, en óttuðust að það mundi seinka eða hindra stofnun banka, ef lánsstofnunin væri samþykkt. Nú er banki fyrir löngu stofnaður, en viðskiptin hafa líka vaxið stórkostlega í landinu, svo að bankinn á meira en fullt í fangi með að fullnægja sínum beinasta og brýnasta tilgangi, að greiða úr lánþörf verzlunarstjettarinnar. En það er hvorttveggja að það liggur eðlilega fyrir utan tilgang banka að veita langtímalán móti fasteignarveði, enda hefir hann ekki fjármagn til að geta það. Upphaflega veitti hann sín lengstu lán til 20 ára; síðan var það tímatakmark fært niður í 15 og nú síðast í 10 ár. En lán, sem varið er til jarðabóta, borga sig ekki hjer á landi á svo stuttum tíma. Þetta gerir mönnum því lítt auðið hjer á landi að ráðast í fasteignakaup eða stórfelldari jarðabætur. Í öllum öðrum löndum en voru eru til lánsfjelög, sem veita mönnum langtímalán gegn fasteignaveðum; þannig t. d. í Danmörku, þar sem menn geta fengið fasteignalán upp á vexti og afborganir í 40 ár. Það er ekki vaxtaupphæðin, sem hjer á landi er fráfælandi fyrir menn, sem vilja leggja fje í jarðabætur, en það er afborgunartíminn. Sjálfur tilgangur bankans gerir nauðsynlegt að haga útlánum hans eins og hann gerir. Hann getur ekki veitt langtímalán gegn fasteignaveði, nema með því að binda fje, sem hann þá ekki gæti brúkað til að greiða úr verzlunarinnar þörfum.

Það má enda segja, að bankinn hafi bundið heldur mikið af fje sínu í fasteignalánum. Stofnfje hans var ekki

upphaflega nema 500,000 kr., en hann er búinn að binda meira en því öllu svarar í fasteignalán. Hann á nefnilega nú sem stendur 730,000 í fasteignalánum. Viðlagasjóður á úti í uppsagnarlánum gegn fasteignarveði 290,000 kr. og í afborgunarlánum 380,000 kr. Af fje banka og viðlagasjóðs stendur þannig 140,000 kr. í fasteignalánum. Auk þessa á söfnunarsjóðurinn og aðrir sjóðir mikið fje úti gegn fasteignalánum; slík lán eru jafnan veitt með stuttum uppsagnarfrestum, þó að þau optast fái að standa um langan tíma.

En allt það fje, sem stendur úti í lánum gegn fasteignarveði hjer á landi, er þó ekki nema lítill hluti af því, sem allar fasteignirnar eru verðar samtals.

Lánsmarkaður er töluverður hjer á landi, en hefir farið fremur versnandi hin síðari ár. Í þessu tilliti var hjer betur ástatt, áður en bankinn kom; síðan hann kom, hefir eptirspurnin eptir lánsfje vaxið stórum og fje hefir teppzt í honum; en lánskjör hans eru svo löguð, að hann getur að eins fullnægt bráðaþörfum einstakra manna, einkanlega kaupmanna, en ekki langframaþörfum landbúnaðarins.

Svo hefir bankinn og teppt fje sitt, með því að vera sjálfur í fasteignafyrirtækjum og ýmiskonar atvinnurekstri, þótt slíkt brall hans kunni að vera meira eða minna leppað.

Það má segja að eins og nú stendur er hjer í landi enginn vegur til að fá peninga til láns um langan tíma með viðunanlegum kjörum.

Aðalspurning í þessu máli verður náttúrlega sú, hvernig eigi að útvega stofnfjeð. Það yrði auðvitað að töluverðu leyti að gjörast með því að gefa út arðbær skuldabrjef, sem lánsstofnunin seldi. Annarsstaðar fá slíkar stofnanir, þegar þær eru byrjaðar, liðsemd eins eða fleiri stórbanka, þannig, að þeir taka að sjer að selja skuldabrjef stofnananna á peningamarkaðinum, verja enda nokkru af viðlagasjóði sínum til að kaupa slík skuldabrjef, sem geta verið eins góð verðbrjef eins og ríkisskuldabrjef; auk þess taka bankar slík brjef sem góða veðtryggingu (collateral) og styðja með því að því að gefa þeim fast markaðsverð.

Jeg býst nú ekki við að slík stofnun mundi fá liðsemd bankans hjer. Það má að líkindum gera ráð fyrir því að bankastjórnin hjer yrði svo skammsýn að skoða lánsstofnunina sem keppinaut bankans.

Hvað mikið stofnfje lánsstofnunin ætti að hafa, er auðvitað álitamál; stjórnin mundi til taka einhverja upphæð í frv.; en til þess að ganga út frá einhverri tölu, hefir mjer dottið í hug að nefna 2 miljónir kr. sem hið minnsta, sem um geti verið að ræða. Það mætti nú að líkindum fá einhvern útlendan banka til að selja skuldabrjef lánsstofnunarinnar. Vaxtahæðin er eðlilega lægri víðast hvar í útlöndum heldur en hjer; dönsk ríkiskuldabrjef gefa til dæmis að eins $3^1/_2$ hundraðshluti í vöxtu, og seljast þó fyrir $97^1/_2$. Ef skuldabrjef lánsstofnunarinnar hljóðuðu upp á 4% vöxtu, mundu þau því seljast yfir nafnverð (al pari). Þannig gætum vjer líklega selt skuldabrjef fyrir 2 miljónir á einu til tveimur árum.

Útlánskjör lánsstofnunarinnar hef jeg hugsað mjer á þann hátt, að hún áskildi sjer í vexti og afborganir 4% + 1% = 5% á ári í 41 ár, og væri þá skuld og vöxtum þar með að fullu lokið.

Slík kjör mundu bæta mjög peningamarkaðinn hjer á landi fyrir bændur; það mundi gjöra duglegum mönnum, sem við landbúnað fást, fært að ráðast í stórfyrirtæki, sem nú eru óhugsandi

fyrir alla aðra en einstaka menn, sem kunna að vera sjerstaklega í náðinni hjá bankastjórninni. Jeg segi það engan veginn í neinu ákúruskyni til bankans, því að hann getur ómögulega veitt slík lán, án þess að teppa með því ofmikið af sínu litla stofnfje frá aðaltilgangi sínum. Bankinn mun hafa veitt stöku mönnum nokkur hlunnindi í þessu efni, og hefir af sumum verið kallaður hlutdrægur fyrir bragðið. Það er alls ekki minn dómur; jeg álít þvert á móti að bankinn hafi verið of hart dæmdur fyrir það, því að slík tilhliðrun getur beinlínis hafa verið lofsverð af bankastjórninni.

Jeg skal svo ekki orðlengja meira um till. þessa að sinni, en óska og vona að hún fái stuðning og samþykki sem flestra h. þingdm.

Af því hæstv. landsh. er ekki inni sem stendur, skal jeg geta þess, að hann hefir gefið mjer heimild til að lýsa yfir því að hann sje ekki mótfallinn till. þessari.

Tryggvi Gunnarsson: H. þm. V.-Skapt. (Guðl. G.) var ekki getskapur, þegar hann spáði því, að bankastjórnin mundi verða þessari fyrirhuguðu lánsstofnun mótfallin, þar eð hún mundi skoða hana sem keppinaut bankans. Mjer þykir þvert á móti vænt um þá hugmynd, að setja á stofn lánsstofnun, og óska að hún með hyggilegu fyrirkomulagi komist á. Jeg get auðvitað ekki svarað fyrir bankastjórnina alla, heldur að eins fyrir mig persónulega.

Tímarnir breytast og vjer með þeim; fyrir 14 árum var hjer fyrir á þingi frv. um lánsstofnun og var jeg henni þá meðmæltur; en meiri hluti þingsins var þá á því, að hún mundi ekki verða lánsstofnun heldur ólánsstofuun og vildu heldur stofna banka. Jeg sá það þá þegar og hjelt því fram, að banki gæti aldrei orðið landbúnaði vorum að verulegu gagni, heldur miklu fremur verzlunarviðskiptunum og bráðabirgða-þörfum. Þetta er að nokkru leyti framkomið nú. Sem sagt, mjer dettur ekki í hug að vera lánsstofnun mótfallinn og bankinn getur að mínu áliti ekki heldur haft ástæðu til þess, því að hann getur hvort sem er ekki fullnægt þeirri þörf, sem lánsstofnun þessi á að bæta úr. Hans upphaflega stofnfje var að eins 500,000 kr.; nú hefir hann grætt fast að 200,000 kr., og hefir lánað út mót fasteignarveðum um 800,000 kr., en það er meira en allt hans upphaflega stofnfje og gróði. Það, sem hann verkar með í þessa átt, er að miklu leyti sparisjóður Reykjavíkur sem nú er yfir 1 milj.; en fje það, sem inn er lagt í hann, er eins og allir vita eign einstakra manna og stofnana, sem geta heimtað eign sína útborgaða, nær sem þeir vilja, og því er ekki ráðlegt fyrir bankann að binda það fje um mjög langan tíma. Þetta er orsökin til þess að hann getur ekki veitt fasteignalán til svo langs tíma, sem annars væri æskilegt fyrir lántakendur.

Þar sem h. flutningsm., að mjer heyrðist, brá bankanum um hlutdrægni, þá færði hann engin dæmi til þess (*Guðlaugur Guðmundsson*: Misskilningur). Jæja, því betra; jeg skal svara því, ef nokkur dæmi verða tilfærð. Annars ætla jeg ekki að vekja langar umræður, en vildi af gefnu tilefni að eins lýsa því yfir, að jeg væri málinu hlynntur, ef fyrirkomulagið verður skynsamlegt.

Flutningsmaður (*Guðlaugur Guðmundsson*): Það gladdi mig, að h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) lýsti því yfir, að ekki væri von á mótspyrnu úr þeirri átt, en því bjóst jeg þó einna helzt við. Að öðru leyti hefi jeg fátt að athuga við það, sem hann sagði. Hann gat þess, að jeg hefði brugðið bankastjórninni um

hlutdrægni, en það er ekki alveg rjett hermt. Jeg sagði, að hún hefði leiðzt úti í það, að hjálpa einstökum mönnum til fyrirtækja, á líkan hátt og þessari lánsstofnun væri ætlað, og fyrir það orðið að synja öðrum, en svo er þetta út í frá skoðað sem hlutdrægni. Jeg er sjálfur ekki svo persónulega kunnugur, að jeg segi slíkt frá eigin brjósti, en benti að eins á, að þetta væri sagt út í frá, og að jeg þess vegna gæti ímyndað mjer, að bankastjórnin vildi gjarna verða laus við það.

Guðjón Guðlaugsson: Hjer er ekki um annað að ræða en áskorun til stjórnarinnar um að leggja fram frumv. fyrir þingið, og því ekki gott að ræða það mjög ýtarlega, en jeg álít þó nauðsynlegt að ræða það nokkuð. H. þm. Rvík. (Jón Jenss.) sagði, að varhugavert væri að koma fram með tillögur um að skora á stjórnina, ef þær svo reyndust að vera vanhugsaðar. Jeg er nú alls ekki á því, að þessi tillaga sje vanhugsuð, en aptur er jeg sannfærður um, að það er ekki öllum h. þingdeildarmönnum ljóst, hvernig þessari stofnun mundi verða farið, og samkvæmt umræðum þeim, sem um hana hafa orðið, er jeg hræddur um, að menn gjöri sjer helzt til góðar vonir um, hverju hún muni geta tullnægt. Jeg vil að þeir, sem mest og bezt hafa hugsað um þessa tillögu, skýri hana fyrir fáfróðum, bæði til þess, að menn geti sjeð það í Þingtíðindunum, og svo líka til þess, að þingmenn geti skýrt kjósendum sínum frá, hvernig henni muni verða farið.

Hjer um daginn var farið sterkum orðum um, að þessi stofnun mundi veita lán um nokkuð langan tíma til fyrirtækja, sem ekki borguðu sig fljótt, einkum þá til jarðabóta, en jeg álít að stofnun, sem hefði slíkt fyrirkomulag, mundi allt eins þurfa að hugsa um hag eigendanna eða þeirra, sem fjeð leggja til, eins og það að geta styrkt aðra, og geti því ekki lánað með svo góðum kjörum, sem æskilegt væri, og það því fremur, sem hún mundi hafa fremur dýra stjórn.

Jeg hefi hugsað mjer að landssjóður legði til sínar jarðir líkt og hugsunin var 1881, þegar talað var um að koma lánsstofnun á fót, og svo aðrir landsmenn jarðir og húseignir að veði upp á einhverja ákveðna upphæð, og að síðan væru gefin út hlutabrjef til sölu, til þess að fá inn peninga. Þessa var vissulega þörf, meðan bankinn ekki var kominn á fót, en jeg hygg síður nauðsynlegt nú, því að nú er jeg á því, að peningar sjeu til í landinu, en að eins ekki hægt að fá lán með svo góðum kjörum, sem æskilegt væri; en jeg skal nú sleppa því. Þegar svo landssjóður og einstakir menn hafa lagt til jarðir upp á 1 miljón, þá getur stofnunin gefið út hlutabrjef upp á 1 miljón. — Þeir, sem legðu til jarðir til þessarar lánsstofnunar, mundu auðvitað hugsa til að fá lán út á þær undir eins, og ef svo lántakandi að 1000 kr. leggur til jörð, 2000 kr. virði, og fær verðbrjef upp á 1000 kr., þá verður hann að hafa vissu fyrir að geta selt það fyrir 1000 kr. (*Guðl. Guðmundsson*: Misskilningur!). Jæja, stofnunin verður þó að geta selt 1000 kr. verðbrjef fyrir 1000 kr. Ef jeg á 1000 króna hlut í stofnuninni, þá get jeg að eins fengið það lán með því móti, að stofnunin geti fengið 1000 kr. fyrir veðið. — Þar að auki get jeg naumast hugsað mjer lægri vexti en 4%, og allar líkur til, að þeir þyrftu að vera hærri. — Stjórn þessarar stofnunar gæti að mínu áliti ekki samanstaðið af minna en 3 mönnum, og hlýtur því að kosta tals-

verða peninga; hún mundi einnig að sjálfsögðu kosin af veðeigendum stofnunarinnar eða fulltrúum þeirra, því að, ef jeg á veð, þá er sanngjarnt, að jeg fái að kjósa í stjórnina eða hafi fulltrúa til þess. En ef hver sýsla hefði fulltrúa til þess að mæta fyrir sig til stjórnarkosninga tvisvar á ári, líkt og á sjer stað með sparisjóði, þá sjá allir, að stjórnin verður nokkuð dýr. Og svo er annað það, að þó að þingið samþykki þetta, og þó að stjórnin leggi frumv. fyrir þingið, þá er stofnunin enn ekki komin á fót, þá er að eins fengin heimild til þess að stofna lánsfjelag, en fjelagið er enn ekki orðið til. Þá kæmi til athugunar, hvort landsmenn vildu nú leggja jarðir sínar í þessa lánsstofnun. Ábyrgðin gæti að sjálfsögðu ekki verið öðru vísi en sameiginleg eða »solidarisk«, en skyldu menn þá ekki fljótt reka augun í, að hjer er um veð að ræða, bæði í húsum og jörðum, og er mjer efamál, að jarðeigendur vilji taka húseignarveðin gild til móts við jarðirnar. Húseignir geta óneitanlega aldrei verið jafn-tryggilegt veð sem jarðeignir, og eptir þeirri stefnu, sem nú virðist ríkja, þá kannske væru tekin veð í þilskipum, en þá mundi fyrst sjást, hvort jarðeigendur gjörðu sig ánægða með þá tryggingu. Jeg álít lang-ráðlegast, að hafa jarðeignir sjer og húseignir sjer.

Jeg get heldur ekki annað en álitið, að nauðsynlegt væri að leggja eitthvað til hliðar í varasjóð, bæði til þess að standast óhöpp, og svo til þess að ljetta hina sameiginlegu ábyrgð hluthafenda, svo að jeg get ekki hugsað mjer að vextir og afborganir yrðu öllu lægri en 6% á láni, sem veitt væri til 40 eða 45 ára. Við þetta er sá kostur, að afborgunarfrestur er langur; en háir vextir og langur afborgunarfrestur er bezt fyrir þá, sem að eins hugsa um nútímann, en ekki fyrir þá, sem hugsa eitthvað fram í tíðina, því jeg efast um að menn almennt hefðu hugfast, að losa sig við þessi lán fyrri, ef þeir gætu; að minnsta kosti hefir reynslan ekki sýnt það hjá þeim, sem lán hafa fengið úr viðlagasjóði með missiris uppsagnarfresti. Slík lán kæmu því þyngst niður á niðjunum, en ljettara á lántakendum.

Mín meining er að greiða atkvæði með þessari tillögu nú, og eins með frumv., ef það kemur fram, en finnst nauðsynlegt að hinir fróðari gefi hinum fáfróðari bendingar og upplýsingar um málið.

Flutningsmaður (Guðlaugur Guðmundsson): Það er leiðinlegt, að slíkar ræður skulu koma hjer fram, sem ræða h. þm. Strand. (Guðj. G.), og sem byggðar eru á tómum misskilningi; undirstaðan undir hans ræðu var einber misskilningur. Stjórnin mundi sjálfsagt snúa sjer til einhvers banka eða víxlara og segja við hann: við ætlum að koma á fót lánsstofnun með þessari og þessari tryggingu og gefa út hlutabrjef upp á t. d. 2 miljónir kr. og gefa í vexti 3½ %. Viljið þjer nú taka að yður að selja þessar obligationer, t. d. í 4 »terminis«, og fyrir hvað viljið þjer gjöra það? Víxlarinn eða bankinn segir: Jú, og jeg geri ráð fyrir, að jeg geti selt þær fyrir 96 - 97%; fyrir mitt ómak tek jeg 2% eða 1½ %, svo þið fáið þá 95%. Í fyrsta skipti er þá selt fyrir 95%, og peningarnir svo sendir hingað. Jeg gjöri ráð fyrir, að vextir á obligationunum sjeu 3½ %, eins og vanalegt er, eða í þessu tilfelli af 95 kr., sem aptur jafn-gildir 3,70 af 100 kr., og svo gjöri jeg ráð fyrir, að stjórnin hafi þá samið lög og komið á fót skrifstofu og tekið ákvarðanir um, hvernig lánveitingum skuli hagað. Síðan auglýsir hún að lánin fáist með þeim kjörum, sem

lögin ákveða, og menn koma svo á skrifstofuna með sín veð, rjett eins og í banka, og fá lán með þeim ákveðnu kjörum. Það verður þá engin jörð bundin neinu veðbandi, nema eigendur komi og fái lán. Það er allt annað en þegar menn 1881 voru að hugsa um að koma á fót lánsstofnun, og höfðu í hyggju að veðbinda fasteignir í landinu almennt, einkum þá landssjóðs. — Slíks er ekki þörf nú, þar sem peningaveltan og peningaþörfin hefir aukizt svo mjög, að það er engin hætta á að þær 2 miljónir, sem hjer er talað um, gangi ekki út, og það jafnvel á skemmri tíma en 2 árum.

Til þess að reyna að skýra þetta dálítið betur fyrir h. þm. Strand. (Guðj. G.), skal jeg nefna nokkrar tölur, án þess þó að binda mig við það, að þær sjeu hinar sjálfsögðu og engar aðrar.

Segjum t. d. að stofnunin láni móti 4% í vöxtu og 1% í afborgun; lánið er þá goldið á 41 ári. Hún svarar 3½ % en fær 4% vexti; ef miðað er við 2 miljónir, þá nemur þessi ½ % sem hún græðir þó 10 þús. kr. og stjórn hennar mundi þó aldrei svo dýr, að sú upphæð ekki nægði, og fram yfir það. En þó við segðum, að hún græddi ekki nema ⅓ %, þá eru það 30 aurar af hverju 100, og mundi svo mikið fje, að það eflaust nægði.

Það var eitt atriði, sem h. þm. Strand. (Guðj. G.) gekk fram hjá og sem hann auðsjáanlega tók ekki eptir, og það er það: Hvað gjörir nú stjórnin við henna 1%, sem henni borgast árlega af lánunum? Hún er skyld til þess að brenna obligationir, sem jafngilda þeirri afborgun, sem inn kemur árlega. — Annað hvort kaupir hún þær, ef þær ekki standa í fullu verði, svo hún sjer hag sinn við það, eða ef svo er ekki, þá innkallar hún eigendur þeirra eptir hlutkesti. Þetta hafði h. þm. Strand. (Guðj. G.) ekki gjört sjer ljóst, og á þessum misskilningi er öll ræða hans byggð.

Hann sagði að nógir peningar væru í landinu, ef menn að eins gætu fengið þá lánaða til lengri tíma og með lágum vöxtum, en þetta er mótsögn (contradictio in adjecto), því að einmitt það, að ekki er hægt að fá peninga til lengri tíma og með lágum vöxtum, sýnir, að peningarnir eru ekki nógir. En hjer er gjört ráð fyrir að bæta við 2 miljónum til þess að tryggja það, að menn geti fengið lán til lengri tíma og með lágum vöxtum.

Jeg skal um leið geta þess, að jeg gleymdi að minnast á eitt atriði viðvíkjandi ræðu h. þingm. Árn. (Tr. G.). Hann gat þess að 1881 hefðu menn gjört tilraun til að koma á fót líkri lánsstofnun, en það var ekki undarlegt, þó hún ekki kæmist á þá, því þá voru menn hræddir um, að ef lánsstofnun yrði sett á fót, þá mundum við aldrei fá banka, og þá höfðu menn líka fyrir augum að hafa stofnfje hans meira, sem sje heila miljón í staðinn fyrir hálfa.

H. þm. Strand. (Guðj. G.) hjelt að hin sameiginlega eða solidariska ábyrgð mundi verða gryla, en það get jeg varla skilið, því þegar þess er gætt, að hin solidariska ábyrgð nær að eins til þess, ef veðeignir stofnunarinnar misfarast, svo að þær seljist eigi fyrir hálfu verði þeirra, þá minnkar ábyrgðin. — Og svo eru engar aðrar jarðir bundnar en þær, sem í stofnuninni eru veðsettar. Hann óttaðist líka, að jarðir yrðu að bera ábyrgð á húseignum, en það er alls ekki meiningin. Bæði er nú það, að afborgun af húsum hlyti að verða fljótari, og svo eru það ýmisleg önnur ákvæði, sem gjöra það alveg

sjálfgefið, að lánsstofnunin væri í tveim deildum, þótt stofnunin sje ekki nema ein. Að nauðsynlegt væri að stofna varasjóð get jeg ekki sjeð; auðvitað gæti stofnunin myndað hann, en þess þarf ekki, því hennar varasjóður er hin solidariska ábyrgð.

Jeg held jeg hafi þá svarað flestu af því, sem h þm. Strand. (Guðj. G.) tók fram; jeg gekk fram hjá því áðan af því jeg áleit þess þá ekki þörf að fara út í það.

ATKV.GR.: Tillagan samþ. með 18 samhlj. atkv. og afgreidd til landshöfðingja sem *þingsályktun frá neðri deild alþingis.*

Frumv. til laga um stækkun verzlunarlóðarinnar á Nesi í Norðfirði (C. bls. 372); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþykkt umræðulaust með 17 samhlj. atkv. og afgreitt til landsh. sem *lög frá alþingi.*

Frumv. til laga um viðauka við lög nr. 3, 2. febr. 1894 um breytingu á tilskipun um lausamenn og húsmenn á Íslandi 26. maí 1863 (C. bls. 481, 494); ein umr.

Framsögumaður (Guðjón Guðlaugsson): Ed. hefir gert breytingar við þetta frv., og nefndin hjer í deildinni hefir yfirvegað breytingarnar. Aðalbreytingin er innifalin í því, að það hefir verið kippt burt úr frumv. ákvæðinu um þá, sem ætla að stunda nám í skólum, að þeir verði að sanna það fyrir 1. maí fyrir hlutaðeigandi hreppstjóra, að þeir fái inngöngu á slíkan skóla, og afleiðingin af því gæti orðið sú, að menn, sem annaðhvort stunda nám eða ætla að gera það, gætu borið það fyrir sig til að skjótast undan lögunum. Samt sem áður álít jeg ekki ástæðu til að orðlengja um málið þess vegna, en álít, að frumv. sje til mikilla bóta eins og það er, og rjett sje fyrir deildina að samþ. það.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. með 16 samhlj. atkv. og afgreitt til landsh. sem *lög frá alþingi.*

Frumv. til laga um breytingu á 6. gr. tilsk. 4. maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi og um viðauka við lög nr. 1, 9. jan. 1880 (C. bls. 445); ein umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþykkt umræðulaust með 15 samhlj. atkv., og afgreitt til landsh. sem *lög frá alþingi.*

Frumv. til laga um endurgreiðslu á eptirlaunum frá Hólmaprestakalli í Suðurmúlaprófastsdæmi og niðurfærslu á árgjaldi þess (C. 315, 499, 527); 3. umr.

Jón Jónsson (2. þm. Eyf.): Jeg hef skrifað undir breyt.till. þá við þetta frumv., sem hjer liggur frammi (C. bls. 527), og hef jeg gert það vegna þess, að jeg get ekki greitt atkv. með frv., nema því að eins að þessi grein falli burt. Orsökin til þess er sú, að mjer finnst það ekki vera í samræmi við aðrar gerðir þingsins í þessu máli. Yfir höfuð að tala er mjer illa við þessar sífelldu fjárbænir prestanna, og hafa menn tekið það svo að jeg væri á móti prestunum, en það er af því að mjer stendur ógn af öllum þessum bænum, sem vofa yfir, ekki frá 1 eða 2, heldur frá 10 og fleirum, og allar meira eða minna rökstuddar. Það er auðvitað að prestarnir eiga ekki allir við góð kjör að búa, en eptir brauðamatinu eru þeir dýrir og ekki líkindi til að það rýrni, og þegar svo þar á ofan er litið á allar þessar uppbætur, þá getur maður ekki neitað því, að fjárupphæðin er mjög há. Jeg gerði það að gamni mínu í dag, að telja lauslega saman, eptir brauðamatinu, hvað prestastjettin

kostar okkur árlega. Það getur auðvitað ekki verið mjög nákvæmt, en lætur þó nærri. Laun prestanna eru 187,000 kr. Á fjárlögunum í ár eru þeim reiknaðar 5,600 kr. Laun biskups eru 7,000 kr. Prestaskólinn kostar yfir 12,000 kr., og latínuskólinn 35,000 kr. á ári. Þetta er ærið fje, og getur verið að menn álíti það tilvinnandi, en það er einkum tvennt sem mjer finnst benda á, að það sje ekki tilvinnandi að leggja svo mikið fje til þeirra: annað er það, að hið kirkjulega ástand hjer á landi er ekki í góðu lagi, og játa prestarnir það sjálfir, og hitt að peningarnir eru svo illa brúkaðir, að prestarnir að mörgu leyti standa á baki öðrum mönnum í þjóðfjelaginu í borgaralegu tilliti. Jeg er þess vegna gersamlega á móti frumv., ef breyt.till. kemst ekki að, annars ekki. H. þm. V. Skapt. (Guðl. G.) var í dag að telja upp, hvað mikið »Grundkapital« væri til í landinu, og nam kostnaður til prestanna 2% af allri fasteign. Prestarnir fá þó að jafnaði ekki nema 1,300 kr. á ári, en kosta samt 1,600 kr. hver. Jeg held að prestarnir sjeu allt of margir og sýna þessar tölur það.

Framsögumaður (Sigurður Gunnarsson): Það hefir komið fram breyt.till. frá 6 h. þm., sem fer fram á að fella burt 2. gr. frumv., um eptirgjöf á hálfu árgjaldinu af Hólmaprestakalli, og hefir h. 2. þm. Eyf. (J. J.) mælt fram með henni. Jeg get verið honum þakklátur fyrir ummæli hans, að því er 1. gr. snertir, en ekki að því er snertir hina síðari. Mjer finnst öll samgirni mæla með því, að presturinn hjeldi þeim tekjum, sem þetta árgjald er miðað við, og mjer þótti ástæður þær, sem h. þm. færði fram móti 2. gr. frumv., nokkuð langt sóttar. Hann fór að telja saman hvað prestastjettin væri dýr. Til þess taldi hann allar tekjur presta um land allt eptir brauðamatinu, og hálfan kostnaðinn við latínuskólann, ásamt mörgu fleira. En hvað kemur þetta þessu frumv. við? Þm. verða að gæta þess, að prestar taka ekki tekjur sínar úr landssjóði nema að örlitlu leyti. Hann vildi fækka prestunum. Það er mál, sem ekki liggur hjer fyrir, og vona jeg að h. deild sjái að slíkt er ekki takandi til greina við þetta frumv. Annars sje jeg ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um frumv., en vona að h. þm. sjeu búnir að ráða með sjer, hvernig þeir greiða atkvæði. Nefndarálitið frá Ed. hefir svo ljóslega sýnt fram á, að brauðið verði engu að síður í löku meðallagi, og að þetta sje ekki ofgert. Það er prestakallalögunum síðustu að kenna, að þessar eptirgjafaumsóknir hafa komið fram, því þau hafa þröngvað hart að prestum hjer á landi, og veit jeg ekki betur en allir hafi játað, að þau væru mjög óheppileg, og að þm. ættu að leitast við að bæta úr þeim göllum, sem á þeim eru. Jeg vona að frumv. nái framgöngu.

Guðjón Guðlaugsson: Það var lengi skoðun mín og reynsla að prestarnir væru nauðsynlegir menn í hverri einustu sveit, og það voru þeir meðan menntun hjer í landinu var á lágu stigi, því þá voru prestarnir einustu menntamennirnir í sveitunum. Nú er komin mikil breyting á þetta, og síðan menntunin jókst, hefir nauðsynin á prestafjöldanum horfið meir og meir. Jeg er samdóma h. 2. þm. Eyf. (J. J.) að nokkru af því fje, sem til þeirra gengur, sje illa varið. Þó álít jeg misbrúkunina á peningunum ekki jafn mikla og misbrúkunina á prestunum sjálfum, því það má svo heita að þeir stundum sjeu brúkaðir eins og skepnur. Jeg þekki presta, sem allt af fara á kirkju í færu veðri, en í 9. hvert skipti fara þeir með þeirri samfæringu,

að þeir ekki sjái framan í aðra en bóndann á kirkjustaðnum, og að kúska prestinn til að búa til ræður, sem enginn hlýðir á, og fara langa leið í vondu veðri, án þess að geta búizt við að sjá framan í nokkurn kirkjugest, er þeim að eins til niðurdreps. Mjer finnst því nauðsynlegt að fækka prestunum, og láta þá hvern fyrir sig hafa meira að gera, en launa þeim betur. Prestarnir eru að jafnaði verr staddir en bændur, og eru í sífelldum peningaskorti, af því þeir geta ekki eins vel sinnt búskapn um vegna embættisins. Jeg álít samt sem áður ekki rjett af þinginu að ganga ekki inn á sanngjarnar kröfur prestanna, þessarar undirokuðu stjettar, svo þeir geti lifað sómasamlegu lífi. Jeg hefði því ekki gefið nafn mitt undir breyt.till. þá, sem hjer liggur fyrir, hefði jeg ekki sjeð að deildin gengur fram hjá annari sanngjarnri kröfu, nefnilega frá prestinum á Stað á Reykjanesi. Það er alveg eins ástatt með það eins og með Hólmaprestakall. Mat brauðanna er innifalið í ýmsum hlunnindum, sem hafa fallið í verði, og þar við bætist að árgjaldið á Stað er til komið á allt annan og óvenjulegan hátt, því það er komið til vegna prentvillu. Árið 1879 kom fram uppástunga um að sameina Staðar- og Garpsdalssókn, og skyldi árgjaldið af því vera 400 kr., en þáverandi þm. Dal. (Guðm. Ein.) fjekk því ágengt, að það var skilið að aptur, en árgjaldið festist við Stað. Það var á þinginu 1895 fært niður í 200 kr., af því þingið viðurkenndi þá ósanngirnina að nokkru leyti, en úr því það þing, sem samanstóð af öllum hinum sömu mönnum sem þetta þing, áleit 400 kr. peningaútgjöld af brauðinu ósanngjarnlega há, þá er líklegt að sömu menn álíti enn hærra peningagjald, sem nú hvílir á prestakalli þessu, því órjettlátara. Það er í sambandi við þetta að jeg fylgi fram breyt.till., og greiði atkvæði með henni, því jeg álít ekki rjett að taka einn fram yfir annan, þegar um jafnmiklar rjettarkröfur er að ræða.

Framsögumaður (*Sigurður Gunnarsson*): Jeg verð að játa það, að jeg gat ekki vel skilið rök h. þm. Strand. (Guðj. G.). Mjer fannst hið mesta af ræðu hans fara fyrir ofan garð og neðan. Hann tók undir með h. 2. þm. Eyf. (J. J.) og sagði, að prestarnir væru of margir og of dýrir, en jeg vil taka það fram, að tölur þær, er h. þm. Eyf. tilfærði, hvorki koma landssjóði nje málinu við. H. þm. Strand. (Guðj. G.) sagði, að prestarnir væru í raun og veru ónýtir og óþarfir menn, og hefði hann þá helzt átt að leggja til að presturinn á Hólmum skyldi víkja úr sögunni. Hann sagðist þekkja presta, sem í 9. hvert skipti ekki sæju aðra við kirkju en bóndann á kirkjustaðnum. Mjer fannst þetta eiga að gilda hjá honum fyrir allt land, og svo framarlega sem því er þannig farið, þá hlýtur það að vera meining hans, að þjóðin hafi ekki brúk fyrir prestana, og væri því rjett að afnema þá og taka af þeim öll laun. Þessi rökfærsla h. þm. snertir alls ekki frumv. Hann sagði meðal annars, að eins og nú væri komið með ástand kirkjunnar, yrðu prestarnir að úttauguðum skepnum, en jeg get ekki sjeð annað en að það sje mótsögn í þessu, því annað veifið sagði hann að þjóðin hefði ekki brúk fyrir þá, og því hlytu þeir að hafa mjög lítið að gjöra annað en búa. Annars verð jeg að mótmæla fyrir hönd prestastjettarinnar í heild sinni orðum þm.; því þó hann kunni að þekkja einn og einn prest, sem fáir vilja hlusta á, þá er ranglátt að draga af því þá ályktun, að svo sje almennt.

H. þm. tók það fram viðvíkjandi

prestinum á Stað, að hann sæi ekki hvernig nefndin hefði farið að skella skolleyrunum við beiðni hans, en það getur hann sjeð af nefndarálitinu. Skjalið sem nefndin fjekk frá honum var ekki nógu rækilega úr garði gert, og hún sá sjer ekki fært að fara að grafa upp gömul skjöl viðvíkjandi þessu. Jeg vil að endingu óska þess að breyt.till. verði felld.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. samþ. með 11 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Klemens Jónsson,	Einar Jónsson,
Björn Sigfússon,	Ben. Sveinsson,
Guðjón Guðlaugss.,	Eiríkur Gíslason,
J. Jónss., þm. A.-Sk.,	Guðl. Guðmundss.,
Jón Jónss., þm. Eyf.,	Halldór Daníelsson,
Ólafur Briem,	Jens Pálsson,
Pjetur Jónsson,	Sigurður Gunnarss.,
Skúli Thoroddsen,	Þórður Guðmundss.,
Tryggvi Gunnarss.,	Þórður Thoroddsen.
Valtýr Guðmundss.,	
Þorl. Guðmundss.	

Frumv. þannig breytt samþ. með 19 samhlj. atkv. og afgreitt til forseta Ed.

Ti laga til þingsályktunar um stofnun landsspítala (C. bls. 438); ein umr.

Flutningsmaður (*Þórður Thoroddsen*): Jeg hef leyft mjer að koma með þessa tillögu, sem er í því fólgin að skora á stjórnina að leggja fyrir alþingi 1899 áætlun um kostnað við bygging landsspítala í Reykjavík, er rúmi um 45, sjúklinga, svo og uppdrætti af honum, og um leið leitast fyrir hjá Reykjavíkurbæ, hvort bæjarsjóður vilji styrkja bygging spítala þessa og árlegan kostnað við hann.

Þessi hugmynd um bygging landsspítala er ekki ný; hún hefir áður komið fram bæði utanþings og innan. Sjerstaklega lagði læknafundurinn í fyrra mikla áherzlu á að spítali þessi kæmist upp. Málið hefir líka verið rætt nokkuð heima í hjeruðum, og á einum þingmálafundi hefir verið skorað á þingið að sjá til, að landsspítali yrði byggður. Jeg vona að h. deild sjái, að hjer sje um nauðsynjamál að ræða, enda kom það fram við umræður fjárlaganna, að þessi nauðsyn var viðurkennd, og gjört ráð fyrir, að ekki gæti langt um liðið, þangað til ráðizt yrði í að byggja spítalann.

Stofnun þessi er nauðsynleg bæði fyrir þjóðina í heild sinni og sjerstaklega fyrir læknaskólann í Reykjavík.

Það er sjálfsagt, að stofnunin yrði nokkuð dýr fyrir landið, sjerstaklega með því fyrirkomulagi, sem læknafundurinn gerði ráð fyrir og sem jeg hugsa mjer að ætti að vera á henni; en mjer sýnist ekki horfandi í þann kostnað, þegar svo mikið fæst í aðra hönd. Fyrirkomulag spítalans álít jeg bezt þannig, að hann taki 40—50 sjúklinga, og sje bæði fyrir kirurgiska og medicinska sjúkdóma, og að fátækir sjúklingar utan af landi gætu fengið þar ókeypis vist og aðhjúkrun; en að kennurunum við læknaskólann yrði gert að skyldu að veita sjúklingunum læknishjálp. Með þessu er vissa fengin fyrir því að spítalinn yrði ekki tómur, og að læknaskólinn fengi að ganga að honum.

Ef þessi spítali yrði byggður í Reykjavík, hefðu nærliggjandi hjeruð meira gagn að honum en hin fjarlægari; en mest gagn mundu þó Reykjavíkurbúar hafa að honum, og því er í tillögunni farið fram á það, að stjórnin leitist fyrir hjá Reykjavíkurbæ, hvort hann vilji ekki leggja eitthvað til spítalans. Jeg tel sjálfsagt að Reykjavíkurbær mundi vilja að einhverju leyti styðja að byggingu og viðhaldi spítalans, þar sem hann nú er spítalalaus, því eins og menn

vita, er spítalinn hjer einstakra manna eign, og þar sem hann með því að leggja saman við landssjóð mundi komast hjá því að byggja sjerstakan spítala.

Jeg skal svo ekki fjölyrða um þetta, en að eins geta þess, að jeg tel það verðugt fyrir þingið; að minnast loka 19. aldarinnar með því að samþykkja byggingu þessarar stofnunar nú um aldamótin, því að þó þessi tillaga verði samþykkt nú, þá verður það ekki fyr en á þingi 1899, sem það kemur til tals, hvort spítalann skuli byggja eða ekki, og byggingin sjálf getur ekki farið fram fyr en einmitt aldamótaárið.

Jeg tek það hjer aptur fram, sem jeg opt hef áður sagt, að það er skylda vor og nauðsyn fyrir oss að gjöra hina innlendu læknamenntun sem bezt úr garði; en það er lífsnauðsyn fyrir hana að fá þessa spítalastofnun, því að því að eins er nokkurn veginn trygging fyrir að læknaefnin verði fær í sinni mennt, að þau geti haft æfingu um lengri tíma á slíkri stofnun.

Valtýr Guðmundsson: Það var tekið fram í dag, að þessar þingsályktanir gætu verið nokkuð varúðarverðar, því að um leið og þingið hefir samþykkt einhverja slíka ályktun, þá hefir það um leið tekizt á hendur eins konar skuldbinding til að framkvæma það, sem tillagan fer fram á. Jeg skal sízt neita, að full þörf sje á landsspítala, og að æskilegt sje að hann kæmi upp sem fyrst. Þó er þetta mál töluvert athugavert, því að það liggur í augum uppi, að stórmikið fje þarf til þess að koma stofnun þessari upp og halda henni við.

Nýlega hafa verið samþykkt hjer í deild lög snertandi læknaskipunina, sem auka gjöld landssjóðs um einar 15,000 kr. á ári, auk allrar eptirlaunabyrðarinnar, sem þeim fylgir, og sem líklega verður ekki stórum minni. Það er eðlilegt, þó þessi gjaldaauki dragi úr því, að landið nú í bráð vilji leggja á sig nýjan stórkostnað í þarfir heilbrigðismálanna.

Jeg skal leyfa mjer að benda á, hvað hjer er um að ræða. Það er farið fram á að byggja spítala handa 45 sjúklingum. Það mun vera áætlað að hvert rúm kosti um 3000 kr. og kostaði þá spítalabyggingin alls 135,000 kr. Þetta út af fyrir sig væri nú ekki svo voðalegt. En hvað mun svo árskostnaðurinn verða? Kennarinn hjer við læknaskólann hefir skýrt mjer frá, að við spítala með 40 sjúklingum mundi hann verða um 20,000 kr., og þá við spítala með 45 sjúklingum um 24,000 kr.; þetta er árskostnaðurinn, ef gjört er ráð fyrir, að helmingur sjúklinganna hafi fríplass á spítalanum, en hinn helmingurinn borgi fyrir sig. Ársútgjöldin við spítalann svara þá til 4% vaxta af 600,000 kr.; með byggingarkostnaðinum er því hjer um það að ræða að setja föst 735 000 kr. af landsfje. Mjer þykir nokkuð athugavert, að ráða við sig einmitt á þessu þingi, þegar lagt hefir verið út í önnur stórgjöld til læknaskipunarinnar, að bæta öllu þessu við.

Jeg hef viljað benda á, hvað hjer væri um að ræða, án þess beint að mæla á móti tillögunni, því mjer blandast ekki hugur um, að landsspítali sje þarfleg stofnun, en hitt er annað mál, hvort hún er svo bráðnauðsynleg, að hún eigi að sitja öðrum nauðsynjamálum í ljósi.

Tryggvi Gunnarsson: Jeg er mótfallinn þessari tillögu. Jeg hef tekið eptir því í fleiri málum en þessu, að talsverð stefnubreyting er á þessu þingi frá því sem áður var. Jeg man eptir að áður hafa komið fram óskir um styrk til spítalabygginga, og þeim var neitað; þar á meðal var á síðasta þingi þess farið á leit, að landið vildi styrkja

spítalabygging á Sauðárkrók; mig langaði til að greiða atkvæði með þeirri fjárveiting, af því að hjeraðsbúar buðust svo heiðarlega til að leggja fram mikið fje frá sjer. Þá var sú stefna ríkjandi, að styrkja ekkert af landsfje spítalabyggingar út um landið, en nú í ár er aptur þessu snúið við, og búið að heita fjestyrk til spítalabygginga á Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði, og auk þess lagt fram allmikið fje til holdsveikraspítalans hjer.

Það er ætlazt til, að holdsveikraspítalinn rúmi 60 manns eða fjórðungi meira en hinn fyrirhugaði landsspítali; er því líklegt að ekki verði öllu minna gagn fyrir læknaefnin að ganga á þann spítala sjer til æfingar en á landsspítalann, þegar hann kemst upp, og því er minni ástæða til að byggja þann spítala að sinni, en verið hefði, ef holdsveikisspítali væri eigi byggður næsta ár. Ennfremur minnkar þörfin á landsspítalanum við það, að spítalar koma upp úti um landið með styrk landssjóðsins, því fyrir það þurfa færri menn að sækja á spítala hjer í Rvík.

Það er rjett hjá h. þm. Vestm. (V. G.), að landsspítalinn mundi verða dýr stofnun, en þó mun hann hafa gjört heldur mikið úr byggingarkostnaðinum, því þegar litið er á kostnaðaráætlunina við bygging holdsveikraspítalans, þá má gjöra ráð fyrir, að landsspítalinn mundi ekki kosta öllu meira en hann eða um 80—90,000 kr. Því hefir verið haldið fram, að það væri allt of mikið fje að leggja fram 80,000 kr. til að byggja stórhýsi það, sem rætt hefir verið um að byggja, en þá er ekki ólíklegt að hinum sömu mönnum muni vaxa í augum að leggja jafnmikið eða meira fje til að byggja landsspítala, einkum þegar þess er gætt, hve hinn árlegi kostnaður er allsendis ólíkur við þessar tvær byggingar, og það þó árskostnaðurinn við landsspítalann yrði nokkru minni en h. þm. Vestm. (V. G.) gerði ráð fyrir. (*Valtýr Guðmundsson*: Jeg hef fengið upplýsingu um hann hjá kunnugum mönnum). Enn þykir mjer það undarlegt, að tillaga þessi skuli koma fram nú, á meðan ekki er útgert um hitt stórhýsið. Það er þó gert ráð fyrir, að læknaskólinn skuli hafa þar hæli til bráðabirgða, en við það losnuðu herbergi í spítalanum, sem nú stendur hjer í Reykjavík, svo að þar kæmust fyrir nokkru fleiri sjúklingar en nú.

Jeg er á því, að vjer eigum að eignast landsspítala, þegar fram líða stundir, en það er ekki hægt að koma honum upp nú sem stendur. Hjer á sjer sama stað eins og með brýrnar; jeg álít að vjer eigum fyrst að byggja þær, sem mest er þörfin á, en láta hinar bíða betri tíma. Eins er með spítalann; jeg álít að minni þörf sje á honum í bráðina en hinu stórhýsinu, og því eigi það að ganga fyrir; vjer verðum að gæta þess, að söfn vor liggja undir skemmdum, ef þau fá ekki mjög bráðlega betra húsrúm en þau hafa nú. Mjer finnst líka að þetta þing hafi gjört talsvert fyrir læknastjettina, og til að bæta kjör sjúklinga, þar sem það hefir samþykkt að búa út holdsveikraspítala og halda honum við með miklu árlegu tillagi, og ennfremur hefir það samþ. læknalög, sem hafa í för með sjer allmikil árleg útgjöld fyrir landssjóð.

Flutningsmaður (*Þórður Thoroddsen*): H. þm. Vestm. (V. G.) þótti tillaga þessi athugaverð, af því að hún mundi leiða af sjer svo mikil gjöld fyrir landssjóð. En enginn maður getur ætlazt til að landspítali komist upp og að honum sje haldið við fyrir ekki neitt. En h. þm. Vestm. (V. G.) kom með of háa

reikninga; og þótt hann þættist hafa upplýsingar sínar frá áreiðanlegum mönnum, verð jeg að telja að jeg hafi í höndum upplýsingar frá enn áreiðanlegri mönnum, þar sem jeg hef þær frá spítalasmiðum. Eptir þeim upplýsingum kostar hvert sjúkrarúm frá 1000 kr. allt upp að 3000 kr. Svo dýr verða þau, þegar allt er haft eins skrautlegt og vandað eins og í spítölum í stórborgum, t. d. París og Berlín; en fyrir slíku megum vjer ekki gjöra ráð hjer, og mun óhætt að setja, að hvert spítalarúm kosti hjer ekki meira en 2000 kr., og mundi þá spítalinn alls kosta 80—90,000 kr. Sama er að segja um árlega kostnaðinn; jeg skil ekki í, hvaðan h. þm. Vestm. (V. G.) hefir fengið upplýsingar sínar um hann; jeg get ekki álitið að hinn árlegi kostnaður þyrfti að verða 20,000 kr. Ef helmingur sjúklinganna borgaði með sjer, þá yrðu það 22—23 sjúklingar, sem landið ætti að borga fyrir, og það kemur ekki til neinna mála, að hvert sjúkrarúm mundi kosta um 1000 kr. um árið. Við holdsveikraspítalann er gjört ráð fyrir nokkuð dýrum hjúkrunarkonum og lækni með 2700 kr. launum, og þó er ekki búizt við meira en 400 kr. útgjöldum við hvern sjúkling. Það mun því eflaust of hátt reiknað, að ætla að hvert spítalarúm á landsspítalanum kosti um 1000 kr., sjerstaklega þegar þess er gætt, að læknarnir þar fengju að eins litla þóknun fyrir að vera spítalalæknar, en fengju höfuðlaun sín fyrir önnur störf.

Einnig má gjöra ráð fyrir að Reykjavíkurbær borgi nokkuð af hinum árega kostnaði, og mun því óhætt að setja hann helmingi lægri en h. þm. Vestm. (V. G.) gjörði, eða 10—12,000 kr. Það virðist annars koma fram helzt til mikill barlómur í ræðum h. þm. Vestm. (V. G.) og h. 1. þm. Árn. (Tr. G.), að þeir á sama árinu og sparast 80—100,000 kr. við það að vjer fáum holdsveikraspítala að gjöf, að þeir þá skuli vera að barma sjer svo sáran yfir því, þótt tekin yrði sama upphæð úr landssjóði, sem vjer höfum orðið að taka til að byggja fyrir holdsveikraspítalann, ef aðrir hefðu ekki hlaupið undir bagga. Ekki getur verið ástæða til að barma sjer yfir því, að fjeð sje ekki til í landssjóðnum. Vjer höfum þar meira en nóg fje til þessa, enda á ekki að byggja spítalann á þessu fjárhagstímabili, og máske ekki einu sinni á hinu næsta; nú er um ekkert annað að ræða en undirbúning.

H. 1. þm. Árn. (Tr. G.) má vera óhræddur um að jeg ætlast ekki til að skertar sjeu 80,000 kr. til stórhýsisins hans fyrir þetta; jeg gjöri ráð fyrir að það verði byggt þegar á þessu fjárhagstímabili, ef það á annað borð verður byggt, og að það því gangi á undan spítalanum.

Mig furðaði á því að h. þm. Árn. (Tr. G.) skyldi fara að tala um fjárlaganefndina 1895 og spítalabygginguna á Sauðárkrók; jeg man eptir, að þegar það mál lá fyrir, þá barðist hann með hnúum og hnefum móti henni; þá vildi hann láta landsspítalann ganga fyrir, en nú er komið annað hljóð í strokkinn hjá honum. Það er heldur ekki vel samræmilegt hjá h. þingm. Árn. (Tr. G.), að berjast á móti þessari sjálfsögðu tillögu, og hafa þó sjálfur nýlega borið fram tillögu, sem reyndar var felld, um að skoða brúarstæði og gera áætlun um brúarbyggingar yfir fjölda af ám hjer á landi, þrátt fyrir það, þótt augsýnilegt væri, að ýmsar af þeim brúm yrðu ekki byggðar fyr en einhvern tíma seint og síðar meir og máske ekki fyr en um árið 2000. Þá vildi hann fá áætlun um framtíðarfyrirtæki; nú vill hann það ekki.

Þá var h. þm. Árn. (Tr. G.) að tala

um, að læknaskólinn mundi fá húsrúm í hinu fyrirhugaða stórhýsi sínu. En hvað bætir það úr landsspítalaskortinum? Ætlast h. þm. Árn. (Tr. G.) til, að þar sje tekin ein eða fleiri stofur fyrir sjúklinga, eða að sjúklingar sjeu dregnir þangað upp, svo að læknaefnin geti æft sig á þeim þar?

Fyrst nú báðir háttv. þingmenn, sem talað hafa og að sumu leyti mótmælt tillögunni, viðurkenna þó, að þörf sje á landsspítala, þá sje jeg ekki ástæðu til þess, að lofa ekki tillögu þessari að ganga í gegn.

Það er nógur tími til þess síðar meir að rísa öndverður gegn spítalabyggingunni, ef hún sýnist þá ónauðsynlegri en eitthvert annað stórfyrirtæki, sem þá kann að liggja fyrir.

Tryggvi Gunnarsson: H. 1. þm. K.-Gullbr. (Þ. Th.) þótti það ósamkvæmni hjá mjer, er jeg hefði viljað fá hingað norskan vegfræðing til að skoða brýr, en vildi þó ekki vera með að skora á stjórnina að leggja fyrir næsta þing áætlun um kostnað við byggingu landsspítala. En það er engin ósamkvæmni í þessu, því að hjer er um tvö svo ólík og óskyld mál að ræða. Jeg taldi nauðsynlegt að fá áætlun um brýrnar, af því það eru svo margar brýr, sem hjer þarf að byggja; en hins vegar er hjer að eins að tala um 1 spítala, sem vafasamt getur verið, hvort nenn almennt kæra sig um að byggja á næstu fjárhagstímabilum. En hafi þingið fyrst beðið um áætlun, þá hefir það með því gefið stjórninni undir fótinn og tekið á sig eins konar skuldbindingu að byggja spítalann, þegar áætlunin er fengin. — Í hið minnsta er óviðkunnanlegt, ef svo fer, að stjórnin bregzt vel við áskoruninni, og lætur gjöra teikningar og áætlanir, og sendir þetta svo ásamt frumv. til næstkomandi þings, en svo skyldi mönnum vera snúinn hugur og þingið fella frumv.; þá væri stjórnin höfð fyrir narra.

Jens Pálsson: Mig furðar mjög á því, að tillaga um byggingu landsspítala skuli mæta mótmælum í þessari h. deild, úr því að fjárskorti ekki verður með rjettu við borið. — Það fyrirtæki er þó sannarleg þjóðarnauðsyn. Því að búa í þjóðfjelagi, þar sem enginn viðunanlegur opinber spítali er til, er sama sem að vera stöðugt í lífshættu. Það koma þau tilfelli fyrir, að jafnvel beztu læknar geta ekki hjálpað mönnum eða varðveitt líf þeirra og heilsu, nema til sje góður spítali. Að vísu er til svo nefndur spítali hjer í Reykjavík, og er hann auðvitað betri en ekki neitt; en hann er einstakra manna eign, og enginn maður utan Reykjavíkur á neina löglega heimtingu á að mega nota hann. Auk þess er hann í svo hörmulega ljelegu ástandi, að hann á ekki eiginlega skilið að heita spítali. Jeg segi þetta ekki af því, að jeg álíti það ekki góðra gjalda vert af þeim einstöku mönnum, sem rjeðust í að stofna þessa spítalamynd, þótt ófullkomin sje.

Það hefir verið sagt, að það kostaði mikið fje að reisa landsspítala En hvað er mikið fje, þegar ræða er um heilsu og líf manna, ef til vill heilztu og merkustu meðborgara?

Það þjóðfjelag, sem ekki hugsar um að eiga sjer spítala, er í heilbrigðislegum skilningi þjóðfjelag villimanna og skrælingja.

Það væri minni skaði að fara á mis við margt annað, sem hjer á landi er talið nauðsynlegt, en að vera án spítala.

Sómi landsins liggur við, að vjer látum ekki lengur dragast að koma hjer upp veglegum og hinni 20. öld sam-

boðnum landsspítala. Hjer kemur árlega fjöldi útlendinga og þeir verða að horfa upp á, að hjer í höfuðstað landsins er enginn spítali, er nefnzt geti því nafni. Slíkt er sú höfuðskömm, að vjer megum ekki undir henni rísa.

ATKV.GR: 1. liður till. felldur með 12 : 8 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Einar Jónsson,	Klemens Jónsson,
Guðj. Guðlaugsson,	Björn Sigfússon,
Jens Pálsson,	Eir Gíslason,
Jón Jensson,	Guðl. Guðmundss.,
J. J., þm. A.-Sk.,	Halld. Daníelsson,
Pjetur Jónsson,	J. Jónss., þm. Eyf.,
Skúli Thoroddsen,	Ólafur Briem,
Þórður Thoroddsen.	Sig. Gunnarsson,
	Tr. Gunnarsson,
	Valtýr Guðmundss.,
	Þórður Guðmundss.,
	Þorl. Guðmundss.

Þrír þingmenn voru fjarverandi.

2. liður tillögunnar var tekinn aptur af flutningsm., en Valtýr Guðmundsson tók hann upp aptur, og var hann sam þykktur með 14 samhlj. atkv.

Fyrirsögnin samþykkt án atkvæða; till. afgreidd til forseta efri deild.

Till. til þingsályktunar um sóttvarnarhús (C. bls. 438); ein umr.

Flutningsmaður (*Þórður Thoroddsen*): Þótt jeg færi að segja nokkur orð um þessa till., þá yrði það að líkindum ekki annað en líkræða, eptir þeim undirtektum, sem næsta mál á undan sætti. Þingdeildin virðist ekki vera í því skapi í dag, að hún vilji stuðla að heilbrigðismálum landsins. Jeg ætla þó ekki að taka tillöguna aptur, heldur lofa þingdeildinni að fella hana. En ástæður fyrir henni þarf jeg ekki að fara að taka fram nú; jeg hefi áður talað um þetta mál, og eru þær þingdeildarm. kunnugar.

Tryggvi Gunnarsson: Jeg er einnig mótfallinn þessari tillögu. Hún er ekki ný; hún hefir komið til umtals á fleiri undanförnum þingum, og jafnan verið álitið nóg að leigja í þessu skyni pakkhús eða eitthvert annað hús, ef á þarf að halda; sem betur fer kemur sú þörf svo ákaflega sjaldan fyrir. Það væri þó hálf-fáránlegt, að fara að byggja mörg hús á ýmsum stöðum, sem ekki þyrfti að nota að líkindum meira en einu sinni á 25 árum, og þá kannske að eins örfáa daga.

Jeg vona því að þingdeildin sje á sama máli um þetta efni, eins og hún hefir verið að undanförnu.

Skúli Thoroddsen: Það hvílir á þinginu sú skylda að lögum, að reisa sóttvarnarhús á ýmsum stöðum, og þessari skyldu álít jeg ekki rjett af þinginu að færast undan. Hitt álít jeg og efasamt, að hús verði ávallt fáanleg til þessara nota, er á þeim þarf að halda; en þótt svo væri, og þingið vildi heldur láta stjórnina hafa fje til umráða, til að leigja þau hús, sem nauðsynleg kunna að verða í þessu efni, þá er jeg hræddur um, að það gæti orðið ef til vill jafnvel kostnaðarsamara, þegar fram í sækir, en að byggja. Síðast er alþingi veitti fje í þessu skyni, þá reyndist það svo, að menn voru mjög tregir að leigja hús sín í þessu skyni, nema mót mjög hárri borgun; á Ísafirði ætla jeg, að leigan yrði t. d. um 2—300 kr.

En verði nú staðirnir, sem byggja þarf á, 5—6, og ef vjer gerum ráð fyrir, að hvert hús kostaði um 2000 kr., þá yrði kostnaðurinn fyrir allt landið 10—12000 kr.; og auk þess er vel hugsanlegt, að húsin þyrftu ekki að vera alveg arðlaus, því að þann tíma, sem þau eru ónotuð, mætti opt leigja þau út til fundarhalda og annars.

Þegar um spítala og sóttvarnarhús

er að tala, þá er það jafnan mannúðarmál; og þegar því um það er að gera, að varna t. d. bólusótt, kóleru, eða stórsóttum inngöngu í landið, þá finnst mjer ekki vera horfandi í 10-12000 krónur.

Klemens Jónsson: Jeg er samdóma h. þm. Ísf. (Sk. Th.) í þessu máli, því þótt jeg væri á móti landsspítalanum, þá er jeg ekki á móti þessu. Hjer er að ræða um að fullnægja gildandi lögum. Jeg veit að það er opt ómögulegt að fá leigð hús í þessu skyni. Svo er það á Akureyri. Þar hefir einu sinni þurft á þessu að halda, og þá fjekkst að eins lítilfjörlegt og algerlega ónægt húsnæði. Og þótt það dygði í það sinn, þá er það heppninni einni að þakka og ekki öðru.

Upphæðin, sem um er að gera, er líka mjög lítil, og mun jeg hiklaust greiða atkvæði með tillögunni.

Valtýr Guðmundsson: Jeg get ekki verið samdóma þeim h. þm., sem álíta að hjer sje um svo lítið fje að ræða. Það er auðvitað nokkurt vandhæfi á, þar sem þetta er fyrirskipað með lögum; en stjórnin hefir þó ekki farið fram á neina fjárveiting til þessa í fjárlögunum. Hún kann að gera það næsta sinn, og er þá hættulaust að bíða þangað til. Það er vel hugsanlegt að stjórnin fari þá fram á að nota Döckers-tjöld til þessa, í stað þess að reisa hús. Þau yrðu án efa ódýrari. Tel jeg því till. þessa óþarfa, því að vel má notast við Döckers tjöld. Þau eru í ýmsum tilfellum notuð erlendis, þegar næmir sjúkdómar eru á ferðum, og sóttvarnarhúsin reynast of lítil.

Tryggvi Gunnarsson: Jeg hef ekki sannfærzt af umr. og verð að líta á þetta mál á sama hátt og áður, jeg tel það óráðlegt að vera að herða að stjórninni með að byggja þessi hús. Mig furðaði á að heyra ummæli h. 1. þm. Eyf. (J. J.). Það ætti ekki að vera neinn vandi að fá hentugt hús í Eyjafirði. Þm. þekkir eins vel og jeg, að í Hrísey, sem er afskekkt, eru nóg timburhús til. Þau eru vel sett, og má gera þau byggileg í snatri, ef á þart að halda. Alveg sama er tilfellið á Seyðisfirði; þar eru næg Norðmannahús út með öllum firði. Læknir ætti að hafa leyfi til að kasta út 3-400 kr. í svip á kostnað landssjóðs, nær sem á lægi, til að leigja hús fyrir sjúklinga, sem koma með hættulega veiki frá útlöndum. Það yrði þó ætíð ódýrara en að byggja mörg hús. Tjöld má líka notast við um hásumarið; um það leyti árs er hættast við að sóttnæm veikindi berist frá útlöndum.

Flutningsmaður (Þórður Thoroddsen): Ekki get jeg verið samdóma h. þm. Vestm. (V. G.) um það, að stjórnin muni fara að skipta sjer nokkuð af þessu máli, ef vjer fellum till. Hún mun þá skilja það svo, sem vjer munum ekkert vilja með þessi hús hafa.

Döckers-tjöldin, sem hann talaði um, eru líka hús; en þau tjöld eru alls ekki sama sem Fossvogstjöld ferðalanga. Slík tjöld mundu kosta um 3000 kr., og yrðu ef til vill dýrari en hús. Jeg gæti hugsað mjer, eins og h. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) benti á, að það mætti fá nokkra leigu fyrir húsin, t. d. með því að semja við bæjarstjórnirnar í þeim bæjum, þar sem þau yrðu byggð, um að leigja þeim húsin, t. d. ef innlendar sóttir koma upp. Jeg get ekki verið samdóma h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) um sparnaðinn, sem hann var að tala um, enda vildi jeg ekki, ef jeg væri veikur, láta setja mig í salthús í Hrísey, nje grútarskúr hjá Geir vini hans. Mjer finnst það vera lúalegur hugsunarháttur, að vilja láta landssjóðinn vera

að leigja fiskihjalla undir sjúklinga (*Tr. G.*: Íbúðarherbergi eru í því nær öllum Norðmannahúsunum), og ekki samboðið þessara tíma hugsunarhætti, að láta sjer slík ummæli um munn fara.

ATKVÆÐAGR.: Till. samþ. með 13 : 6 atkv., og afgreidd til Ed.

Tillaga til þingsályktunar um að þingið þakki hinar erlendu gjafir til manna á jarðskjálftasvæðinu (C. bls. 473); ein umr.

Flutningsmaður (*Þorlákur Guðmundsson*): Jeg ber þessa tillögu upp í fullu trausti þess, að h. deild taki henni vel, og vona jeg að hún sje í samræmi við hugsunarhátt þjóðarinnar, því að hún hefir sýnt, að hún tekur fulla hlutdeild í þessu jarðskjálftatilfelli, því hjer hafa margir gefið meira af góðum vilja en miklum efnum. Það eru margir, sem þakka ber, fyrst og fremst hans hátign konunginum, sem hóf samskotin og undir hvers vernd þau stóðu, og samþegnum vorum Dönum, sem hafa lagt fram drjúgum mest, af góðum drengskap, og fleiri þjóðum, sem sýndu oss góðvild og hlutdeildarvott, svo sem Norðmenn, Svíar og Englendingar, og litilsháttar Þjóðverjar og ef til vill fleiri eitthvað líka, — fyrir utan það, sem bræður vorir í Vesturheimi lögðu fram af litlum efnum og góðum vilja.

Jeg skal nú ekki fjölyrða um þetta meir. Jeg get nefnt, bætt því við, að hans hátign konungurinn hefir líka minnzt þess með viðkvæmum orðum í boðskap sínum til alþingis.

ATKVÆÐAGR.: Till. samþ. og 5 manna nefnd kosin. Þessir hlutu kosningu:

Þorlákur Guðmundsson	með	14	atkv.
Guðlaugur Guðmundsson	—	8	—
Sighvatur Árnason	—	8	—
Valtýr Guðmundsson	—	8	—

og Benedikt Sveinsson eptir hlutkesti milli hans og Þórðar Guðmundssonar.

Fertugasti og annar fundur,

fimmtudag 19. ágúst. Allir á fundi nema þm. N.-Þing. (Ben. Sveinsson), sem hafði tjáð forföll.

Frumv. til laga um gagnfræðakennslu í lærða skólanum í Reykjavik og í gagnfræðaskólanum á Möðruvöllum (C. bls. 520); 3. umr.

Jón Jónsson (þm. A.-Skaptf.): Mjer þykir óviðurkæmilegt að svona stórt mál fari út úr deildinni, án þess að það sje rætt að nokkrum mun. Því að það er óneitanlega stórt mál, þegar ræða er um breyting á stofnun, sem er mjög mikils varðandi fyrir alla lærða menn hjer á landi, þar sem eini skólinn er sem fá má í fullkomna menntun og hefir verið talinn standa jafnfætis öðrum slíkum stofnunum erlendis. Þó að jeg eigi nú að heita lærður maður, þá treysti jeg mjer ekki til að tala um þetta mál eins og vert væri, og sama ímynda jeg mjer að eigi sjer ef til vill stað um ýmsa aðra h. deildarmenn. Hjer á ekki sæti nokkur maður, sem fengizt hefir við þesskonar kennslu, nema ef til vill h. þm. Vestm. (V. G.), en þó ekki hjer á landi. Þegar þetta mál var hjer til umræðu á þingi 1893, þá átti sæti hjer einn af kennendum lærða skólans, og stóð ákaflega fast í móti þeirri breyting, sem þá var stungið upp á, líks efnis og sú sem hjer liggur fyrir, og bar hann fyrir sig álit merkra manna víðsvegar um heim.

Jeg skal ekki mæla gömlu málunum bót, en menn ættu að hugsa sig vel um, áður en þeir hrapa að því að breyta gömlum stofnunum. Hjer er um breyting að ræða, sem ýmsir lærðir menn álíta óheillavænlega og ætla að af henni

stafi káklærdómur og grunnfærni (Overfladiskhed). Það kann að vera að þeir hafi rjett fyrir sjer, jeg skal ekki skera úr því, en að eins benda á þetta.

En hjer er um fleiri breytingar að ræða. Hjer er ráðgjört að stofna enn eitt kennaraembætti á Möðruvöllum; jeg sje ekki, hversu því verður viðkomið, með þessu skólahúsi, sem nú er þar þá verður um leið að stækka skólahúsið, enda held jeg að h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) hafi gefið það í skyn, og gjöri jeg honum að vita það, að skólinn skyldi flytjast inn á Akureyri, og yrði þá sjálfsagt að byggja nýtt skólahús. Svo er nú með þessa gagnfræðakennslu hjer; það er ekki gjört ráð fyrir að bæta við kennslukröptum, en þeirra mun þó þörf síðar. Einnig er þess að gæta, að nú liggur frv. fyrir h. Ed. um stofnun kennaraskóla í Flensborg, og verði það samþykkt, þá eru þar 3 ný kennaraembætti, og það 4. við Möðruvallaskólann, og þá mun það sumra manna mál, að við sjeum búnir að setja á stofn 3 kákskóla í stað eins nýtilegs. Mjer finnst ekki rjett að láta allar þessar breytingar komast á umræðulaust, það er margt athugavert við þetta, og ekki rjett að láta það ganga fram hjá sjer án þess að benda á það.

Jeg vildi gjarnan heyra skýringar frá öðrum h. þingdm., sem fróðari væri um þetta efni, ef jeg kynni að geta látið sannfærast af þeim, en sem stendur treysti jeg mjer ekki til að greiða atkv. með því, sem hjer liggur fyrir.

ATKV.GR.: Frv. í heild sinni samþ. með 13 : 4 atkv. og endursent Ed.

Frv. til laga um dýraverndun (C. bls. 522, 525); 3. umr.

Framsögumaður (*Tryggvi Gunnarsson*): Jeg sje ekki að þessi breyt.till., sem hjer liggur fyrir, sje til bóta, mjer virðist hún skaðræði fyrir tilgang frv. Meiningin með ákvæði þess er sú, að markaðshestar og allir brúkunarhestar skuli vera járnaðir á langri leið, og sýnist 1 þingmannaleið nóg, þótt ekki sje hækkað upp í 3 þingmannaleiðir.

Sighvatur Árnason: Jeg skal játa að tilgangur frv. þessa er næsta lofsverður; en jeg vildi um leið minnast á breyt.till. á þingskjali 461, nefnilega þar sem talað er um járning hesta, nefnilega að eins það að 1 þingmannaleið skuli undanskilin járningu. Jeg álít 1 þingmannaleið óþarflega stutt, því hverjum dettur í hug að járna markaðstrippi t. d. austan úr Ölfusi og hingað, sem þó mun vera á 2 þingmannaleið. Þetta leiðir af sjer óþarfa kostnað og erfiði meira en ókunnugir geta gjört sjer í hugarlund, að járna þann hrossafjölda, sem fer hópum saman af mörkuðunum; svo það er hætt við, að þetta verði í undandrætti, þótt lögboðið sje, einkum þegar allir sjá að það er óþarfi, sem lögin bjóða. Jeg er sannfærður um, að ekki þarf að járna hross til skemmri leiðar en 3 þingmannaleiða. Laus hross eru alveg jafngóð, þó rekin sje 2–3 dagleiðir járnalaus, ef þau eru ekki hófsár undir, þó að þetta sje gjört í góðu skyni, og þótt tilgangur frv. eins og jeg hef tekið fram sje góður, þá verður að fara hóflega í sakirnar hjer sem í öðru.

Jeg hef ekki sjeð í frv. að tiltekið sje að eptirlit skuli vera með því að járning sje trygg; jeg man áður að samtök voru um að járna hross á markaði, en það er sú aumasta járning, sem jeg hef sjeð, af því ekkert eptirlit var með henni. Því ef járning er slæm, þá er hún verri en ekki. Það er betra að hestar sjeu járnalausir, þó þeir verði að eins hófsárir, en að þeir sjeu illa járnaðir, því þá geta þeir rifið sig á skeifubrotum og standnöglum. Eptir frv. er um alls

ekkert eptirlit að ræða með þessari járningu, nema ef vera skyldi í kaupstöðum, en í sveitinni er það alls ekki neitt.

Jeg vil mæla með því að breyt.till. gangi fram, af því jeg álít að hún gæti hófs í þessu efni en frv. ekki.

Eiríkur Gíslason: Jeg vildi að eins gjöra stutta athugasemd út af orðum h. 1. þm. Rangv. (S. Á.) Mjer þykir kynlegt að hann skuli mæla fram með þessari breyt.till. og þykja þó tilgangur þess góður. Hann gat þess viðvíkjandi járningu á markaðshrossum, að það væri óþarfi að járna þau fyrir minna en 1—2 dagleiðir, og tók til dæmis leiðina austan úr Ölfusi. Það getur verið að á þeirri leið verði markaðstrippi ekki hófsár, þó ójárnuð sje og með hvíta hófa. En á þeirri leið hagar sjerstaklega til, því að óvíða eru eins góðir vegir annarsstaðar, eins og á þessari leið. Og mjer er kunnugt um að mjög víða hagar svo til og jeg skal til dæmis nefna í Mýra-, Snæfells- og Dalasýslum að ekki þart að reka markaðshross ójárnuð nema stutta leið, til þess að hófarnir á þeim eyðileggist, jafnvel ekki nema nokkrar bæjarleiðir.

H. þm. (S. Á.) vissi dæmi þess, að hross hefðu áður verið járnuð á markaðsstöðunum. En ef þetta yrði lög, þá býst jeg við að hrossin yrðu járnuð heima á bæjum; þeir, sem keyptu hrossin, mundu þá auglýsa, að hrossin yrðu að vera vel járnuð, annars yrðu þau ekki keypt, og ef seljendur vissu að það væri skilyrðið fyrir sölunni, þá mundu þeir líklega vilja vinna það til. En jeg skal játa, að ef járnað væri á markaðsstöðunum, þá mundi sú járning tæplega svo dygg, að hlítandi væri.

Það er líka venja sumstaðar nú þegar, að kaupa að eins járnuð hross, og sú mundi verða afleiðingin, ef þetta frv. yrði lög.

Þórður Guðmundsson: Jeg get vel játað það, að frumvarpið hefir lofsverðan tilgang og er æskilegt í öllum höfuðatriðunum. En samt dylst mjer það eigi, að sum af ákvæðum þess eru miður heppileg. Vitanlegt er það, að aðfinningar viðvíkjandi því hefðu átt að koma fram við aðra umræðu máls þessa og þá hefði breyt.till. átt að komast að. Hjer er breyt.till. á þingskjali 461, sem jeg álít að sje að mörgu leyti óþörf. Þegar um rekstur hrossa til útskipunarstaðarins er að tala, þá verður því eigi neitað að það er á ábyrgð manna þeirra, sem þau hafa undir höndum, að þeim líði vel til útskipunarstaðarins, og að þau verði ekki fyrir neinni misþyrmingu. En vitanlega er minni hættan á því nú heldur en áður, að hrossum líði illa á þeirri leið, vegna þess að vegir eru miklu betri heldur en þeir voru áður. En jeg vil taka það fram, að það er eitt ákvæði í 4. gr. frv., sem jeg á ekki gott með að skilja, nefnilega brúkunarhross og öll þau hross, sem af mörkuðum eru rekin, o. s. frv. Ef með þessu eru að eins meint þau hross, sem af mörkuðum eru rekin, þá er fyrsta orðinu: »Brúkunarhross« of aukið, og væri þá nóg að segja: Öll hross, sem rekin eru af markaði o. s. frv. En svo vil jeg geta þess, að jeg er hræddur um, að hægt yrði að fara í kringum lögin í þessu efni, ef frv. yrði samþykkt þannig. Jeg ímynda mjer að eptirlitið með þeim yrði lítt framkvæmanlegt. Hjer er sagt: Brúkunarhross og öll hross, sem af mörkuðum eru rekin, skulu tryggilega járnuð, ef sú leið, sem þau skulu rekin, er lengri en þingmannaleið. En ef þessu yrði þannig háttað, þá gæti farið svo, að menn settu markaðsstaðinn eina þingmannaleið frá útskipunarstaðnum, en menn gætu rekið þau ójárnuð á markaðinn. Lögreglan gæti varla sjeð um þetta. Þess utan

höfum vjer lög, sem banna það að skepnum sje misþyrmt. Jeg skal játa það, að það kunna að vera ýms hjeruð á landinu, þar sem 3 þingmannaleiðir er oflangur vegur fyrir ójárnuð hross. Það kann t. d. að vera í Borgarfjarðar- og Mýrasýslu, því þar er víða ógreiður og slæmur vegur. En úr Árnessýslu, Rangárvallasýslu og jafnvel úr Skaptafellssýslu ímynda jeg mjer að hægt sje að reka ójárnuð hross til Reykjavíkur, án þess þau sjeu skemmd fyrir það. En jeg er á sama máli og h. 1. þm. Rangv. (Sighv. Árn.) um það, að allt eptirlit myndi vanta með því, að lögunum yrði framfylgt í þessu efni, og jafnvel þó hrossin væru járnuð, áður en farið er með þau á stað, þá geta járnin dottið undan þeim svo sem eptir einn klukkatíma og eigi auðvelt að hafa gætur á svo mörgum hrossum, ef rekstrarnir væru eigi því betur skipaðir mönnum. Sömuleiðis geta hestarnir rifið sig, og eptirlitið með þessu öllu yrði þá svo erfitt og mikið verk að eigi væri unnt að koma því við. Jeg álít það mjög óheppilegt, þegar menn koma með lagaákvæði, sem ómögulegt er að fylgja fram nema þá með ærnum kostnaði, lagaákvæði, sem einnig er mjög auðvelt að fara í kringum. Jeg sje ekki neina ástæðu til þess að setja þessi ákvæði inn í lögin nú, álít, að þess þurfi eigi. Jeg hef þá von, að gufuskipaferðir fari að aukast, svo að gufuskip geti komizt á þær hafnir, sem liggja næst markaðsstöðunum, t d. í Borgarnesi, svo Borgfirðingar og Mýramenn þurfi ekki að reka hross þau, er þeir selja, hingað til Reykjavíkur. Jeg ætla að endingu að geta þess, að jeg hef í hyggju að greiða atkvæði mitt með breyt.till. á þingskjali 461. Jeg held að hross geti verið óskemmd, þó þau sjeu rekin 3 þingmannaleiðir ójárnuð, ef skynsamlega er með þau farið.

Jón Jónsson (2. þm. Eyf.): Jeg efast eigi um það, að tilgangurinn með frv. þessu sje góður. Jeg neita því heldur ekki, að þörf sje á lögum um illa meðferð á skepnum. En við höfum reyndar eitt lagaákvæði um illa meðferð á skepnum. En jeg held því fram, að hinn h. flutningsm. hafi eigi hugsað málið nógu rækilega; þar sem í 4. gr. segir, að þau hrosss, sem af mörkuðum sje rekin, skuli vera tryggilega járnuð, þá vil jeg setja upp þá spurningu: Hver á að sjá um það, að þau sjeu tryggilega járnuð? Þegar maður íhugar þetta, þá sjer maður, að frumv. er óaðgengilegra fyrir það. Það er ekki svo auðvelt að hafa nákvæmt eptirlit með þessu. Jeg skal einnig taka það fram, eins og h. 2. þm. Rangv. (Þórður Guðm.), að auðvelt er að fara kringum lögin í þessu efni, t. d. með því að hafa markaðsstaðinn nógu nærri útskipunarstaðnum, svo þessi grein yrði sannarlega ekki þægileg í framkvæmdinni. Þá vil jeg ennfremur minnast á 5. gr. frumv., sem mjer finnst einnig vera mjög viðsjál. Mjer dettur alls ekki í hug að neita því, að sá eigi skilið að vera sviptur eignarumráðum yfir skepnum sínum, sem misþyrmir þeim á einn eða annan hátt. Að minnsta kosti ætti hann eigi að hafa leyfi til að brúka hesta sína, ef þeir eru illa á sig komnir að einhverju leyti. En hitt vil jeg aptur taka fram: það má ekki ofurselja menn geðþótta eða gjörræði lögregluunnar. Menn geta nefnilega, ef þessi gr. verður samþykkt, orðið sviptir eign sinni fyrir þær einar sakir, að lögregluþjónninn eða lögreglustjórinn hefir misþóknun á þeim. Lögreglan getur beitt við þá því, sem henni lízt á augnabliki reiðinnar. Með þessari grein get jeg eigi gefið atkvæði mitt, en vildi gjarnan, að h. flutningsm. vildi koma með

betra ákvæði en þetta er. Aðalstefnan í frumv. finnst mjer góð, eins og jeg tók fram áður, en kostnaðurinn verður of mikill við að koma því til framkvæmda, og það er víst um það, að hann verður að hafa sín takmörk.

Framsögumaður (Tryggvi Gunnarsson): Jeg þykist sjá hjer prentvillu í 4. gr. frumv. og vil jeg leyfa mjer að spyrja forseta, hvort eigi megi leiðrjetta hana. Það á að vera komma á eptir orðinu, »brúkunarhross«. Jeg hef heyrt það, að þm. misskilja greinina, en það kemur einmitt til af því, að kommuna vantar. Meiningin er nefnilega sú, að öll brúkunarhross, sem eiga að fara 1 þingmannaleið og lengra, skuli vera járnuð. Jeg vil geta þess, að jeg hef sjeð hjer hross að austan ójárnuð, svo sárfætt, að þau hafa varla getað staðið í fæturna. Jeg hefi farið til þeirra manna, sem hrossin hafa haft undir hendi, og sagt þeim, að jeg færi til bæjarfógetans og kærði þá fyrir illa meðferð á hestum sínum, ef þeir ekki vildu láta járna þá samstundis. Þegar jeg hef sjeð fjárhópa koma hingað til bæjarins austan úr Rangárvallasýslu, þá hef jeg sagt: »aumingja mennirnir, sem eiga þessar skepnur«, en ekki: «aumingja skepnurnar«, svo smáar, rýrar og lítilsverðar hafa þær verið. Þrevetrir sauðir þaðan eru margir minna virði en veturgömul kind í Þingeyjarsýslu, og enda efst úr Árnessýslu. Hvort þetta ástand fjenaðarins er afleiðing af ljelegri afrjetti og ljettu beitarlandi, eða langsömum kvalningi á vetrum og þar af leiðandi úrættun á kyninu, skal jeg láta ósagt, en undirtektir beggja þm. Rangv. bæði í þessu máli og horfellismálinu koma mjer til að halda, að hið síðarnefnda sje ástæðan. Jeg sje að þeim er ekki mjög annt um velliðan skepnanna, og get í myndað mjer að lík skoðun sje ríkjandi í þeirra kjördæmi.

H. 1. þm. Rangv. (S. Á.) tók það fram í ræðu sinni, að það væri ómögulegt að koma því við að járna hross á mörkuðum. Þó vill hann láta járna hrossin, þegar þau eiga að rekast 3 þingmannaleiðir. En má jeg spyrja: Er ekki jöfn fyrirhöfnin að járna hrossin, hvort sem þau eiga að fara eina eða þrjár þingmannaleiðir? Eru ekki sömu erfiðleikarnir að járna hrossin á þeim markaðsstað, sem liggur 3 þingmannaleiðir frá útskipunarstað, eins og þar sem ekki er meira en 1 þingmannaleið? Ekki get jeg betur sjeð. Einnig talaði h. þm. Rangv. (S. Á.) um það, að lögreglustjórarnir hefðu nóg að gera, þó þeir hefðu eigi um þetta að sýsla. En mjer finnst þetta eigi vera fullnægjandi mótbára; þeir geta fátt þarfara gjört, en að breyta hugsunarhætti manna um meðferð á skepnum. Jeg hefi fengið mörg brjef frá dýravinum viðvíkjandi því eina lagaákvæði, sem til er um illa meðferð á skepnum, og miklar kvartanir um, hve þau ákvæði sjeu óljós og ónóg. Hjer í frv. er það skýrt fyrir mönnum, hvað sje að varast við meðferð skepnanna. Þar sem h. 2. þm. Eyf. (J. J.) spurði um það, hvernig menn gætu haft vissu fyrir því, »að hross væru tryggilega járnuð«, þá er slíkt hártogun og vífilengjur; reynslan verður að sýna, hver skeifan er vel eða illa negld í hófinn. Menn segja að hægt væri að brúka undanbrögð, þó frumv. þetta yrði að lögum, og auðgjört að skjóta sjer undan laganna hendi. Það getur vel verið. Það eru svo mörg lög með því markinu brennd, svo jeg get ekki sjeð, að þetta sje næg ástæða gegn frumv. Ekki er síður hægt að koma við undanbrögðum í löggildingarmálum verzlunarstaða, og

er þingið þó ekki mjög hrætt við að fjölga þeim lagaboðum árlega. H. sami þm. minntist á, að sjer virtist sú hætta stafa af 5. gr., að menn gætu orðið sviptir eignarrjetti sínum fyrir gjörræði lögregluþjónanna. En eigi þeir ekkert vald að hafa í þessu efni, þá verður framkvæmd laganna engin, og þau ónýt um leið. Þó h. þm. látist vera frumv. mótfallinn, þá er jeg sannfærður um að honum sárnar, þegar hann sjer einhverja skepnu miskunnarlaust meðfarna, að geta þá engin lagaákvæði haft sjer til stuðnings, til þess að geta hjálpað skepnunni og fyrirbyggt slíkt. Hvers vegna vill hann þá eigi rjetta hjálparhönd okkur, sem erum að reyna að koma þessum ákvæðum fram? Ef h. þm. sjer eitthvert annað betra ráð, heldur en frumv. hefir, þá skal jeg verða manna fúsastur til að aðhyllast það, en meðan hann ekki kemur með það, þá mun jeg halda fast við frumv.

Þorlákur Guðmundsson: Frumv., sem líktist þessu, sem hjer liggur fyrir, hefir áður verið fyrir þinginu og þá sem nú mætt mótstöðu frá einstökum þm., og svo er einnig um þetta frumv. að það mætir andmælum. Jeg skal játa, að frumv. er í ýmsu ábótavant, en þó finnst mjer meginstefna þess góð og rjett. H. 1. þm. Rangv. (S. Á.) heldur því fram, að óþarfi sje að járna hesta, þó þeir eigi að fara meira en eina þingmannaleið, en það munar miklu, hvort það er 1 þingmannaleið eða 2 þótt svo væri að fara mætti með ójárnuð hross úr Árness- og Rangárvallasýslu hingað til Reykjavíkur, án þess að á þeim sjái, þá er þetta alveg einstakt dæmi, því á þeirri leið eru góðir vegir og það betri en víðast eða nokkurs staðar annarsstaðar á landinu, en víðast eru aptur torfærur og vegleysur einar, og hjer ber það að athuga með fleiru, að það er ónærgætni og skynsemdarskortur að ætla óhörðnuðu ungviði jafnt úthald sem fullþroskuðu, af hverju kynferði sem er, og þetta gildir ekki síst, þegar á að meta það, hve langt reka má ójárnuð trippi. Jeg er hræddur um að við menn-irnir yrðum sárfættir, ef við yrðum að ganga þingmannaleið eða þá 3 þingmannaleiðir á sokkaleistunum, sem við köllum, eða berfættir. Jeg ímynda mjer að við myndum fá nóg af því að gagna á iljaskinninu. Hvað því viðvíkur, að skeifurnar geti flýtt farið undan hestunum, og að þeir geti rifið sig á nöglunum, þá er það meiningarlaust að fella frumv. fyrir það, því að eptir þeirri setningu ætti að hætta að járna öll hross. Það er líka ofur auðvelt að sjá, hvort hestur hefir verið járnaður eða ekki. Eigum við að ganga út frá því, að læknarnir sjeu óþarfir, vegna þess að sumir menn deyja í höndum læknanna og aðrir geta ekki til þeirra náð? Það get jeg ekki sjeð. Eins er með þetta. En auðvitað má gera ráð fyrir því, að þess verði langt að bíða, að lögreglustjóri verði settur á hverja þúfu í landinu. Sama er að segja um að læknir sje ætíð við höndina, þegar hans þarf. Jeg vona það fastlega, að breyt.till. á þingskj. 461 verði ekki samþ.

Hvað ræðu h. 2. þm. Rangv. (Þórð. G.) snertir, þá verð jeg að skoða hana sem bending um það, hvernig menn eigi að fara í kringum lögin, og jeg myndi hafa tekið mjer það til inntekta, ef jeg vildi fara í kringum þau. En við megum ekki og eigum ekki að kenna mönnum ráð til þess að fara kringum lögin, sem við erum að búa til. Menn mega ekki kenna mönnum ráð til þess, þó að menn viti, að mögulegt sje að fara í kringum þau. Það er svo um flest eða öll lög, að það má fara í kring um þau með ráðkænsku og ólöghlýðni.

H. 2. þm. Rangv. (Þ. G.) sagði, að eigi væri gott að hafa eptirlit með hrossum, sem rekin eru til útskipunarstaðarins, vegna þess, hve marga menn þyrfti til þess að gæta að þeim, og rekstrar væru opt of fáliðaðir til þess að því yrði vel komið við. Það getur verið, ef menn vilja hvorki leggja til nýta menn nje nógu marga. Jeg álít það siðferðislega skyldu hvers manns, að fara vel með skepnur sínar. Menn eru siðferðislega skyldir að selja þær í hendur þeim mönnum, sem fara vel með þær; þeir eru skyldir að kveðja þær með vinarhug, en ekki með þeirri hugsun, að geta fengið upp úr þeim sem mesta peninga með sem minnstum kostnaði. Meðan skepnurnar eru í landinu, þá eigum vjer að fara vel með þær, og gera allt til þess að þeim líði sem bezt að verða má. Mjer finnst einnig að hrossin þurfi að vera járnuð, meðan þau eru að bíða eptir því að þeim sje skipað út. Jeg hef sjeð það, að meðan þau bíða eptir útskipun, sem opt er mjög langur tími, að þeir, sem eiga að hafa eptirlit með þeim, passa þau, taka þau, tamin og ótamin, til þess að ólmast á þeim í kring um hópinn, jafnvel dag og nótt. Þetta skrölt tekur ef til vill enn meira upp á hófana en sjálfur reksturinn til útskipunarstaðarins. En þegar allt leggst saman, verða hörmungarnar margar En þeir sem gæta hrossanna eru auðvitað líka misjafnlega drenglyndir; þeir eru misjafn sauður í mörgu fje. Hrossakaupmaðurinn sjálfur getur vanalega ekki litið eptir þessu sjálfur. Hann verður að sjá með annara augum, einum í dag en öðrum á morgun. Það er ekki til svo gott mál, að mælskir menn geti eigi spillt fyrir því. En það eru líka til postular á öllum tímum, sema prjedika mannúð og vjer, sem tölum með þessu frumvarpi, prjedikum mannúð. Til hvers er að slá því fram, að gott sje að vernda skepnurnar, en standa svo andvígur á mót þeim tilraunum, sem eru gerðar í þá átt. Hjer virðast koma fram postular, sem prjedika á móti mannúð, ekki beinlínis heldur óbeinlínis, af því málefnið er svo gott, að þeir tímar munu koma að ekki dugi móti að mæla. Það er annars merkilegt, að á þessum stað og tíma rísa upp spámenn og postular, sem prjedika að ekki sjeu til tiundarsvik í landinu, að ekki sje til horfellir og ekki sje unnt að fara betur með hross í landinu en verið hefir á liðnum tímum.

En væru allar þær sauðkindur, sem fellu á næstliðnu vori af megurð fyrir fóðurskort og hirðuleysi, komnar hjer fram fyrir hinar helgu dómgrindur þingsins, þá mundi verða þröng á þingi; já, meira að segja, það mundi verða þröngt á götum bæjarins; og ef þær allar jörmuðu einum róm, mundi mörgum meira boðið en þeir væru menn fyrir. Ekki sagði Kristur við postula sína: Farið út um allan heiminn og prjedikið fastheldni við gamlar óvenjur, gamalt sinnuleysi o. s. frv.

Þórður Guðmundsson: H. 1. þm. Árn. (Tr. G.) hefir nú að vísu gefið góða skýringu á, hvað hann meinti með ákvæðum frumv. En hálfbroslegt þykir mjer það, þegar þeir sem bera fram frumv. leggja sinn skilninginn hver í það, eins og nú er um h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) og h. 2. þm. Árn. (Þorl. G.) H. 1. þm. Árn. (Tr. G.) hefir lýst því yfir, að með ákvæðinu um járninguna ætti hann við öll brúkunarhross í landinu, en h. 2. þm. Árn. (Þorl. G.) segist þar eiga við öll hross, sem seld eru á markaði. (*Þorl. G.*: Hreinn misskilningur hjá h. þm.). Hjer er stórt bil á milli. Úr því meiningin er sú, að járna eigi öll brúkunarhross, þá er langt frá því að að frumv. nái tilgangi sínum,

langt frá því að það efli dýraverndun. Því að það vita allir, að á mýrlendi og mjúklendi er það fyrsta ráðið til að eyðileggja fætur hrossa að láta þau ganga járnuð árið um kring, og til að sýna, hvílíka fyrirhöfn og kostnað slíkt hefði í för með sjer, skal jeg benda á það, að eigi hrossunum að líða vel járnuðum, veitir ekki af að járna þau upp á hálfsmánaðar fresti. Það er broslegt, þegar menn eru að tala um það, sem út úr öllu skín, að þeir bera ekki skynbragð á; og út úr þessu frumv. skín það að höfundar þess bera ekki skyn á, hvað skepnunum er fyrir beztu undir vissum kringumstæðum.

Jeg tók það fram áður, hversu ó framkvæmanlegt járningaratriðið væri, og jeg skal bæta því við, að í frumv. sjest ekki, hvort það er kaupandi eða seljandi, sem á að láta járna hrossin. (*Þorl.* G: Þeir um það). Ef það er meiningin að kaupandinn annist járninguna, þá bið jeg h. flutningsmenn að segja, hvernig þeir hugsa sjer það framkvæmanlegt. Þeir hljóta að þekkja það, að á einum degi eru stundum keypt hross svo hundruðum skiptir, og að allur dagurinn gengur til þessara kaupa. Hvernig á þá að að fara? Á að láta nóttina og máske næsta dag með ganga til járningarinnar? Mundi slíkt verða minni plága fyrir hrossin, en að ganga nokkurn spöl ójárnuð til útskipunarstaðar?

Því hefir verið beint að Rangárvallasýslu, að hún mundi einna lægst standandi í dýraverndun; líklega af því, að þm. sýslunnar hafa orðið til þess að mæla móti horfellislögunum og sömuleiðis þessu frv. En jeg verð alvarlega að frábiðja mínu hjeraði, að það sje sekara en önnur hjeruð í slæmri meðferð á skepnum. Jeg er ekki að berjast á móti góðri skepnumeðferð, heldur á móti kostnaðarsömum og óframkvæmanlegum lögum.

H. 2. þm. Árn. (Þorl. G.) blandaði þessu máli saman við horfellisfrv. Það átti að vísu ekki við, en úr því það mál er komið til umræðu hjer, þá ætla jeg að minnast fám orðum á ræðu h. 2. þm. G.-K. (J. Þ.) í því máli. H. þm. (J. Þ.) fann köllun hjá sjer að nefna þá nafn manns í Rangárvallasýslu, sem hann kvað hafa farið svo ómannúðlega með skepnur, að hann áleit að þessi maður hefði hlotið að sæta hegningu fyrir meðferðina, ef hann hefði verið kærður.

Jeg skal ekki að svo stöddu þrátta um, hvað satt er eða eigi í sögusögn h. 2. þm. G.-K. (J. Þ.), en komið get jeg með skjöl og skilríki fyrir því úr gerðabók Rangárvallasýslu, að þau ár, sem skoðunargerð fór fram á fjenaði í Rangárv.s., þá fjekk þessi maður — jeg álít það ekki eiga við að nefna nöfn einstakra manna á löggjafarþingi voru, og sleppi því þess vegna — ágætiseinkunn fyrir fjenaðarmeðferð sína. (*Jón Þórarinss.*: Þá hefir sá verið slæmur, sem lökustu einkunnina fjekk). Jeg skal trúa því, að h. þm. (J. Þ.) þætti einkunnin ekki mikið að marka, ef jeg hefði einn gefið hana, en svo var eigi, heldur gjörðu það 2 menn aðrir, sem jeg verð að álíta að hefðu mikið betur vit á meðferð húsdýra, heldur en h. þm. (J. Þ.)

Jeg kemst því að þeirri niðurstöðu, að þessi gripur, sem hjer er umtalsefnið, hafi eigi verið svo úr garði gerður, þegar hann kom í fóðrið, að hann hafi ekki getað tekið þar þrifum og þroska, jafnvel þótt hann væri frá sjálfum höfundi dýraverndunarlaganna.

Þorlákur Guðmundsson: H. 2. þm. Árn. (Þorl. G.) spurði, hver ætti að kosta járningu markaðshesta? Það er sjálfsagt mál, að það er undir samn-

ingum komið milli kaupanda og selji anda. En frá þeim tíma, sem kaupandi hefir eignazt hrossið, þá er það á hans ábyrgð að það sje járnað, þegar það á að vera járnað. Jeg ímynda mjer að í framkvæmdinni mundi það verða þannig, að kaupandi ljeti það boð út ganga, að hann keypti að eins járnuð hross á mörkuðum.

Þeir, sem eru á móti frumv., gera kostnaðarspursmálið að grýlu, en hjer er engan veginn um mikinn kostnað að ræða; það þarf hvorki að járna með stálskeifum nje áttboruðum skeifum; það er mest um vert, að koma þessu í framkvæmd; kaupandi mundi líklega ekki gefa hóti meira fyrir hrossið, þó að það væri járnað, og seljanda munaði það litlu að selja það járnað.

Jeg hefi ekki svo ósjaldan sjeð hross ójárnuð undir klyfjum hjer í Reykjavík; jeg segi ekki að þau hafi verið austan úr Rangárvallasýslu, en fundið gætu þau til, þótt skemmra væru þau að; jeg segi fyrir mitt leyti, að þótt jeg búi ekki langt frá Reykjavík, fer jeg ekki með ójárnuð hross þangað.

Það er sjálfsagt satt, að ekki er þörf á að járna þau hross, sem stöðugt ganga á mýrlendi, ef vissa væri fyrir því að þau stigi ekki fæti á stein. En nærri má geta, að það muni ekki þrautlaust fyrir hross, sem vön eru mjúklendinu, að ganga ójárnuð um grýtta jörð, og jafnvel þótt ekki sjeu annað en harðir þjóðvegir.

Jeg veit að það er rjett, að herða má hófa með því að láta hesta ganga sífellt járnalausa, en það getur orðið með þá herðing eins og marga aðra, að hún er ekki með sældinni fengin fyrir hrossin.

Jón Jónsson (2. þm. Eyf.): Jeg er sannfærður um að það er rjett hjá h. 2. þm. Rangv. (Þórði G.), að seljandi en eigi kaupandi muni verða að bera járningarkostnað markaðshesta; en jeg gjöri ekki svo mikið úr þeim kostnaði, og þess atriðis vegna stóð jeg ekki upp, heldur vegna orða þeirra, er h 2. þm. Árn. (Þorl. G.) beindi að mjer. Það var alveg tilefnislaust af h. 2. þm. Árn. (Þorl. G.) að bregða mjer um skort á mannúð og kristilegum dyggðum; jeg gaf alls eigi tilefni til slíks með orðum mínum, jafnvel þó jeg geti ef til vill ekki í þessu máli fetað að öllu leyti í postulafótspor h. 2. þm. Árn. (Þorl. G.). Jeg gjörði ekki annað en benda á ófullkomleika og galla á frumv., en bar- ist alls eigi móti tilgangi þess, og jeg vona að h. deild sje mjer samdóma um að h. 2. þm. Árn. (Þorl. G.) hafi beitt mig órjetti með áburði sínum.

Framsögumaður (Tryggvi Gunnarsson): Jeg skal segja h. þm. Rangv. (Sighv. Á. og Þórði G.), að jeg sje af hverju breytingartill. þeirra er sprottin, sú, að setja 3 þingmannaleiðir í staðinn fyrir eina, sem er í frumv. Þeir hafa sem sje reiknað það út, að austur að Þjórsá eða markaðsstöðum í Rangárvallasýslu sjeu ekki 3 þingmannaleiðir, og geti þeir því með breytingartill. bjargað sjer og sveitungum sínum frá því að þurfa að járna markaðshross sín. Sveitapólitík þessara h. þingmanna kemur hjer máske berara fram en nokkursstaðar annarsstaðar, og er þó með því tölu- vert sagt. Upp í Borgarfjarðarsýslu, vestur í Dali og norður í land eru meira en 3 þingmannaleiðir. Þar bera háttv. þingm. (Sighv. Á. og Þórður G.) hesta- sölumenn fyrir brjóstinu. Það lítur svo út, sem þeir hugsi sem svo: látum þá karla járna drógarnar sínar, bara að við getum frelsað sveitunga okkar frá þeim óþarfa.

Jeg skal í sambandi við þetta leyfa mjer að koma með ofurlítla sögu, sem jeg hef heyrt, og held að sönn sje. — Fyrir nokkrum dögum átti að halda

hestamarkað austur í Rangárvallasýslu; en þar neituðu margir að selja Vídalín hesta sína og kváðust heldur vilja bíða eptir Thordal. Hjer kemur svo áþreifanlega fram hugsunarleysið og gamall óvani, sem víða ríkir í landinu; þegar menn lána hesta sína, þá hugsa margir um, að vel sje farið með þá og ekki skemmdir; af því þeir ætla sjer að eiga þá og nota þá framvegis; þar spilar eigingirnin; en ætli þeir að selja þá fyrir fullt og allt, þá er þeim sama, hvernig um þá fer, og hvort kaupandinn er kunnur að því, að fara vel eða illa með skepnur. Það er eiginhagnaður en eigi umhyggja fyrir velferð skepnanna, sem stjórnar þessum mönnum; þetta kemur svo ljóslega fram í dæminu, sem jeg nefndi. Jón Vídalín og þeir fjelagar eru alkunnir að því, að fara ágætlega með skepnur, og sjaldgæft að nokkuð til muna drepist af fjenaði þeim, sem þeir flytja út, en um hinn manninn vitum vjer, að hjá honum hefir drepizt allt að þriðjungi af því, sem hann hefir flutt út. En þrátt fyrir þetta vildu Rangvellingar bíða eptir honum, af því að þeir hugsuðu, að það gæti skeð, að þeir kynnu að fá krónunni meira fyrir grip sinn hjá honum. Mjer virðist að bryddi á sama hugsunarhætti og sömu umönnun fyrir vellíðan skepnanna og þetta í ræðum h. þingm. Rangv. bæði í þessu máli og málinu um horfellislögin. — En jeg skal kannast við, að því miður er þessi hugsunarháttur víðar en hjá þeim.

Einar Jónsson: Jeg viðurkenni góðan tilgang frumv. þessa; en mjer sýnist eigi hafa tekizt nógu vel að hitta það, sem menn hafa viljað hitta, nefnilega að fá þeim mönnum refsað, sem fara illa með skepnur. Því að ef ákvæðum frumv. væri rækilega fylgt, þá mundi það jafnvel geta orðið til þess, að meðferð á hestum í sumum tilfellum yrði lakari en hún er nú. — Jeg skal nefna eitt dæmi upp á slíkt úr Fljótsdalshjeraði. Þar er erfitt með aðflutninga og yfir fjöll að fara; þess vegna sæta menn þar opt færi með kaupstaðarferðir síðara hluta vetrar og fara á hjarni, því að þá er leið bæði styttri og sljettari, og auk þess vilja menn nota þann tímann, sem ódýrari er. Nú er það alsiða, að fara hina fyrstu þessara ferða og stundum tvær með ójárnaða hesta, og það er einmitt gjört vegna hestanna, en ekki vegna kostnaðarins við járninguna; það getur nefnilega opt komið fyrir, að menn lendi í ófærð í ferðum þessum af því, að veður breytist, og stundum taka menn sig saman með marga hesta, jafnvel 100 eða yfir það, til að ryðja braut í nokkurri ófærð. Þegar nú hestar þurfa að fara ferðir í ófærð, þá getur það verið hið mesta skaðræði, að hafa þá skaflajárnaða, en hins vegar er ekki gott, að hafa hestana flatjárnaða, því að harðfennis-blettir geta hæglega komið fyrir, þar sem hestar standa ver á flatjárnaðir en ójárnaðir; og að öðru leyti hafa hrossin engan skaða af því, þó farið sje með þau ójárnuð þessa einu ferð til Seyðisfjarðar, því að hófarnir gangast lítið í fönn; þessi aðferð þeirra Austfirðinganna er því einmitt sprottin af því, að þeir vilja fara sem bezt með hesta sína.

Þetta dæmi sýnir, að ákvæði frumv. um járninguna er ekki gott eins og það er, og að full þörf er á að reyna að orða það á annan veg, svo að það hitti illa meðferð á skepnum, en ekki góða.

Ákvæðið í 3. grein um, að alls eigi megi brúka þann hest, sem haltur er, er of rúmt. Vjer vitum, að hestar geta

verið haltir alla æfi af því, að þeir hafa veikzt í fæti, en batnað að vísu aptur, en orðið alla æfi haltir, og þó getað verið til fullrar brúkunar. Jeg man eptir einum hesti, sem talinn var bezti áburðarhesturinn á sínu heimili, og var hann þó dálítið haltur. Eptir þessu frumv. hefði alls eigi mátt brúka þennan hest. Jeg hef og þekkt einn mann, sem annálaður var fyrir, hvað vel hann fór með skepnur. Um einn af uppáhaldsreiðhestum hans kom það fyrir, að hann varð við og við haltur af gigt; eigi hefði heldur mátt brúka hann eptir þessu frumv. Sem sagt, get jeg ekki fallizt á frumv. eins og það er orðað.

H. 1. þm. Árn. (Tr. G.) talaði um, að »komma« fyrir aptan »brúkunarhross« í 4. gr. gæti breytt meiningunni og gjört ákvæðið skýrara; jeg sje ekki betur en að ónóg sje að setja þar einungis kommu, það mun vera þörf á, að færa einnig orð til.

Ef hross eiga að vera járnuð, þegar farið er með þau meira en þingmannaleið, þá getur það ákvæði líka náð til hrossa, sem undir heyband eru brúkuð á graslendi, þar sem engin þörf er á járnum jafnvel dögum saman, því að lengra fara þau opt en þingmannaleið á dag, þegar öll leiðin er talin saman, sem þau fara, og á sama sýnist standa, hvort farið er með þau beint áleiðis eða í króka fram og aptur. En optlega er sem sagt hreinn óþarfi að hafa hross járnuð við heyband. Þetta allt sýnir, að ákvæðin eru ekki nógu skýr eða ákveðin til þess að gjöra það gagn, sem þeim er ætlað að gjöra. (*Tr. G.*: Það hefði átt betur við, að tala um þetta við 2. umr.). Það er satt, en vjer vitum, hve mikið hefir hrúgazt á þingið að gjöra, og því er ekki jafnan tími til að athuga í tíma, það sem athugavert er. Jeg hafði nú í rauninni ekki ætlað mjer að tala í þessu máli af því, að jeg sá, að það mundi ekki komast gegnum þingið, en sá þó, að þrátt fyrir þetta gæti það þó orðið til leiðbeiningar síðar meir, að nú væru gjörðar athugasemdir.

Vjer vitum, að það er að færast í vöxt sá andi, að sæmd og skylda sje, að fara vel með skepnur, og að því leyti er frumv. þetta ekki eins þarflegt nú og áður fyr, en það er þó að öðru leyti einmitt eðlileg afleiðing af því, að þessi andi er vaknaður, að það kemur fram.

Jeg tel ekki svo miklu spillt við það, að mál þetta bíði næsta þings; það er nú svo úr garði gjört, að vænta má, að það taki umbótum við biðina.

Jeg álít að meðferð á skepnum sje almennt eigi svo ill, að lög sem þessi sjeu bráðnauðsynleg, og jeg vildi óska að mannúðarandinn hjá þjóðinni færi svo vaxandi, að eigi gjörðist þörf á nákvæmari ákvæðum um refsingu fyrir illa skepnumeðferð en þeim, sem eru í almennum hegningarlögum.

Jeg teldi það bezt, að frumv. þetta færi ekki lengra að þessu sinni, svo að hægt væri að laga það síðar meir.

Sighvatur Árnason: H. 1. þm. Árn. (Tr. G.) sagði, að við mundum hafa komið með breytingartill. í því skyni, að losa sveitunga okkar við að þurfa að járna markaðshross; en jeg held h. þm. Árn. (Tr. G.) hafi ekki mælt vel leiðina hjeðan austur undir Eyjafjöll, því jeg get fullvissað hann um það, að sá vegur er lengri en 3 þingmannaleiðir. Þess vegna vil jeg því frábiðja mjer getsakir þær, sem h. þm. Árn. (Tr. G.) tengir við breytingartill. okkar. Það er ekkert nýmæli, að þingmenn komi með breytingartill. við frumv., en hitt er nýmæli, að þeim sje brugðið um hlutdrægni og eigingirni, þó þeir komi með breytingartill. til þess að laga galla, sem þeir þykjast sjá á frumv.

(*Tr. Gunn.*: Það er eptir því hvernig breytingartill. eru). Af því að jeg býst ekki við, að breytingartill. okkar komist hjer að, þá mun jeg neyðast til að greiða atkvæði móti málinu í heild sinni, því þá fer jeg að sjá fram á, að hjer er beitt meira kappi en forsjá.

ATKV.GR.: Breytingartill. felld með 11 : 6 atkv.

Frumv. óbreytt samþykkt með 12 : 5 atkv., og afgreitt til efri deildar.

Fyrirspurn til landshöfðingja um landsbankann (C. bls. 486)

Flutningsmaður (*Skúli Thoroddsen*): Jeg hef leyft mjer ásamt tveimur öðrum háttv. þingdeildarm. að koma fram með svohljóðandi fyrirspurn: »Er þeim fyrirmælum í 1. gr. laga nr. 24 frá 2. okt. 1891, að framkvæmdarstjóri landsbankans megi aldrei hafa embættisstörf eða önnur atvinnustörf á hendi, framfylgt af landsstjórninni?«.

Eins og kunnugt er, var landsbankinn stofnaður með lögum 18. septembr 1885, og í 25. gr. laganna voru laun framkvæmdarstjóra ákveðin 2000 kr. Það voru ekki há laun, eptir því sem almennt gerist, og fyrir því var sýslan þessi þegar í byrjun sameinuð öðru embætti, með því að yfirrjettardómari Lárus E. Sveinbjörnsson var þá skipaður framkvæmdarstjóri. En þetta fyrirkomulag mæltist illa fyrir viðsvegar um landið, með því að mönnum var það ljóst, að þetta starf var svo þýðingarmikið, að ekki veitti af óskiptum starfskröptum eins manns, til að gegna því svo, að vel færi. — Og þegar störf bankans höfðu vaxið svo, að stjórninni þótti nauðsyn til bera, að fá hækkuð laun lægri starfsmanna bankans á þinginu 1891, þá sætti þingið færi, og hækkaði laun framkvæmdarstjórans upp í 5000 kr., en jafnframt voru þá þau skilyrði sett, að hann mætti ekki hafa »embættisstörf eða önnur atvinnustörf á hendi«.

Jeg var einn í nefnd þeirri, sem fjallaði um þetta mál það ár, og er mjer því kunnugt um, að tilgangur þingsins var sá, að launa bankastjórann svo, að hann þyrfti ekki að hafa nein önnur störf á hendi sjer til atvinnu. Bankinn er eins og hvert annað stórt verzlunarhús með mikilli aðsókn, og því nauðsynlegt, að aðgangur sje sem greiðastur að honum. Fyrirmæli laganna eru ótvíræð. En hitt er líka jafn-vafalaust, að bankastjórinn hefir hlaðið á sig fjölda aukastarfa, sem sum eru launuð og sum ólaunuð; skal jeg nefna fáein hin allra helztu, enda hafa þau flest verið nefnd í blöðunum.

Hann er þá í fyrsta lagi formaður í ísfjelaginu hjer í bænum, og er það mjög umfangsmikill starfi, þar sem ísfjelagið ekki að eins tekur að sjer að geyma vörur fyrir aðra, heldur kaupir og sjálft ýmsar vörur, svo sem síld, heilagfiski, ket o. fl., til þess að geyma í ís, og selja svo sjer til ávinnings. Í þetta hlýtur að ganga talsverður tími og að það muni einnig á einhvern hátt vera hagsmuna- og áhugamál fyrir formanninum, það lýsir sjer meðal annars í þeim skærum, sem hann hefir komizt í við mann, sem hann hefir álitið mundi verða keppinautur ísfjelagsins.

Þá eru enn ýms fleiri störf, sem bankastjóri rekur; þannig rak hann 1896 þilskipaútveg, og var þá eigandi 2 þilskipa; nú kvað hann að vísu hafa selt part í öðru þeirra, en á þó annað heilt enn, og mikinn part í hinu. Sumum kann nú að virðast, að í þetta fari ekki svo mikill tími; en slíkt er misskilningur; það þarf einmitt talsverðan tíma til að ráða fólk, kaupa allt til útgjörðar, hirða afla, selja hann o. s. frv.,

auk þess sem þetta gjörir bankastjóra að atvinnukeppinaut ýmsra manna, sem þurfa að hafa viðskipti við hann í bankanum.

Þá er það og í almæli, að bankastjórinn sje umboðsmaður eða »agent« fyrir timbursölu, eða jafnvel að hann verzli með timbur fyrir sjálfan sig. Hvort hann í þessu efni er kaupmaður eða agent, skal jeg sem sagt ekki fullyrða; má vera, að hann sje hvorttveggja, því að víst er það, að hann verzlar með timbur, og stendur stundum hjer niðri á stakkstæði við timburafhendingu.

Þá gefur bankastjóri sig einnig við vörupöntunum ýmis konar, gengur um meðal manna, og býður þeim að panta fyrir þá vindla, ofna, þakjárn og aðra hluti. Bæði kostar slíkt tíma og svo ríður það í bága við atvinnu ýmsra viðskiptamanna bankans.

Enn er bankastjóri þingmaður, og er það starf, sem vjer vitum að heimtar óskipta krapta hvers manns um þingtímann, auk þess sem þetta starf hlýtur að taka töluverðan tíma milli þinga hjá hverjum samvizkusömum þingm.

Enn er og maður þessi formaður í útgjörðarmannafjelaginu hjer syðra, og þar sem það er fjelag, sem vafsast í mjög mörgu, hlýtur formannsstaðan að vera mjög umfangsmikil. Þá er og bankastjóri í stjórn þilskipaábyrgðarfjelagsins, kvennfjelagsins, og viðriðinn ýmsan fleiri fjelagsskap hjer í bænum.

Enn mætti að vísu fleira til tína, svo sem bæjarfulltrúastörf og margt fleira. Og þegar jeg nú að lokum lít yfir öll þau störf, sem maður þessi hefir hlaðið á sínar Herkúles-herðar, þá held jeg, þótt hann væri afkastamaður, að þar sje búið að *tína* svo í kláfana, að það hljóti að sliga hvers mennsks manns krapta. (*Tryggvi Gunnarsson*: Enn er gleymt bæði »Þjóðvinafjelagi« og strætisstjettagerð). Og það er sjálfsagt gleymt því og miklu fleiru. Það var aldrei tilgangurinn að gera upptalningu þessa tæmandi; það mundi verða mjer ofverk og ef til vill sjálfum bankastjóranum líka.

Jeg býst við, að hæstv. landsh. muni ekki vera ókunnugt um þann orðróm, sem fer af þessu margvíslega starfavafstri bankastjórans, því að hann er í hvers manns munni, og allir virðast furða sig á því, að þetta skuli líðast. Má vera, að þetta komi af því, að menn misskilji lögin; en það er nú tilgangur þessarar fyrirspurnar, að gefa hæstv. landsh. tækifæri til að skýra sinn skilning á þeim og leiða menn þannig í allan sannleika.

Landshöfðingi: Þegar spurt er um, hvort fyrirmælum laganna frá 2. okt. 1891, um að landsbankastjórinn megi ekki hafa embættisstörf eða önnur at vinnustörf á hendi, sje hlýtt, þá get jeg ekki svarað því með öðru en jái. Öllum er kunnugt um það, að bankastjórinn hefir ekki önnur embættisstörf á hendi. En þá er spurningin um, hvort hann hafi önnur atvinnustörf. En hvað er atvinnustarf? Atvinnustörf eru þau störf, sem veita rekanda einhverjar tekjur; og hjer geta því ekki komið til greina ýms störf, sem engin borgun er tekin fyrir. En hins vegar er ekki hægt að banna mönnum að starfa ókeypis. Það er svo sjaldgæft hjer á landi, að menn vilji starfa borgunarlaust, að mjer finnst það óviðurkvæmilegt og örjett að finna að því, ef einhver mikill starfsmaður vill gjöra eitthvað án þess að taka borgun fyrir.

Af því, sem h. 2. þm. Ísf. (Sk. Thor.), taldi upp, sje jeg ekki, að neitt geti skoðazt sem atvinnustarf, nema ef það skyldi vera þilskipaútgerðin. Hvað ísfiskhúsið snertir, þá stendur bankastjórinn ekki fyrir því. Að hann fáist við við-

arsölu, pantanir o. s. frv. er mjer ókunnugt um, og held að það sje enginn fótur fyrir því.

Hvað þingmennskuna snertir, þá er svo guði fyrir þakkandi, að hún enn ekki er skoðuð sem atvinnuvegur, sem og betur fer.

Einasta átyllan er þá þessi 2 eða $1^1/_2$ þilskip, sem bankastjórinn átti, áður en hann varð framkvæmdarstjóri og síðan hefir haldið úti. En það er svo mikið smáræði, að jeg get ekki sjeð, að slíkt eigi að koma til greina. Það mætti eins vel banna mönnum að eiga tún, búa o. s. frv. Þetta hefir ekki vakað fyrir höfundum laganna frá 1891. Á þinginu 1891 var það tekið sem dæmi upp á atvinnustarf, að bankastjórinn megi ekki fást við verzlun. Þar á móti virðast lögin ekki banna honum að hafa búskap, rækta tún, og þá heldur ekki að eiga þilskip.

Þótt slík störf komi ekki beinlínis í bága við orð laganna, þá ætti það ekki að líðast, að hann hefði önnur störf á hendi, ef afleiðing þess yrði sú, að hann vanrækti stöðu sína sem framkvæmdarstjóri. En það er svo langt frá því að það hafi komið nokkrar kvartanir yfir framkvæmdum hans sem bankastjóra fyrir mín eyru, heldur hef jeg þvert á móti heyrt því hrósað, bæði utan lands og innan, hve mikið störf bankans og fjármagn hafi aukizt síðan hann tók við. Jeg verð því að ætla, að hann verji öllum nauðsynlegum kröptum í þarfir bankans; en frítímum sínum ver hann til hinna annara starfa; og eins og kunnugt er, er þessi maður mikill afkastamaður; og þótt ótrúlegt virðist, þá er eins og sumir menn geti komizt yfir allt. Og því ber ekki að gleyma hjer, að það er misjafnt, hverjir mennirnir eru.

Sjerstaklega finnst mjer það illa tilfallið að álasa þessum manni fyrir afskipti hans af sjávarútveginum, því að hann á miklar þakkir skilið fyrir þá starfsemi sína, bæði hvað Íshúsið og þilskipin snertir. Störf hans við Íshúsið og í Útgerðarmannafjelaginu eru einmitt hin tvö aðalstörf hans fyrir utan bankastörfin, og þau eru svo mikils virði, að hann á þakkir en ekki óþakklæti skilið fyrir þau. Jeg tek það þá upp aptur, að það kann að mega hengja hatt sinn á, að hann heldur úti þessum þilskipum; en að hin störfin komi í bága við lögin, það get jeg ekki kannazt við. Og með hinni miklu aðstoð, sem hann veitir sjávarútveginum, og með formennsku sinni í Útgerðarmannafjelaginu gerir hann svo mikið gagn, að jeg álít að það ætti ekki að banna honum að halda þessum þilskipum úti, þótt það sje stranglega ekki leyfilegt. En það, sem jeg legg mesta áherzlu á, er, að það er langt frá því að jeg hafi heyrt nokkrar umkvartanir um störf hans sem bankastjóra; þvert á móti er bankastjórinn vel látinn og allir játa, að bankinn hafi eflzt undir hans stjórn.

Flutningsmaður (*Skúli Thoroddsen*): Hæstv. landsh. hefir nú lýst skilningi sínum á hinum umræddu lögum greinilega, og svarað fyrirspurninni í byrjuninni með »jái«. En í niðurlagi ræðu hans varð þó svarið í raun og veru »nei«, þar sem hann játaði, að þilskipaútgerð bankastjórans væri ekki lögunum samkvæm. Um það er jeg honum einnig samdóma. En auk þess verð jeg að taka það fram, að jeg get ekki fallizt á skilning hans á því, hvað atvinnustörf sjeu. Atvinnustörf eru engan veginn sama sem hagnaðarstörf: það gerir ekkert til, hvort starfið gefur af sjer tekjur í hverju einstöku tilfelli, heldur er hitt aðalatriðið, hvort starfið er þess eðlis, að það sje almennt tekin borgun fyrir það. Umræðurnar

á þingi 1891 um lögin frá 2. okt. s. á. sýna og glögglega, að þetta var meiningin, og þeim skilningi, sem þá var framhaldið í þessu efni, var þá ekki mótmælt, hvorki af landshöfðingja nje öðrum. Og hví skyldi alþingi 1891 hafa viljað hækka laun framkvæmdarstjórans úr 2000 kr. upp í 5000 kr., ef það hefði ekki verið til þess, að losa hann við önnur störf, svo að hann gæti gefið sig allan að störfunum við bankann?

Hinn þáverandi bankastjóri (Lárus E. Sveinbjörnsson) gegndi því starfi að almannarómi mjög vel, en þó var það álitið svo áríðandi, að fá sjerstakan mann, er ekki hefði um annað að sýsla, að þingið horfði jafnvel ekki í 3000 kr. árleg útgjöld. En eitt af þeim aukastörfum, sem hinn núverandi bankastjóri hefir á hendi, er út af fyrir sig eins mikið starf, eins og dómarastarfið, sem L. E. Sveinbjörnsson hafði á hendi, hvað þá heldur öll störfin, sem núverandi bankastjóri hleður á sig. Þá var kvartað yfir því, að bankastjórann væri að eins 1 tíma á dag að hitta í bankanum, og því farið fram á, að bankinn skyldi vera opinn 6 tíma á dag. En þrátt fyrir meira en helmings launahækkun hefir þó núverandi bankastjóra hingað til að eins verið að hitta í bankanum 1 tíma á dag; og það hefir enda komið fyrir, að hann hefir alls ekki mætt í bankanum vegna annara starfa. Þannig hefir mjer verið sagt, að í fyrra haust hafi einu sinni fjárrekstur komið austan úr sýslu, þegar bankastjóri var á leiðinni í bankann, og með því að honum hugkvæmdist þá að kaupa fjárhóp þenna handa íshúsinu, fylgdi hann rekstrinum ofan í bæinn, og gleymdi bankanum þann dag.

Auk þess er og á það að líta, að þegar bankastjórinn hefir svona mörg störf á hendi, og vasast í öllu, þá getur ekki hjá því farið, að honum lendi á stundum í deilu við ýmsa, skapi sjer vini og óvini, og getur slíkt haft óheppileg áhrif á stjórn hans á bankanum; en á því ríður hvað mest, að þar geti engin hlutdrægni komizt að, eða menn hafi ástæðu til að gruna slíkt.

Hæstv. landsh. tók það fram til afsökunar því, að landsstjórnin hefði liðið bankastjóranum þilskipaútgerð, að hann hefði átt þessi þilskip áður en hann varð bankastjóri; en þetta er ekki rjett, því mjer er einmitt kunnugt um það, að hann hefir keypt annað þilskip síðan.

Og þegar á það er litið, hversu brýn þörf er á því, að menn geti fundið bankastjórann á hverjum tíma dags sem vera skal, en hann er þar að eins eina klukkustund að hitta á dag, þá verð jeg að ætla, að það sje af því, að aukastörfin hindri hann. Og mig furðar því á því, að landsstjórnin skuli ekki hafa tekið hjer í taumana, og gert ráðstafanir til þess, að bankinn væri lengur opinn á degi hverjum. Það er opt óþægilegt fyrir ferðamenn ofan úr sveitum, að verða að bíða til næsta dags; og þó að það kunni stundum að hafa komið fyrir, að bankastjóri hafi veitt mönnum viðtal á öðrum tíma dags, þá er slíkt, eins og nú stendur, skoðað sem sjerstök náð, en ekki sem rjettur, enda getur það opt verið erfitt að leita bankastjóra uppi, þegar skygnast verður eptir honum niður í íshúsi, á viðarsölustakkstæðum, niður í þinghússgarði, við stjettleggingar vestur á stíg, eða einhversstaðar á göturóli með vindlakassa undir hendinni.

Óánægju þeirri, sem yfir þessu er, er óþarfi að lýsa með sterkum orðum; en þess vegna vona jeg, að landstjórnin hafi ekki á móti, að þessu verði breytt í betra horf, og mun sú rökstudda dagskrá, sem jeg nú leyfi mjer að afhenda

forseta, sýna vilja þingdeildarinnar í þessu efni.

Hæstv. landsh. sagði að framkvæmdarstjórinn ætti skilið þakklæti fyrir ýmiskonar starfsemi sína, og skal jeg lofa landsh. að hafa sína skoðun um það, en það kemur alls ekki þessu máli við. Hjer er að eins um það að ræða, hvort skýrum fyrirmælum laganna hafi verið fylgt, og jeg þykist hafa sýnt fram á, að landsstjórnin hafi vanrækt að láta fram fylgja lögunum í öll þessi ár. Þjóðin á heimting á að fá meira en einnar stundar viðtal á dag fyrir 5000 kr.

Landshöfðingi: Það var að eins lítil athugasemd út af orðum h. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.), sem jeg vildi gjöra. Hann lagði mikið út af því, að það væri að eins 1 klukkustund, sem ferðamenn ættu víst að hitta bankastjórann að máli í bankanum, og vil jeg því geta þess, að það er ekki vegna bankastjórans sjálfs, að það er ekki nema 1 klukkustund, sem bankastjórnina er að hitta, heldur miklu fremur vegna gæzlustjóranna. Það er engin von, að menn, sem ekki hafa nema 500 kr. kr. í árslaun fyrir það starf, vilji sitja marga tíma á hverjum degi í bankanum, en ekki til neins fyrir menn að hitta þar framkvæmdarstjórann einan, eða að minnsta kosti ónógt, nema annarhvor gæzlustjórinn sje þar líka viðstaddur. En þótt ekki sje ákveðin nema 1 klukkustund, mun mörgum kunnugt, að framkvæmdarstjórinn er margar stundir fram yfir það í bankanum.. Jeg held líka að menn líti ekki rjett á afstöðu landsstjórnarinnar og alþingis viðvíkjandi bankanum. Bankinn er sjerstök stofnun, sem er miklu óháðari en embættismenn yfir höfuð, og hvað alþingi viðvíkur, þá kýs það sína gæzlustjóra, svo jeg get ekki annað sjeð, en að það fyrir þeirra milligöngu geti haft öll nauðsynleg áhrif á, að bankinn gangi ekki í ólestri.

Forseti las síðan upp rökkstudda dagskrá framkomna frá 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) þannig hljóðandi:

»Um leið og þingdeildin lýsir því yfir, að hún vænti þess, að landsstjórnin gæti þess, að fyrirmælum 1. gr. laga 2. okt. 1891 verði betur framfylgt hjer eptir en hingað til, tekur hún fyrir næsta mál á dagskrá«.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg skal játa, að þetta er fremur leiðinlegt mál, því jeg get búizt við að sá þingmaður, sem kunnugastur er framkvæmdarstjóra bankans, skoði þetta sem persónulegt móti sjer. En jeg skal taka fram, að fyrir mitt leyti er það alls ekki, heldur að eins viðvíkjandi stofnuninni. Það er ómögulegt að neita því, að á síðari árum hefir vaknað nokkuð þungur hugur móti bankanum, einkum hjer í bæ, og hafa menn viljað kenna því um, hvað framkvæmdarstjórinn væri viðriðinn margskonar störf, svo að hann þess vegna hlyti að komast í »collision« við ýmsa. Og það er sjálfsagt, að ef svo er, þá hlýtur það að hafa óþægileg áhrif á viðskiptalíf bankans.

Hæstv. landsh. sagði, svo að jeg brúki hans eigin orð, að það mætti kannske helzt »hengja hatt sinn« á það, að bankastjórinn ætti 2 eða hálft annað þilskip, en þó þetta sje ef til vill hvað beinast móti fyrirmælum laganna, þá legg jeg ekki neina sjerstaka áherzlu á það, heldur annað, sem kannske fremur mætti verja frá formsins hlið, svo sem íshúsið og »agentur« eða umboðsmennsku fyrir útlent verzlunarhús. (*Landshöfðingi:* Jeg hefi ekki heyrt um það). Það er þá gott að hæstv. landshöfðingi fær að heyra það nú, ef hann ekki hefir heyrt um það áður. Jeg hef heyrt, að það muni einmitt sprottið út af þess háttar »agentur«, að

bankastjórinn hafi sýnt sig talsvert stirðan gagnvart einum einstökum manni.

Jeg saka ekki framkvæmdarstjóra bankans fyrir vísvitandi hlutdrægni, en það er næstum eðlilegt, að maður, sem stundar atvinnugrein, hvort heldur verzlun eða annað, sem hann hefir vel vit á, og sem er framtakssamur og duglegur, eða jafnvel ráðríkur, það er næstum eðlilegt, segi jeg, þótt hann vilji ryðja þeim úr vegi, sem hann álítur að standi í vegi fyrir því, sem hann vill koma fram. Og þó jeg játi það, að bankastjórinn hafi að sumu leyti gjört gagn með þessu, t. d. með því að fjölga þilskipum, því jeg hefi heyrt að keypt hafi verið eitthvað 8 þilskip, reyndar kannske ekki í bankans nafni, en þó fyrir hans tilhlutun og líklega upp á óvissa sölu hjer að einhverju leyti, — þó jeg ekki lasti þetta í sjálfu sjer, þá álít jeg að það ætti helzt að vera laust við bankastjórann, og fyrir utan verksvið hans.

Eins og það er með verzlunina, eins er það með íshúsið. Jeg hefi heyrt að honum hafi lent í talsverðri »collision« við menn þar, og það svo, að þeir muni ekki telja sjer annað fært en setja upp annað íshús sem keppinaut. Þeir kenna þessa misklíð sjálfsagt formanni íshússfjelagsins, og hann kannske aptur óþjálleik þeirra; en að fara að dæma nokkuð þar í milli, dettur mjer ekki í hug, jeg vil að eins benda á, að þetta er ekki heppileg ástæða, og slíkur atvinnurigur skaðlegur fyrir bankann. Það er tekið fram í viðbótarlögunum 1891, að bankastjórinn megi ekki hafa önnur atvinnustörf á hendi, en sjálfsagt er það ekki meiningin, að hann ekki megi græða meira en þessar 5000 kr., ef hann að eins getur það án þess að komast í bága við starfsemi bankans. Jeg hugsa að bæði þing og þjóð vilji helzt halda honum lausum við allan atvinnurig. Það er frá þessu sjónarmiði, sem jeg legg talsverða áherzlu á fyrirspurnina, og jeg vil láta bankastjórann og aðra heyra það, að jeg álít það skaða fyrir bankans framtíð, ef hægt er að draga hans nafn inn í nokkurn atvinnurig.

Hæstv. landsh. sagði, að bankinn væri óháðari stofnun en margar aðrar; þetta getur verið satt, en þá er líka enn þá vandfarnara. Mönnum hættir meira við að lýsa óánægju sinni og reiði yfir slíkum stofnunum, og eru fljótari til að finna misfellur á þeim og enda gjöra meira úr þeim, ef nokkrar eru, en vert er. Því meira einráð, sem þessi stofnun er, því hægra á hún með að beita harðræði við einstaka menn. Jeg segi ekki að þetta sje gjört, en tek að eins fram, að þetta geti átt sjer stað, og ómögulegt að neita því, að það er talsverð hætta á slíku, ef bankastjórinn getur sig við ýmiskonar atvinnustörfum, og einkum ef hann er duglegur maður og ráðríkur. En hvað því viðvíkur, að landsstjórnin ekki geti haft eptirlit með bankanum, þá get jeg ekki skilið það, þegar jeg lít á 26. gr. bankalaganna, þar sem tekið er fram, að stjórn hans er skyld til að gefa landshöfðingja allar upplýsingar, og þegar sú grein er aptur borin saman við 19. gr., þá get jeg ekki betur sjeð, en að landsh. hafi rýmra valdsvið gagnvart bankanum en mörgum öðrum stofnunum.

Jeg er alveg samdóma hæstv. landsh. um það, að framkvæmdarstjóri bankans hefir gert mikið gagn með því að gangast fyrir að koma á fót íshúsinu og þilskipaábyrgðarfjelaginu, en álít ómögulegt annað en að þetta hafi áhrif á stjórn bankans.

Hæstv. landsh. sagði líka að störf bankans hefðu aukizt, og það er víst alveg satt, en hafi þá verið þörf á að

heimta óskiptan mann 1891, þá er það ekki síður nú, og af því að jeg álít bankann miklu meira virði en bæði íshús og þilskip, þrátt fyrir þeirra ágæti, þá hika jeg mjer ekki að greiða atkv. með dagskránni.

Tryggvi Gunnarsson: Jeg var í efa um, hvort jeg ætti að standa upp eða ekki; þess er varla þörf, þar sem hæstv. landsh. hefir svarað flestu af því, sem svaravert var. Þó var ýmislegt í ræðu h. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.), sem landshöfðingi hefir talið sjer ókunnugt, og er það ekki að undra, því sumt af því er mjer ókunnugt líka, en jeg skal nú samt sem áður gefa þær upplýsingar, er jeg get. Mest hefir verið talað um hin ýmsu störf, er jeg hafi á hendi. Þegar jeg sá þessa fyrirspurn, datt mjer í hug: Hver ósköpin standa nú til? Nú hleypur mikil skriða. En þegar til kemur, þá er þetta mestallt hrós til mín fyrir það, hve jeg sje duglegur og afkastamikill; þó einstaka selbiti fylgi með lofinu, þá finn jeg ekki til þeirra.

Aðalatriðið er: Vanræki jeg bankann og bankastörfin? Þetta verður að sanna, en jeg gat ekki fundið að spyrjandinn gjörði það í ræðu sinni. Jeg verð nú að leyfa mjer að koma fram með líkur um það, hvort bankinn hafi liðið mikið við þessi störf, sem verið er að fárast um að jeg hafi á hendi, og skal jeg þá koma fram með dálítið yfirlit yfir 4 ár síðan jeg kom til bankans, nefnilega 1892—1896.

	1892 kr.	1896 kr.
Öll lán samtals . .	200,000	432,000
Borguð lán	140,000	314,000
Keyptir víxlar og ávís.	147,000	644,000
Viðskipti við önnur lönd	64,000	680,000
Innl. á hlaupareikn..	212,000	510,000
Sparisjóðsinnlög, sem sýna traust manna á bankanum . .	321,000	856,000
Sparisjóðsinnstæða .	541,000	1065,000
Varasjóður bankans	115,000	173,000
Seðlar ísl., innleystir erlendis að tilhlutun landsbankans, sem áður voru borgaðar 95 kr. fyrir 100 kr., eru nú 99 kr. fyrir 100 kr. í seðlum	»	45,000
Tekjur og útgjöld kr.	2,000,000	6,000,000

Jeg get nú ekki sjeð, að þessar tölur sýni það, að mikil hjáverk eða vanræksla hafi verið höfð við þenna banka. Jeg man ekki nokkra stofnun hjer á landi, sem hefir aukizt og margfaldazt eins og bankinn á svo fáum árum; viðskiptin við útlönd hafa margfaldazt, og flestar aðrar tölur ýmist aukizt um helming eða $^2/_3$ parta. Jeg get því ekki skilið, að nokkrum manni sýnist þetta bera vott um hjáverk.

Það hefir verið talað um, hvað jeg hefði mörgum störfum að gegna; en jeg veit, að allir þekkja það, að menn eru misfljótir með sín verk. Annar er fljótur að hugsa, en hinn seinn, sumum liggur margt í augum uppi, en öðrum fátt eitt; þetta fer auðvitað eptir upplagi manna. Einn maður getur jafnvel stundum afkastað á jafnlöngum tíma eins miklu og 4 menn aðrir. — Jeg hefi haft stærra og erfiðara verksvið en bankann, þegar jeg veitti forstöðu fjelagi, sem hafði í förum 8 skip, og sendi 16 skipsfarma til 5 fastra verzlunarstaða og tveggja lausakaupmanna, og hafði jeg þó við hliðina á sama tíma annaðhvort ár þingstörf og ýmsar húsbyggingar, þar á meðal hús það, er vjer sitjum nú í. Jeg gat auðvitað ekki haft eptirlit með þessu einn, en jeg kunni að velja mjer menn, og með

þeirra augum sá jeg svo að nokkru leyti. Þau verzlunarfjelög, sem mynduðust á árunum 1871—1873, fóru öll um koll á fám árum, nema hvað »Veltan« kann að hafa staðið nokkuð lengur, en þetta fjelag, sem jeg nú hef talað um, stendur enn þá; og bendir það til þess, að jeg hef ekki svo mjög vanrækt það, þó jeg þá líka hefði önnur störf á hendi. Auk þeirra starfa, er jeg nú nefndi, að jeg hefði gjört aukreitis, meðan jeg stóð fyrir nefndu verzlunarfjelagi, stóð jeg fyrir innkaupum og brúargjörð á Skjálfandafljóti, Jökulsá á Jökuldal og Þverá, og tók aldrei neitt fyrir, og yfir höfuð hef jeg aldrei tekið neitt fyrir aukastörf mín, hvorki áður nje eptir að jeg kom hingað til Reykjavíkur, sem bendir til þess, að jeg ekki gjöri í ávinningsskyni verk þau, er menn finna ástæðu til að mögla yfir. Að jeg geti afkastað meiru en margir aðrir, held jeg eigi rót sína í því, að mjer sje sýnna um sum verk en öðrum.

Jeg held að menn dragi nú að eins fram skuggahliðina, en ekki þá bjartari; mjer fannst hæstv. landshöfðingi mæla rjett, að jeg ætti fremur þakkir en vanþakklæti skilið fyrir það, að starfa meira en jeg er skyldur til. — Jeg skil ekki í, að menn skuli heldur vilja að maður liggi uppi í sófa, held ur en að gjöra sjer og öðrum gagn. Jeg er líka viss um það, að ef jeg hefði ekki annað að stunda en bankann, þá yrði jeg ónýtari og latur; jeg þarf að hafa meira starf en hann. Hjer á landi er svo margt í kaldakolum, að það er skylda hvers og eins að leggja sína krapta fram til þess að reyna að kippa því í lag, ef hann er þess megnugur, og jeg mun ekki láta af, hvað sem þessari fyrirspurn og öðrum líður, að verja kröptum mínum ættjörðunni til gagns, meðan jeg get.

Jeg ímynda mjer að þau árin fari nú að fækka, sem jeg gjöri of mikið, en hin fari að nálgast, sem jeg gjöri of lítið.

Jeg skal þá benda lítið eitt á þessa smá-selbita, sem jeg hef fengið, og er þar þá fyrst íshúsið. Sumir menn eru svo hræddir og tortryggnir, að þeir þora ekki að ráðast í neitt án þess sjálfir stöðugt að hafa augun á því og stinga nefinu í það; en jeg er ekki svo gerður. Þegar jeg var kaupstjóri Gránufjelagsins, hafði jeg umboðsmenn á ýmsum stöðum og gafst það vel. Við íshúsið hef jeg góðan mann, sem má treysta; er það því lítil tímatöf, þó jeg hafi daglegt eptirlit og yfirlit yfir störfum fjelagsins.

Að því er viðarsöluna snertir, get jeg ekki annað sagt, en að jeg er alveg hissa á því, að menn skuli vera að tína slíkt inn í þennan sal. Svo er mál með vexti, að eptir jarðskjálftana í fyrra fjekk jeg brjef frá mörgum eystra, sem urðu fyrir húsahruni, og þar á meðal sira Valdimar Briem, og var þar kvartað um, að menn vantaði trjávið og þakjárn. Nú þegar gjafirnar komu, var jeg og samskotanefndin á einu máli um það, að bezt væri að verja fjenu til að kaupa við fyrir, svo menn gætu byggt upp húsin sín, því ef vjer færum að borga þeim eingöngu peninga, þá væri hætt við að nokkuð af þeim kynni að ganga í kaupstaðarskuldir. Jeg skrifaði því viðsala í Mandal eptir tillögu samskotanefndarinnar, og bað hann senda viðarfarm til Stokkseyrar. Jeg áleit þetta og álít enn heppilegast varið peningunum. Eptir að viðarfarmurinn kom til Stokkseyrar, hef jeg ekkert skipt mjer af honum; kaupmaður þar skipti honum milli manna.

Það var einnig minnzt á aðra viðarsölu, en mjer þykir leiðinlegt að vera neyddur til að minnast á slíkt, því það er svo lítilfjörlegt. Það stendur þannig

á því, að jeg hef alla æfi verið mest náttúraður fyrir húsabyggingar, og hefir mjer því leiðzt, síðan jeg kom hingað, að sjá, hvað vondur viður var fluttur hingað til bæjarins. Nú vildi svo til í fyrra mánuði, að norskur trjásölumaður kom hingað á skipi sínu með ágætan trjáviðarfarm, sem húsasmiður hjer í bænum vildi kaupa, en hann vissi ekki hvernig hann átti að snúa sjer, og bað mig sem gamlan verzlunarmann að hjálpa sjer að skrifa »slutseðilinn«, og það gerði jeg; það var tæpt klukkutímaverk; önnur afskipti hafði jeg ekki af þeim farmi. Menn geta því sjeð, að hjer er gerður úlfaldi úr mýflugunni. Mjer þykir sannarlega leiðinlegt að þurfa að vera að þreyta h. deild með svo smásmuglegu atriði, en ef jeg ekki minnist á það, verður sagt síðar, að það standi óhrakið. Jeg hef aldrei haft vindlasölu á hendi, síðan jeg kom hjer; það er eins með það og hitt, að hjer er gjört mikið úr engu. Jeg hef að eins þrisvar pantað sömu vindla og jeg brúka sjálfur fyrir nokkra kunningja mína — embættismenn í Reykjavík — sem eru hjer viðstaddir, og gætu borið um að þetta er satt. Jeg skal játa það, að það sem næstum eingöngu hefir tafið mig frá bankastörfunum, er þingmennskan. En á því, að jeg sit hjer, á þingið sjálft sök á; þingið hefir viðurkennt kosningu mína og greitt atkvæði um, að jeg skyldi á þingi sitja, og er því ekkert við því að gera. — Jeg get ekki viðurkennt, að neitt annað hafi tafið mig frá bankastörfunum; en þetta skilja menn kannske ekki. Það liggur í því, að jeg kann ekki við að hanga aðgjörðalaus eins og sumum er lagið, og er sýnna um verk en sumum öðrum, og hef lengri vinnutíma en aðrir, stundum nætur, þegar aðrir sofa.

Þá ætla jeg að snúa mjer að skipseigninni og Útgerðarmannafjelaginu. Eins og hæstv. landshöfðingi tók fram, finnst mjer jeg eins og hver annar hafa leyfi til að eiga skip; þau standa hálft árið á landi, en þegar þau eru á sjó, þá hefir skipstjóri næstum einn umsjónina, og eins og jeg sagði áðan kann jeg að brúka menn, og sjá með annara augum. En ef þingið heimtar það, þá get jeg gert mönnum það til geðs að selja skipin, en jeg brosi að slíkri meinsemi og smámunasemi. Jeg hef nú reyndar ekkert gaman af að eiga skip, en þegar jeg kom hingað til Reykjavíkur, var hjer mikið ólag með skipaútveg, og var það vissum manni að kenna, sem drottnaði yfir skipaútgerðinni eins og nokkurs konar Rússakeisari. Þess vegna gekk jeg í Útgerðarmannafjelagið, og þess vegna eru skip mín hingað komin frá Eyjafirði, af því mig langaði til að reyna, hvort ekki væri hægt að færa þetta í betra horf, og vona jeg að það takist. Ef jeg ekki á skip, hef jeg ekki rjett til að vera í fjelagi útgjörðarmanna, þar af leiðandi get jeg minni áhrif haft á sjávarútvegsmálið.

H. þm. Ísf. (Sk. Th.) var að dylgja um það, að jeg væri hlutdrægur í bankastörfum, og væri ekki í bankanum þann tíma, sem jeg ætti þar að vera. Jeg lýsi þetta ósatt, nema full sönnun sje komin innan tveggja daga, að það hafi nokkru sinni viljað til, að jeg hafi mætt fjárhóp á Bakarastígnum, þegar jeg ætlaði í bankann, en snúið við og ekki mætt í bankanum þann dag. — Jeg veit að í öll þau ár síðan jeg kom til Reykjavíkur hefir mig aldrei vantað í bankann, þegar störf hafa verið fyrir hendi, og jeg hef aldrei farið burt fyrri en allir voru afgreiddir. Jeg hef meira að segja gert það fram yfir mína skyldu, að jeg hef tekið móti í heimahúsum

bæði bæjarbúum og ferðamönnum, sem hafa viljað fá upplýsingar um bankamál. Yfir höfuð þarf hjer alls ekki að tala um neinn vissan tíma í bankanum, heldur verður ræðumaðurinn að sanna, að jeg hafi nokkru sinni ekki verið í bankanum, þegar það var skylda mín. Og hvað hlutdrægnina snertir, þá veit jeg það með sjálfum mjer, að jeg hef ætíð haft það fyrir reglu, að blanda ekki saman persónulegum og almennum hag.

Jeg held nú að jeg sje búinn að svara mestu af því, sem fram hefir komið. Jeg held að fyrirspurnin sje ekki komin fram af umönnun fyrir landinu, heldur af persónulegum rökum, því fyrsti maður á fyrirspurninni hefir sýnt það í ræðum og ritum, að hann er mjer lítið vinveittur. Hann hefir aldrei brúkað bankann og þarf því ekki að hreyfa þessu máli fyrir sína hönd eða sins kjördæmis. Hann hefir ekki sýnt það enn þá, að honum hafi verið annara um landsins gagn og nauðsynjar en mjer.

Guðlaugur Guðmundsson: Það var að eins ofboð lítið, sem jeg vildi taka fram út af ræðu h. þm. Árn. (Tr. G.). Jeg mótmæli því harðlega hvað mig snertir, að fyrirspurnin sje komin fram af persónulegri hlutdrægni, og vil beina slíkum slettum til baka Þær eru ósæmilegar fyrir þingm., og mjer skal hann ekki ögra með þeim.

Í byrjun ræðu sinnar las hann upp nokkrar tölur, er áttu að sýna framfarir og vöxt bankans, síðan hann varð bankastjóri. Það er rjett og satt, að bankinn hefir tekið framförum á síðustu árum, en það þori jeg að fullyrða, að hann hefði tekið enn meiri framförum, ef bankastjórinn hefði gefið sig eingöngu og óskiptan við honum. — Menn hafa stundum verið að bera bankastjórann saman við forstöðumann Gránufjelagsins, en slíkt kemur mjer ekki til hugar, því jeg álít ekkert sameiginlegt með reglum þeim, sem eiga að gilda í bankanum, og einokunarreglum sumra verzlunarfjelaga.

En þar sem h. þm. Árn. (Tr. G.) tók það fram, að sjer fyndist undarlegt, að menn hjeldu sjer eingöngu við skuggahliðina á þessu máli, þá verð jeg að segja það, að mjer finnst einmitt sjálfsagt að leggja aðal áherzluna á skuggahliðina, þegar verið er að »kritisera« starfsemina, og mega allir embættismenn eiga það á hættu; það á að vera aðvörun, og við því sem betur fer þarf ekki að vara. Hann sagði, að menn ættu að offra kröptum sínum fyrir fósturjörðina, og það er satt, en jeg held, að mjer sem sýslumanni væri legið á hálsi fyrir, ef jeg t. d. færi út í Mýrdal að stunda sjóróðra eingöngu af því, að jeg þættist heppnari formaður en aðrir. Alveg eins er því farið með bankastjórann. Jeg tók það fram um skipaútveg hans og verzlunarbrask, að það gæti leitt illt af sjer, og jeg er enn þá á þeirri skoðun, að það sje óheppilegt. Það getur leitt af sjer atvinnuríg og ef svo sá atvinnurígur leiðir það af sjer, að bankastjórinn komist í óvináttu við einstaka menn, þá spillir það fyrir stofnuninni.

Ummæli h. þingm. Árn. (Tr. G.) um vissa menn hjer í bænum sönnuðu það einmitt, að hjer er um verulegan ríg að tala. Þetta getur ekki haft góð áhrif fyrir bankann, því að hann spillir áliti sínu, ef hann er notaður sem vopn á einstaka menn.

H. þm. Árn. (Tr. G.) tók upp eptir mjer orðið hlutdrægni. Jeg sagðist ekki þekkja það persónulega um hann, en hitt sagði jeg, að það leiddi af sjálfu sjer, að duglegur maður og ráðríkur maður, eins og jeg veit að hann er, vildi þröngva öðrum undir sig, og að það

gæti leitt illt af því, ef hann væri í atvinnukeppni við menn. Þetta getur orðið og hefir orðið að vopni í höndum mótstöðumanna bankans til að sverta hann í augum manna.

Jeg hef tekið þetta fram, af því mjer þótti nauðsynlegt að hreyfa þessu máli til að láta menn heyra, hvað sagt er, og gefa hæstv. landsh. tækifæri til að segja álit sitt, og bankastjóranum til að bera þetta af sjer.

Mjer þykir leiðinlegt, að þurfa að vera að fara út í þetta mál, en jeg geri það til að gefa hljóð þeim röddum, sem heyrast um þetta víðsvegar.

Flutningsmaður (Skúli Thoroddsen): Það er að eins stutt athugasemd, sem jeg vildi gjöra út af ræðu h. 1. þm. Árn. (Tr. G.). Mjer virtist það koma glöggt fram í ræðu hans, að öll þau störf, sem jeg nefndi, hefði hann á hendi auk aðalstarfs síns, bankastjórastarfsins. Hann ber það fyrir sig að hann gegni öllum þessum störfum launalaust, að eins af ást til ættjarðarinnar. En þó hann segi þetta, þá er engan veginn víst, að svo sje fyrir því. En eins og jeg hefi áður tekið fram, þá er það ekkert aðalatriði, hvort hann hefir tekjur af þessum störfum eða ekki, heldur hitt, hvort þessi störf sjeu þess eðlis, að almennt sje tekin borgun fyrir þau. Jeg vona, að h. þingd. sjái, að þetta eru allt störf, sem bankalögin gagngjört banna bankastjóra að hafa á hendi. Sjerstaklega er það óheppilegt, að bankastjóri hafi þau atvinnustörf á hendi, sem geta haft óheppileg áhrif á viðskipti hans sem bankastjóra við menn, sem reka sömu atvinnu og hann. Ræða hans bar þess líka ljósan vott, að hann ber þungan hug til manna, sem reka sama atvinnuveg og hann rekur utan bankastarfanna.

Slettum h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) um það, að fyrirspurnin sje sprottin af persónulegum hvötum, verð jeg algerlega að mótmæla. Slíkar slettur eru að eins sönnun fyrir því, að hann er persónulegur sjálfur.

Hann minntist á, að jeg hefði ekki notað bankann sjálfur, og vildi víst með því gefa til kynna, að mjer kæmi þetta mál þess vegna ekkert við. En þó jeg hafi ekki notað bankann sjálfur að mun, þá er það samt skylda mín sem þingmanns, að láta mig varða hag þessarar stofnunar, sem snertir land allt.

Í hvaða tilgangi bankastjórinn þykist framkvæma þessi störf, kemur málinu alls ekkert við, því að þar sem hann er launaður sem bankastjóri, þá eiga bankastörfin að ganga fyrir öllu. En nú hefir verið sýnt fram á það, að þessi aukastört hans, sem eru margvísleg og flest mjög margbrotin, hljóta að taka upp mestan tíma hans, og er þá ekki hægt að sjá, hvernig þetta getur gengið svona lengur. Hann vildi bera á móti því, sem jeg bar fram um það, að hann hefði einn dag vanrækt að mæta í bankanum, vegna amsturs við fjárrekstur og fjárkaup, en jeg hafði það, sem jeg sagði, eptir skilríkum og sannorðum manni, enda er það á almennings vitorði hjer í bæ.

Jón Jónsson (þm. A.-Skaptf): Jeg vildi beina þeirri fyrirspurn til h. flutningsm. (Sk. Th.), hvort í hinni rökstuddu dagskrá eigi að liggja nokkur ákúra til landsstjórnarinnar fyrir það, að hún hafi ekki bannað bankastjóranum að gangast fyrir íshússbyggingu hjer í Reykjavík? Því ef svo er, þá greiði jeg atkvæði *móti* »dagskránni«, því jeg vil ekki láta amast við framkvæmd jafn-þarflegs fyrirtækis.

Flutningsmaður (Skúli Thoroddsen): Jeg skal geta þess, að sú rökstudda dagskrá, sem jeg hefi afhent forseta, er svo vægilega orðuð, sem frekast má verða; hún snertir aðallega að eins fram-

tiðina. þar sem það felst í henni að þingið vilji, að landsstjórnin hafi gætur á því, að bankastjórinn hlaði ekki á sig störfum, sem hann samkvæmt orðum og anda bankalaganna á að halda sjer frá.

Forseti las upp svohljóðandi rökstudda dagskrá:

»Um leið og þingdeildin lýsir því yfir, að hún væntir þess, að landsstjórnin gæti þess, að fyrirmælum 1. gr. laga 2. okt. 1891 verði betur framfylgt hjer eptir en hingað til, tekur hún fyrir næsta mál á dagskrá«.

ATKVÆÐAGR.: Var dagskráin samþ. með 11 : 10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei*:
Klemens Jónsson,	Einar Jónsson,
Björn Sigfússon,	Eiríkur Gíslason,
Guðjón Guðlaugss.,	Jón Jensson,
Guðl. Guðmundss.,	J. Jónss., þm. A-Sk.,
Halld. Daníelsson,	J. Jónss., þm. Eyf.,
Jens Pálsson,	Jón Þórarinsson,
Sighv. Árnason,	Ólafur Briem,
Skúli Thoroddsen,	Pjetur Jónsson,
Valtýr Guðmundss.,	Sigurður Gunnarss.,
Þórður Thoroddsen.	Þórður Guðmundss.
Þorl. Guðmundsson.	

Frumv. til laga um sjerstakt gjald til brúargjörða (C. bls. 524); 3. umr.

ATKVÆÐAGR: Frumv. í heild sinni samþ. með 15 samhlj. atkv., og afgreitt til efri deildar.

Frumv. til laga um breyting á gjöldum til amtssjóða og sýsluxjóða (C. bls. 524); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. í heild sinni samþ. með 17 samhlj. atkv., og afgreitt til Ed.

Frumv. til laga um stofnun búnaðarsjóðs (C. bls. 524); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. í heild sinni samþ. með 14 samhlj. atkv. og afgreitt til Ed.

Frumv. til laga um aðflutningsgjald á smjörlíki (C. bls. 523); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. í heild sinni samþ. með 12 : 5 atkv. og afgreitt til efri deildar.

Frumv. til laga um útflutningsgjald af tólg (C. bls. 484); 3. umr.

Jens Pálsson: Jeg ljet það í ljósi við 2. umr. þessa máls, að jeg óskaði helzt að þetta frumv. yrði fellt, og þessa yfirlýsingu vil jeg endurtaka nú. Mjer þykir mjög varúðarvert að lögleiða slíkt frumv. sem þetta, eins og nú er ástatt í landinu, þar sem tvísýnt er, hvort útflutningur á sauðfje getur haldið áfram, Ef útflutningurinn teppist og slátra verður fjenu hjer á landi, þá eykst þessi vara mjög, og er þá hætt við að hún falli í verði, því kaupmenn munu ekki að eins lækka verðið um þessa 3 aura, heldur og um nokkuð meira, vegna þess að þeir þurfa að borga tollinn fyrirfram í peningum. Skyldi mig ekki undra, þótt verðið fjelli um allt að 5 aurum. Þannig getur þetta frumv. orðið mikill ógreiði fyrir bændur.

Frumv. er byggt á því, að ef 10 au. tollur verður lagður á innflutt smjörlíki, þá muni vaxa tólgarbrúkunin innanlands. Þetta held jeg sje misskilningur, því þó 10 aura tollur verði lagður á hvert pund, sem inn er flutt af »margarine«, þá mun það verða flutt inn og keypt hjer nærri eins mikið eptir sem áður. Þessi tollur er sem sje svo lágur, að hann dugar ekki sem verndartollur, en hann verður aptur á móti beinn tollur á sjávarútveginn. Eins og menn vita, þá má fá gott smjörlíki fyrir 30 til 40 aura, og þó 10 aura toll-

ur bætist við, þá verður það samt sem áður ódýrara en innlent smjör. Þilskipaeigendur, sem mikið þurfa af smjöri, munu þess vegna kaupa þetta smjörlíki eptir sem áður. Þurrabúðarmenn og aðrir fátæklingar munu líka kaupa smjörlíki eptir sem áður, og jafnvel þótt það yrði nokkru dýrara en innlent smjör, því viðskiptum þeirra er svo farið, að þeir verða að fá mest af því, sem þeir brúka, til láns hjá kaupmönnum; en kaupmönnum mundi þykja arðvænna að panta smjörlíki, sem stæði þeim 40 til 50 aura pundið, en að kaupa innlent smjör fyrir 60 aura, sem er það lægsta verð, sem bændur gætu látið það fyrir gegn vörum. Þess vegna mun tólgin verða flutt úr landinu engu að síður, svo sú fyrirætlun, að beina tólginni að sjónum; mun verða að engu. Smjörlíkistollurinn verður þá eptir allt saman skattur á sjávarútveginum, en tólgartollurinn lækkar verðið á tólginni, sem bændur verða að selja kaupmanninum.

Þar er frumv. gjörir sveitabændum allmikið ógagn, en sjávarbændum ekki tilsvarandi gagn, er það algerlega vanhugsað.

Með þessu þykist jeg þá hafa gjört grein fyrir, hvers vegna jeg er á móti þessu frumv., og hvers vegna jeg óska að það verði fellt.

Jón Jensson: Jeg ætla að leyfa mjer að tala fáein orð til þess að sýna, að jeg get verið með fleirum en sjómönnum Um daginn talaði jeg á móti þessum »margarine« tolli og greiddi auð vitað atkvæði á móti honum. En mjer kom það talsvert óvart, að þessi nefnd, sem sýndist miða byssunni beint á sjómennina, skyldi í sömu andránni miða henni líka á landbóndann. Því öðruvísi er ekki hægt að skilja þetta frv., en að það miði landbóndanum til tjóns. Jeg er alveg samdóma h. þm. Dal. (J. P.) um, að afleiðingin af þessu frumv. getur að eins orðið skaðleg fyrir landbóndann, því ef þessi tollur kemst á, þá hindrar hann sölu tólgarinnar út úr landinu, svo hún safnast hjer fyrir á innlenda markaðinum og fellur í verði. Því hitt, sem nefndin hefir fyrir augum, að skylda sjávarbóndann til að borða tólg í staðinn fyrir »margarine«, það hefir ekkert að þýða, því hann mun kaupa »margarine« eptir sem áður.

Afleiðingin verður þá sú, ef þetta frv. verður að lögum, að markaðurinn tapast fyrir vöru, sem landbændurnir þurfa að verða af með.

Sighvatur Árnason: Jeg var einn af þeim, sem voru á móti smjörlíkistollinum, og jeg verð heldur ekki með þessu frumv., því það yrði til þess, eins og búið er að taka fram, að gjöra tólgina verðlausa í landinu. Því það segir sig sjálft, að ef bóndinn leggur tólg sína inn hjá kaupmanninum, gefur hann talsvert minna fyrir hana vegna tollsins, en annars, og ef bóndinn fer að skipta við sjávarmanninn, þá gefur hann heldur ekki meira fyrir hana en kaupmaðurinn. Tólgarverðið er nú hjá kaupmönnum 33 a, en þegar tollurinn kemur, þá yrði það í hæsta lagi 28 a. Afleiðingin verður þá sú, að tólgin, sem nú stendur ærið lágt, fellur þá enn meira í verði, og má þá heita verðlaus orðin fyrir landbóndann.

Framsögumaður (Tryggvi Gunnarsson): Mjer er þetta frumv. alls ekkert kappsmál. Ef það verður að teljast óheppilegt fyrir landbóndann, eða ef h. þingd. er á þeirri skoðun, þá mun jeg taka því með jafnaðargeði, þótt frumv. verði fellt. Jeg hef álitið þetta miða til hagnaðar fyrir sjávarmanninn, en sjálfsagt er það dálítið verra fyrir landbóndann.

En þótt frumv. þetta nái nú ekki fram að ganga í þetta skipti, þá kem-

ur það fram á næsta þingi, og líklega verður komið hjer á stofn smjörlíkisverksmiðju bráðlega, en þá verður jafnframt að leggja toll á útlenda tólg. Jeg verð að álíta það gott, að smjörlíkið kom til umtals á þessu þingi, því umr. um það eru góður undirbúningur undir frumv. í líka stefnu á næsta þingi.

Þess vildi jeg óska að kunnátta manna, bæði í því að búa til smjör og öðru, færi vaxandi og tæki framförum, svo að afurðir landsins gætu orðið góð verzlunarvara og aukið tekjur landsmanna.

Jón Jensson: Nú fer jeg að skilja h. 1. þm. Árn. (Tr. G.), því að nú er hann kominn inn á sína eigin braut og farinn að tala um að þetta sje gert til að styrkja sjávarútveginn. En mjer finnst það ísjárvert að samþykkja tólgartoll í von um að smjörlíkistollur verði samþykktur. Og sömuleiðis verð jeg að álíta það helzt til of fljótt að fara að styrkja smjörlíkisverksmiðju, sem menn ímynda sjer að einhvern tíma kunni að verða stofnuð hjer.

Framsögumaður (*Tryggvi Gunnarsson*): Jeg get ekki sjeð að smjörlíkisverksmiðja sje fremur til stuðnings sjávarbóndanum en landbóndanum; hún miðar fyrst og fremst til þess að gera tólgina að allgóðu viðbiti, og máske bæta smjörverkunina. Jeg fæ ekki betur sjeð, en að það sje rjett hugsun, að stuðla til þess að gera afurðir landsins útgengilegar. Þar sem jeg talaði um að nauðsynlegt mundi verða að leggja toll á útlenda tólg, þá sýnir það sannarlega ekki að jeg vilji hjálpa sjávarbóndanum á kostnað landbóndans. Nei, jeg vil hjálpa báðum jafnt.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. fellt með 15 : 7 atkv.

Frumv. til laga um innleiðslu metrakerfisins fyrir máli og vog (C. bls. 485, 537); 2. umr.

Flutningsmaður (*Jón Jensson*): Jeg vil leyfa mjer að þakka h. deild fyrir undirtektir þær, sem mál þetta fjekk við 1. umr. Jeg var ekki svo heppinn að geta þá verið viðstaddur, en h. þm. Vestm. (V. G.) var svo góður að koma frumv. að fyrir mig. Því miður var tíminn svo áliðinn, þegar jeg fjekk tækifæri til að búa þetta frumv. út, að jeg geri mjer litlar vonir um að það geti orðið búið á þessu þingi.

Það hlýtur að vera öllum ljóst, hvílíkur ljettir er að metrakerfinu fyrir allan útreikning manna. Ef það yrði innleitt, mundi það ljetta fyrir mönnum á líkan hátt og þegar krónumyntin var innleidd hjer á landi. Þá fundu menn sannarlega til þess, hve ljett það tugakerfi var í samanburði við gömlu myntina.

Það er heldur ekki nema tímaspursmál, hve nær vjer fáum metrakerfið innleitt, því að það er nú komið á í öllum löndum Norðurálfunnar nema Danmörku og Rússlandi. Englendingar hafa raunar til skamms tíma ekki viljað innleiða það, en nú er það þó leyft þar facultativt. Þegar vjer höfum viðskipti við þær þjóðir, sem brúka metrakerfið, þá liggur það í augum uppi að það væri mikill ljettir að því, t. d. fyrir kaupmenn, að vjer einnig hefðum þetta kerfi. Auk þess er það orðið almennt við vegagjörðir hjer á landi að reikna allar fjarlægðir í kílometrum.

Mjer finnst því rjett að vjer tökum metrakerfið upp heldur árinu fyr en síðar.

Það, sem helzt gæti orðið þessu til fyrirstöðu, er það, að það er ekki komið á í Danmörku. Þar hefir stjórnin reynt að koma því á, en sú tilraun strandaði. Jeg ímynda mjer nú að frv. mæti ekki slíkum mótþróa hjer. Jeg

gæti bezt trúað, að ráðgjafinn hugsaði sem svo, ef þetta frumv. kæmi frá þinginu: »Það er bezt að þið fáið það og gerið Dönum skömm, sem ekki hafa viljað þiggja það«. En ef Íslendingar fengju metrakerfið innleitt hjá sjer, myndi innanríkisráðgjafi þeirra ekki þurfa að dýrka þá lengi úr því, til að taka það upp.

Það hefir komið fram breyt.till. um, að breyta evropæisku nöfnunum og taka upp íslenzk nöfn í staðinn, sumpart gömul, sumpart ný; t. d. að kalla meter »stiku«, 10 stikur eiga svo að heita spölur, 100 stikur skeið, 1000 stikur röst; $^1/_{10}$ stiku heitir spönn, $^1/_{100}$ nögl og $^1/_{1000}$ rák. Liter á að nefnast kanna, centiliter seitill og svo fram eptir götunum.

Jeg get nú ekki annað en vottað flutningsm. þessarar breyt.till. virðingu mína fyrir það, hve vel hann er að sjer í íslenzku máli; en annars vil jeg ráðleggja h. deild að samþykkja ekki breyt.till. hans, en láta sjer nægja að geyma þetta fróðlega skjal, breyt.till., í fórum sínum. En á þessu stigi vil jeg ekki að skemmt sje fyrir málinu eða það eyðilagt með neinu, sem getur líkzt sjervizku. Jeg verð líka að líta svo á, að hjer sje gengið of langt í »púristeriinu«.

Púristarnir ættu að gæta þess og hafa það hugfast, að orðstofnarnir íslenzku eru ekki sprottnir upp hjer á Íslandi, heldur komnir utan að; og eins og fornmenn gátu verið þekktir fyrir að taka upp útlenda orðstofna, eins getum vjer það nú á dögum. En hitt er áríðandi, að endingarnar á hinum útlendu heitum sjeu þannig, að þær hneyksli ekki íslenzkt eyra, og það sje jeg ekki að endingarnar á þeim heitum gjöri, sem í frumv. standa, þar sem þau má beygja að öllu eins og alíslenzk orð.

Sami h. þm. kom hjer um daginn fram með þá uppástungu, að kalla kilometer röst, en sú uppástunga var þá felld. Jeg vona því að h. þingdeild verði sjálfri sjer samkvæm og felli einnig þessar breyt.till.

Jón Jónsson (þm. A.-Skapt.): Hugmynd mín með breyt.till. var sú, að rjettara væri og jafnframt viðkunnanlegra að hafa íslenzk nöfn, en jeg dreg eigi þá dul að mjer, að halda að jeg hafi fundið hin beztu. Mörg af þessum útlendu orðum eru svo óþægileg, að menn leiðast til að stytta þau, t. d. kilogramm, sem opt er stytt í kilo; en ef kilometer og kiloliter ætti að stytta á sama hátt, þá yrðu öll orðin eins. En jeg álít líka hentugra að taka íslenzku orðin upp, því þá kemst þetta tugakerfi inn hjá fólki. Annars er jeg hræddur um að menn vilji heldur halda því gamla; svo er t. d. nú með lóðin, þótt þau sjeu úr lögum numin.

Það er ekki heldur neitt sjerstakt fyrir oss, þótt vjer tökum upp innlend heiti á þessu, því að það eru líka sumar aðrar þjóðir, sem hafa gert það, t. d. Hollendingar; sömuleiðis Grikkir. Menn kunna nú að segja, að það, sem Grikkir geri, sje ekki eptirbreytnisvert, en ef svo er, þá eru þó Hollendingar eptirbreytnisverðir, því að þeir eru einhver hin mesta dugnaðar- og framfaraþjóð.

Úr því Danir voru að hugsa um að taka upp dönsk nöfn á tugakerfinu, þá er því meiri ástæða til þess fyrir oss, sem höfum svo göfugt mál, sem oss er til hins mesta sóma.

H. þm. Rvík. (J. Jenss.) talaði um að fornmenn hefðu tekið upp útlend orð; en þess ber að gæta, að þau eru nú

komin inn í málið og komnar á þau íslenzkar endingar; en það tel jeg villukenningu, að útlend orð spilli ekki málinu, t. d. að segja »paalidelig« fyrir áreiðanlegur, »knúsa« fyrir buga eða að skjóta »jú« inn við annaðhvort orð.

Svo þarf jeg ekki að tala meira að sinni. Ef meiri umræður verða um þetta mál, þá hef jeg hugsað mjer að stinga upp á nefnd, því að mjer finnst margt annað athugavert við frv., t. d. að breyta öllum kvörðum, vogum og lóðum í landinu.

Flutningsmaður (*Jón Jensson*): H. flutningsm. breyt.till. vildi mæla með nöfnum sínum, af því að þau væru hentugri; en jeg verð að álíta að þau þvert á móti geti orðið villandi. Því að þessi heiti hans eru orð, sem vanalega eru brúkuð í allt öðru sambandi og því í annari þýðingu. Jeg skal t. d. taka orðið »kanna«; það á að vera sama sem lítri; en eins og allir vita er það í daglegu máli brúkað í allt annari merkingu. Slíkt er að fara illa með málið og gjöra það villandi (*J. Jónsson*, þm. A.-Skaptf.: Hvað á þá að segja um orðin: pottur, kútur, tunna?) Sama er að segja um orðin: seitill, nögl, spönn. Eða hvað lízt mönnum á annað eins og að kalla millimetra rák; jeg er hræddur um að stærðfræðingum myndi ekki líka það.

Það verður líka hver maður að viðurkenna, að nöfnin í frv., sem eru viðurkennd svo að segja í allri Norðurálfunni, sjeu mjög einföld og hentug; t. d. í lengdarmálinu er metri eina orðið, sem maður þarf að muna; svo er að eins að margfalda með grísku orðunum »deka«, »hekto« og »kilo« upp á við, en deila með latnesku orðunum niður á við (decimetri, centimetri og millimetri). Sama er að segja um grömmin, t. d. hektogramm = 100 grömm, og alveg eins er farið með litrana. Þetta er svo einstaklega einfalt og hentugt að muna, en íslenzku nöfnin verður erfitt að muna, og auk þess eru það orð, sem eru brúkuð í allt annari merkingu.

Flutningsm. breyt.till. tók það fram, að Hollendingar hafi sjerstök innlend heiti yfir þetta. Jeg er því ókunnugur, en jeg efast um að það sje almennt, t. d. meðal kaupmanna; því að jeg trúi því varla, að Hollendingar sjeu svo ópraktiskir. Hitt kann vel að vera, að einhver snillingur, að jeg segi ekki sjervitringur þar í landi hafi búið til slík orð.

En verði þessar breyt.till. samþykktar, þá eigum vjer það á hættu, að þær spilli fyrir málinu í þetta sinn, með því að fæla stjórnina frá að taka frv. upp.

Jón Jónsson (þm. A.-Skapt.): Jeg vil vekja athygli á, að hjer er ekki um eina breytingu að ræða, heldur margar aðrar, sem miða til þess að breyta málinu á frv. til betri vegar. Fyrirsögnin finnst mjer t. d. engin íslenzka. En að öðru leyti leyfi jeg mjer að ítreka það, sem jeg gat um áðan, að mjer þætti þörf á að skipa nefnd í málið, og sting jeg upp á 3 manna nefnd.

ATKVÆÐAGR: Nefnd samþ. með 12 : 6 atkv. og kosnir

Jón Jensson með 21 atkv.

Jón Jónsson þm. A.-Sk. með 15 atkv. og

Ól. Briem með 8 atkv.,

eptir ítrekaða kosningu og hlutkesti milli hans og Valtýs Guðmundssonar, og var málinu síðan frestað.

Frumv. til laga um breyting á lögum 8. jan. 1886 um hluttöku safnaða í veitingu brauða (C. bls. 373, 517); frh. 1. umr.

Framsögumaður (*Ólafur Briem*): Jeg skal að eins taka það fram, að þetta frv. er komið frá h. Ed., eins og þm. munu hafa tekið eptir, og er í flestu samhljóða því frv., sem samþ. hefir ver-

ið á undanförnum þingum; það er að eins eitt atriði, sem nefndin hefir leyft sjer að koma fram með breyt.till. við, sem mun koma fram við 2. umr., og efast jeg ekki um, að h. deild muni taka málinu vel.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 21 samhlj. atkv.

Tillaga til þingsályktunar um landsbankann (C. bls. 500); ein umr.

Flutningsmaður (*Skúli Thoroddsen*): Það hefir þegar verið rætt svo mikið um landsbankann í dag, að það virðist vera að bera í bakkafullan lækinn að auka við þær umræður, en sem flutningsmaður þessarar þingsál.till. skal jeg þó leyfa mjer að fara um hana nokkrum orðum.

Tillagan skiptist í 3 liði; skal jeg ræða nokkuð um hvern þeirra sjerstaklega.

Fyrsti liðurinn fer í þá átt: »Að bankinn setji á stofn aukabanka eða framkvæmdarstofur fyrir utan Reykjavík, einkum á Akureyri, Ísafirði eða Seyðisfirði«.

Eins og kunnugt er, þá er gjört ráð fyrir því í lögunum frá 18. sept. 1885, að bankinn setji á stofn aukabanka svo fljótt sem auðið er, einkum á þessum þrem stöðum: Akureyri, Ísafirði og Seyðisfirði; en nú er bankinn þegar búinn að standa á 13. ár, og ekki hefir þetta verið gjört; alþingi hefir fleirum sinnum skorað á landsstjórnina, að koma þessu í framkvæmd, en bankastjórnin hefir ekki þótzt geta komið því við, og í brjefi, sem hún hefir skrifað landshöfðingjanum 17. marz 1890, út af áskorun alþingis 1889, hefir bankastjórnin einkum borið það fyrir, að fjeð vanti til að koma þessum aukabönkum á fót; en tímarnir hafa breytzt síðan, og h. framkvæmdarstjóri bankans, 1. þm. Árn. (Tr. G.), fór mörgum orðum um það í dag, hversu landsbankinn hafi blómgazt og eflzt undir hans stjórn, svo að nú má búast við, að þetta horfi öðru vísi og betur við. Jeg get og ekki sjeð, að það þurfi að vera svo kostnaðarsamt, að koma þessum aukabönkum á stofn; kostnaðurinn mundi helzt liggja í launum stjórnenda þeirra, en sá kostnaður þyrfti varla að vera öllu meiri en við stjórn sparisjóðanna, og á Ísafirði er allur kostnaðurinn við sparisjóðinn þar ekki fullar 1000 kr., ef jeg man rjett, og líklega líkt á Seyðisfirði og Akureyri (*Klemens Jónsson*: Miklu minni). Það má og gjöra ráð fyrir, að þessir aukabankar verði ekki stórir í fyrstu, enda er ekki fje til þess, og mætti líklega fá áreiðanlega menn, til þess að taka forstöðu þeirra að sjer, t d. formenn sparisjóðanna, fyrir mjög væga þóknun. Hvernig fyrirkomulag þessara aukabanka að öðru leyti væri, fer auðvitað eptir ákvörðunum bankastjórnarinnar; en jeg skal í því efni taka það fram, að þó að gæzlustjórar væru settir við hvert útibú, þá þyrfti ekki að fara mikið tje til þess, kannske 100 kr. til hvers. Jeg tek þetta fram, til þess að sýna, að það er ekki á rökum byggt, sem bankastjórnin áætlar í brjefi sínu 17. marz 1890, að kostnaðurinn við hvert útibú yrði 6—7 þús. kr. Jeg skil ekki, að þetta geti náð nokkurri átt, nema bankastjórnin hafi hugsað sjer útibúin í allt öðrum stýl en fyrir mjer vakir.

Viðvíkjandi þörfinni á aukabönkum má geta þess, að það er auðvitað mjög erfitt fyrir menn utan af landi, að sækja hingað til Reykjavíkur, og það væri því ekki lítill hægðarauki fyrir þá, ef aukabanki væri á þessum stöðum, sjerstaklega á Seyðisfirði og Akureyri; á Ísafirði þyrfti þess kannske sízt, af því að sparisjóðurinn þar er stærri en á

hinum stöðunum. Og þegar sparisjóðurinn á Seyðisfirði tekur 6% af útlánum, þá er það þar af sýnilegt, hve peningar eru dýrri á Austurlandi, svo að það er þörf á að geta mönnum þar kost á að fá lán með vægum kjörum, og það er líka bending um, að ef bankinn stofnaði þar útibú, þá þyrfti hann ekki að binda sig við að veita sömu kjör þar, sem í Reykjavík, úr því peningar ganga þar út fyrir hærra verð.

Jeg býst við að sú mótbára muni klingja enn, að ekki sje peningar til þessa fyrir höndum, bankinn hafi ekki ráð á að sleppa því fje, sem til þessa þarf, úr veltu sinni. En þá er að líta á, hversu mikið fje bankinn þyrfti að hafa á hverju útibúi. Og gerum ráð fyrir, að bankinn, til þess þó að verða að einhverju leyti við áskorun þingsins, stofni útibú að minnsta kosti á einum af þessum stöðum, – þá ímynda jeg mjer, að bankinn þyrfti ekki að hafa meira fje á þessu útibúi en 100—150 þúsund kr. En það væri góð hjálp, þó ekki væri meira. En þá er spurningin: Er bankanum þetta ekki of vaxið? Og jeg verð að líta svo á, eptir að hafa kynnt mjer reikninga bankans frá 1891—1896, að honum sje það ekki of vaxið. 1891 átti bankinn í erlendum skuldabrjefum 249,200 kr., hjá Landmandsbankanum átti bankinn 2356 kr, og við árslok hafði bankinn fje í sjóði, sem nam 182266 kr.

Jeg verð að líta svo á, að ekki sje þörf á, að leggja mikið fje í það, að kaupa útlend skuldabrjef — og að minnsta kosti er ekki samræmi í því, að þykjast ekki hafa fje til þess að inna af höndum skyldustörf sín, og festa þó jafnframt stórfje í útlöndum. — Göngum vjer inn á þá skoðun, sem bankastjórnin heldur fram í brjefi sínu 17. marz 1890, og sennilegt er, að bankinn megi aldrei hafa minna en 100,000 kr. í sjóði, og þó hann hafi varasjóð sinn einnig fyrirliggjandi í peningum, þá sjáum vjer, að við árslok 1891 hefði bankinn þó — auk varasjóðs, er nam 124,933 kr. og auk 100,000 kr. í sjóði — getað haft til útibúa 208,889 kr., ef hann hefði ekki haft fje sitt bundið í konunglegum skuldabrjefum m. m.

Þegar vjer fetum oss lengra fram, þá sjáum vjer, að hagur bankans verður æ betri og betri. Tökum t. d. árið 1892. Þá átti bankinn:

í útlendum skuldabrjefum	239200 kr.
hjá Landmandsbanken . .	2619 —
og í sjóði	168281 —
Samtals	410100 kr.

Hjer verður því hið sama ofan á, að ef bankinn hefði ekki bundið fje sitt í útlendum skuldabrjefum, og þó að hann hefði haft varasjóð, og ofannefndar 100 þúsund kr. í sjóði fyrirliggjandi, — þá hefði hann þó getað haft talsvert á annað hundrað þúsund krónur til aukabanka.

Svipað er um árið 1893; jeg skal ekki telja upp hvern lið sjerstakan, en jeg het reiknað, að auk varasjóðs og 100 þús. í sjóði hefði bankinn þá getað haft 160924 kr. í aukabanka. En í stað þess voru krónur þessar gerðar arðberandi — ekki hjer á landi, heldur suður í Danmörku.

Árið 1894 hefði bankinn auk varasjóðs og auk 100 þús. kr. í sjóði getað haft 326462 kr. til aukabanka, því það ár hefir bankinn legið með í erlendum skuldabrjefum — 370682 krónur!

Árið 1895 hefði bankinn getað haft afgangs auk varasjóðs og auk 100 þús. í sjóði — 454947 kr., og loks við árslok 1896 hefir bankinn átt

í erlendum skuldabrjefum	446784 kr.
hjá Landmandsbanken .	84409 —
í sjóði	98434 —

og húseignir í Reykjavík upp á 53,000 kr., en þær tel jeg ekki með, af því að þær munu hafa verið keyptar fyrir peninga varasjóðs. Hefði bankinn 1896 haft sinn varasjóð, og 100 þús. í sjóði, þá hefði hann getað lagt til úti búanna 397536 kr. Mjer sýnist því, að nú sje svo komið, að vandkvæðið, sem bankastjórnin taldi á því, að setja upp aukabanka, sje ekki eins mikið eins og 1891, svo að það er vonandi, að bankastjórnin láti nú ekki lengur dragast að gera eitthvað til að fullnægja þessu ákvæði laganna

Þá er annar liður þingsályktunartillögunnar, sem fer fram á: »Að framkvæmdarstjóra bankans sje að hitta á starfstofu bankans að minnsta kosti 5 kl.stundir hvern virkan dag«.

Jeg þarf ekki að tala langt um þetta atriði, af því að þess var minnzt nokkuð ræki lega í umræðunum fyr í dag; en jeg vona að öllum sýnist það eðlileg krafa, að bankastjórann, hálaunaðan mann, eptir því sem gerist hjer, sje að hitta daglega lengur en að eins 1 kl.stund á skrifstofu bankans. Þó að ekki verði ætlazt til þess, að gæzlustjórarnir sjeu þar svo lengi, eins og hæstv. landshöfðingi sagði í dag, þá getur sú mótbára ekki komið í bág við þetta, því að það er mikið hagræði að geta talað við framkvæmdarstjóra, sem mestu ræður, og æði mikið hægra að eiga aðgang að honum á starfstofu bankans, en að þurfa að leita hann uppi einhversstaðar og einhversstaðar, niðri í fjöru eða uppi í holtum, — einkum fyrir sveitabændur og yfir höfuð menn, sem eru ókunnugir hjer í Reykjavík.

Ákvæði bankalaganna um varasjóð inn eru mjög ógreinileg. En jeg veit ekki, hvort bankastjórnin hefir leyfi til þess, að verja varasjóði bankans þannig. Reikningar bankans fyrir árið 1896 bera það með sjer, að bankastjórnin hefir keypt húseignir fyrir 56.000 kr., og ímynda jeg mjer, að það sje keypt fyrir fje úr varasjóði bankans. Annars vil jeg geta þess, að menn heyra misjafna dóma um það, hvort bankastjórnin hafi leyfi til að kaupa húseignir fyrir varasjóð bankans. Í fyrra keypti bankastjórnin húseign hjer í Reykjavík af manni, sem nú er bæjarfógeti á Ísafirði, undir því yfirskyni, að bankinn þyrfti á þeirri lóð að halda fyrir bankahús. En nú vill bankastjórnin selja þa húseign aptur, eða hefir kannske gert það. Sömuleiðis hefir bankinn keypt húseign Knudtzons. Jeg kem fram með þetta til þess, að jeg gæti fengið færi á að sjá, hverju fram færi. Að þessu sinni ætla jeg svo eigi að tala fleiri orð.

Tryggvi Gunnarsson: Það hefir verið talað mikið um bankann í dag, og eytt nörgum orðum um hann. Jeg veit það, að h. flutningsm. (Sk. Th.) hefir almenningsálitið með sjer, að því er snertir 1. atriðið, nefnilega um að bankinn setji á stofn aukabanka eða útibú. En jeg held að sama ástæðan gildi nú eins og áður, að bankinn hafi ekki nógu mikið fje til þess. Það er álitið svo, að útibú geri mikið gagn, en jeg held að sparisjóður, sem bankinn styrkir og hefir samband við, geti gjört eins mikið gagn eða meira.

H. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) talaði mikið um framför bankans, til að sanna, að hann væri fær um að setja útibú. — Það er satt, bankinn hefir tekið miklum framförum hin síðari ár. En þess verður jafnframt að gæta, að peningaþörf landsmanna og viðskipti við bankann hefir aukizt að sama skapi. Eptir nyjár á landsbankinn ár hvert mikið í sjóði arðlaust, allt að 200.000 kr., en þegar fer að líða fram á vorið, þá fara

menn að taka peninga sína út úr sparisjóðnum, en svo þegar lengra líður á, og kemur fram í miðjan júlí og ágúst, þá vantar bankann opt peninga, og þarf hann þá að taka lán hjá landssjóði, stundum 20—40,000 krónur. Ýmsar framkvæmdir sveita- og sjávarbænda-anna, einnig kaupmannanna, útheimta það, að þeir þurfa að brúka sína peninga yfir sumarið, en láta þá svo hvíla sig í landsbankanum yfir veturinn. — Þetta sýnir ljóslega, að bankinn hefir ekki fleiri 100,000 krónur aflögu til að stofna útibú, þegar hann sjálfur þarf að lána fje yfir sumartímann, og ekki útlit fyrir að þetta breytist, því peningaþörfin vex ár frá ári, og allt af fjölgar lántakendunum.

Á næstliðnu þingi var jeg því meðmæltur, að landsbankinn veitti sparisjóðunum hjálp og var þingdeildin þá einnig með því. Sparisjóðirnir eru sjálfstæðir, og geta strax svarað já eða nei við stærri lánveitingum, en það geta aukabankarnir ekki; þeir yrðu undir landsbankann settir og þannig ósjálfstæðir; það er t. d. betra að leita til sparisjóðsins á Ísafirði nú, heldur en ef hann væri stofnaður sem aukabanki, þar sem hann þá yrði að vera undir landsbankann gefinn. Þessi vegalengdar-aðgreining gæti að vísu lagazt nokkuð, ef telegrafþráður kæmist á milli Reykjavíkur og þessara staða, sem þessi umtöluðu útibú bankans ættu að standa á, því þá væri hægt að senda skipanir á milli útibúanna og aðalbankans. Þegar svo langt væri komið, þá væri fyrst mögulegleiki fenginn fyrir því að setja útibú á stofn á Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði, en um leið yrði þingið að bæta við peningainnstæðu bankans. Jeg held að þessu máli um útibúin ætti að fresta, að minnsta kosti þangað til 1899, á næsta þingi, að vissa er fengin um lagning frjettaþráðar hingað til landsins, og til nefndra staða úti um landið.

H. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) talaði um, að bankinn gæti látið útibúin hafa 150,000 kr. að minnsta kosti, og byggði hann það á því, hvað mikið fje bankinn ætti, en þar gætti hann þess ekki, að hann lagði saman bæði peningaforða bankans og obligationirnar. Bankinn hefir gegn vöxtum yfir 1 miljón í sparisjóði fyrir prívatmenn — $^2/_3$ partar af því fje, sem bankinn hefir til að starfa með og lána, er eign einstakra manna, en þar af leiðir aptur, að bankinn þarf allt af að liggja með mikla peninga og verðbrjef, svo hann samstundis geti borgað allt það, sem inneignamenn óska að fá til sinna þarfa.

Það gæti orðið hættulegt fyrir bankann, ef mikið væri tekið af innstæðu hans til útibúanna, því svo getur farið hjer eins og stundum erlendis, að upp komi lygasögur um að bankinn sje á veikum fótum, svo inneignamenn verði hræddir og heimti sitt allt útborgað á svipstundu; ef svo færi, gæti bankinn orðið í vanda staddur, ef hann þyrfti að borga út fleiri 100 þús. kr. til einstakra manna á mjög stuttum tíma. — Einmitt af því, hve innstæða bankans sjálfs er lítil, og að svo mikið af fje því, sem bankinn hefir til umráða, er sparisjóðseign einstakra manna, eign, sem hann verður að hafa á reiðum höndum, þegar heimtað er, þá getur hann ekki lagt stórfje til útibúa úti um landið.

Þá kem jeg að öðrum liðnum í þingsályktunartillögunni, sem fer fram á það að framkvæmdarstjóra bankans sje að hitta á starfstofu bankans að minnsta kosti 5 klukkustundir hvern virkan dag. Bankastjórnin hefir þar ekkert að gera svo lengi, og jeg skil ei í því, hvaða hagur er að því fyrir bankann, að hún sitji þar yfir engu, eða þegar enginn

maður kemur í bankann. Jeg vil geta þess, að nú sem stendur er starfstíminn ákveðinn í opnum banka 3 tímar, en þegar meira er að gjöra en afgreitt verður á þessum tíma, þá er ætíð lengdur tíminn, þar til allir hafa fengið afgreiðslu, sem beinlínis óska þess. Jeg veit ekki, hvað bankastjórinn ætti að gjöra á skrifstofu hans, þegar hinir allir starfsmenn bankans eru farnir burt. Jeg skil ekki, eptir hverju hann á þá að bíða. Ef hann á að sitja 5 kl.st. í bankanum, þarf að lengja tíma gæzlustjóranna og starfsmanna bankans, en þá um leið þyrfti að hækka laun þeirra; þeir eru ekki skyldir til að una við sama kaup, ef tíminn er lengdur. Það er auðvitað mál, að ef fje bankans yrði tekið til annars, t. d. til útibúa og búnaðarsjóðs, sem þingið vill setja á stofn, þá minnkar umsetningin í bankanum, og þá er síður ástæða til þess að lengja starfstímann allra í bankanum. Sem stendur, þarf starfstími bankastjórans eigi að vera lengri en 1 til 2 kl.tíma á dag, meðan bankinn er opinn; á þeim tíma er hægt að ljúka af því sem þarf; sje meira að gjöra, er sjálfsagt að hann er lengur. En að skylda menn til að bíða á sama stað að þarflausu, hvort nokkuð er að gjöra eða ekkert, sýnist mjer undarlegt, enda bankanum alveg gagnslaust. Jeg ætla, að eigi sje auðvelt að sanna, að bankastjóri hafi farið burt úr bankanum fyrr en að það var afgreitt, sem þurfti að afgreiðast þann dag. Eins og nú stendur eru starfsmenn við bankann of fáir og vinna því opt miklu lengur en þeir eru skyldugir til, opt 4—5 kl.tíma.

Loks vil jeg snúa mjer að 3. lið þingsályktunartillögunnar, hvort varasjóði bankans sje varið lögum samkvæmt, og skal jeg þá fyrst skýra frá húseign, sem Hafstein bæjarfógeti átti, hún var keypt að eins til lítils tíma; í fyrstu átti lóðin að vera til bankabyggingar, af því að húseign Guðnýjar heitinnar Möller fjekkst ekki nema fyrir afarverð. En nokkru síðar gafst kostur á að kaupa hina stóru húseign og lóð Knudtzons kaupmanns, sem fjekkst fyrir gott kaup, og sem bankinn auðsjáanlega græðir á; var því lóð og húseign Hafsteins seld aptur bankanumskaðlaust. Um Bessastaðina er það að segja, að þeir voru keyptir fyrir fje úr sjóði, sem var afhentur bankanum um leið og sparisjóður Reykjavíkur gekk til bankans; hann heitir »varasjóður sparisjóðs Reykjavíkur«, og á að verja honum til almennra gagnlegra fyrirtækja, svo fje bankans var ekki varið til þeirra jarðakaupa. Þar að auki keypti jeg hið svokallaða Þorbjarnarhús fyrir fje úr sama sjóði. Bessastaðina hefir bankinn aldrei keypt fyrir sína peninga, heldur áðurnefndur sjóður; jeg bjóst við að landið þyrfti að eignast jörðina til þess að byggja þar holdsveikraspítala og skipakví, og vildi því með þessu kaupi varna því að sá keypti, sem ekki vildi aptur selja landinu jörðina, nema þá með mikið hækkuðu verði. Þetta var ástæðan til þess að jeg keypti jörðina. En nú er jörðin seld aptur, þegar útsjeð var um að landið þurfti ekki að nota hana fyrir holdsveikraspítala.

Fasteignir þær, sem bankinn á hjer í bæ, eru allar á dýrasta og bezta staðnum í bænum, og miklu meira virði en jeg keypti þær fyrir bankann; sumt af lóðinni þarf hann að nota til eigin þarfa.

Það sem bankinn hefir af varasjóð sínum í obligationum fær hann vexti af $3^1/_2$%, en af sumum fasteignum fær hann 5—6%; hef jeg því álitið meiri hagnað fyrir hann að hafa sumt af varasjóðnum í fasteignum. Mjer dettur eigi í hug að afsaka þessi fasteignakaup. Beztu fjármálamenn mundu kalla þessi fasteignakaup happakaup.

Jeg veit það að einstaka mönnum úti um land kann að finnast að rjettara hefði verið að lána út þessa peninga, heldur en kaupa fasteignir fyrir þá. En þetta er sprottið af misskilningi. Eins og jeg hef áður tekið fram, verður bankinn að eiga að minnsta kosti í peningum, obligationum og auðseldum fast eignum 1½ millj. krónur, til þess að geta borgað út þeim sem í sparisjóði eiga, talsvert yfir 1 millj. samtals. Þess vegna er það, að þó jeg hefði ekki keypt nefndar fasteignir, þá hefði jeg keypt verðbrjef, og þeir peningar því alls ekki lánaðir út.

Að endingu vil jeg aptur víkja að útibúum bankans; mjer virðist um þau, líkt og jeg sagði um dagsetn í öðru máli, að þau yrðu lík því, þegar gömlu höfðingjasetri er skipt í 4 eða 5 býli; þá verða þessir 5 smábændur allir kraptlausir til stórræða og ónýtir fyrir sveitarfjelagið, þar sem einn maður efnaður í einbýli gæti verið sveitinni stoð og stytta.

Þegar bankanum er skipt 4 smástaði; þá verður hann aflminni til allra stærri framkvæmda, og stjórnin tiltölulega dýrari.

Klemens Jónsson: Jeg skal ekki þreyta h. þingd. með langri ræðu, en að eins leyfa mjer að minnast með fáum orðum á tvær af þingsályktunartill. þeim, sem fyrirliggja.

Þegar litið er til 1. till. um að bankinn setji á stofn aukabanka fyrir utan Reykjavík, þá er þess að gæta, að þetta er einmitt fyrirskipað í bankalögunum, svo að það þarf að vera brýnasta ástæða til þess, að þessu ákvæði ekki er fylgt. H. 1. þm. Árn. (Tr. G.) segir, að aðalástæðan sje sú, að ekki sje til í bankanum nóg fje til að setja aukabanka á stofn; til þess þurfi að auka starfsfje bankans. Önnur ástæða á að vera sú, að það sje svo mikill kostnaður við að halda úti þessum aukabönkum. H. flutningsm. (Sk. Th.) drap líka á þetta og gat þess, að ekki væri mikill kostnaður við sparisjóðina úti um land. Kostnaðurinn mundi ekki vera meiri en 1200 kr. við sparisjóðinn á Ísafirði. Jeg get gefið þá upplýsingu, að við sparisjóðinn á Akureyri, sem þó gjörir 50—60 þús. kr. umsetningu, er kostnaðurinn árlega ekki meiri en um 300 kr. Nú vil jeg ekki bera á móti því, að kostnaðurinn við hvert aukabú bankans mundi verða meiri en þetta; en fráleitt mun hann fara fram úr því, sem h. flutningsm. (Sk. Th.) tiltók, og sá kostnaður ætti alls ekki að vera fráfælandi.

H. 1. þm. Árn. (Tr. G.), eða bankastjórinn sjálfur, sagði, að það væri miklu nær, að bankinn veitti þessum sparisjóðum hjálp. Jeg skal játa, að það væri bót í því. En mjer er það kunnugt, að það hefir ekki veitt auðvelt að fá þessa hjálp. Mjer er það kunnugt, að stjórn sparisjóðsins á Akureyri hafði opt farið þess á leit bæði við fyrv. og núverandi bankastjóra, að fá lán úr bankanum með góðum kjörum; lánin hafa að vísu fengizt, en hvergi nærri með þeim kjörum, sem viðunanleg voru, eða rjettara sagt með svo framúrskarandi óaðgengilegum kjörum, að hann treysti sjer ekki til að taka líkt lán áfram. Þetta álít jeg ekki mikla hjálp, og eru sparisjóðirnir þó nauðsynlegir til að fylla það skarð, sem bankinn ætti að gjöra, en lætur ógjört. Bankinn kemur engum að verulegum notum, nema Reykjavík og hjeruðunum þar í kring. (*Tryggvi Gunnarsson*: Þetta er ekki rjett). Þetta er alveg rjett. Þeir, sem búa fyrir utan Reykjavík, verða að hafa hjer umboðsmenn, ef þeir eiga að geta átt nokkuð við bankann; sá umboðsmaður kostar nokkuð, og það stendur ekki á sama, hver hann er, því lánsupphæðin, sem menn fá, og kjörin fara

mikið eptir því, hver umboðsmaðurinn er. (*Tryggvi Gunnarsson*: Dæmi?!). Bankastjórinn veit við hvað jeg á. Jeg hefi sagt honum það »privat«. Bankastjórinn var á Akureyri fyrir 2 árum síðan, og átti þá tal við eigendur sparisjóðsins þar — sem er einstakra manna eign — um viðskiptasamband milli bankans og sparisjóðsins. Jeg var ekki á þeim fundi, því jeg var ekki einn af eigendum sjóðsins, en eptir því, sem viðstaddir menn sögðu mjer, vissu þeir ekki annað, en að kominn væri á fullur samningur milli bankastjórans og sparisjóðseigendanna; en þegar til kom, heimtaði bankastjórnin það skilyrði fyrir viðskiptunum, að sparisjóðurinn yrði ekki lengur einstakra manna eign, heldur eign almennings. Það mun líka vera fyrir framgöngu bankastjórans, að nú er stofnaður á Akureyri annar sparisjóður, sem er almennings eign. Jeg hefi ekkert á móti þessu í sjálfu sjer, því jeg álít, að sparisjóðir eigi að vera almennings eign, en ekki eign einstakra manna; en, eins og á stóð, var það skylda bankastjórnarinnar að standa við loforð sín og styrkja sparisjóðinn, hvort sem hann var privateign eða ekki. Sparisjóður á Akureyri hefir þá hingað til ekki haft mikið gagn af bankanum, og jeg býst ekki við að hann hafi það mikið hjer eptir.

Jeg býst helzt við að sá konkurrens, sem hlýtur að myndast á milli hinna tveggja sparisjóða, sem þar eru nú, gjöri það að verkum, að hvorugur þeirra geti staðizt. Vegna þess, sem jeg hefi nú tekið fram, verð jeg að greiða atkvæði með 1. tillögunni.

Að því er snertir 2. tillöguna, getur verið að hún fari fulllangt. Það væri ef til vill nóg, að skylda bankastjórann til að vera 3—4 klukkustundir í bankanum á dag, eða þá mislangan tíma á ýmsum tímum árs, en af því að hjer liggur engin breyt.till. fyrir, þá er annaðhvort að fella þessa 2. tillögu eða samþykkja hana. Af því að jeg álít, að 1 klukkustund sje allt of stuttur starfstími fyrir bankastjórann, þá greiði jeg atkvæði einnig með þessari tillögu. Hæstv. landsh. tók það fram í dag, að hann áliti ekki hægt að gjöra bankastjóranum að skyldu að vera lengur í bankanum en eina stund, af því að ekki væri rjett, að skylda gæzlustjórana til að vera lengur. En jeg verð að álíta, að bankastjórinn með 5000 kr. launum eigi að hafa meiri starfstíma en gæzlustjórarnir, sem að eins hafa 500 kr. þóknun. Jeg held líka að 1. gr. bankalaganna gjöri bankastjóra beinlínis að skyldu að vera lengur í bankanum, en gæzlustjórarnir. Jeg skil heldur ekki, að hann geti ekki eða megi ekki kaupa áreiðanlega víxla eða afgjöra smávegis lán, sem ekkert er við að athuga, án þess að bera það undir gæzlustjórana, enda eru menn, sem kunnugri eru slíkum störfum en jeg, mjer alveg samdóma í þessu efni.

Aðalástæðan til þess að jeg stóð upp í þetta sinn snertir þó fyrirspurnina, sem upp var borin í dag. H. flutningsmaður tillögunnar (Sk. Th.) gat þess meðal annars, að bankastjórinn hefði þilskipaútveg að atvinnuvegi, og hæstv. landsh. tók það fram, að bankastjórinn hefði átt 2 þilskip, þegar hann tók við bankastjórastörfunum. Bankastjórinn tók það líka fram, að hann hefði átt þessi skip lengi; hann hefði látið smíða þau árin 1872 og 1876. Þessu ætlaði jeg að mótmæla í dag, en rjeð þó af að geyma mjer það, þangað til þetta mál kæmi fyrir í kvöld, til þess að afla mjer þeirra upplýsinga, er gjörðu mig vissan í minni sök. Jeg get nú upplýst um, að bankastjórinn átti ekki

þessi tvö skip, áður en hann kom hingað. Að minnsta kosti hafði hann ekki tíundað þau þau árin, sem jeg var sýslumaður og bæjarfógeti á Akureyri, áður en hann varð bankastjóri.

Jeg vissi það, að hann átti part í tveimur skipum, en síðan hann varð bankastjóri hefir hann eignazt þessi tvö skip við makaskipti og kaup. Það getur verið, að hann hafi látið smíða þessi skip »Hermann« og »Baldur« fyrir aðra á meðan hann var forstjóri Gránufjelagsins, því hann hefir alltaf verið bóngóður maður. En af því að þetta skipaeignarspursmál var töluvert atriði í umræðum manna í dag, þá þótti mjer rjett, að hið sanna í því kæmi fram.

Einar Jónsson: Um það leyti, sem þessi þingsályktunartillaga kom fram, ætlaði jeg að koma með tillögu í líka átt og 1. atriði hennar. Menn muna sjálfsagt, að jeg kom með þingsályktunartillögu á síðasta þingi um það, að bankinn stofnaði sem fyrst útibú. Þá skýrði h. 1. þm. Árn. (Tr. G.), sem er bankastjórinn sjálfur, frá því, að bankastjórnin hefði í hyggju að koma bankanum í samband við sparisjóðina á þessum stöðum: Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði. Jeg tók þá tillögu mína aptur með þeim ummælum, að jeg treysti því að þetta yrði gjört, og að rjett væri að reyna, hvernig þetta viðskiptasamband gæfist. Af því að jeg tók tillögu mína aptur á síðasta þingi með þessum ummælum, þá óska jeg nú að heyra, hvað bankastjórnin hefir gert í þessu efni, og hvernig þessi viðskipti hafa gefizt, ef þau hafa komizt á nokkursstaðar. Jeg ætlaði að koma með þingsályktunartillögu eptir ósk þingmálafundarins á Egilsstöðum í vor, um að landsbankinn stofnaði aukabanka, sjerstaklega á Seyðisfirði. Og fyrir því ætlaði jeg sjerstaklega að óska eptir aukabanka þar, að þar eru svo að segja engir sjóðir, sem hægt er að fá lán úr. Þar er að vísu sparisjóður, en hann er lítill, og útlánskjörin eru ekki góð, þar sem hann tekur 6% af lánum. Það er enginn landsfjórðunganna eins illa staddur í þessu tilliti eins og Austfirðir, bæði fyrir þessa sök og svo vegna hinna ófullkomnu samgangna milli Austfjarða og Reykjavíkur. Mjer finnst þess vegna allt mæla með því að aukabanki verði fyrst stofnaður á Seyðisfirði, og þó að það kunni að vera varúðarvert að setja þessa aukabanka á stofn á öllum stöðum í einu, þá er minna varhugavert að setja slíka stofnun upp á einum stað fyrst um sinn, og sá staður ætti að vera Seyðisfjörður, því þar er þörfin mest. Á Akureyri eru auk sparisjóðanna ýmsir sjóðir, sem amtmaður hefir undir höndum, og á Ísafirði er stór sparisjóður, svo þörfin er ekki eins brýn á þessum stöðum. Hagur almennings er ekki verri fyrir austan en annarsstaðar, svo að trygging fyrir lánum fæst þar ekki minni eða lakari en annarsstaðar. Jeg vildi þess vegna óska, að h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) vildi skýra frá því, hvort bankastjórnin hefði gjört nokkuð til þess að greiða fyrir viðskiptum milli bankans og sparisjóðsins á Seyðisfirði, og ef það hefir ekki verið gjört, hvort bankastjórnin mundi ekki vilja koma því til leiðar, að aukabanki yrði stofnaður á Seyðisfirði.

Flutningsmaður (Skúli Thoroddsen): Jeg vildi að eins tala fáein orð út af síðustu ræðu h. 1. þm. Árn. (Tr. G.). Hann bar enn sem fyr við peningaeklu hjá landsbankanum, sem gjörði honum það ómögulegt að stofna aukabanka. Sjerstaklega gat hann þess, að frá apríl til september væri bankinn í svo mikilli peningaþröng, að hann yrði að leita til landssjóðs og fá lán úr honum, þó hann hefði talsverða peninga

fyrirliggjandi um áramót. Jeg hefi nú einmitt aðgætt þetta líka fyrir árin 1895 og 1896. Jeg hefi aðgætt, hvernig hagur bankans hefir verið á terminunum: 31. marz, 30. júní og 30. sept. þessi árin, og skal jeg nú skýra frá, hvers jeg hefi orðið vísari: 1895, 31 marz, á bankinn í konunglegum ríkisskuldabrjefum 370,682 kr., inni í Landmandsbankanum 46,964 kr. og í sjóði 161,181 kr. eða samtals 578,827 krónur; þar af á varasjóður 155,336 kr, og verða þá eptir 423,491 kr. — 30. júní sama ár á bankinn í konunglegum ríkisskuldabrjefum 362,773, í Landmandsbankanum 72,805 kr., og í sjóði 45,136 kr., eða samtals 480,714 kr.; þar af átti varasjóður 154,736 kr., og verða þá eptir 325,978 kr. — 30. september s. á. á bankinn í konunglegum ríkisskuldabrjefum 360,166 kr., inni í Landmandsbankanum 65,206 kr., og í sjóði 42,643 kr., eða samtals 468,015 kr.; þar af leggst í varasjóð 153,836 kr., og verða þá eptir 314,179 kr. Alstaðar verður það ofan á, að fje er minna í sjóði en þyrfti að vera, að eins af því að bankinn bindur fje sitt fast í konunglegum ríkisskuldabrjefum. Þannig hefði getað verið í sjóði t. d. 31. marz 1895 hátt upp í hálfa miljón, þó varasjóður væri ekki talinn með, sem auðvitað ekki má verja til útlána.

Enn meira fje hefði getað verið til taks 1896, enn þá var enn meir en hitt árið bundið í konunglegum ríkisskuldabrjefum. Þannig var 31. marz það ár í konunglegum ríkisskuldabrjefum 455,515 kr., hjá Landmandsbankanum 57,484 kr., en í sjóði 198,790 kr., eða samtals 711,789 kr., og hefði bankinn þá getað legið með yfir hálfa miljón, að frádregnum varasjóði, ef ekki hefði verið svona mikið í konunglegum ríkisskuldabrjefum. Svipað var ástandið 30. júní það ár. Þá var í konunglegum ríkisskuldabrjefum 455,515 kr., í húseignum 10,000 kr., en í sjóði 129,876 kr., eða samtals 595,391 króna. Þar af var varasjóður 172,012 kr., og þá er eptir, sem bankinn hefði átt að geta legið með, 423,379 kr., eða þegar frá er dregin skuld til Landmandsbankans, að upphæð 7,546 kr., 415,833 kr. Líkt er þessu farið 30 sept. s. á.; þá er í ríkisskuldabrjefum 455,515 kr., hjá Landmandsbankanum 13,332 kr., í sjóði 40,795 kr., og í húseignum 28,000 kr., samtals: 537,648 kr., og hefði þá að frádregnum varasjóði, sem var 172,012 kr., átt að geta verið til taks 365,630 krónur.

Jeg hefi tekið þetta fram til þess að benda á, að aðal-agnúinn er sá, að bankinn bindur of mikið fje í konunglegum ríkisskuldabrjefum. En þó það geti komið fyrir, að bankinn þurfi að fá lán úr landssjóði dag og dag í bili, þá sje jeg ekki, að það geti verið nein mótbára gegn stofnun útibúa.

H. 1. þingm. Árn. (Tr. G.) áleit, að rjettast mundi að fresta stofnun aukabanka, þangað til frjettaþráðurinn kæmist á; en þess getur orðið langt að bíða. Því þó frjettaþráður komist á milli Íslands og útlanda, þá er ekki víst, hve nær hann kemst á milli staða innan lands. Hvað sem öðru líður, álít jeg gott, að þingið samþykki 1. lið þessarar tillögu, til þess að bankastjórnin hafi það hugfast að stofna aukabanka, svo fljótt sem framast er unnt, og sjerstaklega þar, sem þörfin er mest, sem mun vera á Seyðisfirði, eptir því sem h. 1. þm. N.-Múl. (E. J.) tók fram.

Að því er snertir 2. tillöguna, þá kann það að vera óheppilegt, að binda bankastjórann í bankanum 5 klukkustundir á hverjum degi. En það er auðvitað, að landshöfðingi getur beitt

þessari tillögu eins og honum þykir þörf. Það getur verið, að það sje nóg, að bankastjórinn sje í bankanum 3–4 stundir á dag, og ef til vill er það heppilegra, að hann sje þar lengur á sumrin en á veturna, og þó landshöfðingi hagi starfstímanum samkvæmt þessu, þá getur það vel samrýmzt við 2. lið tillögunnar. Aðalatriðið er það, að þingið láti það í ljósi, að því þyki starfstími þessa hálaunaða starfsmanns allt of stuttur eins og hann er nú.

Hvað snertir þau ummæli bankastjórans, að hann álíti rjett, að bankinn speculeri í fasteignakaupum, þá er jeg á alveg gagnstæðri skoðun í því. Jeg álít að hann eigi ekkert að hafa með aðrar fasteignir að gjöra en þær, sem hann er neyddur til að taka upp í veðskuldir.

Aðalverksvið bankans er það, að greiða fyrir verzluninni, atvinnuvegunum og viðskiptum manna á milli yfir höfuð, og þess vegna má hann ekki binda fje sitt í fasteignum.

Annars voru upplýsingar bankastjórans í ýmsu fullnægjandi, t. d. þar sem hann upplýsti, að ein húseign bankans hjer og Bessastaðirnir væru seldir aptur, og gefur þetta mjer tilefni til að halda ekki fast fram 3. lið tillögunnar.

Tryggvi Gunnarsson: Það lítur ekki út fyrir, að menn hafi mikinn áhuga á þessu máli, því að það er varla helmingur þingmanna inni í salnum, — það er því líklega hentast, að vera stuttorður.

H. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) fórust þannig orð, að mjer skildist, að jeg hefði lofað því norður í Eyjafirði, þegar jeg var þar í fyrra, að koma sparisjóðnum á Akureyri í samband við landsbankann. Það skein út úr orðum hans, að jeg hefði lofað nokkru, sem jeg hefði ekki efnt. En því mótmæli jeg; jeg hef engu lofað í þessu efni, sem ekki hefir verið efnt. Hið sanna er, að jeg lofaði að setja sparisjóðinn í samband við bankann, með því skilyrði, að hann yrði almennings eign en ekki prívatmanna; þetta samþykkti bankastjórnin, þegar kom hingað, og það stendur enn. En að veita þeim sparisjóðum almenn sparisjóðsrjettindi og sjerstakleg hlunnindi, sem eru gróðafyrirtæki einstakra manna, finn jeg enga ástæðu til, — einn slíkra sparisjóða, ef sparisjóð ætti að kalla, er á Siglufirði, annar í Köldukinn, og taka þeir 5% af lánum, en bankinn $4^1/_3$ % —, beinlínis gróðafyrirtæki einstakra manna; þó þeim sje gefið fallegt nafn, sýnist mjer ekki að bankinn geti gefið sjerstök vildarkjör. Bankinn bauð nefndum sparisjóð Akureyringa vildarkjör, ef hann breytti til og yrði almenningseign, en það vildu eigendurnir ekki þiggja, og á því hefir staðið. En nú hafa aðrir menn við Eyjafjörð tekið sig til að mynda nýjan sparisjóð, sem er amtseign, og þeim hefir bankastjórnin lofað liðveizlu sinni.

Samvinnan milli landsbankans og sparisjóðsins á Ísafirði hefir gengið mikið vel það sem af er, og peningaviðskipti talsverð, og sannar þetta, að það fyrirkomulag, að styrkja sparisjóðina, sem bankastjórnin hefir fylgt fram, getur orðið að góðu liði. Á Ísafirði er peningaþörfin ekki eins mikil og norðanlands. Og á Seyðisfirði ekki heldur, því væri þörfin þar mikil, þá mundi annar eins dugnaðarmaður og Wathne vafalaust fyrir löngu vera búinn að stofnsetja sparisjóð þar, en undir eins og efnamenn þar vilja stofna sparisjóð með actium sem almennings eign, þá er landsbankinn strax fús að hjálpa þeim.

H. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) var að segja mjer áðan, hvað jeg ætti og hvað jeg ekki á; ef hann heldur að hann viti

það betur en jeg sjálfur, þá þykir mjer skörin fara að færast upp í bekkinn. Jeg skal segja honum, að jeg hef látið smíða »Baldur« í Danmörku fyrir 20 árum síðan, í sameiningu við 2 aðra menn (*Klem. Jónsson*: Já, í sameiningu!) og látið smíða »Herman« í Stavangri 1888, ásamt 2 öðrum mönnum (*Klem. Jónsson*: Bankastjórinn átti þá ekki einn bæði skipin) og hefi ekki fargað síðan mínum parti í hvorugu skipinu. En þar sem hann talaði um tíund, að jeg hafi ekki tíundað skipin sjálfur, þá er því að svara, að jeg hafði sama siðinn sem jeg hef enn þann dag í dag; jeg valdi mjer þá menn, sem jeg treysti og sagði þeim að fara með skipin sem sína eign; jeg var óhræddur um þau í þeirra höndum.

Hvað það snertir, sem h. þm. Ísf. (Sk. Th.) enn þá einu sinni talaði um, að bankinn legði of mikið fje í að kaupa verðbrjef, þá svara jeg því, að jeg álít að ekki sje eigandi undir að bankinn eigi minna en hann hefir í auðseldum verðbrjefum, til þess að geta borgað, ef eitthvert stórræði kemur upp á.

Hin miklu innlög landsmanna í sparisjóðinn sýna það traust, sem þeir bera til bankans, en það traust er sprottið af því að menn vita, að þeir geta fengið alla sína peninga strax út borgaða, af því bankinn hefir ætíð svo mikið liggjandi í auðseldum verðbrjefum.

Fyrir 2 árum síðan innleysti Östifternes Kreditforening sínar 4% Obligationer og færði renturnar niður í 3½ %. En bankinn var þá svo stálheppinn að eiga erlendis 140 þús. kr. af þeim, svo hann gat skipt þeim fyrir aðrar Obligationer með 4% og þar af leiðir að bankinn hefir nú 4% til aldamóta, sem munar um 720 kr. á ári.

Þetta hafði bankastjórinn þó vit á að gjöra með öllum sínum hjáverkum.

Klemens Jónsson: Jeg skal að eins gjöra örstutta athugasemd. H. 1. þm. Arn. (Tr. G.) gat þess í dag, að hann hefði átt þessi 2 skip, áður en hann varð bankastjóri. Jeg skaut því til h. flutningsmanns (Sk. Th.), að svo hefði ekki verið. Þetta vill h. þm. (Tr. G.) hrekja með því, að hann hafi látið smíða skipin fyrir sig og meðeigendur sína, áður en hann varð bankastjóri En eins og allir sjá, þá hrekur hann ekki mín orð með því, heldur einmitt sannar þau; því þó að hann ætti hlut í þeim, þá er það ekki sama sem hann ætti þau. Það var óþarfi fyrir hann að taka þessi ummæli mín óstinnt, sjerstaklega þegar hann sannaði þau sjálfur. Að jeg hafi vænt hann um tíundarsvik, eins og hann gaf í skyn, það gat ekki átt sjer stað af því, að þegar hann átti ekki skipin, þá gat hann ekki prettazt um að tíunda þau! Annars get jeg sagt honum, að þau voru hvorki tíunduð á Svalbarðsströnd nje Árskógsströnd, heldur á Akureyri, þar sem þau áttu að teljast fram.

Einar Jónsson: Jeg ætla að eins að ítreka það, sem jeg hef áður sagt, að það er mikil peningaþörf á Austurlandi. Ljós vottur þess er það, að á öllum þeim þingmálafundum, sem jeg hef verið á, þá hefir ævinlega komið fram eindregin ósk um að útibú yrði stofnsett á Seyðisfirði. Og ef skoðaðir eru reikningar sparisjóðsins á Seyðisfirði, þá sjest að þar eru aldrei peningar fyrir liggjandi, nema um stund, ef eitthvað borgast inn, þá er það óðara lánað. Það má líka geta því nærri, hvort sá partur landsins er frábrugðinn öðrum fjórðungum að því að hafa þörf á peningum. Að ekki er beðið um lán úr bankanum þaðan eins mikið og t. d. hjer á Suðurlandi, kemur af því að svo erfitt er að ná til hans þaðan. Og svo framarlega sem það er áhtið gagnlegt að hafa lánsstofnun með vægum kjörum,

þá er það eins gagnlegt þar eins og annarsstaðar. En þörfin sjest bezt á því, að sparisjóðurinn hefir aldrei fje fyrirliggjandi, þó að hann taki 6% af útlánum.

Flutningsmaður (*Skúli Thoroddsen*): Jeg skal að eins gera stutta athugasemd út af því, sem h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) sagði, að betra væri fyrir bankann að hafa fje í konunglegum skuldabrjefum, heldur en að láta það liggja í bankanum. Hver efast um það? Það dettur víst engum í hug að halda annað. En jeg hef haldið því fram, að bankinn gjörði sjer og landinu skaða með því að láta aflögufje sitt út úr landinu, og að það sje sjálfsögð skylda hans að gjöra fje sitt arðberandi innanlands, sjerstaklega þegar svo mikil ekla er á peningum hjer á landi, og jeg hefi enn fremur sagt, að það sje skylda bankastjórans, vegna þess að bankinn, sem hann er yfir settur, er almanna eign, að gera þetta á þann hátt, sem almenningi landsmanna er þægilegast, með útibúum. Og meðan bankastjórnin hefir þessi ætlunarverk ógjörð, meðan hún á eptir að leysa af hendi þessar skyldur, á meðan ætti bankastjórinn ekki að láta sjer um munn fara annað eins og það, að peningar bankans yrðu að liggja á hillunni, ef ekki væru keypt fyrir þá konungleg skuldabrjef.

Tryggvi Gunnarsson: Þessir ýmislegu smámunir, sem verið er að tína til hjer í dag, svo sem hvort jeg eigi heilt skip, hálft skip eða 1/3 úr skipi, sýna að hjer er ekki um áríðandi alvörumál að ræða; það líkist meira að börn sjeu að kíta um smámuni; jeg held að betra hefði verið fyrir tillögumennina að koma aldrei fram með þessa þingsályktun, fyrst þeir hafa ekki meira fram að bera.

Þetta, sem h. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) sagði núna, að það væri skaði fyrir bankann að binda fje í obligationum, þá hef jeg margsagt, að bankastjórnin vill ekki hafa minna fje en þetta í auðseldum verðbrjefum, svo að hún geti tekið því, sem að höndum ber, frá sparisjóðsmönnum. Ef bankastjórnin má ekki ráða þessu, þá verður að setja hana af. Ef þingið ætlar að setja henni reglur um, hve mikið fje skuli vera til vara, hve mikið í útlánum og hve mikið í sjóði, þá er bankastjórn óþörf, og ómöguleg til að stjórna banka. Jeg get sagt h. deild, að þingið hefir ekki eins mikið vald yfir bankanum eins og sumir þingmenn halda. Öll þau áhrif, sem það vill hafa á bankans mál, getur það að eins haft eptir bankalögunum gegn um gæzlustjórana, sem það velur.

Menn skyldu því álíta að þingið og tillögumenn vildu að bankastjórinn gjörði sem minnst annan tíma en þann, sem gæzlustjórarnir — þingsins trúnaðarmenn — eru viðstaddir; þó fara tillögumenn í dag fram á það, að bankastjórinn sje 5 kl.stundir á dag í bankanum, en hitt er óbreytt, að gæzlustjórar sjeu 1 kl.stund. Annaðhvort á nú bankastjórinn að vera iðjulaus í 4 kl.stundir í bankanum, eða starfa talsvert án vitundar og samþykkis gæzlustjóranna. Þetta er allt svo á ruglingi og hvað á móti öðru hjá framsögumönnum, að mjer er óskiljanlegt að þeir skuli halda slíku fram í alvöru.

Jeg vil nú spyrja h. deild, hvort ekki sje rjettast að ákveða ekkert um lengd bankatímans frekar en verið hefir; bankastjórinn hefir allt af verið í bankanum þann tíma sem með þarf, 1, 2 og 3 tíma eptir því, hve marga hefir þurft að afgreiða, sem sje svo lengi sem nokkuð hefir verið að gjöra. Er ekki nær að láta svo vera, en loka bankastjórann inni 5 tíma vetur, sumar, vor og haust, hvort sem nokkuð er að gjöra

eða ekki, að eins til þess að hindra hann frá að gjöra annað.

Sem sagt, staðan er svo ágæt, launin svo góð, að það er sjálfsagt að bankastjórinn hafi tilfinningu fyrir að gæta hugsmuna bankans og þeirra sem við hann skipta, þó hann sje ekki bundinn á klafa.

Og svo jeg taki öll atriðin í eitt, þar sem umræðum mun bráðum lokið, þá álít jeg 1. lið tillögunnar sjálfsagðan. Bankastjórnin er alls ekki á móti henni, hún skoðar það sem skyldu sína samkvæmt lögunum að stofna útibú þegar því verður við komið, sem getur skeð að ekki verði langt þangað til, ef frjettaþráðurinn kemur til landsins bráðlega og þingið vill auka stofnfje bankans. Það liggur við, að jeg gæti sjálfur greitt atkv. með 1. liðnum.

2. liðurinn er meiningarlaus, en 3. liðurinn . . . . (*Forseti*: Flutningsmaður tillögunnar hefir skýrt mjer frá, að hann taki 3 lið tillögunnar aptur). Það var mikið!, þá þarf ekki frekar að tala um hann.

En saga h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) um lántakanda, sem bankastjórnin hafði átt að sýna hlutdrægni, hefir ekkert við að styðjast og er tóm missýning. (*Klemens Jónsson*: Þá þekkir bankastjórinn, hvað jeg átti við!). Jeg skal lána honum skjölin, sem þar að lúta; þau sýna, að hjer hefir engin hlutdrægni átt sjer stað.

Flutningsmaður (*Skúli Thoroddsen*): Það er misskilningur hjá h. 1. þingm. Árn. (Tr. G.), að 2. liður tillögunnar sje þýðingarlaus, því þótt bankastjórinn fari ekki burt úr bankanum meðan nokkuð er þar að gera, þá er það þó ekki þýðingarlaust fyrir almenning, að vita að hann sje þar að hitta 5 klukkustundir á dag, — því að menn koma ekki á öðrum tíma en auglýstur er. Komi menn t. a. m. til bæjarins hálfri stund á eptir þessum eina klukkutíma, sem bankastjórnina er að hitta, þá koma þeir ekki fyrr en daginn eptir upp í banka.

Væri bankinn aptur á móti opinn fleiri klukkutíma á dag, yrði allt auðveldara fyrir bæði ferðamenn og bæjarmenn. Það getur t. a. m. staðið svo á fyrir kaupmanni, að hann viti ekki af þeim tíma, sem bankastjórinn er í bankanum, að hann þurfi að kaupa víxil og senda til útlanda. En svo fær hann að vita það rjett áður en skipið á að fara, en þá er bankastjórinn náttúrlega allur á bak og burt.

Jeg vona að h. þingdeild skilji, að þótt ákvæðið um, að bankastjórann skuli vera að hitta 5 klukkustundir á dag, verði samþykkt, þá mun það að eins verða skoðað sem bending fyrir landshöfðingja, en ekki gert í þeim tilgangi, að rígbinda bankastjórann svo og svo marga tíma uppi í banka, ef reyndin skyldi verða sú, að ekki sje nauðsynlegt, að hann sje þar svo lengi, t. d. á veturna.

Felli þingdeildin aptur á móti þennan lið till., álítur stjórnin ekki þörf á að lengja tímann, en lætur allt sitja við það, sem nú er.

Tryggvi Gunnarsson: H. flutningsm. (Sk Th.) hefir talað svo mikið um þá miklu þýðingu, að bankastjórinn væri dag hvern 5 tíma í bankanum, en eptir minni 4 ára reynslu get jeg ekki fundið þessa nauðsyn; suma daga er ekkert að gjöra eptir 1 klukkustund, en stundum er ös 3 klukkustundir, og meðan er jeg að starfa, og kemur ekki til hugar að fara, og allra sízt er þessi langi tími nauðsynlegur, nema gæzlustjórar sjeu þá líka viðstaddir.

Fyrir þingtímann kom það til orða í bankastjórninni, að eptir þing væri rjettast, að bankastjórinn væri 2 klukkustundir í bankanum. Jeg ætla nú að

gera h. deild til geðs, að láta hana vita þetta, og að jeg muni eptirleiðis flesta daga verða 2 klukkustundir í bankanum til viðtals.

Jeg ætla því, að rjettara sje að fella þennan lið, og h. deild láti sjer nægja yfirlýsingu þá, sem jeg hef nú gefið.

Flutningsmaður (*Skúli Thoroddsen*): Af því að jeg álít að þessi yfirlýsing bankastjórans hafi talsverða þýðingu, þá lýsi jeg hjer með yfir, að jeg tek 2. lið till. aptur.

ATKV.GR.: Tillagan (1. liður) samþ. með 14 samhlj. atkv.

Fyrirsögnin samþykkt án atkvæðagreiðslu, og afgreidd síðan til landshöfðingja, sem *þingsályktun frá neðri deild alþingis.*

Tillaga til þingsályktunar um póst mál (C. bls. 527); hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á einni umr., og var það samþykkt í einu hljóði.

Fertugasti og þriðji fundur, föstudag 20. ágúst, kl. 12 á hádegi.

Allir á fundi nema 1. þingm. K.-G. (Jón Þórarinsson), er hafði tjáð forföll.

Frumv. til laga um einkarjett (C. bls. 529); 3. umr.

Framsögumaður (*Skúli Thoroddsen*): Jeg skal að eins geta þess, að jeg álít þetta frumv. góða rjettarbót, og þó áliðið sje þingtímans, þá gæti h. efri deild með góðum vilja lokið við það; en þó svo yrði nú ekki, þá væri þó að minnsta kosti gott, að efri deild fengi tækifæri til að segja álit sitt um það. Jeg vona því, að h. deild lofi frumv. að komast þangað.

ATKV.GR.: Frumv. í heild sinni samþykkt með 11 atkv. móti 5, og afgreitt til efri deildar.

Frumv. til laga um ófriðun á sel (C. bls. 467); 3. umr.

Þórður Guðmundsson: Það kemur hjer greinilega í ljós, hversu mikið vandræðamál þetta er. Það er búið að vera hjer fyrir áður á 5—6 þingum, og ætíð lítið öðru vísi út í hvert skipti. Þetta sýnir, að grundvöllurinn, sem á að byggja á, er veikur og vandsjeður. H. 1. þm. N.-Múl. (E. J.) fór mörgum orðum um það um daginn, hve órjettlátt það væri og ótilhlýðilegt, að selveiðendur fengju skaðabætur frá þeim, er laxveiði hafa, en jeg get alls ekki sjeð, að það sje svo órjettlátt. Og þar sem hann sagði, að þeir ættu ekki bætur fyrir að halda selnum við í ám og veiðistöðvum, þá er það heldur ekki rjettilega athugað, því jeg held að það sje alls ekki selveiðendum að kenna, að selurinn helzt við, því að þeir gjöra víst fremur allt sitt til að drepa hann. Kannske þingm. hafi meint, að selveiðendur ættu að eyða honum án þess að hafa not af honum, en jeg verð að álíta, að atvinnuvegir okkar sjeu ekki svo fjölskrúðugir, að rjett sje að eyðileggja þá með því, að hafa ekkert gagn af þeim. Mjer finnst þetta líkt og ef tveir menn ættu lönd saman, og vildi jeg spyrja, hvort mönnum þætti sanngjarnt að semja lög um það, ef annar ábúandinn kæmi og segði: »Nágranni hefir langtum of mikinn fjenað, því að jeg þarf að koma upp miklu fleiri fjenaði, jeg má því til að ganga í hans fjenað og drepa af honum«. — Jeg vil líka enn fremur spyrja: Hvaða afleiðingar hefir allt þetta vastur haft, og þau ákvæði, sem gjörð hafa verið um laxveiðina? Jeg held laxveiðin hafi ekki aukizt mikið, þegar litið er á landið í heild sinni, þrátt fyrir lögin; að eins hefir hún aukizt hjá einstaka

mönnum fyrir betri útbúnaði. Eins hygg jeg að fiskiveiðar hafi ekki aukizt að mun fyrir samþykktarlögin, en jeg skal ekki fara langt út í það mál, það mun flestum kunnugt. Jeg álít, að menn poti meira og minna blint í sjóinn í þeim efnum, og ekki á almannafæri að fara langt út í það, sízt þannig, að eyðileggja atvinnuvegi einstakra manna.

Jeg verð því, eins og fyrri, að vera á móti þessu frumv., þó jeg reyndar sjái, að það sje svo óframkvæmanlegt í flestum greinum, að það gæti ekki orðið að miklu tjóni, en jeg vil samt sem áður ekki vera með til þess að ganga of nærri eignarrjetti manna. Það er auðvitað, að frumv. kemst ekki fram á þessu þingi, heldur muni verða uppvakningur á næsta þingi, en hvað sem öðrum líður, þá álít jeg það ópólitiskt að láta efri deild segja álit sitt um það.

Framsögumaður (*Eiríkur Gíslason*): Það var við því að búast, að h. 2. þm. Rangv. (Þórður G.) hefði eitthvað að segja móti þessu frumv., en mjer fannst hann ekki koma með neinar nýjar ástæður frá því við 1. umr. Hann tók fram, að málið hefði verið til meðferðar á fleiri þingum, og ætíð í nýrri og nýrri mynd. Það er rjett, að málið er nú í annari mynd, en á síðasta þingi, og sem kemur til af því, sem áður er skýrt búið að taka fram, að nú hafa legið fyrir þinginu þær upplýsingar, sem aldrei hafa legið fyrir áður. Af þeim skýrslum, sem komið hafa fram, er það augljóst, að laxveiðin er í laxám verulegur atvinnuvegur, en selveiðin ekki. H. 2. þm. Rangv. (Þórður G.) gat þess, sem opt áður, að ekki væri rjett að eyðileggja selinn, án þess bætur kæmu fyrir. Jeg skal ekki tala mikið um það, því jeg álít, að svo mikið sje búið að ræða um það áður og sýna fram á, að ekki sje ástæða til, að þeir fái bætur sem selveiði stunda í laxám, þar sem selurinn hefir gjört laxveiðendum afarmikið tjón, að það virðist óeðlilegt, að þeir svari bótum. Hann sagði ennfremur, að ekki væri rjett af þinginu að eyðileggja atvinnuvegi, og hefir þá sjálfsagt meint, að selveiðin væri atvinna. Jeg álít rjettara að styðja að því að auka þá atvinnuvegi, sem sanna má og sýna að sjeu fyrir marga, heldur en þá, sem að eins fáir hafa atvinnu af. Dæmið, sem hann tók viðvíkjandi fjenaðinum, álít jeg alls ekki eiga hjer við. Hann gat þess ennfremur, að óvíst væri, að fiskiveiðar ykist, þó selurinn væri drepinn, og gaf í skyn, að reynslan hefði ekki sýnt það; en það er ekki rjett. Á sumum stöðum, þar sem menn hafa gjört sjer far um að eyðileggja selinn, t. d. í Ísafjarðarsýslu, sumstaðar í Þingeyjarsýslu, og enda á fleirum stöðum, þar hefir reynslan sýnt, að fiskur hefir gengið að og jafnvel orðið þar mjög fiskisælt. Líka sagði hann, að þessi lög kæmu í bága við eignarrjett manna, en það er álit margra lögfróðra manna, að þau komi alls ekki í bága við eignarrjettinn, og það er að minnsta kosti öllum ljóst, að ef eignarrjettur er til selsins, þá er hann engu síður til laxins, sem menn hafa svo miklu verulegri arð af.

Jeg vona því að h. deild samþykki þetta frumv., svo það geti komizt til efri deildar, því þó ekki sje von til, að það geti komizt fram á þessu þingi, þá er þó æskilegt, að efri deild geti sagt sitt álit um það.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg ætlaði ekki að taka til máls í þessu máli, því bæði er jeg ekki vel fær um það, og svo hefir h. framsögum. nokkurn veginn fyllilega hrakið þær mótbárur, sem fram hafa komið. En sjerstaklega var

það þó út af orðum h. 2. þm. Rangv. (Þórðar G.), sem jeg stóð upp. Mjer fannst dæmi það, sem hann tók af tveimur ábúendum, ekki heppilegt, og hygg að honum hafi opt tekizt betur. Ef svo væri, að annar ábúandinn bæri hinn ofurliði, þannig að fjenaður hans biti upp lönd hins eða þeim óskipt beitiland, þá skal jeg taka það fram, að það er enginn skyldur til að þola slíkt, heldur hverjum innan handar að reka rjettar síns með því samkvæmt gildandi lögum að krefjast ítölu í haga. Sama er að segja um það, ef einhver lætur meingrip óhindraðan ganga í annars manns lönd eða í fjenaði, graðhest eða graðung, og hreinasti óveruskapur, ef það er ekki gjört. En að lofa selnum hindrunarlaust að eyðileggja laxveiði annara, það væri líkara því, að leyfa einhverjum að halda refi til þess að bíta fjenað annara, en slíkt er mótstætt lögum landsins, og mundi engum haldast uppi. Hann sagði, að frumv. þetta væri uppvakningur, og jeg játa að svo sje. Það sýnir að þetta er áhugamál, og jafnframt, að það er vandamál. Og það er auðvitað, eins og framsögum. tók fram, að erfitt verður að jafna skaðabótunum niður, enda svo lítil laxveiði sumstaðar, er menn leggja net, að það borgar sig ekki, ef þeir hinir sömu ættu að borga skaðabætur. Þær bætur, sem helzt mundu koma til greina að selveiðendum bæri, mundu þá vera til embættismanna, svo sem presta, og yrði það þá sjálfsagt landssjóður, sem þær greiddi. Jeg sje nú ekkert sjerstakt á móti því, þar sem laxveiði er langtum meiri atvinnuvegur en selveiði.

Þórður Guðmundsson: Það eru að eins örfá atriði, sem jeg þarf að svara. Það er þá fyrst, þar sem h. framsögumaður (E. J.) sagði, að þeir væru fáir sem hefðu atvinnubrest af því, þótt selurinn væri eyðilagður, en hinir fleiri, sem hann væri til ógagns. Þessu verð jeg að mótmæla, því þeir eru allt eins margir sem selveiðina stunda, en þó að laxveiðin gefi hærri tölur, þá er það af því, að hún deilist á færri hendur en selveiðin. Það kom líka fram hjá h. 2. þm. Árn. (Þorl. G.), að ómögulegt yrði fyrir laxveiðendur að bæta öllum selveiðendum, og það er sjálfsagt rjett, að það væri t. d. ofvaxið tveimur laxveiðendum, sem eru við Þjórsá, að bæta selveiðendum þar, sem eru 16. (*Þorl. G.*: Þeir fá laxveiði í staðinn). Það er að eins getgáta, en engin óræk vissa, að þeir fái laxveiði í staðinn. En má jeg spyrja: Hvers vegna gjöra laxveiðendur ekki meira en þeir hafa gjört til þess að eyðileggja selinn? Jeg veit þó ekki betur en að selur sje óhelgurí ós um og mynnum og með ströndum fram, en hvað gjöra laxveiðendur til þess að eyðileggja hann? Þetta sýnir að þeir vilja eiginlega ekkert fyrir því hafa, og sýnir enda það, að þeirra trú á, að selveiðin spilli laxveiðinni, er ekki eins sterk og sumra þingdeildarmanna. Jeg tek þetta fram til þess að sýna, að það er ekki í samræmi við þá stefnu, sem þingið á að hafa, að vilja rýra tekjur einstakra manna, til þess að auka tekjur annara.

Jeg skal svo ekki orðlengja frekar um þetta; jeg tala af minni sannfæringu og hefi margra ára þekkingu bæði á lax- og selveiði. En jeg verð að segja það, að það er barnaskapur að hugsa til að eyðileggja allan sel kringum allar strendur landsins, sá barnaskapur, sem aldrei kemst á í framkvæmdinni — jeg vil nærri því segja — meðan land byggist.

Framsögumaður (Eiríkur Gíslason): Jeg ætla að eins að leyfa mjer að koma með örstutta athugasemd gagnvart h. 2. þm. Rangv. (Þórði G.). Hann sagði,

að þeir væru fleiri sem hefðu tekjur af selveiði en laxveiði, en jeg vil benda á, að þar sem frumv. eingöngu er miðað við laxár og ekki silungsár, þá er þetta stór misskilningur. Jeg hefi áður hjer í deildinni sýnt fram á það, að í nokkrum ám er munurinn á arði af laxveiði og selveiði 26,000 kr. H. þm. (Þórður G.) hefir haft í huga að eins eina á, nefnilega: Þjórsá. Það eru 8 bæir í Rangárvallasýslu og jafnmargir í Árnessýslu, er stunda selveiði í þeirri á. Hins vegar eru að eins 2 bændur, sem stunda laxveiði í ánni, en eigi að síður er arðurinn af laxveiðinni jafnmikill, eins og nú stendur, eða enda meiri, svo framarlega sem skýrslurnar væru rjettar. Að þeir sjeu yfirleitt fleiri, sem selveiði stunda, heldur en laxveiði í laxám, það er sú fjarstæða, sem jeg furða mig á að þm. skuli bera á borð fyrir h. þingdeild, og sem í rauninni er alls eigi svaraverð.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. var samþ. með 15 samhlj. atkv. og afgreitt til Ed.

Frumv. til laga um heimild þeirra manna, sem eru í þjóðkirkjunni, til að ganga í borgaralegt hjónaband (C. bls. 257); 2. umr.

Flutningsmaður (*Klemens Jónsson*): Það verður eigi sagt, að jeg hafi gert mjer mikið far um að koma þessu frv. áfram, þar sem nú eru liðnar 3 vikur síðan það var á dagskrá. Þetta kemur til af því, að jeg í fyrsta lagi vildi ekki spilla samkomulagi við stjórnina, sem nú er svo áríðandi, með því að taka upp frumv., sem áður hefir verið neitað staðfestingar, og svo, og það er aðalástæðan, ætlaði jeg mjer að breyta frumv. þannig, að hjónabandið yrði ob ligatoriskt, en jeg hefi eigi getað náð í frumv. það, sem var fyrir ríkisþinginu danska síðasta vetur, því ríkisdagstíð indin eru eigi komin hingað enn. En eptir því frumv. ætlaði jeg mjer að sníða þetta, því mjer þótti mest líkindi til, að ef frumv. hjeðan yrði sniðið eptir því, mundi það standa næst til að öðlast konunglega staðfestingu. Þetta frumv. er því eins og það frumv., sem var afgreitt frá síðasta þingi. Ráðgjafinn hefir í svari sínu skýrt frá, að hann ekki hafi fundið ástæðu til að leggja það til, að það yrði staðfest, en af brjefi landsh. má ráða, að hann hafi verið því hlynntur. Það sjest á brjefi ráðgjafans, að frumv. hefir verið borið undir biskup, en jeg sje ekki að það hafi verið ástæða til að bera það undir hann. Hann hefir mælt á mót því frá kirkjulegu sjónarmiði. En í raun og veru snertir frumv. alls ekki kirkjuna, því hjónabandið er borgaraleg stofnun. Ráðgjafinn segir í svari sínu, að frumv. uppfylli ekki neina almenna þörf og sje ekki almennur vilji þjóðkirkjumanna; jeg get ekki neitað því, að mjer þykir skrítið að heyra þetta frá munni stjórnarinnar, því hún hefir eigi áður gjört mikið úr þjóðviljanum, þar sem hann þó sannarlega hefir verið til staðar. Þjóðviljinn getur komið fram á tvennan hátt, í blöðunum og á þingmálafundum, o. s. frv. Það hefir að vísu ekki komið mikið fram um þetta í blöðunum, en það er ekkert að marka, því blöðin ganga fram hjá mörgum stórmálum, sem að eins eru á dagskrá um þingtímann. Það er einnig satt, að þetta mál hefir ekki komið fram á mörgum þingmálafundum, en það hefir ekki mikið að segja, því þar lágu í vor fyrir 2 stórmál, sem helzt var rætt um, nefnilega stjórnarskrármálið og samgöngumálið, en tíminn hins vegar stuttur. Þó hefir málinu verið hreyft á nokkrum þingmálafund-

um, 5 alls, og er því töluvert meira áhugamál en mörg önnur, sem fram ganga, án þess mikið sje rætt um þau í blöðunum eða á þingmálafundum. Mjer þykir undarlegt, að kalla frumv. árás á kirkjuna, eins og ráðgjafinn gjörir í brjefi sínu. Því lík lög gilda á Englandi, í hinu lútherska Prússaveldi og hákaþólska Frakklandi. Hjónabandið á að skoðast frá borgaralegu sjónarmiði, og svo var gert áður fyr, og hefir hinn fyrverandi ráðgjafi Íslands, Nellemann, sýnt fram á það í ritgerð einni í »Historisk Tidsskrift«, að kirkjuleg vígsla var ekki álitin aðalskilyrði fyrir hjónabandinu fyrri en eptir 1600. Þó nú frumv. sje enda í því æskilegasta formi, og eigi geti nú orðið gengið í gegn á þessu þingi, þá vil jeg þó halda því fram til 3. umr., því jeg vil að áhugi manna vakni á þessu máli.

Það er sjerstaklega tekið fram um íslenzku prestana í samanburði við dönsku prestana, að þeir sjeu svo frjálslyndir, en þess eru dæmi að dönsku prestarnir einnig geta verið það. Jeg hef þessu til sönnunar í höndunum nokkur blöð af »Dansk Kirketidende«, og er þar grein eptir ritstjórann, Monrad prest, þar sem hann segir viðvíkjandi borgaralegu hjónabandi, þegar það var fellt í vetur í landsþinginu, að það sje illa farið að það sje svo skammt á veg komið. Hann telur mörg dæmi, sem sýna, hversu leitt það geti verið fyrir prest, að gefa saman hjón undir vissum kringumstæðum. Þannig t. d., þegar 2 persónur eru neyddar til að gipta sig að undangengnum dómi, en að eins gera það til að heimta skilnað daginn eptir. Það getur einnig svo farið, að prestur þurfi að gipta hjón, sem hafa lýst því yfir, að þau ekki trúi á guð eða ódauðleik sálarinnar. Það hafa margir prestar sagt við mig, að þeim þætti mikið fyrir að verða að gipta sum hjón, en að þeir aptur á móti með gleði vildu lýsa blessun kirkjunnar yfir hjónum, sem áður væru borgaralega gipt, ef þau óskuðu þess.

ATKVÆÐAGR.: Frv.greinin samþ. með 16 samhlj. atkv., og vísað til 3. umr. með 15 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um lagaskóla (C. bls. 538); ein umr.

Klemens Jónsson: Af því jeg var flutningsm. þessa máls, ásamt með 2. þm. Ísf. (Sk. Th.), þá vil jeg leyfa mjer að fara nokkrum orðum um frv. eins og það liggur fyrir frá Ed. Ed. hefir gert við það 2 breytingar. Fyrri breytingin, við 3. gr., um að færa aukakennslustyrkinn úr 2500 kr. niður í 1000 kr., er ekki svo óaðgengileg, en ákvæðið í 6. gr. um að lög þessi fyrst komi til framkvæmdar, þegar alþingi hefir á fjárlögunum veitt fje til skólans, er verra. En af því þetta frumv. hefir ekki enn þá orðið fyrir þeirri náð að öðlast staðfestingu, vil jeg ráða til að samþ. það eins og það liggur fyrir, ef ske kynni að það mætti verða til að ýta undir staðfestinguna.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. með 17 samhlj. atkv. og afgreitt til landsh. sem *lög frá alþingi*.

Kosinn yfirskoðunarmaður landsreikninganna: *Jón Jensson* yfirdómari, með 19 atkvæðum.

Frv. til laga um breyting á og viðauka við reglugjörð um fátækramálefni 8. jan. 1834 o. fl. (C. bls. 489, 540); frh. 1. umr.

Framsögumaður (*Benedikt Sveinsson*). Deildin hefir hjer fyrir sjer nefndarálit í þessu máli. Nefndin var í vanda stödd með frv., því hún hafði aðeins örstuttan tíma til umráða, og af því ekki er tækifæri nú til að rannsaka þetta má

til hlítar, ræður hún deildinni til að fella það að sinni. Henni fannst ekki hægt að íhuga frumv. ýtarlega, nema því að eins, að yfirlíta um leið öll þau málefni, sem standa í sambandi við það og sem þetta frv. er partur úr. Nefndin gat verið á því, að sumt í frumv. væri gott, en komst þó að þeirri niðurstöðu, að flest ákvæði þess væru samhljóða gildandi lögum og rjettarvenju, og því engin nýmæli. Aðeins 1. gr. um framfærslurjettinn og fátækrastyrkinn má heita ný. Þar sem farið er fram á í 14. gr. að stofna sjóð, þá getur það að vísu í sjálfu sjer verið gott og blessað; en svæði það, sem frumv. bindur sig við, er of þröngt til þess að slíkt ákvæði eigi heima í því. Af þessum ástæðum ræður nefndin til að fella frv. Það mætti reyndar velja vægara form, svo sem að vísa því til 2. umr., og hefi jeg ekkert á móti því, en það stendur alveg á sama, hvort gjört er að þessu sinni, þar sem þingtíminn er þegar á enda.

Guðjón Guðlaugsson: Þar sem nefndin, sem skipuð var til að yfirvega mál þetta, hefir ekki sjeð sjer fært að koma með ákveðnar tillögur um það, þá er varla við því að búast, að jeg hafi getað gjört mjer ljósa grein fyrir frv. í heild sinni; enda er það aðeins eitt atriði í frumv., sem jeg ætla að minnast á að þessu sinni, en reyndar er það atriði, sem jeg verð að telja stærsta og þýðingarmesta nýmælið í frv. Það er skilyrðið fyrir því, hvað útheimtist til þess að ávinna sjer sveitfesti. Það hafa komið fram ekki svo fáar raddir um það, að nauðsyn bæri til að breyta hinum núgildandi sveitfestisákvæðum, en jeg man ekki til, að komið hafi fram nein rödd á prenti, er haldið hafi fram gagnstæðri skoðun. Þó auðsjeð sje, að mál þetta verði ekki útrætt nú á þingi, þá álít jeg rjett að þetta atriði sje eigi að síður tekið til íhugunar nú. Það lítur út fyrir að þingið sje samþykkt breytingu þeirri, sem frv. fer fram á í þessari grein, ef engin mótmæli koma fram gegn henni. Í h. E. d. hefir málið verið samþykkt með töluverðum atkvæðafjölda og svo má álíta að þessi deild sje einnig ásátt um þetta atriði, að það sje gott, ef engin mótmæli koma frá henni gegn því. En að því er mig snertir, get jeg ekki undirskrifað að svo sje. Hvernig sem jeg velti fyrir mjer málinu, er mjer ómögulegt að sjá, að breyting frv. á sveitfestisskilyrðunum sje heppileg eða breyting til hins betra. Jeg veit að fyrir uppástungumanninum hefir vakað, að reyna að fyrirbyggja hrakning á fólki sveita á milli, og koma í veg fyrir málaferli út af sveitfesti, og sömuleiðis hefir hann ætlað að fyrirbyggja, að menn gætu beitt miður vönduðum meðulum, til að koma þurfalingum af höndum sjer. En jeg er hræddur um, að þetta hafi misheppnazt. Jeg álít að hrakningar mundi í ýmsum tilfellum eiga sjer stað, þótt frv. yrði að lögum, og jeg er viss um að tilfellin yrðu enn fleiri en þau eru nú, að menn beittu óvönduðum meðulum til að koma fólki á sveit. Svo er að athuga það, hvort skerði meira almenn mannrjettindi, það, að hrekja fólk dálítið stað úr stað með löngu millibili, festa það eða kviksetja á einum og sama stað, eins og jeg hygg að hljóti að verða afleiðingin af ákvæðum þessa frumv.

Jeg hygg að fáar raddir hafi gengið í sömu átt með sveitfestisskilyrðin eins og frv. þetta gengur; flestir hafa viljað binda sveitfestina við þann stað, sem þurfalingurinn hefir fyrst þegið sveitarstyrk á; en þetta vill binda hana við þann stað, þar sem hann var árið áður. En það skiptir mjög miklu máli, að hvoru þessu tvennu er hallazt. Ef

svo er kveðið á, að þurfalingur skuli þar sveitlægur, sem hann er, þegar hann þiggur fyrst sveitarstyrk, þá mun hver sveit klífa þrítugan hamarinn til þess, að sem allra fæstir sveitarbúar lendi í því að þiggja sveitarstyrk, og hvert sveitarfjelag mun í lengstu lög forðast að veita hann. Atvinnuveitandinn mundi vegna sveitarfjelags síns í lengstu lög forðast að leita styrks handa skjólstæðing sínum; hitt gæti fremur komið fyrir, að hann reyndi að þoka honum burt úr sveitarfjelaginu og í aðra sveit, en þar tæki hið sama við, sú sveit mundi í lengstu lög leitast við að bjarga honum frá því að þiggja sveitarstyrk hjá sjer, og svona mundi það ganga koll af kolli.

Þetta frv. fer í harla gagnstæða stefnu. Það gengur út á það, að ef einhver maður flytur úr einum hreppi, t. d. úr sínum eigin framfærsluhreppi, í annan hrepp og dvelur þar þó ekki sje nema eitt ár, og hverfi svo aptur í sinn forna framfærsluhrepp, þá sje það auðgefið fyrir þann hrepp að koma manninum yfir á hina sveitina, ef hann er kominn nærri því takmarki að þurfa sveitarstyrks með; ekki þarf annað en að veita honum hann, þá er spilið unnið. Ef t. d. maður úr Seltjarnarneshreppi flytti sig hingað til Reykjavíkur og dveldi hjer eitt ár, en flytti sig að því búnu aptur í fyrra hrepp sinn, þá mætti búast við að Seltjarnarnesmenn mundu sem fyrst reyna að koma manni þessum á sveitina, ef honum lægi á annað borð við sveit, því að þeir sæju, að með því mundu þeir losast við allan veg og vanda af honum, með því að það væri Reykjavíkurbær, sem fyrir honum ætti að sjá. Af þessu má sjá, til hvers þetta ákvæði getur leitt. Reyndar gjöri jeg ráð fyrir að ekki mundi þó mjög opt koma fyrir að það leiddi til þess, því að eins og jeg sagði áður, gjöri jeg ráð fyrir að ákvæðið yrði hjer um bil til að bólfesta menn um aldur og æfi, þar sem þeir væru einu sinni niður komnir. Jeg gjöri ráð fyrir að hver sá Reykjavíkurbúi, sem hugsaði um hag bæjarfjelags síns, mundi sneiða hjá að taka slíkt hjú af Seltjarnarnesi, sem jeg nefndi áðan til. Þannig mundu lögin gjöra húsbændum örjett, þau mundu svipta þá færi til að ráða til sín ýms hjú eða húsfólk; en einkum mundu þau þó gjöra atvinnuleitendum, verkmannalýðnum, örjett; þau mundu svipta þá mörgu færi á að leita sjer atvinnu, og binda þá mjög við borð.

Að vísu má við því búast, að ekki mundu allir hafa mjög fyrir augum hagsmuni sveitarfjelags síns, heldur mundu þeir taka verkamenn, húsmenn o. s. frv. eptir því, sem þeim byði við að horfa; en þar mundi sveitarstjórnin reyna að hafa hönd í bagga og leitast við að sporna við, að þeir menn kæmu inn í sveitina, sem búast mætti við að henni yrðu til þyngsla; en ef slíkir menn á annað borð kæmust inn í sveitina, þá mætti búast við, að sveitarstjórnin aptur spornaði við því, að þeir flyttust þaðan burtu, því að hún mætti búast við, að ef þeir færu burtu og í aðra sveit, þá mundu þeir undir eins verða settir á sveitina; þeir mundu með öðrum orðum verða kviksettir, þar sem þeir væru niður komnir. Þó mundu ungir menn ofan úr hjeruðum talsvert leita til sjávarins, og af því að þar er jafnan þörf á miklum vinnukrapti, þá mundi engin sveitarstjórn sjá sjer fært að amast við vist þeirra þar. En hvernig mundi svo fara? Á meðan engin hætta væri á að þessir menn yrðu sveitinni til þyngsla, þá mundi allt ganga orðalaust; en þegar hætta færi að verða á því, að þeir mundu verða sveitinni byrði, þá mundi sveitar-

stjórnina fýsa að losast við þá, en hún þyrði það ekki, því að þótt hún gæti sent þá eitthvað út úr sveitinni, á fæðingarhrepp þeirra eða annað, þá mætti hún búast við, að þeir yrðu þegar settir á sveitina og sendir sjer aptur ver staddir en þeir voru, þegar þeir fóru. Þannig kæmi þetta ákvæði til leiðar misrjetti milli landbúnaðarsveitanna og sjávarsveitanna.

Mest er jeg þó móti þessu ákvæði af því, að það skerðir mannrjettindi, hin dýrmætu rjettindi, að mega vinna sjer hrepp; því að jeg tel það dýrmæt rjettindi, að eiga rjett á að verða forsorgaður þar, sem maður hefir slitið kröpt um sínum. Jeg heyri sagt við hliðina á mjer, að þetta sjeu ekki lög nú; jeg veit að það er ekki fyllilega svo, en nær stendur það því þó en ákvæði þessa frumv., því að 10 ár verða menn nú að vinna samfleytt sama sveitarfjelaginu til þess, að eiga framfærslurjett í því. Þetta er aðal-reglan nú; en eptir frumv. getur farið svo, að maður, sem unnið hefir 40 ár í einu sveitarfjelagi, en ekki nema eitt ár í öðru, eignist framfærslurjettinn í því fjelaginu, sem hann hefir unnið að eins eitt ár fyrir. Þetta verður varla öðru vísi skoðað en órjettlæti.

Jeg játa, að löggjöfin þarf breytingar við, að því er snertir sveitfestisákvæðin; og af því að hjer er um mannrjettindi einstaklinga að ræða, þá finnst mjer eina rjetta og skynsamlega uppástungan, sem komið hefir fram í þessu máli, vera tillaga sú, sem h. 1. þm. Rangv. (Sighv. Á.) bar fram í blaði einu síðasta vetur, að hver skyldi eiga þar hrepp, sem hann hefði lengst unnið sem sjálfbjarga maður, hvort sem það væri sundurslitið með dvöl í öðrum hreppi eða ekki.

Þetta hygg jeg og að þjóðin mundi sætta sig bezt við. Það er hart, að þó maður hafi eins og nú stendur unnið 40—50 ár í sama hreppi, en vistferli hans var slitið sundur tíunda hvert ár af framsýnni sveitarstjórn, það er hart, segi jeg, að þessi maður skuli ekki fá forsorgunarrjett í þessum hreppi, sem hann þó hefir slitið mestum kröptum sínum í, og auðsjáanlega helzt viljað búa í, með því hann hefir jafnan horfið í hann aptur, þótt hann hafi orðið að víkja þaðan um stundar sakir.

Það var þetta eina atriði í frumv., sem jeg vildi ekki láta ganga fram hjá óumtalað og ómótmælt.

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 14 samhljóða atkv.

Tillaga til þingsályktunar um millipinganefnd í fátækra- og sveitarstjórnarmálum (C. bls. 173, 192, 450); framh. síðari umr.

Sighvatur Árnason: Jeg lýsi því yfir, að breytingartill. á þingskjali 78 er tekin aptur.

Framsögumaður (*Benedikt Sveinsson*): Jeg skal ekki fjölyrða um þessa tillögu, enda kemur það sjer bezt, því að tíminn er orðinn naumur. Jeg skal vísa til þess, sem áður hefir verið sagt í þessu máli, að afdrif tillögu þessarar velta á því, hvort h. deild álítur það nauðsynlegt eða ekki, að saminn sje einn lagabálkur um fátækra- og sveitarstjórnarmálefni vor.

Sje háttv. deild þeirrar skoðunar, þá hygg jeg hún muni mjer samdóma um, að einu þingi sje ofvaxið að leysa það verk af hendi í viðbót við öll önnur störf, sem að sjálfsögðu hljóta að af greiðast. Jeg veit að fjöldi manna óskar að fá lagabálk þennan, enda er það eðlilegt, þótt alþýða óski þess, og sakni þess að hafa hann ekki, þar sem þessi mál grípa svo margfaldlega inn í daglegt líf og hag þjóðfjelagsins.

Ef h. deild álítur rjett að mæta á

miðri leið óskum þjóðarinnar í þessu máli og ráða bót á hinni ríku nauðsyn á skýrum og glöggum og aðgengilegum lögum um sveita- og fátækramálefni vor, þá mun það verða eina úrræðið, sem tillagan fer fram á, að skipa milliþinganefnd til að undirbúa málið í heild sinni, og einmitt hjer í Reykjavík er svo góður kostur á lagamönnum, sem hæfir eru til að leysa þetta verk af hendi, að ekki þarf að berja við erfiðleikunum við að fá menn til þessa starfs.

Að öðru leyti skal jeg ekki fjölyrða um málið, en fel h. deild að gjöra það, sem henni sýnist rjettast í því.

Þórður Guðmundsson: Tillaga þessi átti ekki upp á pallborðið, þegar hún var borin upp á síðasta þingi; þá var hún felld í h. efri deild. En jeg vona að h. deild færist nær og nær því, að sjá nauðsynina á því að færa saman í einn lagabálk öll lög vor um fátækra- og sveitarstjórnarmálefni enda hafa og óskir komið fram á þingmálafundum um að svo væri gjört.

Það er ekki gaman fyrir ókunnuga menn að átta sig á löggjöfinni um þessi mál, og jeg hygg að fljótt mundi vinnast upp kostnaðurinn við milliþinganefnd við það, hve miklu fljótlegra og gleggra það yrði fyrir alla að hafa lögin öll við höndina í einni heild.

Það má búast við því, að ef ekki verður skipuð milliþinganefnd, þá muni málið enn koma fyrir næsta þing, svo lítið undirbúið, að það muni ekki geta orðið til lykta leitt á því, því að störf þingsins eru svo mikil, að þar verður öllu af að flaustra, og jeg verð að játa það, þó óskemmtilegt sje, að meira eða minna fljótfærnisverk er á flestu því, sem framkvæmt er á þingi.

Jeg vona að h. deild fallist á að hjer sje að ræða um mál, sem snertir hvern einasta mann í landinu, og þess vegna sje sjálfsagt, að því sje fullur gaumur gefinn, og að hún greiði atkvæði með tillögunni.

Jón Jónsson, þm. A.-Skaptf.: Af því að jeg var annar flutningsmaður breytingartill. þeirrar, sem h. 1. þm. Rangv. (Sighv. Á.) hefir nú tekið aptur, þá skal jeg leyfa mjer, að fara fám orðum um málið. Mjer virðist það nógur undirbúningur í málinu fyrst um sinn, að skipaður sje einn lögfræðingur til að safna saman í eitt öllum þeim lögum og ákvæðum, sem snerta fátækra- og sveitarstjórnarmál, og því fremur finnst mjer ástæða til þessa, sem jeg hef sjeð því haldið fram í blaði einu, sem gefið er út af lögfræðingi, að það sje tómur klaufaskapur af þinginu að geta ekki samið góð sveitarstjórnarlög.

Jeg vil að menn láti eigi ónotað það mikla vit og þá góðu krapta, sem kunna að vera meðal vor, til að kippa fátækra- og sveitarstjórnarmálum vorum í gott horf, og því vil jeg að skorað sje á stjórnina að velja lögfræðing, sem hún álítur hæfastan til að starfa að þessu verki.

Milliþinganefnd getur að sjálfsögðu verið góð, og fleiri en einn vitur maður getur hlotið sæti í henni, en jeg álít nógan þann undirbúning, sem breytingartill. fer fram á.

Vjer vitum það, að stundum hafa milliþinganefndir ekki unnið mikið, sem þingið síðan hefir viljað byggja á; jeg skal þar að eins minna á milliþinganefndina, sem skipuð var fyrir þingið 1879, til þess að íhuga prestakallalögin. Ef það er eigi óformlegt, mun jeg taka breytingartillöguna á þingskj. 78 upp aptur.

Forseti: Hjeðan af getur breyt.till. ekki orðið tekin upp, fyrst h. þm. (J. Jónss., þingm. A.-Skaptf.) notaði ekki

tækifærið til þess, þegar jeg gaf h. deild kost á að taka hana upp, eptir að h. 1. þm. Rangv. (Sighv. Á.) hafði tekið hana aptur.

Halldór Daníelsson: H. þm. A.-Skapt. (J. J.) hefir ekki trú á milliþinganefnd í fátækramálum; en jeg get þó bent honum á, að það hefir stundum orðið gott gagn að störfum milliþinganefnda og vil jeg nefna t. d. nefndina í skattamálinu.

Milliþinganefnd mundi kynna sjer alla löggjöf vora um fátækramál og sömuleiðis löggjöf nágrannaþjóðanna. Ekki býst jeg við að nefndin mundi koma fram með lagafrv., sem ekki yrði breytt, en hins vegar vonast jeg þó til, að hún mundi koma fram með betri uppástungur bæði um sveitfesti og önnur fátækramálefni, heldur en hægt er að vonast til af nokkrum einstökum þm.; vil jeg því mæla hið bezta með tillögunni.

Valtýr Guðmundsson: Jeg verð að álíta það hagfeldara að skora að eins á stjórnina að leggja fram frv., heldur en að fara að skipa milliþinganefnd. Stjórnin hefir miklu betri tæki en aðrir á að búa málið vel undir; hún hefir þar t. d. amtmönnum á að skipa og hafa þeir meiri kunnugleik á þessum málum en flestir aðrir.

Jeg vil því skora á nefndina að taka þessa till. aptur, en koma með nýja þingsál.till. um að skora á stjórnina að undirbúa frv. um fátækramálefni til næsta þings, og nota sjerstaklega amtmennina til að undirbúa það.

Benedikt Sveinsson: Hvorki hef jeg heimild frá meðuppástungumönnum mínum til að taka till. til baka, nje heldur sje jeg neina ástæðu til þess. Jeg treysti landshöfðingja betur til að velja menn í nefnd, heldur en ráðgjafanum í Kaupmannahöfn *(Valtýr Guðm.*: Amtmennirnir). Nefndin þyrfti líka að setja sig í samband við ýmsa embættismenn og yrði það örðugra frá Kaupmannahöfn en hjeðan (*Valt. Guðm*: Amtmennirnir eru ekki í Khöfn). Jeg skil ekki, hvers vegna þd. á að þurfa að leita lengra heldur en til landshöfðingjans (*Valtýr Guðm.*: Amtmennirnir eru ódýrastir); að minnsta kosti ætti að vera óþarfi að sækja þetta frv. í ríkisráðið danska.

Halldór Daníelsson: Það vakti fyrir oss uppástungumönnum, að með þessu móti fengjust kunnugir menn í nefndina. Ef menn ættu að vinna kauplaust að verkinu, hvort það væru amtmenn eða aðrir þar til færir menn, þá getur það verið álitamál, hvort þeim yrði skipað að vinna að þessu máli kauplaust, enda mundu amtmennirnir vera fúsastir að gefa nefndinni leiðbeiningar. Jeg treysti hæstv. landsh. manna bezt til að skipa hæfa menn í nefndina. Þó að stjórnin í Khöfn færi að skipa einhverjum skrifstofumönnum að vinna þetta verk, er jeg hræddur um að það yrði að litlum notum.

Þórður Guðmundsson: H. þm. Vestm. (V. G.) álítur milliþinganefnd óþarfa, því að amtmennirnir geti unnið þetta verk eins vel fyrir ekki neitt. Jeg held að það geti nú verið tvísýnt, hvort amtmönnum verði skipað slíkt aukastarf, nema þá gegn sjerstakri borgun, og yrðu þeir þá líklega ekki ókaupdýrri en aðrir menn. En þar að auki verð jeg mjög að efa, að frv. undirbúið af stjórninni verði betra eða hagfeldara heldur en frv. samið af kunnugum mönnum, sem sjerstaklega væru til þess kosnir.

Valtýr Guðmundsson: Það er misskilningur að ætla að jeg hafi haldið því fram, að þetta ætti að verða unnið í Kaupmannahöfn og því ástæðulaust að vera að tala um »utanstefnur«; því

að jeg hef talað um að stjórnin ljeti amtmennina gjöra þetta.

Viðvíkjandi því, sem h. 2. þingm. Rangv. (Þórð. G.) sagði, að til þessa þyrfti kunnuga menn, vil jeg spyrja: hverjir eru kunnugri en amtmennirnir? (*Þórður Guðm.*: Stjórnin!) Heldur h. þm. að stjórnin í Kaupmannahöfn semji frumvörpin? Nei, stjórnin leggur frv. fram, en semur þau ekki sjálf; flestöll stjórnarfrv. eru samin af embættismönnum (*Klem. Jónss.*: Rangt!); nei, rjett. Þau eru flest samin af og hjá landshöfðingja og svo samþykkt af stjórninni, og þeim kannske dálitið breytt um leið í smáatriðum.

En hvað þetta mál snertir, þá getur stjórnin skipað amtmönnunum að útvega nægilegar skýrslur og þeir eru skyldugir að gera það. Og sjái þeir sjer ekki fært að gjöra það án sjerstakrar borgunar, þá yrði þó sú borgun minni en milliþinganefnd kostar. Menn þeir, sem nú eru í amtmannaembættunum, eru mjög kunnugir fátækramálefnum og eru báðir starfhæfir og starffúsir menn.

Það er hreinn óþarfi fyrir h. þm. að vera hræddir um að verk þetta verði unnið í Kaupmannahöfn, þótt stjórninni yrði falið að gera það.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg er alveg samdóma h. þm. Vestm. um að amtmennirnir sjeu þessu máli manna kunnugastir og því manna færastir til að undirbúa slíkt frv. En um hitt er jeg ekki samdóma honum, að þeim verði lagt þetta á herðar án endurgjalds. Jeg er hræddur um að h. þm. sje ekki ljóst, hve mikið verk það er, sem hjer er um að ræða. Það er allt annað að þeir sjeu skyldir að gefa álitsskjal um eitt eða annað mál.

ATKV.GR.: Till. samþ. með 12 : 3 atkv. og málið afgreitt til Ed.

Till. til þingsál. um póstmál (C. bls. 527, 583, 541); fyrri umr.

Flutningsmaður (*Einar Jónsson*): Jeg ber þessa till. fram eptir áskorun þingmálafundar á Egilsstöðum og vil jeg skýra fyrir mönnum, hvernig á þessum bænum stendur. Póstur sá er fer frá Seyðisfirði til Grímsstaða á Fjöllum, Seyðisfjarðarpósturinn, og Eskifjarðarpósturinn, sem fer af Eskifirði suður um land til Hornafjarðar, mætast á Egilsstöðum á Völlum og eiga að fara þaðan sama dag og koma aptur þangað sama dag. En þessar leiðir eru mjög mislangar, og verður því sunnanpóstur jafnan langt um seinni í förum og kemur síðar að Egilsstöðum að sunnan heldur en norðanpósturinn. Það verður því að borga norðanpósti biðpeninga og eins Vopnafjarðarpósti, því að þeir mega ekki fara þaðan til Seyðisfjarðar og Vopnafjarðar fyr en Eskifjarðarpósturinn er kominn að sunnan. Nú var í vetur breytt svo fardögum póstanna, að Eskifjarðarpósturinn fór 4 - 5 dögum fyr af stað suður en Seyðisfjarðarpósturinn, og var ekki látinn bíða á Egilsstöðum eptir Seyðisfjarðarpósti í suðurleið, en látinn koma aptur jafnt að Egilsstöðum að sunnan sem hinn kom að norðan. Þeir, sem því þurftu að koma brjefum eða sendingum af Seyðisfirði með sunnanpósti og höfðu sent það með Seyðisfjarðarpóstinum að Egilsstöðum, urðu nú að senda sjerstakan mann með það að Egilsstöðum; kom það auðvitað mest niður á blaðamönnum, en einnig á öðrum. Það mætti að líkindum fá mann fyrir 6 – 8 kr. í hvert sinn, og yrði þá kostnaðurinn um 100 kr. á ári.

Orsökin til 2. till. er sú, að á Bakkagerði er nú borgari, sem hefir talsverða verzlun og umferð er þar því allmikil; er því hentugra að pósturinn gangi þangað en að Desjamýri, með því að

þar er líka svo skammt á milli, að það getur eigi valdið sjerstökum kostnaði fyrir póstinn.

Ástæður fyrir 3. till. eru þær, að það er opt óþægilegt að hafa enga brjefhirðing fyrir Vopnafjarðarpóstinn fyrir vestan Jökulsá. Eigi t. d. peningasending að ganga frá Vopnafirði til manns í Jökulsárhlíð, þá er það óþægðar-krókur fyrir hana að verða að flytjast yfir að Kirkjubæ í Tungu, ekki sízt, ef Jökulsá er ófær nema á brúnni. Hlíðarmenn una þessu illa. Brjefhirðingastaður á Sleðbrjót mundi líklega kosta svo sem 10 kr. um árið.

1895 voru gagngerðar breytingar gerðar á viðkomustöðum pósta og brautum þeirra, og var það þá von manna, að ei mundi þurfa að gera margar nje stórar breytingar á ný nokkur ár. Jeg hefði því helzt kosið að fara ekki fram á nýjar breytingar, og hefði eigi gjört það, eigi um mikinn kostnaðarauka hefði verið að ræða, en þessar tillögur mínar hafa þá kosti, að þær eru fáar og kosta lítið. Í því tilliti vil jeg geta þess, að aukapóstur sá, sem um er rætt í tillögu minni, þyrfti máske ekki að ganga nema stundum, því að kaupstaðarferðir eru tíðar af Seyðisfirði og fram hjá Egilsstöðum og mætti opt senda það, er senda þyrfti, með slíkum ferðum.

Stöðvum þeim, sem viðaukatill. ræða um, er jeg ókunnugur og skal því ekkert um þær segja. Yfir höfuð er mjer heldur illa við að baka landinu mikinn kostnað með breytingum í þessum efnum nú þegar, eptir þær breytingar sem gjörðar voru 1895.

Guðjón Guðlaugsson: Sú póstgöngutilhögun, sem farið er fram á í 8. tölulið á þingskj. 486, er miklu þarfari hjeraðinu, heldur en það fyrirkomulag, sem nú er.

Eins og nú er, gengur aukapóstur frá Hjarðarholti í Dölum vestur Hvammssveit, Fellsströnd, inn Skarðsströnd að Hvoli í Saurbæ og snýr þaðan sömu leið til baka. Nú er því svo farið, að þessi aukapóstur hefir alls ekkert að gera lengra en í Skarðsstöð, því að aðalpósturinn vestan og sunnan fer um Hvol og er nýfarinn um, þegar aukapósturinn kemur þar. Frá Skarðsstöð að Hvoli er vegalengdin hjer um bil 4—5 mílur, og hlyti því að sparast á þessu nokkurt fje, að líkindum 5 kr. á hverri ferð.

Þá er sá annar aðalgalli á þessu nú, sem kemur einna þyngst niður á verzluninni í Skarðsstöð, og hann er sá, að mönnum er ómögulegt að svara brjefum þeim, sem koma með aukapóstinum, þar sem hann fer undir eins um hæl til baka aptur, því að brjefin eru þá ekki komin nema að eins á brjefhirðingarstaðina, og þótt Skarðsstöð sje nú einn af þeim, þá er 1-2 dagar allt of stuttur tími til þess að svara upp á ýms verzlunarmálefni, útbúa peningasendingar o. fl, og því leiðinlegra að þurfa að hafa slíkan hraða á, þegar brjefin verða svo að liggja heila póstferð yfir á póstafgreiðslustaðnum, eða þangað til að aðalpósturinn kemur aptur af Ísafirði.

Þá er þriðji gallinn sá, að þau brjef, sem eiga að fara af þessu svæði til Norður- og Austurlands, ná ekki í aukapóstinn, sem fer frá Stað í Hrútafirði um Hjarðarholt í Stykkishólm, og verða því að liggja í Hjarðarholti þangað til einni póstferð síðar, svo að niðurstaðan verður sú, að vegna tímaleysis geta menn á þessu svæði engu brjefi svarað fyr en með næsta aukapósti, og fyrir það tapast ein póstferð fyrir öll brjef, sem til Reykjavíkur eiga að fara, en tvær ferðir fyrir þau, sem eiga að fara austur eða norður.

Af þessu er sú ósk fram komin, að aukapóstur gangi frá Skarðsstöð að Kleifum í Gilsfirði fyrir komu vestanpóstsins þangað.

Það, að óskað er eptir að póstur þessi gangi að Kleifum en ekki að Hvoli, kemur af því, að aukapósturinn, sem gengur frá Bæ í Króksfirði að Stað, tekur þar öll brjef, sem austur eða norður eiga að fara, og þar sem vestanpósturinn kemur þar einnig við, get ur hann tekið þar þau brjef, sem suður eiga að fara.

A þennan hátt getur verzlunin í Skarðsstöð og fleiri svarað öllum brjefum með næsta aðalpósti og hafa til þess nægan tíma, ef þessu verður þannig fyrir komið.

Samkvæmt munnlegri yfirlýsingu verzlunarstjórans í Skarðsstöð, er tjáir sig mjög fúsan til þess að útvega þennan nýja aukapóst sem ódýrastan að unnt er, mun hann (aukapósturinn) ekki kosta nema 5—6 kr. fyrir hverja ferð, svo að útgjaldaaukinn við þessa breytingu verður að öllum líkindum ekki meiri en 1—2 kr. fyrir hverja ferð.

Þá er það um hinn aukapóstinn að segja, að hann hefir ekkert erindi að Kleifum í Gilsfirði, því að vestanpósturinn er nýfarinn þaðan suður um, þegar hann kemur þar; en fari hann sömu leið til baka, gerir hann þeim, sem á leið hans eru, fremur mögulegt að svara með honum aptur brjefum, sem koma frá Ísafjarðardjúpi. Sú breyting er því nauðsynleg, þótt engum nýjum aukapósti sje bætt við, enda getur sú breyting hvorki aukið nje minkað útgjöldin, því að póstur þessi á jafnlangt heim, hverja leiðina sem hann fer til baka.

En þar sem farið er fram á að fá nýjan aukapóst, sem gangi frá Stóra-Fjarðarhorni að Kleifum fyrir komu vestanpóstsins þangað að vestan, þá er það til þess, að menn um miðhluta Strandasýslu geti komið brjefum til Reykjavíkur án þess að vera neyddir til að skrifa þau nærri heilli póstferð áður, sem verður að vera, sje Strandapósturinn látinn flytja þau.

Kleifar í Gilsfirði má heita að hafi komið upp af sjálfum sjer sem brjefhirðingastaður. Bærinn liggur á krossgötum, þar sem 5 vegir mætast.

Kostnaðurinn við þennan nýja póst verður ekki ýkjamikill, þótt yfir fjall veg sje að fara (Steinadalsheiði), og til þess að menn geti verið alveg vissir um, hver hann verður, ef til kemur, þá skal jeg lýsa yfir því, að jeg tek að mjer þessar póstferðir fyrir 3 kr. hverja ferð; það eru alls 45 kr. um árið.

Skyldi nú samt þetta álítast of mikill kostnaðarauki, þá er það ósk mín, að það yrði skoðuð sem varauppástunga, að pósturinn, sem gengur frá Bæ að Stóra-Fjarðarhorni, færi ekki lengra en að Kirkjubóli og sneri þaðan sömu leið að Bæ; má þá að sjálfsögðu spara þessar 45 kr. á þessum póstferðum við það, sem ganga þessa pósts styttist. Þótt þetta tefji nokkuð fyrir brjefum og blöðum, sem koma frá Ísafirði í Kollafjörð, þá mun það verða talinn minni skaði, heldur en að því er, að geta ekki komið brjefum greiðlega til Reykjavíkur eða útlanda, þegar menn vilja.

En annars vona jeg að h. þingd. samþykki þessar tillögur, því að þær eru til mikils hagræðis, og láti sjer ekki vaxa þessar 45 kr. í augum.

Það hefir sýnt sig undanfarin ár, að þörf hefir verið á að bæta póstgöngurnar. 1891, á þingi því, var skipuð nefnd og flutti hún uppástungu til gagngjörðra breytinga til bóta og gerði áætlun um kostnað þann, sem af því mundi leiða. Jeg var í þeirri nefnd og þótti sárt að þingið skyldi þurfa að eyða tíma í að setja aukapósta og brjefhirð-

ingamenn ; jeg sá að það var röng aðferð, og að það lá í hlutarins eðli að þetta væri gert af póststjórninni. 1895 var enn sett nefnd, og mun hún hafa fundið til þess, að það eyddi tíma æði mikið, að fást við þetta. Hún tók málið þó til rækilegrar íhugunar, og má ætla að það hafi verið vandlega yfirvegað, sem hún samþykkti. Nú er það loks tekið í stórum stýl, með margfaldlegum breytingum, en sökum tímaleysis er ómögulegt að setja sig inn í það. Í mínu hjeraði var þó hreyft að breyta til bóta um aukapóst, en jeg barðist á móti því að senda það fram, af því að það eyddi tíma þingsins allt of mikið að fást við það.— En þetta getur ekki og á ekki að fá meðferð í Ed.; það er Nd. sem á að gera það. — Ef þessi till. verður samþykkt nú, og kemur til síðari umr., þá get jeg hugsað mjer, að hver þm. skoði það sem sjálfsagt að styðja viðaukatill. viðvíkjandi sínu hjeraði, jeg segi fyrir mig, að jeg álít það skyldu mína gagnvart mínu hjeraði, en hvernig h. þm. ætla að átta sig á öllum þeim graut ofan á allt sem fyrir liggur, það er mjer hulið.

Jens Pálsson: H. 2. þm Eyf. (J. J.) gat þess að engar áætlanir lægju fyrir um kostnaðinn við breytingar á aukapóstferðum, sem hjer er farið fram á, en þar sem h. þm. Strand. (Guðj. G.) tók það glögglega fram, hvað þær mundu kosta, þá mótmæli jeg að þetta sje rjett hermt af h. þm. Eyf. Hvað aðra breytinguna snertir, lýsti h. þm. Strand. (Guðj. G.) því yfir, að hann skyldi taka ferðirnar að sjer fyrir 3 kr. hverja, en þær eru alls 15 á ári; það gerir 45 kr. í allt. Um hina ljet hann í ljós, að merkur maður, verzlunarstjórinn í Skarðsstöð, hefði boðizt til að láta fara hverja ferð fyrir 5 kr. og verða þetta þá í allt 75 kr.; en ferðin frá Hjarðarholti kringum Klofning að Hvoli styttist við breytinguna og hlýtur því að verða óðfarnari, líklega 4 kr. ódýrari hver ferð, og mundi upphæðin verða að öllu töldu, segi og skrifa 15 kr. — fimmtán krónur mundi kosta að koma tveimur sveitum í betra samband við alla landsfjórðunga og útlönd með. Ef þetta er ekki hófleg krafa, og ef hjer er ekki gjörð glögg grein fyrir kostnaðaraukanum væntanlega við þessar gagnlegu smábreytingar á aukapóstferðum, sem við þm. Strand. förum fram á, — hvað er þá hóflegt og glöggt, og hvernig má þá gjöra h. 2. þm. Eyf. í þessari grein til hæfis?

Skúli Thoroddsen: Viðvíkjandi þeirri viðaukatillögu, sem jeg hefi leyft mjer að flytja, skal jeg leyfa mjer að geta þess, að allar Hornstrandir eru svo settar að þangað gengur enginn póstur, og þar sem þingið er á þeirri skoðun, að engin sveit á landinu skuli vera án póstgangna, þá er það hart fyrir Hornstrendinga að sjá aldrei póstinn. Hvað kostnaðinum viðvíkur, þá ætla jeg að frá Hesteyri til Hafnar mundi mega fá mann fyrir rúmar 6 krónur ferðina. En viðvíkjandi bæjunum, sem hlut eiga að máli, og hafa mundu gagn af þessu, þá er það sá partur Ísafjarðarsýslu, sem kallaðar eru Hornstrandir, eða norður-jaðrar Sljettu og Grunnavíkurhreppa, og hafa menn þeir, sem þar búa, opt kvartað við mig undan því, hve afskiptir þeir eru í þessu efni; en þó að aukapóstur yrði látinn ganga frá Hesteyri norður að Höfn, þá er engin meining í því, að aukapósturinn frá Ísafirði yrði látinn bíða hans á Hesteyri, því að til þess myndi ekki vinnast tími, enda gæti þetta orðið Hornstrendingum talsverð bót samt.

Hvað hinum breytt. viðvíkur, þá ímynda jeg mjer að h. þingd. geti ekki haft neitt móti fjölgun aukapóstferða frá Ísafirði — Bolungarvík eða frá Ísa-

firði að Botni. Nú er svo háttað, að póstar eru ekki látnir fara þessar ferðir, nema stöku sinnum; en eptir því sem menn hafa betur lært að hagnýta sjer ferðirnar, þá hafa þeir óskað eptir að þær yrðu fleiri. — Hvað póstferðum viðvíkur frá Arngerðareyri út á Snæfjallaströndina, þá hefir þessa opt verið óskað, og póststjórninni hvað eptir annað skrifað um það, en hún mun hafa borið við fjeleysi, enda mun póstafgreiðslumaður á Ísafirði ekki hafa verið því meðmæltur. En það sjer hver maður, að það er mesta óhagræði fyrir þessi hjeruð, að brjef flækjast til Ísafjarðar og fara svo þaðan með aukapósti. Kostnaðurinn við þessar aukapóstferðir mundi og ekki verða mikill, jeg gizka á, að ekki kostaði meira en 5 kr. hver ferð, máske minna. — Loks skal jeg geta þess, að enda þótt þessi tillaga yrði samþ. að eins hjer í Nd., þá yrði þetta góð bending fyrir póststjórnina, svo jeg vona að þær mótbárur, sem h. 2. þm. Eyf. (J. J.) kom fram með, verði ekki till. til falls.

Jón Jensson: Jeg verð að vera samdóma h. 2. þm. Eyf. (J. J.) um, að það er óheppilegur rekspölur að þingið er farið að taka sjer í hönd að skipa fyrir um tilhögun á aukapóstgöngum í landinu. Það er mál sem ekki er gott fyrir þingmenn að skipta sjer af, því að þeir eru ekki nægilega kunnugir, enda er enginn tími til þess. En sá rjetti hlutaðeigandi, sem er nógu kunnugur og er skipaður til að sjá um slíkt — það er póststjórnin, einkum póstmeistarinn, því það er hans starf. Jeg vil nú stinga upp á að halda ekki lengra út í þetta mál, að vera að ræða um breytingar á póstgöngum, en að þingd. vísi þessu máli frá sjer til landshöfðingjans. Ekki svo að skilja, að þar með eigi að fylgja meðmæli til landsstjórnarinnar um að taka tillögurnar til greina, heldur á meiningin að vera, að hún athugi breytingarnar, og ef hún finnur ástæðu til, taki þær til greina.

Jeg ímynda mjer að jeg hafi rjett til þess, samkv. 27. gr. þingskapanna, að stinga upp á að hæstv. forseti beri undir deildina, að hún vísi frá sjer til landshöfðingjans tillögunni með viðaukatillögu.

ATKVÆÐAGR.: Till. með viðaukatill. vísað til landsh. með 16 shl. atkv.

Till. til þingsál. um viðkomustaði strandbáta hins sameinaða gufuskipafjelags (C. bls. 539); hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á 1 umræðu og var það samþ. með 20 samhlj. atkv.

Fertugasti og fjórði fundur, laugardag 21. ágúst, kl. 12 á hádegi. Allir á fundi.

Frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands 5. janúar 1874 (C. bls. 522, 543); ein umræða.

Framsögum. meiri hlutans (Klemens Jónsson): Nú þegar þetta mikilvæga mál kemur aptur fyrir neðri deild, þá finnst mjer, að jeg eigi þurfi að halda langa ræðu, því búið er að ræða það ýtarlega og rækilega, fyrst í háttv. neðri deild og svo í h. efri deild. Málið hefir hingað til verið rætt með ró og stillingu og vona jeg og óska, að það verði eins nú, þegar það aptur kemur til þessarar þingdeildar. Þar sem nú var þegar búið að ræða mál þetta svo ýtarlega, og báðar skoðanirnar komnar fram, þá gat jeg ekki ímyndað mjer að neitt nýtt kæmi fram. En þessu er ekki þannig farið. H. efri deild hefir einmitt gjört allmiklar breytingar við frumvarpið og það heldur 4 breytingar en eina, já, ef jeg

mætti svo að orði komast, þá hefir h. efri deild hjer um bil chemiskt hreinsað það af því, sem meiri hlutinn í neðri deild taldi aðalatriðið í þessu máli. Það eru eiginlega engin atriði eptir, er sjeu frábrugðin frv. því, sem einn þm. bar fram hjer í deildinni og fellt var og harðir dómar voru þá um, nema ákvæðið í 1. gr., að ráðgjafinn skuli skilja og tala íslenzka tungu. Fyrsta breytingin er það, að hún hefir fellt burtu 1. gr. frv. um setu ráðgjafans í ríkisráðinu. Í öðru lagi hefir hún í 2. gr. frv. sett atriðið »alþingi« í staðinn fyrir »neðri deild alþingis«, og sömuleiðis í 7. gr. frv. Í þriðja lagi hefir hún bætt inn í nýrri grein: »3. gr. Konungur getur leyst upp alþingi, og skal þá stofnað til nýrra kosninga, áður 2 mánuðir sjeu liðnir frá því það var leyst upp og alþingi stefnt saman næsta ár eptir að það var leyst upp. Þó er eigi skylt að kveðja til aukaþings, þegar alþingi er leyst upp samkvæmt 61. gr. stjórnarskrárinnar«. Þetta er 8. gr. stjórnarskrárinnar með viðbót. Í 4. lagi hefir hún bætt inn í 4. gr. (19. gr. stjórnarskrárinnar) um tíma alþingis: »Hið reglulega alþingi skal koma saman fyrsta virkan dag í júlímánuði annaðhvort ár, hafi konungur ekki tiltekið annan samkomudag sama ár. Þessu má breyta með lögum«. Þessi breyting fer því einungis fram á, að því megi breyta með lögum, hve nær alþingi megi koma saman.

Hvað nú 1. gr. snertir, þá hefir því þráfaldlega verið lýst yfir af meiri hlutanum, að honum þætti það atriði svo þýðingarmikið, að frv. yrði að standa og falla með því, og fært þau rök fyrir því, sem ómögulegt erað skjóta við skolleyrunum. H. meiri hluti í Ed., og á hans tillögu verður ákvæði Ed., sem reyndar var samþykkt með eins atkvæðis mun, að byggjast, heldur því fram, að þetta ákvæði sje óþarft, með því það sje viðurkennt af öllum, að eptir rjettum skilningi stjórnarskrárinnar sje það þar þegar bannað.

Þetta er að vísu alveg rjett. En nú verðum vjer vel að gæta að einu: Hjer er um tvo málsaðila að ræða, hvorn gagnvart öðrum. Annar þeirra er meiri máttar, hinn er minni máttar. Málsaðilar þessir eru alþingi annars vegar og stjórnin hins vegar. Annar málsaðilinn, nfl. þingið, byggir það á stjórnarskránni, að sjermál Íslands eigi ekki að bera upp í ríkisráðinu. Hinn málsaðilinn, stjórnin, og það er nú einmitt sá parturinn, sem í þessu efni á að framfylgja ákvæðinu, segir hið mótsetta, og framfylgir því eptir sínum skilningi. Hver af þessum tveimur hefir rjett fyrir sig? Það er ekki gott að segja. Hvor þeirra hefir sína skoðun fyrir sig og segir, að sinn skilningur sje rjettur. En hvernig eiga þessir 2 partar að fara að koma sjer saman í þessu efni? Á alþingi, hinn máttarminni, að reyna að koma sínum skilningi að með ávarpi til konungs? Nei, það dugar eigi; það er einungis einhliða yfirlýsing; heldur eigi með þingsályktunartillögu að fara ao skora á hinn partinn að láta nú af þessari óvenju, það eru bara þýðingarlaus, enda algjörlega hlægileg högg út í loptið, eins reynslan hefir sýnt.

Á að fara í mál um þetta efni fyrir rjetti, ópartiskum auðvitað, en sem vantar öll skilyrði til að geta skilið vorn sögulega rjett og rjettmætu kröfur? Það þýðir ekkert. Þetta höfum vjer ljós dæmi upp á.

Jón Sigurðsson ritaði eins og alkunnugt er um stöðu Íslands í ríkinu og hrakti þar með algjörlega skoðanir professors J. E. Larsen í þessu efni, ekki einungis í vorum augum, heldur einnig eptir dómi merkra útlendinga; en halda menn að Danir skilji þetta? Nei, þeir fylgja enn í dag kenningu Larsens, rjett eins og Jón Sigurðsson hefði aldrei

skrifað neitt. Það er eigi af því að danska stjórnin eða Danir sjeu partiskir, nei, það er af því þá vantar objectivitet til þess að skilja vorn sögulega rjett. Eina ráðið er því, að setja nú inn í lögin skýlaust ákvæði, til að taka af allan vafa, eigi fyrir oss, því vjer erum í engum vafa, heldur fyrir stjórnina. En þá kemur fram önnur mótbára Ed., að frumvarpið fáist eigi samþykkt, nema 1. gr. sje felld burt; en hún hefir eigi við neitt að styðjast. Því þetta er að eins tilgáta, að eins spádómur, sem er ekki á rökum byggður, fremur en aðrir spádómar. En auk þess er það eigi ósennilegt, að stjórnin kunni að vilja staðfesta lagaboð, þar sem það er skýlaust tekið fram, að ekki skuli bera sjermálin upp í ríkisráðinu, þó hún eigi vilji ganga inn á að slíkur skilningur felist í hinni gildandi stjórnarskrá; það er engin mótsögn í því. Þar við bætist, að ráðgjafabrjefið frá 29. maí gjörir beinlínis ráð fyrir því, að jafnvel þessi breyting mundi eigi nægja til samkomulags, og væri því gott, eins og hæstv. landshöfðingi hefir drepið á hjer í deildinni, að sýna það, að slíkt samkomulag gæti fengizt. En setjum nú svo, að þetta fáist eigi staðfest, er þá ekki stjórnin eins fyrir því skyld að leysa þingið upp? Og gefst þá eigi þjóðinni tækifæri til að láta uppi álit sitt alveg eins og þó þetta ákvæði væri eigi sett inn, en það hefir hún ekki gert enn þá? Og setjum nú svo, að þjóðin þá segi: »það er rangt gert af þinginu að gera þetta; við sættum oss við tilboð stjórnarinnar«. Afleiðingin af þessu yrði þá sú, að þeir þjóðkjörnu þingmenn, sem þessu hefðu haldið fram, yrðu að rýma sæti af alþingi og minni hlutinn, sem nú er, gæti þá ráðið lögum og lofum og tekið tveim höndum móti hinum minnstu tilboðum frá stjórninni. Minni hlutinn segir, að ef 1. gr. sje felld, þá sje velferðarmáli þjóðarinnar spillt. Jeg get ekki skilið það. Tilboðið hlýtur að ná til lengri tíma. Jeg get eigi skilið það, að stjórnin geti búizt við því, að þingið, sem svo lengi hefir barizt, að það falli fram og tilbiðji hana og taki tveim höndum móti hverju því smáræði, sem henni þóknast að bjóða. Jeg get heldur ekki ímyndað mjer, að þingmenn vilji vera ginningarfífl stjórnarinnar. Stjórnin má til, ef henni er nokkur alvara, og það hljótum vjer að ætla, að leysa þingið upp, og leggja fyrir þingið tilboð á formlegan hátt, en eigi fara í neina króka; þá getur þjóðin máske betur en áður náð samkomulagi við stjórnina. Ef stjórnin leysir upp alþingi, þá höfum vjer í fyrsta skipti fengið viðtal við stjórnina, og þá væru fyrst nokkrar líkur til, að dregið gæti til samkomulags milli þings og stjórnar. Meiri hluti nefndarinnar vill því taka 1. gr. upp í frumvarpið aptur, en ef það ekki verður gert, þá greiðir hann atkvæði móti frumvarpinu.

Að endingu vil jeg harðlega mótmæla aðferð efri deildar í þessu máli. Hún hefir komið með tillögu til þingsályktunar að skora á stjórnina að sjermálin verði ekki borin upp í ríkisráðinu, áður en málið er komið til 2. umræðu í efri deild, hvað þá heldur komið aptur til neðri deildar, og ef það er meiningin með þessu, að leggja pressu á þessa deild, þá vona jeg, að h. þingdeildarm. kunni að meta það að verðleikum.

Um hinar aðrar breytingar get jeg verið stuttorður.

Þar sem h. efri deild hefir sett orðið »alþingi« í staðinn fyrir »neðri deild alþingis« í 2. gr., þá tel jeg betra, að hafa »neðri deild alþingis« í staðinn fyrir »alþingi«; það getur haft þýðingu, þegar um það er að ræða, að fá ráðgjafa með ábyrgð; sú ábyrgð verður

gildandi fyrir innlendum dómi, þar sem neðri deild alþingis ákærir, en efri deild dæmir. Það getur enginn vafi leikið á því, að farið verður fram á, að fá innlendan pólitiskan dómstól af efri-deildar-mönnum.

Að því er snertir breytingu þá, sem h. efri deild hefir gert við 3. gr. frv., þar sem hún fer fram á að bæta við 8. gr. stjórnarskrárinnar: »Þó er eigi skylt að kveðja til auka-alþingis, þegar alþingi er leyst upp samkvæmt 61. gr. stjórnarskrárinnar«, þá virðist mjer sú breyting vera óþörf, hvernig sem á er litið. Jeg get hugsað mjer, að þetta sje gert til samkomulags við stjórnina, og þá sje ekki neitt á móti því. En jeg get eigi sjeð, að þetta fari nokkuð í þá átt, sem stjórnin vill. Mjer finnast engin líkindi til, að stjórnin kunni alþingi þakkir fyrir að bæta þessu inn í greinina, og það er allt annað en h. þm. Vestm. (V. G.) fór fram á í sínu frumv.

Að því er snertir 4. gr., þá liggur hún öldungis fyrir utan þann grundvöll, sem frumvarpið er byggt á. Það voru margar breytingar aðrar, sem meiri þörf var á, og mjer finnst ekki rjett að draga inn atriði, sem ekkert koma málinu við. En í sjálfu sjer getur hjer eigi verið um neitt kappsmál að ræða.

Jeg hefi reynt að tala svo blátt áfram, eins og jeg hef getað. Jeg hefi ekkert farið upp í skýin, því það er mjer heldur ekki lagið, og alþýða skilur það heldur ekki, en að vjer eigum að hafa stjórn og löggjöf út af fyrir sig, og hún skilur það, að þetta er eigi gjört, þegar aldanskir menn, sem eptir vitnisburði h. þm. Vestm. (V. G.) ekkert vit hafa á íslenzkum málum, og ekki gjöra sjer neitt far um að setja sig inn í þau, greiða atkvæði um málin, og alþýða væntir þess, að alþingi noti löggjafarvald sitt til þess, að kippa þessu í liðinn.

Jeg hefi reynt að tala um þetta mál án þess, að móðga nokkurn einstakan mann, og vil jeg enda ræðu mína með þeim hinum sömu orðum, sem h. framsögumaður meiri hluta nefndarinnar í efri deild (S. St.) endaði sína ræðu, að jeg vona, að menn láti eigi persónulega hlutdrægni verða til þess að spilla fyrir gangi málsins, og að menn láti eigi neinar aðdróttanir spilla fyrir því. En þessar aðdróttanir gætu komið fram einhversstaðar utan að, þó að þær eigi kæmu frá mönnum í deildinni.

Framsögumaður minni hlutans (Guðlaugur Guðmundsson): Jeg þarf í raun og veru ekki að flytja langa ræðu til að gjöra grein fyrir afstöðu minni hlutans í máli þessu.

Það er tekið fram í nefndaráliti minni hlutans, að hann telji það vanhyggju, að aðhyllast ekki frumv. eins og það nú kom frá h. efri deild. Sjerstaklega má telja það óviturlegt, að vera að gjöra smávægilegar breytingar á frv., breytingar, sem þó gætu orðið því til falls. Eina atriðið, sem sjerstaklega er vert um að ræða nú, er ágreiningur milli meiri og minni hlutans um það, hvort setja skuli aptur 1. gr., er h. efri deild felldi burtu, inn í frumv. eða ekki. Þó skal jeg jafnframt þessu höfuðatriði leyfa mjer að drepa á nokkur önnur þýðingarminni atriði málsins.

Það hefir verið haft á móti þessari stjórnarfarsbreytingu, að með henni væri valdið fært út úr landinu, þar sem hún mundi verða til þess að rýra vald landshöfðingja, en færa valdið yfir í hendur ráðgjafanum, er búsettur ætti að vera í Kaupmannahöfn.

Þetta er ákaflega mikill misskilningur. Eins og ástandið er nú, þá mætir

að eins fulltrúi ráðgjafans hjer á þingi, og eins og kunnugt er koma þar opt mál fyrir, sem hann hefir ekki hugmynd um, hvernig ráðgjafinn muni taka undir. Stundum hefir það og komið fyrir, að stjórnarfulltrúinn hefir á þingi heitið málum fylgi sínu, en þegar til ráðgjafans hefir komið, þá hefir hann verið þeim fráhverfur. — Breytingin mundi ekki verða til að færa valdið út úr landinu, þvert á móti, því að þótt ráðgjafinn mundí skipta sjer meira af ýmsum málum hjer en hann gjörir nú, þá mundi það meira en vinnast upp við það, að þingið fengi miklu betri tök á ráðgjafanum en það hefir nú á fulltrúa ráðgjafans. Breytingin mundi þannig einmitt verða til þess, að færa valdið yfir í hendur þingsins. Allir, sem nokkurt skyn bera á, hvernig gangur pólitiskra mála er, hljóta að sjá, að hjer er verið að fæla menn með ástæðulausri grýlu.

H. framsögum. meiri hlutans (Kl. J.) hafði það á móti breytingunni á 8. gr. stjórnarskrárinnar, en sem hjer er 3. gr., að ákvæðinu um auka-alþingi væri sleppt þar, og taldi hann það skaða mikinn. En þess er að gæta, að hjer er komin fram meðalvegstillaga milli þess, sem stjórnin hefir farið fram á, og þess, sem þessi h. deild hjelt fram, og því ekki ólíkleg til samkomulags.

Enn fremur getur eigi síður verið óhagræði en hagræði að aukaþingum fyrir þjóðina. Arangurslaus aukaþing eru fullt eins háskalegt vopn í höndum stjórnarinnar gegn þjóðinni, eins og í höndum þjóðarinnar gegn stjórninni; það nægir að benda þar á undanfarna reynslu vora Jeg sje því engan skaða skeðan, þótt eigi sjeu knúð fram aukaþing, þegar ekki er von um árangur af þeim; öðru máli er að gegna, þegar hans má vænta; þá geta þau verið sjálfsögð og gagnleg.

Þá er enn að minnast á eitt atriði í breytingartill. h. meiri hluta; það atriði, að hann fer fram á, að ákæruvaldið gegn ráðgjafanum sje í höndum neðri deildar alþingis og konungs, en eigi í höndum alþingis alls; segir h. meiri hluti að slíkt sje að ákveða ákæruvaldið á vènjulegan stjórnskipulegan hátt. Þetta er ekki alls kostar rjett; það er ekki venjulegt stjórnskipulegt fyrirkomulag, að neðri deild ein hafi ákæruvaldið, nema því að eins, að dómsvaldið sje að einhverju leyti í höndum efri deildar.

Skal jeg nefna dæmi þess, hvernig þessu er komið fyrir í nokkrum löndum.

Á Englandi hefir undirhúsið ákæruvaldið — ef til þess kæmi, að því væri beitt — en löglærðu lávarðarnir í yfirhúsinu ásamt eldri ráðgjöfum dæma.

Í Danmörku kærir fólksþingið, en landsþingið skipar helming dómaranna, hinn helmingurinn eru dómararnir í hæstarjetti.

Í Noregi kærir lögþingið, en óðalsþingið og hæstirjettur dæmir.

Í öllum þessum löndum tekur efri deild þátt í dómsvaldinu í málum, sem höfðuð eru gegn ráðgjöfunum, og því er það eðlilegt, að neðri deild ein hafi þar kæruvaldið.

Í Svíþjóð er þessu öðru vísi háttað; þar er það að eins einn maður, sem hefir ákæruvaldið, »justitieombudsmannen« gagnvart embættismönnum, og er hann kosinn af þinginu í heild sinni. En hið pólitiska ákæruvald er þannig, að þingið kýs nefnd til að ákæra ráðgjafana; þessi nefnd ber svo upp tillögu um ákæruna, og er hún svo rædd í báðum deildum þingsins. Þetta er eðlilegt, af því að þar á hvorug deildin þátt í dómsvaldinu.

Hjer á landi er það ekki eðlilegt, að útiloka efri deild frá ákærurjettinum,

á meðan hún hefir ekki dómsvaldið í höndum. Hjer sýnist einmitt rjettur efri deildar fyrir borð borinn með því, að svipta hana ákærurjettinum.

Síðar mætti breyta þessu, ef svo skyldi fara, að efri deild fengi dómsvaldið í hendur, — þá getur ákæruvaldið gengið frá henni yfir í hendur neðri deildar einnar og konungs.

Þessi breytingartill. h. meiri hlutans, sem sýnist svo ástæðulaus, gæti einmitt orðið frumv. til falls, og því vona jeg, að hann leggi ekki kapp á hana.

H. framsögum. meiri hlutans (Kl. J.) kvað frumv. h. Ed. í engu frábrugðið frumv. h. þm. Vestm. (V. G.), nema í því, að heimtað væri að ráðgjafinn skildi og talaði íslenzku. Jú, það er frábrugðið í fleiru. Því er bætt við, að ráðgjafinn skuli ekki hafa önnur stjórnarstörf á hendi en Íslandsmál, og að hann skuli mæta á alþingi. Enn fremur er stórvægileg breyting á ákæruvaldinu, þar sem í þessu frumv. er tekið einskorðað fram, að það skuli vera í höndum konungs og alþingis, þar sem í hinu upprunalega frumv. var svo að orði komizt: Alþingi kemur fyrir sitt leyti fram ábyrgð á hendur ráðgjafanum. Hið upprunalega frumv. fór fram á, að vjer skyldum sleppa þeim rjetri, sem oss samkvæmt 61. gr. stjórnarskrárinnar er heimilaður, til að áfrýja stjórnarskrárbreytingum til kjósandanna, áður en þær eru leiddar til lykta; í frumv. h. Ed. er oss tryggður þessi rjettur framvegis. Að segja að þetta frumv., sem hjer liggur nú fyrir, sje sama frumv. og frumv. h. þm. Vestm. (V. G.), það er til að villa sjónir fyrir mönnum, og lítur úr fyrir að það eigi að brúkast sem grýla til að fæla menn frá því að aðhyllast frumv. h. Ed. Þetta segi jeg án þess þó að segja að h. framsögum. meiri hlutans (Kl. J.) hafi haft þetta á bak við eyrað, er hann talaði sín stillilegu og hóflegu orð um málið. Hver sem vill bera saman bæði frumv., hlýtur að sjá, að inn í þetta frumv. eru komin ýms tryggingarákvæði, sem vantaði í hið upprunalega frumv. Þær breytingar, sem jeg hef nú minnzt á, eru svo lítilvægar í samanburði við aðalatriðin, að jeg skil ekki í að h. meiri hluti muni vilja heyja stríð um þær, að því leyti sem þær falla ekki saman við skoðun hans. En það er breyt.till. h. meiri hluta um, að setja 1. gr. aptur inn í frumv., sem stríðið hlýtur aðallega að standa um, og sem jeg verð fastlega að mæla á móti, af því að við má búast, að það verði til þess að frumv. nái eigi staðfestingu konungs, og að árangurinn af hinni löngu stjórnarbaráttu verði að engu, en að þjóðin verði um ófyrirsjáanlegan tíma að bíða eptir stjórnarbót þeirri, sem henni stendur nú til boða. Jeg skil ekki í, hverju meiri þýðing það hefir að taka ákvæði 1. gr. frumv. upp í frumvarpsformi, en að bera fram í ávarpi eða þingsályktun óskina um, að Íslands ráðgjafi eigi ekki eptirleiðis sæti í hinu danska ríkisráði. H. framsögum. meiri hlutans (Kl. J.) kvað ávarp vera einhliða yfirlýsing hins veikari partsins, og kallaði það hlægilegt vindhögg, slegið út í blá-inn. Hann vildi segja að með ávarpi lýstum vjer að eins vorum skilningi á deiluefninu, en með frumv. tækjum vjer af vafann »hjá mótpartinum«. Jeg sje ekki muninn á því, hvort vjer hjer setjum fram skoðun vora í ávarpsformi eða í frumvarpsformi; hvorttveggja er einhliða yfirlýsing frá oss, sem ekki höfum vald eða nauðungarmeðul til að þvinga skilningi vorum á þessu atriði upp á mótpart vorn. Með því að draga deiluefnið um setu ráð-

gjafans í ríkisráðinu inn í frumv., með því fyrirbyggjum vjer, því nær vafalaust, það, að vjer getum fengið ráðnar bætur á hinu skaðvænlega samvinnuleysi milli þings og stjórnar, og ábyrgðarleysi stjórnarinnar gagnvart oss. Það ætti að vera þungt á metunum, að með annari aðferðinni spillum vjer fyrir oss, en með annari ekki. Þá breyting, sem stjórnin vill ekki fallast á, þegar hún kemur fram í ávarpsformi eða þingsályktunarformi, mun hún ekki fremur fallast á, þó hún komi fram í frumvarpsformi. Yfirlýsing ráðgjafans í brjefi hans í vor er svo tvímælalaus, að engin skynsemleg ástæða er til að vona, að hann hafi breytt skoðun á svo stuttum tíma.

H. framsögum. meiri hlutans (Kl. J.) tók það dæmi, að samþ. yrði frv., sem væri óaðgengilegt fyrir stjórnina, og talaði um horfurnar þá. En það má líka skoða, hvernig horfurnar yrðu, ef málið gengi ekki gegnum þingið. Hvers þága er það, að fá breyting á stjórnarfarinu, að fá ráðgjafa, sem beri ábyrgð á stjórnarathöfnunum? Er það þága stjórnarinnar eða vor? Jeg held að svarið muni verða hjá flestum, að þágan sje vor; en þá mun það og verða all-samhljóða álit manna, að vjer ættum að forðast eins og heitan eldinn að hindra að þetta gæti sem fyrst orðið, og varast að sleppa nokkru tækifæri, því að óvissan er svo mikil, að það bjóðist aptur í bráð.

Vjer getum talað hátt og snjallt um rjett vorn, en rjettur og framkvæmd rjettar er ekki hið sama; það er sitt hvað að hafa rjett til einhvers, og hitt að ná rjetti sínum, og á meðan vjer höfum ekki mátt til að framfylgja rjettarkröfum vorum með valdi, þá mun oss ráðlegast að fara hægt og gætilega í sakirnar. Stjórnin hefir hjer töglin og haldirnar, hún getur neytt aflsmunar og lagt málið á hilluna, og geymt það þar mannsaldur eða meir, hvað sem vjer segjum. Það er mjög hætt við, ef vjer ekki samþ. nú á þingi eitthvert það frumv., sem stjórnin vill sinna, þá er hætt við að vjer um lengri eða skemmri tíma sjeum búnir að sleppa því tækifæri, sem oss nú býðst, til að kippa því í lag, sem mesta praktista þýðingu hefir fyrir oss. Jeg álít að það sje næsta mikill ábyrgðarhluti fyrir hvern og einn að stuðla að þessu.

Öll alþýða skilur að það er ekki viturlegt að tefla úr höndum sjer góðu færi, einungis til þess að geta slegið fram og hafið þrætu um atriði, sem vjer þó erum ekki færir um að þrengja fram með afli.

Vjer samþ. eigi fremur, þótt vjer afgreiðum frv. þetta án 1. gr., að vjer viljum una við það, að ráðgjafi Íslands eigi sæti í ríkisráði Dana, en vjer höfum gjört mörg undanfarandi ár, með því að afgreiða hjeðan frá þinginu lög og þingsályktanir með þeirri vissu, að það yrði þó borið upp í ríkisráðinu. Þingið afsalar sjer eða þjóðinni ekki neinum rjetti með þessu. Það hefir svo skýrlega komið fram í umr. skilningur vor á þessu atriði, að hann verður eigi misskilinn, nje heldur er hægt að segja, að vjer í minnsta máta höfum gefið undir fótinn með, að vjer teljum það rjett eða æskilegt að ráðgjafinn eigi setu í ríkisráðinu; þvert á móti, þrátt fyrir allan skoðanamun hafa allir verið sammála um, að slíkt ætti ekki að eiga sjer stað. H. meiri hluti segir og sjálfur, að þessi skilningur hafi glögglega komið fram í umræðunum.

Enn er eitt atriði, sem jeg vil minnast á. Menn eru að klifa á því, að ef ráðgjafinn sitji í ríkisráðinu, þá sje hann danskur ráðgjafi. Jeg skil ógjörla, við hvað er átt með þessu, því að víst er um það, að hann á þó að

vera sjerstakur Íslandsráðgjafi og standa undir sjerstöku íslenzku ákæruvaldi, og þegar svo er, þá má nokkuð á sama standa, hvort hann er kallaður danskur eða kínverskur ráðgjafi eða hvað, hann er samt sem áður íslenzkur ráðgjafi. En eigi það svo að skilja, að með því sje meint, að hann eigi að vera ráðgjafi fyrir dönsk sjermál, eða að hann standi undir fleiri ákæruvöldum en alþingis og konungs, þá er það hreinn misskilningur; en um það skal jeg ekki frekar tala nú; það hefir svo glögglega verið sýnt fram á það áður. Því hefir verið slegið fram, að þjóðinni muni þykja stjórnarbaráttan orðin of löng, til þess að hafa ekki meira upp úr henni en frumv. býður. En þá vil jeg spyrja: Halda menn að þjóðin sætti sig betur við að hafa engan árangur upp úr baráttunni?

H. meiri hluti segir, að yfirlýsing um afstöðu vora gagnvart setu ráðgjafans í ríkisráðinu sje þýðingarlaus, ef hún komi fram í ávarpsformi. En er honum unnt að sýna með rökum, að hún sje þýðingarminni, þótt hún komi þannig fram, en þó hún komi fram í frumvarpsformi? Eigi mun heldur vera hægt að skilja þannig skilyrði það, sem stjórnin hefir komið fram með fyrir því, að hún gæti staðfest nýtt stjórnarskrárfrumv., að einu sinni hún sjálf heimti það, að með því sje stjórnarbaráttunni lokið af vorri hendi um aldur og æfi. Það er ekki annað en gríla, að kasta slíku fram.

Hjer er nú komin fram breyt.till. frá h. 1. þm. Rangv. (Sighv. Á.), er fer fram á það, að Íslands mál skuli ekki borin undir samþ. eða synjunaratkvæði hins danska ríkisráðs, nema þegar svo sjerstaklega standi á, að þau að einhverju leyti einnig snerti hin sameiginlegu mál, en úr því skuli konungur skera í ríkisráðinu. Jeg hallast að þessari breyt.till. og mun greiða atkv. með henni, því að hún er að mun líklegri til að fá samþ. stjórnarinnar en breyt.till. meiri hlutans, enda er hún bæði rjettlát og eðlileg, því að það er vís og gefin setning, að í öllum þeim málum, þar sem ágreiningur er um, hvort þau sjeu sjerstök mál eða sameiginleg mál, þar verður ríkisráðið á einhvern hátt að eiga kost á að hafa hönd í bagga með. Jeg get búizt við, að komið verði með þá mótbáru gegn þessu, að það eigi ekki við að bera þetta hjer upp, því að það snerti alríkismál. En til þess er því að svara, að eins og það er rjettur hvers landeiganda að ákveða að sínu leyti landamerki fyrir landi sínu, eins getur alþingi fyrir sitt leyti tekið upp nokkurs konar landamerkjaákvæði gagnvart ríkisráðinu. Yfirhöfuð verð jeg að álíta þessa breyt.till. töluvert aðgengilegri en ákvæðið í 1. gr. h. meiri hluta.

Jeg þarf svo ekki að fjölyrða meir um málið að sinni, en vil að endingu alvarlega leggja h. deild á hjarta, að hjer á nú að framfara ein hin þýðingarmesta atkvæðagreiðsla, sem nokkru sinni hefir farið fram, að minnsta kosti þau ár, sem jeg hef á þingi setið. Vjer eigum nú með atkvæði voru að skera úr því, hvort þjóðinni á að veitast kostur á því að feta sig áfram til meira sjálfsforræðis og framfara, eða hún skuli enn um óákveðinn tíma snúast í sama tjóðurbandinu.

Landshöfðingi: Jeg álít það skyldu mína að lýsa yfir því, að stjórninni er það áhugamál, að samkomulag komist á milli hennar og alþingis á þeim grundvelli, sem lagður var með frumv. þm. Vestm. (V. G.). Því er stjórninni það á móti skapi, að samþykktar verði nokkrar þær tillögur, er fara mjög fjarri því frumv. Sem fulltrúi stjórnarinnar verð jeg því að leggja mjög á

móti 1. breyt till. meiri hlutans. Hinar tillögurnar eru minna verðar, en þó verð jeg að telja 3. breyt.till. verri en ekki.

2. gr. frv. er nú talsvert varhugaverð, og alls ekki víst að stjórnin geti samþykkt frumv. fyrir þá grein; en enn þá síður yrði þó von um það, ef breyt.till. meiri hlutans verður samþ.

Mál þetta mun nú annars vera svo út rætt, sem það getur orðið; allir þm. hafa víst nú fullráðið við sig, hvernig þeir ætla að greiða atkvæði. Er því víst óþarft, að hafa langar ræður um málið nú.

Jens Pálsson: Það er enginn vafi á því, að h. Nd. hefir aldrei frá því alþingi hófst staðið í þýðingarmeiri og alvarlegri sporum en nú í dag.

Ekki fyrir það: vjer höfum opt gert stærri kröfur en nú. Vjer höfum áður farið fram á innlenda landsstjórn, jarl með ráðgjöfum o. s. frv. Vjer höfum sem sagt gengið ólíkt lengra en það, sem bæði meiri og minni hlutinn nú fer fram á.

En það er eitt, sem aðskilur þennan dag og þessa atkvæðagreiðslu frá öllu liku fyrri og gerir stundina hátíðlega.

Áður höfum vjer haldið fram kröfum vorum án vissu, jafnvel án vonar um staðfesting konungs; já optast mun meiri hluti þessarar h. þingd. hafa gengið að því vísu, að kröfunum yrði ekki sinnt.

Nú er allt öðruvísi ástatt. Fyrir munn hæstv. landsh. höfum vjer fengið ótvíræða fullvissu um það, hvað stjórnin vill samþykkja. Sú yfirlýsing var greinileg og gagnorð. Það eru nokkur atriði, sem stjórnin er boðin og búin til að ganga að. Þau eru að vísu ekki mörg, en þau eru þýðingarmikil.

Í fyrsta lagi er nú það atriði, að vjer eigum kost á að fá sjerstakan ráðgjafa, sem ekki hafi önnur störf á hendi, en gefi sig allan við vorum málum. Þetta eitt er einkar mikilsvert. Vjer höfum engan sjerstakan ráðgjafa haft til þessa, engan mann með ráðgjafavaldi í stjórn vorra sjermála, sem hafi haft nauðsynlega staðlega þekking, nje heldur óskiptan tíma og öðrum störfum óháða krapta til að vinna að og standa straum af stjórnmálum Íslands.

Annað atriðið, er oss er nú boðið, það, að ráðgjafinn mæti á alþingi, skiptir og miklu, því við það er opnaður vegur til samvinnu milli hans og vor, milli stjórnar og þings.

Í þriðja lagi er oss ger kostur á, að ráðgjafinn beri ábyrgð, ekki að eins á stjórnarskrárbrotum, eins og hingað til, heldur á allri stjórnarathöfninni. Þetta er »fundamentalt« atriði. Það er grundvallaratriði undir stjórnskipulegri stöðu hinnar íslenzku þjóðar. Sú fyrirbára, að þessi ábyrgð sje tómt tál og hjegómi, er ekkert annað en tóm viðbára og fjarstæða. Hún hefir þegar verið hrakin rækilega af h. þm. Rvík. (J. Jenss), h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) og að nokkru af h. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.), og er óþarfi að fara að taka hjer upp aptur röksemdir þeirra.

Að boð þau, sem stjórnin hjer gerir oss, sje mikilsverð og þýðingarmikil, um það getur engum manni blandast hugur. Yfirlýsing hæstv. landsh. burtrýmir og öllum efa um, að breytingartill. meiri hlutans hljóta að verða málinu til meins og hindrunar, ef þær ná fram að ganga.

Úr því að sú heppni nú loks hefir fallið oss í skaut, að eiga að nokkrum mikilvægum umbótum á stjórnarfari voru vísum að ganga hjá stjórninni, þá er óráð að hafna þeim. Vjer stöndum á föstum grundvelli, að því leyti sem vjer höfum nú vissuna; jeg vil því ekki stíga fæti út í óvissuna; jeg vil nota þá fótfestu, sem vjer nú getum náð í máli þessu, til þess af henni að klífa upp eptir og áfram betur síðar. Það er hinn

eini vissi vegur til árangurs, eins og málið horfir nú við. Að samþykkja nú breyt.till., sem eptir yfirlýsing hæstv. landsh. hlýtur að verða málinu til falls, það er að yfirgefa alla fótfestu, og svífa með þetta mikla mál algerlega í lausu lopti eptir sem áður.

Frumv. efri deildar er áreiðanlega vel af hendi leyst; sú þingdeild hefir eigi síður áhuga en vor þingdeild á að vinna að gagni hinnar íslenzku þjóðar. Hún hefir engu því sleppt, sem öruggt var að halda, ef samkomulag á að nást.

Frumv. efri deildar er, eins og h. þm. V.-Skaptf. sagði, stórmjög bætt og fullkomnað frá því sem frumv. h. þm. Vestm. (V. G.) var. En þrátt fyrir það að efri deild hefir gengið svo langt, að vel má vera, að hún hafi gengi að ýtrustu þröm, samkv. því sem fram kom í ræðu hæstv. landsh., þá hefir hún þó gert sjer ýtrasta far um að stofna ekki málinu í hættu. Og þökk sje henni fyrir.

Samkvæmt yfirlýsingu hæstv. landshöfðingja er málinu með fyrstu breyt.till. meiri hlutans teflt, ekki að eins í hættu, heldur út í opinn dauðann hjá stjórninni. En málinu er einnig teflt í hættu í þinginu með því að samþykkja breyt.till. meiri hlutans, því það er næsta ólíklegt, að efri deild vilji samþ. þessar breyt.till. neðri deildar. Þetta hlýtur að vera öllum ljóst, meiri hlutanum eins vel og minni hlutanum. Hin 1. breyt.till. meiri hlutans má sjerstaklega ekki komast að. Um það tók hin skýra yfirlýsing hæstv. landsh. af öll tvímæli. Hana ættu h. flutningsmenn að taka aptur, og mundi engi maður fyrir það efast um, að hún sje af einlægum áhuga og góðum hug framkomin, nje lá flutningsmönnum, þótt þeir hafi viljað halda til streitu, unz yfirlýsing hæstv. landsh. tók af skarið. En að halda 1. breyt.till. enn til streitu mun reynast vanhyggjuráð, svo sem efri deild sagði.

Eða eru vindhöggin ekki orðin nógu mörg, sem slegin hafa verið í þessu máli? Er ekki kominn tími til að fara að sjá einhvern árangur? Það er þó betri einn fugl í hendi en tveir í skógi. Minnumst hins fornkveðna um manninn, sem

»hafði fengið fjóra;
elti þann fimmta og í því hvarf
ofan fyrir bjargið stóra«.

Vissulega væri það vanhugsað og misráðið, að samþ. br.till., sem hljóta að verða frv. að fjörlesti. — Og væri það sanngjarnt gagnvart vorri þjóð? Á hún ekki rjett á að fá að greiða atkv. um það, sem í boði er og fengizt getur, út af fyrir sig? Jeg segi hiklaust jú, hún á rjett á því. Hún hefir aldrei átt kost á því fyrri.

Þjóðin hefir enn ekki átt kost á, að láta uppi álit sitt um tilboð stjórnarinnar. En að svo miklu leyti sem blöðin er að skoða sem raddir þjóðarinnar, er það athugavert, hversu þau standa að málinu. Sumum vorum beztu og merkustu blöðum er það áhugamál, að þetta gangi fram. Jafnvel blöð, sem hvað kröfuhörðust hafa hafa verið að undanförnu, láta nú spaklega, og tala stillilega um málið. Blöðin, þau sem ekki eru beinlínis með frv. efri deildar, fara mjög hægt í sakirnar, utan eitt einasta blað; — en jeg held að það sje ekki í miklu áliti, því jeg heyri það dags daglega nefnt óvirðulegu ensku nafni, sem þýðir á voru máli: »Spangólið«. Það hefir hamazt eins og vitfirringsleg óhemja gegn máli þessu, án þess þó að geta fært eina einustu gilda og góða ástæðu fyrir málstað sínum, enda hafa þær allar verið jafnóðum rækilega hraktar fyrir blaðinu, sem svo hefir svalað

geði sínu með persónulegum skömmum og svívirðingum í garð einstakra þingmanna.

Af því jeg álít að alþingi geti ekki forsvarað að neita þjóðinni um að greiða atkvæði um þetta tilboð frá stjórninni, og af því að enginn skaði nje rjettartjón er því samfara að samþykkja frv., þá sýnist mjer það mikil samvizkusök að ónýta það. Það eru því innileg tilmæli mín til meiri hluta nefndarinnar, að hann taki till. sínar aptur og láti þær ekki koma til atkv.

Það er mjer ljóst, að ef alþingi glæpist á þessum meirihlutatill., þá er það svo mikill ábyrgðarhluti fyrir oss, að jeg álít að vjer höfum varla rjett til að taka hann á oss.

Þess vildi jeg óska, að jeg lifði það ekki undir aldamótin, að þurfa að heyra þunga ásökunarrödd gegn alþingi hljóma yfir Íslands fjöll og dali fyrir það, að oss hefði verið mislagðar hendur, hvort heldur af kappi eða skammsýni, að spilla þessu færi þjóðarinnar nú, sem tvísýnt er, hvort eða hvenær hún fær aptur.

Það er eitt atriði í ræðu h. framsm. meiri hlutans (Kl. J.), sem jeg vil minnast á. Hann áleit það þýðingarlaust að skora á ráðgjafann um, að hætta því að bera sjermál Íslands upp í ríkisráðinu, því að þetta væri alveg gagnstætt skoðun ráðgjafans. En hann hugsaði, að sú krafa hefði meira sannfærandi afl, ef hún kæmi fram í frv.-formi. En mjer skilst að þetta muni vera alveg rjettu gagnstætt. Það er mannlegu eðli meira samkvæmt, að taka sönsum við skynsamlegar og hógværar fortölur, heldur en að láta þvinga upp á sig skilning eða skoðun. Rólegu ávarpi yrði því að líkindum miklu fremur tekið með rólegri íhugun, en hinni harðneskjulegri aðferðinni. Enda eru hjer öll tvímæli af tekin af hæstv. landsh., þar sem hann lýsti yfir því hiklaust, að frv. yrði synjað staðfestingar, ef þessi br.till. yrði samþykkt.

Framsögum. meiri hlutans (Klemens Jónsson): Jeg þarf ekki að svara mörgu. H. framsögum. minni hlutans (Guðl. G.) hefir fært rök fyrir sínu máli, og jeg þykist hafa fært rök fyrir mínu, og þingdeildin verður að skera úr, hvor muni hafa rjett fyrir sjer. Jeg álít heldur ekki, að það hafi neina þýðingu að endurtaka þau rök, sem áður hafa verið færð.

H. framsögum. minni hlutans (Guðl. G.) hafði á móti því, að í áliti meiri hlutans væri tekið fram, að venjulegt væri að ákveða ákæruvaldið eins og þar er farið fram á. Það getur verið, að þar sje heldur sterklega að orði komizt, og að það sje ekki venjulegt í »constitutionellum« löndum yfir höfuð; en það er þó venja í nágrannaríkjunum. Eins og við vitum, er það þannig í Danmörku, og nú hefir verið upplýst, að þannig sje það einnig í Noregi. — Annars ætti það að vera nægilegt, að við viljum sníða þetta eptir Dönum, og því líklegast til þess, að verða framgengt. Jeg tók fram áðan, að nú væri ekki eptir í þessu frumv. neitt verulegt fram yfir það, sem stóð í frumv. því, er hjer var áður fellt, en h. framsögum. minni hlutans (Guðl. G.) benti á ákvæði, sem væru veruleg og mismunandi frá því, svo að það væri allt annað frumv. nú en áður, t. d. að nú stæði »alþingi«, þar sem áður stóð »alþingi fyrir sitt leyti». Jeg skal játa, að það er þýðingarmikil breyting, en jeg tók það fram, að þar sem stóð í frumv. því, er hjer var samþykkt, »neðri deild alþingis«, að þá er þetta nær hinu upphaflega frumv. Aðra breytingu nefndi hann einnig, sem væri til bóta, þá nefnilega, að ráðgjafinn skyldi eiga sæti á alþingi; en mismunurinn frá hinu upphaflega

frumv. er einungis sá, að hjer er að eins nánara ákveðið, í hvaða tilfellum hann getur sett annan fyrir sig. Jeg álít satt að segja, að þetta frumv. fari svo nærri hinu upphaflega, sem unnt er, og að sú eina verulega breyting til batnaðar sje, að hjer er ákveðið, að ráðgjafinn skuli skilja og tala íslenzka tungu Það getur líka naumast minna verið, en ein veruleg bót frá því frumv., sem flestir voru einhuga um, að væri til lítils eða einskis gagns.

H. framsögum. minni hl. lagði aðaláherzluna á, að með því að skjóta inn 1. gr. aptur, þá væri loku fyrir það skotið, að frv. yrði samþykkt. Kann vel að vera, að svo færi; en jeg verð þó að skoða það sem spádóm, en enga óyggjandi vissu, og þó við höfum nú heyrt yfirlýsingu hins hæstv. landshöfðingja, þá er það samt. engin vissa. Hann lýsti áðan skoðun stjórnarinnar, en áður hefir hann lýst sinni persónulegu skoðun.

H. framsögum. (Guðl. G.) tók fram enn einn mögulegleika, þann, að ekkert frv. kæmist fram og málið yrði svo lagt á hilluna, kannske um heilan mannsaldur, og að það hefði litla þýðingu að vera að tala um lög og rjett, þegar sá sem valdið hefði ekki vildi sinna því neitt. Er þá stjórnin að leika komediu með okkur? Hún kemur með tilboð, og getur hún ætlazt til að við tökum undir eins með fögnuði, hvað lítið sem hún býður? Og ef við gjörum það ekki, þá segi hún að eins, að við þurfum ekki annað að gjöra en leggja árar í bát? Jeg get ekki annað álitið en að það sje að gjöra stjórninni getsakir. Þetta var hið helzta, sem jeg hafði að athuga viðvíkjandi ræðu h. framsögum. minnihlutans.

Þá hjelt h. þm. Dal. (J. P.) langa ræðu, en jeg gat ekki orðið þess var, að hann kæmi fram með neitt nýtt, heldur var það mest allt endurtekningar af því, sem áður hefir verið sagt hjer, og finn jeg ekki ástæðu til að hrekja það nú, sem áður er búið að hrekja. Að eins var þó eitt nýtt, sem hann tók fram, og það var að merkustu og beztu blöðin væru á hans meiningu. Getur verið að það sjeu beztu og merkustu blöðin, sem þá skoðun hafa, en »de gustibus non est disputandum«; einum þykir þetta bezta blaðið og öðrum hitt, og ekki gott um það að dæma til fullnustu. Jeg vil heldur ekki fyrir mitt leyti fara út í neinn dóm á milli þeirra; að eins gæti jeg með eins miklum rjetti og h. þm. sagt, að okkar elzta blað er þó á annari skoðun (*Jens Pálsson*: Mjög hóflega).

Jeg tók fram áðan, að ekki væri líklegt að stjórnin vildi aðhyllast þingsályktunartill., sem fer í bága við þann skilning, sem hún hefir haft á því atriði, en væri ekki óhugsandi að hún ljeti standa ákvæði í þá átt í frv., úr því það einu sinni væri komið inn?

Hjer er fram komin breyt.till. frá h. 1. þm. Rangv. (S. Á.) á þingskjali 515. Jeg gat hennar ekki áðan, enda kom hún ekki fram fyrri en í fundarbyrjun. Hún fer fram á að málin skulu ekki borin undir ríkisráðið, nema þegar þau eitthvað snerta einnig sameiginleg mál. En jeg get nú ímyndað mjer, að stjórnin legði þá hvert mál fyrir ríkisráðið, þó ekki væri til annars en að rannsaka, hvort það ekki að einhverju leyti snerti sameiginleg mál. Það hefir opt áður verið tekið fram, að hæpið væri að fara langt út í að ákveða takmörkin milli sjermála og sameiginlegra mála, og jeg held að það væri mjög hætt við að farið yrði að teygja út svið hinna sameiginlegu málanna, ef farið væri að gefa stjórninni tilefni til þess að álíta í hvert

skipti, hvort þetta eða hitt mál ekki gæti talizt að snerta sameiginleg mál. Jeg verð því að ráða frá að samþykkja þessa breyt.till.

Sighvatur Árnason: Jeg verð að lýsa ánægju minni yfir því, hve umræðurnar eru rólegar um þetta mál, á jafn-alvarlegu stigi og það er nú, og jeg vildi einnig reyna að tala rólega. Það var að eins h. þm. Dal. (J. P.), sem veik frá þessu, eptir mínu sjónarmiði, þar sem hann var að álasa ritstjóra, sem væri á öðru máli en hann. Jeg get nú ekki álitið að það beri vott um að hann hafi góðar ástæður fyrir sínu máli, heldur miklu fremur vott um ástæðuleysi. Það yrði líka langur uppi, ef menn ættu að hlaupa eptir öllu, sem ritstjórarnir segja, því einn segir þetta í gær og annar hitt á morgun. Þeir hafa opt sína meininguna hver, rjett eins og hver annar, og greinir opt á, annaðhvort um málið sjálft, eða þá ýms atriði þess, svo að jeg legg ekki mikla þýðingu í þess konar ástæður.

Eptir því sem stjórnarskrármál vort horfir nú við, finn jeg ástæðu til að lýsa afstöðu minni gagnvart því. Nú í þingbyrjun var vikið frá þeirri aðferð, sem áður hefir verið höfð, en snúið sjer að tillögum landshöfðingja, sem hann gjörði í hitt ið fyrra, nefnilega í fyrsta lagi: »að skipaður væri sjerstakur ráðgjafi fyrir Ísland; annað það, að ríkisráðið skyldi ekki dæma eða greiða atkv. um lög þau og stjórnarathafnir, sem snertu hin sjerstökn málefni Islands; og í þriðja lagi, að ráðgjafinn beri ábyrgð gagnvart þinginu á því, að stjórnarskráin sje haldin og á embættisfærslu sinni yfir höfuð«. Þetta voru, eins og kunnugt er, tillögur landshöfðingja 1895. Eptir þessum tillögum landshöfðingjans var það frv. sniðið, sem hjer var samþykkt fyrir stuttu í þessari h. deild, og sem meiri hluti nefndarinnar leggur nú til að taka upp aptur, og jeg fyrir mitt leyti álít einmitt þar með vera tekin fram aðalatriðin, sem mest eru verð. Þá fyrst, ef það fengi framgang, virðist mjer að við gætum fengið ráðgjafa með lagalegri ábyrgð, sem gæti haft meiri þýðingu en að eins á pappírnum. Það hefir verið mikið talað um, að eptir frv. h. Ed. fengist ráðgjafi með ábyrgð; en jeg get ekki gjört mikið úr þeirri ábyrgð, þó hann standi á pappírnum í frv. Ed. Jeg álít hana jafn óframkvæmanlega og þá, sem stendur á pappírnum í stjórnarskránni frá 1874. Jeg veit að h. þingdm. þekkja það, að sú ábyrgð er óframkvæmanleg (*Guðl. Guðm*: Þetta er ekki rjett), því svo lengi sem sjermál vor eru borin undir dönsku ráðgjafana, eins og nú á sjer stað, og líka yrðu framvegis eptir frv. Ed., er ómögulegt að ábyrgðin komi að gagni eða sje framkvæmanleg. Svo lengi sem ríkisráðið allt greiðir atkv. um sjermálin, þá finnst mjer óhugsandi, að Íslandsráðgjafinn beri einn ábyrgðina, og ef svo er, þá er jafn-óhugsandi, að semja eða setja ábyrgðarreglur, því að ef ábyrgðin er óframkvæmanleg, þá eru reglur fyrir henni þýðingarlausar. Það verður ómögulegt, þótt í smáu sje, auk heldur í stórvægilegum efnum, sem hjer, að einn beri ábyrgð, þar sem margir greiða atkvæði um. Jeg tek þetta fram vegna þess, að nú er sjerstök áherzla lögð á þetta Ed. frv. og þá ábyrgð, sem það inniheldur, en jeg er nú búinn að lýsa skoðun minni á því. Jeg skal líka taka það fram, að jeg er hræddur um að með því að samþykkja þetta frv., þá gefum við máske þegjandi samþykki okkar til þess, að sjermálin verði borin upp í ríkisráðinu og bindum það því enn fastar, þar sem líka öll ábyrgð er ómöguleg nema á pappírnum. Það getur verið að þetta sje misskilningur

hjá mjer, en jeg fæ ekki betur skilið en að sama verði ofan á sem áður, ábyrgðin frá 1874 þýðingarlaus og eins þessi.

Þegar jeg nú geng út frá þessum skilningi mínum, þá álít jeg að mikið sje fallið af því gildi, sem þetta efri deildar frv. er talið að hafa. Mjer finnst það ómögulega geta samrýmzt, að Íslandsráðgjafinn einn beri ábyrgð á því, sem 7—9 ráðgjafar greiða atkvæði um. Enda mundi verða svo yfir höfuð og hefir máske í rauninni verið svo, að þar sem ráðgjafarnir dönsku eru á öðru máli en Íslandsráðgjafinn, þá verður það til þess, að lagasynjanir verða fleiri. Það er líka ekki nema eðlilegt, að þegar dönsku ráðgjafarnir eru á móti lögum, sem hjeðan koma, að hann þá kynoki sjer við að ráða konungi til að staðfesta þau. En á hinn bóginn er það víst, að ef sjermálin væru ekki borin undir ríkisráðið, þá hlýtur ábyrgðin að hvíla á Íslandsráðgjafanum einum, og fyrir þeirri ábyrgð hlytu sjálfsagt að fást lög eða reglur á sínum tíma, þar allt annars er ómögulegt, hversu langt sem rekið væri með málssókn o. s. frv. Af öllum þessum ástæðum er það, að jeg greiði atkvæði með tillögum meiri hluta nefndarinnar.

Jeg á enn eptir að minnast á breyt.-till. mína á þingskjali 515. Við hinar fyrri umræður hreyfði jeg efni þessarar tillögu, en henni var þá ekki svarað, svo hún hefir legið í þagnargildi; og úr því jeg minntist á hana, þá vil jeg geta þess, að það hefir slæðzt inn prentvilla í byrjuninni. Hún á að vera orðuð þannig: Skulu ekki — undir atkvæði þess. Þetta vildi jeg biðja h. forseta að leiðrjetta.

Það hefir mikið verið talað um og fært til foráttu því frv., sem hjeðan fór til efri deildar, og sem meiri hlutinn nú tekur upp, að 1. gr. þess mundi verða því til falls, þegar til stjórnarinnar kemur, og vil jeg því strax geta þess að þessi tillaga mín er ekki framkomin til þess að spilla fyrir frv. meiri hlutans, heldur til þess að greiða götu þess. Af því það hefir verið aðalmótbáran fyrir því, að þetta ákvæði í 1. gr. mundi verða frv. til falls, þá hugsaði jeg að þetta kynni fremur að verða til að greiða götu þess, því það er eins og menn sjá dálítill miðlunarvegur, sem gæti gefið mönnum meiri von en annars um það, að frv. meiri hluta nefndarinnar yrði staðfest.

Mjer þótti tryggjandi, að taka það fram að ef vafi gæti leikið á, hvort eitthvert mál heyrði undir sameiginleg mál eða ekki, þá skyldi konungur skera úr því í ríkisráðinu, og er þessi till. mín satt að segja byggð á því, að jeg hefi heyrt kunnuga menn segja, að það sje ótti hjá stjórninni fyrir því, ef sjermálin væru skilin frá ríkisráðinu, að eiga þau undir einum manni. Jeg skal ekki halda þessu fram sem kappsmáli, en jeg stend í þeirri meiningu, að breyt.till. liðki heldur fyrir meiri hluta nefndarinnar og í því skyni er hún fram komin, en einnig til að vekja athygli manna, því þetta atriði er þess vert, að það sje íhugað. Jeg vil alls ekki gefa tilefni til neins ágreinings í þessu máli, því mjer er það kunnugt, að þetta mikilsvarðandi mál á undanfarandi þingum hefir gengið bezt fram, þegar það hefir verið rætt með ró og og stillingu, en ekki með kappi og æsingi, og er því svo farið með öll mál. Jeg skal svo ekki orðlengja frekar um þetta, en bíða þess að mótbárur komi fram á móti því.

Tryggvi Gunnarson: Það er búið að tala svo margt og mikið um þetta mál

að varla er hægt að koma með nokkuð nýtt. Jeg hefði því ekki staðið upp, ef jeg ekki nýlega hefði lesið hjer í einu leiðandi blaði, að »ástæður meirihluta-manna væru hulinn leyndardómur, sem færi í gröfina með þeim og ekki birtist fyrri en hann risi upp með þeim á dómsdegi«. Jeg vil ekki láta jarða þennan leyndardóm með mjer, og vil jeg því lýsa því skýlaust yfir, að ástæða mín til þess að samþykkja ekki þetta nýja frv. er sú: 1. að jeg álít það að mörgu leyti verra en það fyrirkomulag, sem vjer höfum nú. Í 2. lagi er grundvöllurinn, sem frv. er byggt á, mjög gljúpur og haldlaus til að byggja á. Í 3. lagi er þetta, sem frv. minni hlutans fer fram á allt of langt stökk niður á við frá stefnu fyrri þinga. Í 4. lagi er það sagt en ekki sannað að þetta sje samkvæmt þjóðviljanum, þjóðin hefir ekki sjeð frv., og getur því hvorki sagt já nje nei. Og loks í 5. lagi er svar stjórnarinnar til þingsins í maí svo fráleitt til samkomulags, og aðferðin með þessu laumuspili gegn um einn þingmann bak við hið opinbera svar í Stjórnartíðindunum svo fráleitt og ósamboðið stjórn, að það hlýtur að vekja mótþróa; það espar mig og aðra til að taka eigi við slíku í auðmýkt. Jeg stælist við slíka aðferð.

Áður hefi jeg eigi verið talinn ákafur fylgismaður stjórnarskrárbreytingarinnar, en svo lítilþægur er jeg ekki og hefi aldrei verið, að álíta frv. þm. Vestm. (V. G.) aðgengilegt, því síður fullnægjandi.

Hvað 1. atriðið snertir, vildi jeg taka það fram, að eins og nú stendur er landshöfðingi búsettur hjer á landi og hefir löggjafarmál á hendi, og undirbýr lagafrv. og vil jeg ekki sleppa því valdi í hendur manni, sem er búsettur í útlöndum. Bæði meiri og minni hluta og allir sem hjer eru álíta að ráðgjafi Íslands eigi ekki að sitja í ríkisráðinu, en hjer í frv. er þó gengið út frá því, að hann skuli sitja þar. Minni hlutinn byggir þannig á grundvelli, sem hann sjálfur viðurkennir að sje ólöglegur og óhæfilegur.

Ef jeg skoða þetta mál sem húsasmiður, þá finnst mjer það líkast því sem maður vilji reisa stórt hús, en fresta því að byggja grundvöllinn þangað til nokkrum árum síðar. Þetta finnst mjer mega finna út úr ástæðum h. þm. Vestm. (V. G.) og hans sinna, þar sem þeir segja: gjörum yfirbygginguna fyrst, á-byrgð og stöðu ráðgjafans gagnvart ríkisráðinu má laga seinna; það er svo undarlegt hjá minni hlutanum, að hann er svo ákafur með að byggja strax ofan á þann grundvöll, sem hann sjálfur álítur óhæfilegan fyrir framtíðina.

Öllum h. þm. er kunnugt, hvað hjer hefir verið barizt fyrir nú í 14 ár. Um það hefir verið keppzt, að fá alinnlenda stjórn með 3 ráðgjöfum. Nú leggja menn jafnmikið kapp á að fá einn ráðgjafa, sem ekki situr hjer á landi, heldur situr naglfastur í ríkisráðinu danska. Þetta er svo mikið stökk, að jeg er hræddur um að þjóðviljinn gangi úr liðamótunum, et hann á að taka slíkt stökk sem þetta. Í fyrirmælum sínum til hæstv. landsh. segir ráðgjafinn, að stjórninni sje áhugamál, að þingið aðhyllist frv. þm. Vestm. (V. G.). Ekki var það að heyra á svari hennar í maí til þingsins að breyting á stjórnarhögum landsins væru henni áhugamál þá. Þá voru öll tormerki á því, að samkomulag gæti fengizt, en þá var um verulegar breytingar að ræða; en stjórnin sjer, að þetta sem nú er í boði er »meinlaust og gagnslaust« fyrir báða parta, og er því orðið áhugamál hennar, að vjer látum oss nægja þetta, og hún sleppi svo billega eptir allmargra

ára stapp. En aðferðin að ná þessu er góðri stjórn naumast sæmandi.

Eitt af því sem minni hlutinn allt af er að halda fram er það, að hættulegt sje að hafna þessu tilboði, því það muni ekki koma aptur. En einmitt þessi nýkomna yfirlýsing stjórnarinnar að stjórnarskrárbreytingin sje orðin áhugamál hennar, bendir til þess að þetta sje óþörf hræðsla, því nú ætli hún fyrst að fara að hugsa alvarlega um málið; það væri skrítinn áhugi, og stjórn ósamboðinn, sem fjelli niður við fyrsta högg og fyrstu tilraun. Jeg álít það sje ekki svo mikil hætta á ferðum, þó menn láti þetta líða hjá í 1 eða 2 ár enn. Það er of mikð þrekleysi að kasta burt 14 ára stríði og baráttu við fyrstu atlögu fyrir svona lítilvægt tilboð, sem er svo langt langt fyrir neðan þær kröfur, sem þjóðin hefir talið rjettmætar áður. Fyrir mitt leyti kæri jeg mig ekki um að hún komi með þetta sama tilboð aptur, en vona að hún sendi annað miklu betra, fyrst henni er orðið »áhugamál« að ná samkomulagi við þingið.

Þó jeg nú kalli það sem fyrir liggur tilboð, til að gefa því nafn, þá liggur hjer í raun og veru ekki fyrir neitt tilboð frá stjórninni. Stjórnin í heild hefir sagt sína skoðun í svarinu til þingsins, sem prentað er, en það er að eins einn maður úr ríkisráðinu, sem hefir sagt að sú breyting mundi fást, sem nú er verið að ræða um.

H. þm. Vestm. (V. G.) hefir sagt aptur og aptur, að óhentugt væri að ráðgjafi Íslands sæti í ríkisráðinu, en það mundi lagast með tímanum, Dönum sjálfum mundi leiðast að hafa hann þar; en getur hann gefið nokkrar líkur fyrir því, hve þessi tími verður langur, þar til spár hans rætast? Ef sá tími verður 10—20 ár, þá getur skeð að landsmönnum leiðist fyrr en Dönum.

Jeg fæ ekki betur sjeð, en það mundi skaða álit þingsins í augum stjórnarinnar, þegar hún sæi stefnuleysi og þroskaleysi þingsins í þessu máli, ef hún ber saman kröfurnar undanfarin ár og það, sem margir vilja nú gjöra sig ánægða með.

Það er von að stjórnin hugsi sem svo: við skulum fara hægt, Íslendingar þreytast, og ef við svo pirum ofurlítið í þá, þá láta þeir undan og verða rólegir.

Eins og jeg tók fram í byrjun ræðu minnar, hef jeg ekki neitt nýtt að segja, en jeg vil leyfa mjer að taka upp nokkuð gamalt. Fyrir 10 árum skrifaði jeg í norðlenzkt blað, að jeg væri í bráð slitnaður aptan úr pólitisku þjóðviljalestinni, en það gerði ekkert til, því ef jeg stæði kyrr í sömu sporum nokkur ár, þá yrði þjóðviljinn búinn að fara hringinn og tæki mig þá með sjer aptur; þetta er að nokkru leyti komið fram; en mjer kom þá ekki til hugar, að þjóðarviljinn færi svo harðan hringsprett, að hann færi á lítilli stundu fram hjá mjer, svo að jeg lenti aptur úr í annað sinn.

Reyndar held jeg að jeg sje ekki langt aptur úr, heldur að fjöldinn sje staddur nú einmitt þar sem jeg stend, en að það sjeu að eins stórpólitisku gæðingarnir, sem hafa skeiðað fram hjá, eins og premíu-gæðingarnir suður á melunum þjóðminningardaginn á dögunum.

Jeg held fyrir mitt leyti, að málið hafi ekki skaða af því að bíða, svo þjóðinni gefist kostur á að hugsa um það til næsta þings, því bæði eru það margir menn og sum dagblöðin, sem hafa nokkurs konar stjórnarskrárvímu um þessar mundir; í hið minnsta sýndist mjer það um daginn, þegar eitt af hinum heiðvirðu blöðum í bænum tók sprettinn og flutti ræðu h. 2. þingm. Ísf.

(Sk. Th.) sem nokkurs konar vitaljós og leiðarstein fyrir þjóðina að sigla eptir í stjórnarskrármálinu.

Jeg vil ekki bera á móti því, að flesta þá furði á þessu, ekki sízt þá, sem álíta, að h. þm. Ísf. (Sk. Th.) hafi verið í sumar að smíða stjórnarskrá ekki fyrir 70,000 manns, heldur að eins fyrir einn mann, sem hann heldur að breytingin væri hentug fyrir. Ekki segi jeg beinlínis, að þetta sje mín skoðun, en þeir eru margir, sem hafa þetta álit.

Þegar jeg svo lít á þetta mál frá praktisku sjónarmiði, vil jeg leyfa mjer að spyrja h. þingm., hvort þeir haldi, ef frumv. yrði samþykkt og núverandi landshöfðingi yrði ráðgjafi, að hann þá gæti unnið landinu meira gagn í ráðgjafastöðunni með sæti í ríkisráðinu en í sinni núverandi stöðu? Jeg held það ekki, og sjálfur hann mun ekki heldur álíta svo. Það er öllum kunnugt, að hæstv. landshöfðingi er eins góður ættjarðarsonur eins og hver annar hjer í salnum, og er jeg því viss um það, að ef hann hefði sjeð, að hann gæti unnið meira gagn sem ráðgjafi en sem landshöfðingi, þá hefði hann ekki látið heyra á sjer, að hann mundi ekki taka á móti ráðgjafastöðunni, þó frumv. kæmist áfram og honum stæði hún til boða. — Hann mun sjá glöggar en flestir, hversu setan í ríkisráðinu yrði mikið hapt á framkvæmdarvaldi hans.

Jeg ætla að eins að líta yfir nokkur atriði í nefndarálitinu. Jeg get í einu orði sagt, að jeg sje samþykkur meiri hlutanum, og gæti skrifað undir flestar af aðal-ástæðum þeim, er hann hefir tekið fram. Meðal annars álítur hann, að sje »tryggingarákvæðinu í 1. gr. sleppt, þá sjeu hinar aðrar breytingar ekki eptirsóknarverðar«. En þá kemur minni hlutinn með þetta gamla, að það sje hættulegt að neita frumvarpinu, eða breyta því, því svona gott tilboð komi aldrei aptur. Vjer aptur á móti erum þeirrar skoðunar, að ekki sje skaði skeður, þótt slíkt tilboð komi ekki aptur, og að stjórnarbarátta Íslendinga sje orðin of löng og of mikið varið til hennar til þess, að menn nú fari að taka jafn-lítilu og því, sem hjer er í boði. Minni hlutinn heldur fast við þá skoðun, að það sje ekki löglegt, að bera sjermál Íslands upp í ríkisráðinu, en þó byggir hann einmitt á þessum grundvelli.

Jeg get ekki sjeð annað, en að þetta sje nokkurs konar veðhlaup, sem gengur út á að komast lengst og flýtast burt frá 14 ára stefnu í stjórnarskrármálinu; já, hefði slíkt komið fram hjá tillögumönnum á síðasta þingi, þá hefði það verið kallað hrein og bein landráð.

Að endingu skal jeg taka það fram, að þó frumv. verði felt, sem jeg vona, þá vil jeg samt engan veginn að málið falli niður, heldur að þingið annaðhvort velji 3 menn til þess að ganga á konungs fund eða að það skori á konung vorn að setja nefnd til að reyna að koma samkomulagi á, hvar af jafnmargir sjeu frá Íslandi og Danmörku. Einn af h. þm. hristir höfuðið, þegar jeg segi þetta, en jeg sje ekki ástæðu til þess; því nú hefir það einmitt sýnt sig í sumar, að hið fyrirliggjandi frv. er komið fram vegna þess, að einn maður hefir persónulega haft viðræður við ráðgjafann; en hversu miklu meira mundu þá ekki 3 menn, kosnir af þinginu, geta áorkað, ef þeir töluðu persónulega við hann?

Framsögumaður minni hlutans (*Guðlaugur Guðmundsson*): Jeg get í raun inni verið þakklátur hæstv. landsh. fyrir hinar skýru yfirlýsingar, sem hann gaf í málinu af stjórnarinnar hendi. Því deildin getur nú ekki verið í neinum vafa um, hvað veltur á hennar atkvæði

um breyt.till. meiri hluta nefndarinnar. Það liggur nú í augum uppi, að ef þessar breyt.till. verða samþykktar, þá er starfsemi þingsins í þessu máli orðin að engu, og málinu ef til vill stofnað í voða.

Gagnvart h. framsögum. meiri hlutans (Kl. J.) skal jeg taka það fram, að jeg hafði ekki þau orð, að þetta frv. væri allt annað frumv. en hið upphaflega; jeg gat þess að eins, að hið upphaflega frumv. hefði tekið breytingum í 4 atriðum. Að öðru leyti er þetta frumv. sniðið eptir yfirlýsingum stjórnarinnar í byrjun þingsins. H. sami framsögum. tók það fram, að það væri ekki víst nema ákvæðið um ríkisráðið yrði samþykkt af stjórninni, þrátt fyrir yfirlýsingar landshöfðingjans, en valt held jeg sje að byggja á þeirri von. Að minnsta kosti vil jeg ekki eiga undir því.

Gagnvart því, sem h. 1. þm. Rang. (Sighv. Á.) sagði um ráðgjafaábyrgðina, skal jeg taka það enn einu sinni fram, að hún byggist að eins á undirskript ráðherrans.

Hinir ráðherrarnir í ríkisráðinu bera alls enga ábyrgð á atkvæði sínu um málefni Íslands. Það gjörir ráðherra Íslands einn, undir eins og hann ræður konungi til að skrifa undir lögin og setur sjálfur nafn sitt undir með konungi.

Í öðru lagi tók sami h. þm. það fram, að ákvæði stjórnarskrárinnar um ábyrgð gegn ráðgjafanum væri þýðingarlaust. Þetta er misskilningur, enda hefir það verið tekið fram áður, að hæstarjettaradvokat Octavius Hansen hafi lýst því hjer yfir, að eptir stjórnarskránni mætti koma fram ábyrgð gegn ráðgjafanum fyrir brot á stjórnarskránni, og þá mætti eins koma fram með ábyrgð á hendur honum fyrir brot á öðrum stjórnarathöfnum, þegar búið væri að ákveða í stjórnarskránni, að svo gæti orðið.

Þá skal jeg snúa mjer að h. 1. þm. Árn. (Tr. G.). Ræða hans er sú eina ræða, sem flutt hefir verið í þessu máli á þessu þingi, sem bar vott um, að ræðumanni var ekki ljóst, hvílík ábyrgð hvílir á honum í þessu máli. Þar sem hann veik orðum að einum einstökum þingd m., þá sýndi það, að persónuafstaða einstakra þingmanna gagnvart málinu hefir áhrif á orð hans og atkv.

Hann sagði, að þetta frumv. yrði til þess að draga valdið út úr landinu. Þetta er misskilningur. Jeg sýndi fram á það í dag, og það hefir verið tekið fram áður, að valdið mundi miklu fremur dragast inn í landið og til þingsins. Þetta hlyti að verða afleiðingin af setu ráðherrans á þinginu og samvinnu hans við það. Hvað vel sem landshöfðinginn er gjörður, og þó allir landshöfðingjar hjer eptir yrðu eins vel gjörðir eins og sá, sem vjer höfum nú, þá gætu þeir aldrei orðið oss hið sama sem ráðgjafi, er sæti hjer á þinginu, gæfi sig að eins við löggjafarmálum þjóðarinnar og semdi við þingið. Það er alveg víst, eins og líka hefir verið tekið fram, að lagasynjanirnar stafa ekki allar af atkvæðagreiðslunni í ríkisráðinu, heldur meðfram og ekki sízt af ónógri samvinnu mill stjórnar og þings.

H. 1. þm. Árn. (Tr. G.) sagði ennfremur, að minni hlutinn vildi byggja hús án grundvallar, þar sem hann vildi útiloka ákvæðið um ríkisráðið úr frv. Þetta er svo berlega á móti því, sem tekið hefir verið fram áður, og minni hlutinn hefir tekið skýrt fram, að jeg álít að jeg hafi ekki ástæðu til að taka það upp aptur. Minni hlutinn hefir allt af álitið, eins og aðrir, að ráðgjafi Íslands ætti ekki að sitja í ríkisráðinu, þó hann hins vegar áliti það óráð og enda óþarft, að taka ákvæði um það upp í frumv. Það er margbúið að sýna fram á, að það yrði ekki til annars en að spilla fyrir málinu. Nú þyk-

ir h. þm. afleitt að kasta 14 ára stríði burtu fyrir þessa breytingu. En, má jeg spyrja, þykir honum þá betra, að kasta þessu stríði burtu fyrir alls ekkert? Því er kastað burtu fyrir alls ekkert, ef þessi ríkisráðsfleygur verður samþ. Það er annars einkennilegt, að nú á maður kost á að sjá þá undarlegu sjón, að hinir mestu íslenzku frelsispostular taki höndum saman við hina rammdönskustu apturhaldsmenn til þess að reyna að koma þessum árangri af sjálfstjórnarviðleitni þjóðarinnar fyrir kattarnef. (*Margir*: Heyr! heyr! Glaumur mikill úr öllum áttum). Jeg hefði ekki trúað því fyrir tveimur árum, þó sjálfur Gabríel engill hefði sagt mjer það! (*Ben. Sveinsson*: »Hann kemur víst ekki til þingmannsins!«).

Sami h. þm. tók það fram, að það mundi herða ráðgjafann gegn þinginu, ef þingið gengi nú að svona litlu. Þessa tortryggni gegn stjórninni álít jeg öldungis óviðurkvæmilega. Að láta sjer detta í hug, að ráðgjafinn segi við þingið, þegar hann er búinn að láta landsh. lýsa yfir því, að stjórnin sje fús á að ganga að þessu: nei, nei, þessu geng jeg ekki að, þið verðið að slaka betur til — er mjer alveg óskiljanlegt. Jeg álít það, meira að segja, öldungis ósæmilegt, að væna stjórnina slíkri undirferli og svikum í viðskiptum við þingið.

Þá spurði h. þm., hvort landsh. mundi sem ráðgjafi geta gjört meira gagn en hann gjörir nú. Þeirri spurningu svara jeg hiklaust með: »já«. Landshöfðingjadæmið er svo umfangsmikið embætti, að sá, sem því gegnir, hefir ekki tíma til að gefa sig að neinu ráði við pólitiskum störfum. Þar að auki má jeg fullyrða, þó mjer sje það ekki fullkunnugt, að það hafi komið fyrir, að landshöfðingi hafi verið búinn að undirbúa mál vel undir þing, en sem ekki hafi verið lögð fram, af því, að þau hafa strandað hjá stjórninni, sumpart af því, að hún hafi ekki þótzt hafa tíma til að setja sig inn í þau. Þetta mundi ekki koma fyrir, ef landsh. gæti varið öllum kröptum sínum til málaundirbúnings.

Fyrir mjer vakir, að enginn mundi færari til þess að taka að sjer ráðgjafastarfið en sá maður, sem nú gegnir landshöfðingjaembættinu, bæði vegna kunnugleika hans á málum yfir höfuð, og vegna þess, að benda má á mál, sem hann hefir tekið sem sín áhugamál, og á jeg þá sjerstaklega við vegagjörðina á landi, sem hann hefir látið sjer sjerstaklega annt um, og líka leitt til góðra framkvæmda. Ef maður hugsaði sjer, að hann gæti tekið upp önnur mál eins og þetta, og hugsaði sjer, að þau fengi eins góðan framgang, þá væri mikið unnið, og framförum landsins vel borgið. Breytingin yrði stórvægileg. Ef landshöfðingi sæti nú á þingi sem ráðgjafi, þá væri minna fimbulfamb á málum, en fastari grundvöllur að byggja á, og atkvæðagreiðslan í dag þyrfti þá ekki að verða til þess að eyðileggja störf vor í þessu máli á þinginu. Þá þyrftu menn ekki, eins og nú, að spá í eyðurnar. Ráðgjafinn gæti gefið skýlausar yfirlýsingar alveg eins fyrir það, þótt hann neyddist til að bera málið fyrst um sinn upp í ríkisráðinu.

Mjer þótti sjerlega vænt um að heyra hæstv. landsh. lýsa því yfir, að stjórninni væri nú loksins orðið þetta mál áhugamál, því það hlýtur að vera sama sem að hjá henni sje vaknaður áhugi á að samkomulag komist á í þessu máli, og gefur það mjer von um, að þó þetta mál nái ekki fram að ganga nú, þá muni stjórnin á næsta alþingi koma fram með frumv., sem hún vill ganga að, og sjái svo um, að þá

mæti hjer af hennar hendi maður, sem geti gefið skýrar yfirlýsingar frá hennar hendi. Jeg vona, að þó málið verði fellt nú, þá finni stjórnin tilefni til að leysa upp þingið og leggja fyrir næsta þing nýtt frumv. Málið er komið í það horf nú, að ástæða er til að lofa þjóðinni að skera úr því og láta heyra á lit sitt.

Einar Jónsson: Þegar jeg gat atkv. með nefnd í þessu máli við 1. umr., var það með þeirri ósk, sem jeg þá ljet í ljósi, að sú nefnd, sem yrði kosin, gengi inn á samkomulagsleið við stjórnina um bætur á stjórnarhögum vorum, og færi því helzt fram, að skipuð yrði milliþinganefnd, sem gerði það sem gert yrði til þess að ná samkomulagi, færi svo langt á þessari samkomulagsleið, sem unnt væri; auðvitað á þeim grundvelli, meðan hægt væri, að fá stjórn Íslands inn í landið sjálft, og vikí því að eins af þeim grundvelli, að annað væri ekki hægt. Þetta varð nú ekki ofan á í nefndinni; en inn á samkomulagsleiðina var gengið í einu hljóði eigi að síður, og inn á þá leið hefir verið gengið af öllu þinginu, jeg hygg í einu hljóði. Þessi leið er nú viðurkennd af þinginu með því að sleppa alveg fyrst um sinn kröfunni um innlenda stjórn, en að eins að ákveða stöðu ráðgjafans. Þannig hefir þingið gengið inn á alveg nýja stefnu, sem jeg álít að það hafi slegið alveg fastri að þessu sinni. Þetta álít jeg fremur óheppilegt, að þessi stefna hefir verið tekin svona strax, en ekki reynt fyrst, að láta milliþinganefnd fjalla um málið, og reyna að komast sem lengst á samkomulagsleiðinni. Þessi stefna hefir ekki að eins komið fram í ræðum manna hjer á þingbekkjunum, heldur í því fyllsta formi, sem þingið á til fyrir vilja sínum: frumv. til stjórnarskipunarlaga, þar sem tekið er greinilega fram, hver sje hin minnsta breyting á stjórnarskránni, sem þingið geti einhuga gengið að, því að það má segja, að þessi minnsta breyting, sem þingið getur gengið að í einu hljóði, sje fólgin í frumv. því, sem fór hjeðan frá Nd. til Ed. Því þó allir hafi ekki orðið sammála um það frv., þá er það, sem Ed. fer fram á og þeir hjer, sem vilja fylgja henni, minna í sjálfstjórnaráttina, og má telja víst, að þeir, sem sætta sig við þetta minna, mundu ekki hafna hinu meira, ef það fengist. Þess vegna má segja, að frv. Nd. sje hin minnsta stjórnarskrárbreyting, sem þingið getur einhuga gengið að, og þegar þingið er búið að ákveða sitt lægsta takmark, þá álít jeg að hjeðan af hafi milliþinganefnd enga þýðingu. Því að senda nefnd nú með frumv. í hendinni, sem ákveður hið lægsta takmark, til stjórnar, sem helzt ekki vill neina breytingu, það er sjá anlega ekki til neins, því stjórnin gengur þó að líkindum aldrei inn á meira en þetta minnsta, sem þingið hefir gengið inn á. Það yrði þýðingarlaust, nema þá að nefndin færi með frumv. meiri hlutans hjer og reyndi að fá því framgengt, án þess að fara fram á nokkuð meira. En það vakti fyrir mjer í byrjun þingsins, að nefnd, sem samanstæði af Íslendingum og Dönum, kynni að geta áorkað enn meiru, og jafnvel geta fengið stjórnina til að fallast á frumv. um innlenda stjórn.

Þegar jeg svo fer að athuga þetta frumv. með breyt.till., sem í rauninni ekki er annað en frumv. efri deildar og frumv. neðri deildar eins og það var samþ. við 3. umr. hjer, þá kemur í ljós, að frumv. Ed., sem minni hluti nefndarinnar hjer fylgir, fer fram á, að þingið lagi sig hjer um bil alveg

eptir vilja stjórnarinnar, eins og honum var lýst yfir af landsh. í byrjun þingsins. Þeir, sem þessu frumv. fylgja, gjöra mikið úr þeim endurbótum, sem það muni hafa í för með sjer. Bæturnar verða þær, að ráðgjafinn verður maður, sem skilur og talar íslenzku, á sæti á þinginu og ber ábyrgð á stjórnarathöfninni. En þegar jeg ber þetta saman við hið núverandi fyrirkomulag, þá sje jeg ekki, að bæturnar sje ákaflega miklar. H. framsögum. minni hlutans (Guðl. Guðm.) sagði, að þetta nýja fyrirkomulag mundi draga miklu meira vald í hendur þinginu en það hefði nú. Það getur verið og ekki verið. Það má eins segja, að það muni veikja umboðsvaldið hjer og draga það í hendur ráðgjafanum, svo að landsh. komi til að hafa enn minni administrativa þýðingu en nú. Þegar litið er á ábyrgð þá, sem 3. gr. hinnar núgildandi stjórnarskrár ákveður að koma megi fram á hendur landsh. — þó að það auðvitað sje hæpin ákvæði — þá má þó álíta svo, sem landsh. sje nú sjálfstæðari liður í stjórninni en hann mundi verða, þegar allt á að gjörast á ábyrgð ráðgjafans, því þá hlýtur ráðgjafinn að vilja hafa landsh. sem mest í hendi sinni. Jeg tel samt vafalaust, að þingið muni hafa nokkur áhrif á ráðgjafann, ef hann á þar sæti, og má segja, að það sje talsvert þýðingarmikið atriði, en mest verður það samt undir manninum sjálfum komið, hvort breytingin getur orðið til verulegra bóta. Ef vjer hefðum hingað til haft menn í ráðherrasætinu, sem hefðu haft áhuga á málum vorum, þá hefðu þeir getað áorkað meiru en þeir hafa gjört. Meinið er, að vjer höfum ekki haft slíka menn í því sæti. Líkt mundi verða ofan á, þó að frv. Ed. yrði samþ. Bæturnar, sem það mundi gjöra, gætu orðið miklar í höndunum á mikilhæfum manni, en mundu verða litlar í höndunum á meðalmanni og engar í höndunum á slökum manni, sem eigi hefði áhuga á velferðarmálum vorum. En einmitt af því er þó óhætt að segja að þetta frv. innihaldi rýmri mögulegleika til umbóta á stjórnarfyrirkomulaginu síðar meir. Frumv. Nd. inniheldur nú öll sömu ákvæði og frv. Ed., og inniheldur því sömu mögulegleika til umbóta. En það inniheldur auk þess önnur ákvæði, sem fela í sjer enn meiri mögulegleika til sjálfstæðrar stjórnar í landinu. Það inniheldur ákvæði um það, að greina sjermálin enn þá meira frá áhrifum ríkisráðsins, og opnar veg fyrir innlendum dómstól í ábyrgðarmálum. En það er sá galli á þessum ákvæðum, að það er talið víst, að frumv., sem hefir þá inni að halda, verði ekki samþ. Það er talið svo, að enginn vafi sje á því, að frv., sem inniheldur ákvæði 1. gr. frumv. Nd., verði ekki samþ. Jeg skal nú ekki segja neitt um það, en það virðist þó ekki vera hægt að tengja miklar vonir um, að frumv. Nd. yrði samþ., við þessi orð í ráðherrabrjefinu frá 29. maí í vor: »Það virðist auk heldur varla gjörandi ráð fyrir því, að einu sinni ráðstöfun, er að öllu samsvaraði tillögum landsh., hefði þann árangur, er hann gjörir sjer von um, að binda enda á stjórnarbaráttuna . . . .« Meiri hluti nefndarinnar vill að vísu byggja talsverðar vonir á því, en jeg fyrir mitt leyti get það ekki. Ef gjöra mætti sjer þá von, að ákvæðið um ríkisráðið yrði samþ., þá mundu allir í einu hljóði gefa frumv. Nd. atkvæði sitt. En þetta frumv., sem að vísu hefir fólgna í sjer meiri mögulegleika fyrir sjálfstjórn Íslendinga, er einmitt óliklegra til þess að geta orðið staðfest af konungi.

Þá verður spurningin nú við úrslit

málsins þessi: Hvað er rjettast fyrir þingið að gjöra gagnvart atkvæði því, sem þjóðin á að gefa um málið á eptir? Tvennt er til: að samþykkja annaðhvort þetta frv. sem um er að ræða, eða láta ekkert frv. fara frá þinginu að þessu sinni. Og hvort er svo hyggilegra og þægilegra fyrir þjóðina, þegar hún á að láta uppi sína skoðun? Ef vjer samþykkjum frv., þá bindum vjer hendur þjóðarinnar að nokkru við það frv.; og hvort frv. er þá hentugra fyrir hana til að greiða atkvæði um? Ef frv. neðri deildar er samþykkt með ákvæðinu um ríkisráðið og . ákæruvald neðri deildar, og stjórnin skyldi svo láta uppi, áður en kosningar fara fram, að hún geti ekki samþykkt frv. vegna þeirra ákvæða, þá verður spurningin við nýjar kosningar, hvort draga eigi þau ákvæði út eða ekki. Upp á það á þjóðin að svara. En ef frumv. Ed. er samþykkt, þá er það ekki til fyrirstöðu og getur þá þjóðin sagt: þetta get jeg samþykkt heldur en ekki neitt, og svo fengið það, eða hún getur sagt: þetta er of lítið, mjer dettur ekki í hug að ganga að því, heldur vil jeg láta sitja við sama sem er fyrst um sinn. Þetta svar verður þjóðinni hentugra að gefa en að slá af kröfum þeim, sem Nd. frv., fer fram á. Auk þess vil jeg geta þess, að þyki það óþægilegt, að greiða atkv. hjer í þingsalnum um ríkisráðsákvæðið, og sje það hjer talið sem vottur um það, að þingið samþykki að rjett sje, að ráðgjafinn eigi sæti í ríkisráðinu, ef það ákvæði er fellt — sem jeg reyndar álít nú ekki að sje, — þá er það þó enn varasamara, að láta þjóðina greiða atkvæði um það. — Þess vegna tel jeg rjettara, að frv. Ed. yrði samþykkt til að leggja undir atkvæði þjóðarinnar, eins og á stendur.

En þá kemur hin spurningin: Á nokkurt frv. að fara frá þinginu að þessu sinni eða ekki neitt? Og þá er jeg eindregið með því, að rjett sje að láta ekkert frv. fara frá þinginu að þessu sinni, og láta þjóðinni alveg frjálst að ræða málið í næði til næsta þings og binda hana eigi við neitt frumvarp. Og það atkvæði byggi jeg á því, að mjer þykir það svo mikilsvert mál, að víkja alveg frá þeirri stefnu, sem áður hefir verið fylgt, að heimta stjórnina inn í landið og hverfa að þeim breytingum einum, sem hjer er um að ræða, að ekki sje vert að flaustra þeirri stefnubreyting af á einu þingi, ekki sízt, þegar fara skal svo langt, eins og frv. Ed. fer fram á. Sje ekkert frv. samþykkt, þá hefir þjóðin alfrjálsar hendur til að láta uppi álit sitt til næsta þings.

En það skyldi gleðja mig, ef jeg sæi að áhugi stjórnarinnar væri svo mikill á þessu máli, að hún fyndi ástæðu til að rjúfa þingið, og þá stendur þjóðin bezt að vígi að gefa sín svör.

Hæstv. landshöfðingi hefir nýlega lýst því yfir að stjórninni sje það nú áhugamál, að fá frv. það sem nú liggur fyrir samþykkt. En hvað skyldi koma til? Auðvitað það, að hún hyggur, að þetta, sem hún nú býður, sje það minnsta, sem hún geti sloppið með nokkurn tíma í stjórnarskrárbaráttu vorri. Þetta eru þá atriði sem jeg get eigi annað en álitið að stjórninni þyki ekki mikið fyrir að ganga að og hún muni því geta fúslega gengið að, þó síðar sje.

En hvað er þá í hættu við biðina? Ætli vjer getum ekki lifað 2 ár enn við gömlu stjórnarskrána, þó að hún hafi sína galla?

Jeg fyrir mitt leyti mun því greiða atkvæði móti tillögum meira hlutans í einstökum atriðum, og svo á móti frv. í heild sinni.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg má játa það, að mig brestur þekkingu til að fara út í þetta mál í allar æsar. Jeg skal að eins reyna í almennum orðum að skýra afstöðu mína gagnvart þjóð og þingi. H. þm. Dal. (J. P.) hefir nú brýnt fyrir oss öllum, hve dagur þessi sje hátíðlegur og alvarlegur. Jeg skal ekki fara út í þá sálma, en læt mjer nægja að segja dálitla sögu.

Jeg ætla mjer að biðja h. forseta dálítillar bónar í kveld. Þá er nú að vita, hvernig mjer gengur að fá hana uppfyllta. Jeg gjöri ráð fyrir að hann segi hreint nei í fyrstu. Jeg ætla að reyna að leiða honum fyrir sjónir rök fyrir því, að mjer sje nauðsynlegt að fá ósk mína uppfyllta, og sýna honum fram á, að honum sje alveg meinfangalaust að verða við bón minni.

Jeg geri nú ráð fyrir að mjer takist svo með röksemdafærsluna, að hann um síðir bjóði að gera mjer ofurlitla úrlausn, veita mjer t. d. 1/10 af bón minni. Jeg kann nú að verða þessu feginn heldur en engu; en svo segir hann við mig: jeg geri þetta fyrir þig að eins í þeirri von, að þú biðjir mig aldrei um meira. Jeg geri nú ráð fyrir að jeg samþykki þetta ekki, en þegi að eins við, og fari með þennan 1/10 uppfyllingar á bæn minni.

En svo skyldi jeg nú ekki hafa verið að biðja um þetta fyrir sjálfan mig, heldur fyrir annan mann og í hans umboði. Þegar jeg kem heim til umbjóðanda míns, bregzt hann reiður við og kann mjer óþökk fyrir vikið; kveðst heldur hefði ekkert viljað en þessa afmán. Hann sendir mig tvöfaldan af stað aptur næsta morgun. Fer jeg þá til forseta míns á ný og bið hann nú um 2/10 að minnsta kosti. Forseti verður þá leiður á mjer og segist hafa gert bón mína í gærkveldi með því skilyrði, að jeg hætti þessu nauði. Jeg harðna þá, og kveðst hafa rjett og heimting á, að fá bæn mina uppfyllta. Þá verður forseti enn styggari við, vísar mjer á dyr með þessari kveðju: »Vík frá mjer, þú . . .« Ja, jeg skal ekki gera honum upp orðin lengur.

Nú finnst mjer, að ef þingið samþ. frv. Ed., þá verði afstaða þess gagnvart stjórninni og þjóðinni lík og jeg gerði ráð fyrir að afstaða mín yrði gagnvart forseta og umbjóðanda minum. Því að það, sem hjer er fram á farið, er varla 1/10 af kröfum þjóðarinnar.

En nú vík jeg dæmisögu minni við. Jeg segi við forseta: að þessu, sem þú býður, vil jeg ekki ganga; en þó vil jeg slaka til; jeg skal láta mjer lynda helminginn af því, sem jeg bað um. Hann situr við sinn keip og vill ekki slaka til. Þá slæ jeg upp á því, að við skulum sofa í nótt upp á þetta, og jeg geti þá talað við umbjóðanda minn, og tölumst við svo aptur við að morgni. Þegar jeg er nývaknaður næsta morgun, fer jeg enn til máls við forseta. Jeg hefi þá fundið ný og betri rök fyrir beiðni minni, og forseti hefir þá einnig fengið tækifæri til þess að yfirvega málið betur og frá fleiri hliðum og ef ef til vill er nokkuð eptirgefanlegri. Umbjóðandi minn hefir sagt við mig um morguninn, að ef jeg fái ekki 5/10 þá skuli jeg taka allt það sem jeg geti fengið um fram hið fyrsta boð. Þá eru öll líkindi til að jeg hafi þó eitthvað skárra upp úr krafsinu en jeg átti kost á kvöldið fyrir, og í stað þess, að jeg tel sjáfsagt og eðlilegt, að forseti tæki mjer mjög styggilega með fyrri aðferðinni, tel jeg sjálfsagt, að hann tæki mjer með allri þeirri alúð sem honum er gefin, ef jeg viðhefði hina síðari, og þótt hann slakaði ekki mikið frá sínu upphaflega tilboði, sem þó væru miklar líkur til, þá mundi hann þó að

sjálfsögðu standa við hið upphaflega tilboð sitt.

Þessi aðferð er því miklu betri gagnvart þjóðinni. Það sem næturhvíldin var fyrir mig, það verður fyrir hana árshvíldin — eða tveggja ára — milli þinga. Þegar tveir málsaðilar eiga í samningum, þá er jafnan örðugra fyrir annan að hækka kröfur sínar frá því, sem hann einu sinni hefir tjáð sig fúsan til að sætta sig við. Hitt er ávallt ljettara, að slá af.

Auðvitað er rjettast að þiggja ekkert minna en fulla kröfu sína án sjerstaks umboðs; en þó eru $^5/_{10}$ nokkru nær sanni en $^1/_{10}$, og meira er ekki hægt að virða rjettarbót þá, sem þetta frumvarp fer fram á, í samanburði við hinar upphaflegu kröfur vorar.

En nú eru allar líkur til, að þótt frumv. meiri hlutans yrði samþykkt, þá næði það ekki staðfesting konungs, og tel jeg það kost, þar sem þjóðin heldur ekki hefir fengið að segja álit sitt um það, en gæfist þar á móti með nýjum kosningum og fyrir nýjar yfirveganir kostur á að taka hvert sem hún vildi heldur, nefnilega, að halda fram líkum kröfum og frumv. neðri deildar fer fram á, eða sætta sig við apturkreisting h. efri deildar. En ef alþingi er búið að taka fram fyrir hendur þjóðarinnar, með því að samþykkja frumvarp, sem fer fram á svo lítið, að stjórnin gleypir undir eins við því, þá er þjóðinni ómögulegt að hækka kröfur sínar á næsta þingi, og því finnst mjer barnaskapur að gera sig svona lítilþægan.

Það þykist jeg viss um, að frumv. neðri deildar, eins og það fór hjeðan og eins og það verður, ef tillögur meiri hlutans verða nú samþykktar, fullnægi betur þörfum vorum og sje líklegra til að fá fylgi þjóðarinnar. Verði nú þing rofið, þá getur þjóðin skorið úr. En það er jeg sannfærður um, að ekki falla fleiri af þeim sem nú fylgja meiri hluta nefndarinnar en hinum.

Samþykki þingið frumv. efri deildar, og stjórnin taki því svo tveim höndum með loforðum um samþykkt á sínum tíma, en þjóðin vilji svo ekki þiggja boðið, þá verða þeir þingmenn, sem aptur vilja ná kosningu, að verða annaðhvort að breyta skoðun sinni, og verða á þann hátt að pólitiskum grautarþvörum, eins og nú er að færast í móð, en þó án sigurs eða sæmdar, eða þá að brjóta bág við vilja þjóðarinnar.

Breyting efri deildar á 3. gr. þykir mjer betri heldur en orðun h. þingm. Vestm. (V. G.) var. En þó vil jeg heldur fallast á tillögu meiri hluta nefndarinnar hjer í neðri deild.

Því miður hefir stjórnarskrárbarátta vor verið óstaðföst í síðari tíð, og því er stjórninni ekki eins láandi og ella myndi, að hún hefir ekki fallizt á breytingar alþingis á stjórnarskránni.

En það verð jeg að álíta, að skaðlaust sje fyrir oss, að hafa aukaþing sem optast. Og aptið sýnir það þó stjórninni, hver alvara oss er, ef vjer leggjum á oss þann kostnað. Svo hafa og aukaþingin aðra mikilvæga þýðingu; þau eru nauðsynleg til að halda niðri ýmsum húmbúgs blöðrum þjóðarinnar, og feykja burtu því ryki, sem þær reyna að þeyta upp.

Af þessu leiðir, að jeg mun með góðri samvizku greiða atkvæði með öllum breytingartill. meiri hlutans og móti frumv., ef þær komast ekki að, og móti breytingartill. h. 1. þm. Rangv. (S. Á.). H. þm. Dal. (J. P.) sagði í dag, að það væri ekki rjett, að lofa þjóðinni að segja álit sitt um þetta frumvarp efri deildar; jeg skil ekki reyndar, hvernig þetta hefir staðið fyrir h. þm. Dal. (J. P.), því jeg veit ekki betur en að hún fái fullt frelsi til þess, að segja álit sitt

um málið, og hún er óbundin, ef það er ekki samþykkt, en bundin, ef þingið samþykkir þetta frumv.

H. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) lagði áherzlu á það — og fór þar jafnvel lengra en þingsköp leyfa, og sumir gerðu svo mikinn róm að, og hrópuðu heyr við — að hjer væri broslegt að sjá glóandi rauða frelsispostula taka höndum saman við rammdansklundaða apturhaldsmenn. Jeg get skilið, að sumum frelsisvinunum kannske þætti leitt að taka höndum saman við dansklundaða apturhaldsmenn, en jeg er ekki svo viðkvæmur, að jeg verði hjartveikur, þótt slíkt sje sagt um mig. Jeg veit ekki, hvort það er rjett, að kalla þá þessu nafni, frelsispostula, sem eitthvað vilja áfram, hvort sem er í stjórnarskránni eða öðru. Það frelsi, sem þeir vilja hafa og halda á lopti, er það, sem þeir álíta frelsi fyrir sig, það er: mitt frelsi, og geri jeg ekki mikið úr því. Aptur þekki jeg aðra menn sem mótsetningu gegn þessum, sem eru miklu meiri frelsismenn, og jeg er ánægður með að vera í flokki þeirra manna. — Sumir af þessum mönnum, sem jeg talaði um, hafa allt af viljað fara 90 sinnum lengra en nú — bara að þeir sjeu svo ánægðir með sjálfa sig, að þeir telji sig framsóknarmenn, því það er gott, að vera ævinlega ánægður með sjálfan sig.

H. framsögum. minni hlutans (Guðl. Guðm.) hrósaði happi yfir því, sem hæstv. landshöfðingi lýsti yfir, að stjórninni væri áhugamál, að samkomulag gæti komizt á milli stjórnarinnar og þingsins. Það gladdi mig, að heyra þetta af vörum hæstv. landshöfðingja, að stjórninni væri áhugamál, að fá þetta leitt til lykta, en einmitt það gerir mig öruggan að greiða ekki atkvæði með þessari flugu, sem ýmsir hafa gleypt við, því að það, að stjórninni er þetta áhugamál, gefur mjer æði-miklar vonir um, að hún fari lengra með tímanum en þetta, sem nú er boðið.

Jeg hefði viljað tala nokkuð meira um ýms atriði, en af því jeg veit, að þeir eru margir, sem vilja tala, þá ætla jeg að láta þetta nægja að sinni.

Eiríkur Gíslason: Það má kalla, að það sje að bera í bakkafullan lækinn, að halda langa ræðu, þegar þess er gætt, hversu mikið er búið að tala um þetta mál í dag, og hversu mikið síðan þing byrjaði, ekki að eins hjer í þingsalnum, heldur líka utanþings. Jeg ætla ekki fremur en vant er að halda langa ræðu nú, heldur að eins í örfáum orðum skýra frá því, hvernig mitt atkvæði muni falla.

Flest af því, sem tekið hefir verið fram í þeim löngu tölum, sem haldnar hafa verið hjer í dag, finnst mjer hafa verið til harla lítillar uppbyggingar fyrir málið. (*Guðlaugur Guðmundsson*: Kemur þá vonandi nú!). Ekki síður en hjá þingmanninum. Enda þó að þessar löngu ræður hefðu eigi verið haldnar, er jeg viss um, að öllum þeim, er sitja á þingbekkjunum, er fullljóst það atriði í stjórnarhögum vorum, sem hjer er um að ræða, nefnil. það aðalatriði, hvort vjer eigum að sæta því tilboði stjórnarinnar, að sætta oss við ráðgjafa, er eigi á að hafa önnur mál en sjermál vor til meðferðar, skilji tungu vora, eigi sæti á alþingi og beri ábyrgð á stjórnarstörfunum en sem eptir skoðun stjórnarinnar sje meðlimur hins danska ríkisráðs og eigi sem slíkur að vera dæmdur af hæstarjetti fyrir embættisrekstur sinn (*J. Pálsson*: Hvar stendur það? Það stendur hvergi! *Eiríkur Gíslason*: Jú! *J. Pálsson*: Nei!); og sem meðlimur ríkisráðsins mætti búast við, að vera einnig dæmdur af dönskum ríkisrjetti. Jeg er viss um, að þetta atriði er öllum

vel ljóst. (*Guðlaugur Guðmundsson*: Nei, aldeilis ekki!). En að fá því atriði breytt, að ráðgjafinn situr í ríkisráðinu, það er að mínu áliti höfuðatriðið í okkar stjórnarbaráttu, og jeg er í engum efa um, að þjóðin mundi fús til að leggja fram mikið fje til að fá því fram komið.

Því hefir verið slegið fram hjer í dag, að það sem hjer er boðið fáist ekki síðar, ef því verði hafnað nú. Jeg verð fyrir mitt leyti að álíta þetta getgátu eða spádóm. Og hvað sem því líður, þá blandast mjer ekki hugur um, að þetta fyrsta miðlunartilboð er svo lítið og óverulegt, að jeg get ekki gengið að því, og gef ekki þessu frumv., sem hingað er komið frá efri deild, eins og það er óbreytt, atkv. mitt.

H. framsögum. minni hlutans (Guðl. G.) og h. þm. Dal. (J. P.) brýndu það alvarlega fyrir deildinni í dag, að þessi dagur væri mjög þýðingarmikill, og atkvæðagreiðslan í þessu máli mjög mikilsverð. Jeg játa fúslega, að þessi áminning sje alveg rjett í sjálfri sjer, en aptur lít jeg svo á sem þingmenn þurfi ekki slíkrar áminningar við, af því að jeg geng út frá, að hver þingmaður fari því fram, sem samvizka hans segir honum að rjett sje. Og jeg er viss um að þessir h. þm. álíta ekki þessa stund þýðingarmeiri en jeg, þó að jeg þykist vita, að þeirra atkvæði falli öðru vísi en mitt, þegar til atkv.greiðslunnar kemur.

Valtýr Guðmundsson: Jeg ætla ekki að tala langt, því bæði hefi jeg lýst rækilega mínum skoðunum áður, og svo hefir h. framsögum. minni hlutans (Guðl. G.) rekið aptur margt af því, sem fram hefir komið í umræðunum, og jeg hefði þurft að gera athugasemdir við. Jeg skal því minnast að eins á fátt eitt.

H. framsögum. meiri hlutans (Kl. J.) sagði, að það gæti verið, að ekki væri þýðingarlaust að fara fram á, að Íslandsráðgjafinn sæti ekki í ríkisráðinu í frumv.formi., vegna þess, að skeð gæti að stjórnin vildi samþykkja ný lög um það atriði, þótt hún neitaði að slíkt fælist í gildandi lögum nú. En hver líkindi eru til þess? Engin. Jeg vil í því efni benda á ráðherrabrjefið frá 29. maí í ár og yfirlýsingu hæstv. landsh. hjer í dag.

En h. framsögum. meiri hlutans (Kl. J.) tók líka fram, að ekki væri svo mikið í hættu, þótt þetta frumv. yrði ekki lög, af því, að þó að þjóðin segði, að rangt hefði verið að hafna tilboði þessu, þá væri ekki annað um að gera, en að skömmin lenti á þeim þingmönnum, sem hefðu hafnað því, — en engu væri sleppt, því að allt af væri hægt að taka tilboðinu seinna. — Þetta getur verið alveg rjett, ef tilboð kemur aptur. En hver segir að það komi? (*Klemens Jónsson*: Stjórnin er ekki að leika komedíu!). H. þm. Strand. (Guðj. G.) og h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) byggðu von sína á því, sem hæstv. landsh. sagði í dag, að það væri stjórninni áhugamál, að leiða þetta til lykta. Nú, jeg get vel skilið, að stjórninni sje annt um, að lyktir komist á þessa baráttu, af því að stjórnin sjer að það er skaði fyrir landið, ef henni heldur lengur áfram; því þótt stjórninni sje bóta á vant um margt, og sjerstaklega hvað þekkingu snertir á vorum högum, þá sjer hún samt, að þetta er til skaða fyrir landið, og því er eðlilegt að henni sje hughaldið, að koma enda á þessa baráttu. En þegar þar af er dregin sú ályktun, að stjórnin leggi fram aptur nýtt tilboð, þá er það á lausum grundvelli byggt.

Því hver getur sagt með vissu, að þessi stjórn, sem nú er, sitji lengi við völdin? Hver getur sagt nema hún fari frá þá og þegar? Ef menn þekktu hið pólitiska ástand í Danmörku, þá mundu

þeir ef til vill grípa tækifærið, áður en þessi stjórn fellur. Þessi stjórn, sem nú situr, er í rauninni eins konar bráðabirgðastjórn, fram komin við það, að enginn flokkur í þinginu var svo sterkur, að tekið gæti við stjórn, og það er alls ekki ólíklegt að hún falli í vetur, í apríl, — en hvernig verður sú stjórn, sem þá kemur? Nú ætla jeg að enginn geti sagt, að það sje víst að hún komi fram með tilboð; það er sem sje engin trygging fyrir því. Sú næsta stjórn er ekki, fremur en þessi, bundin við tilboð, sem alþingi hefir hafnað. En ef alþingi samþykkir þetta frumv., og stjórnin fellst á það, þá er þetta orðinn samningur, sem hvortveggja aðili er bundinn við, og þá væri hin næsta stjórn að nokkru leyti bundin til að halda í sömu áttina. Þeir þm., sem byggja stefnu sína í þessu máli á því, að æ sitji sama stjórnin við völdin, þeir vaða reyk. Jeg get sagt með sanni, að það eru einmitt líkur til, að sú stjórn, sem nú situr og hefir sýnt sig sáttfúsa, muni varla verða ellidauð.

Þá skal jeg taka fram enn eitt, sem h. framsögum. meiri hlutans (Kl. J.) sagði, af því það snerti mig persónulega. Hann sagði að sjermálin ættu að berast upp í ríkisráðinu, berast undir atkvæði danskra manna — sem jeg hefði sagt að ekkert vit hefðu á íslenzkum málum (*Kl. J.*: Já, það sagði h. þm.), og ekkert far gerðu sjer um að setja sig inn í þau. Þetta hef jeg aldrei sagt. Jeg hef sagt: að stjórnin hefði ekki nægilegt vit á Íslands málum. (*Kl. J.*: Nei! Hitt voru þingmannsins orð!), en að jeg hafi sagt að hún gerði sjer ekkert far um að afla sjer þekkingar á þeim, — því mótmæli jeg.

H. 1. þm. Rangv. (Sighv. Á.) talaði um ráðgjafaábyrgðina, — af miklum misskilningi, hann áleit ábyrgðina eptir þessu frv. Ed. jafn-óframkvæmanlega sem ábyrgðina eptir stj.skránni 1874. Þessu hefir h. framsögum. minni hlutans (Guðl. G.) svarað nokkurn veginn, en jeg vildi lýsa því skýrt, að þetta er misskilningur, af því að ábyrgð á hendur ráðgjafanum er framkvæmanleg að svo miklu leyti sem stjórnarskrána snertir; með öðrum orðum: ráðgjafinn ber ábyrgð eingöngu fyrir stjórnarskrárbrot, en þetta frumv. útvíkkar ábyrgðina, dregur öll afskipti ráðgjafans af hverju opinberu máli, sem er, undir ábyrgð, og þessi ábyrgð er svo trygg, svo góð og gild, sem nokkur, jafnvel h. 1. þm. Rangv. (Sighv. Á.) getur óskað.

H. 1. þm. Rangv. (Sighv. Á.) sagði enn, að honum þætti óhugsandi, að það gæti verið að tala um ábyrgð eins manns á atkvæði hans um mál, þegar 7 greiddu atkvæði með honum. Þetta bar h. þingm. fram af sterkri sannfæringu, og drottinn má vita, hvort einhverjum fleiri h. þingdeildarm. hafi ekki þótt þetta rjett og satt sagt. Jeg skal ekki fást lengi við að hrekja það. — Jeg vil að eins benda h. 1. þm. Rangv. (Sighv. Á.) á, að þá ætti það að vera ómögulegt fyrir Dani, að koma fram ábyrgð á hendur t. d. kennslumálaráðgjafanum fyrir atriði, sem gengið hefir í gegnum ríkisráðið, af því að hinir ráðgjafarnir hafa greitt þar atkvæði með honum. En það verður ekki komið beinni ábyrgð fram á hendur ráðgjöfunum fyrir atkvæðagreiðsluna í ríkisráðinu, heldur fyrir undirskript hvers ráðgjafa með konungi. Og vjer erum eins settir gagnvart vorum ráðgjafa, eins og Danir gagnvart hverjum einstökum ráðgjafa hjá sjer. —

H. 1. þm. Árn. (Tr. G.) sagði, að nú vildum vjer hlíta því, að ráðgjafi vor sitji í ríkisráðinu. En það stendur hvergi í frumv.; það verður hvergi lesið út úr því, og í h. efri deild er fram komin

þingsál.till. um, að ráðgjafinn verði ekki látinn sitja í ríkisráðinu.

Þessi h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) sagðist heldur vilja hlíta því ástandi, sem nú er. En hvernig er það nú? Nú er á standið svo, að ráðgjafinn situr í ríkisráðinu. Svo að það, sem h. þm. berst á móti, það hefir hann og vill hafa!

Hvernig h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) hefir áður litið á þetta mál, sjest, ef menn vilja líta í Alþingist. 1885 B bls. 593; þá geta menn sjeð, að þá vill hann biðja um ráðgjafa eingöngu fyrir Íslandsmálin, og þessi ráðgjafi átti ekki einu sinni að sitja á þingi! (*Tr. Gunnarss.*: Þetta er ekki rjett!). Þetta er rjett! Í þessari sömu ræðu les h. þm. upp kafla úr blaðagrein (Fróða) og segir þar: »Landshöfðinginn ætti að hafa æðsta úrskurðarvald í öllum þeim innanlandsmálum, sem ekki eru beinlínis löggjafarmál, svo þau þurfi ekki lengra að ganga. En svo verðum vjer að hafa sjerstakan ráðgjafa við hlið konungs, búsettan í Kaupmannahöfn«. Þetta er einmitt hið sama, sem hjer er farið fram á í þessu fyrirliggjandi frumv. og h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) berst nú svo gríðarlega á móti! Og þá er h. þm. á því, að þetta sje eindreginn þjóðarvilji, því að hann bætir svo við í þessari ræðu sinni: »og þess vegna hef jeg lesið kafla úr þessari blaðagrein, af því að jeg komst að því á ferðum mínum kringum landið, að sú stefna, sem þar er fram fylgt, er næst að skapi alþýðu«.

H. þm. Strand. (Guðjón G.) tók það dæmi, að ef hann vildi fá ósk sína uppfyllta, en fengi að eins $^1/_{10}$ hluta hennar, þá vildi hann eigi ganga að því, ef hann væri í umboði annars. En mjer finnst þetta vera alveg skakkt eða þá að minnsta kosti mjög óheppilega valið dæmi. Jeg skal þá taka annað dæmi: Eigandi verzlunar nokkurrar vill gera kaup við mann í út löndum, er hann geti grætt á svo sem 2000 kr. En nú kemur þessi útlendi maður fram með tilboð til verzlunarstjóra verzlunarinnar um kaup, er verzlunin geti grætt á 500 krónur. En þá segir verzlunarstjórinn: »Eigandi verzlunarinnar er ekki heima sem stendur. — Hvað á jeg að gera? Jeg veit ekki, hvað húsbóndi minn vill; þetta er ekki eins mikill hagur og hann vill«. En maðurinn, sem tilboðið gerir, lýsir því jafnframt skýlaust yfir, að tilboðið sje að eins gildandi í þetta sinn og standi ekki lengur. Nú vil jeg spyrja: Hvort myndi verzlunarstjórinn verða talinn dyggari fyrir það, að hann hafnaði þessu tilboði eða tæki því með því skilyrði, að það stæði þó því að eins, að húsbóndi hans vildi samþykkja það, þegar til hans næðist? Hvort mundi eigi húsbóndinn vera honum þakklátari fyrir það að taka tilboðinu, svo að hann gæti borið það undir sig? Verzlunarstjórinn mundi vafalaust vera álitinn dyggari þjónn, ef hann segði: »Jeg fyrir mitt leyti geng að þessu tilboði, en vil þó áskilja mjer rjett til þess að bera það undir húsbónda minn«. — Hjer stendur öldungis eins á. Hjer er komið tilboð frá stjórninni til þjóðarinnar. En má jeg spyrja: »Hvað eigum vjer að gera gagnvart húsbónda vorum, þjóðinni? Hvort eigum vjer að taka því, sem fram boðið er, eða hafna því? Mjer finnst sjálfsagt að taka því. H. þm. Strand. (Guðj. G.) sagði, að ef vjer gengjum að frumvarpinu, þá tækjum vjer fram fyrir hendurnar á þjóðinni. En þetta er ekki satt, því það verður síðar borið undir hana. Því verður ekki neitað, að það að samþykkja frumvarpið þýðir að eins, hvort vjer viljum láta þjóðina fá tækifæri til að sýna, hvort hún vill þetta eða eigi.

Jeg álít, að þjónninn, sem tæki þessu tilboði, væri dyggari og trúrri þjónn. Vjer höfum heldur alls enga tryggingu fyrir, að vjer fáum tilboð síðar. Nei! Miklu fremur má ganga að því vísu, að þess verði langt að bíða.

H. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) minntist á það í ræðu sinni í dag, að þetta væri þýðingarmikill dagur. Jeg tek fyllilega undir með honum um það. Jeg kveð enn sterkara að orði og segi: þetta getur orðið hinn þýðingarmesti dagur í þingsögunni, þar sem ef til vill verður gert út um heill landsins um langan aldur. Hvar myndum vjer vera staddir, ef vjer síðar vildum fá einmitt það, sem vjer höfum nú? Líklega verður útgert um þetta mál um langan aldur, ef vjer höfnum þessu tilboði nú. Jeg held, að hinir háttv. þingmenn, sumir hverjir, hafi eigi vel gert sjer það ljóst, um hvað er að tefla hjer. Jeg skoða svo, sem hjer sje mikið í veði, því mestu líkindi eru til þess, að ef tilboðinu verður hafnað, þá muni málið hljóta að falla niður. Jeg veit eigi um, hvort stjórnin mundi leysa upp þingið; það er náttúrlega mögulegt þingrof, en jeg er þeirrar skoðunar, að þegar málið horfir þannig við, þá eigi menn vel að ráðfæra sig við samvizku sína, áður en þeir greiða atkvæði í þessu máli. Jeg hefi varið miklum tíma og haft mikið fyrir því, að fjalla um þetta mál. Mjer gramdist að sjá, í hvert foræði þetta mál var komið; mjer gramdist að sjá, hversu miklum tíma þingið hafði eytt í árangurslausa baráttu. Þetta var það, sem kom mjer á stað. Vegna þessa var það, að jeg fór að sækja um þingmennsku. Jeg hafði sett mjer það fyrir mark og mið, að gera málinu það gagn, sem mjer frekast var unnt. — Jeg vissi það vel, að ef jeg kæmi með þetta frumvarp, þá mundi jeg verða kallaður föðurlandssvikari og landráðamaður, og fleira þess konar; en jeg skeytti því alls ekki; mig langaði til að verða ættjörðu minni til einhvers gagns og leggja fram krapta mína í hennar þjónustu, eins og jeg frekast gat, því þegar jeg sá, hvernig með málið var farið, þá áleit jeg það mína helgustu skyldu að verja kröptum mínum í þjónustu hins góða málefnis, og jeg er mjer þess meðvitandi að hafa gert það dyggilega, þó jeg segi það sjálfur. Jeg vona, að mjer verði borið það af stjórninni, að jeg hafi, svo lengi, sem jeg gat, haldið fram hinum fyllstu kröfum. Jeg hefi reynt að ná samkomulagi við hana, og jeg verð að segja það, að mjer hefir tekizt það. Jeg tek það fram aptur, að menn eiga vel að ráðfæra sig við samvizku sína, áður en þeir greiða atkvæði í þessu máli, og jeg vil taka mjer í munn orð, sem h. 1. þm. N.-Múl. (E. J.) sagði í þingsetningarræðu 1895: »Samvizkulaus þingmaður er óttalegt orð«. Jeg vildi óska, að allir þingmenn hefðu ráðfært sig eins vel við samvizku sína eins og jeg, því jeg er mjer þess meðvitandi, að hafa gert það trúlega. En á þessu þingi hef jeg heyrt — reyndar ekki hjer í þingsalnum, heldur utan fundar — að það væri jafnvel talinn galli á sumum þingmönnum, að »samvizkan væri allt af að væflast fyrir þeim«. Svo langt eru sumir menn leiddir.

Jeg hefi reynt að koma málinu í gott horf og hefi lagt fram krapta mína til þess. Jeg get eigi gert meira en að leggja fram krapta mína hjá þingi og stjórn. Sagan verður að dæma um það, hverjir hafa með mestri ósjerplægni unnið að þessu máli og hverjir hafa mest unnið til heilla fyrir land og lýð. Eins og jeg sagði í blaðagrein í fyrra, þá vildi jeg beina straumnum í aðra átt, ef mjer fyndist hann fara í óheppilega stefnu. Jeg verð að álíta, að jeg

hafi gert það hjer. Jeg hefi haldið að það væri bezt að fara í þá stefnu, að fá nokkrar umbætur, þó eigi fengjust allar. Jeg hefi litið svo á, að bezt væri að feta sig áfram smátt og smátt, stig fyrir stig, og meiri hlutinn er einnig orðinn á sama máli í þessu atriði, og jafnvel h. þm. N.-Þing. (B. Sv.) segir í nefndaráliti sínu, að hin fyrri stefna sje óhugsandi, heldur megi til að feta sig áfram smátt og smátt, því gagngerð endurskoðun sje óhugsanleg fyrri en vissum grundvallarskilyrðum sje ráðið til lykta. Jafnvel sjálfur forsprakki hinnar gömlu stefnu er kominn á mitt mál. Hann er þegar farinn að hallast að minni stefnu. Stefnan er góð og rjett, og fyrst menn eru komnir inn á hana, þá álít jeg mikið unnið, þó frumvarpið falli. En eins og jeg sagði áður, þá finnst mjer sumum h. þm. ekki nægilega ljós afstaða þeirra til máls þessa. En það verður að hafa það. Það verður hver þjóð að sætta sig við þá fulltrúa, sem hún hefir. En ef fulltrúar þjóðarinnar láta þetta mál fara í voða og hindra framgang þess, þá finnst mjer það vera sönnun fyrir því, að hún á ekki skilið að fá þær umbætur, sem hjer ræðir um. Það bendir einmitt á það, að þjóðin sje ekki búin að fá nægilegan pólitískan þroska. Þetta kann mönnum að þykja hörð orð, en jeg fylgi þeirri reglu, að segja sannleikann að eins, þó að hann kunni stundum að láta óþægilega í eyrum. Jeg hefði sannarlega vel getað dregið mig í hlje; mjer var vissulega rólegra lífið úti í Kaupmannahöfn, en jeg áleit það skyldu mína að draga mig ekki í hlje, hvernig sem það yrði þakkað.

Framsögumaður meiri hlut. (Klemens Jónsson): Jeg ætla mjer ekki að fara að draga úr því mikla lofi, sem h. þm. Vestm. (V. G.) bar á sjálfan sig, eða setja neinn skugga á hans dýrð. Ekki ætla jeg heldur að fara langt út í það, að hann stimplaði oss þingmenn sem óheppilega fulltrúa þjóðarinnar. Það getur verið, að Vestmannaeyjar sjeu það eina skynsama kjördæmi á landinu; jeg skal ekkert fara út í þá sálma. En hins vegar álít jeg ekki gott að bera fram eins þungar getsakir og h. þm. gerði . Það var sjerstaklega eitt atriði, sem h. þm. brúkaði sem grýlu gagnvart meiri hluta nefndarinnar, nfl. að stjórnin myndi eigi lengur standa við þetta tilboð sitt, og ennfremur að ekki mætti ganga út frá því sem gefnu, að þessi stjórn yrði ævarandi. En þessi stjórn getur ekki eptir fastri venju farið frá fyr en fyrstu dagana í apríl n. á. og þá getur hin fráfarandi stjórn verið búin að undirbúa málið. Ef stjórnin, sem nú er, fellst annaðhvort á tillögu meiri eða minni hlutans og undirbýr málið, þá getur engum blandazt hugur um það, að hin næsta stjórn er bundin við það. En setjum nú svo, að hún sje ekki bundin við það. Hver getur þá sagt, hvernig stjórnin muni taka í þetta mál? Það getur enginn sagt, ekki einu sinni h þm. Vestmanneyinga. Það getur enda verið, að vjer fáum þá miklu betri tilboð; þess vegna hafa þessar grýlur ekkert fyrir sjer.

H. þm. Vestmanneyinga (V. G.) sagði, að stjórnin hefði eigi vit á þessu máli og að hún vildi ekki setja sig inn í málið. (*Valtýr Guðmundsson:* Jeg het eigi sagt, að hún vildi eigi setja sig inn í málið, heldur að eins hitt, að hún hefði eigi vit á því). Nei, hitt sagði h. þm., þó hann ekki vilji kannast við það nú. Þingtíðindin hljóta að bera það með sjer. Það er illt að koma fram með jafn-ástæðulausar og þungar getsakir og þessar.

H. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) sagði ekkert, sem persónulega snerti mig. En hann sagði, að mestu frelsispostular hefðu nú tekið höndum saman við dansk-lundaða apturhaldsmenn og meinti þar með þm. Árn. (Tr. G.) En man eigi þm. eptir því, að hann sjálf ur var á síðasta þingi helzti maðurinn í tillöguflokknum, og sá sem næstur honum gekk var þm. Árn. (Tr. G.), sá maður, sem hann nú í dag stimplar sem landráðamann. Hann endaði ræðu sína með því, að hann sagðist vona að stjórnin kæmi með skýr og ákveðin tilboð á næsta þingi. En ef stjórnin gengur nú inn á tillögur minni hlutans, þá er jeg viss um, að hún síðar muni geta gengið inn á tillögur meiri hlutans.

Jeg hefi þá ekki meira að segja og býst ekki við að taka optar til máls. Jeg þykist hafa gert skýra grein fyrir tillögum meiri hluta nefndarinnar. Það hefir verið talað um, að þetta væri þýðingarmikill og alvarlegur dagur fyrir land og lýð. Þetta er satt. Þetta er mjög þýðingarmikill og alvarlegur dagur. Á síðasta þingi var líka talað um samskonar þýðingarmikinn dag, þegar þingsályktunartillagan var uppi, og í dag kveður sama við í enn skarpari tón. Jeg fyrir mitt leyti álít daginn í dag fullt eins þýðingarmikinn, og jeg get lýst því yfir, að jeg hefi íhugað þetta mál fullt eins vel og hver annar og greiði atkvæði mitt í dag að öllu leyti eins og samvizka mín knýr mig til, enda þótt h. þm. Vestm. (V. G.) gæfi í skyn, að sumir þingmenn greiddu atkvæði án þess að vita, hvað þeir gerðu.

Framsögumaður minni hlutans (Guðl. Guðmundsson): Það eru að eins fáein orð, sem jeg vildi segja, því jeg hef í rauninni fáu að bæta við það, sem jeg hefi áður tekið fram. Gagnvart h. framsögum. meiri hl. (Kl. J.) skal jeg gjöra þá athugasemd, að þegar jeg nefndi hina »rammdönskustu apturhaldsmenn«, þá átti jeg ekki sjerstaklega við h. 1. þm. Árn. (Tr. G.), heldur sigtaði jeg með þeim öllu fremur út fyrir þessa veggi.

H. framsögum. meiri hl. (Kl. J.) tók það fram, að sú yfirlýsing landshöfðingja, að stjórninni væri þetta mál áhugamál, gæfi sjer von um, að stjórnin mundi leggja fyrir næsta þing frv. um breytingu á stjórnarskránni, og því mætti þinginu standa á sama, hvort frv. yrði ofan á. En sá er munurinn, ef samþykktur verður fleygurinn um ríkisráðið, að þá gæti það ekki orðið sama frv., sem stjórnin legði fyrir þingið, enda tvísýnt, hvort sama stjórn, hvað þá ný stjórn, mundi taka málið upp. Þegar um tvo vegi er að ræða, þá álít jeg sjálfsagt að taka þann áhættuminni. Hitt álít jeg vanhyggjuráð, að tefla á tvísýni um það, hvort málið muni fá betri byr síðar.

Það hefir verið sagt, að dagurinn í dag væri þýðingarmikill dagur; en hið sama klingdi líka í eyrum vorum undir umræðunum um stjórnarskrármálið á síðasta þingi, og það er satt, að þeir dagar hafa eigi síður haft mikla þýðingu, að því leyti, sem þeir hafa framleitt daginn í dag, og hinn verklegi árangur þeirra daga kemur fram í dag. Rjett framhald hefði nú verið, að halda nú áfram á svipaðan hátt og áður, en síður að breyta um aðferð og tefla með því á vogun.

Gagnvart h. þm. Strand. (Guðj. G.) skal jeg taka það fram, að dæmi hans var ekki rjett, því hjer er lögákveðinn rjettur til að semja og lögákveðin skylda að fara til húsbóndans og spyrja um vilja hans, og þess vegna bindur þingið ekki hendur þjóðarinnar með því, sem það gjörir nú. Jeg greiði hjer atkvæði á sama hátt eins og þetta væri

síðasta umræðan á síðara þinginu, sem þetta mál á að leggjast fyrir. Jeg greiði atkvæði eins og samvizka mín býður mjer, og jeg áleit heillavænlegast eins og á stendur.

Jeg álít að of lítið sje gjört úr þessu frv. með því að segja, að það sje ekki nema 1/10 af kröfum vorum, sem það fer fram á. Hjer er þó farið fram á sjerstakan ráðgjafa, sem mæti á alþingi, skilji og tali íslenzka tungu og beri ábyrgð á stjórnarathöfninni. Atriðin eru hjer fjögur og má þá segja að vjer fáum fullnægt mikilsverðum hluta af kröfum vorum, ef þetta verður samþykkt, og þessi atriði opna fyrir oss mögulegleika til að fá einnig hin önnur atriði síðar meir. Það, sem hjer er um að ræða, er hið praktiskasta, sem hefir mesta þýðingu. Jeg hefi svo ekki frekara að segja.

Forseti gat þess, að nafnakalls hefði verið óskað við atkvæðagr.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. á þingskjali 515 felld með 13 : 10, og sögðu:

já:	*nei:*
Björn Sigfússon,	Einar Jónsson,
Guðl. Guðmundss.,	Klemens Jónsson,
Halldór Daníelsson,	Ben. Sveinsson,
Jens Pálsson,	Eiríkur Gíslason,
Jón Jensson,	Guðjón Guðlaugss.,
J. Jónss., þm. A.-Sk.,	Jón Jónss., þm. Eyf.,
Jón Þórarinsson,	Ólafur Briem,
Sighv. Árnason	Pjetur Jónsson,
Skúli Thoroddsen,	Sigurður Gunnarss.,
Valtýr Guðmundss.,	Tryggvi Gunnarss.,
	Þórður Guðmundss.,
	Þórður Thoroddsen,
	Þorl. Guðmundss.

1. breyt.till. á þingskjali 490 felld með 12 : 11 og sögðu

já:	*nei:*
Klemens Jónsson,	Einar Jónsson,
Benedikt Sveinsson,	Björn Sigfússon,
Eir. Gíslason,	Guðl. Guðmundss.,
Guðj. Guðlaugsson,	Halld. Daníelsson,
Pjetur Jónsson,	Jens Pálsson,
Sighv. Árnason,	Jón Jensson,
Sig. Gunnarsson,	J. J., þm. A.-Sk.,
Tr. Gunnarsson,	J. Jónss., þm. Eyf.,
Þórður Guðmundss.,	Jón Þórarinsson,
Þórður Thoroddsen.	Ólafur Briem,
Þorl. Guðmundss.	Skúli Thoroddsen,
	Valtýr Guðmundss.

2. breyt.till. á þingskjali 490 felld með 13 : 10 atkv. og sögðu:

já:	*nei:*
Klemens Jónsson,	Einar Jónsson,
Ben. Sveinsson,	Björn Sigfússon,
Eiríkur Gíslason,	Guðl. Guðmundss.,
Guðjón Guðlaugss.,	Halld. Daníelsson,
Pjetur Jónsson,	Jens Pálsson,
Sighv. Árnason,	Jón Jensson,
Sigurður Gunnarss.,	J. Jónss., þm. A-Sk.,
Tryggvi Gunnarss.,	J. Jónss., þm. Eyf.,
Þórður Guðmundss.,	Jón Þórarinsson,
Þorl. Guðmundsson.	Ólafur Briem,
	Skúli Thoroddsen,
	Valtýr Guðmundss.,
	Þórður Thoroddsen.

3. breyt till. á þingskjali 490 felld með 13 : 10 atkv. og sögðu

já:	*nei:*
Klemens Jónsson,	Einar Jónsson,
Benedikt Sveinss.,	Björn Sigfússon,
Eiríkur Gíslason,	Guðl. Guðmundsson,
Guðjón Guðlaugss.,	Halldór Daníelss.,
Pjetur Jónsson,	Jens Pálsson,
Sighv. Árnason,	Jón Jensson,
Sigurður Gunnarss.,	J. Jónss., þm. A.-Sk.,
Tryggvi Gunnarss.,	J. Jónss., þm. Eyf.,
Þórður Guðmundss.,	Jón Þórarinsson,
Þorl. Guðmundsson.	Ólafur Briem,
	Skúli Thoroddsen,
	Valtýr Guðmundss.,
	Þórð. Thoroddsen.

5. breyt.till. á þingskjali 490 felld með 13 : 10 atkv. og sögðu:

já:	*nei:*
Klemens Jónsson,	Einar Jónsson,
Bened. Sveinsson,	Björn Sigfússon,

já:	*nei*:
Eirikur Gíslason,	Guðl. Guðmundsson,
Guðj. Guðlaugsson,	Halldór Daníelsson,
Pjetur Jónsson,	Jens Pálsson,
Sighv. Árnason,	Jón Jensson,
Sig. Gunnarsson,	J. J., þm. A.-Sk.,
Tr. Gunnarsson,	J. J., 2. þm. Eyf.,
Þórður Guðmundss.,	Jón Þórarinsson,
Þorl. Guðmundsson.	Ólafur Briem,
	Valtýr Guðmundss,
	Þórður Thoroddsen,
	Skúli Thoroddsen.

Hinar breyt.till. voru teknar aptur. Frv. í heild sinni fellt með 13 : 10 atkv. og sögðu:

já:	*nei*:
Björn Sigfússon,	Einar Jónsson,
Guðlaugur Guðm.,	Klemens Jónsson,
Halld. Daníelsson,	Benid. Sveinsson,
Jens Pálsson,	Eir. Gíslason,
Jón Jensson,	Guðjón Guðlaugss.,
J. J., þm. A.-Sk.,	J. J. 2. þm. Eyf.,
Jón Þórarinsson,	Ólafur Briem,
Skúli Thoroddsen,	Pjetur Jónsson,
Valtýr Guðmundss.	Sig. Gunnarsson,
Þórður Thoroddsen.	Sighv. Árnason,
	Tryggvi Gunnarss.,
	Þórður Guðmundss.,
	Þorl. Guðmundsson.

Till. til þingsályktunar um viðkomustaði strandbáta hins sameinaða gufuskipafjelags (C. bls. 539, 550, 576, 581, 583); ein umr.

Flutningsmaður (*Valtýr Guðmundsson*): Þegar vjer vorum að semja þessa till., var oss hughaldið, að láta sem flesta staði hafa gagn af strandferðabátunum, án þess þó að ofhlaða svo á þá að eigi væru líkindi til að þeir gætu afkastað því, sem þeir ættu að gjöra; því er eigi það skilyrði sett, að fjelagið láti báta sína koma á hvern þann stað, sem nefndur er, í hverri ferð, heldur að eins nokkrum sinnum á vixl. Viðkomustaðir bátsins vestur um land eru settir fleiri en viðkomustaðir bátsins austur um land, og þó má ætla að þar verði ekki farið fram á öllu fleiri viðkomustaði en nefndin hefir sett. Aptur á móti sje jeg, að þó leið vestanbátsins sje styttri en leið austanbátsins, og þó að honum sjeu ætlaðir fleiri viðkomustaðir, þá er þó farið fram á að fjölga viðkomustöðunum enn meir. Fyrstur af þessum stöðum er Kolkuós; sá staður er að vísu ekki mikið úr leið, en jeg efast um, að þar sje nokkur bygging. (*Ól. Briem*: Jú). Þó að svo sje, þá er hann svo skammt frá Hofsós, að eigi virðist mikil ástæða til að báturinn komi þar við; það munar minnstu, hvort flutningur væri lagður upp á Hofsós eða Kolkuós; höfuðástæðan til að láta bátinn koma við á Kolkuós væri sú, ef þar skyldi koma upp eða vera verzlun. En um það er mjer ekki kunnugt. Ennfremur er farið fram á að vestanbáturinn komi við á Straumfirði og í Borgarnesi í suðurleið í maí og júní. Mjer finnst ekki full ástæða til þessa, þar sem Faxaflóabáturinn kemur svo iðulega á þessa staði; sjerstaklega virðist enn minni ástæða til að báturinn komi þar á suðurleið, því að það er einkum sambandið milli Reykjavíkur og þessara staða, sem Faxaflóabáturinn annast. Nefndin hefir því eigi getað aðhyllzt þessa breyt.till. að svo stöddu. Þá fer h. 1. þm. N.-Múl. (E. J.) fram á, að austanbáturinn komi við á Lagarfljótsós eða á Múlahöfn. Jeg treysti mjer ekki til að segja neitt ákveðið um tillögu þessa, fyr en jeg hef heyrt h. þm. N.-Múl. (E. J.) gjöra grein fyrir henni; en heyrt hef jeg, að Lagarfljótsós muni vera hættulegur viðkomustaður, og því er það mikið álitamál, hvort rjett sje að fallast á tillöguna.

Halldór Daníelsson: Jeg á hjer tvær viðaukatill., en jeg lýsi því yfir, að viðaukatillöguna á þingskj. 510 tek jeg

aptur; með hinni tillögunni leyfi jeg mjer aptur á móti að mæla hið bezta. Svo stendur á að það eru allmiklir flutningar af vesturlandi til Borgarness og Straumfjarðar, og Faxaflóabáturinn fer ekki svo langt vestur að hann nái í þá, en það sjá allir, hvílíkur kostnaður það er, að verða fyrst að fá þessar vörur fluttar með strandferðaskipi að vestan til Reykjavíkur og þaðan með Faxaflóabátnum upp eptir, og þegar þess er gætt, hvað það er útlátalítið fyrir vestanbátinn að koma við á þessum stöðum, skil jeg ekki í að menn vilji gjöra hjeraðsbúum mínum þann óþarfa kostnað og óhagræði, sem leiddi af því, ef h. deild vildi ekki fallast á tillögur minar. Það er ekki efamál, að báturinn mundi hafa mikinn flutning til þessara staða í maí og júní, því að um þær mundir hafa verið fluttir heilir skipsfarmar af hval að vestan; sömuleiðis má þá og búast við talsverðum fiskiflutningi að vestan úr Ólafsvík. Mjer þykir leitt, ef h. deild skyldi ekki vilja fallast á þessa tillögu, sem miðar til þess að greiða töluvert fyrir samgöngum og viðskiptum.

Ólafur Briem: Það er satt sem h. framsögum. (V. G.) tók fram, að eigi er langt á milli Kolkuóss og Hofsóss, en þó er vegalengdin svo mikil, að nokkrir erfiðleikar stafa af því, ef þeim vörum er skipað upp á Hofsós, sem að rjettu lagi hefði átt að skipa upp á Kolkuós, kæmi skip þar; sjerstaklega mundu þeir erfiðleikar tilfinnanlegir fyrir verzlun þar. Það er hjer um bil enginn krókur fyrir bátinn að koma við á Kolkuós, og getur því ekki valdið neinni verulegri töf fyrir hann, þó þessi staður sje tekinn með. Jeg vona því að h. deild leggi ekki móti því.

Tryggvi Gunnarsson: Mjer virðist vera nokkuð varasamt að bæta við þeim stöðum, sem farið er fram á í breyt.-till. Því að bæði hafa þegar verið teknir til mjög margir viðkomustaðir handa strandbátunum í tillögunni, og auk þess mun hafa komizt á eitthvert samkomulag milli fjárlaganefndarinnar í Ed. og erindreka hins sameinaða gufuskipafjelags um, hverja staði skyldi taka upp á áætlunina; það gæti því spillt fyrir, ef nú væri farið að bæta við nýjum stöðum.

Ennfremur er þess að geta, að það er ekki nóg að bæta allt af við nýjum og nýjum stöðum; hins er líka að gæta, að því fleiri sem viðkomustaðirnir eru, þess óþægilegra er fyrir farþega að ferðast með bátunum, og tekur lengri tíma frá þeim. Af þeim ástæðum, sem jeg hef fært til, vil jeg leggja það til, að viðaukatillögurnar sjeu ekki samþ.

Einar Jónsson: Jeg skal leyfa mjer að fara fám orðum um viðaukatillöguna á þingskj. 504. Það er mjög áríðandi fyrir íbúana í Fjót-dalshjeraði, að þeir fái vörur sínar inn að Lagarfljótsós, eða að Hjeraðssöndum. Það er að vísu satt, að þar er engin eiginleg höfn; en það er þó hættulaust að koma þangað og hægt að koma vörum í land, þegar átt er við suður eða vestur, eins og mjög títt er í maí- og júnímánuðum. Múlahöfn er allgóð höfn og trygg á sumrum, nema í austanátt. Á báðum þessum stöðum eru hafnir löggiltar. Múlahöfn er að því leyti illa sett, að þangað er ekki hægt að komast með hesta til vöruflutninga, en svo hefir verið farið að að undanförnu, að vörur hafa verið fluttar með Bremnæs inn á höfnina, og róið þaðan á bátum inn í svo kallað Ker, en þaðan er hægt að flytja þær á hestum.

Jeg átti tal við erindreka gufuskipafjelagsins um þetta mál, og spurði hann að, hvort ekki mundi hægt að fá strandbátinn til að koma á staði þessa, að minnsta kosti koma því svo fyrir, að

þó þeir væru ekki teknir sem fastir viðkomustaðir upp á ferðaáætlunina, að henni þó yrði hagað svo, að báturinn hefði tíma til að koma þangað, ef ástæður leyfðu. Þá er jeg hafði skýrt málið fyrir honum, tók hann vel í málaleitan mína. Jeg gat vísað honum á hinn fyrverandi skipstjóra á Thyra, Garde, sem þar er kunnugur og þessu máli hlynntur, og vona jeg að svo fari þeirra á milli, að fjelagið hafi ekki á móti að báturinn komi á þessa staði. Það er óefað að bátur hefir mikið að gjöra þar; það hefir sýnt sig með Bremnæs, og mundi hann hafa haft meira, ef liðlegar hefði gengið með hann en raun hefir á orðið. Seinast í sumar hafði hann lofað að setja vörur upp við sandinn, og voru hjeraðsmenn komnir þangað með hesta sína, þegar hans var von, en hann sigldi fram hjá í það sinn, svo að menn urðu að fara fýluferð. Einum eða tveimur dögum síðar kemur hann optar með farm fyrir Þorstein borgara í Borgarfirði; þar var og þá öllu skipað í land, að því er mjer er sagt undir líkum ástæðum. Þetta sýnir að hægt er að flytja vörur þangað.

Wathne hefir og fyr flutt þangað vörur, svo að þegar er fengin reynsla fyrir, að á þennan veg má mjög ljetta flutninga fyrir hjeraðsbúum. Jeg vildi því óska að staðir þessir fengju að standa í tillögunni.

Framsögumaður (*Valtýr Guðmundsson*): Tillögumenn hafa nú ger grein fyrir tillögum sínum, og er því nokkru hægra að ræða það betur. Viðvíkjandi því sem h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) kvað samkomulag hafa verið komið á milli fjárlaganefndarinnar og erindreka gufuskipafjelagsins, um viðkomustaði strandbátanna, þá er það ekki fullkomlega rjett. Erindrekinn gekk inn á það, að bátarnir kæmu við á þeim stöðum, sem þingið tæki til, en gengið var út frá því, að þeir þyrftu að eins að koma á þessa staði á víxl.

Fyrst upplýsing er komin um það, að verzlun sje á Kolkuós, þá tel jeg rjett að taka hann upp á ferðaáætlunina, og þó að hann sje skammt frá Hofsós; þá er hins og að gæta, að því nær enginn krókur er að koma þangað.

Þá eru og komnar fram upplýsingar um að heppilegt geti verið að vestanbáturinn komi við á Straumfirði og í Borgarnesi í vestanleið; og þar eð ekki er farið fram á að það sje optar en í tveim ferðum, í maí og júní, þá getur verið álitamál, hvort rjett sje að hafa á móti því. Jeg skoða nú svo, að um það sje að velja að báturinn komi við á öðrum hvorum staðnum, Múlahöfn eða Lagarfljótsósi. Jeg hefi heyrt þess getið að Tuliniusi hafi ekki þótt tilvinnandi að láta bát sinn koma á Múlahöfn; en með því að fáir viðkomustaðir strandbátsins eru ákveðnir á Austurlandi, þá er þó *ef til vill ekki rjett að mótmæla því* að báturinn komi við á stöðum þessum; en heppilegra mundi að ákveða þó, að þetta skyldi því að eins verða, að veður og vindur leyfði, og væri það sett inn í athugasemdina aptan við tillöguna, og vildi jeg því óska að h. 1. þm. N.-Múl. (E. J.) tæki tillögu sína nú aptur, og kæmi henni svo að í h. Ed. í þeirri mynd, sem jeg nefndi. Jeg álít, að það geti verið nokkuð varasamt, að skylda bátinn til að koma við á þessum stöðum, sem eru allathugaverðir.

Björn Sigfússon: Þegar samgöngumálanefndin gerði þessa tillögu, var hún í talsverðum vafa um, hvort það væri rjett, að taka alla þessa staði, sem hjer standa; því að nefndinni var ljóst, að ef viðkomustaðirnir væru ákaflega margir, þá yrði það til að spilla fyrir ferðunum, gjöra þær svo seinfarar, að næstum yrði frágangssök fyrir ferðamenn að nota þær. Sjerstaklega voru ýmsir

í nefndinni móti því, að gert væri ráð fyrir eins mörgum viðkomustöðum á því svæði, sem ætlazt er til að sjerstakir flóabátar fari um.

Síðan þingsályktunartill. var prentuð hefi jeg komizt að raun um, að sumir þingmenn álíta einstaka staði tekna upp að óþörfu. Jeg skal fyrst nefna 18. liðinn: Aðalvík. Það yrði væntanlega lítil þörf fyrir ferðir þangað, sjerstaklega þar sem bátur sá, er gengur um Ísafjarðardjúp, gengur þangað að sjálfsögðu. Því næst skal jeg nefna 20. liðinn: Þaralátursfjörð. Þar stendur að líkindum svo á — jeg segi: að líkindum, því að jeg er því ekki nógu kunnugur — að enginn afgreiðsla er þar möguleg. Mjer hefir verið skýrt svo frá, að býlið Þaralátursvík sje stundum í eyði; svo að það eru lítil líkindi til, að þangað eða þaðan mundi verða nokkur verulegur flutningur.

Þetta eru þeir viðkomustaðir, er jeg hygg að mættu falla burtu af ferðaáætlun bátsins, sem ætlað er að ganga vestur um land.

Sumir af þeim viðkomustöðum, sem hinum bátnum eru ætlaðir, mættu kannske einnig falla burt. Jeg skal nefna þá, sem jeg sjerstaklega hefi hugsað mjer. En annars óska jeg þess, að kunnugir þingmenn gefi upplýsingar í þessu efni.

Jeg skal þá fyrst nefna 2. tölulið: Keflavík. Jeg held að það sje ekki nauðsynlegur viðkomustaður, af því að þar kemur Faxaflóabáturinn opt. Það getur og verið spurning um það, hvort það sje ekki óheppilegt, að þessi bátur verði til þess að keppa við Faxaflóabátinn; og þótt það gæti verið ástæða til að hann kæmi þar við einu sinni eða tvisvar, þá mundi það að öllum líkindum vera óþarfi að koma þar við 6 sinnum. Að öðru leyti vona jeg að h. þingmenn K.-G segi álit sitt um þetta. Annar staður, sem jeg vildi til nefna, er Kópasker. Vil jeg biðja h. þm. S.-Þing. (P. J.) að gefa upplýsingar um, hvort hann álíti nauðsynlegt að halda þeim stað.

Jeg held að það sje ekki alls kostar heppilegt, þar sem það er gert ráð fyrir því í niðurlagi tillögunnar, að bátarnir skuli hvergi koma sjaldnar við en 6 sinnum, þ. e.: í þrem ferðum fram og aptur. Að vísu er engin br.till. komin fram um það að breyta þessu; en ef fleiri verða á þeirri skoðun, mætti máske breyta þessu í Ed.

Viðvíkjandi þeim breyt.till., sem fram eru komnar, skal jeg geta þess, að jeg get fallizt á br.till. h. 1. þm. Skagf. (Ó. Br.). En viðvíkjandi hinum br.till.,um Múlahöfn eða Lagarfljótsós, og sömuleiðis br.till. h. þm. Mýr. (H. Dan.), er jeg alveg á sömu skoðun og h. frams.m. (Valt. G.)

Viðvíkjandi Lagarfljótsós eða Múlahöfn væri heppilegra að orða þetta öðruvísi og bæta því aptan við till. Standi þetta óbreytt, er skylt að austanbáturinn komi þrisvar sinnum við fram og aptur á þessum stöðum, en það ætla jeg að h. þm. N.-Múl. (E. J.) álíti ekki alveg nauðsynlegt.

Jeg vil biðja menn að hugfesta það, að það er varúðarvert að tiltaka mjög marga viðkomustaði, því þeir spilla fyrir ferðunum, og heldur ekki má taka þá staði með, þar sem ekki má búast við neinni afgreiðslu.

Eiríkur Gíslason: Viðvíkjandi 22. liðnum, Kópaskeri, ljet h. þm. Húnv. (Björn Sigf.) í ljósi efa um það, hvort sá viðkomustaður væri nauðsynlegur. Jeg er kunnugur þar og álít nauðsynlegra, að báturinn komi þar við, en á Raufarhöfn. Ef báturinn ekki kemur þar við, er þar með mikill hluti af

Melrakkasljettu, Núpasveit, Axarfirði og Kelduhverfi útilokað. Kelduhverfi yrði þá að sækja til Húsavíkur og hinar sveitirnar til Raufarhafnar. Kópasker er líka góður viðkomustaður; þar er góð höfn og þar hefir um mörg ár verið uppsigling. Þar getur líka verið afgreiðsla, því að tveir góðir bæir eru þar rjett við.

Jeg hygg það muni vera sprottið af ókunnugleik hjá h. þm. Húnv. (B. Sigf.), að hann var á móti þessum stað.

Þórður Thorodden: Út af orðum h. þm. Húnv. (Bj. Sigf.) skal jeg lýsa yfir því, að jeg álít alveg nauðsynlegt að strandbáturinn komi í þremur ferðum við í Keflavík. Það er aðalstaðurinn hvað mann-flutninga til austurlandsins snertir, bæði á vorin, þegar fólk fer til Austfjarða, og eins á haustin, þegar fólk kemur að austan. Undanfarin ár hafa farið þaðan um 1000 manns árlega austur. Þessar ferðir standa ekki í sambandi við Faxaflóabátinn, og það yrði ófær kostnaður fyrir fólk, að verða að flytja sig á Faxaflóabátnum sunnan að til Reykjavíkur til þess að nota strandbátinn. Ferðirnar til Keflavíkur þyrftu að vera á vorin og haustin, helzt í maí og september. Það er heldur enginn eða mjög lítil krókur, að koma við í Keflavík, og viðstaðan getur verið mjög stutt og tálmar því lítið; báturinn þarf að eins að hafa viðdvöl, meðan fólkið er sett í land og úr landi. Það er því nauðsynlegt að báturinn komi við í Keflavík, ef menn hugsa til að þetta fólk noti bátana. Annars verður að útvega önnur skip til þess, t. d. skip O. Wathnes. »Vesta« hefir líka komið þangað undanfarin ár til að sækja fólk, hefir meira að segja álitið tilvinnandi að koma þangað daginn áður en hún hefir lagt af stað austur, til þess að smala fólkinu saman.

Jeg get ekki verið h. þm. Húnv. (B. Sigf.) samdóma í því, að heppilegt sje að hafa viðkomustaðina sem fæsta. Jeg álít þvert á móti að þingið ætti að heimta þá sem flesta; því að engin hætta er á því, að gufuskipafjelagið gangi að of miklu; þegar stjórnin fer að semja við það, mun það hafa vit á að fella úr þá staði, sem það álítur ónauðsynlega eða lítt fært að koma á. Það er því engin ástæða fyrir þingið að fara að fækka viðkomustöðunum.

Tryggvi Gunnarsson: Jeg geri ekki ráð fyrir því, að forseti beri hvern einstakan viðkomustað undir atkv., heldur að eins þá staði, sem einhver óskar eptir að sjerstaklega verði bornir undir atkv.; annars tæki atkv.greiðslan allt of langan tíma. Jeg skal nefna þá staði, sem jeg óska að verði bornir upp sjerstaklega. Jeg tek þá fyrst Hvammsfjörð; þar vil jeg ekki að strandbáturinn komi við, og er það ekki af því, að jeg geti ekki unnt Hvammsfirðingum þess, heldur af því að sjerstakur »localbátur« á að ganga um Breiðafjörð; hann verður þó að hafa eitthvað að gera.

Því næst nefni jeg Skálavík, Patreksfjörð og Stöðvarfjörð. Jeg álít ónauðsynlegt að báturinn komi við í Stöðvarfirði, þegar hann kemur við á Fáskrúðsfirði.

Viðvíkjandi Lagarfljótsós og Múlahöfn, vil jeg biðja h. forseta um að sú breyt.till. verði borin upp í tvennu lagi, því að jeg ætla mjer að vera með Lagarfljótsós, en á móti Múlahöfn, því að þar er alls engin höfn, og illmögulegt að komast þangað landveg. Sömuleiðis verð jeg að vera á móti því, að strandbáturinn komi við á Straumfirði og í Borgarnesi; er það einkum vegna Faxaflóabátsins; hann verður að hafa eitthvað að gera. Þar á móti mæli jeg með Kolkuós, því þangað er lítill krókur.

H. 1. þm. K.-G. (Þ. Th.) vill, að strandbátarnir komi við á sem flestum stöðum, en þetta sprettur af misskilningi; jeg er viss um að það verður óvinsælt, það tefur svo tímann fyrir þeim, sem ferðast með bátunum.

Jens Pálsson: Jeg verð að segja það, að það datt ofan yfir mig, þegar h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) vildi sleppa Hvamms firði. Kringum hann liggur öll Dalasýsla, að undantekum 2 hreppum; og að ímynda sjer að báturinn hafi ekki mikið að gera, þegar um svona fjölmennt hjerað er að ræða, það þykir mjer undarlegt. Slíkt kemur líka í beina mótsögn við allt, sem þingið hefir gert viðvíkjandi Hvammsfirði. Það hefir varið 6000 kr. til þess að mæla upp Hvammsfjörð, og það hefir verið búið til glöggt kort yfir fjörðinn, sjálfsagt bezta kortið af innsiglingum í landinu.

Jeg get frætt menn á því, að jeg hef talað sjerstaklega við commandeur Garde einmitt um þennan stað; en hann hafði ekki minnstu ögn á móti honum. Þegar nú þess er gætt, að gufuskipafjelagið kemur til að hafa að minnsta kosti 3 stórskip, og að með þeim verða ekki strjálar ferðir, eptir því, sem fyrirhugað er, hvað eigum vjer þá að gera með 2 strandbáta, nema til þess að tína upp þá staði, sem hin skipin geta ekki komið á? Eiga þeir ekkert að gera? En ef það á að útiloka þá frá að koma á þessa staði, þá verður gagnið af þeim svo rýrt, að það kemur í bága við alla aðgerð og fyrirætlan þingsins í þessu efni. Faxaflóabátnum er ætlaður styrkur til að fara vestur á Breiðafjörð, en ekki mun hann fara meira en 3 ferðir þangað. Og þótt strandbáturinn kæmi við í 3 ferðum, yrðu bátaferðirnar að eins 6 alls, og er það sannarlega ekki of mikið. Hvar á landinu verða þær færri? Því að jeg býst við að strandbátarnir geti farið 6 eða 7 ferðir. Það hefir verið gengið út frá því, að þessir strandbátar þyrftu að standa svo lengi við á hverjum stað. En þetta er ekki rjett. Því það hefir sýnt sig með Faxaflóabátinn, að hann hefir opt ekki haft meira en $^1/_2$—1 tíma viðdvöl á hverjum stað. Smábátarnir þurfa yfirleitt miklu styttri viðstöðutíma en stórskipin, sem ekki leggjast eins nærri landi.

Jeg held þetta sje allt of mikil hræðsla, því að það er ekki lítið, sem þessir gufubátar geta afrekað á ekki styttri tíma, frá því í aprílmánuði. Mjer finnst það í hæsta máta ósanngjarnt, að fráskáka stöðum gagni, sem búið er að kosta svo miklu til að þeir geti haft af þessu. Mjer finnst náttúrlegt, þótt menn gerðu uppþot út af slíku.

Þaraláturfjörður er sá eini staður, sem jeg sje ástæðu til að skilja frá, ef rjett hefir verið sagt frá.

Hvað snertir mótbárur h. 1. þingm. Árn. (Tr. G.) á móti því, að strandbáturinn komi við í Borgarnesi og Straumfirði, þá verð jeg að segja, að mjer hefir skilizt svo, að hann ætti að flytja vörur af vesturlandi þangað, einkum hval. Mjer er það kunnugt, að þangað hafa verið fluttir heilir skipsfarmar af hval, og þess vegna getur það verið þýðingarmikið, að báturinn komi við á þessum stöðum einmitt þegar hann kemur að vestan. En þá tekur hann ekki neitt frá Faxaflóabátnum, því að hann flytur ekki vörur frá Vesturlandi. Að vilja banna þennan hvalflutning, það verð jeg að kalla hreinustu meinsemi.

Svo skal jeg ekki fara fleiri orðum um þetta, en verð harðlega að mótmæla því sem ósanngjörnu — já sem óhæfu —

að strika Hvammsfjörð út af ferðaáætlun strandbátanna.

Einar Jónsson: Það var óskað eptir, að jeg tæki aptur þessa breytingartill., og af því að jeg sje, að það getur orðið eins gott fyrir málið, þá geri jeg það hjer með. Jeg vil að eins taka það fram gagnvart h. 1. þm. Árn. (Tr. G.), að á Múlahöfn er ekki eins vond höfn, eins og hann álítur, og þangað hefir opt verið fluttur mikill flutningur með Bremnæs, og þannig voru fluttir þangað í fyrra 2 skipsfarmar, en þangað er ómögulegt að sækja á landi á hestum.

Framsögumaður (Valtýr Guðmundsson): Nefndin getur gengið inn á, að þetta sje tekið aptur, en annars vill nefndin halda stöðunum eins og þeir eru.

ATKV.GR.:

I. 1— 6 samþ. í einu hljóði.
7 — með 14 samhlj. atkv.
8—15 — í einu hljóði.
16 — með 14 samhlj. atkv.
17 — í einu hljóði.
18 — með 10 samhlj. atkv.
20 tekinn aptur.
19—29 samþ. í einu hljóði.
Viðaukatill. á þingskj. 395 samþykkt með 15 samhlj. atkv.
30 samþ. með 14 samhlj. atkv.
31 — — 13 — —
32—36 — í einu hljóði.

II. 2. liður samþ. með 16 samhlj. atkv.
Hinir liðirnir: 1., 3.—24., 26.—29. samþ. í einu hljóði.
25. liður tekinn aptur.
Athugasemdin samþ. í einu hljóði.
Viðaukatill. á þingskj. 514 samþykkt með 15 samhlj. atkv.

Tillagan var síðan afgreidd til efri deildar.

Fertugasti og fimmti fundur,

mánudaginn 23. ágúst, kl. 12 á hádegi. Allir á fundi.

Frumv. til laga um bann gegn botnvörpuveiðum (C. bls. 591, 594); ein umr.

Framsögumaður (Guðlaugur Guðmundsson): Jeg vona að ekki þurfi að verða langar umræður um þetta mál í dag. Það var ýtarlega skýrt við 3. umræðu hver afstaða þessa máls væri, svo að jeg vona, að jeg þurfi ekki að fara frekara út í það í dag. Það var tekið fram þá, og jeg er þeirrar skoðunar enn, að þessi breytingartill., sem hjer er enn framkomin, um að fella burtu niðurlag 3. gr., sje þýðingarlaus til þess að girða fyrir að útlendingar geti náð innlendum sjerrjettindum. Jeg get ekki sjeð, að eptirlitið verði í neinu betra, nje heldur að með því sje hindrað, að útlend botnvörpuskip komi. En ákvæðið um það, að botnvörpuveiðendur megi ekki fiska í landhelgi, stendur óhaggað eptir sem áður í lögunum. Jeg vil ekki tefla á tvær hættur með því að gjöra þessa breytingu, að samningar komizt ekki á, og mæli því eindregið á móti breytingartill.

Þórður Thoroddsen: Við höfum leyft okkur að koma fram með samskonar breyt.till. nú og áður við 3.; umr. h. efri deild hafði að vísu fellt hana burtu, en með mjög litlum atkvæðamun. Jeg þarf ekki að fara mörgum orðum um, hvaða afleiðingar það mundi hafa ef þessu ákvæði væri haldið, því jeg álít að það hafi nægilega verið skýrt við 3. umr. hjer í deildinni. Það var þá sýnt fram á, að innlend skip mundu ekki verða bundin við sömu línu í Faxaflóa sem Englendingar, og að það mundi auðsjáanlega verða til þess, að laða botnvörpuveiðendur að landinu. Til sönnunar því, hvaða áhrif þetta ákvæði mundi hafa, ef það væri látið standa

óbreytt, skal jeg leyfa mjer að skýra frá, að jeg hefi frjett, að maður einn í nærliggjandi kauptúni hafi í hyggju ef ákvæðið er látið halda sjer, að fara þegar til Englands, mynda þar fjelag og fá upp skip undir sínu nafni til þess að reka hjer botnvörpuveiðar. Aflann á svo að leggja upp í kauptúni, sem er ekki langt frá mjer. Hvaða áhrif þetta mundi hafa á fiskiveiðar í sunnanverðum Faxaflóa skal jeg ekki lýsa, en jeg vildi nærri því óska að hinn h. þingd.menn væru staddir hjer suður með sjónum og horfðu á, þegar botnverpingar eru að raka fiskimiðin, og þá þætti mjer fróðlegt að sjá, hvort þeir kæmust ekki á aðra skoðun. Jeg skal ekki fjölyrða frekara um þetta mál að þessu sinni, en jeg get ekki álitið annað en að þetta ákvæði — sem jeg vil nefna fleyg — sje til ills eins, og jeg þyrði óhræddur að mæta frammi fyrir minum kjósendum, þó jeg stæði upp á móti frumvarpinu, ef þessum fleyg er haldið í því. Að öðru leyti verð jeg að álíta að lög þessi sjeu mjög óheppileg í heild sinni; þau veita botnverpingum rjettindi, án þess nokkur trygging sje fyrir að þeir haldi það sem lofað er á móti, og hví skyldu þeir fremur víla fyrir sjer að brjóta þessa línu sem þeir lofa að halda, heldur en að brjóta landhelgislínuna sem nú er, þar sem þeir nú halda sig daglega í landhelgi?

Jeg álít að lögin hafi lítla þýðingu, meðan ekki er stöðugt varðskip hjer á flóanum.

Benidikt Sveinsson: Það var eitt atriði hjá h. 1. þm. K. G. (Þ. Thor.), sem mjer þótti athugavert, þar sem hann sagði að þetta ákvæði hefði þau áhrif, að innlend skip gætu brotið lögin og færu ekki eptir þessari línu, en einmitt fyrir þá gildir ákvæðið frá 20. septbr. 1812 um eina danska mílu frá yztu annesjum. Þetta er alveg áreiðanlegt, og jeg get skírskotað tit orða konungsfulltrúa 1869 því til sönnunar, að þau lög eru ekki fallin úr gildi. En það var líka önnur athugasemd, sem hann gjörði, og sem jeg get verið honum samdóma um, að þetta frumvarp fer í raun-inni fram á tilslökun, sem jeg í raun og veru er alls ekki samþykkur, heldur hefði jeg fyrir mitt leyti helzt óskað, að lögin gegn botnvörpuveiðendum hefðu verið skerpt að miklum mun, að því fráskildu, sem þjóðarjetturinn útheimtar, en jeg hefi beygt mig fyrir kringumstæðunum, eins og lítillega er gefið til kynna í nefndarálitinu, til þess að fá sjerstaka undanþágu fyrir Faxaflóa. Tilslökunin er, segi jeg, einkum og aðallega gjörð fyrir menn við Faxaflóa, og jeg vil lýsa því yfir, að ef stjórnin ekki getur fengið tryggingu fyrir því, að þessi lína, sem hjer er farið fram á, verði haldin af Englendingum, þá óskaði jeg helzt að lögin yrðu ekki staðfest, og er það í fyrsta sinn, sem jeg óska þess, að lög frá alþingi verði eigi staðfest. Mjer þykir það satt að segja koma úr harðri átt, þar sem h. 1. þm. Kjósar- og Gullbr. (Þ. Th.) vil koma fram þessari breyt.till., ef hann vill eins og hefnast á öllum Íslendingum fyrir það, að við gjörum þessa tilslökun fyrir þá, sem búa við Faxaflóa. Gæti menn að því: Við rýmkum til um aðrar hafnir, einungis til þess að fá Faxaflóa friðaðan. Mjer finnst þessvegna þetta koma úr nokkuð harðri átt. Ef innlendur maður vill eiga botnvörpuskip, vill þm. þá meina honum að sigla út á hafið, sem öllum öðrum, jafnvel Hundtyrkjanum er leyfilegt? Vill hann friða allt hafið fyrir Íslendingum einum? En er hafið ekki óbeinlínis friðað fyrir þeim, ef þeir ekki mega koma með afla sinn inn á ísl. hafnir, mega ekki flytja björg á land, til þess

máske að seðja hungraða? Jeg er nú líka viss um, að ef þm. athugar það nákvæmar, þá sjer hann það, að innlend botnvörpuskip eru bezta meðalið til að hindra yfirgang útlendra. Þau hefðu sama flýti sem hin og gætu skrifað upp númer þeirra og nöfn, og þessi skip stæðu þar að auki undir okkar lögum.

Það er meira að segja gömul ákvæði til í vorri löggjöf og alls ekki röng, að heimta, að botnvörpuskip, sem brotið hefir í landhelgi, sje gert upptækt, en þá voru þó í lögunum jafnan tilteknar 4 mílur sem friðhelgar skylda vera fyrir utanríkis fiskiskipum kringum allt landið frá yztu annnesjum. Það særir að minnsta kosti mína tilfinningu, að menn skuli vilja láta sjer detta í hug að setja lagaákvæði sem sviptir Íslendinga þeim rjetti, sem þeir eptir Guðs og manna lögum hafa: að leita sjer bjargar af sjónum. Setjum svo að hjer sje hallæri, en úti fyrir liggur íslenzkt botnvörpuskip með nægan fisk; er þá nokkur meining í að banna því að færa afla sinn á land? Jeg er sannfærður um að h. þm. K. G. (Þ. Th.) gerir það í góðri meiningu að mæla fram með þessu ákvæði, en jeg er einnig viss um að hann hefir ekki hugsað málið nógu rækilega, annars gæti hann ekki haldið þessari og þvílíkri óhæfu fram. Jeg bið bæði h. þm. (Þ. Th.) og deildina að skilja þetta ekki svo, sem mjer sje þetta persónulegt kappsmál, en jeg mæli svo fast á móti ákvæðinu vegna þess, að jeg álít að það sje óhæfa gagnvart Íslendingum að halda því fram.

Þórður Thoroddsen: Jeg ætla að minna h. þm. N. Þing. (B. Sv.) á, að aðalástæðan meðmælanda þessa fleygs er sú, að það sje óviðurkvæmilegt að meina landsins börnum jafnrjetti við útlendinga; en er það þá ekki mótsögn að vilja láta Íslendinga búa undir öðrum ákvæðum en þessa útlendinga? Svo vil jeg benda á, að því er landhelgislínuna snertir, að danska stjórnin þegar hún samþykkti botnvörpulögin 1894 ætlaðist án efa til, að sama landhelgi gilti fyrir Íslendinga og aðrar þjóðir; þar er bannað að veiða með botnvörpum í minni fjarlægð en 3 kvartmílur undan landi og hlýtur það að gilda Íslendinga jafnt og aðra, og sje jeg ekki betur en að hin gamla landhelgislína, sem h. þm. (B.S) er að tala um, sje einmitt upphafin með þessum lögum. H. þm. (B. S.) sat á þingi þegar þessi lög voru samin; því kom hann þá ekki fram með þetta? Et nauðsyn er á þessu ákvæði nú, hefir einnig verið þörf á því þá. Ef rjettur er brotinn á »landsins eigin börnum« nú, þá hefir hann líka verið brotinn þá. Því leið hann það? Jeg veit ekki til þess að neinn hjer á Íslandi sje að hugsa um að fara að stunda botnvörpuveiðar, nema að eins til að fara í kringum lögin.

Í 3. gr. frumv. er innlendum botnvörpuveiðendum heimilað að afferma afla sinn hjer. En hjer er enginn markaður fyrir kola og lúðu, og það er einmitt það, sem botnvörpuveiðendur helzt leggja sig eptir. Hjer er að eins markaður fyrir þorsk og ýsu, en það vilja útlendir botnvörpuveiðendur ekki. Afleiðingin af þessu ákvæði yrði þá að eins sú, að innlendir botnvörpuveiðendur færu að leggja sig eptir þorskveiðum, rökuðu þorskmiðin og ónýttu þau fyrir fáta-klingum. Svo var h. þm. að tala um að íslenzkir botnvörpuveiðendur væru beztur hemill á útlendum botnvörpuveiðendum, en það get jeg ekki skilið. Jeg hef ekki sjeð merki þess að Íslendingar væru löghlýðnari en aðrar þjóðir, og ef útlendingar sjá sjer hag í að veiða í landhelgi og gera það, þá held jeg Íslendingar geri það líka, og verði fegnir að þegja hver

yfir öðrum. Með þessu yrðu útlendir botnvörpumenn veiddir að landinu gegn tilgangi laganna. Jeg sje ekki að með því að nema þetta ákvæði burt sje neinn rjettur brotinn, því nú sem stendur er ekkert innlent botnvörpuskip til, og er allt af nógur tíminn að koma með nánari ákvæði þegar þar að kemur.

Það er eitt, sem flutningsm. frv. ekki hafa haft í huga, og virðast ekki taka til greina, og það er að botnvörpumenn eyðileggja fiskiríið við strendur landsins; það er fullsannað bæði af reynslu Íslendinga og annara þjóða. Það kemur auðvitað mikill afli á land við botnvörpuveiðarnar, en það er eingöngu hagur fyrir þá, sem eiga botnvörpuskipin, en slík skip geta ekki eignazt nema auðmenn, þeir sem sízt þurfa þess með, en er eyðileggjandi fyrir fátæklingana, sem lifa á fiskiveiðum. Jeg vil ekki greiða atkvæði með neinu, sem getur miðað til að auðga einstaka menn, um leið og það verður til niðurdreps fyrir fjöldann, án þess þó að jeg að nokkru leyti sje á móti því, að auðmenn komi upp í landinu.

Benedikt Sveinsson: Jeg sje ekki ástæðu til að tala mikið að þessu sinni. H. þm. K-G. (Þ. Th.) sagði, að jeg hefði haldið því fram, að setja innlenda botnvörpumenn undir strangari lög en útlendinga, með því að segja að línan væri 1 danska mílu undan yztu annesjum. Það var ekki meining mín; en jeg hjelt því fram, að ef dönskum lögum væri fylgt, þá væri landhelgislínan þar. Ef útlendingar fá að fiska 3 enskar mílur undan landi, þá er eigi að síður sjálfsagt að Íslendingar fái það líka, og vildi jeg að eins taka það fram, að lögin ættu ekki að vera rýmri hvað það snertir fyrir Íslendinga en aðra, en hins vegar heldur ekki rjett, að útiloka Íslendinga frá þeim sviðum á hafinu, sem öðrum eru heimil. Jeg skil ekki að h. þm. skuli ekki geta verið mjer samdóma um annað eins mál og þetta. H. þm. K.-G. (Þ. Th.) sagði, að jeg hefði átt að koma með þetta þegar botnvörpulögin síðast voru samin 1894, en þm. gætir þess ekki, að í þeim lögum lá ekki fyrir að ákveða um landhelgislínuna; þá var gengið út frá því sem sjálfsögðu, að eptir eldri dönskum lögum er hún 1 mílu undan landi. Ef hún á að verða nú 3 kvartmílur undan landi, þá er hún það jafnt fyrir Íslendinga og aðra, en enn þá er ekki formlega búið að ákveða með lögum annað en að línan liggi 1 danska mílu undan landi. Það er ekki hætilegt að þau orð falli hjer í þingsalnum, sem geti orðið til þess að stjórnin ekki skilji, að það sje nauðsynlegt að vernda strendur landsins gagnvart yfirgangi útlendra manna.

H. þm. G.-K. (Þ. Th.) tók fram ýmislegt annað viðvíkjandi botnvörpuveiðunum og spyr mig, hvað botnvörpumenn eigi að afferma hjer. Þeir eiga að afferma það sem þeim lízt, hvort heldur er þorsk eða annað. Eða eru Íslendingar kanske orðnir svo fínir að þeir geti ekki jetið kola og heilagfiski? Það er allt af markaður fyrir þetta hjá þeim, sem eru svangir, og það situr illa á Íslendingum að vera að þeytast með það til útlanda, þegar nóg er þörfin heima fyrir. Hjer er líka íshús til að geyma í heilagfiski og veit jeg til þess, að hjeðan hefir verið sent heilagfiski til Englands svo miklu hefir numið. En botnvörpumenn fiska líka þorsk, ýsu og stútung, hvort sem þeir vilja eða ekki í botnvörpur sínar á sjávarbotninum, og veit jeg ekki betur en að menn nú hver í kapp við annan úr kjördæmi h. þm. þjóti með tóbak og brennivín út í botnvörpumennina erlendu einmitt til þess að kaupa þennan fisk af þeim.

En því mega Ísl. ekki fiska þetta sjálfir og fara í land með?

H. þm. tók það fram að jeg hefði sagt að íslenzkir botnvörpumenn mundu hjálpa stjórninni til að verja landhelgina, en það vill hann ekki heyra, og uppástendur meira að segja að þeir muni brjóta í kapp við hina. Jeg segi að við getum vel haft hemil á íslenzkum botnverpingum, ef þörf gerist, því þeir eru undir innlendu löggjafarvaldi. Það er auðvitað að það mundi uppörfa útlendinga til að brjóta, ef þeir sæju að Íslendingar færu að brjóta sín eigin lög, en jeg get ekki ætlað Íslendingum svo lúalegan hugsunarhátt. Slíkt má maður ekki koma með hjer í salnum, en ef svo skyldi fara, sem hann segir, þá get jeg verið honum samdóma í því að það sje rjett að beita ströngum reglum. Jeg vildi óska að h. þm. sjálfur ætti botnvörpuskip og jeg er fullviss um að hann mundi brúka það innan þeirra takmarka, sem lögin heimila.

Skúli Thoroddsen: Mig furðar þetta kapp sem kemur fram í umræðunum um þetta mál. Við síðustu umr. var meiri hluti atkvæða með nafnakalli á móti því, að hafa það ákvæði í lögunum, sem hjer um ræðir, og nú ætlast menn til þess, að deildin jeti þá atkvæðagreiðslu ofan í sig aptur. Og það kynlegasta er, að hjer er verið að ræða um að setja lög fyrir innlend botnvörpuveiðiskip, og þó er engin slík fleyta til á öllu Íslandi, og engin ósk hefir komið frá þjóðinni um rjett til innlendra botnvörpuveiða. Það má þó furðu gegna, ef meiri hluti þjóðarinnar er þjakaður af því, að mega eigi fiska með botnvörpum, og engar kvartanir hafa þó heyrzt í þá átt. En það sanna er, að engin minnsta þörf er á þessari lagaákvörðun, nema meiningin sje, að gefa einstökum mönnum kost á því, að græða nokkrar krónur með því, að gerast »leppar« fyrir útlendinga. En getur nokkur maður búizt við, að þingið setji lagaákvæði, sem heimilar þetta leppasystem? H. þm. K. G. (Þ. Th.) gat þess að einn maður í Keflavík væri farinn að búa sig til ferðar til að bjóða Englendingum nafn sitt sem lepp. Það er fyrsti ávöxtur þessarar heimskulegu lagagreinar. Jeg sýndi og við síðustu umræður fram á, hve ljett væri að fara í kring um lögin að því er skrásetningu skipanna snertir, og tók þar fram sem dæmi hvalveiðamenninna hjer við land. Skipin eru eign norskra hlutafjelaga, en eru þó greiðlega skrásett sem innlend hjer. Sama yrði ofan á í þessu tilfelli, ef innlendum mönnum verða veitt sjerrjettindi í þessa átt, sem frv. fer fram á, því það mundi leiða til þess, að enskir botnvörpumenn mundu kaupa menn hjer fyrir 1000 kr. eða svo, til að lána nafn sitt. Með því stofnuðum við fiskiveiðum fjöldans í mikinn voða, sjerstaklega þar sem þetta mundi leiða til þess, að farið yrði að stunda þorskveiðar á botnvörpuskipum, og ekki mundi sá þorskur ganga hjer upp að ströndinni, sem þannig væri veiddur. Menn segja að eptirlitið yrði auðveldara, þar sem skipin gengju undir dönsku flaggi, en hvernig getur það verið? Hvernig getur varðskipið haft nákvæmt eptirlit, ef fjöldi skipa með dönsku flaggi er fyrir innan línu? Það mundi einmitt verða til þess að gera eptirlitið ómögulegt.

H. þm. N.-Þing. (B. Sv.) byggir mikið á því, að þessi innlendi floti, sem hann færir í munninum, muni styðja eptirlitið með útlendum botnvörpuskipum. En þessu fer fjarri, meðal annars af því, að það er einmitt hætt við, að útlend botnvörpuskip ekki sjáist hjer framar eptir nokkur ár; þau munu heldur kjósa »leppana«, og að vera undir innlendu flaggi. Hann sagði enn frem-

ur að menn mættu ekki byggja lög á ódyggðum þjóðarinnar; en þetta er fjarstæða, því að einmitt á þeim eru og verða flest lög að byggjast.

Yfir höfuð er jeg þeirrar skoðunar, að það væri betra að frumv. fjelli og að allt stæði við lögin frá 1894 en að frumv. verði samþykkt ef þetta ákvæði ekki kemst að; og þá myndi líka full ástæða til að kalla þetta þing: »Þingið illa«, ef það, — eptir að hafa ofurselt einu útlendu fjelagi alla vöru og farþegaflutninga um 5 ára tíma, og eptir að hafa hafnað þýðingarmiklum umbótum á stjórnarhögum landsins —, endar nú með því, að opna útlendum sjóræningjum allar hafnir og landhelgissvæðið, til að spilla og eyðileggja annan aðalatvinnuveg landsins eigin barna.

Frams.m. (*Guðl. Guðmundss.*): Mig furðar á því, að h. þingdm., sem komið hefir með breyt.till. um að nema þetta ákvæði úr frumv., skuli leggja svo mikla áherzlu á þetta atriði. Þeir byggja mótbárur sínar á hugarburði og gjöra sjer grýlu út af því, sem enginn fótur er fyrir. Hvað er hjer um að ræða? Það eina, sem jeg sje, er það, að Íslendingum er gjört erfiðara en öðrum að stunda fiskiveiðar á svæði, sem öllum öðrum þjóðum er heimilað fyrir sínu landi. Hvaða ástæða er til að útiloka þá frá að stunda fiskiveiðar á þessu svæði? Flytjendur breyt.tillögunnar segja, að þeir geti misbrúkað þetta leyfi til að láta útlendinga fá sama rjett undir sínu nafni. Jú vel, en útlendingar geta eptir gildandi lögum veitt fyrir utan landhelgi, en ekki fyrir innan hana, og það geta þeir heldur ekki í sambandi við innlenda menn, því þeir mega heldur ekki veiða með botnvörpum innan landhelgi. Það er þetta, sem þessir h. þingdm. villast á eða vilja telja öðrum trú um, að með þessari heimild í frumv. sje Íslendingum hleypt inn fyrir landhelgina með botnvörpur. Það er lagabrot að veiða með botnvörpum innan landhelgi, og lagabrot geta allt af átt sjer stað, en þau getum vjer ekki fyrirbyggt með löggjöf vorri. Það er lögregluvaldið, sem á að fyrirbyggja þau. Að nema þetta ákvæði úr frumv. er sama sem að útiloka Íslendinga frá þeim atvinnuvegi hjer við land, sem allir viðurkenna að sje arðsamur, og sem útlendingar gjöra sjer að fje. Jeg skal benda flytjendum breyt.till. á, að það er svo langt frá að þeir bægi útlendingum frá landinu með því að nema þetta ákvæði burtu, að þeir þvert á móti gjöra það að verkum, að þeir geti rekið hjer þessa atvinnu sína óhindraðir.

H. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) sagði, að samskonar breyt.till. hefði verið samþykkt hjer með nafnakalli og því mundi enginn þingdm. ganga nú frá atkv. sínu. En málið horfir allt öðru vísi við oss nú. Þá var mönnum hjer talin trú um, að h. Ed. væri þetta ekkert kappsmál; en nú er það komið í ljós, að einnig þetta var fluga, því að h. Ed. hefir aptur sett inn ákvæðið, sem hjer var fellt, og sýnt með því, að henni var þetta einmitt kappsmál.

Jeg vil segja, að þó þingið sje búið að gjöra margt óhappaverkið í sumar, þá yrði það þó, að minnsta kosti frá sjónarmiði Faxaflóamanna, eitt þess versta óhappaverk, ef þetta mál yrði ekki útkljáð. Því að ef frumv. verður ekki samþykkt, þá höfum vjer hótanir flotaforingja Atkinsons um það, að enskir botnverpingar verði varðir með vopnum, meðan þeir fiska ekki nær landi en $^3/_4$ mílu.

Það, sem þingið á að vinna að nú, er að gefa stjórninni kost á að geta samið við Englendinga um að fá vernd

fyrir Faxaflóa og aðra firði á landinu frá þessum yfirgangi og því óbætanlega tjóni, sem hann bakar hjerlendum mönnum. Þetta vilja formælendur þessara hjeraða hindra með mótbárum, sem ekki eru neitt annað en grýla.

H. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) benti á hvalaveiðarnar fyrir vestan sem dæmi þess, að útlendingar mundu einir hafa hag af þessu margumrædda ákvæði. Jeg hefi áður tekið skýrt fram skoðun mína á hvalveiðunum hjer, og skal ekki taka það upp aptur hjer. En jeg skil ekki, hvaða ódæði það er, að gjöra ráð fyrir því, að atvinnuvegirnir geti vaxið hjer á landi, eða hvaða ódæði það er, að gjöra ráð fyrir því, að Íslendingar reyni að koma upp hjá sjer botnvörpuveiðiflota til að keppa við hinn útlenda flota. Að vilja hindra slíkt af ótta fyrir því, að lögin muni þá verða fremur brotin, nær engri átt. Jeg skil ekki að eptirlitið yrði erfiðara, þó að Íslendingar ræki líka botnvörpuveiðar. Jeg hefi t. d. ekki heyrt, að eptirlitið með frakknesku fiskiskipunum hafi orðið erfiðara, síðan Íslendingar sjálfir fóru að stunda fiskiveiðar á þilskipum. Jeg held þvert á móti, að það hafi orðið ljettara. Það er ekki annað en vandræðagrýla, að Íslendingar muni fara að hylma yfir með útlendingum. Þá er það slagorð, að fiskiveiðunum verði stofnað í voða með þessu ákvæði, ekkert annað en grýla.

Jeg hefi yfir höfuð að tala ekki heyrt eina einustu frambærilega ástæðu fyrir breyt.tillögunni, en jeg hefi heyrt það ráðgjört, að fella frumv., ef breyt.till. verður ekki samhykkt. Er það þá meiningin að vilja lofa Englendingum að fiska í landhelgi og eyðileggja alla veiði fyrir landsmönnum, en útiloka Íslendinga frá að stunda veiðina á því svæði, sem öllum er heimilað? Mjer finnst það nauðgun á heilbrigðri skynsemi, að ætlast til að nokkur gangi inn á slíkt.

Jens Pálsson: H. framsögum. (Guðl. G.) sagði, að þingið ætti með þessum lögum að gefa stjórninni kost á, að ná samningum við Engl. til að vernda Faxaflóa og aðra firði. Setjum að samningar náist við Engl. um Atkinsons-línuna á Faxaflóa, línu sem liggur mun dýpra en $^3/_4$ mílu, landhelgislínan. Eptir sem áður mundu aðrar þjóðir en Engl. halda sig við $^3/_4$ mílu takmarkið, og trola á svæðinu milli Atkinsons-línunnar og $^3/_4$ mílu línunnar, og innlendu skipin auk þess, — ef viðaukinn kemst að — flytja aflann í land. Skyldi þá ekki hinum ensku trollurum þykja fýsilegt, að fá sjer íslenzka leppa, ef þeir með því móti bæði ná auknu veiðisvæði og fermingar- og affermingarrjetti hjer á höfnunum. En fari hinir ensku trollarar fyrir alvöru og almennt að brúka ísl. leppa, hvaða gagn verður þá að þessari Atkinsons línu, sem nú er verið að berjast fyrir með því að veita tilslakanir á botnvörpulögunum?

Sami h. þm. álasaði oss, sem flytjum breyt.till., fyrir, að vjer legðum svo mikið kapp á að fá þetta ákvæði burtu og að við með því stofnuðum málinu í voða. En það erum ekki við, sem höfum sett þetta ákvæði inn í frumv. Það eru aðrir, og þeir eru það, sem etja hjer kappi og stofna málinu í hættu, ef annars um hættu er að ræða, sem jeg sje ekki að sje enn, því vitanlega er enn nægur tími til að koma málinu í sameinað þing.

Það er engin ástæða til að væna oss þess, að við viljum fá þessi lög eyðilögð, til þess að Englendingum gefist kostur á að skafa botninn hjer á grunnmiðunum. Jeg frábið oss þá getsök, enda er vitanlegt, að frumv. verður samþykkt, þó breyt.till. gangi ekki fram.

Það er engin ástæða til að láta sjer detta annað í hug.

H. framsögum. (Guðl. G.) sagðist ekki hafa heyrt neina skynsamlega ástæðu fyrir því, að nema þetta ákvæði burtu. En þó menn vilji ekkert gjöra úr öðrum ástæðum, þá verður þó ætíð eptir ein ástæða, sem ómögulegt er að dæma gildislausa. Það eru margir vitnisburðir og sannanir fyrir því, að það borgar sig ekki að veiða þorsk, ýsu og þess háttar fiskitegundir með »trawl«, á meðan botnvörpuveiðarar mega ekki leggja þessa vöru hjer á land. Þess vegna er ekki hætt við, að þeir slái sjer á þessar fiskitegundir, sem öll atvinna sjávarmannsins byggist á, sjer í lagi þar sem þorskurinn er. En ef þessi fermingar- og affermingarrjettur verður settur inn í lögin, þá verður öllum botnvörpuskipum opnuð leið til að veiða þessar fiskitegundir. (*Guðlaugur Guðmundsson*: Fyrir utan landhelgi). Okkar fiskimið ýms eru fyrir utan landhelgi. Nú mun það vera staðhæft af öllum, sem um botnvörpuveiðar hafa ritað, að botnvörpuveiði sje skaðleg veiðiaðferð; en ef svo er, þá er stór hætta, að opna mönnum mögulegleika til að slá sjer á þorskveiðar með botnvörpum, og þó er þetta einmitt gjört með þessu ákvæði frumv. Því þegar þeir mega flytja aflann í land hjer, þá geta þorskveiðarnar farið að borga sig. (*Guðl. G.*: Nú fleygja þeir þorskinum í sjóinn!). Jú, en þeir varast að veiða hann. Þeir eru að flækjast með það, sem þeir fá af honum á þilfari, þangað til þeir ná í einhvern úr landi, sem vill hirða hann fyrir lítið eða ekkert, eða þá að þeir fleygja honum út.

Á þá að opna mönnum mögulegleika til að stunda þorskveiki hjer við land með »trawls«? Það er spurningin, sem hver verður að svara sjer sjálfum og haga atkvæði sínu eptir. Af því að jeg er á móti þessari veiðiaðferð og jeg þykist sjá, að þessi fleygur í frv. geti orðið háskagripur fyrir fiskiveiðar landsmanna, þá legg jeg það enn til, að þessi fleygur verði numinn burtu, en það verður með því að samþykkja breyt.till. á þingskj. 536.

Forseti bar þá, eptir ósk 8 þingdm., upp til atkvæða, hvort umr. skyldi hætt, og var það samþ.

Guðlaugur Guðmundsson, framsögum. nefndarinnar, kvaðst lýsa því yfir á undan atkvæðagreiðslunni fyrir nefndarinnar hönd, að hún vildi, að frumv. yrði því að eins staðfest sem lög, að samningar þeir kæmust á, sem stjórn Íslands er ætlað að gjöra við stjórn Englands út af enskum botnvörpuveiðiskipum hjer við land.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. á þingskj. 536 felld með 12 atkv. á móti 11, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Sigfússon,	Einar Jónsson,
Halld. Daníelsson,	Klemens Jónsson,
Jens Pálsson,	Bened. Sveinsson,
Jón Jensson,	Eiríkur Gíslason,
Jón Þórarinsson,	Guðjón Guðlaugss.,
Ólafur Briem,	Guðl. Guðmundsson,
Skúli Thoroddsen,	J. Jónss., (A.-Sk.),
Tr. Gunnarsson,	J. J., 2. þm. Eyf.),
Valt. Guðmundss.,	Pjetur Jónsson,
Þórð. Thoroddsen,	Sighv. Árnason,
Þorl. Guðmundss.	Sigurður Gunnarss.,
	Þórður Guðmundss.

Frv. óbreytt samþ. með 15 : 1 atkv. og afgreitt til landsh. sem *lög frá alþingi*.

Frumv. til laga um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi (C. bls. 586, 592); ein umr.

Framsögumaður(Guðlaugur Guðmundsson): H. Ed. hefir gjört dálitla breyt-

ingu á frumv., síðan það fór hjeðan, og af því að öll nefndin er á því, að þessi breyting sje til bóta, ræð jeg h. þingd. til að samþ. nú frumv.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. með 14 samhlj. atkv., og afgreitt til landsh. sem *lög frá alþingi.*

Tillaga til þingsályktunar um Hallormsstaðarskóg (C. bls. 581); hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á einni umr. og var hún samþ. með 16 atkv.

Tillaga til þingsályktunar um fjárhald Vestmannaeyjakirkju (C. bls. 581); hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á einni umr. og var hún samþ. með 18 atkv.

Tillaga til þingsályktunar um bygging á steinhúsi handa pósthúsi og banka m. m. (C. bls. 592); hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á einni umr., og var hún samþ. með 17 atkv.

Frumv. til fjárl. fyrir árin 1898 og 1899 (C. bls. 551, 583, 584—585, 593—595); ein umr.

Framsögumaður (*Jón Jónsson*, 2. þm. Eyf.): Eins og sjá má, hefir h. Ed. gert margar og mikilvægar breytingar á fjárlagafrumv., og þótt hún hafi reynt að spara, þá hefir tekjuhallinn að eins minnkað um 30—35,000 kr.; og þegar þess er gætt, í hvaða grein þessi sparnaður er fólginn, þá sjest það, að lækkunin er mest á þeim lið, sem þessi deild lagði mest kapp á að hafa sem hæstan, nefnilega fjárveitingarnar til landbúnaðarins, sjávarútvegsins og samgangnanna. Hvað landbúnaðinn snertir, þá hefir hún minnkað styrkinn til búnaðarfjelaganna um 4000 kr., og hvað sjávarútveginn snertir, þá hefir hún fellt burtu 10,000 kr. til skipakvíarinnar. En þó hefir hún skorið enn meira upp á samgöngufjeð, fellt burtu 3000 kr. til aðstoðarverkfræðinga, lækkað styrkinn til sýsluvega um 9000 kr. og enn fremur fellt 10,000 kr. til brúargerðar á Hörgá og 2000 kr. til flutningsvagnanna; hefir hún þannig fellt burtu 24,000 kr. af samgöngufjenu, en til samans af fjárveitingunum til landbúnaðar, sjávarútvegs og samgangna 38,000 kr., eða nokkuð meira en tekjuhallinn minnkaði. En svo hefir h. Ed. lagt til, að eytt yrði tiltölulega meiru fje til annars.

Jeg vona nú að þessi deild verði sama sinnis sem áður, eins og líka má sjá af hinum mikla fjölda af breyt.till., sem þegar eru fram komnar. Jeg sje af þeim, að flestir þeir liðir, sem Ed. hefir fellt, eru teknir upp aptur. Þess vegna rekur að því, sem er ískyggilegt, að fjárlögin verði ekki samþ. fyr en í sameinuðu þingi; því jeg geri ekki ráð fyrir að h. þingdm. muni vilja taka aptur breyt.till. sínar, sem heldur ekki er að búast við.

Fjárlaganefnd h. Ed. getur þess í nefndaráliti sínu, að hún hafi viljað spara og henni hafi þótt Nd. skera heldur riflega upp á viðlagasjóðinn. En sá sparnaður hefir komið nokkuð óheppilega niður, því að hún ætlar sjálf að taka 25,000 kr. meira úr þeim sjóði en áætlað var, og auk þess lánveitingar, er hafa í för með sjer tekjumissi fyrir landssjóð, af því að vextirnir eru settir svo lágt.

Jeg skal þá minnast á helztu breyt.till.; reyndar eru þær flestar svo kunnar hjer í deildinni, að jeg þarf ekki að tala mikið um þær, enda verður ekki mikill tími til að ræða þær hjer í dag.

Hin fyrsta verulega breyting, sem gerð hefir verið á frumv. í Ed., er sú,

að veittar sjeu 1600 kr. til steingirðingar við gafla og suðurhlið hegningarhússins. Jeg veit ekki, hvort þingd. hefir athugað þetta svo vel, en fjárlaganefndin hefir athugað það og finnur ekki ástæðu til að leggja kapp á að nema það burtu.

Við 10. gr. B. hefir að eins verið gerð orðabreyting á einum stað, sem sje þeim orðum bætt inn í gr. um járnskápana: »amtmannsembættinu í Norður- og Austuramtinu« og »sem þess þurfa«. Líklega hefir það verið fyrir ógát, að þessi orð voru ekki tekin upp í frumv. hjer.

Næsta breytingin er sú, að Ed. hefir hækkað kostnaðinn við sending stjórnartíðanna með póstum frá 350 kr. upp í 450 kr.

Styrkinn til búnaðarfjelaga hefir hún fært niður í 18,000 kr. úr 20,000 kr; það er einmitt sú upphæð, sem fjárlaganefnd Nd. fór fram á í fyrstu, og verður nefndin því að vera með þessari niðurfærslu. En nú eru aptur komnar breyt.till. um að hækka styrkinn upp í 20,000 kr., en því getur nefndin ekki gefið atkvæði sitt.

Þá eru breytingartill. h. 2. þm. G. K. (Jóns Þór.) um styrk til vörðuvitans á Garðaholti og vörðuvitans á Brekku. Nefndinni er ókunnugt um, hverjar ástæður eru fyrir þessari styrkbeiðslu, og þar sem beiðnin kemur svo seint, geta menn ekki búizt við, að henni verði greitt atkvæði. Sá vani virðist líka vera að komast á, að allir vitar eigi að koma á landssjóð, bæði hvað tryggingu og viðhald snertir, og virðist mjer það óviðkunnanlegt.

Þá er aptur komin fram breyt.till. um styrk til að gjöra skipakví. Nefndin er á sama máli og áður viðvíkjandi þessu, og mun gefa þessari breyt.till. atkvæði sitt.

Sama er að segja um breytingartill. h. 1. þm. G.-K. (Þ. Th.) um utanfararstyrk til lækna. Nefndin var í upphafi hlynnt þeirri tillögu og mun því aðhyllast hana.

Öðru máli er að gegna um 200 kr. hækkun til tannlæknisins. Upphaflega voru honum ætlaðar 1000 kr. í frumv. stjórnarinnar, en fjárlaganefnd neðri deildar lagði til, að sá styrkur yrði að eins 750 kr.; en svo var hann hjer í deildinni hækkaður upp í 1000 kr., og fjellst nefndin á það; en að hækka styrkinn enn þá um 200 kr., því verður nefndin að vera mótfallin.

Varatill. gerir nefndin ekki að neinu kappsmáli. En þótt tannlæknirinn fái ekki nema 1000 kr., þá er styrkurinn mjög sæmilegur, þótt hann verði að segja læknaefnum eitthvað til í tannlækningum. Og með því þessi maður að flestra dómi er talinn duglegur tannlæknir, þá mun hann fá all-mikla praxis og upp úr henni ekki svo litið fje. — En þetta atriði hefir verið rætt svo mikið áður, svo að jeg skal ekki fara fleiri orðum um það.

Í h. efri deild hafa ársútgjöldin við holdsveikraspítalann verið hækkuð; sú hækkun er í samræmi við það mál, og mun því ekki verða gerð að kappsmáli, enda finnst mjer sjálfsagt, að veita það fje.

En í efri deild hefir þó einn liður komið inn í 11. gr., þrátt fyrir allan sparnaðinn, um að veita allháa upphæð til spítalabyggingar á Patreksfirði. Það hefir áður verið tekið fram, að það þætti rjett að styrkja 1 spítala í hverjum landsfjórðungi. En nú er búið að samþykkja að veita einum spítala í þessum landsfjórðungi 400 kr. styrk., sem sje spítalanum á Ísafirði, sem bæjarbúar sjálfir hafa komið upp. Nú á að fara að styrkja 2 spítala í þessum fjórðungi landsins. Hjer er heldur engin trygging fengin fyrir því, að hlutaðeigendur

sjálfir vilji nokkuð fram leggja eða fyrir að hafa. Að eins hef jeg heyrt þess getið, að Frakkar ætli að styrkja byggingu hans.

Þótt það sje gott að fá spítala, þá fæ jeg ekki betur sjeð, en að þingið komizt út í ógöngur, ef það fer að styrkja spítala í hverri sýslu. Nefndin leggur því eindregið á móti þessari fjárveitingu og vill fella liðinn burtu.

Nefndin hefir leyft sjer að koma fram með breytingartill. um fjárveitingu til verkfróðra aðstoðarmanna við hinar vandaminni samgöngubætur. Það var samþykkt hjer áður með miklum atkvæðafjölda og engin ástæða er til að halda, að menn hafi breytt skoðun sinni í þessu efni.

Öðru máli er að gegna um breyt till. h. 1. þm. Árn. (Tr. G.) um 4500 króna styrk til að útvega norskan æfðan verkfræðing. Jeg fyrir mitt leyti er með þeirri fjárveitingu, en hins vegar býst jeg ekki við, að h. þingmenn sjeu nú orðnir svo miklu skarpsýnni, frá mínu sjónarmiði, en þeir voru áður, að þeir sjái nauðsynina á þessu og samþykki breytingartillöguna. En annars er það óþarfi fyrir mig að tala fyrir þessari breytingartill., því að flutningsmaður mun sjálfur skýra hana.

Nefndin fellst á breytingu þá, sem gerð hefir verið á styrknum til flutningabrauta og þjóðvega, en vill halda hinni upphaflegu athugasemd um, að 14000 kr. verði varið til flutningabrautar fram Eyjafjörð, og er það byggt á því, að því svæði er svo háttað, að flutningabrautir mundu koma þar að tilætluðum notum. Þá mundi maður og fá praktiska lausn á því, hvort flutningavagnarnir, sem þrátt fyrir alla kollveltuna eru nú aptur farnir að velta á hjólunum, gætu borgað sig og orðið að notum. Því að þar mundu verða settir upp vagnar. Jeg þekki kaupmann þar í miðjum firðinum, sem mundi þegar — er vegurinn nær svo langt — útvega sjer vagna til flutninga, og þá svo góða, að hægt væri að sjá, hvort slíkt fyrirtæki gæti borgað sig.

Þá eru stærstu breytingartill., styrkur til sýsluvegagerðar í Strandasýslu, og Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, og til brúargerðar á 2 ár, sem allt var fellt í efri deild. Jeg vona að jeg þurfi ekki að eyða mörgum orðum um þessar tillögur. Styrkurinn til vegagerðar í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu var t. d. samþykktur hjer með 19 atkv.; og hartnær sama atkvæðatala var með styrknum til brúargerðar á Hörgá.

Nefndin hefir sjálf ekki komið með fleiri sýsluvegastyrkstill. en hún gerði upphaflega; en þó mun meiri hluti nefndarinnar greiða atkvæði með öllum breytingartill. um styrk til sýsluvega og nefndin öll með sumum þeirra.

Hvað gufuskipaferðirnar snertir, þá hefir ekki verið gerð stórvægileg breyting á þeim lið.

Hvað millilandaskipin snertir, eru breytingarnar til bóta og sama er að segja um skilyrðið, sem sett er fyrir styrkveitingu til strandbátanna, nefnil. að þeir skulu skyldir að flytja og afgreiða póst án sjerstaks endurgjalds.

Það er gleðilegt að deildirnar hafa orðið á eitt sáttar í þessu stóra máli; það hafa ekki heyrzt nema einstakar raddir á móti því. Og þótt h. 2. þm Ísf. (Sk. Th.) segði, að þetta væri eitt af þeim málum, sem gæfi mönnum rjett til þess, að kalla þetta þing »þingið illa«, þá vænti jeg að þetta fari allt á annan veg, og verði þvert á móti til þess, að þingið verði kallað »þingið góða«.

Þá hefir h. þingm. Húnv. (Bj. Sigf.) komið hjer með 2 breytingartill.; fer hin fyrri fram á, að landshöfðingi tiltaki viðkomustaði strandbátanna eptir

tillögum alþingis, og ætla jeg, að hún sje heldur til bóta. Hin síðari er einnig til bóta, því að bæði er hún fegurri í framsetningunni, og þar að auki skýrari.

Um vagnana skal jeg ekki tala; nefndin gat ekki sagt álit sitt um þá á fundi sínum, þar eð breytingartill. kom svo seint. Jeg skal um leið taka það fram, að mjer virðist það bera vott um, að ekki sje tekið mikið tillit til nefndarmanna, sem þó sjerstaklega eru valdir til að fjalla um fjárlögin, þegar fjöldi af breytingartill. kemur svona seint, ekki fyr en fundur er byrjaður, svo nefndinni er fyrirmunað að athuga þær.

En viðvíkjandi þessari breytingartill., þá hygg jeg að meiri hluti nefndarinnar sje á móti henni; jeg fyrir mitt leyti að minnsta kosti hef ekki breytt skoðun minni í þessu máli, allra sízt vögnunum í vil.

Þá hefir h. efri deild viljað færa til styrkinn til prestanna. Hún hefir hækkað styrkinn til sira Helga Hjálmarssonar og veitt prestinum í Meðallandsþingum 200 króna bráðabirgðauppbót, en lækkað styrkinn til sjera Þorsteins í Bjarnanesi að sama skapi. Nefndin vill ekki leggja til, að styrkurinn til Meðallandsþinga verði felldur burtu. Eptir þeim skýrslum, sem nefndin hafði fyrir sjer, sýndist henni þegar í upphafi þessi styrkveiting hafa mikið til síns máls og vera einna líklegust, en hún var hrædd um, að styrkurinn mundi verða fastur.

'Að styrkurinn til sjera Helga Hjálmarssonar hefir verið hækkaður, því er nefndin ekki mótfallin.

H. þm. V.-Skaptf. (Guðl. Guðm.) hefir farið fram á, að styrkurinn til sjera Þorsteins verði aptur hækkaður. Meiri hluti nefndarinnar er ekki með því, en jeg fyrir mitt leyti er þar á öðru máli. Þótt honum sje sagt að fara í mál og hann fái gjafsókn, þá getur það orðið hefndargjöf.

Þá hefir h. efri deild gert nokkrar breytingar við stýrimannaskólann og mun nefndin ekki gera þær breytingar að neinu kappsmáli; henni finnst það litlu skipta, hvort þar verður settur fastur kennari árinu fyr eða síðar.

Þá er hússtjórnarskólinn; efri deild hefir lækkað styrkinn til hans um helming og bætt því við, að styrkurinn veit ist í eitt skipti fyrir öll. Nefndin hefir nú aptur sett þessa styrkveitingu í sama horf og áður, enda telur hún það þýðingarlaust að ákveða, að þetta skuli vera í eitt skipti fyrir öll, því að næsta þing getur strax aptur veitt styrk með sömu ummælum, ef það vill. Nefndin vill heldur ekki hafa styrkinn lægri en upphaflega var ákveðið, því að þar sem skólinn er að komast á fót, verður hann að vera svo ríflegur, að nokkru muni.

H. þingm. N.-Þing. (B. Sv.) hefir lagt það til, að sett verði inn á ný fje til húsbyggingar á Þingvöllum. Ástæðan, sem flutt var fyrir því, að sú fjárveitveiting var felld burt í efri deild, var, að þessi upphæð væri ekki nægileg; en mjer sýnist, að fjárveitingarvaldið geti ekki haft það fyrir ástæðu til að neita fjárbón, þegar hlutaðeigendur gera sig ánægða með upphæðina.

Aptur gat nefndin ekki verið á sama máli, sem h. 2. þingm. K.-G. (J. Þór.) að breyta skilyrðunum fyrir styrknum til cand. mag. Boga Melsteds á þá leið, sem hann fer fram á í breyt.till. sinni. Nefndin áleit, eptir þeim upplýsingum, sem hún hafði fengið, að ekki væri rjett, að skuldbinda hann til þessa, þar sem lítil líkindi væru þá til, að hann gæti notað styrkinn; hann mun ekki vera farinn að semja neitt að ráði, að minnsta

kosti ekki ganga þannig frá því, að hann geti farið að gefa út söguna; því ættu h. þingdeildarm. að hugsa sig vel um, áður en þeir samþykkja þessa breytingartill., — það mundi vera sama sem að fyrirmuna þessum manni, að halda áfram því verki, sem hann hefir unnið að í svo mörg ár.

Þá flytur h. þingm. Mýr. (H. Dan.) breytingartill. um að veita Þorsteini Erlingssyni styrk, 500 kr. hvort árið. Jeg veit ekki hvort h. deild fer mjúkari höndum um þetta atriði en hún hefir áður gert; jeg hef lýst minni skoðun á þessu opt áður, og mælt með þessari styrkveiting; jeg mun greiða atkvæði með henni, og skal ekki fara frekara út í það mál.

H. þm. K.-G. (Þ. Th.) vill veita bind indisfjelagi kvenna, Hvítabandinu, sömu upphæð sem því var ætluð, þá er frv. fór síðast úr þessari h. deild, og hefir nefndin ekkert út á það að setja.

Þá breytingu h. efri deildar, að fella styrkinn til Útgerðarmannafjelagsins, og veita í staðinn styrk til eins manns til utanfarar, vill nefndin ekki gera að kappsmáli; þó er sú breyting líklega ekki sem heppilegust, maðurinn roskinn og því ekki eins líklegur til lærdóms eins og annar yngri.

Enn fremur leggur fjárlaganefndin til, að herra Brynjólfi Þorlákssyni verði veittur sami styrkur, sem nefndin hafði áður til tekið. Jeg vona að ekki þurfi að mæla fyrir honum, því að hann var samþykktur hjer í deildinni áður mótmælalaust.

Þá er breytingartill. frá h. þm. N.-Þing. (B. Sv.) og h. 1. þm. N.-Múl. (E. J.) um að binda þennan 1200 kr. styrk til Jóns Ólafssonar því skilyrði, að honum verði varið til þess, að gefa út tímarit af ákveðinni stærð og lögun, í staðinn fyrir til ritstarfa, eins og h. efri deild hafði tekið til. Þetta litur út fyrir, að geta fallið í smekk minn og annara, sem mæltu með því að styrkja þennan mann til þess, að gefa út tímarit; en svo er ekki. Því að hjer er ekki ákveðið, hvernig innihald þess tímarits skuli vera, sem áður var; ritið yrði þar að auki ekki svo ódýrt og ekki eins stórt eins og vera þyrfti.

Jeg verð því að mæla í móti þessari breytingartill., og úr því hin upphaflega breytingartill. fjárlaganefndarinnar hefir verið felld, þá felli jeg mig bezt við, að ákvæði h. efri deildar sje haldið, og styrkurinn veittur til ritstarfa.

Breytingartill. h. þm. K.-G. (J. Þór.) er jeg meðmæltur, að veita Magnúsi Magnússyni 1000 kr. hvort árið til leikfimiskennslu; sú styrkveiting var samþykkt hjer áður, og mælti þá enginn í móti.

Þá er stærsta br.till. nefnd., sem ef til vill gæti orðið að kappsmáli, að setja inn aptur ákvæðið um að veita 80 þús. kr. til að byggja stórhýsi í sambandi við landsbankann. Eins og menn geta sjeð, er athugasemdin við þennan lið nokkuð öðruvísi orðuð en áður, og vona jeg að tillagan sje svo löguð, að ekki sje hætt við, að færri verði með henni nú en þá. H. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) hefir lagt til að nokkur hluti 18. gr. falli burtu, og mun jeg gefa þeirri tillögu atkv. mitt, — mjer sýnist þessi eina lína óþörf.

H. þm. Vestm. (V. G.) hefir lagt til, að 19. gr. verði felld; sú grein er alveg ný, tilbúin í Ed., og fer fram á fjárveiting til nokkurs, sem áður var fellt hjer í deild í öðru formi. Jeg veit að hjer eru menn, sem er áhugamál að þetta komist fram, en jeg verð að vera með breyt.till. h. þm. Vestm. (V. G.), því jeg sje ekki, hvernig deildin getur samþykkt það á fjárlögum, sem hún hefir fellt í frumvarpsformi.

Þá er breyt.till. frá h. þm. S.-Þing.

(P. J.) um skilyrðið fyrir lánveiting til jarðabóta. Sú breyt.till. er til bóta, og verður greinin liðlegar og ljóslegar orðuð á þann hátt, sem breyt.till. fer fram á.

Fleiri breyt.till. man jeg ekki eptir. Skal jeg svo ljúka máli mínu með þeirri ósk, að meðferð málsins fari sem fyrr hjer í deildinni: umræður kapplausar og atkvæðagreiðsla með fylgi og samhuga.

Landshöfðingi: Jeg sje að fram eru komnar breytingartill. um að setja inn aptur nær allar þær fjárveitingar, sem samþykktar voru hjer í deildinni, en síðan felldar í Ed. Jeg ætla ekki að rekja allar þessar fjárveitingar-till. — að eins vil jeg minnast á eina br.till., sem er á þingskj. 513, í fjárlaganefndarálitinu, af því að hún kemur landsstjórninni sjerstaklega við. — Jeg verð að segja fyrir mitt leyti, að jeg felli mig miklu betur við orðalagið eins og það er hjá h. Ed., heldur en eins og fjárlaganefndin hjer vill orða greinina. Og það ekki eingöngu af því, að upphæðin er minni, heldur líka af því, að þar með er fullnægt brýnni þörf, sem ekki má dragast að bæta úr. Það var tekið fram í Ed., að það væri mesta nauðsyn á að byggja pósthús fyrir landið, og að hið annað, sem hjer er farið fram á, væri ekki bráðnauðsynlegt; þess væri ekki langt að bíða, að byggja þyrfti bókhlöðu fyrir landsbókasafnið, svo að þótt veittar væru 80 þús. kr. nú til stórhýsis, þá mundi innan skamms þurfa að veita aðra stóra upphæð handa bókhlöðu fyrir landsbókasafnið. En ef þessu væri nú frestað nokkur ár, og þá byggð bókhlaða, þá mætti hafa þar, auk landsbókasafnsins, málverkasafnið og forngripasafnið o. fl. Jeg er því alveg samþykkur h. Ed. um að fresta þessari stórbyggingu.

Jeg sje að hjer er komin fram uppástunga um að fá það fje, sem kynni að verða veitt til þessa stórhýsis, í hendur nefnd, sem þingið sjálft velur, og sem ætti að hafa veg og vanda af byggingunni. Það er náttúrlega gott fyrir stjórnina, að svo miklu leyti sem hún losnar við ábyrgðina fyrir því, að verkið sje vandað og vel af hendi leyst; en jeg vil leyfa mjer að benda þinginu á, hvort það sje rjett að taka þannig fram fyrir hendur framkvæmdarvaldsins. — Það sem jeg álít að liggi næst, ef það stæði, sem Ed. hefir til tekið, það er að kaupa barnaskólahúsið að bænum, og gera úr því pósthús. Jeg hef átt tal um þetta við póstmeistarann, og hefir hann látið í ljós, að hann áliti að án þess að fara fram yfir þá upphæð sem áætluð er í frumv. Ed. mætti breyta barnaskólahúsinu í mikið gott pósthús. Á þennan hátt fengi maður pósthús miklu fyrr en ef þessi breyt.till. er samþykkt, og fullt eins ódýrt. Húsinu fylgir mikið góð lóð og leikfimishúsið, sem gæti verið ágætt geymsluhús. Jeg vil því leggja það til, að þetta fái að standa eins og h. Ed. hefir til tekið.

Úr því jeg minntist á húsbyggingar, þá dettur mjer í hug að spyrja, hverjum veittur er styrkurinn til húsbyggingar á Þingvöllum við Öxará, og hver ætti að eiga þetta hús. Stjórnin á sjálfsagt ekki að annast um, að þetta hús sje byggt, og enginn annar er tiltekinn; því finnst mjer að þessi upphæð sje veitt út í bláinn. — Jeg held það lægi næst, ef einhver veitingamaður byggði þar hús, þá fengi hann þessar 2500 kr., móti því að hafa þar húsrúm fyrir þjóðsamkomur. H. efri deild vildi ekki veita þetta fje, og vildi jeg óska, að þessi h. deild væri sama sinnis.

Jón Jónsson (þm. A.-Skaptf.): Jeg hefi leyft mjer að koma með þá tillögu,

að sett verði inn aptur fjárveiting sú til sýsluvegarins frá Hólum að Höfn í Austur-Skaptafellssýslu, sem efri deild hefir fellt. Styrkur þessi var áður samsamþykktur hjer í deildinni með nokkrum atkvæðamun, og vona jeg að hann fái enn góðan byr. Jeg hefi áður lýst því, hver nauðsyn er á þeirri vegabót, sem hjer er um að ræða, og skal nú að eins taka fram, af því að jeg hefi heyrt það rengt, er jeg hefi sagt um vegabótaleysi á þjóðvegum í Austur-Skaptafellssýslu, að þótt nokkurt fje sje árlega lagt þar til þjóðvega, þá fer það ekki í verulegar nje staðgóðar vegabætur, heldur sumpart í stutta vegarspotta, með því að það hrökkur svo svo skammt, en mestmegnis til að gjöra þar fært til umferðar í svip, sem enginn vegur getur haldizt til lengdar, svo sem á Breiðamerkurjökli, eða til að stika Hornafjarðarfljót og ryðja götuna upp Almannaskarð. Af stórvægilegum vegabótum höfum vjer ekkert að segja, og eru þó tvær ár á þjóðveginum, sem vel mætti brúa, nefnilega Kolgríma og Laxá í Nesjum, og væri því meiri ástæða til að brúa þær, sem mikill fjöldi jökulvatna í sýslunni verður ekki brúaður um aldur og æfi, en verkfræðingur hefir auðvitað aldrei komið þangað til að skoða brúarstæði, og þar eru ýmsir ófærir kaflar á þjóðveginum, sem fje hefir ekki fengizt til, svo sem miðvegurinn yfir Mýrar, og vildi jeg óska, að þeir, sem halda að allt sje fengið með þjóðveginum eptir endilangri sýslunni, ættu leið þar um eða um suma kafla þjóðvegarins í Lóni, þegar miklar rigningar hafa gengið, svo að sjón yrði sögu ríkari.

Einar Jónsson: Jeg vil að eins minnast á orð h. framsögum. (J. J.) við breyt.till h. þm. Vestm. (V. G.) (þingskjal 543) um að fella burt 19. gr. frv., sem fer fram á að stjórnni skuli veitast heimild til að verja á fjárhagstímabilinu allt að 75,000 kr. til brúargjörðar á Lagarfljóti. Honum þótti þetta rangt, vegna þess að sama fjárupphæð hefði verið felld áður hjer í deildinni, þegar frv. um brúargjörð á Lagarfljóti var til umr. En þá stóð alveg sjerstaklega á, eins og menn muna. Það var til umr. á sama fundi þingsál.till. um að fá útlendan verkfræðing, og hún var samþykkt, og þar af leiðandi álitu ýmsir rjett að fella frv. um brúna í þetta sinn, og var hún þó að eins felld með 11 á móti 11. En nú, þegar þingsál. till. hefir verið felld, þá er öðru máli að gegna. Innlendur verkfræðingur hefir einu sinni skoðað brúarstæði á Lagarfljóti, en fyrst tillagan um útlendan verkfræðing er nú felld, þá horfir málið allt öðru vísi við. Brúarfrv. var að vísu fellt af þeirri ástæðu, að skoðunin á brúarstæðinu væri ekki nægilega fullkomin og væri því gott að fá annan til að skoða það og gjöra nýja áætlun. En þegar nú er ekki lengur um það að tala, þá ætlast deildin til, að hinn sami maður ljúki skoðunargjörðinni, og það eru engin líkindi til að hann fari að breyta skoðun sinni á því máli, og hin sama skoðun mundi koma fram hjá honum aptur, eins og síðast. Og eins og jeg hefi fyr bent á, er skoðun hans ekkert sjerlegt ábótavant.

Jeg get því ekki sjeð að neitt sje á móti því, að þingið veiti þessa fjárupphæð.

Björn Sigfússon: Jeg vona að jeg þurfi eigi að tala mikið með breyt.till. minni á þingskjali 547, og það því fremur, sem h. framsögum. (J. J.) tók vel undir hana. Það sem mjer gekk til að koma með breyt.till. þessa var það, að jeg vildi koma á samræmi við fyrirsögnina á þingsál.till. á þingskjali 483, þar sem skorað er á stjórnina að ákveða viðkomustaði strandbáta gufu-

skipafjelagsins. Mjer kom enn fremur til hugar, að ef 3. liðurinn (11. gr. C. II.) orðaðist eptir því, sem jeg legg til, nfl. að landshöfðingi tiltaki viðkomustaðina eptir tillögum alþingis, þá gæti landshöfðingi síðar sleppt úr einstöku stöðum, ef ástæður reyndust til þess. Jeg ætla mjer eigi að fjölyrða meira um þetta atriði. Jeg vona, að menn sjái að þetta er á rökum byggt.

Þar sem í frumvarpinu, 11. gr. C. III. 4, stendur: Farmeyrir og fargjald sje yfirleitt ekki hærra en nú með skipi eimskipaútgerðarinnar, og milli hafna með strandbátunum hjer um bil sama og er þetta ár með strandbátnum »Bremnæs«, þá hefir mjer fundizt rjettara að setja »ekki hærra en« í staðinn fyrir »hjer um bil sama og«. Mjer er kunnugt um, að kommandeur Garde hefir gefið vilyrði um, að lækka fargjaldið á sumum stöðum, og vona jeg því að menn sjái, að þetta orðalag á betur við.

Tryggvi Gunnarsson: Það eru einkum 3 atriði á breytingartill.-skránni, sem jeg ætla mjer að minnast á. Tvö þeirra hef jeg komið með, en eitt er frá fjárlaganefndinni. Hið fyrsta er um skipakví (á þskj. 538). Fyrri liðurinn er orðaður eins og samþykkt var við 3. umr. í Nd., en þó betur orðaður en þá, því styrkveitingin er þar veitt vissu fjelagi, en ekki út í bláinn. Styrkurinn er veittur því fjelagi, sem sótti um hann, svo verði breyt.till. samþykkt, þá væri vanvirða fyrir stórt fjelag, að nota hann ekki, en sje styrkurinn veittur óákveðið, og ekki beinlínis fjelaginu, þá getur það hlíðrað sjer hjá að byggja kvína og leggja til frá sjer helming kostnaðarins.

Ef þetta fær framgang, þá er jeg viss um að það verður til gagns fyrir sjávarútveginn við Faxaflóa og enda allt landið. Jeg get eigi sjeð neina skynsamlega ástæðu fyrir því, ef þingið fer að fella þessa tillögu, á sama tíma sem það veitir 30,000 kr. á ári úr viðlagasjóði til að kaupa skip, sem svo landssjóður á að taka sem veð fyrir láninu. Jeg skil ekki að landshöfðingi geti veitt lán gegn veði í skipunum, ef þau eiga að liggja mannlaus og varnarlaus á víkum og vogum hjer við flóann allan veturinn. Skipin geta stórskemmzt og strandað yfir veturinn, svo veð í skipum, fljótandi á sjó og ábyrgðarlausum, eru ljelegt veð fyrir landssjóðslánum. Það er merkilegt að þingm. skuli ekki sjá að það er nauðsynlegt að koma upp skipakví til að tryggja landssjóði veð sín.

Þarnæst kemur á þingskj. 538 annar liður, sem fer fram á að þingið veiti 4500 kr. til að ráða norskan verkfræðing til að kanna sumarið 1898 brúarstæði og gera teikningar og áætlun um kostnað og brúargerð á Lagarfljóti, Jökulsá í Axarfirði, Fnjóská, Hjeraðsvötnum hjá Ökrum, og Norðurá í Mýrasýslu. Jeg álít það skyldu mína sem formanns í brúanefndinni, að koma með þessa br.till. og það því fremur, sem þingsályktunartillagan var felld um daginn með eins atkvæðis mun, því þá vantaði einn þingmann á fund, sem var nefndarm. í brúanefndinni. Jeg hef þá skoðun, að mikið sparist við þetta, þar sem þær ár, sem brúa þarf, eru svo margar; það gerir mikinn mun á kostnaðinum, hvort brúin á þessari eða annari á er lögð á haganlegum stað eða ekki. Það er mesti misskilningur, að hjer sje um aukinn kostnað að ræða. Þannig vil jeg taka til dæmis brúna á Blöndu. Hún hefði getað orðið 3—5 þús. En ódýrari, ef brúin hefði verið á öðrum stað, 10 til 20 föðmum ofar. Jeg veit þetta svo vel, því jeg hef skoðað þetta sjálfur. Að jeg vil fá útlendan verk-

fræðing hingað, er ekki beinlínis af því, að jeg beri svo mikið vantraust til hins íslenzka verkfræðings. En betur sjá augu en auga og meiri tryggíng er fyrir því, að verkið fari vel úr hendi, þegar fleiri segja álit sitt en einn. Ef þeir væru ekki á sama máli, þá hefir þingið um tvennt að velja. Þannig vil jeg til dæmis taka það að »Hafnarsjóður Reykjavíkur«, sem er miklu fátækari en landssjóður, hefir ekki hikað sjer við að verja 4500 kr. til þess að fá útlendan verkfræðing til þess að skoða höfnina hjer við Reykjavík. Hversu miklu fremur myndi ekki landssjóður ábatast á því, að fá útlendan verkfræðing til að skoða brúarstæði á mörgum ám?

Þriðja atriði, sem jeg ætla að tala um hjer, er frá fjárlaganefndinni, um stóra húsbyggingu. Mjer þykir það leitt, að jeg get ekki verið samdóma hæstv. landshöfðingja um það efni. Hann leit svo á, að mögulegt væri að komast hjá þessari byggingu, en jeg held að ekki verði hjá því komizt. Hann sagði, að bráðum yrði þörf á bókhlöðu fyrir landsbókasafnið, en svo framarlega sem nokkuð verður úr þessari húsbyggingu, þá má rýmka til í bókhlöðunni og flytja sjaldlesnar bækur þangað, sem forngripasafnið er nú, en það aptur í þessa fyrirhuguðu nýju byggingu. Auk forngripasafnsins vantar húsrúm fyrir margt. Jeg vil taka til dæmis málverkasafnið, það liggur undir skemmdum þar sem það er nú. Jeg ætla mjer eigi að tala meira um húsbygginguna núna, heldur geyma mjer að tala um hana þangað til seinna í dag.

Benedikt Sveinsson: Hjer er ein breytingartillaga á þingskj. 534, sem jeg er riðinn við, og ætla jeg mjer að fara fáum orðum um hana. Breytingartillaga þessi fer fram á, að 2500 kr. styrkur sje veittur til húsbyggingar á Þingvöllum við Öxará. Það er sama tillagan, sem áður hefir verið samþykkt hjer með miklum atkvæðamun. Þá var það skýrt tekið fram, til hvers fje þetta ætti að ganga og jeg tók það fram gagnvart h. 2. þm. Eyf. (J. J.), að það væri 7 manna fjelag, sem myndazt hefir til þess, að koma þessari byggingu upp. Í þessu fjelagi eru 2 þingmenn, og hinir einhverjir af hinum merkustu borgurum bæjarins. Þetta fjelag gaf svo út boðsbrjef, með áskorun um að landsmenn styrktu þetta fyrirtæki, og er mjer óskiljanlegt, að þetta geti verið ókunnugt hinum háttv. þingmanni. Mjer *finnst* að þingið ætti að leggja fram þennan litla peningastyrk til fyrirtækis þessa, því það gæti orðið landinu hagur hvað útlenda ferðamenn snertir, og því einnig óbeinn landssjóði, auk þess sem það er bæði gagn og sómi, að til sje skýli á Þingvöllum fyrir þjóðlegar samkomur og þingfundi. Þessu fjelagi sem jeg nefndi yrði nú fyllilega að minni ætlan treystandi til að standa fyrir þessu fyrirtæki og jeg get ekki betur sjeð en að það myndi fyllilega borga landinu vexti af fjenu, ef það kemur upp byggingunni og heldur henni vel við, og það ekki sízt, ef þetta yrði til þess að auka að mun ferðamannastrauminn hingað til landsins, því flestir koma til þess að sjá hinn fornhelga stað, Þingvelli. Þetta bæri ennfremur þess merki, að Íslendingar vildu hlynna eitthvað að útlendum ferðamönnum, svo þeir þyrftu eigi að setjast þar eins og kríur á stein. Að öðru leyti er svo ráðgert, að Þjóðvinafjelagið, Ferðamannafjelagið og sýslumaðurinn í Árnessýslu hafi á hendi umsjón hússins, þegar það er komið upp. Jeg vonast fastlega eptir, að tillaga þessi verði samþykkt.

Þessu næst vil jeg snúa máli mínu

að breytingartillögu minni á þingskj. 539. Hún fer fram á, að í 13. gr. frv. C. tölul. 32, a. komi: »fyrverandi ritstjóra« í staðinn fyrir: »til ritstarfa« Mjer finnast þessi orð »til ritstarfa« vera svo óákveðin, sem mest má verða, óákveðin qvalitativt og qvantitativt. Jeg ímynda mjer, að sá herra, sem hjer á í hlut, ekki myndi brúka styrkinn til annars en ritstarfa, en hann er vel fær um að brúka styrkinn í þá átt, sem síðar í breytingartillögunni er ákveðið, nefnilega til þess að gefa út tímarit. Jeg veit ekki, hverjar afleiðingar gætu orðið af því, að það legðist í venju, að veita öllum, sem hæfir eru til ritstarfa, styrk, án þess að ákveða styrkveitinguna neitt nákvæmlega. Hinsvegar finnst mjer ekki rjett að binda mann þann, sem styrkur þessi er veittur, við ákveðið verð á tímaritinu, því ef það er gott og samsvarandi tilgangi sínum, þá vill alþýða kaupa það með hæfilegu verði. Það er jeg viss um. Aptur finnst mjer það heppilegt, að ákveða, hvert innihald og stefna tímaritsins eigi að vera.

Fertugasti og sjötti fundur, mánudag 23. ágúst, kl. 5 e. h. Allir á fundi.

Frumv. til fjárlaga fyrir árin 1898—99 (C. bls. 551, 583, 584—585, 593—595); framh. einnar umr.

Jón Þórarinsson: Jeg hef hjer þrjár breyt.till., sem jeg vildi minnast fám orðum á. H. framsögum. (J. J., 2. þm. Eyf.) tók það rjettilega fram í dag, að fyrsta breyt.till. kæmi helzt til seint fram, að koma ekki fyr en nú, til þess að h. fjárlaganefnd gæti dæmt um nauðsyn hennar. Jeg átti eigi góðan kost á að bera mál þetta upp öllu fyr en jeg gerði. Jeg sendi erindi um vita þessa h. fjárlaganefnd í Ed., en þó eigi fyr en svo, að hún hafði ekki fullan tíma til að íhuga það, og því vildi jeg nú bera málið undir þessa h. deild.

Jeg veit að það getur verið álitamál, hvort rjett sje að landssjóður styrki vörðuvita eða eigi, jeg skal ekki skera úr því; en úr því hann hefir tekið að sjer að styrkja slíkan vita á einum stað, þá er og alveg bein afleiðing af því, að hann gjöri það einnig á öðrum stöðum, þar sem eins stendur á. Það fara svo mörg skip inn og út Hafnarfjörð dimmar haust- og vornætur, að full þörf virðist á, að þau hafi vitaljós við að styðjast, og það því fremur sem leiðin inn fjörðinn er ekki alls kostar hrein. Jeg hef farið fram á að til vörðuvitans á Garðaholti væru veittar 200 kr. fyrra árið, en 50 kr. síðara árið; þessi mismunur byggist á því, að þar þarf að byggja upp vörðuhús fyrir vitann.

Þá hef jeg leyft mjer að koma með breyt.till. um styrkinn til kand. mag. Boga Melsteð. Jeg hef fært skilyrðið fyrir styrkveitingunni í sama horf og það var, þegar frumv. fór hjeðan úr deildinni síðast, og með því að sá liður var þá samþykktur þannig með allmiklum atkvæðafjölda, sje jeg ekki ástæðu til að ætla annað en að h. deild muni samþ. þessa breyt.till. nú. Mjer sýnist rjett af h. deild, að fara fram á að maður þessi gefi út sýnishorn af sögu sinni, svo að hægt sje að fá einhverja hugmynd um, hvernig hann muni vera fær um að leysa af hendi verk þetta, er hann hefir tekizt á hendur að vinna fyrir landsins fje. Jeg gæti trúað, að það yrði til þess að þeir veittu styrkinn með fúsari vilja eptirleiðis, sem nú eru efaðlandnir um nytsemi hans, ef þetta sýnishorn þætti vel af hendi leyst, eins og það að hinu

leytinu gæti komið til mála að halda ekki áfram að veita hann, ef það þætti laklegt. Það hefir nokkra þýðingu viðvíkjandi styrk þessum, að nú höfum vjer og annan mann, sem stundað hefir sögu Íslands, mann, sem þegar hefir sýnt það í verkinu, að hann er vel fær að rita um hana. Jeg veit þar að auki, að kandídat Melsted hefir töluverð önnur störf á hendi, og að landssjóðsstyrkurinn er að eins brot af tekjum hans. Aptur á móti er mjer ekki kunnugt um, að hinn maðurinn hafi nokkurn annan verulegan styrk en þann, sem þingið nú veitir honum.

Þriðja breyt.till. mín snertir styrkinn til kand. Magnúsar Magnússonar. Það er líkt um þennan lið að segja og hinn næsta á undan, að því leyti, að hann var samþ. hjer áður með 15 atkv. með nafnakalli. Jeg sje því ekki þörf á að mæla margt með honum nú, því að jeg tel sjálfsagt að þeir menn, sem fyrir nokkrum dögum skildu nauðsynina á því að fá þennan mann til að starfa hjer, að þeir hinir sömu skilji hana enn. Til miðlunar við h. Ed. hef jeg fært styrkinn úr 1200 kr. niður í 1000 kr. Jeg hef heyrt að það hafi komið fram sterk mótmæli gegn þessum lið í h. Ed., en mótmæli, sem munu hafa haft við fremur lítil skynsamleg rök að styðjast. Það er ekki við því að búast, að allir h. þm. beri jafngott skyn á öll þau mál, sem þeir eiga um að fjalla, en betur sýnist það sitja á þeim, að velja ekki háðsyrði því, sem þeir bera ekki skyn á, og sem þeir ættu að geta fundið að þeir væru lítt færir að dæma um. Jeg hef tekið það fram, að leikfimiskennslan skuli fara fram í Reykjavík, því að það er óhentugt að ekkert sje ákveðið um, hvar kenna skuli, og ekki við að búast að hlutaðeigandi geti ferðazt víðsvegar um land til að kenna þar leikfimi fyrir einar 1000 kr., en hins vegar nóg fyrir hann að vinna hjer, þar sem hjer eru einir 5 skólar, auk annars, til að kenna við.

Það eru margar aðrar tillögur hjer, sem jeg ýmist er hlynntur eða á móti, en jeg skal ekki tefja tímann með því að tala um þær, en mun sýna með atkv.-greiðslu minni, hvernig jeg lít á þær.

Jón Jensson: Jeg hefi leyft mjer að koma með 1 breyt.till. sem áður hefir verið hjer fyrir deildinni og þá verið samþykkt, og álít jeg það skyldu mína að gefa h. d. kost á að láta enn í ljósi skoðun sína um hana, þótt h. nefnd hafi ekki fundið ástæðu til að taka hana upp með br.till. sínum.

Breyt.till. mín snertir styrkinn til flutningavagna austur í sýslurnar. Það hefir ýmislegt verið haft á móti tillögu þessari, en þær mótbárur hafa verið hraktar, svo að í raun rjettri þyrfti jeg ekki að ganga inn á þær nú.

Jeg skal að eins geta þess, að þessi fjárveiting á að vera nokkurs konar tilraun, er á að sanna, hvort fje því, er varið hefir verið til flutningabrauta frá Rvík austur í Rangárvallasýslu, og sem nú mun vera orðið um 300,000 kr., hafi verið varið til einkis eða ekki. H. frams.m. (J. J., þm. Eyf.) tók það fram, að hyggilegt væri að veita fje til flutningabrautar fram eptir Eyjafirði, því að jafnskjótt sem sú braut væri komin á, þá mundi þessi tilraun með flutningavagna verða gjörð þar landssjóði að kostnaðarlausu. Getur vel verið, að svo verði; en með þeirri tilraun, sem þar kann að verða gjörð, verður þó ekki sannað það, sem jeg ætlaðist til að sannað yrði Það eru allt aðrir örðugleikar á að sameina hin stóru hjeruð fyrir austan fjall við Reykjavík en að halda uppi vagnferðum fram eptir Eyjafirði, þar sem er óslitin, þjett byggð,

og vegalengd lítil. Þessi mótbára getur því ekki gilt gegn því, að landssjóður styrki flutningavagn hjer austur yfir fjall. Það þarf meiri krapt og þrek til að koma á vagnflutningum austur yfir fjall, og auk þess þyrftu fleiri hjeruð að taka höndum saman til þess. En landssjóður er einn, og eins og hann hefir einn lagt flutningabrautina austur, eins ætti hann einn að kosta fyrstu tilraunirnar með vagnflutninga á henni.

Hjer er að eins um sárlítið fje að ræða, og hverfandi í samanburði við renturnar af því fje, sem gengið hefir til að leggja veginn og kostnaðinn við viðhaldið á honum. Renturnar einar eru að minnsta kosti 12000 kr. á ári, og viðhaldið sjálfsagt svo þúsundum skiptir. Eitt með öðru er það gott við að setja vagn í gang á þessum vegi, að hann verður eins og árvakur umsjónarmaður með veginum; þegar vagn gengur um veginn, þá kemur það undir eins í ljós, ef vegurinn eða brýr á honum þurfa viðgjörðar. Jeg álít það mikils vert að undir eins verði kunnugt um, þegar vegur eða brýr ganga úr sjer, svo að ekki gangi til eins og því miður vill nú verða um vegi og brýr þær, sem ærnu fje hefir verið kostað til, að það grotni niður fyrir hirðuleysi landstjórnarinnar. Jeg skal nefna það, að eigi munu brýrnar yfir Þjórsá og Ölvesá hirtar sem skyldi, ekki einu sinni málaðar nógu rækilega, hvað þá hinar minni brýr. Nýlega kom byggingarfróður maður útlendur að Þjórsárbrúnni, einu af vorum dýrustu mannvirkjum, og skoðaði hana; hann kvað þann dóm upp yfir henni, að henni væri ekki haldið við eins og skyldi; slík ráðsmennska er merki þess, að landsstjórnin gjörir hjer ekki skyldu sína. Það sjá þó allir, að það er ekki vit í að leggja stórfje í fyrirtæki, og hirða svo ekki um viðhald á þeim. Jeg vildi við þetta tækifæri vekja máls á þessu.

Jeg skal ekki fara lengra út í þetta mál, en vona að h. d. finni ekki ástæðu til að breyta nú því áliti, sem hún hafði á flutningavögnunum fyrir fám dögum.

Þá skal jeg minnast á fjárveiting þá, sem sett var inn í fjárlögin í h. Ed. til spítala á Patreksfirði, en sem komin er fram tillaga í þessari deild um að nema í burtu.

H. frams.m gat þess, að það hefði verið ætlun fjárlaganefndarinnar, að styrktur væri einn spítali í hverjum landsfjórðungi, en þar sem ætlaður væri styrkur til spítala á Ísafirði, þá væri spítalanum á Patreksfirði ofaukið, til þess að verða aðnjótandi styrks úr landssjóði.

Það getur verið að það sje gott að fylgja reglu h. fjárlaganefndar sem aðalreglu, en það stendur sjerstaklega á með þennan spítala á Patreksfirði; það má segja að styrkur til hans sje styrkur til eflingar sjávarútveginum, og að hann sje sjómannaspítali.

Svo er ástatt að síðari hluta sumars heldur fjöldi af fiskiskipum hjeðan frá Suðurlandi og frá Vesturlandi sig við veiðar fyrir Vestfjörðum sunnan til. Það er venja skipa þessara að hlaupa inn á Patreksfjörð með sjúklinga sína, og liggur þá ekki annað fyrir, ef þeim þarf að koma í land, en að koma þeim fyrir hjá privatmönnum, en slíkt er einatt erfitt og óþægilegt og getur verið hættulegt.

Auk innlendu skipanna leita útlend fiskiskip, einkum frönsk, þangað mikið.

Fyrir utan vandræðin við að koma sjúklingunum fyrir, getur og eins og jeg nefndi staðið hætta af því, að hafa ekki sjerstakt hús handa þeim; þeir geta flutt í land næma sjúkdóma, er svo breiðist út frá þeim; þannig hefir

það sýnt sig, að taugaveiki hefir borizt þar í land.

Sýslunefndin í Barðastrandarsýslu hefir tekið það upp sem eitt sitt helzta áhugamál, að koma upp sjúklingaskýli, og hefir hugsað sjer að taka lán til þess, en jafnframt hugsað sjer að leita styrks hjá Frökkum. Sýslan er fátæk og lítil, og getur ekki af eigin rammleik lagt fram allt fjeð til byggingarinnar, enda er það eigi nema sanngjarnt, að landssjóður leggi fram sinn skerf, þar sem spítalinn er meðfram ætlaður handa sjúklingum úr öðrum sýslum og landsfjórðungum.

H. frams.m. (J. J., þm. Eyf.) gat þess, að sýslan mundi ekki ætla að leggja neitt til. Jeg veit ekki á hverju hann byggir þetta. Á skjölum, sem h. þm hafa átt kost á að kynna sjer, sjest. glögglega, að sýslan ætlar að leggja fram fje að sínum hluta.

Upphaflega var gjört ráð fyrir að spítalinn mundi kosta 10000 kr., og var svo tilætlað að sýslan og Frakkar legðu til helminginn af þessari upphæð, ef landssjóður svo legði til hinn helminginn, en nú hefir eigi verið sett í fjárl.frv. í háttv. Ed. nema 3000 kr. sem tillag landssjóðs; og þætti mjer líklegt, að þeirri upphæð yrði að minnsta kosti leyft að standa óbreyttri.

Nú er nýbúið að ákveða, að Patreksfjörður skuli vera einn af þeim stöðum, er skip, sem hafa sjúklinga með næmum sjúkdómum, skuli fyrst koma á. Ætti því eptir lögunum að byggja þar sóttvarnarhús; en nú hefir h. þm. Vestm. (V. G.) komið með þá tillögu, að spítalann ætti einnig, ef þörf gjörist, að mega nota sem sóttvarnarhús. Jeg álít þetta vel til fallið. Vjer höfum þá unnið tvennt með þessu. Vjer höfum styrkt sjávarútveginn með því að koma upp spítala handa sjúkum sjómönnum, og í öðru lagi komið upp byggingu, sem má nota sem sóttvarnarhús, ef á þarf að halda.

Landshöfðingi: Jeg vildi að eins mæla nokkur orð í tilefni af ákúrum þeim, sem h. þm. Rvík. (J. Jenss.) gaf landsstjórninni fyrir það, að hún ljeti dýrar brýr drafna niður fyrir vanhirðingu, af því þær ekki væru málaðar. Þessar ákúrur get jeg ekki kannazt við að sjeu rjettlátar að neinu leyti, því að brýrnar eru málaðar á hverju ári. Þjórsárbrúin var máluð í fyrra og í sumar hafa verið gerðar ráðstafanir til að bæði hún og Ölfusárbrúin yrðu máluðaðar; liturinn er kominn þangað austur og liggur þar, og menn hafa verið ráðnir til að gera þetta; en sakir hinna stöðugu rigninga hefir þetta enn ekki verið gert, því, eins og allir vita, er ekki til neins að mála í rigningu. Hjer er því eingöngu tíðarfarinu um að kenna.

Enn annað atriði hefði h. þm. Rvík. (J. Jenss.) getað minnzt á viðvíkjandi Þjórsárbrúnni. Í jarðskjálftunum í fyrra hrundi allmikið stykki úr vestri bakkanum, svo að ef aptur koma jarðskjálftar, þá getur brúnni verið hætta búin. Jeg hef látið verkfræðing landsins skoða þetta, og áleit hann brúnni enga hættu af því búna að svo komnu. Hefði hann verið viðstaddur hjer í sumar, mundi hann hafa gert við brúna, en hann hefir verið annarstaðar og hefir því ekki getað komið því við enn.

En hvað málninguna snertir, þá getur landsstjórnin ekki gert við því, þótt það gangi stöðugar rigningar. En vjer búumst allir við, að einhvern tíma komi þurkur, og þegar veðrið batnar, þá verða brýrnar málaðar.

Jeg gleymdi að geta þess í dag, þegar jeg minntist á stórhýsið, að í breyt.till. þeirri, sem h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) hefir komið fram með, virðist liggja sá skilningur á breyt.till. Ed. viðvíkjandi

þessu atriði, að endilega skuli byggja nýtt hús. En hins vegar má sjá af nefndaráliti Ed., að það hefir ekki beinlínis verið meiningin, heldur er þar gert ráð fyrir, að eins megi kaupa barnaskólahúsið. En til þess að taka af allan vafa, legg jeg til, að ef greinin verður látin standa eins og hún er í nefndarálitinu, þá verði einnig br.till. h. þm., um að fella niðurlagsorðin burtu, samþykkt.

Valtýr Guðmundsson: Það eru að eins örfá atriði, sem jeg ætla að minnast á.

Það er þá fyrst breyt.till. mín á þingskj. 545 viðvíkjandi styrknum til spítalans á Patreksfirði. Jeg hef komið með miðlunartill. í þá átt, að spítalann megi einnig, ef þörf gerist, nota sem sóttvarnarhús, þar eð mjer hefir ekki þótt ráðlegt að fylgja uppástungunni um að fella styrkinn burtu. Eins og menn vita, á þar samkvæmt lögum, sem nýlega hafa verið samþykkt hjer á þinginu, að vera sóttvarnarstöð, og sóttvarnarhús verður ekki byggt fyrir öllu minna en 3000 kr. Það er því eins og fjárveitingunni væri varið til sóttvarnarhúss, þótt spítalinn fái þessa upphæð.

Þá vil jeg minnast á breytingartill. h. þm. Húnv. (Bj. Sigf.) á þingskj. 547. H. þingm. fer fram á, að landshöfðingi skuli tiltaka viðkomustaði strandbátanna eptir tillögum alþingis. En jeg skal geta þess, að þetta er samkomulagsatriði í samningsskjali því, sem umboðsmaður hins sameinaða gufuskipafjelags hefir fengið í hendur, og finnst mjer varhugavert að breyta því, sem þar stendur. Jeg hugsa nú raunar, að meining h. þm. Húnv. (Bj. Sigf.) hafi verið sú, að landshöfðingi skyldi samþykkja ferðaáætlunina eða tiltaka, hve opt þeir eigi að koma á hvern stað, en þá er breytingin óþörf, því á öðrum stað (III, 1) er einmitt ákveðið, að landsstjórnin skuli samþykkja ferðaáætlunina, en það hygg jeg, að h. þm. hafi sjezt yfir, er hann var að gera breytingartill. sína. Þar að auki kemur þessi breytingartill. í bága við þá þingsályktunartill., sem samþykkt hefir verið hjer í deildinni, um að skora á stjórnina að sjá um, að viðkomustaðir strandbáta o. s. frv. (þingskj. 535). — Ef vjer því samþykkjum þessa breyt.till., lendum vjer í bágreið við það, sem vjer þegar höfum gert.

Hina breytingartill. h. þingm., að í stað orðanna »hjer um bil sama og« komi: »ekki hærra en«, álít jeg góða. Og hvað hana snertir, gerir það ekki mikið til, þótt hún sje orðuð dálítið öðru vísi en í skjali því, sem umboðsmaður gufuskipafjelagsins hefir fengið.

Þá sje jeg að enn er komin fram breytingartill. um styrk til Þorsteins Erlingssonar. Jeg hef áður talað um þá styrkveitingu hjer í deildinni, svo að jeg þarf ekki að orðlengja um hana, en skal lýsa yfir því, að jeg er þeirri breytingartill. mikillega hlynntur.

Þá sje jeg og, að komin er fram till. um að breyta styrknum til Jóns Ólafssonar, en það hefir ekki verið upplýst, hvort sú breytingartill. er fram komin í samráði við þann mann, og hvort hann sjer sjer fært að nota styrkinn með þessum skilyrðum. Auk þess höfum vjer nóg af tímaritum, sem styrkt eru úr landssjóði, nefnilega tímarit Þjóðvinafjelagsins (Andvari) og tímarit Bókmenntafjelagsins. En þar sem h. efri deild hefir viljað veita þennan styrk til ritstarfa, þá skil jeg það svo, að tilgangurinn sje aðallega sá, að þessi maður riti í útlend tímarit og blöð, eins og til var ætlazt af þessari h. deild.

Þá er breytingartill. um styrk til brúargerðar á Lagarfljóti; um hana þarf

jeg ekki að tala mikið, enda skil jeg ekki, að atkvæði manna muni í þessu efni falla öðru vísi en nú fyrir nokkrum dögum; auk þess virðist það næsta óviðkunnanlegt, að fara að taka upp á fjárlögin upphæð, sem nýbúið er að fella í frumv. um brúargerð á Lagarfljóti.

Klemens Jónsson: Jeg á hjer eina breytingartill. á þingskj. 533, sem fer fram á, að fella aptan af 18. gr. orðin: »Húsið má reisa annaðhvort sjerstakt eða í sambandi við væntanlegt landsbankahús, ef stjórnin telur það hagfelt«. Jeg þarf nú ekki að fara mörgum orðum um þessa breytingartill., því að hæstv. landsh. hefir talað svo ýtarlega fyrir því, að fengið verði sjerstakt pósthús, og talið það æskilegt, að barnaskólahúsið yrði keypt. Aðalástæðan til þess, að jeg hef komið með þessa breytingartill., er sú, að í fjárlagafrumv. er komizt svo að orði, að reisa megi, o. s. frv. En þar sem nú stendur til boða heppilegt hús hjer í bænum, barnaskólahúsið, þá er betra að orða þetta svo, að hægt sje annaðhvort að kaupa eða byggja nýtt hús. Jeg hef talað um þetta við póstmeistarann og hann hefir sagt mjer, að hann telji mjög heppilegt, að kaupa barnaskólahúsið; það liggur á einkar-hentugum stað í bænum; að vísu þurfi að breyta því mikið, en án efa megi innrjetta það þannig, að það verði í alla staði gott pósthús. — Jeg skil ekki í þeim mótbárum, sem fram hafa komið móti þessu, sízt í þeirri, að húsið sje of gamalt. — Húsið er að eins 15 ára, gert úr steini, og sje jeg því ekki, að aldurinn geti komið þar til tals.

Jeg vil mæla með þessu, og vona, að þessi liður verði látinn halda sjer, hvað sem stórhýsinu líður, því að þörfin er hjer mest. Póstmeistarinn segir, að sjer sje ómögulegt, að gegna störfum sínum viðunanlega nema hann fái betra húsrúm. En verði þetta hús keypt, þá getur hann flutt inn í það í júnímánuði næsta ár.

Tryggvi Gunnarsson: Hæstv. landsh. minntist á þingsál till., sem á skylt við þetta mál, og kvað hann svo líta út, sem þingið vildi hafa í sinni hendi umsjón byggingarinnar, en ganga fram hjá landstjórninni. Jeg finn að þetta er rjett athugað af honum, og skal jeg gjöra grein fyrir, hvernig á því stendur, að tillagan er orðuð eins og hún er. Þegar fjárlaganefndin samdi hana, fór hún eptir tillögu þeirri, sem samin var 1879, þegar ákveðið var að reisa þinghúsið; þá var skipuð 3 manna nefnd til að sjá um framkvæmd starfsins, en oss sást þá yfir, að síðar á þinginu var því bætt við, að þessir menn væru skipaðir til þess, að stjórnin gæti leitað álits þeirra. Það er því af gáleysi hjá oss, hvernig tillagan er orðuð, en ekki af því að vjer vildum ganga fram hjá stjórninni, en þetta má laga áður en lýkur, ef málið fær að ganga fram. Hæstv. landsh. sagði líka, að hann áliti ekki nauðsyn að byggja annað í bráð en pósthús og bankahús. Já, það sannast hjer, að »svo er margt sinnið sem maðurinn er«, kröfur eru svo ólíkar, sem menn gjöra til lífsþæginda og tegurðar. Jeg fyrir mitt leyti álít Reykjavík ekki svo fagra, að eigi þurfi að prýða hana meir, og jeg álít að hjer sjeu bæði söfn og opinberar stofnanir, sem nauðsýnlega þurfi húsaskjól sem fyrst. Jeg held, að ef nú á að fara að byggja sjerstakt pósthús og sjerstakt bankahús, og svo líklega síðar meir sjerstaka smákumbalda fyrir prestaskólann og læknaskólann, að þá fari að verða útsjeð um að hjer verði reist nokkurt stórhýsi bænum til prýði. Það er auðvitað, að án þessa er hægt að lifa, en leiðinlegt er að sjá og heyra dag-

lega, hve úthaldsgóðir menn eru við þá hugsun, að halda bænum sem lengst í því ómyndar- og menningarleysis-ástandi, sem hann er nú í. Jeg trúi því vel, að flestir þeir sem nú sitja á þingi, geti með ánægju unað við það, þótt landið eigi ekkert nýtilegt pósthús, og þó að hinar tvær æðri menntastofnanir vorar megi heita húslausar, læknaskólinn verður að lána herbergi, sem að rjettu lagi ættu að vera notuð handa sjúklingum, og jeg get ekki kallað það skólahús, sem prestaskólinn verður að una við, það er gamalt og óásjálegt skrifli, en lóðin, sem það stendur á, er svo mikils virði, að jeg get trúað því að húsið með lóðinni seldist fyrir allt að 10,000 kr. Það má auðvitað segja, að prestaskólinn og læknaskólinn komist af með einhverja húskofa, en jeg geri meiri kröfur til lífsins og sóma landsins en svo.

Þá er það hálf-fátæklegt, að landið skuli ekki eiga neitt skýli yfir skjöl þau og það fje, sem gjaldkeri landsins, landfógetinn, hefir undir höndum, heldur verða að leigja húsnæði hjá privatmanni.

Það leið ekki á löngu frá því landið fjekk löggjafarvald sitt, að það byggði sjer þinghús fyrir yfir 100,000 kr. Það var ekki von að það rjeðist í að reisa undir eins annað stórhýsið til; en nú er svo langur tími um liðinn, að full ástæða virðist til að það fari að hugsa fyrir annari byggingunni til, og jeg skil ekki í, að jeg geti talizt of heimtufrekur, þó að jeg fari fram á að nú verði reist ein stórbygging, sem sje bænum og landinu til sóma. Mig furðar stórum, að einmitt þm. úr sjálfri Reykjavík skuli setja sig á móti þessu. Jeg held að þeir gæti þess ekki nægilega, hvílíka þýðingu þetta mundi hafa fyrir bæinn, bæði með því að veita bænum mikla og góða atvinnu, og með því að efla framfarir í húsagerð hjer; mjer þætti fyrir mitt leyti skemmtilegra, að taka steinana sem liggja til verra en ógagns og óprýði fyrir bæinn, út um öll holt, og hlaða þeim upp í skrauthýsi til prýði fyrir bæinn og til gagns fyrir eptirkomendurna. Auðvitað ætlast jeg ekki til að mönnum sje aflað atvinnu með því, að ráðast í óþörf fyrirtæki, en jeg skil ekki í því að Reykjavík skuli vilja fleygja frá sjer þarflegri atvinnu og meiri kunnáttu í húsagjörð. Jeg hef unnið marga stundina í alþingishúsgarðinum til þess að prýða hann, og hef jeg vonað, að jeg mundi með því geta bætt smekk bæjarbúa, og fengið þá til að leggja rækt við blómrækt og trjárækt, og yfir höfuð koma þeim til að gjöra meiri kröfur til fegurðar og þæginda lífsins en moldvörpur vanalega gjöra.

Jeg verð að segja það, að mig hefir lengi langað til að koma hjer upp snotru stórhýsi, til þess að opna augu manna fyrir fagurri og hagkvæmri húsagerð. Jeg vildi óska, að jeg mætti vinna í fjelagi með þeim Otto Wathne, Berg hvalveiðamanni og slíkum mönnum, sem ekki horfa í fje og tíma til að láta eitthvað stórt eptir sig liggja og sem þá jafnframt hafa dugnað og útsjón til að afla sjer fjár til að vinna með, og gjöra lífið þægilegt. Jeg vildi jeg mætti bera þetta undir iðnaðarmennina hjer í bænum; húsið, sem þeir hafa reist, sýnir það fullvel, hvernig atkvæði þeirra mundi hafa fallið; þeim hefði verið innanhandar að reisa sjer einhvern ósnotran kumbalda, en í stað þess reisa þeir smekklega stórbyggingu, máske fríðasta hús bæjarins; ekki hafa þeir þó auðinn til að spila með, en þeir hafa góðan og einbeittan vilja. Jeg segi: hafi þeir þökk fyrir, að þeir voru ekki

eins lítilsigldir eins og ýmsir h. þjóðfulltrúar vorir sýnast vera. Þegar jeg lít hjer suður fyrir alþingishúsið, þá blasir við annað stórt hús, þar sem áður var for og tjörn; og hverjir eru það, sem þar hafa orðið til að fylla upp tjörnina og reisa hús þetta? Það er sá flokkur manna, sem í sínum hóp telur marga hina fátækustu bæjarbúa, Good-Templararnir; þessir menn geta reist stórhýsi; en landið allt hefi ekki ráð á að reisa sæmilegt hús til sinna þarfa.

H. deild ræður, hvort hún fellir till. mína nú; en það þykist jeg með vissu geta sagt, að eptir 3—4 ár munu menn iðrast þeirra gjörða þingsins. Nú stendur til boða eitt hið fegursta pláss í bænum fyrir stórhýsi; jeg keypti það með það fyrir augum, að þar yrði hægt að byggja stórhýsi fyrir landið (*Klemens Jónsson:* Bankinn á það); jú, að vísu, en það mun verða selt, ef það verður ekki bráðlega notað á þann veg, sem jeg hafði hugsað mjer. Jeg hefi skrifað h. Ed. allýtarlega um málið, þótt eigi hafi hún viljað aðhyllast skoðun mína. Hjer getur þó ekki verið það til fyrirstöðu að húsgrunnurinn sje dýr; því að hjer stendur til boða blettur, sem kostaði einar 5000 kr., og er þó fjórum sinnum stærri en bletturinn, sem hjer um árið átti að kosta 7000 kr.

Það er svo gaman að vera þar sem maður finnur að höfðingslund ræður og hærri hugsanir en hversdagssmásálarskapur; að vera með mönnum, sem unna þjóð sinni og sóma hennar. En lítinn vott tel jeg það bera um þjóðrækni og fagurfræði að byggja þrjár smáhyttur, í stað þess að reisa eitt sæmilegt hús, er gæti verið prýði fyrir bæinn og landið. Jeg er viss um að jafnvel þeir h. þm. sem nú greiddu atkv. gegn stórhýsisbyggingu, mundu verða glaðir, ef þeir sæju það risið frá grunni þegar þeir kæmu næst til þings, og teldu þá vel varið þeim peningum, sem til þess hefðu gengið. Þótt barnaskólahúsið verði keypt fyrir pósthús, þá er fjarri að það sje nokkur skrautbygging; það getur liðizt fyrir fátækan bæ sem barnaskólahús, en ekki er sómi að því fyrir landið sem opinberri byggingu.

Þó að þinghúsið kostaði yfir 100000kr., þá álít jeg að í raun og veru hafi það ekki kostað landið einn eyri, því að auk þess sem það varð til að bæta smekk manna, þá varð það og til að auka þekking manna og framtakssemi. Jeg þarf ekki annað en að minna menn á, hvílíkum framförum steinsmíði tók hjer á landi við þá húsbyggingu. Nú eru þeir menn, sem að þinghúsbyggingunni unnu, farnir að eldast, og ungu mönnunum gefst ekki jafngóður kostur á að læra steinsmíð sem þeim; væri nú reist stórhýsi úr steini, þá er sjálfsagt, að fengnir mundu verða einir 3—4 erlendir og ágætir steinsmiðir, til að kenna mönnum hjer að nýju að meðhöndla stein. Sömuleiðis hafði jeg hugsað mjer að haga steinbyggingunni á annan veg en hingað til hefir tíðkazt. Þetta ásamt svo mörgu öðru verður að engu, ef þingið skyldi einráðið í því, að þora ekki að leggja fram fje til byggingarinnar.

Þessi h. deild hefir áður samþ. hana, svo að jeg vona að hún sje sama hugar enn, og jeg trúi varla að h. deild vilji beita þráa gegn oss; en yrði sú reyndin á, þá væri gaman að hleypa málinu í sameinað þing, og sjá svo, hvernig því reiðir þar af.

Það tel jeg líka sjálfsagt, að ef barnaskólinn verður keyptur fyrir pósthús og bankinn byggir svo smákofa handa sjer, að þá líði 6—7 ár þangað til nýtt hús verður byggt. Hvernig verða málverkin þá? Eru það mjög laglegar þakkir til gefendanna, að láta þau eyði-

leggjast? Þau voru þó einmitt gefin til þess, að bæta smekk landsmanna. Landsmenn eru alls ekki smekklausir, en þeir þurfa að fá að sjá eitthvað til þess, að bæta smekk sinn, t. d. fallegar byggingar, falleg málverk o. s. frv. Jeg tók eptir því fyrir norðan, að þegar bændur sáu blóm í gluggum hjá kaupmanninum, þá varð það til þess, að þeir fóru að setja puntstrá og sóleyjar í flöskustút hjá sjer; mjer þótti vænt um að sjá þetta, og virti það jafnvel og þó stór skrautblóm hefðu staðið í dýrum jurtapottum.

Jeg þyki nú líklega vera orðinn nógu langorður og skal því ekki fjölyrða frekar, en að eins vil jeg geta þess, að það er satt, að jeg vil einkanlega losa læknaskólann úr húsi, sem er eign privatmanna og á að vera sjúklingum til hjálpar.

Jeg veit að margir h. þingdeildarmanna muna það, að þegar við skild um í þinglok síðast, þá þótti vel við eiga, að byggja stórhýsi í minningu 50 ára afmælis alþingis, en það lítur helzt út fyrir, að það ætli að enda með þeim höfðingsskap, að kaupa gamaldags barnaskólahús, óhentugt í alla staði fyrir pósthús. Þetta verður þá húsið sem á að prýða bæinn og vera sómi landsins og til minningar um það, hvernig hugsunarháttur þjóðfulltrúanna var, þegar alþingi Íslendinga var búið að standa í 50 ár.

Þórður Thoroddsen: Jeg vil leyfa mjer að leiða athygli h. þingdeildarm. að breytingartill., sem jeg hefi leyft mjer að koma fram með, og sem eru á þingskjali 521, einkum þeirri viðvíkjandi styrknum til tannlæknisins. Jeg álít nefnilega, að hann verði miklu harðara úti en augnalæknirinn í Reykjavík. Báðum er gjört er hið sama að skyldu, en annar á að fá 2000 krónur, en hinn 1000 kr. í laun. Þetta get jeg ekki álitið rjett, heldur finnst mjer sanngjarnt, að annaðhvort sje styrkurinn til tannlæknisins hækkaður dálítið og skyldunni um tilsögn á læknaskólanum og ókeypis «klinik« haldið, eða þá, ef styrkurinn ekki er hækkaður, þá falli skyldan til að veita tilsögnina burtu. Þegar frumv. kom fyrst frá fjárlaganefndinni, þá var styrkurinn ákveðinn 750 kr. skilyrðislaust. Viðbótin er þá einungis 250 kr., en þungum skyldum bætt við. Jeg vildi því óska, að önnurhvor breytingartillagan mín yrði samþykkt.

Jeg skal svo ekki fara lengra út í þetta mál, en að eins geta þess, að jeg er hissa á, hvað Mýramenn og þingmaður þeirra eru orðnir »poetiskir« í seinni tíð, þar sem hinn h. þm. Mýr. (H. Dan.) leggur það til, að veita Þorsteini Erlingssyni 500 kr. styrk. En jeg vona, að h. þm Mýr. (H. Dan.) fái að reyna það, að lífsleiðin er opt »þyrnum« stráð, það fer ekki ætíð allt að óskum, og að styrkveiting þessi fái ekki framgang nú, þar sem hún áður fjell með 12 atkv. móti 8.

Sighvatur Árnason: Það var að eins út af orðum, sem fjellu áðan um Þjórsárbrúna, að jeg vildi gjöra litla athugasemd. Jeg hefi fengið bending um það í brjefi frá kunnugum manni, að vesturbakkinn sje mjög varhugaverður eptir jarðskjálptana. Fyrst og fremst er nú eins og menn vissu áður komið vik inn í hamarinn undir brúarstöplinum, og þess utan komin sprunga í hann undir stöplinum, og hefi jeg heyrt, að sú sprunga færi vaxandi. Mjer þótti því mjög vænt um svör hæstv. landshöfðingja, að hann hefir í hyggju, að láta verkfræðing landsins skoða þetta og gjöra við það eptir því, sem kostur er á. Þessa vísbending vildi jeg gjöra til

hins hæstv. landshöfðingja, ef hann því fremur vildi brýna fyrir verkfræðingnum, að rannsaka þetta nákvæmlega, því að úr því að sprungan er komin í bergið undir stöplinum, er naumast eigandi undir öðru en láta gjöra við það sem allra fyrst að auðið er.

Björn Sigfússon: H. þm. Vestm. (V. G.) taldi agnúa á, að samþykkja þá breytingartill. mína á þingskjali 547, að landshöfðingi skuli ákveða viðkomustaði strandbátanna eptir tillögum alþingis, og taldi það einkum til fyrirstöðu, að þar með væri vikið frá þeim skilyrðum, sem sett voru meðan kommandör Garde dvaldi hjer. Jeg verð að játa það, að jeg hafði ekki athugað þetta, og með því að jeg álít ekki tillöguna svo þýðingarmikla, þá lýsi jeg því yfir, að jeg tek hana aptur.

Um leið vil jeg biðja h. þingdeildarmenn að athuga, að slæðzt hefir inn prentvilla á sama þingskj. í síðari töluliðnum. Þar á að standa 12. gr. í stað 11. gr., sem þar stendur. Þetta vil jeg biðja menn að leiðrjetta.

ATKV.GR.: Breytingartill. á þingskj. 516 felld með 12 : 11 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei*:
Klemens Jónsson,	Einar Jónsson,
Björn Sigfússon,	Ben. Sveinsson,
Eiríkur Gíslason,	Guðjón Guðlaugss.,
Guðl. Guðmundss.,	Jón Jensson,
Halldór Daníelsson,	J. Jónss., þm. A.-Sk.,
Jens Pálsson,	Jón Jónss., þm. Eyf.,
Ólafur Briem,	Jón Þórarinsson,
Sighv. Árnason,	Pjetur Jónsson,
Skúli Thoroddsen,	Sigurður Gunnarss.,
Þórður Guðmundss.,	Tryggvi Gunnarss.,
Þorl. Guðmundss.	Valtýr Guðmundss.,
	Þórður Thoroddsen.

1. breyt.till. á þingskj. 518 h. felld með 16 : 4.

1. breyt.till. á þingskjali 518 i. felld með 17 : 5.

1. breyt.tjll. á þingskj. 538 samþykkt með 15 samhlj. atkv.

1. breyt.till. á þingskj. 521 felld með 16 : 3.

Varatillagan felld með 12 : 10.

2. breyt.till. á þingskj. 521 samþykkt með 14 : 2.

1. breyt till. á þingskj. 513 felld með 12 : 9.

1. breyt.till. á þingskj. 545 samþykkt með 16 samhlj. atkv.

2. breyt.till. á þingskj. 513 felld með 19 samhlj. atkv.

2. breyt.till. á þingskj. 538 samþykkt með 12 samhlj.

3. breyt.till. á þingskj. 513 samþykkt með 14 samhlj.

4. breyt.till. á þingskj. 513 a. samþ. með 15 samhlj.

4. breyt.till. á þingskj. 513 b. samþ. með 18 samhlj. atkv.

Breyt.till. á þingskj. 519 samþykkt með 16 samhlj. atkv.

Breyt.till. á þingskj. 546 b samþykkt með 13 : 1.

Breyt.till á þingskj. 513 athugasemd samþykkt með 20 samhlj.

Breyt.till. á þingskj. 520 samþ. með 21 samhlj.

Breyt.till. á þingskj. 537 samþ. með 16 samhlj.

2. breyt.till. á þingskj. 547 samþykkt með 21 samhj.

Breyt.till. á þingskj. 542 felld með 12 : 10.

Breyt.till. á þingskj. 517 samþ. með 14 : 5.

5. breyt.till. á þingskj. 513 samþykkt með 16 samhlj.

Breyt.till. á þingskj. 534 samþ. með 16 samhlj.

2. breyt.till. á þingskj. 518 felld með 12 : 8.

Breyt.till. á þingskj. 532 felld með 12 : 11 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei:*
Klemens Jónsson,	Einar Jónsson,
Guðlaugur Guðm.,	Benid. Sveinsson,
Halld. Daníelsson,	Björn Sigfússon,
J. J., þm. A.-Sk.,	Eir. Gíslason,
J. J. 2. þm. Eyf.,	Guðjón Guðlaugss.,
Ólafur Briem,	Jens Pálsson,
Pjetur Jónsson,	Jón Jensson,
Sighv. Árnason,	Jón Þórarinsson,
Skúli Thoroddsen,	Sig. Gunnarsson,
Valtýr Guðmundss.	Tryggvi Gunnarss.,
Þorl. Guðmundsson.	Þórður Guðmundss.,
	Þórður Thoroddsen.

3. breyt.till. á þingskj. 521 samþykkt með 15 samhlj. atkv.

6. breyt.till. á þingskj. 513 samþykkt 15 samhlj. atkv.

Breyt.till. á þingskj. 539 h. samþykkt með 13 : 4.

3. breyt.till. á þingskj. 518 samþykkt með 14 : 9 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei:*
Einar Jónsson,	Kl. Jónsson,
Ben. Sveinsson,	Bj. Sigfússon,
Eiríkur Gíslason,	Guðl. Guðmundsson,
Guðj. Guðlaugsson,	Ólafur Briem,
Halldór Daníelsson,	Skúli Thoroddsen.
Jens Pálsson,	Tr. Gunnarsson,
Jón Jensson,	Valtýr Guðmundss,
J. J., þm. A.-Sk.,	Þórður Guðmundss.,
J. J., 2. þm. Eyf.,	Þorl. Guðmundsson.
Jón Þórarinsson,	
Pjetur Jónsson,	
Sighv. Árnason,	
Sig. Gunnarsson,	
Þórður Thoroddsen,	

7. breyt.till. á þingskj. 513 felld með 14:9 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei:*
Einar Jónsson,	Klemens Jónsson,
Ben. Sveinsson,	Björn Sigfússon,
Guðjón Guðlaugss.,	Eiríkur Gíslason,
J. Jónss., þm. A-Sk.,	Guðl. Guðmundss.,
J. Jónss., þm. Eyf.,	Halld. Daníelsson,
Pjetur Jónsson,	Jens Pálsson,
Sigurður Gunnarss.,	Jón Jensson,
Tryggvi Gunnarss.,	Jón Þórarinsson,
Þórður Thoroddsen.	Ólafur Briem,
	Sighv. Árnason,
	Skúli Thoroddsen,
	Valtýr Guðmundss.,
	Þórður Guðmundss.,
	Þorl. Guðmundsson.

Breyt till. á þingskj. 533 samþ. með 13 samhlj. atkv.

2. br.till. á þingskj. 545 felld með 14 gegn 9 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei:*
Björn Sigfússon,	Einar Jónsson,
Guðl. Guðmundsson,	Klemens Jónsson,
Jón Jensson,	Benedikt Sveinss.,
J. Jónss., þm. Eyf.,	Eiríkur Gíslason,
Jón Þórarinsson,	Guðjón Guðlaugss.,
Skúli Thoroddsen,	Halldór Daníelss.,
Tryggvi Gunnarss.,	Jens Pálsson,
Valtýr Guðmundss.,	J. Jónss., þm. A.-Sk.,
Þorl. Guðmundsson.	Ólafur Briem,
	Pjetur Jónsson,
	Sighv. Árnason,
	Sigurður Gunnarss.,
	Þórður Guðmundss.,
	Þórð. Thoroddsen.

Breyt.till. á þingskj. 541 samþ. án atkvæðagr.

Frv. í heild sinni með áorðn. breyt. sþ. með 21 samhlj. atkv. og á ný afgr. til Ed.

Tillaga til þingsályktunar um að kjósa 3 manna nefnd til að semja ávarp til konungs (C. bls. 595); hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á einni umr. og var það samþ. með 16 samhlj. atkv.

Fertugasti og sjöundi fundur, þriðjudag 24. ágúst. kl. 12 á hádegi. — Allir á fundi.

Frv. til laga um endurgreiðslu á eptirlaunum frá Hólmaprestakalli o. fl. (C. bls. 587, 595); ein umr.

Guðjón Guðlaugsson: Það sammast hjer málsháttur inn: »Það kemur fram í seinna verkinu, sem gjört er í hinu fyrra«. H. Ed. hefir bætt inn í frumv. því, sem fellt var úr því hjer við 2. umr., og í öðru lagi hefir hún bætt inn því ákvæði, að eptirlaun þau, sem presturinn á Stað á Reykjanesi á að greiða til uppgjafaprestsins í brauðinu, skuli hjer eptir greidd úr landssjóði. Jeg tók það fram um daginn, hvernig kjör þessa prests væru, og hvernig stæði á með árgjaldsgreiðsluna frá brauðinu. Nú skal jeg að eins geta þess, að þessi prestur, sem nú er í brauðinu, er einkar-vel látinn, enda er hann mikið góður prestur og sjerlegt prúðmenni, og jeg hygg, að þingið vilji sýna prestum, eigi síður en öðrum, fullkomna sanngirni, og gjöra þeim lífið þægilegt, og einkanlega hlynna að þeim prestum, þar sem samkomulagið er gott milli þeirra og safnaðanna, því að, eins og illt samkomulag milli prests og safnaðar spillir trúarlífinu, eins styrkir og eflir gott samkomulag trúarlífið.

Þegar nú kjör þessa prests eru svo ervið, þá hlýtur hann að sækja um betra brauð, er tækifæri býðst, og það er varla efi á því, að söfnuðurinn missir hann, því að þar sem gott orð fer af honum, þá mun hann fyr eða síðar fá betra brauð. Vitanlega er þessi prestur einhleypur maður sem stendur, en samt getur hann ekki lifað sómasamlegu lífi, og það sem verst er, ekki leitað sjer lækningar vegna efnaskorts, svo mjög sem hann þarf þess með, því hann er heilsutæpur maður. Jeg vona þess vegna og óska, að h. þingd. samþykki frumv., því þó jeg væri ekki samþykkur niðurfærslunni á árgjaldinu frá Hólmaprestakalli á dögunum, þá stóð sjerstaklega svo á því, að mjer fannst ekki rjett að sýna þeim presti einum slík vilkjör; en nú þegar jeg sje, að h. efri deild hefir viljað sýna hinum prestinum sanngirni, þá óska jeg þess, að frumv. verði samþ. eins og það er.

ATKVÆÐAGR.: 1. breyt.till. (544) felld með 13 : 7 atkv.

2. breyt.till. (544) felld með 12 : 7 atkv.

3. breyt.till. (544) þar með fallin.

Frv. óbreytt samþ. með 14 : 3 atkv. og afgr. til landsh. sem *lög frá alþingi.*

Frumv. til laga laga um skipun læknahjeraða á Íslandi o. fl. (C. bls. 587, 596, 619); ein umr.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. á þingskj. 552 eigi leyft að komast.

Frumv. í heild sinni samþ. með 15 samhlj. atkv. og afgr. til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Tillaga til þingsályktunar um Hallormsstaðarskóg (C. bls. 581); ein umr.

Flutningsmaður (*Jón Jónsson*, þm. A.-Skapt.): H. deild er kunnugt um, að hjer var fyrir skömmu samþykkt frumvarp um sama efni og tillaga þessi, en að h. Ed. felldi það; henni þótti vanta í frv., að tiltekið væri endurgjald handa hlutaðeigandi presti fyrir það, að verða að sleppa ítaksrjettinum í Hallorms staðarskógi. Þetta virðist mjer hálfkynleg aðferð hjá h. Ed., þar sem henni var þó í lófa lagið, að bæta endurgjaldsákvæði inn í frv., ef henni sýndist þess þörf, að það stæði þar. H. deild hefir þó áður sýnt það, að hún er ekki jafnan svo hörundsár um rjett einstakra manna; hún sýndi það t. d. þegar um seladrápið var að ræða í hitt eð fyrra. Af því að hæstv. landshöfðingi lýsti því

við 2. umr. frv. hjer í deildinni, að honum væri það mikið áhugamál að skógurinn væri friðaður, þá treysti jeg honum manna bezt til að leiða mál þetta til farsællegra lykta. Eptir áliti skynberandi manna er það einkar-áríðandi, að skógur þessi sje friðaður, þessi skógur sem er viðurkenndur að vera ein hin mesta prýði Íslands, og má með rjettu nefnast þjóðargersemi. En af því ágreiningur getur orðið um það, hvað mikið ætti að borga prestinum fyrir að sleppa ítaksrjettinum, ef til borgunar kemur, þá getur vel verið, að rjettast sje að Hallormsstaður ásamt ítakinu losni undan umráðum Vallanessprests og verði þjóðeign, gegn endurgjaldi frá landssjóðs hálfu, er svari til þeirra árlegu tekna, er Vallanessprestur nýtur nú af jörð þessari. Oss er það kunnugt, að landsstjórnin hefir látið sjer annt um friðun Hallormsstaðarskógs; það þarf ekki annað en benda þar á landshöfðingjabrjef frá 7. jan. 1895, þar sem ábúandanum er boðið að vernda skóginn fyrir skemmdum, og hvorki beita hann nje höggva til skaða. Þar sem nú landsstjórnin taldi sig hafa rjett til að koma fram með þessa skipun gagnvart ábúanda Hallormsstaðar, þá sýndist vel mega beita nokkru svipuðu við prestinn í Vallanesi.

Síðan jeg kom að Stafafelli, hef jeg ekki selt neinum skógarhögg í landi staðarins, því að mjer finnst skógurinn ekki mega við því, og var þó skógarhögg þetta metið 5 rdl. í brauðamatinu 1853, en skógarhögg Þingmúlaprests í Hallormsstaðarskógi ekki nema 1 rdl.

Jeg vona að h. deild veiti till. þessari fylgi sitt, og að landsstjórnin reyni að koma málinu í sem bezt horf.

ATKVÆÐAGR.: Tillagan samþ. með 20 samhljóða atkv., og afgreidd til landshöfðingja sem *þingsályktun frá neðri deild alþingis.*

Tillaga til þingsályktunar um fjárhald Vestmannaeyjakirkju (C. bls. 581, 585); ein umr.

Flutningsmaður (*Halldór Daníelsson*): Tillaga þessi er sama efnis sem tillaga sú, er afgreidd var frá síðasta þingi um þetta mál, og sem, eins og vjer vitum, töluverður árangur hefir orðið af. Mjer finnst fullkomið samræmi í að landssjóður reyni að losast við þessa kirkju ekki síður en aðrar kirkjur sínar; og jeg vona að h. deild stuðli að því, að tilraunin verði gjörð með því að samþykkja tillögu þessa.

ATKV.GR: 1. breyt.till. á þingskjali 523 samþ. með 19 samhlj. atkv.

Hinar br.till. þar með álitnar samþ.

Tillagan sjálf þannig breytt samþykkt með 18 samhlj. atkv. og afgr. til landshöfðingja sem *þingsályktun neðri deildar alþingis.*

Till. til þingsályktunar um ávarp til konungs (C. bls. 595); ein umr.

Jón Jónsson (2. þm. Eyf.) stakk upp á að tillagan væri rædd fyrir luktum dyrum, en sú uppástunga var felld við atkvæðagreiðslu.

Flutningsmaður (*Klemens Jónsson*): Það er hvortveggja að jeg á erfitt með að halda langa ræðu nú, þar sem jeg er nokkuð hás, enda tel jeg þess eigi þörf, jafnvel eigi vel við eigandi.

Það hefir einatt komið fyrir, að hvor deild alþingis fyrir sig hefir í þinglok sent hans hátign konunginum ávarp. Það virtist ekki nema vel við eigandi að þingið notaði sjer þennan rjett, sem því er heimilaður í 21. gr. stjórnarskrárinnar, í hvert sinn sem það kemur saman.

Það hefði ef til vill verið heppilegast,

að sameina það í eitt, að senda konungi ávarp og um leið þakka honum og drottningu hans fyrir það, að þau gengust fyrir samskotum til Íslendinga síðasta ár.

En nú hefir verið kosin sjerstök nefnd í því augnamiði, svo að jeg geri ráð fyrir að ávarp það, sem hjer ræðir um, muni sjerstaklega hafa að geyma pólitiskar hugleiðingar í tilefni af því, hvernig hið stærsta mál þingsins, stjórnarskrármálið, horfir nú við. Oss flutningsmönnum þykir nú sjerstaklega, máske fremur en nokkurt annað sinn, eiga við að senda konungi ávarp þetta, og vona jeg að h. deild sje sömu skoðunar um það.

Guðlaugur Guðmundsson: Það hefir áður verið kosin sjerstök nefnd til að tjá H. H. þakkir fyrir aðgerðir hans og framkomu í samskotamálinu, og geri jeg ráð fyrir, að það verði gert með ávarpi til H. H. og liggur þá fyrir utan þetta mál. Hjer getur þá að eins verið að ræða um pólitiskt skjal. En jeg get eigi álitið það vel til fallið að senda slíkt ávarp nú. Eptir framkomu þingdeildarinnar liggur mjer enda við að segja, að það gangi pólitisku hneyksli næst að fara nú að senda pólitiskt ávarp eptir að þessi þingd. hefir lokað fyrir sjer öllum möguleikum til úrlausnar, sem opnazt hafa í stjórnarskrármálinu, sópað burt öllum tillögum, sem fyrir henni hafa legið, og stendur nú uppi prógrammslaus á pólitisku bersvæði.

Hvaða prógramm hefir nokkur meiri hluti hjer í þingd. til að setja í ávarp til konungs?

Jeg sje ekki betur en að þingd. standi hjer uppi prógrammslaus og pólitiskt nakin. Enginn meiri hluti er hjer til, sem hefir verið samdóma um neitt, annað en að vilja ekkert.

I Ed. er til meiri hluti, sem veit hvað hann vill, og getur því hneisulaust sent frá sjer ávarp. En það sje jeg ekki að vjer getum í þessari þingd. og greiði jeg því atkvæði gegn ávarpi.

Flutningsmaður (Klemens Jónsson): Það er auðvitað tilgangurinn, að ávarp þetta verði pólitiskt skjal. Sje það hneyksli af oss meirihlutamönnum að senda ávarp, þá kemur það á vort bak; h. þm. V.-Skapt. (Guðl. G.) verður ekki beðinn að bera ábyrgðina af því.

En hvað í ávarpinu eigi að standa, það er ómögulegt að segja fyrir fram. Því ræður nefnd sú, er kosin verður, og svo þingdeildin. En jeg get vel sagt, hvað fyrir mjer vakir. Ávarpið getur meðal annars innihaldið »Tilslutning« til brjefs þess, er hæstv. landsh. hefir skrifað stjórninni, og áskorun um að leggja formlega fyrir þingið frumv. byggt á því brjefi. Jeg get ekki sjeð, að vjer getum vel skilizt að þessu sinni án þess að láta þetta í ljós.

Jón Jónsson, 2. þm. Eyf.: Jeg skil ekki vel, hvaða meiri hluti það er, sem menn eru hjer að tala um. Jeg hefi ekki orðið var við neinn meiri hluta í stjórnarskrármálinu í þessari þingd. í ár. Allar tillögur hafa verið felldar, og sá meiri hluti, sem ráðið hefir við hinar einstöku atkvæðagreiðslur, hefir verið myndaður af hinum og þessum í hvert sinn. Allir þingd.menn hafa hjálpazt að á víxl að fella allt saman.

Guðlaugur Guðmundsson: Skoðanir hæstv. landsh. hafa hjá báðum höfuðflokkum deildarinnar fengið svo skýra viðurkenning, að hún getur ekki skýrara komið fram í ávarpi. Jeg þekki heldur engan meiri hluta hjer nú. Það eru einir 3 þingmenn, sem ráðið hafa hjer úrslitum stjórnarskrármálsins í sumar.

Jón Jónsson, 2. þm. Eyf.: Jeg endurtek það á ný, að allir þingmenn hafa

á víxl stutt að þeim úrslitum, sem hjer eru orðin.

Einar Jónsson: H. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) vildi kenna einum 3 mönnum um það, að þessi h. þingd. felldi sitt eigið frv. í stjórnarskrármálinu. Af því að jeg mun vera einn af þeim 3 mönnum, er jeg hygg, að hann eigi við, þá vil jeg geta þess, að þessi ummæli hans eru ekki rjett. Enginn af oss 3 gaf atkvæði með frv. því, er þessi deild sendi efri deild við 3. umr. hjer um þetta mál, og enginn af oss gaf því heldur atkvæði, þegar það kom aptur þaðan.

Það erum því ekki vjer, sem höfum fellt frumv. Nd, heldur þeir menn, sem gáfu atkv. með frumv. hjer við 3. umr. með ákvæðinu um ríkisráðið í, en greiddu svo atkv. á móti því ákvæði, þegar frumv. kom aptur frá Ed. Það eru því þeir menn, sem hafa fellt frv. Nd., en ekki vjer.

ATKVÆÐAGR.: Till. samþ. með 13 : 7 atkv.

Eptir ósk þessara þm.: Guðl. Guðmundssonar, Jóns Þórarinssonar, Halldórs Daníelssonar, Þ. J. Thoroddsens, Valtýs Guðmundssonar, Jens Pálssonar, Skúla Thoroddsens og Bjarnar Sigfússonar var viðhöfð hlutfallskosning, og urðu þeir fyrir kosningu: Bened. Sveinsson og Guðl. Guðmundsson. Fleiri fengu eigi næg atkvæði. Var þá 1 kosinn óbundinni kosning: Klemens Jónsson með 12 atkv.

Fertugasti og áttundi fundur, miðvikudag 25. ágúst kl. 12 á hád. Allir á fundi.

Forseti gat þess, að nú væri liðinn sá tími, er hæstv. landsh. hefði lengt þingið um, en með því ekki væri enn lokið umr. um fjárlögin fyrir 1898 og 1899, heldur þyrftu þau að koma fyrir sameinað þing, þá vildi hann fara þess á leit við hæstv. landsh., hvort honum ekki þóknaðist að lengja þingtímann um enn þá 1 dag.

Landshöfðingi kvaðst leyfa sjer, upp á væntanlegt samþ., að lengja þingtímann um 1 dag, eptir ósk forseta, þótt hann ekki hefði beina heimild til þess.

Tillaga til þingsályktunar frá nefndinni um að þakka hinar erlendu gjafir til manna á jarðskjálftasvæðinu (C. bls. 619); hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á einni umr. og var það samþ. í einu hlj.

Fertugasti og níundi fundur, miðvikudag 25. ágúst kl. 12½ e. hád. Allir á fundi.

Tillaga til þingsályktunar frá nefndinni um að þakka hinar erlendu gjafir til manna á jarðskjálftasvæðinu (C. bls. 619); ein umr.

Framsögumaður (*Benedikt Sveinsson*): Jeg þarf ekki að eyða mörgum orðum um þetta mál, en vil að eins geta þess, að nefndin leit svo á, að hún yrði að leysa ætlunarverk sitt á tvennan hátt: fyrst með því að semja ávarp til konungs, og í annan stað að koma fram með þingsál.till. hjer í deildinni. Og í sambandi við þetta, skal jeg taka fram, að með því nú hefir hjer í deildinni verið kosin nefnd til að semja almenn ara ávarp til konungs, og sem jeg í mynda mjer að deildin verði samhuga um að samþ., þá hyggjum við rjettara að sleppa hinu sjerstaka ávarpi, sem við höfðum hugsað okkur að semja, og álítum eðlilegra að efni þess verði tekið upp í hið almennara ávarp.

Um þingsál.till. skal jeg ekki fjölyrða, því hún er í samræmi við það, sem

áður hefir verið gjört í líku sambandi t. d. 1883.

ATKVÆÐAGR.: Tillagan samþ. í einu hljóði.

Tillaga til þingsályktunar um fátækra- og sveitarstjórnarmálefni (C. bls. 622); hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á einni umr. og var það samþykkt með 19 samhlj. atkv.

(Fimmtugasti fundur). Samkvæmt dagskránni átti fundur að haldast fimmtudag 26. ágúst kl. 9 f. h., en þar sem eigi mættu nógu margir þingmenn til þess að gjöra ályktun samkvæmt 36. gr. stjórnarskrárinnar, þá sendi forseti út þingsveina til þess að sækja þingmenn, en þó beðið væri til kl. $9^{3}/_{4}$, mættu eigi nógu margir þingmenn. Þessir þingmenn höfðu tjáð forföll: Björn Sigfússon, Guðlaugur Guðmundsson og Jens Pálsson.

Þessir þingmenn mættu eigi á fundi, og tjáðu engin forföll:

Halldór Daníelsson,
Jón Jensson,
Jón Jónsson (þm. A.-Sk.),
Jón Þórarinsson,
Skúli Thoroddsen,
Valtýr Guðmundsson,
Þórður Thoroddsen.

Lögmætur fundur varð því eigi haldinn.